19.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
20.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
21.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
22.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
23.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
24.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
25.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
26.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
27.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
28.	— Páls Erlingssonar	1200		
29.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
30.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
31.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
35.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
	Flyt ...	11300	85268,51	79140,45

			kr.	kr.
	Flutt ...	11300	85268,51	79140,45
36.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær...	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
52.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
53.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
54.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
55.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
56.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
57.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
58.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
59.	— Benedikts Þ. Gröndals	800		
60.	— Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ...	600		
	Flyt ...	26300	85268,51	79140,45

		kr.	kr.
Flutt ...	26300	85268,51	79140,45
61. Til Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar	300		
62. — Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar	400		
		27000	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			116268,51
III. Dýrtíðarnppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			47852,24
Samtals ...		... ...	243261,20

19. gr.

Til óvissra útgjalda ern veittar 150000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	111100	
	2. — 3. — B.	3500	
	3. — 9. —	4067	
	4. — 10. —	3667	
	5. — 11. —	8020	
	6. — 12. —	61813	
	7. — 13. —	122638	
	8. — 14. —	23117	
	9. — 15. —	8110	
			346032
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur		75000
	Samtals ...	... ...	490032
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 163943,11		
	b. Dönsk lán, d.kr. 320433,09 á 122.00 390928,37		
	c. Ensk lán, £ 6000—0—0 á 22,15 132900,00		
		687771,48	
	Flyt ...	687771,48	

		kr.	kr.
	Flutt ...	687771,48	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	a. Siminn (sjá 3. gr. A. Út I.) 58700		
	b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út) 124040		
		182740,00	
			870511,48
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1.	Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)	4000,00	
2.	Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)	3000,00	
3.	Ríkisvélsmiðjan (sjá 3. gr. A. I. 5)	25000,00	
4.	Ríkisprentsmiðjan (sjá 3. gr. A. I. 3)...	40000,00	
5.	Siminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)	100000,00	
			172000,00
III.	Til bygginga nýrra vita		65000,00
IV.	Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla		100000,00
V.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000,00
VI.	Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)		15000,00
VII.	Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)		75000,00
	Samtals ...	... ...	1307511,48

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9345000,00
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1232900	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	28600	
			1261500,00
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		550195,00
5. gr.	Óvissar tekjur		50000,00
	Samtals ...	... ...	11206695,00

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	11206695,00
	Aðrar innborganir og fyrningar [1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	346032,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000,00
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000,00
— VI.	Skemmtanaskattur	75000,00
	Samtals ...	11696727,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldu

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1406187,45
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreiknings		233067,00
10. gr.	Til rikisstjórnarinnar		389817,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	936620,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	209000,00	
			1145620,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		626451,00
13. gr. A.	Vegamál	913948,00	
— B.	Samgöngur á sjó	408600,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	336290,00	
			1658838,00
14. gr. A.	Kirkjumál	363345,00	
— B.	Kennslumál	1306942,00	
			1670287,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		162045,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1780000,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		854700,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		243261,20
19. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstrarafgangur		863221,35
	Samtals ...	... ...	11206695,00

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10343473,65
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	870511,48
— II.	Til eignaaukningar rikisstofnana	172000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	65000,00
— IV.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— V.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— VI.	Til menningarsjóðs	15000,00
	Þar af kr. 3000 til menntamálaráðs.	
— VII.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Greiðslujöfnuður	45741,87
	Samtals ...	11696727,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1931, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd i samráði við landsstjórnina.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1933, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Beck skipstjóra. eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1931 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er að mestu leyti samið eftir fjárlögum fyrir árið 1932. Er gert ráð fyrir óbreyttri skatta- og tollalöggjöf, og verða lögð fyrir Alþingi frumvörp um framlengingar þeirra laga, sem ella falla úr gildi. Er það bersýnilegt, að ekki er unnt á svo erfiðum tímum, sem nú standa yfir, að rýra tekjur ríkissjóðs frá því sem er, nema í staðinn komi aðrar og meiri tekjur. En um möguleika á tilfærslum og tekjuauka verður rætt nánar við fjárhagsnefndir þingsins áður en slík frumvörp verða lögð fram.

Dýrtíðaruppbót embættismanna er í frv. áætluð 25 % en í fjárlögunum fyrir 1932 er hún áætluð 40 %. Einnig er gert ráð fyrir 15 % lægri launum til flestra starfsmanna ríkisins, sem launalög ná ekki til, en greidd voru á árinu 1931. Hefir stjórnin skipið fyrir um þá niðurfærslu frá ársbyrjun 1932. Hver dýrtíðaruppbótin verður fyrir árið 1933 eftir gildandi reglum, er nú jafnvel enn torveldara að segja um en áður við samningu fjárlagafrumvarpa. Tímarnir eru stopulir og verðlag og peningagildi sibreytilegt. Virðist þó hæfilegt að gera ráð fyrir þriðjungi hærri uppbót, en greidd er fyrir 1932, því nokkur hækkun á vöruverði er óhjákvæmileg vegna gengislækkunar, er varð um líkt

leyti og dýrtíðaruppbót yfirstandandi árs var reiknuð út. Var sú gengislækkun þá að sjálfsögðu ekki farin að hafa áhrif á verðlagið.

Er yfirleitt leitast við í frumvarpinu að áætla lögboðin útgjöld svo hátt sem reynsla undanfarandi ára bendir til. Einu hækkanirnar á útgjöldum eru þannig á áætlunarliðum, sem áður hefir verið haldið of lágum. Hins vegar hafa verið færðar niður allar fjárveitingar, sem ekki eru lögbundnar. Um lausa styrki til einstaklinga og stofnana utan 18. greinar hefir yfirleitt verið beitt þeirri reglu, að færa þá niður um 20%, þar sem þeir hafa ekki alveg verið felldir niður.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

Skattar og tolltekjur eru áætlaðar með hliðsjón af Landsreikningum fyrir árin 1926 til 1930 og þó alstaðar fyrir neðan meðaltal nema fasteignaskattur, bifreiðaskattur og gjald af innlendum tollvörum, en þessir skattar hafa farið vaxandi ár frá ári.

Um 3. gr.

Um tekjur og gjöld ríkisstofnana er að miklu fylgt tillögum forstöðumannanna og verða áætlanir þeirra afhentar fjárveitinganefndum.

Í sundurliðuninni á gjöldum símans er launum og launauppbótum skift niður á stöðvarnar og er ætlast til, að uppbætur á laun simritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og persónulegar launabætur Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff greiðist eftir sömu reglum og verið hefir.

Um 4. gr.

Tekjur af bönkum, aðrar en vextir af stofnfé Landsbankans, eru felldar niður, enda hafa þær engar verið undanfarið.

4. tölulið, aðrir vextir, sundurliðast þannig:

Búnaðarbankinn:		
6% af kr. 1500000 ... ... kr. 90000		
6,2% af — 2200000 ... ... — 136400	kr. 226400	
Síldarverksmiðjan:		
6,2% af kr. 1480000	— 90960	
Arnarhvoll:		
6,2% af kr. 351000	— 21700	
Reykjavíkurbær:		
Rafveitulán 6% af 50000 ... ... kr. 3000		
Bráðabirgðalán 5¼% af 30000 ... ... — 1575	— 4575	
Lóðakaupalán ca.	— 1000	
Eimskipafélag Íslands:		
Lán vegna e/s Selfoss, 6% af 84000	— 5040	
Finnur Jónsson málari:		
6% af 8666,67	— 520	
	Kr. 350195	

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Yfirlit um vexti og afborganir (sbr. 20. gr.) fastra lána 1933 og um greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans:

A. Vextir og afborganir fastra lána 1933.

	1. Innlend lán:	Vextir kr.	Afborganir kr.
1.	Lán til ritsíma tekið 20. okt. 1916 til 25 ára með bankavöxtum hjá Landsbankanum kr. 100000 ...	2160,00	4000,00
2.	Lán til ritsíma tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára, með bankavöxtum kr. 85000 ...	2040,00	3400,00
3.	Lán hjá Háskóla Íslands tekið 10. jan. 1919, með 5% vöxtum, afborgunarlaust	50000,00	
4.	Innlenda lánið tekið 1. júlí 1920, með 5½% vöxtum til 20 ára kr. 3 milj.	65000,00	150000,00
5.	Veðdeildarlán Staðarfells	318,93	243,11
6.	Lán vegna Reykjatorfu í Ölfusi, hjá Landsbanka	486,00	1200,00
7.	Lán hjá Landsbankanum tekið 13. sept. 1928, með 6% vöxtum, til vinnuhælisins, til 20 ára ...	2250,00	2500,00
8.	Lán samkv. skuldabréfi til Gísla Björnssonar, til 25 ára og 5% ársvöxtum, kr. 65000	2860,00	2600,00
	Ísl. kr.	125096,93	163943,11

	2. Dönsk lán.		
1.	4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	14062,50	50000,00
2.	4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans ...	3838,75	8333,34
3.	4% ritsímalán 1913, endurgreiðsla á 30 árum með með föstu árgjaldi, tekið hjá m. norr. ritsímafél. kr. 500000	10050,95	18940,07
4.	5% ritsímalán 1917, tekið hjá m. norr. ritsímafél. til 30 ára, kr. 500000	16364,77	15988,57
5.	5% lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 til 20 ára, kr. 4½ milj.	78750,00	225000,00
6.	Lán hjá Bicuben til heilsuhælisins á Vífilstöðum	5328,89	2171,11
	D. kr.	128395,86	320433,09

3. Ensk lán.	Vextir kr.	Afborganir kr.
Lán frá 1921. Vextir £ 16595-12-0. Afb. £ 6000-0-0 á 22/15	376592,57	132900,00
Lán 1930. Vextir £ 29700-0-0 = kr. 657855	657855,00	
Ísl. kr.	1034447,57	132900,00

4. Aðrir vextir.	
Áætlað	90000,00

B. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans.

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	125096,93	
2. Dönsk lán, d. kr. 320433,09 à 122/00	156429,50	
3. Ensk lán £ 46295-12-0 - 22/15	1034447,57	
4. Aðrir vextir	90000,00	1405974,00
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	163943,11	
2. Dönsk lán, d. kr. 320433,09 á 122/—	390928,37	
3. Ensk lán £ 6000-0-0 - 22/15	132900,00	687771,48
III. Framlag til Landsbankans 20. greiðsla		100000,00
		2193745,48

Um 8. gr.

Liðurinn er talinn í íslenzkum krónum.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaðnr er hér áætlaður hinn sami og í fjárlögum fyrir 1932.

10. gr.

I, 1, b. Til risnu. Liðurinn er lækkaður um 2000.00.

Eigi þykir fært annað en hækka kostnað ríkisféhirðis og prentun stjórnartíðinda með tilliti til greiðsla síðustu ára. Aftur er umbóta- og viðhaldskostnaður yfirleitt færður niður með tilliti til þess að umbótum sé frestað, þegar illt er í ári og eingöngu varið fé til nauðsynlegs viðhalds.

II. Fjárveitingin til útgáfu manntalsins 1703 er felld niður. Tillögur hagstofustjóra verða afhentar fjárveitinganefndum.

III. Kostnaður við embætti sendiherra er lækkaður um kr. 4000.00 með tilliti til þess að unnt verði að spara þá fjárhæð á risnu o. fl.

Um 11. gr.

A, 4. d-liðurinn lækkar um kr. 1500.00, þar sem spjaldskrá yfir afsals- og veðmálabækur verður að mestu lokið 1933, en ýms gjöld bækka óhjákvæmilega að sama skapi, sbr. tillögur lögmanns.

A, 5. Óhjákvæmilegt er að hækka laun skrifara og innheimtukostnað móts við það, sem raun hefir orðið á. Innheimtustörf hjá tollstjóra hafa farið vaxandi og verða síst lægri í vondu árferði.

A, 6. Athugasemdin um fasta starfsmenn á skrifstofu lögmanns, tollstjóra og lögreglustjóra er óþörf og því feld niður.

A, 7. Nýr liður. Rétt þykir að taka kostnað við toll- og löggæzlu undan því, sem veitt er til sakamálakostnaðar og lögreglumála og ætti þá að nægja að áætla þann lið (13. tölulið) tvöfalt hærra en áður var títt.

A, 9. Vart er gerandi ráð fyrir að tekjur landhelgissjóðs nemi meira en 200,000 kr. árið 1933 og verður þá að nægja að hafa tvö skip við gæzlu að staðaldri, því ekki verður talið kleift að veita meira fé úr ríkissjóði til landhelgisgæzlunnar en gert er í fjárlögum fyrir 1932.

A, 12. Tillag til vinnuhælisins á Litla-Hrauni er miðað við áætlun forstöðumannsins og þó að frádregnu því fé, er hann fer fram á til viðbótarbygginga, efnis og aðkeyptrar vinnu. Verður það að bíða betri tíma.

B, 1. Kostnaður við burðareyri og embættisskeyti hefir jafnan reynst hærri en áætlað hefir verið og er liðurinn því hækkaður samtals um kr. 15,000, frá því, sem áætlað er fyrir 1932.

B. 4. Fasteignamatinu verður lokið á yfirstandandi ári, og telst því nóg að hækka þennan lið um kr. 5000. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík eina hefir undanfarin ár verið um og yfir 40 þús. kr.

12. gr.

1. Skrifstofukostnaður landlæknis hefir undanfarin ár farið langt fram úr fjárveitingu og er óhjákvæmilegt að hækka fjárveitinguna upp í 5.500 kr.

10. Ljósmæðraskólinn er fluttur frá 14. gr. B. XII, yfir á Landsspítalann, og spítalanum ætlaðar kr. 4 þús. til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar. Rekstrarkostnaður Landsspítalans er, eftir tillögum landlæknis, áætlaður hinn sami og í fjárlögum fyrir 1932, að öðru leyti en því, að fæði, viðhald, endurbætur og áhöld er lækkað nokkuð þar og á öllum spítölunum. Er líklegt að fæðiskostnaður verði lægri í ár og næsta ár en verið hefir undanfarin ár, enda þótt búast megi við nokkurri hækkun á verðlagi frá því sem nú er. Áhaldakaupum og endurbótum verður að fresta að því leyti sem unnt er.

14. Fyrning af Kristneshæli er felld niður, því að hælið er einkastofnun.

15, b. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli hefir fallið niður af fjárlögum fyrir 1932, af einhverjum ástæðum, en hér er tekin upp aftur kr. 15 þús., fjárveiting í því skyni.

Um 13. gr.

A, I. Fjárveitingarnar til aðstoðarmanna og skrifstofukostnaðar eru hækkaðar að mun með tilliti til undanfarinna ára, og þykir réttara að sérfræðingar séu, þegar lítið er um framkvæmdir, fremur látnir gera rannsóknir og áætlanir um framkvæmdir, sem ætla má að síðan verði ráðist í, en að þeim sé sagt upp störfum.

II. Til nýrra akvega eru ætlaðar kr. 150 þús., en ekki sundurliðað hvaða vegir skuli lagðir á árinu. Er rétt að atvinnumálaráðherra úrskurði hvernig þessari fjárveitingu verður varið, eins og brúafé, í samráði við vegamálastjóra og með tilliti til þeirra tillagna, sem samgöngumálanefnd telur ástæðu til að gera.

Til viðhalds og umbóta þjóðvega eru ætlaðar kr. 500000, og sýnir reynsla undanfarinna ára, að ekki verður komist af með minna, en ef dregið verður úr umbótum, sem stundum hafa verið teygðar nokkuð langt, ætti þessi fjárhæð að geta hrokkið. Rómv. liður IV (bifreiðaskattur) er felldur niður og tekinn upp í þennan lið. Eru þessir tveir liðir alveg runnir saman í framkvæmdinni og engin ástæða til að halda þeim aðgreindum í fjárlögum.

VI. Sýsluvegasjóðsgjöld hafa undanfarið farið langt fram úr áætlun, en þar sem ætla má, að þröngt verði fyrir dyrum sýslunefnda, eins og annara, er hætt á að hækka ekki áætlunarupphæðina að þessu sinni.

IX. Styrkur til vetrarflutninga með snjóbílum hefir undanfarið farið langt fram úr áætlnn og er óhjákvæmilegt að hækka hann nokkuð. Er hér lagt til, að hann hækki samtals um kr. 5000.

B, 1. Fjárveitingin til strandferða ríkisskipanna er óbreytt frá því sem er í fjárlögum fyrir 1932, en þess ber að gæta, að þessi fjárhæð leyfði ekki að bæði strandferðaskipin gangi allt árið.

3. Styrknr til flugferða er felldur niður, þar sem Flugfélag Íslands er hætt störfum, og ekki þykir ráðlegt að ríkið taki að sér flugferðirnar að svo stöddu.

C. Til bygginga nýrra vita eru ætlaðar kr. 65000, — en liðurinn er fluttur á 20. gr. (eignahreyfingar).

XI. Hér er bætt við nýjum lið til sjómælinga, og er ætlast til, þó litið verði um nýjar mælingar, að Friðrik Ólafsson, fyrv. skipherra, sem hefir unnið að sjómælingum og sérstaklega búið sig undir þessi störf, að tilhlutun stjórnarinnar, haldi áfram að vinna úr þeim mælingum, sem þegar hafa verið gerðar og að sjókortagerð.

Um 14. gr.

A, b, 6 nýr liður, embættiskostnaður presta, samkvæmt lögum frá síðasta þingi.

A, b, 7 nýr liður, til húsabóta á prestssetrum, samkvæmt lögum frá síðasta þingi.

B. I. Fjárveiting til kennslu í augnlækningum er felld niður hér, sbr, 12. gr. 5 a og athugasemdina við 7. tölulið sömu greinar.

Tekin er upp kr. 500 fjárveiting til kennslu í réttarlæknisfræði og hefir sá kennslukostnaður áður verið greiddur úr ríkissjóði.

Fjárveitingin til fyrirlestrahalds erlendra vísindamanna er felld niður að sinni.

IV, 12. Kr. 200 — fjárveiting til bókasafnsins Íþöku — er flutt hingað af 15. gr., þar sem hún hefir áður staðið.

IX. Fjárveiting til steinsteypukennslu er felld niður.

Um breytingar á fjárveitingum til skóla, vísast til erinda skólastjóranna.

XIV. Felld er niður fjárveiting til að reisa héraðsskóla í sveitum. Fjárveitingar og umframgreiðslur hafa verið miklar til þessara skólabygginga undanfarin ár og er nú fullnægt hinni brýnustu þörf í þessu efni. Fjárveiting til að reisa húsmæðraskóla er og felld niður. En 10 þús. kr. tillag til byggingar gagnfræðaskóla í kaupstöðum er látið standa, því þar er nú ríkust húsnæðisþörfin, og hrekkur þessi fjárveiting hvergi nærri fyrir þörfum, en ef betur árar en á horfist, mætti nota heimild til lántöku í lögum nr. 48, 1930 um gagnfræðaskóla til að leggja á móti tryggum tillögum kaupstaðanna

15. gr.

Lausar fjárhæðir í 15. og 16. gr., eru víðast færðar niður um 20 %. Að öðru leyti vísast til erinda forstöðumanna stofnananna.

Styrkur til Fræðafélagsins er felldur niður og nokkrir styrkir til einstakra manna. Þá er og felld niður þóknun fyrir störf Menntamálaráðs og er ætlast til að sú þóknun verði hér eftir greidd af tekjum sjóðsins sjálfs, svo og allur óhjákvæmilegur kostnaður.

16. gr.

1. Styrkur til Búnaðarfélags Íslands, er lækkaður m. a. með tilliti til þess að búfjárræktarkostnaður færist á 5. tölulið.

5. Nýr liður, til búfjárræktar, samkvæmt lögum frá síðasta þingi.

6. Styrkurinn til leiðbeiningar um húsagerð í sveitum, hefir undanfarið verið greiddur til teiknistofu Búnaðarbankans og er því fluttur hingað.

7. Vegna hækkunar sem gerð var á síðasta þingi á ríkissjóðstillagi til byggingarsjóða er ekki fært að áætla þennan lið lægri.

9. Rétt þykir að hlutaðeigandi héruð leggi fram á móti ríkinu helming kostnaðar við rannsóknir á rafveitunni í stað fimmtungs áður.

18. Styrkir til flugferða og til háfjallastöðvar eru felldir niður. Er upplýst að alþjóða veðurrannsóknir þær, sem ráðgerðar voru, falla niður vegna heimskreppunnar.

22. Launum fiskiyfirmatsmanna er breytt í samræmi við lög frá síðasta þingi og falla þá uppbæturnar niður.

23. Nýr liður, ferðakostnaður vegna eftirlits með skipum og bátum, er óbjákvæmilegur, enda hefir sá ferðakostnaður jafnan verið greiddur.

Um 17. gr.

Áætlunarliðir eru færðir upp til móts við það, sem ætla má að verði eftir reynslu undanfarinna ára, en aðrir liðir lækkaðir um ca. 20 %.

Um 18. gr.

Vísast til skrár um lögmælt eftirlaun, er fylgir.

Um 19. gr.

Óbreytt.

Um 20. gr.

Út, II. 4. Ágóði ríkisprentsmiðju er færður af eignaaukning og er það réttara en að telja hann til afborgana af lánum ríkisstofnana. Fjárveitingin til nýrra vita er og færð á eignaaukning á sama hátt og fjárveiting til nýrra símalína.

Sundurliðun fyrninga, sem er í fjárlögum fyrir 1932 er sleppt og telst yfirlitið í upphafi greinarinnar nægja.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru dregnar saman niðurstöðutölur frumvarpsins og vísast til nánari skýringar til athugasemdar við sömu grein frumvarps til fjárlaga fyrir 1932 (á vetrarþinginu).

Að öðru leyti vísast til framsöguræðu og þeirra erinda um undirbúning fjárlagafrumvarpsins, sem send verða fjárveitinganefnd.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1930.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Einar Benediktsson, sýslumaður i Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1927	641,91	
2. Marinó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
3. Helgi Guðmundsson, héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
4. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður i Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
5. Sigurður Þórðarson, sýslumaður i Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
6. Davíð Scheving, héraðslæknir i Ísafjarðarhéraði (konungsúrskurður $^{3}/_{8}$ 1914)	1266,67	
7. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
8. Skúli Árnason, héraðslæknir í Grimsneshéraði	800,00	
9. Jón Jónsson, læknir	991,67	
10. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
11. Stefán Gislason, héraðslæknir	1000,00	
12. Magnús Guðmundsson fv. ráðherra	1060,00	
13. Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðslæknir	1000,00	
14. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
15. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	700,00	
16. Sig. H. Kvaran, fv. héraðslæknir	595,00	
17. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	8000,00	
18. Magnús Helgason, fv. skólastjóri	4200,00	
19. Sigurðnr Eggerz, fv. ráðherra	3000,00	
20. Þorgrímur Þórðarson, læknir	1133,33	
21. Guðm. Björnson, landlæknir	7000,00	
22. Lárus H. Bjarnason, hæstaréttardómari	8000,00	
		49532,97
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá $^{10}/_{1}$ 1891	750,00	
2. Ásta Hallgrimsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá $^{1}/_{1}$ 1894	350,00	
3. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis i 4. læknishéraði, frá $^{1}/_{6}$ 1894	305,00	
4. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns i Suður-Múlasýslu, frá $^{1}/_{11}$ 1895	430,80	
Flyt	1835,80	49532,97

		kr.	kr.
	Flutt	1835,00	49532,97
5.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
6.	Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal héraðslæknis	187,50	
7.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189,37	
8.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1/3 1909	187,50	
9.	Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
10.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar háraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1/9 1910	150,00	
11.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910	212,50	
12.	Oliva Maria Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
13.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
14.	Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns, frá 1/5 1916	535,17	
15.	Elin Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/9 1917	1166,67	
16.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. héraðslæknis Þorgrims Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
17.	Þórunn Stefánsdótttr, ekkja fyrv. kennara sira Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
18.	Vigdis G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis i Borgarfjarðarhéraði	187,50	
19.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920	340,00	
20.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
21.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði	187,50	
22.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
23.	Anna Daníelsson, ekkja hæstaréttardómara Halldórs Daníelss.	859,37	
24.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
25.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júliusar Halldórssonar héraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
26.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Þorsteinssonar héraðslæknis, frá 1/4 1924	150,00	
27.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá 1/1 1924 kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrskurði 29/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árlega: 1. Karl Jóhann, f. 7/9 1916. 2. Guðriður Erla, f. 8/1 1918. 3. Axel Valgarður, f. 20/8 1922 — 240,00	427,40	
	Flyt	11264,46	49532,97

		kr.	kr.
	Flutt	11264,46	49532,97
28.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924	425,00	
29.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá 1/1 1925. kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með syni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega: Gunnar Þór, f. 20/6 1919 — 100,00	250,00	
30.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndal héraðslæknis, frá 1/2 1926. kr. 187,50 Samkvæmt konungsbréfi 18/8 1927, með kjördóttur hennar Esther, f. 24/12 1915, til 16 ára aldurs . . — 100,00	287,50	
31.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá 1/1 1926	391,90	
32.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá 1/7 1926	1200,00	
33.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg landssímastjóra, frá 1/4 1925	500,00	
34.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis, frá 1/2 1927. kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 19/9 1927 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 1. Nanna, f. 29/1 1915 — 8,33 2. Sigrún, f. 2/8 1916 — 100,00 3. Kristín, f. 20/6 1918 — 100,00 4. Björn, f. 1/12 1920 — 100,00 5. Gunnar, f. 6/1 1922 — 100,00 6. Ólafur, f. 18/1 1924 — 100,00	658,33	
35.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal héraðslæknis, frá 1/10 1927	150,00	
36.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðslæknis, frá 1/12 1927	237,50	
37.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar prófessors	340,00	
38.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Ólafssonar sýslumanns	465,46	
39.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	750,00	
40.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bjarna Jenssonar læknis	187,50	
41.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhannesar Sigfússonar kennara, frá	240,00	
42.	Susie Briem, ekkja Halldórs Briem bókavarðar, frá	300,00	
43.	Margrét Árnadóttir, ekkja Páls V. Bjarnasonar sýslumanns, frá	350,00	
44.	Súsanna Erlendsson, ekkja Henriks Erlendssonar læknis, frá . . . . . kr. 187,50 Samkvæmt konungsúrskurði 7/9 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 1. Þórhallur, f. 11/7 1918 — 100,00		
	Flyt kr. 287,50	17997,65	49532,97

		kr.	kr.
Flutt kr.	287,50	17997,65	49532,97
2. Halldóra Sigríður, f. 3/6 1919	— 100,00		
3. Kristín, f. 16/12 1920	— 100,00		
4. Sigríður, f. 16/6 1922	— 100,00		
5. Friðrik, f. 25/5 1925	— 100,00		
6. Bjarni, f. 9/5 1927	— 100,00		
		787,50	
			18785,15
C. Prestsekkjur:			
1. Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað		100,52	
2. Ástríður Petersen frá Svalbarði		100,00	
3. Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði		100,00	
4. Camilla S. Briem frá Hruna		129,43	
5. Elín Scheving frá Vogsósum		100,00	
6. Guðríður Pétursdóttir frá Höfða		114,63	
7. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli		100,00	
8. Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum		107,54	
9. Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað		183,78	
10. Guðrún Ólafsdóttir frá Otradal		100,00	
11. Guðrún Pétursdóttir frá Görðum		314,81	
12. Guðrún Torfadóttir frá Hólmum		134,40	
13. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað		158,95	
14. Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri		101,55	
15. Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ		139,86	
16. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði		131,36	
17. Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi		118,60	
18. Sigríður Jónsdóttir frá Melstað		188,06	
19. Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka		131,26	
20. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík		104,16	
21. Þórey Kolbeins frá Staðarbakka		115,53	
22. Helga Ketilsdóttir frá Grindavík		100,00	
23. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli		147,50	
24. Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka		102,65	
25. Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði		184,36	
26. Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli		90,80	
27. Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási		142,10	
28. Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ		116,96	
29. Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey		118,93	
30. Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum		118,30	
31. Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur		144,44	
32. Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði		100,00	
33. Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað		72,94	
34. Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík		164,63	
35. Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað		212,94	
36. Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði		162,10	
37. Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík		135,74	
38. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka		100,00	
39. Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku		168,00	
	Flyt	5156,83	68318,12

		kr.	kr.
	Flutt	5156,83	68318,13
40.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði	126,44	
41.	Jakobina Sigurðardóttir frá Borg	142,56	
42.	Kristín Jónsdóttir frá Brjámslæk	103,00	
43.	Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156,00	
44.	Margrét Jónasdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
45.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129,42	
46.	Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82,72	
47.	Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224,00	
			6252,33
	D. Lög nr. 119, 1922:		
	Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
	E. Lög nr. 51, 1921, 8. gr.:		
1.	Ásta Einarsson, ekkja Magnúsar Einarssonar dýralæknis	250,00	
2.	Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja	300,00	
3.	Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja kr. 350,00		
	Sonur hennar Sigurður, f. 28/7 1920, til 16 ára aldurs — 100,00		
		450,00	
4.	Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara	350,00	
5.	Polly Ólafsson, ekkja Gísla J. Ólafssonar landsímastjóra	500,00	
6.	Aldný Magnúsdóttir	220,00	
			2070,00
	Samtals		79140,45

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1930, eru veittar kr. 5125572.87 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—12. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

			kr.	kr.	kr.
Við	2.	Utanferðir ráðherra	8049.65		
—	4.	Annar kostnaður	31414.13		
—	5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	6113.78		
—	6.	b. Til pappírs og prentunar	13745.97		
—	7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	1341.11		
				60664.64	

II. Hagstofan.

Við	2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	2886.48		
—	5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	3800.64		
—	6.	Til að gefa út manntal 1703	46.00		
				6733.12	

III. Utanríkismál o. fl.

Við	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		1724.77	
					69122.53

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

Við	1.	b. Annar kostnaður	2074.25		
—	4.	a. Laun	2970.00		
		Flyt	5044.25		69122.53

		kr.	kr.	kr.
	Fluttar	5044.25		69122.53
Við	d. Ýms útgjöld	1174.48		
—	5. a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	21443.00		
—	b. Laun 6 tollvarða	1020.00		
—	c. Húsaleiga	475.00		
—	e. Innheimtukostnaður	922.00		
—	6. a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	8599.75		
—	d. Ýms gjöld	8106.28		
—	7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	3940.00		
—	9. Til landhelgisgæzlu	139979.86		
—	11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	2875.46		
—	12. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	70000.00		
—	13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	106353.70		
—	15. Borgun til setu- og varadómara	594.00		
			370527.78	
	B. Sameiginlegur kostn. við emb.rekst.:			
Við	1. a. Burðareyrir	23422.50		
—	b. Embættisskeyti	28482.01		
—	3. Til embættiseftirlitsferða	2533.15		
—	4. Skattanefndakostnaður m. m.	99521.03		
—	5. Eyðublöð o. fl.	29272.35		
			183231.04	
				553758.82
	4. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:			
	Til læknaskipunar og heilbrigðismála:			
Við	2. Skrifstofukostnaður landlæknis	2800.00		
—	3. Læknisvitjanastyrkur	1400.00		
—	9. Geislalækningastofa ríkisins	168.18		
—	14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5100.00		
—	16. a. Til byggingar landsspítala	867432.70		
—	c. Til sjúkraskýla og læknisbústaða	1289.80		
—	h. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	1717.10		
—	p. Styrkur til lækninga erlendis	1000.00		
				880907.78
			Flyt	1503789.13

		kr.	kr.	kr.
	Fluttar			1503789.13

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Póstmál.

Við	1. b. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	3550.00	
—	c. Bréfhirðingamenn	128.77	
—	2. Póstflutningur	60726.98	
—	3. a. Skrifstofukostnaður	3843.08	
—	d. Önnur gjöld	39424.46	
			107673.29

B. Vegamál.

Við	I. 3. Ferðakostn. og fæðispeningar	4752.61	
—	4. Til aðstoðarm. og mælinga	8880.68	
—	5. Skrifstofukostnaður	6780.91	
—	II. Þjóðvegir:		
—	a. 1. Kjalarnesvegur	1848.25	
—	2. Stykkishólmsvegur	12079.60	
—	3. Holtavörðuheiðarvegur	11603.12	
—	4. Vesturlandsvegur	36671.84	
—	6. Langadalsvegur	6999.81	
—	7. Blönduhlíðarvegur	13097.51	
—	8. Öxnadalsvegur	3207.37	
—	9. Vaðlaheiðarvegur	1449.04	
—	13. Skaftáreldahraunsvegur	2927.92	
—	14. Vopnafjarðarvegur	2760.52	
—	b. Viðhald og umbætur	371338.70	
—	III. Til brúagerða samkv. brúalögum	307806.30	
—	V. Til slitlags á akvegum	50000.00	
—	VI. Fjallvegir	20948.30	
—	VII. 1. Til áhalda	19217.89	
—	VIII. 1. Til akfærra sýsluvega	36478.71	
—	XI. Til vetrarflutninga	19115.22	
			937964.30

C. Samgöngur á sjó.

Við	1. a. Til strandferða		135000.00
	Flyt	1180637.59	1503789.13

		kr.	kr.	kr.
	Fluttar		1180637.59	1503789.13
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband:			
Við	I.—II. Til nýrra símalagninga o. fl. ..	319887.84		
—	III. 2. Kostnaður við aðalskrifstofu	9640.47		
—	3. Ritsímastöðin i Reykjavík ..	15287.46		
—	4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	2285.06		
—	5. Bæjarsíminn i Reykjavík ..	60947.92		
—	6. Áhaldahúsið	2832.94		
—	7. Ritsíminn á Akureyri	5615.00		
—	8. — - Seyðisfirði	6524.84		
—	9. — - Ísafirði	6640.88		
—	10. Símstöðin - Borðeyri	959.99		
—	11. — - Hafnarfirði	6071.65		
—	12. — - Vestm.eyjum ..	1259.71		
—	13. — - Siglufirði	4357.75		
—	14. Til aukaritsímaþjónustu	8242.40		
—	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	11539.39		
—	16. b. Til uppbótar á launum símritara	4216.04		
—	c. Til .uppbótar .á .launum kvenvarðstjóra o. fl.	483.18		
—	IV. Eyðublöð o. fl.	24674.41		
—	V. Viðbót og viðhald stöðvanna ..	81270.84		
—	VI. Ferðakostnaður	437.30		
—	VII. Viðhald landssímanna	39600.00		
—	VIII. Áframhaldsgjöld	1465.05		
—	XI. Ýmisleg gjöld	3718.92		
			617959.04	
	E. Vitamál.			
Við	I. 2. Til verkfróðrar aðstoðar ..	442.32		
—	3. Til skrifstofuhalds	8404.02		
—	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	5992.90		
—	II. Laun vitavarða	279.00		
—	III. Rekstrarkostnaður vitanna	17473.21		
—	IV. Sjómerki	1028.19		
—	V. Til vitabygginga	25255.99		
—	VI. Ýmislegt	115818.13		
	Flyt	174693.76	1798596.63	1503789.13

			kr.	kr.	kr.
		Fluttar	174693.76	1798596.63	1503789.13
Við	VII.	Til bryggjugerða og lendingabóta	8086.23		
—	XI.	Til að dýpka Snepilrás	2563.84		
				185343.83	
					1983940.46

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin i 14. gr. er veitt:

B. Kennslumál.

Við	I.	f.	Heimsókn erl. vísindamanna	266.52	
—		l.	Hiti, ljós o. fl.	1376.76	
—		m. 2.	Ýms gjöld	5356,72	
—	II.	a.	Til ísl. stúdenta erlendis	1259,01	
—	III.	b. 1.	— bókasafns skólans ...	259.13	
—		2.	— eldiviðar ljósa og ræstingar	2627,53	
—		3.	— skólahússins utan og innan	355,59	
—		4.	— stundak. og prófdómenda	2344,45	
—		8.	— vísindalegra áhalda .	537.60	
—		9.	— ýmislegra gjalda	3978,40	
—		10.	— verðlaunabóka	142,30	
—	IV.	b. 1.	Aukakennarar og stundakennsla	10399.19	
—		3.	Bækur og kennsluáhöld ..	5411,82	
—		4.	Eldiviður og ljós	7408,03	
—		6.	Dyravarzla	750,00	
—		8.	Ýms gjöld	10535,10	
—	V.	b. 1.	Stundakennsla	4426,28	
—		3.	Bókakaup og áhöld	1049.95	
—		6.	Viðhald og aðgerð skólahússins	13864,80	
—		7.	Ýms gjöld	2117,79	
—	VI.	b. 1.	Stundakennsla	500.00	
—		4.	Ýms gjöld	313.34	
—	VII.	b. 1.	Stundakennsla	65,00	
—		5.	Próf	160.00	
—		6.	Ýms gjöld	144,92	
			Flyt	75650.23	3487729.59

		kr.	kr.	kr.
	Fluttar	75650.23		3487729.59
Við	VIII. 1. c. 3. Eldiviður og ljós	1371.89		
—	4. Ýms gjöld	712.09		
—	2. c. 1. Verklegt nám	262.60		
—	3. Eldiviður og ljós	1898.20		
—	4. Ýms gjöld	7535.55		
—	IX. a. Iðnskóli i Reykjavik	1000.00		
—	e. Iðnaðarmannastyrkur	61.00		
—	XIII. 1. b. Skrifstofukostnaður	5282.86		
—	5. Prófdómarar	10923.26		
—	6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða	5000.00		
—	XIV. 1. b. 1. Kennsluáhöld	73.90		
—	2. Eldiviður og ljós	207.72		
—	4. Til þess að reisa héraðsskóla i sveitum	28000.00		
—	8. Til útgáfu kennslubóka	125.00		
—	XVI. Til kennslu heyrnar og mál-			
—	leysingja	11351.23		
—	XVIII. Til Málfríðar Jónsdóttur	200.00		
—	XIX. 4. Sundlaugar	1516.00		
				151171.53

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin i 15. gr. er veitt:

	Til visinda, bókmennta og lista.			
Við	1. j. Ýms gjöld	1500.00		
—	2. b. Bókband o. fl.	268.84		
—	3. b. Til aðstoðar	300.00		
—	d. Til áhalda og aðgerðar	1200.00		
—	5. a. Landsbókasafnshúsið	311.80		
—	6. Kaupstaðabókasöfn	350.00		
—	8. Sýslubókasöfn og lestrarsalir	60.00		
—	23. Ingibjörg Steinsdóttir	100.00		
—	31. Alþingissagan	16879.95		
—	50. Utanfararstyrkir	5932.12		
				26902.71
	Flyt			3665803.83

		kr.	kr.	kr.
	Fluttar			3665803.83

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	3. Sandgræðsla	4078.24	
—	4. Áveita og sandgræðsla í Meðallandi	5000.00	
—	9. Rannsókn og till. um raforkuveitur	7606.83	
—	18. b. Aðstoð	1166.65	
—	19. b. Veðurstofan	3898.00	
—	d. Veðurskeyti o. fl.	1659.49	
—	f. Húsaleiga o. fl.	708.46	
—	20. Landmælingar	28108.46	
—	23. e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	6026.90	
—	24. Eftirlit með skipum og bátum	4855.85	
—	43. Leiðbeiningar um húsagerð til sveita	1000.00	
—	46. Mælingar og rannsókn vatnasvæðis Þjórsár og Markarfljóts	9682.33	
			73791.21

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Almenn styrktarstarfsemi.

Við	6. Slysatryggingar	9745.72	
—	7. Slysavarnir	500.00	
—	8. Hjálp handa nauðstöddum Íslendingum erlendis	3085.61	
			13331.33

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

	Óviss gjöld	141673.01

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 23 gr. er veitt:

Ýmsar heimildir.

Við	VIII. Skrifstofubygging á Arnarhólstúni	126000.00	
—	Þingvallavegurinn nýi	360366.15	
			486366.15
	Flyt		4380965.53

	kr.	kr.	kr.
Fluttar			4380965.53
12. gr.			
Ýmsar greiðslur samkv. lögum m. m.			
Bryggjugerð í Borgarnesi	9340.53		
Bygging héraðsskóla	209828.07		
Síldarbræðlustöðin á Siglufirði	425035.29		
Væntanleg fjáraukalög	84218.39		
Þingsályktanir	16185.06		
			744607.34
		Samtals kr.	5125572.87

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1930, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

I. Tekjur:	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	250000.00	283536.04
2. Tekju- og eignarskattur	1200000.00	1240021.69
3. Lestagjald af skipum	40000.00	53106.40
4. Aukatekjur	450000.00	612921.92
5. Erfðafjárskattur	30000.00	66552.04
6. Vitagjald	350000.00	497929.88
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15829.30
8. Stimpilgjald	325000.00	445967.39
9. Skólagjöld	15000.00	2100.00
10. Bifreiðaskattur	60000.00	108 336.70
11. Útflutningsgjald	1075000.00	1075795.99
12. Áfengistollur	350000.00	752689.05
13. Tóbakstollur	950000.00	1279012.20
14. Kaffi- og sykurtollur	850000.00	1045096.69
15. Annað aðflutningsgjald	200000.00	286844.87
16. Vörutollur	1350000.00	1949791.92
17. Verðtollur	1500000.00	2337628.70
18. Gjald af brjótsykur- og konfektgerð	35000.00	144659.01
19. Pósttekjur	450000.00	719716.46
20. Símatekjur	1580000.00	2029126.84
21. Víneinkasalan	450000.00	1250000.00
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	21443.41
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	205000.00	255981.85
24. Óvissar tekjur, ýmsar greiðslur og endurgjöld	170000.00	660240.53
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum (skiptimynt)		74322.16
26. Innkomið af teknum lánum		6014425.00
27. Lækkun á sjóði		2546620.82
Samtals	11929600.00	25769696.86

II. Gjöld:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1295536.00	1850343.00
2. Borðfé hans Hátignar konungsins	60000.00	73200.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	229350.00	324997.43
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	210100.00	291644.59
II. Hagstofan	55500.00	60218.16
III. Utanríkismál o. fl.	103500.00	100422.45
5. A. Dómsgæzla og lögreglustjórn	702200.00	1103000.05
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	192000.00	374336.68
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	702875.00	1554102.67
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	509500.00	605488.31
B. Vegabætur	1002350.00	1980236.57
C. Samgöngur á sjó	375500.00	509400.00
D. Hraðskeyta og talsimasamband	1575500.00	2187666.05
E. Vitamál	367400.00	541845.25
8. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Andlega stéttin	314650.00	342854.28
B. Kennslumál	1243650.00	1551483.50
9. Til vísinda, bókmennta og lista	303660.00	395392.03
10. Til verklegra fyrirtækja	1535960.00	1859.017.51
11. Til almennrar styrtarstarfsemi	791300.00	908055.78
12. Eftirlaun og styrktarfé	226893.95	234196.76
13. Óviss útgjöld	100000.00	241673.01
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	42035.40
15. Lán til Jóh. Jósefssonar		40850.10
16. Heimildargreiðslur		971519.67
17. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		3690486.02
18. Aukin innstæða (bls. XVIII.)		1236945.97
19. Lækkun á lausaskuldum		2698255.62
Samtals	11907424.95	25769696.86

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er i sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir árið 1930 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld i sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

4. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu í innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga:
   1. Af leigubifreiðum til mannflutninga, 6 — sex — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
   2. Af einkabifreiðum, 12 — tólf — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

   Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
d. Af tvíhjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c. og d. lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólabörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið er 1. júlí ár hvert í fyrsta skifti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um ný skrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lækkun skattsins, ef eigandi bifreiðar afhendir lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett, einkennismerki bifreiðarinnar til geymslu um tíma, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins.

5. gr.

Sama gjald af benzíni er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga, þó skulu gjaldfrjálsir 300 l. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 1. gr. b. skal og greiða af öllum birgðum innflytjenda og heildverzlana, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 750 l. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. 70% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds og umbóta akfærum þjóðvegum. Um skipting fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum.

b. 10% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að lagt verði fé eingöngu til þeirra sýsluvega, þar sem er tiltölulega mikil umferð bifreiða og örðug aðstaða til fullnægjandi viðhalds, enda sé skilyrði fyrir framlagi í hvert sinn, að jafnt komi á móti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

c. 20% af hvers árs tekjum skal verja til þess að greiða aukakostanað, er af því stafar, að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni, þar sem mest er umferð bifreiða og til að halda þeim köflum við. Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, skal leggja eftirstöðvarnar í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjóður til malbikunar akvegum“, og má ekki verja fé úr sjóðnum til annara vegabóta.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins, en vegamálastjóri skal árlega gera reikning sjóðsins.

Um skipting tekna samkvæmt framangreindu, fer eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921 um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frv. er lagt var fyrir vetrarþingið 1931 sem stjórnarfrumvarp. Vísast til greinargerðar fyrir því frv.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verði talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

73. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 72. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 4. málsgr. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 55. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Bætur samkv. 2. málsgr. fyrir missi selveiðanytja á jörðum, sem eru eign ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, greiðast úr ríkissjóði, og falla bætur til ábúenda þeirra jarða niður, er næst verða ábúendaskipti á þeim.

4. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 2. og 3. málsgr., eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

XI. KAFLI.

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

74. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

75. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,
b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt.
c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

76. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband íslenzkra fiskræktarfélaga kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta, í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en kostnaður við starf hennar greiðist úr ríkissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annara ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum.

77. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í endindisbréf, er veiðimálastjóri gefur þeim.

3. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

78. gr.

Veiðimálastjóri semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

XII. KAFLI.

Um styrkveitingar til fiskræktar.

79. gr.

1 Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr ríkissjóði, er nemi ⅓ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgr., og má þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

80. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3,00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

81. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 79. og 80. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

82. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 79. og 80. gr. Lánstiminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins. Nú er fiskræktarfélag lántakandi, og má þá veita lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

XIII. KAFLI.

Um matsgerðir og skaðabætur.

83. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk óss eða leiru, um það hvar aðalstraumlína ár sé eða hvað teljast skuli kvísl, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsgr. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn rís af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. Yfirmat framkvæma 3 menn, dómkvaddir með þeim hætti, sem segir í 2. málsgr.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

84. gr.

Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIV. KAFLI.

Refsiákvæði og réttarfar.

85. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

86. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig,

a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, samanb. þó 87. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.

c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.

87. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

88. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

89. gr.

Brot þau, er ræðir um í 85. gr., a—b-liðum 86. gr. og 87. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin í vatn.

90. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

92. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 85. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgert er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.
2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.
Lög nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem lagt var fyrir vetrarþingið 1931, nema hvað upp í það hafa verið teknar nú breytingartillögur þáverandi flutningsmanns þess. (Sjá Alþt. 1931, A. þskj. 56 og 247).

8. Frumvarp

til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Erfðaleigulönd samkvæmt lögum þessum eru þau lönd, sem leigð eru íbúum kaupstaða, kauptúna eða sjávarþorpa, eða verzlunar- eða iðnaðarþorpa í sveitum til landbúnaðar, enda geti réttur leigutaka gengið að erfðum og leigutaka heimilt að framselja hann sem aðra eigu sína.

2. gr.

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á til húsalóða í náinni framtíð, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

3. gr.

Nú liggur þjóðjörð eða kirkjujörð að kaupstað, kauptúni eða þorpi, og gilda þá ákvæði 2. gr. um þá jörð, ef bæjar- eða sveitarstjórn krefst þess, enda hafi sveitarfélagið eigi til umráða annað ræktanlegt land, er nægi þörfum sveitarmanna á erfðaleigulöndum, og eigi sé að mun óhaganlegra til afnota fyrir þá.

4. gr.

Nú verður þörfum íbúa kaupstaðarins, kauptúns eða þorps á löndum til erfðaleigu eigi fullnægt með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., og er þá sveitarstjórn heimilt að taka eignarnámi til þessara þarfa óræktað land af landi þeirra jarða, er næstar liggja kaupstaðnum, kauptúninu eða þorpinu, gegn fullu endur-

gjaldi. Vilji sveitarstjórn eigi gangast fyrir eignarnámi lands í þessu skyni, er landræktarfélagi heimilt eignarnámið.

Um eignarnám þetta fer eftir almennum lögum um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um, að gerður sé skipulagsuppdráttur af löndum þeim, er ætluð eru til erfðaleigu samkvæmt 2.—4. gr., svo og áætlun um framræslu landsins, vegagerð um það og skiptingu þess í skákir. Skiptingu landsins í skákir skal haga þannig, að lagning vega, vatnsæða, rafmagnstauga o. þ. h. um það verði sem kostnaðarminnst. Skákir, sem ætlaðar eru aðallega til grasræktar, skulu eigi vera minni en 2 ha. og skákir, sem einkum eru ætlaðar til garðyrkju eða alifuglaræktar, mega eigi vera minni en 3000 m^2.

Uppdrætti þessa og áætlanir gerir Búnaðarfélag Íslands hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn eða landræktarfélagi að kostnaðarlausu og lætur þeim í té eitt eintak af þeim. Eftir þeim skal farið um úthlutun lands og mannvirkjagerð á því, og má eigi frá þeim víkja, nema samþykki Búnaðarfélags Íslands komi til.

Leita skal umsagnar skipulagsnefndar, svo og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, um skipulagsuppdrætti þessa og áætlanir áður en gengið er frá þeim til fullnustu.

6. gr.

Kostnaður við vegagerð um lönd bæjar- eða sveitarfélags, er ætluð eru til erfðaleigu, svo og við framræslu þeirra, greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Nú á landræktarfélag slíkt land, og fer þá um greiðslu þessa kostnaðar eftir því, sem segir í samþykktum félagsins.

7. gr.

Nú er land látið af hendi til erfðaleigu, og skal þá gerður um leiguna skriflegur samningur. Í samningnum skal vera ítarleg lýsing á landinu, stærð þess og ummerkjun. Samningi þessum skal þinglýsa, og er hann heimild leigutaka fyrir landinu.

8. gr.

Leigan er óuppsegjanleg af hálfu leigusala. Leigutaki getur sagt upp leigunni hvenær sem er, með 6 mánaða fresti til næstu áramóta. Taka skal fram í samningnum, að leigutaka sé heimilt að selja, veðsetja og afhenda með öðrum hætti leigurétt sinn, svo og að réttur hans skuli falla í erfð eftir hann sem aðrar eignir hans.

9. gr.

Leigutaka eru heimil öll afnot landsins til landbúnaðar. Svo er honum heimilt að byggja á landinu íbúðarhús fyrir fjölskyldu sína, svo og útihús þau og peningshús, er nauðsynleg eru vegna búskapar þess, er hann rekur á landinu.

10. gr.

Leigutaka er skylt að rækta landið, þannig og innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í samningnum, og halda því síðan í rækt. Nú er ræktun eigi lokið svo fljótt sem ákveðið er í samningi, eða land fer síðar í órækt, og fellur þá leiguréttur inn niður.

11. gr.

Leigutaki skal gjalda árlega 5% af matsverði landsins í leigu. Skal leigan goldin í peningum 31. desember ár hvert. Leiguréttur leigutaka og mannvirki þau, er hann á á landinu, standa að lögveði fyrir leigunni. Leigan reiknast af matsverði landsins eins og það var þegar landið var látið af hendi til erfðaleigu. Verðið skal ákveðið með mati óvilhallra dómkvaddra manna. Nú verða síðar breytingar á verðgildi peninga, og skal þá hvorum aðila um sig heimilt að krefjast þess, að matsverðið og leigan sé fært til þess verðgildis, er þá er. Sé óræktað land látið af hendi, greiðist engin leiga þann ræktunartíma, sem ákveðinn er í samningnum.

12. gr.

Leigutaka skal jafnan skylt að láta af hendi meira eða minna af landi sínu, ef almenningsþörf krefst þess, svo og að láta af hendi land til byggingarlóða eftir tilvísun bæjar- eða sveitarstjórnar, ef leigulandið er eign bæjar- eða sveitarfélags. Bætur til leigutaka fyrir land, sem þannig er af hendi látið, skulu miðaðar við sannvirði landsins til landbúnaðar.

13. gr.

Nú gengur leiguland kaupum og sölum, og skal þá jafnan bjóða leigusala forkaupsrétt. Nú er vanrækt að bjóða forkaupsréttinn, og á þá leigusali rétt á því, að gerningur sá, sem í bága fer við forkaupsrétt hans, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan árs frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

14. gr.

Ákvæði 7.—12. gr. gilda einnig um erfðaleigu á öðrum löndum en þeim, sem ræðir um í 2. og 4. gr.

15. gr.

Ræktunarsjóði skal heimilt að lána fé til ræktunar á erfðaleigulöndum með sömu kjörum og til annarar ræktunar, og gegn veði í landinu. Til veðs skal leiguland metið sem sjálfseign.

16. gr.

Leigutakar erfðaleigulanda skulu njóta styrks til ræktunar og bygginga á erfðaleigulöndum sem búendur á öðrum bændabýlum.

17. gr.

Rétt er leigutökum erfðaleigulanda að stofna með sér félagsskap, er nefnist landræktarfélag, til þess að afla félagsmönnum sínum leigulanda og vinna að ræktun landanna í samlögum. Samþykktir landræktarfélaga skulu staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu. Landræktarfélögum skal vera heimilt að taka land eignarnámi samkvæmt 4. gr., svo og að taka lán til landkaupa eða ræktunar, áhalda- eða áburðarkaupa og annara félagsþarfa, gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna og veði í leigulöndum þeirra. Gjöld félagsmanna í félagsþarfir skulu tryggð með lögveði í leigurétti félagsmanna og mannvirkjum þeim, er þeir eiga á leigulöndum sínum.

18. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón allra erfðaleigumála í landinu og felur sérstökum manni eftirlit með þeim. Eftirlitsmaður tekur laun úr ríkissjóði eftir samningi við atvinnumálaráðherra.

19. gr.

Eftirlitsmaður skal skrásetja öll erfðaleigulönd í landinu. Í skránni skal tilgreina stærð landsins, ásigkomulag þess og matsverð, nafn leigutaka og leigusala, leigumála og annað það, er þörf þykir að tilgreina. Leigutökum og leigusölum skal skylt að láta í té allar upplýsingar, er með þarf vegna skrásetningar landanna.

20. gr.

Eftirlitsmaður skal skyldur til að veita leiðbeiningar um val, útmælingu og ræktun erfðaleigulands. Afhending lands til erfðaleigu samkvæmt 3. gr. og eignarnám lands samkvæmt 4. gr. skal því aðeins fram fara, að eftirlitsmaður mæli með því. Umsagnar eftirlitsmanns skal jafnan leitað um skipulagsuppdrætti þá og áætlanir, sem getur um í 5. gr., svo og um samþykktir landræktarfélaga, áður en þær eru staðfestar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 500 krónum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum er 6. kafli jarðræktarlaga nr. 43, 20. júní 1923, úr gildi numinn.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, sem borið var fram á hinu reglulega Alþingi veturinn 1931 af hálfu þingmanna, er áttu sæti í milliþinganefnd í

landbúnaðarmálum, en varð þá eigi að lögum. Þar sem stjórnin lítur svo á, að bót myndi að því að fá nokkru fyllri lagasetningu um þau mál, sem frumvarp þetta fjallar um, en þá sem felst í VI. kafla jarðræktarlaganna, hefir hún talið rétt að bera frumvarp þetta aftur fram nú og hefir henni eigi þótt ástæða til, að gera á því neinar verulegar breytingar. Þykir eigi ástæða til að fjölyrða um innihald þess, en vísast í því efni til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu á téðu þingi 1931, sem prentað er i A-deild Alþingistíðindanna 1931, bls. 462—464.

9. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Landstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt i fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá i Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandasýslu.
8. Bæjará í Barðastrandasýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.

11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðaldalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellaá í Álftafirði.
14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.

14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
3. Blanda hjá Löngumýri.
4. Eyjafjarðará á Stíflu.
5. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
6. Skjálfandafljót í Köldukinn.
7. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

8. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
9. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
10. Jökulsá í Fljótsdal.
11. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
12. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
13. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum úr ríkissjóði gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr. vera hærra, sem hér segir:
   1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr. smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta.
   2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr. ¾ hlutar kostnaðar.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um sama efni og þetta var lagt fyrir hið reglulega Alþingi 1931, en náði þá ekki samþykki þingsins. Er það því að nýju lagt fyrir þingið með nokkrum breytingum. Er aðalbreytingin sú, að hækkað er tillag ríkissjóðs til brúargerða á sýsluvegum, er kosta yfir 10 þús. kr., i allt að ¾ hluta. Þykir ekki ástæða til neinna sérstakra athugasemda út af þeim, en vísast annars um frumvarpið til greinargerðar vegamálastjórans, sem fylgdi frumvarpinu á þinginu 1931 og sem prentuð er í A-deild Alþingistíðindanna fyrir það ár á bls. 176—198.

10. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur, og í Reykjavík ef um semst, og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvílir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna úr hverju efni, sem þau eru byggð, svo og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum; sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð hvar sem er á landinu, hverskonar lausafé, þar með taldar verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið alla virðingarupphæðina, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í þrjá flokka og myndast af iðgjöldum til félagsins þrír tryggingarsjóðir hver fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir hús í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir öll hús í sveitum utan kauptúna, hvort sem þau eru í skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.
3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir lausafé, sem tryggt er í félaginu, 3. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá öðrum brunabótafélögum á því er vátryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en hér segir:

A. **Hús og mannvirki.**

1. Steinhús	kr.	20000.00
2. Timburhús eldvarnarklædd	—	15000.00
3. Önnur hús og mannvirki	—	10000.00

B. **Lausafé.**

1. Í steinhúsum	—	8000.00
2. Í timburhúsum eldvarnarklæddum	—	6000.00
3. Í öðrum húsum og annað lausafé	—	4000.00

Á meðan félagið fær ekki endurtryggingu á lausafé, er því ekki skylt að taka hærri lausafjártryggingar en að framan segir.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sinar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga tryggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Tjón sem eigi nemur meira en 30 kr. verður eigi bætt, og sé það 200 kr. eða meira skal draga 30 kr. frá brunabótum. Ef sérstaklega stendur á, má þó gera undantekningu frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafa af ráðstöfunum til að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er kominn upp.

13. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum, þó má félagið gera undantekningu frá þessu ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

14. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmst hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu, samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema að almannahagur heimti að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

15. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

16. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á eignum þeim, er tryggðar eru í félaginu, og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má heimta með lögtaki.

17. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema að vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

18. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

19. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

20. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum, sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft umboðsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvarandi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta

brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, og hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. sömu laga, skulu mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna að greiddum skuldum hinna einstöku sjóða.

23. gr.

Af tryggingarsjóði kaupstaða og kauptúna skal taka 10 þúsund krónur og leggja í sérstakan tryggingarsjóð fyrir lausafé, og er það stofnfé lausafjártryggingarsjóðs.

24. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, og lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp nær samhljóða þessu frv. lá fyrir hinu reglulega Alþingi árið 1930 og aftur 1931, en var þá ekki afgreitt frá þinginu. Er það nú lagt fyrir þingið að nýju án annara breytinga en þeirrar, að færðar hafa verið niður hámarksupphæðir lausafjártrygginga í 7. gr. frumvarpsins í 8000, 6000 og 4000 kr. úr 12000, 9000 og 6000 kr. Að öðru leyti vísast til greinargerða þeirra, sem fylgdu frumvarpinu á téðum þingum, sem prentaðar eru í A-deild Alþingistíðindanna 1930, bls. 374—381, og 1931, bls. 165—167.

11. Frumvarp

til laga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Bú Síldareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanefnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanefnd kemur í stað stjórnar einkasölunnar, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi einkasölunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennað eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óseldrar síldar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt og má í reglugerð þessari víkja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Síld sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á síldinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar síldar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar síldar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölunnar i sambandi við samninga um sölu á síld, sem gerðir hafa verið af einkasölunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanefndar til 1. mai 1932.

Að því er til þeirrar síldar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og

veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda, að svo miklu leyti, sem samrímanlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búsins, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61. 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, svo og lög nr. 60, 9. september 1931, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um

skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að Síldareinkasala Íslands hafi orðið fyrir svo miklum óhöppum og tapi á yfirstandandi ári, að hagur hennar standi nú þannig, að eigi sé annað fyrirsjáanlegt, en að bú hennar hlyti bráðlega að verða að takast til gjaldþrotaskipta, ef eigi er önnur skipun gerð á um meðferð hennar. Telur hann óhjákvæmilegt að gera þegar í stað ráðstafanir í þessa átt, þar sem það sé allmiklum erfiðleikum bundið að skipta búi einkasölunnar með venjulegri gjaldþrotaskiptameðferð. Þar sem svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920. Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Bú Síldareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanefnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanefnd kemur í stað stjórnar einkasölunnar, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi einkasölunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennar eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óseldrar síldar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt og má í reglugerð þessari víkja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Síld sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á sildinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar síldar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar síldar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölunnar í sambandi við samninga um sölu á síld, sem gerðir hafa verið af einkasölunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanefndar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar síldar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda, að svo miklu leyti, sem samrímanlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búsins, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61. 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, svo og lög nr. 60, 9. september 1931, um breyting á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 9. desember 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

12. Frumvarp

til laga um samgönguhætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall norðan við Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hliðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslufélög Rangárvallasýslu að 1/8 hluta.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að 3/4 og 1/4 hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær skemmdir, sem þegar eru orðnar á jörðunum af ágangi vatnsfalla, en ætla má að aftur létti af, eða sem vissa þykir fyrir að varnað verði með fyrirhleðslunum. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald þeirra mannvirkja, er gerð verða fyrir innan Hliðarenda í Fljótshlíð til varnar fyrir ágangi Þverár greiðist úr ríkissjóði að 7/8 hlutum, en að 1/8 hluta af sýslufélagi Rangárvallasýslu. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns, skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir hið reglulega Alþingi 1931 og fyrir sumarþingið s. á. en var þá ekki afgreitt og er því nú aftur lagt fyrir Alþingi að nýju án teljandi breytinga. Um frumvarpið vísast að öðru leyti til greinargerðar þeirrar frá vegamálastjóra, sem fylgdi frumvarpi því, sem lagt var fyrir hið reglulega Alþingi 1931 svo sem að framan segir, sjá A-deild Alþingistíðindanna 1931, bls. 187—198.

13. Frumvarp

til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núverandi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þenna kafla, skal það gert.

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir hið reglulega Alþingi veturinn 1931 og fyrir sumarþingið s. á., en var þá ekki afgreitt og er því nú lagt fyrir Alþingi að nýju án nokkurra verulegra breytinga. Annars vísast til athugasemda þeirra, sem fylgdu frumvarpi því sem lagt var fyrir hið reglulega Alþingi 1931, sem að framan segir, sjá Alþingistíðindi 1931 A-deild, bls. 199—208.

14. Frumvarp

til laga um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr

Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Tvævetur hross má þó flytja út ef þau eru stór og falleg útlits. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en tvævetur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

2. gr

Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður banna að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún úr ríkissjóði.

3. gr.

Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 2. gr.), er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð og birtu eftir því sem ástæður frekast leyfa.

4. gr.

Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrsetja og banna útflutning á hrossum sem eru mögur og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, með áberandi skakka eða hnýtta fætur eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

5. gr.

Þeim sem senda hross til útlanda er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanna) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

6. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það hvernig eftirlitinu skuli hagað og annað það er þurfa þykir vegna útflutningsins.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 7. gr. varða sektum frá 50—1000 kr. sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 73, 22. nóvember 1907, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 47, 3. nóvember 1915 og lög nr. 34, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ákvæði eldri laga um útflutning hrossa eru að sumu leyti ekki lengur viðeigandi. Fyrirmælum laganna um útbúnað skipanna og að hestarnir skuli vera allir bandvanir og tamdir, hefir sjaldnast verið hægt að fullnægja. Bannað hefir einnig verið að flytja út hesta frá 1. nóvember til 1. júní. Er hvorttveggja að lítil eða engin ástæða er nú til þess að banna útflutning hesta á þessum árstíma, síðan farið var að nota stærri og betri skip til útflutningsins og að einungis eru fluttir út fáir hestar í senn, og eins hitt, að ákvæði þetta hefir komið sér svo illa, að stundum hefir orðið að fara á snið við það. Engin ástæða er heldur til þess að setja aldurstakmark á hesta, sem einstakir menn kaupa hér á ferðum og vilja ekki skilja við sig en fá að flytja út með sér.

Hinsvegar er sjálfsagt, að hið opinbera hafi eftirlit með útflutningi hrossa, eigi aðeins að því er útlit og heilbrigði hrossanna snertir, heldur geti erlendur kaupandi einnig fengið vissu um stærð og aldur þeirra hrossa, sem hann kaupir. Er því sjálfsagt að gera dýralæknum að skyldu, að láta vottorð fylgja farmskrá skipsins um þessi atriði og gera einnig skipstjóra ábyrgan fyrir því, að vottorðið sé sent með farmskránni. Fær kaupandi á þann hátt nokkra tryggingu fyrir því, hvernig hross þau eru sem hann kaupir og batnar við það aðstaða hans til þess að ná rétti sínum á seljanda, ef ekki er staðið við samninga að því er stærð og aldur hestanna snertir og sem alltaf eru aðalatriði samningsins.

Þá hafa ennfremur ýms önnur ákvæði um aðbúð hestanna o. fl., sem stendur í lögunum frá 22. nóv. 1907 verið felld í burtu. Er ætlast til þess, að ákvæði um þetta verði sett, eftir því sem þörf kynni að þykja, í reglur þær, sem

um getur í 7. gr. frumvarpsins, og eiga þau þar betur heima en í sjálfum lögunum.

Engin ástæða virðist til skýringa á einstökum greinum frumvarpsins.

15. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

II. KAFLI.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber

mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál. Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, sbr. 6. gr.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við yfirréttinn, hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða dómsritari eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

   Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardóm, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir.

   Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardóm eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.
4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Heimilt er að víkja frá því skilyrði, að dómari hafi hlotið 1. einkunn við lögfræðipróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

III. KAFLI.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Rétturinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

IV. KAFLI.

Um launakjör.

14. gr.

Fastir dómarar í fimmtardómi hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000.00 á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

V. KAFLI.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

VI. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár; annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þes sað vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyirr fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kærðu verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að áfrýja sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda til dómsmálaráðherra, er þá gefur fullnaðarúrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum frá báðum aðilum.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

VII. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.
2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar ,er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessara. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmáium, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

VIII. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 33. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréf fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

IX. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor

málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það má er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti vikur áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða útskurðað sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

X. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar, og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtar-

dómsritari. Forseti réttarins getur þó gefið öðrum leyfi til að vera við ráðagerðir, sé þess sérstaklega óskað.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem með hlutkesti hefir verið til þess valinn, og því næst sá, sem næstur er í röð, eftir hlutkesti. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker forseti úr.

Sé ágreiningur um upphæð peningagreiðslu eða annað það, er meta á og í tölum verður talið, þannig að enginn meiri hluti fáist, skal niðurstaðan verða meðaltalan.

54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt hlutkesti fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á mill allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining, — og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn. Þetta gildi jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatriði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins, og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

XI. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá

um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

XII. KAFLI.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

XIII. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

64. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

65. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

66. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem

þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi hyrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

67. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

68. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

69. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1933.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júni 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19. frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta er alveg samhljóða frumvarpi því um fimmtardóm, sem lagt var fyrir Alþingi 1931, nema hvað smávægileg breyting hefir verið gerð á 8. gr., sem eigi þarfnast greinargerðar. Annars vísast til athugasemda við frumvarpið 1931, sjá Alþingistíðindi 1931 A. bls. 545—549.

16. Frumvarp

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1932.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli íslenzkra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip með loftskeytatækjum skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenzkum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenzkum loftskeytastöðvum, og á hverju íslenzku veiðiskipi með loftskeytatækjum, skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu, og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár.

Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgisbrot, í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi, eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi, hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða að sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðilar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5 gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Mál þetta lá fyrir vetrarþinginu 1931. Með því að ýmsir menn, er ókunnugir voru málavöxtum, höfðu látið í ljós að ekki þyrfti nýja löggjöf um þetta efni, er hér endurprentað úr athugasemdum frumvarpsins 1931 álit eins hins merkasta lögfræðings landsins:

Á Alþingi 1930 var frumvarp til laga um loftskeytatæki á botnvörpu-

skipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að landsstjórnin hefir í gildandi löggjöf næga heimild til eftirlits með loftskeytum, þykir ekki þörf nýrra lagasetningar um þetta, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá".

Með löggjöf þeirri, sem talað er um í dagskránni, er átt við lög nr. 82 frá 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, sem sett var samkvæmt þessum lögum. Landssímastjóri mun og hafa látið það álit sitt í ljós við sjávarútvegsnefnd neðri deildar á Alþingi 1930, að ríkisstjórnin hefði samkvæmt þessum fyrrnefndu lögum fortakslausa heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þóknast, til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskeyta. Landssímastjóri hefir og staðfest þetta álit sitt í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1930.

Til þess að athuga, hvort rétt sé skýrt frá í hinni fyrrnefndu rökstuddu dagskrá, og hvort álit landssímastjóra hafi við rök að styðjast, þarf að bera saman fyrirmæli laga 82/1917 og reglug. 32/1918 við ákvæði frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa. Sá samanburður skal nú hér gerður, og ályktun af þeim samanburði síðan dregin.

Þess er fyrst og fremst að geta, að frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa hefir ákvæði í 1. gr. um skyldu botnvörpunga til að hafa fullkomin loftskeytatæki. Hér er um algert nýmæli að ræða, sem hvorki finnst í lögum 82/1917 né reglug. 32/1918, enda snerta þessi ákvæði hvorki beinlínis rekstur né eftirlit með loftskeytum.

Lögin 82/1917 heimila að setja reglugerð um þráðlausa firðviðskiptastöðvar. Þar er og sagt, að ráðuneytið geti bannað öll þráðlaus firðviðskipti innan íslenzkrar landhelgi „og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt".

Samkvæmt þessu var sett reglugerð 32/1918. Í 2. gr. reglug. eru fyrirmæli um það, að enginn megi setja upp loftskeytastöðvar á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi og á skipum innan landhelgi, nema með sérstöku leyfi, og ef leyfisskilyrðum er ekki fullnægt, má afturkalla leyfið og taka stöðina niður.

Í 19. gr. sömu reglug. er heimild fyrir ráðuneytið að banna öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá ísl. og erlendum skipum, og ráðuneytinu heimilað að gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt. Og í sömu gr. er loks ákveðið, að ráðuneytið geti látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, „sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins".

Í 20. gr. reglug. er svo ákveðið, að brot gegn fyrirmælum reglug. varði sektum, allt að 10000 kr., eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef brotið valdi ekki þyngri refsingu. Óleyfilega gerð eða notuð tæki skulu upptæk.

Þó að lög 82/1917 og reglug. 32/1918 heimili nokkurt eftirlit með loftskeytastöðvum yfirleitt, sbr. fyrirsögn laga 82/1917, þá er það þó bersýnilegt, að tilgangurinn með þeim fyrirmælum, sem þar er að finna, beinist alls ekki að loftskeytanotkun veiðiskipa. Þetta er og næsta eðlilegt. Þegar lögin frá 1917 voru sett, mun ekkert íslenzkt veiðiskip hafa haft loftskeytaútbúnað. Sá útbúnaður

kom síðar til sögunnar. Og lögin frá 1917 og reglug. 1918 beinast sýnilega aðallega að því, að hindra skeytanotkun, sem „geta verið skaðleg velferð landsins“, og þar átt við ríkismálefni yfirleitt, en ekki eftirlit með landhelgisgæzlu.

Aftur á móti beinist frumv. um loftskeytanotkun veiðiskipa **eingöngu** að því að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í sambandi við ólöglegar landhelgisveiðar. Þess vegna er í frv., auk skyldunnar til þess að hafa fullkomin loftskeytatæki á öllum botnvörpuskipum, farið fram á það, að lögleiða þau **nýmæli** 1) **að** allir ísl. útgerðarmenn, sem hafa skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skuli skyldir að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarmanns og veiðiskipa, eða íslenzkra veiðiskipa innbyrðis, 2) **að** landssímastöð og hvert ísl. veiðiskip með loftskeytatækjum skuli hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit slíkra skeyta, 3) **að** hver sá, sem skeyti sendir til eða frá veiðiskipi, skuli undirrita á skeytið drengskaparvottorð um, að skeytinu sé ekki ætlað að stuðla að landhelgisbroti, forða sökunaut við töku eða gefa bendingu um ferðir varðskipa, 4) **að** skrá skuli í sérstaka bók á loftskeytastöðvum og veiðiskipum öll skeyti til og frá skipunum í töluröð, með nákvæmri stund og dagsetningu, 5) **að** loftskeytamenn varðskipa og starfsmenn loftskeytastöðva í landi skuli skyldir að bókfæra öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land, 6) **að** landssímastjóra skuli senda frumrit allra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og skrásetningarbækur skuli senda dómsmálaráðuneyti, og að öll þessi skjöl séu látin sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar, 7) **að** refsa megi útgerðarstjóra, skipstjóra eða öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta og reynzt hafa sannir að sök um brot á fyrirmælunum, með 3—15 þús. kr. sekt, 8) **að** útgerð skips ábyrgist slíka sektargreiðslu, 9) **að** skipstjóri, sem reynzt hafi sannur að sök um misnotkun loftskeyta í þessu skyni, skuli í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár og í annað sinn missa skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt, og 10) **að** svipta megi útgerðarstjóra eða skipstjórnarmenn rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa.

Öll þessi 10 atriði, sem nú hafa verið talin upp úr frv., eru nýmæli, sem hvorki fyrirfinnast í lögum frá 1917 né reglugerð frá 1918. Og öll þessi nýmæli hafa það sammerkt, að þau miða að því að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í þágu landhelgisbrota. En eldri lög og fyrirmæli um rekstur loftskeytastöðva höfðu engin sérstök ákvæði að geyma, sem sérstaklega miðuðu að þessu.

Niðurstaðan af þessari athugun verður því sú, að lög 82/1917 og reglugerð 32/1918 séu

> ekki að neinu sérstöku leyti sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta á veiðiskipum, og hafi því að sáralitlu leyti í sér fólgin ákvæði, sem hægt sé að beita sérstaklega í því skyni. Aftur á móti er frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa sérstaklega flutt til þess, eins og fyrirsögn þess ber með sér, að koma í veg fyrir slíka misnotkun, enda er í frv. að finna mörg nýmæli, er miða að þessu marki“.

17. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir Háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt, og að Reykjavíkurbær leggi til vatn úr hitaveitu sinni til að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað, með kostnaðarverði.

3. gr.

Landstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Greinargerð.

Frumvarp nálega samhljóða að efni var lagt fyrir vetrarþingið 1931, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá greinargerð sú, er hér fer á eftir:

„Frumvarp samhljóða þessu að efni var lagt fyrir Alþingi 1930, og náði samþykki allra flokka í efri deild. Bæjarstjórn og borgarstjóri Reykjavíkur tók málinu einkarvel, og lagði til að Háskólinn fengi ennþá betri lóð, heldur en áður hafði verið um talað. Samkvæmt því yrði háskólabygging og stúdentagarður ekki reist á Skólavörðuhæðinni, heldur neðanvert við væntanlegan skemmtigarð, suður af Tjörninni. Ef Háskólinn fær þar til sinna þarfa 8—10 ha. af landi, verður þar hægt að bæta við byggingum eftir því sem þörf landsins krefur, þó að aldir líði.

Við meðferð Alþingis í fyrra hefir byggingarmál Háskólans tekið gerbreytingum. Áður var hugsað til að Háskólinn fengi eina allstóra byggingu, sem vel nægði þörfum hans, eins og hann er nú, og að heimavist fyrir 30—40 stúdenta yrði byggð þar hjá. En ekki var gert ráð fyrir vexti né nýjum viðfangsefnum. Háskólinn og stúdentaheimilið myndu hafa lokast inni í bænum, og eftir

stutta stund hefði orðið að bæta við nýjum byggingum á allt öðrum stöðum í Reykjavíkurbæ. Með þessu móti hefði Háskólinn er til lengdar leið slitnað í sundur og ekki orðið sjálfstæð, lifræn heild.

Með frv. sem lagt var fyrir Alþingi 1930, var bætt úr þessu með því að gera ráð fyrir að Háskólanum væri þegar í upphafi tryggt land til umráða, 8—10 ha., en forráðamenn bæjarins munu heldur vilja láta land þetta á öðrum stað en suður af Skólavörðu, og virðist það vera, ef á allt er litið, um meiri hagræði að gera fyrir Háskólann. Nú er bætt við skilyrði, sem öll sanngirni mælir með að bærinn leggi til heitt vatn til hitunar hinum fyrstu byggingum, stúdentagarði og kennslustofum. Með kostnaðarverði er átt við að eigi sé tekið verð fyrir vatnið sjálft, heldur hlutfallslega fyrir kostnað við leiðslu til bæjarins.

Við háskóla, sem enn eru í myndun, t. d. í Árósum í Danmörku, er höfð hin sama ráðagerð og hér. Bærinn leggur til mikið samfellt land í útjaðri borgarinnar, og háskólinn verður ekki ein stór bygging, heldur rísa smátt og smátt margar aðskildar, en skipulagsbundnar byggingar.

Sú tilhögun, sem gert var ráð fyrir í fyrravetur, að nota nokkur ár til undirbúnings málinu, er því nauðsynlegri, þar sem yfirstandandi erfiðleikar atvinnulífsins í landinu valda því, að tæplega mun þykja ráðlegt að leggja út í stórbyggingar fyr en yfirstandandi kreppu hefir létt af".

18. Frumvarp

til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimis- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til íþrótta- eða leikfimiskennslu við ríkisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi.

2. gr.

Kennslumálaráðuneytið lætur árlega fara fram próf fyrir leikfimis- og íþróttakennara. Það skipar fyrir með reglugerð hversu því prófi skuli fyrir koma, og setur síðan í samráði við landlækni og hina reyndustu íþróttafræðinga, sem völ er á í landinu, reglur um leikfimi og íþróttakennslu, þannig að tekið sé tillit til mismunandi aðstöðu nemenda í farskólum, barnaskólum, gagnfræðaskólum, héraðsskólum, menntaskólum og hinum ýmsu sérskólum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Svo að segja hver einasti Íslendingur, karl eða kona, sem stundar leikfimi og íþróttakennslu hér á landi, hefir numið list sína erlendis, við mjög margháttaðar og ósambærilegar stofnanir. Sumir hafa fengið mikla og góða kennslu, og lokið erfiðu prófi. Aðrir hafa numið skamma stund, og lítil trygging fyrir kunnáttu þeirra. Sér í lagi er oft algerður misbrestur á að slíkir menn hafi nægilega þekkingu í uppeldisfræði, heilsufræði og æfingu við að kenna börnum eða unglingum. Hér er stefnt að því að fá fastan grundvöll í þessu efni, að allir leikfimi- og íþróttakennarar sem ætla að starfa í þjónustu landsins, verði að hafa sýnt með prófraun í landinu sjálfu, að þeir séu hæfir til verksins, og að í skjóli þess skipulags geti þróast íþróttir, sem miðaðar eru í einu við að efla líkamshreysti manna og við landshætti og kringumstæður hér. Kostnaður á ekki að verða af þessari breytingu, nema þóknun til prófdómenda, eftir sömu reglum og við ríkisskólana.

19. Frumvarp

til laga um umsjón nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Fimm manna nefnd skulu falin umráð eftirnefndra jarðeigna ríkisins í Ölfusi: Reykjakots, Reykja, Reykjahjáleigu, Kross og Valla.

2. gr.

Nefndina skipa landlæknir, einn yfirlækna Landsspítalans, kjörinn af yfirlæknunum, læknirinn við Reykjahælið, ráðsmaðurinn við Reykjabúið og ráðsmaður Landsspítalans. Landlæknirinn er formaður nefndarinnar. Nefndin vinnur kauplaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Nú hefir verið byrjað að starfrækja Reykjaeignina bæði til heilsubótar sjúkum mönnum og vegna búrekstrar fyrir Landsspítalann sér í lagi, og að því er snertir ýmsar tegundir grænmetis fyrir fleiri ríkisstofnanir. En með því að enn má um langan aldur auka þessa notkun, einkum í sambandi við jarðhitann, þykir líklegt að gagnleg notkun þessarar eignar verði bezt tryggð með því að nefnd valinna manna hafi fyrir ríkisins hönd umsjón með eigninni. Má vænta að á þann hátt verði náttúrugæði staðarins fyrst og bezt hagnýtt.

20. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 frá 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 7. gr. í lögum nr. 69 frá 1928, um álagning á vínanda og áfengi, fellur burtu. Málsgreinin verður þá þannig: „Lyf, er verzlunin útvegar læknum eða sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 4. nóvember 1931 gaf Hans hátign konungurinn, samkvæmt tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans, út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru sem fylgiskjal við frumvarp þetta, og er í forsendum bráðabirgðalaganna getið ástæðna þeirra, er þau byggjast á.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um

breyting á lögum nr. 69 frá 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vor dóms- og kirkjumálaráðherra hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að ákvæði í 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 69 frá 1928, um ákveðna álagning á vínanda og áfengi, sem leyft er að flytja til landsins, sé óheppilegt, eins og nú stendur á. Telur ráðherrann því nauðsynlegt að fella burtu þetta ákvæði nú þegar, og verðum Vér því að telja brýna

nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um slíka lagabreyting.
Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 7. gr. í lögum nr. 69 frá 1928, um álagning á vinanda og áfengi, fellur burtu. Málsgreinin verður þá þannig: „Lyf, er verzlunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. nóvember 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

21. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Lög nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Landlæknirinn hefir samið frumvarp þetta, og er greinargerð hans, er ráðuneytið fellst alveg á, á þessa leið:

„Umrædd lög eru óþörf og úrelt orðin eins og reglugerðir þær og erindisbréf, sem eftir þeim hafa verið sett. En það ákvæði laganna er sérstaklega bagalegt, sem fastbindur daggjöldin við ákveðna upphæð, og hana raunar lægri

en þau hafa verið höfð hátt á annan tug ára. Síðan nýi spítalinn var reistur, hefir hann verið rekinn sem sjálfstæð stofnun með miklu hærri daggjöldum en gamli spítalinn, og vekur það að vonum óánægju, einkum þegar hlutaðeigendur fá því ekki ráðið, á hvorum spítalanum sjúklingarnir fá inni, og hefir það valdið erfiðleikum við innheimtu.

Liggur fyrir að samræma daggjöldin á báðum spítölunum, og er engin ástæða til að hafa þau mishá eftir því á hvorum þeirra menn eru vistaðir. En hitt gæti verið nauðsyn, að hafa sérstaklega lág daggjöld fyrir þá, sem sýnt er um, er þeir hafa verið um stund á spítalanum, að eru með ólæknandi sjúkdóm, og líklegir til að liggja þar árum saman.

Sérstakra lagaákvæða um ákvörðun daggjaldanna á Kleppi virðist ekki þörf, fremur en hinna annara ríkisspítala.

Til hins gæti verið ástæða, að setja sérstök lög um ýmislegt viðvíkjandi rekstri allra ríkisspítalanna í heild eða jafnvel allra sjúkrahúsa í landinu".

22. Frumvarp

til laga um birtingu útvarpaðra veðurfregna.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er, eða sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem Veðurstofan gefur út og útvarpað er frá Útvarpsstöðinni i Reykjavík.

2. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er að flestir geti haft þeirra not og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

3. gr.

Sá, sem tekur að sér birtingu veðurfregna, eigi móttökutæki sitt sjálfur og kosti og annist viðhald þess, enda hafi það þann styrkleika, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn gerir kröfu til.

4. gr.

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna samkv. 1. gr., greiðist að hálfu úr ríkissjóði þó ekki yfir 50 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða bæjarsjóði, samkvæmt fyrirframgerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í fjárlögum ársins 1932 eru Fiskifélagi Íslands veittar 5000 kr. til þess að láta birta í veðistöðvum landsins, veðurfregnir þær, sem útvarpað er frá Útvarpsstöð Íslands i Reykjavík, og er þá jafnframt gert ráð fyrir, að samtímis verði hætt að birta veðurfregnir Veðurstofunnar á símastöðvunum, eins og verið hefir. Var gert ráð fyrir, að fyrst í stað mundu menn út um landið sakna svo þeirra veðurfregna, sem birtar voru á símastöðvunum, að nauðsynlegt væri að láta afrita og festa upp veðurfregnir útvarpsins, einkum meðan móttökutækjum væri að fjölga og menn væru að venjast við að notfæra sér veðurfregnir útvarpsins.

Fiskifélagið bjó því til lista yfir þá staði á landinu, þar sem það áleizt nauðsynlegt að festa þessar veðurfregnir upp, og reyndust það að vera 59 staðir á landinu, sem telja varð nauðsynlegt að festa þessar veðurfregnir upp á, en auk þess hagar svo til á sumum stöðum, t. d. Seyðisfirði og víðar, að strandlengjan, sem veðurskeytin áttu að koma að notum, er svo löng, að nauðsynlegt er talið að festa skeytin upp á 2 stöðum og verður á slíkum stöðum eðlilega að borga meir fyrir móttöku þeirra og birtingu. Þegar svo ennfremur bætist við kostnaður við útsendingu eyðublaða, var ekki hægt að borga nema 80 krónur á hverjum stað fyrir þetta verk, en þá var ætlast til að veðurskeyti þessi væru fest upp tvisvar á dag allt árið.

Fiskifélagið valdi því næst þá menn, sem það bar bezt traust til á þessum 59 stöðum og bað þá að taka þetta verk að sér, eða gætu þeir það ekki sjálfir, þá að útvega annan ábyggilegan mann, sem móttökutæki hefði til þess að taka þetta að sér, gegn 80 króna þóknun á ári.

Fiskifélaginu hafa þegar borizt svör frá nokkrum þessara manna og kvarta þeir yfirleitt flestir um það, hve þóknunin sé lág. Þó er það yfirleitt þannig, eftir svörunum að dæma, að í smáplássunum hafa menn þeir, sem Fiskifélagið hefir skrifað, lofað að taka þetta verk að sér, en hafa þó jafnframt margir tekið það fram, að þeir sæu ekki ástæðu til þess að festa upp veðurskeyti nema þann tíma ársins, sem sjóróðrar væru stundaðir, og má búast við, að þannig verði það framkvæmt. Aftur á móti hefir félaginu yfirleitt ekki tekizt að fá menn til þess, fyrir þessa þóknun, i hinum meiri háttar útgerðarstöðvum, þar sem vertíð er lengri, sumstaðar jafnvel allt árið, og kaupgjald hærra.

Þá hefir félagið líka fengið aðfinnslur fyrir að hafa sleppt úr stöðum, sem alveg eins eiga heimtingu á að fá birtar veðurfregnir, eins og aðrir þeir staðir, sem félagið hefir valið, en ætti að fjölga þessum stöðum meira, yrði auðvitað að lækka þóknunina á hverjum stað, eða þá að hækka tillag það, sem til þessara birtinga er ætlað.

Það virðist því liggja beinast við, að leggja það á vald hreppa og bæjarstjórna, ásamt íbúum hlutaðeigandi verstöðva, hvort birta eigi þessar veðurfregnir framvegis, og þá hve oft og hve langan tíma á ári.

Um 1. gr.

Hér er það héruðunum eða verstöðvunum í sjálfsvald sett, hvort og hve lengi þau óski eftir að veðurfregnirnar séu birtar þar. Það er efamál hvort það er nægilega tryggt, að láta meiri hluta hreppsbúa ákveða hvort veðurfregnir séu birtar á einhverjum stað í hreppnum, eða ekki, sérstaklega þegar svo hagar til, að hreppurinn er tvískiptur í landbúnaðarhérað og verstöð. Þá má gera ráð fyrir, að sá hluti hreppsbúa, sem ekki telur sig hafa gagn af veðurfregnum, eða geta verið án þeirra, vildi losna við þann kostnað, sem birtingin hefir í för með sér. Hér er því gert ráð fyrir, að ef meiri hluti fullorðinna íbúa í einhverri veiðistöð eða sjávarþorpi fer þess á leit, þá beri hreppsnefnd eða bæjarstjórn þess héraðs skylda til að sjá um, að þessi beiðni verði tekin til greina.

Um 2. gr.

Til þess að hægara sé og fljótlegra að skrifa niður veðurfregnirnar er óhjákvæmilegt að nota til þess sérstök eyðublöð og þurfa þau að vera eins á öllu landinu og útvarpið að haga upplestri veðurfregnanna í samræmi við það. Það er því gert ráð fyrir, að Veðurstofan leggi til þessi eyðublöð og séu þau send þaðan kostnaðarlaust til þeirra manna úti um land, sem hreppar eða bæjarstjórnir hafa útvegað til þess að annast birtingu veðurfregnanna.

Um 3. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringar við.

Um. 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hrepps- eða bæjarstjórnir geri skriflegan samning við þá menn, er taka að sér birtingu veðurfregnanna í umdæmi þeirra og að atvinnumálaráðherra samþykki þenna samning fyrir hönd ríkisins, þar sem því er ætlað að greiða allt að helmingi kostnaðar við birtinguna, sem þó þykir rétt að takmarka þannig, að eigi fari fram úr 50 kr. á neinum stað.

Um 5. gr.

Þar sem styrkur sá, sem Fiskifélaginu er ætlaður fyrir birtingu veðurfregnanna er nú bundinn við árið 1932, er gert ráð fyrir, að lög þessi komi til framkvæmda, að þeim tíma liðnum.

23. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga mál iðnaðarins.

(Lögð fyrir Alþingi 1932).

Alþingi ályktar að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðnaðarins. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavik, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands; hinn fimmta skipar ríkisstjórnin og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi eftirfarandi:

1. Að endurbæta iðnaðarlöggjöfina frá 1926.
2. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðnaðinn snertir.
3. Að athuga möguleikana um aukinn innlendan iðnað, einkum um það að vinna úr þeim vörum sem landið sjálft framleiðir.
4. Að athuga um skipun menntamála iðnaðarins.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á slíkum tímum sem nú eru er það höfuðnauðsyn hverri þjóð að búa sem bezt að sínu. Munu vart skiptar skoðanir um það, að í því efni eigum við Íslendingar mikið ógert, sem þó mætti horfa til mikilla hagsbóta. Telur ríkisstjórnin það mjög tímabært að málefnum iðnaðarins verði nú sérstakur gaumur gefinn. Hefir málið verið rætt við nokkura forgöngumenn iðnaðarins í Reykjavík og í Hafnarfirði, og hafa ráðuneytinu síðan borizt tvö bréf út af þessu máli, annað frá stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og hitt frá trésmiðafélögunum í Reykjavík og í Hafnarfirði. Bæði bréfin eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK

Reykjavik 8. febr. 1932.

Með skírskotun til viðræðu við hæstvirtan atvinnumálaráðherra hinn 18. f. m. leyfum vér oss hér með fyrir hönd félags vors, að bera fram eftirfarandi kröfur:

1. Að hið háa stjórnarráð, eða að tilhlutun þess næsta Alþingi taki til rækilegrar athugunar:
   a. Endurbætur á iðnaðarlöggjöfinni frá 1926.
   b. Endurbætur á tollalöggjöfinni að því er iðnaðinn snertir.
   c. Möguleikana á að auka innlendan iðnað, einkum með því að vinna úr innlendum hráefnum.
2. Að árlega verði veittar 3000 kr. er úthlutað sé eftir tillögum stjórnar Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík handa iðnaðarmönnum til að skoða sýningar erlendis og kynnast nýjungum í iðnaði. Ennfremur að stjórn Iðnaðarmannafélagsins eða sérstök nefnd innan félagsins geri tillögur um hverjum verði veittur hinn árlegi styrkur til iðnaðarnáms erlendis.
3. Að á Alþingi verði kosin iðnmálanefnd sem fastanefnd og hafi hún með höndum öll þau mál á Alþingi, er iðnaðinn varða.
4. Að Alþingi veiti Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík 50 þúsund krónur á ári í næstu 5 ár, alls 250 þúsund krónur, til þess að koma upp nýju Iðnskólahúsi hér i Reykjavík.

Um 1. lið a. er það að segja, að þegar iðnlöggjöfin frá 1926 kom til framkvæmda hafa menn rekið sig á nokkra galla á henni, sem nauðsyn ber til að lagfæra. Það er í sjálfu sér ósköp eðlilegt, að slík nýjung sem iðnlöggjöfin, yrði ekki upphaflega samin svo, að engir gallar fyndust á henni, en hitt er varla réttlætanlegt ef þeir gallar ekki verða lagfærðir.

Um 1. lið b. Tollalögin eru sumstaðar svo ósanngjörn, að íslenzkir iðnaðarmenn verða að greiða toll af efnivörum til iðnar sinnar, þó að útlend iðnframleiðsla sömu tegundar sé flutt inn ótollað. Þetta verður í reyndinni verndartollur fyrir útlendan iðnað gegn innlendri framleiðslu og nær það auðvitað engri átt. Það er engin von til þess, að löggjafar með engri sérþekkingu á iðnaðarmálum eða iðnrekstri viti um þetta. Iðnaðarmenn sjálfir vita bezt hvar skórinn kreppir í þessu efni og því verður að rannsaka þetta frá sjónarmiði þeirra.

Um 1. lið c. Enn er það svo, að mikið af afurðum landsmanna er flutt út hálfunnið eða óunnið, en samtimis fer atvinnuleysi í landinu vaxandi, sérstaklega á vissum tímum árs. Er því mikil nauðsyn á að gaumgæfilega sé athugað hvað hægt er að gera til að afstýra þessu.

Eins og Alþingi er nú skipað, teljum vér enga von til að nefnd þingmanna geti rannsakað eða gert tillögur um þessi mál. Teljum vér því nauðsynlegt að skipuð sé nefnd úr hóp þeirra manna, er þessi mál koma sérstaklega við, til þess að rannsaka og gera tillögur um þau.

Um 2. lið. Vegna legu lands vors eigum vér flestum þjóðum erfiðara með að sækja sýningar, sem venjulega eru haldnar árlega einhversstaðar í álfunni, jafnvel hjá nágrannaþjóðum vorum. Vegna þess að þar birtast allar nýjungar sem fram koma, er mjög nauðsynlegt, að héðan geti farið efnilegir menn til að kynnast þeim, og iðnaðarmálum yfirleitt. Vér verðum fljótt aftur úr ef vér ekki fylgjumst rækilega með í þeim efnum. Og af því að vér, eða menn úr félagi voru, eru yfirleitt gagnkunnugir iðnaðarmönnum og vitum hverjir eru hæfir til að njóta slíks styrks, teljum vér heilbrigðast að hann sé

veittur eftir tillögu vorri. Og alveg sömu ástæður eru fyrir hendi um námsstyrkinn til iðnaðarmanna, vér stöndum miklu nær að vita um verðleika umsækjenda en hið háa stjórnarráð.

Um 3. lið. Iðnaðurinn er þriðja fjölmennasta atvinnugrein landsmanna, og á engan beinan málsvara á Alþingi. Iðnaðurinn er orðinn mjög mikill þáttur í atvinnulífi þjóðar vorrar og fer stöðugt vaxandi, og vonum vér því að það teljist alveg sjálfsögð krafa, að sérstök nefnd í þinginu fjalli um málefni hans.

Um 5. lið. Með löggjöfinni um iðnskólanám teljum vér að hið opinbera hafi tekið á sig þá skyldu að sjá iðnnemum fyrir hinni lögskipuðu fræðslu. Hér í Reykjavík er iðnnemafjöldinn langsamlega mestur, svo að segja má að aðrir staðir á landinu séu aukaatriði í því efni. Hér hagar svo til, að hús það, er félag vort reisti fyrir nær 30 árum, er þegar orðið allt of lítið. Það verður ekki hjá því komizt að reisa nýtt skólahús og það mjög bráðlega. Eins og áður er drepið á teljum vér að hinu opinbera beri að réttu lagi skylda til þess. Og iðnskólabygging, sem fullnægði kröfum tímans og væri byggð með hina fyrirsjáanlegu aukningu fyrir augum, mundi varla kosta undir hálfri milljón króna. En félag vort vill, sem fyrr, fórna miklu fyrir skóla sinn. Og af því það telur sig muni geta komið byggingunni upp og staðið straum af henni ef það fær framangreinda fjárveitingu, um helming af byggingarkostnaði til hennar, og verður þó að taka á öllu sínu til að kljúfa það, væntum vér þess fastlega, að bæði þing og stjórn taki fegins hendi þessu tilboði og veiti framannefnda fjárveitingu.

Stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Ársæll Árnason. *Guðm. H. Þorláksson.*

Fylgiskjal II.

Vegna viðtals við yður, hæstvirtur forsætisráðherra, er fram fór 14. f. m., leyfum við undirritaðir oss, fyrir hönd trésmiðafélags Reykjavikur og trésmiðafélags Hafnarfjarðar að óska eftir, að hið háa Alþingi, er nú kemur saman, taki eftirfarandi athugasemdir og óskir til rækilegrar athugunar og framkvæmdar.

Vér viljum fyrst og fremst leyfa oss að benda á hið mikla ósamræmi, sem er í því, að inn í landið er flutt allmikið til húsagerðar, svo sem hurðir, gluggar og allskonar listar úr tré, með jöfnum tolli og er á óunnu timbri, eða um 9 aura á teningsfet. Þá er eigi síður ástæða til að benda á stærri og smærri báta úr tré, sem alls enginn tollur er lagður á, séu þeir fluttir inn sem kallað er tilbúnir. Hinsvegar er hver einasti hlutur, smár og stór, er til skipabyggingar þarf, meira og minna tollaður, að eins ef byggingin á að framkvæmast hér heima. En þar sem hægt er að benda á með nægum rökum, að auðvelt væri að vinna allt, er að framan er talið í landinu sjálfu, og það

á engan hátt lakar, en hið útlenda er unnið, og sem sýnilega mundi skapa mjög mikla atvinnu fyrir stóra stétt manna, án þess þó að gera nefndar vörur dýrari fyrir notendur, þá viljum við eindregið óska eftir, að hið háa Alþingi takmarki nú þegar innflutning á nefndum vörum með svipuðum tolli og nú er á húsgögnum, eða um 15%, til stuðnings iðnaði þessum í landinu sjálfu.

Það virðist líka allmikil þörf á þessu einmitt nú, þar sem fjárkreppa og atvinnurýrnun vofir yfir, og hagskýrslur undanfarinna ára bera það með sér, að árlega eykst innflutningur á vörum þeim, er hér um ræðir, svo hundruðum þúsunda króna nemur. Árið 1928 var flutt inn samkvæmt hagskýrslum hurðir, gluggar, allskonar húsalistar, stærri og smærri skip og bátar úr tré fyrir um 720 þúsund krónur. Árið 1929 sömu vörutegundir fyrir um 1650 þúsund krónur.

Yngri skýrslur eru ekki fyrir hendi, enda virðist að þessar tölur ættu að nægja, því þær sýna ljóslega, að hér er um alvörumál að ræða, og það því fremur, þarsem það er vitanlegt, að allmikill hluti af fé þessu fer út úr landinu eingöngu fyrir vinnu, er að sjálfsögðu ætti að vinnast hér. Og einmitt á sama tíma og þessi mikla vinna er unnin af erlendum mönnum, ganga hér atvinnulausir bæði húsasmiðir og skipasmiðir.

Reykjavík og Hafnarfirði, 11. febrúar 1932.

Björn Rögnvaldsson, Guðjón Jónsson, Valdimar Runólfsson,
Þorbjörn Klemensson, Guðm. H. Guðmundsson, Þóroddur Hreinsson,
Markús Sigurðsson, Páll Pálsson.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um bókhald.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.

5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofa, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikhúsa (cirkus) og fjölleikhúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingarmeistarar, málflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá,

sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir loks reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum

þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er i hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er i bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hlíti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því i lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 1., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem borið er fram að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins, hefir á tveimur þingum, þ. e. þinginu 1930 og á vetrarþinginu 1931, verið borið fram í efri deild að tilhlutun þess ráðuneytis. Í bæði skiptin hefir frumvarpið verið afgreitt frá efri deild, en eigi hlotið afgreiðslu í neðri deild. Er frumvarpið nú borið fram eins og það var samþykkt af efri deild á vetrarþinginu 1931, og er það með smábreytingum einum frá því, sem það var upphaflega.

Þegar frumvarpið var borið fram á þinginu 1930 fylgdi því svohljóðandi greinargerð og fylgiskjöl:

„Núgildandi lög um verzlunarbækur eru nr. 53 frá 1911, og er ætlazt til, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Það hefir nú um skeið verið ljóst, að lög þessi eru mjög ófullkomin, enda er slikt að vonum, þar sem viðskipti öll og atvinnurekstur i landinu hefir tekið gagngerðum breytingum síðan þau voru samin. Sú breyting, sem mestu varðar i þessum efnum, er aukin notkun lánsfjár til hverskonar atvinnurekstrar. Má svo að orði kveða, að flest atvinnufyrirtæki byggist nú á stórfelldum lánum og gagnkvæmri tiltrú.

Aukin lánsfjárnotkun hefir haft í för með sér fjölgun tækifæra til margskonar fjársvika og óráðvandlegrar meðferðar á annara fé. Á síðasta þingi voru sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Voru þar lögfest margskonar nýmæli, sem gengu í þá átt, að vernda rétt lánardrottnanna. Mun mega fullyrða, að einn hinn mesti þrándur í götu við framkvæmd laga þessara er ófullnægjandi bókhald þeirra, sem lánsfé nota til atvinnurekstrar síns. Þótt fyrirmælum núgildandi laga um bókhald sé hlýtt til fulls, er það hinum mestu erfiðleikum bundið að rekja til hlitar rekstur fyrirtækjanna og komast að niðurstöðu um, hvernig fjármunum þeim, sem þau hafa haft til notkunar, hefir verið varið. En það hlýtur að verða krafa lánardrottnanna, að með lögum sé fyrirskipað svo fullkomið bókhald, að hvenær sem er sé hægt að sjá, hvernig hag fyrirtækjanna er varið og hvernig þau hafa ráðstafað því fé, sem þeim hefir verið trúað fyrir.

Síðan fyrrnefnd lög voru sett hefir Alþingi samþykkt lög um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt þeim fara greiðslur manna til opinberra þarfa mjög eftir tekjum og eignum, en til þess að unnt sé að ákveða gjöld þessi réttilega,

þurfa að liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar frá hverjum einstökum um þessi efni. Það mun hafa komið mjög berlega í ljós, að upplýsingum er mjög áfátt um þessi atriði hjá mörgum þeim, sem reka verzlun eða aðra atvinnu, sem krefur reikningsfærslu, og það jafnvel þótt viðkomandi hafi fært lögskipaðar bækur á réttan hátt.

Orsökina til þessa er að finna í því, að ekki er í núgildandi bókhaldslögum skipað fyrir um færslu neinna yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Er úr þessu bætt í frv., svo sem nánar er rætt í athugasemdum við 4. gr.

Síðast en eigi síst ber að minnast þeirrar nauðsynjar, sem hverjum atvinnurekanda er á því að fylgjast með rekstri sínum og allri fjárhagsafkomu. En fullyrða má, að slíkt sé eigi kleift fyrir þá, sem hafa mikið fé til notkunar við atvinnu sína, nema með því að færa glöggt og gott bókhald. Fjöldi atvinnurekenda mun þegar hafa skilið þessa nauðsyn, og færa bókhald sitt þannig, að þeir geta til fulls fylgzt með rekstri fyrirtækjanna, og munu þar á meðal ýmsir, sem eigi eru bókhaldsskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Þó munu margir láta sér nægja að færa aðeins þær bækur, sem lögboðnar eru nú, og hefir reynslan sýnt, eins og að framan er drepið á, að mörgum þeirra hefir reynzt því nær ókleift að komast að réttri niðurstöðu um rekstur sinn.

Má því fullyrða, að verði frumvarp þetta að lögum, mun það styðja mjög að meiri gætni í atvinnurekstri og viðskiptum allskonar en ríkt hefir nú undanfarið. Má í mörgum dæmum rekja ófarnað manna í viðskiptum til þess, hve illa þeir hafa fylgzt með atvinnurekstri sínum. Er ekkert ráð til við slíku annað en glögg reikningsfærsla, sem hvenær sem er gefur fullkomnar upplýsingar um rekstur viðkomanda og afkomu alla.

Við samning frv. þessa er að nokkru stuðzt við erlend lög um sama efni, aðallega sænsk, sem öðluðust gildi 1. jan. þ. á.

Í frv. eru allmörg nýmæli, og mun þeirra getið í athugasemdunum um einstakar greinar, er hér fara á eftir.

Um 1.—3. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæðið um bókhaldsskyldu bundið við atvinnurekstrarleyfi. Eigi þótti fært að fylgja þessu grundvallaratriði í frumvarpinu, þar sem vitanlegt er, að fjöldi atvinnufyrirtækja og einstakir menn hafa mikið fjármagn til notkunar við atvinnurekstur sinn, þótt eigi þurfi þeir að leysa slík leyfisbréf. Hefir því sú stefna verið tekin upp, að skylda þá til að færa bækur, sem líklegt þykir, að noti til muna lánsfé við rekstur fyrirtækjanna, og ennfremur þá, sem sýnt þykir, að eigi muni geta komizt að niðurstöðu um tekjur sínar og gjöld nema með færslu bóka. Hafa ákvæðin í grein þessari verið sniðin mjög eftir sænsku lögunum, sem að framan getur.

Um 4. gr.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, er einn höfuðgalli núgildandi bókhaldslaga sá, að eigi er skipað fyrir um færslu yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Ef eigi eru færðar aðrar bækur en þær, sem lög mæla

fyrir um, verður bókhaldið mjög ófullkomið og óglöggt til eftirlits, niðurstöður ótryggar og litt ábyggilegar. Virðist svo sem úr þessu verði ekki bætt nema með lögskipun tvöfalds bókhalds, og er ákvæði um það tekið inn í grein þessa. Nauðsyn yfirlitsreikninganna gerir ákvæði þetta óhjákvæmilegt, því með færslu þeirra verður bókhaldið tvöfalt (sjá 8. gr.). Eigi þykir rétt að lögbjóða eitt sérstakt kerfi bókhalds, þar sem sitt hentar hverjum í því efni. Er því tekin upp sú aðferð að skipa ákveðið fyrir um þær bækur, sem sameiginlegar verða hjá öllum fyrirtækjum, og síðan um færslu yfirlitsreikninga (sjá 8. gr.), en mönnum jafnframt í sjálfsvald sett, hversu þeir skipa þeim niður í bækurnar. Af þessu leiðir, að ákvæðum frumvarpsins er hægt að fullnægja með færslu hvaða tvöfalds bókfærslukerfis sem er.

Eitt grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu er, að hver fjárhæð færist tvisvar. Af þessu leiðir, að hægt er hvenær sem er að sannprófa, hvort bækurnar eru rétt færðar. Ennfremur gefur þetta atriði tryggingu fyrir réttum niðurstöðum, og er það hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigendur. Ýmsir, sem ókunnir eru málavöxtum, álíta, að miklu meiri vinna sé við færslu tvöfalds bókhalds en þess, sem nefnt er einfalt og fullnægjandi er samkvæmt núgildandi lögum. Gætir hér nokkurs misskilnings. Ef tvöfalt bókhald er fært á haganlegan hátt, er vinnuaukningin hverfandi í samanburði við mismun þann, sem verður á árangrinum af færslu þess annarsvegar og einfalda bókhaldsins hinsvegar. Sé fært einfalt bókhald, getur atvinnurekandinn, ef um veruleg viðskipti er að ræða, alls eigi komizt að niðurstöðu um rekstur sinn, nema með því að „gera upp“ allar bækur sínar, og þar sem slíkt kostar ærna vinnu, er það eigi að öllum jafnaði gert nema einu sinni á ári. Sé tvöfalt bókhald fært á réttan hátt, getur atvinnurekandinn ætíð fylgzt með í rekstri fyrirtækisins, og leiðir það af færslu yfirlitsreikninganna. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að haganlegasta fyrirkomulag fyrir flesta atvinnurekendur mun að færa yfirlitsreikninga þá, sem um getur í 8. gr., í sjálfri sjóðbókinni, sem þá nefnist sjóðdagbók samkv. frumv. (dálkakerfið). Verður þá sú eina bók nægileg til fullnægingar ákvæðum frumvarpsins, sé eigi um nein lánsviðskipti að ræða, ella verða ennfremur að færast frumbækur og viðskiptamannabók (sjá 5. og 6. gr.).

Um 5. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Frumbækur þær, sem um ræðir í greininni, eru jafnnauðsynlegar kaupanda og seljanda. Samritið, sem viðskiptavinur fær hjá atvinnurekanda, gerir honum unnt að fylgjast með viðskiptum sínum. Atvinnurekanda eru bækur þessar nær ómissandi til notkunar við samdrátt undir innfærslu í aðrar bækur og yfirlitsreikninga (t. d. viðskiptamannabók, vörureikning o. s. frv.).

Um 6. gr.

Í grein þessari eru engin veruleg nýmæli. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirskipuð færsla sjóðbókar. Eru fyrirmælin um færslu bókarinnar aðeins nokkru ítarlegri hér. Nauðsynlegt þykir að leyfa færslu undirbóka fyrir sjóðgreiðslu, en jafnframt að skipa fyrir um innfærslu niðurstöðutalna

þeirra daglega inn í sjálfa sjóðbókina, til þess að í henni sé ætið unnt að fá fullt yfirlit um öll peningaviðskipti.

Um 7. gr.

Viðskiptamannabók sú, sem um ræðir í þessari grein, notast að mestu á sama hátt og höfuðbókin, sem fyrirskipuð er í núgildandi lögum. Þó eru í grein þessari tvenn mikilsverð nýmæli, sem ganga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir um færslu bókarinnar.

Hið fyrra er um færslu úttektar þeirrar, er samið er um greiðslu á viku- eða mánaðarlega. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að færa í höfuðbók (= viðskiptamannabók) niðurstöðutölur hverrar frumbókarnótu. Erfiðleikar á að fylgja þessu ákvæði hafa komið greinilega í ljós, einkum í Reykjavík, þar sem ofannefnd viku- og mánaðarviðskipti eru mjög algeng. Er því með ákvæðum greinar þessarar leyft að færa í einni fjárhæð í viðskiptamannabókina viku- eða mánaðarúttekt þeirra, sem samninga hafa svo sem að framan getur. Ennfremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabókinni fyrir þá, sem aðeins hafa slík samningsviðskipti. Verður heimild þessi til hins mesta verksparnaðar við færslu þessara viðskipta, án þess þó að rýra í nokkru tryggingunna, sem lánardrottnum á að vera í bókhaldi skuldunauta, eða gagn það, sem atvinnurekanda sjálfum er að bókhaldinu.

Hið síðara nýmæli er heimildin til þess að nota lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur.

Notkun lausblaðabóka ryður sér nú mjög til rúms til mikils verksparnaðar við reikningsfærslu. En jafnframt því, sem í lögum er gert ráð fyrir notkun þeirra, verður til tryggingar að setja ákvæði um, að í einhverri innbundinni lögskipaðri bók sé færður reikningur yfir öll þau viðskipti, sem tilfærð eru í lausblaðabækur, þar sem ætíð er nokkur hætta á, að blöð týnist úr bókum þessum.

Um 8. gr.

Eins og um hefir verið getið í athugasemd við 4. gr., er hér um algert nýmæli að ræða með fyrirskipun færslu yfirlitsreikninga þessara, og er í því fólgin höfuðbreytingin frá fyrirmælum núgildandi laga. Nægir að vísa til athugasemda við sömu grein um skýringu á nauðsyn reikninganna og ástæður fyrir því, að eigi er í frumvarpinu skipað nákvæmlega fyrir um, í hvaða bókum þeir skuli færðir.

Um 9. gr.

Fyrirmæli greinar þessarar um samning rekstrarreiknings er nýmæli, sem er bein afleiðing af ákvæðinu um tvöfalda bókfærslu, og hefir það eigi í för með sér aukna fyrirhöfn. Ákvæði greinarinnar um það, hvenær reikningsuppgerð skuli lokið, er í samræmi við ákvæði skattalöggjafarinnar um sama efni.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja ákvæði um, hvernig samningi efnahagsreiknings skyldi hagað í höfuðatriðum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinar þessarar er sett með tilliti til þess, að fullkomið yfirlit um hag hlutaðeiganda sé eigi fengið nema þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Eru fyrirmæli þessi sniðin að mestu eftir sænsku lögunum, sem að framan um getur.

Um 12. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. málsgr. 6. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur. Þó þótti rétt að setja ákvæði um, að eigi mætti færa lögskipaðar bækur með blýanti, aðrar en frumbækur, og eigi mætti rífa eða á annan hátt losa blöð úr bundinni lögskipaðri bók.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað ákvæða 3. gr. núgildandi laga um að halda bréfabók.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett með það fyrir augum, að fyrir gæti komið, að nauðsyn bæri til, að upplýsingar væru fyrir hendi um rekstur hlutaðeiganda yfir langan tíma. Fyrirmælið er að mestu samhljóða ákvæðum sænsku laganna um þetta efni.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt þótti að hafa skýr fyrirmæli um tilhlutunarrétt lögreglustjóra um eftirlit með lögunum.

Um 18.—20. gr.

Þar sem brot gegn lögum þessum geta verið mjög misjafnlega refsiverð, þykir nauðsynlegt, að dómarinn sé eigi mjög bundinn í vali viðurlaga og geti fremur ákveðið hegningu eftir því, sem málefni standa til í hverju einstöku dæmi.

Um 21.—24. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Fylgiskjal I.

AFRIT.

Verzlunarráð Íslands.

Reykjavík, 19. febr. 1930.

Verzlunarráðið hefir athugað frumvarp að lögum um bókhald, er dómsmálaráðuneytið hefir sent því til umsagnar, og er það samþykkt frumvarpinu í öllum aðalatriðum. Þó vill Verzlunarráðið benda á, að undir 2. lið annarar greinar virðist vera rétt að nefna kaupfélög og pöntunarfélög sem bókhaldsskyld.

Að því er snertir ákvæði 9. greinar um reikningsskil og reikningslok, álítur Verzlunarráðið réttast að miða við ákvæði skattalaganna.

Með skirskotun til 15. greinar, telur Verzlunarráðið hæfilegt að miða geymslutíma á fyrirskipuðum bókum og öðrum gögnum við fyrningartíma skulda samkvæmt fyrningarlögum.

Þá leyfir Verzlunarráðið sér ennfremur að benda á það, að vegna þeirrar sérstöðu og sérstöku laga, sem Samvinnufélögin hafa innan verzlunarstéttarinnar, virðist sem tilgangur þessara bókhaldslaga ætti meðal annars að vera sá, að skylda Samvinnufélögin til þess að haga bókhaldi sínu þannig, að glögglega sjáist af því, hvern hag þau hafa af viðskiptum við utanfélagsmenn, þar sem skattur félaganna miðast að miklu leyti við þann hagnað. Mælir Verzlunarráðið eindregið með því, að bót verði ráðin á þessu.

Í öðru lagi veldur það miklum vandkvæðum innan verzlunarstéttarinnar, að alltítt er, að kaupfélög, samvinnufélög og jafnvel kaupmenn veiti vörum (afurðum) manna móttöku án ákveðins verðs, og líða oft margir mánuðir þar til vöruseljendur fá vitneskju um, hvaða verði vörur þeirra verða endanlega borgaðar. Vegna þessarar óvissu komast menn oft í skuldir, er þeir annars kynnu að komast hjá, ef þeir á hvaða tíma sem er gætu vitað, hvað reikningum og fjárhag þeirra líður. Þætti Verzlunarráðinu æskilegt, ef hægt væri í sambandi við frumvarp þetta að finna einhverjar leiðir til að stemma stigu fyrir slíku verzlunarfyrirkomulagi.

Virðingarfyllst.

Verzlunarráð Íslands
(Sign.)

Garðar Gíslason.

Sig. Guðmundsson.

Til
Dómsmálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Um athugasemdir Verzlunarráðs Íslands.

1. Athugasemdin verið tekin til greina og hefir 2. gr. verið breytt í samræmi við hana.
2. Ákvæði 9. gr. eru í samræmi við skattalögin.
3. Af ástæðum, sem um getur í greinargerð fyrir 15. gr. frumvarpsins, þykir rétt, að geymslutíminn sé eigi styttri en 10 ár.
4. Ákvæði um þetta efni virðist óþarfi að taka upp í frumvarpið, með því að það er í 9. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921.
5. Í 5. gr. frumvarpsins er það tekið fram, að verð úttekinnar og innlagðrar vöru skuli fært í frumbók um leið og viðskiptin fara fram. Jafnframt skal það tekið fram, að sé tilfært verð á vörum, sem teknar eru til umboðssölu, hlýtur það ætið að vera áætlunarverð. Þetta á við um þær innlendar afurðir, sem kaupfélögin selja fyrir félagsmenn sína.

Nd. 25. Frumvarp

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og öðrum sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega í útvarp ríkisins að minnsta kosti tvö fræðandi erindi um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu.

Lengd erindanna miðast við 20 mínútur, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að flutt verði samkvæmt lögum þessum í útvarpið á næsta dagskrárári. Skylt er útvarpsráði að tilkynna, með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara, þeim, sem erindi eiga að flytja, dag og stund, er erindið skal flutt.

3. gr.

Nú óskar útvarpsráðið eftir því, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að embættis- eða sýslunarmaður landsins taki sér ferð á hendur til þess að flytja í útvarpið opinbera greinargerð samkvæmt lögum þessum. Fær hann

þá greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram í efri deild á vetrarþinginu í fyrra af háttvirtum 2. þingmanni Sunnmýlinga, Ingvari Pálmasyni, og háttvirtum fyrrverandi þingmanni Akureyrar, Erlingi Friðjónssyni.

Allsherjarnefnd efri deildar varð á einu máli um að leggja til, að frumvarpið næði fram að ganga með einni litilsháttar breytingu, sem nú hefir verið tekin upp í frumvarpið.

Fer hér á eftir greinargerð sú, er upphaflega fylgdi frumvarpinu:

„Flestum embættismönnum ríkisins og öðrum sýslunarmönnum er nú gert að skyldu að gera grein, reikningslega eða annarsháttar, fyrir starfrækslu sinni, ýmist til hagstofu ríkisins eða beint til landsstjórnarinnar. Frumvarp þetta miðar til þess, að þessi sjálfsagða greinargerð starfsmanna landsins nái jafnframt til allrar þjóðarinnar, eftir því, sem við verður komið, jafnharðan gegnum útvarpið.

Fátt mun almenningi í landinu vera hugleiknara en að fá á hverjum tíma glögg skil þjóðframkvæmdanna, hvort heldur eru þegar unnin störf eða fyrirhugaðar framkvæmdir. Það virðist því ekki einungis vera sanngjarnt, heldur bein skylda þings og stjórnar að hlutast til um það, að embættismenn og sýslunarmenn þeir, er þjóðin felur mikilsverð störf, geri henni við og við sjálfir grein fyrir því, hvernig þeir rækja störf sín og fara með umboð það, er þjóðin hefir veitt þeim.

Jafnframt má benda á nokkrar líkur fyrir því, að slík opinber greinargerð í útvarpið, þar sem þjóðin öll legði við hlustirnar, yrði hverjum nýtum starfsmanni hvatning til hugkvæmdar, nýtilegra athafna og samvizkusamlegrar starfrækslu embættis sins eða sýslunar.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gera má ráð fyrir, að jafnaðarlega yrði óskað eftir aðeins einu yfirlitserindi frá starfsmanni hverjum. Þykir þó rétt að gera ráð fyrir tveimur, ef starfsgrein eða embætti er svo umfangsmikið, að ekki nægi eitt erindi til greinargerðar. Lengd erindanna er miðuð við núverandi lengd útvarpserinda samkvæmt dagskrá útvarpsins.

Um 2. gr.

Rétt þykir að fela útvarpsráðinu að gera fyrirfram ár hvert skrá yfir þá fyrirlestra, er það óskar að fluttir verði samkvæmt þessum lögum, og fela því að öðru leyti framkvæmd málsins. Yrði slík skrá meðal þeirra frumdraga, er

útvarpsráðið gerir til undirbúnings dagskrárvinnu, og myndu yfirlitserindi þessi falla inn í hina almennu dagskrá útvarpsins.

Um 3. gr.

Langflestir embættis- og sýslunarmenn landsins eru búsettir í Reykjavík. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir því, að einstöku sinnum gæti það komið fyrir, að embættismaður taki sér ferð á hendur í þessu skyni, samkvæmt óskum útvarpsráðsins, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra. Þykir sanngjarnt, að sá maður fái greiddan kostnað við slíka för".

Ed. 26. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á erfðalögunum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á erfðalögunum, sérstaklega um afnám útarfa eða takmörkun og skipting slíks erfðafjár, þar er eigi er séð fyrir með erfðaskrá.

Greinargerð.

Sú er raunin, að útarfar renna nú tíðum til þeirra, er arfleifandi hefir eigi þekkt deili á, og eigi ósjaldan þeirra, er sizt skyldi, fyrir þá sök, að um dánarfé hefir engin skipun verið gerð. Virðist því ástæða til að haga erfðalöggjöfinni þannig, að alþýða manna þurfi ekki að gera rekistefnu að því, að dánarfé renni til hugþekkra nytjafyrirtækja, guðsþakkastofnana eða annars þess, er alþjóðarheill varðar, lands eða héraða.

Hinsvegar sýna slysatryggingalög vor, að rétt getur verið að misjafna með náskyldum.

Ed. 27. Frumvarp

til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flm.: Jón Baldvinsson og Ingvar Pálmason.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim,

er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleigurétti), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta réttþafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Frv. hefir oft verið flutt áður á Alþingi og vísast til þess.

Ed. 28. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Fyrri málsgr. 7. gr. laganna skal orða svo:

Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir skírdag eftir kl. 6 síðdegis, föstudaginn langa og hinn fyrri helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir vetrarþinginu í fyrra, óbreytt að öðru en því, að þá var lagt til, að skírdagur væri friðhelgaður allur á sama hátt og þeir helgidagar þjóðkirkjunnar, sem upp eru taldir í frv. Frv. náði ekki fram að ganga og er því borið hér fram á ný. Því fylgdi í fyrra svohljóðandi greinargerð:

„Það er óþarfi að hafa langa greinargerð með þessu frv. Kvöldmáltíðar- og Getsemaneminningarnar eru öllum alvörugefnum mönnum, sem hafa alizt upp í kristnu landi, svo heilagt og viðkvæmt mál, að þeim mun þykja sjálfsagt, að engar almennar skemmtanir fari fram á skírdagskvöld, og því er lagt til, að skírdagskvöld sé friðhelgað alveg eins og föstudagurinn langi".

Ed. 29. Tillaga

til þingsályktunar um stofnun fávitahælis.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp hæli handa fávitum svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Samskonar þingsályktunartillaga lá fyrir sumarþinginu, en hlaut ekki afgreiðslu. Var þar stungið upp á að reisa nýtt sjúkrahús handa holdsveikum mönnum, en breyta spítala þeirra í fávitahæli.

Enda þótt ég sé sömu skoðunar enn, að það væri hyggilega ráðið frá fjárhagslegu sjónarmiði, þá er það ekkert aðalatriði, heldur hitt, að það dragist ekki mjög lengi úr þessu, að bætt verði úr hinni brýnu og aðkallandi þörf, að þjóð vor eignist hæli handa vesalingunum, sem hér ræðir um.

Nd. 30. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 200—20000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af gefnu tilefni, sem ekki þarf á að minna.

Hefir ekki verið um það deilt, að tryggilegast sé að vega alla síld, sem seld er til bræðslu, og er hér farið fram á, að það sé hiklaust lögskipað.

Jafnframt er til þess ætlazt, að hert sé á sektarákvæðum, þannig, að þau séu í einhverju hlutfalli við það, sem í húfi er, ef hér er brugðið út af.

Nd. 31. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Í sama sjóð og á sama hátt skulu og renna laun yfirsetukvenna þeirra umdæma, er auð kunna að standa innan læknishéraðsins, hvort sem þau laun eiga að greiðast af bæjarsjóðum eða ríkissjóði og sýslusjóðum.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá heilbrigðisstjórnarinnar, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus og yfirsetukvennalaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða, uppbótar á launum yfirsetukvenna eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna og yfirsetukonur eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en heilbrigðisstjórnin tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum og vísast til fyrri greinargerða. Frv. er óbreytt frá því sem það var flutt á sumarþinginu, að öðru leyti en því, að bætt hefir verið einni málsgr. aftan við 1. gr., og þarfnast hún ekki skýringar.

Nd. 32. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu, enda náist samningar við eigendur um útgáfuréttinn.

2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn, fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn sambands íslenzkra barnakennara, en hinn af menntamálaráðinu. Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé nægilegt til af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um ritlaun og útgáfurétt, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er stjórninni að ráða mann eða menn til þess að vinna að þessu, ef með þarf.

4. gr.

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar við kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna sjá um sölu bókanna hver í sínum skóla og fá fyrir það 10% af andvirði bókanna. Sömu sölulaun geta og aðrir fengið, sem vilja hafa bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin setur reglur um tryggingu fyrir greiðslu andvirðis bókanna og reikningsskil.

Bæjar- eða sveitarfélög, sem kaupa bækur til útbýtingar ókeypis meðal fátækra skólabarna, fá afslátt, sem nemur þóknun útsölumanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar 10000 kr. á ári í 5 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira rekstrarfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Heimilt er stjórn útgáfunnar að ákveða að gefa út og selja á sama hátt aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Ennfremur getur hún gefið út eða haft til sölu landabréf, veggmyndir og aðrar skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem gefa skal út samkvæmt þessum lögum, og sér um, að nýjar útgáfur af þeim verði til jafnskjótt og eldri útgáfur þrjóta.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir tveimur síðustu þingum og er nú flutt óbreytt frá því, sem það var í hið síðara sinn. Vísast til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgdi á sumarþinginu. Sbr. Alþtíð. A. þskj. 31.

Nd. 33. Frumvarp

til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli.

2. gr.

Stjórn landsspítalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunarkvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæðingardeildar landsspítalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn, til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkrunarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar. Í hinum ýmsu deildum landsspítalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en nemi tveimur á hverja fullgerða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum, þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru

við námið. Fæðið leggur landsspítalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 5000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.
2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.
5. Þóknun til kennaranna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924.

Greinargerð.

Ljósmæðrakennslan er fyrir nokkru flutt í landsspítalann og fer hin verklega kennsla ljósmæðraefnanna fram í sambandi við störfin í fæðingardeildinni þar. Þykir betur fara á því, að yfirlæknirinn við deildina sé aðalkennari ljósmæðraefnanna í hinum bóklegu fræðum, með því að á þann hátt er unnt að fá meira samræmi í hina bóklegu og verklegu fræðslu, svo að hvort námið um sig styðji annað, en á þann hátt verður það notadrýgst. Með því móti er líka fengin meiri trygging fyrir því, að hæfur kennari hafi jafnan þessa þýðingarmiklu kennslu með höndum, heldur en ef hún er falin landlækni, með því að illa er hægt að velja landlækni með nokkru tilliti til þess. Yfirljósmóðir deildarinnar er um leið orðin annar aðalkennarinn og komin að miklu leyti í stað ljósmæðra bæjarins, sem áður veittu einar hina verklegu tilsögn. En rétt þykir þó að gera ráð fyrir því, að ljósmæðraefnunum sé áfram gefinn nokkur kostur á að kynnast jafnframt ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Aðrar verulegar breytingar frá gildandi ákvæðum um ljósmæðrakennsluna, sem hér er farið fram á, eru ekki aðrar en þær, að námstíminn verði lengd-

ur úr 9 mánuðum upp í eitt ár. Er þess fyrir löngu orðin full þörf námsins vegna, en spítalanum jafnframt mikil nauðsyn. Deildin byggir á vinnu ljósmæðraefnanna, og er ógerningur að fá hæft vinnufólk til að hlaupa í skarðið þann tímann, sem hlé yrði á kennslunni, nema þá með afarkjörum. Ljósmæðraefnin eiga engu verulegu að tapa fjárhagslega við lengingu námstímans, því að fyrir hana er sanngjarnt, og spítalanum og þar með ríkissjóði skaðlaust, að bæta svo kjör þeirra, að þær hafi allt ókeypis meðan á náminu stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Fræðsla hjúkrunarkvenna hér á landi hefir áður farið fram á þann hátt, að þær hafa hafið námið í stærstu sjúkrahúsunum hér, en farið síðan utan til framhaldsnáms í sjúkrahúsum í Danmörku og Noregi, þar sem þær hafa síðan tekið próf sín. Þessir samningar við erlendu sjúkrahúsin fengust fyrir sérstaka náð og aðeins þangað til landsspítalinn tæki til starfa. Þeir eru nú fallnir úr gildi og fást ekki framlengdir.

Hjúkrunarkvennaskólinn er nú þegar tekinn til starfa í landsspítalanum, sem getur ekki, fremur en önnur sjúkrahús, án þess verið að hafa sína hjúkrunarnema, því að samfara náminu leysa þeir af hendi þýðingarmikil störf fyrir þau. En aðalnauðsynin er þó að sjá sjúkrahúsunum jafnan fyrir nægilega mörgum fullorðnum hjúkrunarkonum, sem fljótt mundu ganga til þurrðar, ef ekki væri hægt að ala þær upp hér í landi.

Skólanum er þegar hagað á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og kjör hjúkrunarkvennaefnanna hafa lengi verið þau, sem þar greinir. En réttara þykir að lögfesta fyrirkomulagið, og úr því að nauðsyn knýr til að breyta lögunum um ljósmæðraskólann, þykir vel fara á að gera ein lög um báða skólana, sem að ýmsu leyti eru skyldir, háðir í sömu stofnun, mega vel vera undir sömu stjórn og gætu ef til vill í sumum greinum notið sameiginlegrar tilsagnar.

Um kostnaðinn er það að segja, að kennslukaup við ljósmæðradeildina mun verða að aukast eitthvað frá því, sem verið hefir, vegna lengingar námstímans, og nokkur kostnaður mun verða við hjúkrunarkvennakennsluna. Þá þarf að verja nokkru fé fyrstu árin til áhaldakaupa handa báðum deildum.

Upphæðin, sem greind er, 5000 kr., er áætlunarupphæð, en ætti undir öllum kringumstæðum að vera nógu há.

Annars skiptir það ekki miklu máli, hvort þessi áætlun er höfð hærri eða lægri. Landsspítalinn kemst ekki af án þess að reka hjúkrunarkvennaskólann, svipað því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og meiri eða minni styrkur til þeirrar starfsemi kemur fram í minni eða meiri rekstrarhalla spítalans.

Frekari skýringar á einstökum greinum frv. virðast vera óþarfar.

Frv. með framanritaðri greinargerð hefir verið borið undir stjórn landsspítalans og er samþykkt af henni.

Það hefir ennfremur verið borið undir stjórn Ljósmæðrafélagsins og Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, sem samþykkja það fyrir sitt leyti. Stjórn Ljósmæðrafélagsins hefir aðeins látið í ljós nokkra óánægju með að báðir skólarnir skulu látnir vera undir einu nafni, en játar, að það sé ekkert höfuðatriði.

Nd. 34. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá, enda sé landlækni send skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, er hann fer með sem trúnaðarmál.

Þar, sem sérfræðingar eru fyrir hendi, er rétt að semja við þá um að hafa þessar ókeypis lækningar með höndum í stað héraðslækna.

2. gr.

6. grein laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja í sjúkrahús sjúkling með kynsjúkdóm, og telur sá læknir, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á þeim stað, að sjúklingurinn þarfnist ókeypis sjúkrahúsvistar, og greiðir þá ríkissjóður sjúkrahúskostnaðinn í þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Semja skal við sjúkrahús í Reykjavík um, að allt að 10 rúm séu jafnan til taks fyrir sjúklinga með kynsjúkdómum, og um greiðslur fyrir þá sjúklinga, er fá þar vist á kostnað ríkissjóðs. Á sama hátt skal samið um eitt sjúkrarúm fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða: Á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Þar, sem samið hefir verið við sérfræðinga, skulu þeir skyldir að aðstoða sjúkrahúslækna við meðferð þessara sjúklinga í sjúkrahúsunum eða stunda þá að öllu leyti, ef krafizt verður.

Um sjúklinga þá, sem liggja í sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs, ber að senda landlækni skýrslu (sbr. 5. gr.) áður en greiðslur fara fram.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni lá fyrir tveimur síðustu þingum, og var á sumarþinginu vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá og meðmælum allsherjarnefndar efri deildar, en þess óskað, að stjórnin undirbyggi málið frekar, og aðallega á þann hátt, að athuga, hverjir möguleikar væru á því að útvega

þá spítalavist, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og hvort ekki mætti takast að fá Reykjavíkurbæ til að taka þátt í þeim kostnaði, er frumvarpið, ef að lögum yrði, hefði í för með sér.

Eins og stendur mundi verða nokkrum vandkvæðum bundið að tryggja nægilega mörg sjúkrarúm í Reykjavík handa þessum sjúklingum, en Reykjavíkurbæ ætti þó að vera það kleift, og hefir verið stungið upp á að gera farsóttarhúsið, sem að jafnaði er of stórt farsóttarhús, jafnframt að kynsjúkdómaspítala. En berklasjúklingum, sem í farsóttarhúsinu hafa verið vistaðir og þar eiga mjög illa heima, gæti bærinn fengið stað í franska sjúkrahúsinu, sem hann hefir nýlega keypt.

Hefir borgarstjóra verið skrifað um málið, en svar er ókomið þegar frumvarpið er samið.

Færi mjög vel á því, að stærstu kaupstaðirnir, þar sem mest er um kynsjúkdómana, og þá einkum Reykjavík, legðu sjúkrarúmin til, ef ríkissjóður tæki að sér að greiða sanngjarnan legukostnað sjúklinganna. Og er það hugsunin með frumvarpinu í þeirri mynd, sem það er nú, að sá háttur komist á. Er ólíklegt, að á kaupstöðunum standi að koma hér til móts við ríkið, og má gera ráð fyrir, að þeir verði fúsir til slíkra samninga, enda koma lögin ekki til framkvæmda að þessu leyti fyrr en samningar hafa tekizt.

Að efni til má frv. heita samhljóða frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi. Aðeins er tryggilegar búið um, að misnotkun geti ekki átt sér stað, án þess þó að gengið sé nær sjúklingunum. Einnig er ætlazt til, að með því að fyrirskipa samninga fyrirfram við sjúkrahúsin, verði komið í veg fyrir ósanngjarnar kröfur af þeirra hendi, svo og allar deilur eftir á um þessar greiðslur. Loks gengur þetta frumvarp lengra í því, að ætlazt er til, að kynsjúkdómasjúklingum sé tryggð sjúkrahúsvist í 5 öðrum kaupstöðum, þeim, sem mest viðskipti hafa við útlönd, næst Reykjavík.

Um þörfina á þessum breytingum vísast til greinargerða, sem frumvarpinu fylgdu á síðustu þingum, og er engu þar við að bæta.

Frumvarp þetta hefir verið borið undir Hannes Guðmundsson kynsjúkdómalækni, og telur hann, að það muni ná tilgangi sínum.

Nd. 35. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

I. *Um lækningaleyfi.*

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar og kalla sig lækna hér á landi hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi heilbrigðisstjórnarinnar.

2. gr.

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa próf við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og heilbrigðisstjórnin staðfestir, eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svivirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi með dómi eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu óhæfir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sinum.

3. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., ótakmarkað lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir læknadeild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og læknadeildin og landlæknir mæla með leyfisveitingunni. Heilbrigðisstjórnin getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlæknum, nuddurum og öðrum, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og fram er tekið i síðari málsgr. 2. gr.

4. gr.

Læknisefni, sem ekki hefir að fullu lokið námi eða verið veitt lækningaleyfi, má, ef nauðsyn krefur og landlæknir mælir með því, fela um stundarsakir að gegna læknishéraði sem settum héraðslækni eða staðgöngumanni eða aðstoðarmanni héraðslæknis eða annars læknis, eða öðrum ákveðnum læknisstörfum, og hefir hann þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi heilbrigðisstjórnarinnar.

Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er heilbrigðisstjórnin staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið sliku námi.

Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

II. *Um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa.*

6. gr.

Læknum og hverjum þeim, sem hafa lækningaleyfi, takmarkað sem ótakmarkað, ber að gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við, fara nákvæmlega eftir henni og gæta fyllstu samvizkusemi í hverju einu, þar á meðal í því að baka ekki sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum, ónauðsynlegri aðstoð o. s. frv.

7. gr.

Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafizt vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera, vegna fátækrahjálpar, styrkveitinga, trygginga eða þess háttar, og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum. Nú þykir lækni ástæða til vegna ákvæða 10. gr., og má hann þá senda vottorðið landlækni einum sem trúnaðarmál.

Til allra vottorða og umsagna, er læknir gefur út sem læknir, ber honum að vanda sem bezt og segja það eitt, er hann veit sönnur á, hvort sem vottorðin eða umsagnirnar eiga að vera til leiðbeiningar hinu opinbera eða öðrum.

8. gr.

Sérhverjum lækni, öðrum en þeim, sem fyrir elli sakir eða sjúkdóms er hættur störfum, ber í skyndilegum sjúkdóms- eða hættutilfellum, ef hann er nærstaddur og til hans leitað — og ekki því alvarlegri forföll banna — að veita hina fyrstu nauðsynlegu læknishjálp, unz til annarar hjálpar hefir náðst.

9. gr.

Sérhver læknir, sem stundar almennar lækningar í kaupstað eða kauptúni og hefir opna lækningastofu í því skyni, er skyldur til, einnig þó að hann sé ekki embættislæknir, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í kaupstaðnum eða kauptúninu, hvenær sem eftir því er leitað, nema hann sé hindraður af öðrum meira aðkallandi læknisstörfum eða öðrum alvarlegum forföllum.

Nú tekur læknir í kaupstað eða kauptúni þátt í félagsskap um, að læknavörður sé til taks til að gegna sjúkravitjunum innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, enda sé vörðurinn fullnægjandi að dómi landlæknis, og er læknirinn þá ekki skyldur til að gegna læknisvitjunum þann tíma, er vörðurinn situr, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti

sönnur á, að brýn nauðsyn annara krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu.

Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo og til yfirsetukvenna og aðstoðarfólks lækna við læknisstörf.

11. gr.

Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til heilbrigðisstjórnarinnar.

12. gr.

Læknum eru óheimilar hverskonar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlækna og nuddara, svo og til yfirsetukvenna og annara tilsvarandi heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annara en héraðslækna, fer eftir því, sem um semst milli stéttarfélags þeirra og heilbrigðisstjórnarinnar.

Við þá samninga skal miða við gjaldskrá héraðslækna og föst meðallaun þeirra, og skal samið um þá hundraðstölu til hækkunar á gjaldskránni, sem ætla má að hækki greiðslur fyrir áætlað meðalársstarf læknis um álíka upphæð og föst meðallaun héraðslæknis.

Í taxtanum skal ákveða greiðslur fyrir tannlækningar, nuddaðgerðir og aðrar tilsvarandi aðgerðir, sem menn með takmörkuðu lækningaleyfi fremja, og eru þau ákvæði bindandi fyrir tannlækna, nuddara og aðra slíka, en kveðja skal fulltrúa frá stéttarfélagi þeirra til, áður en þeir liðir eru ákveðnir.

Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra.

Nú hefir læknir, annar en héraðslæknir, eða tannlæknir eða nuddari eða aðrir með takmörkuðu lækningaleyfi opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða

bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki lægri en meðalhéraðslæknislaun, og ber honum þá að fara eftir gjaldskrá héraðslækna.

Nú nást ekki samningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og semur þá landlæknir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin staðfestir.

14. gr.

Allir læknar og þeir, sem hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga, svo og yfirleitt öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim þær skýrslur viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar. Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Um héraðslækna og aðra lækna, sem hafa laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má auk sektanna kveða svo á, er þeir þrátt fyrir áminningu vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur, að launagreiðslur þeirra verði stöðvaðar, unz skil hafa verið gerð.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til hverskonar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, sjúkrasamlaga, heilsu- og slysatryggingarstofnana og annara tilsvarandi, svo og til tannlækna, lyfsala og lyfjabúða, nuddara, yfirsetukvenna og annara heilbrigðisstarfsmanna.

Í reglugerðinni má ennfremur ákveða, að sektir lækna samkv. þessari grein renni í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna, en sektir annara heilbrigðisstarfsmanna í tilsvarandi styrktarsjóði þeirra, eftir nánari ákvæðum landlæknis.

III. *Um skottulækningar.*

15. gr.

Hverskonar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar:

1. ef sá, sem ekki hefir lækningaleyfi, býðst til að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, og nær það einnig til lyfsala og aðstoðarfólks þeirra.

2. ef læknir með takmörkuðu lækningaleyfi stundar lækningar fram yfir það, sem leyfi hans er takmarkað við samkvæmt leyfisbréfi hans eða lögum. Nær þetta meðal annars til tannlækna, ef þeir fást við aðrar lækningar en tannlækningar, þar með taldar svæfingar, tannsmíði, ef þeir gefa sig við tannlækningum, nuddara, ef þeir taka fólk til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis, yfirsetukvenna, ef þær fást við svæfingar eða lyfjagjafir fram yfir það, sem þeim er sérstaklega heimilað, o. s. frv.

3. ef læknir, sem ekki hefir sérfræðingsleyfi, kallar sig, auglýsir sig eða gefur á annan hátt í skyn, að hann sé sérfræðingur, og gildir hið sama um sér-

fræðing, ef hann gefur á sama hátt til kynna, að hann sé sérfræðingur í annari grein en þeirri, sem hann hefir sérfræðingsleyfi fyrir,

4. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ráðleggur eða ávísar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða aðeins til þess að auðga sjálfan sig, eða ef hann ráðleggur mönnum eða framkvæmir að ástæðulausu, nema þá sjálfum sér til ávinnings, læknisaðgerð, annaðhvort við sjúkdómi, sem aðgerðin getur bersýnilega ekki átt við, eða við sjúkdómi, sem engin ástæða er til að gera ráð fyrir, að viðkomandi sé haldinn af,

5. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ávísar til sölu eða selur lyf undir því yfirskini, að þau eigi að fara til lækninga, en vitandi, að þau verði notuð í öðru skyni, svo sem til nautnar eða til útsölu í hagnaðarskyni.

6. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, lætur frá sér vottorð eða umsögn til þess stílaða að gylla í verzlunarskyni lyf, lækningaáhöld eða matvæli, drykki, nautnalyf eða annað, svo að ætla megi, að fólk fyrir það fái skakkar hugmyndir um gildi lyfjanna, lækningaáhaldanna, matvælanna o. s. frv.

7. ef læknir lánar nafn sitt þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir eða takmarkað lækningaleyfi, í því skyni að fólk blekkist til að halda, að sú lækningastarfsemi, sem þeir hafa með höndum, fari fram eftir ráðleggingum, undir eftirliti eða á ábyrgð læknisins. Sama gildir um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, ef þeir lána nafn sitt í tilsvarandi skyni.

16. gr.

Þeim, sem hefir takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki, aðra smitandi sjúkdóma eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli.

Nú hefir viðkomandi orðið þetta á vegna ónógrar læknisþekkingar, og nægir það honum ekki til sýknunar.

17. gr.

Lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar eru bannaðar hér á landi, einnig læknum og lyfsölum. Nær þetta til auglýsinga í blöðum og tímaritum, á sérstökum auglýsingamiðum eða í flugritum og bréfum, á lyfja- og lækningaáhaldaumbúðum, svo og hverskonar annara auglýsingaaðferða, þar með taldar ritgerðir, sem til þess eru stílaðar að gylla í verzlunarskyni sérstök lyf eða lækningaáhöld. Á sama hátt eru bannaðar tilsvarandi auglýsingar um lækningakraft drykkja og matvæla, nautnalyfja og annars.

Ennfremur eru bannaðar gyllandi auglýsingar um sjúkrahús og hverskonar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað, hverskonar sjúklingum sé tekið á móti og með hverjum kjörum.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út af læknum eingöngu fyrir lækna, svo og í auglýsingabréfum til lækna og á umbúðum lyfja og lækningaáhalda, sem eingöngu koma læknum í hendur.

IV. *Um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi.*

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100—10000 kr., sviptingu lækningaleyfis og fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Í sektir skal dæma fyrir minni háttar brot, er ekki telst sannað, að það hafi valdið eða ef það er ekki sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni, hvorki fyrir einstaklinga né þjóðfélagið í heild sinni.

Í hæstu sektir skal dæma, ef um ítrekuð minni háttar brot er að ræða, eða ef sannað telst, að brotið hafi valdið alvarlegu tjóni, eða ef það er sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið í heild sinni. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, á í hlut, má þá jafnframt svipta hann lækningaleyfi.

Lækni og þann, sem lækningaleyfi hefir, má ennfremur svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað, að brotið hafi valdið tjóni, ef það er þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, skottulækningar eða hlutdeild í skottulækningum, lausmælgi um einkamál, sem hann hefir komizt að sem læknir, eða alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sinum.

Í fangelsi má dæma, ef brotið er þess eðlis, að sannað teljist, að líftjón eða varanlegt heilsutjón hafi hlotizt af, eða að sérstaklega líklegt teljist, að það geti orðið slíks valdandi eða haft víðtækar hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, og heyra þar meðal annars undir brot á 16. gr.

Lækni og þann, sem hefir lækningaleyfi, skal svipta lækningaleyfi fyrir þau brot, sem dæma má í fangelsi fyrir, eða, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem svipta má lækningaleyfi fyrir.

Í fangelsi skal dæma, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem dæma má í fangelsi fyrir.

Lækna og aðra, sem með brotum á lögum þessum gera öðrum skaða, svo að sannað teljist, má auk refsinga dæma til sanngjarnra skaðabóta.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að læknir eða sá, sem lækningaleyfi hefir, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna hann um að bæta hegðun sína.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, eða sé um einhverja óhæfu að ræða viðkomandi læknisstörfum, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir heilbrigðisstjórninni. Getur þá heilbrigðisstjórnin úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

20. gr.

Nú telur landlæknir, að læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafizt var, er hann fékk lækningaleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, sem gerir hann lítt hæfan, óhæfan eða hættulegan við störf sín, enda verði hann ekki án þess fenginn til að hætta þeim, eða vegna drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkunar, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, og skýrir hann þá heilbrigðisstjórninni frá málavöxtum. Heilbrigðisstjórnin leitar álits læknadeildar háskólans, og ef hún fellst á álit landlæknis, má svipta viðkomandi lækningaleyfi.

21. gr.

Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi með dómi eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

V. *Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.*

22. gr.

Ákvæði þessara laga um veitingu lækningaleyfis ná ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi. Þeir læknar, sem þá hafa fengið leyfi Læknafélags Íslands til að kalla sig sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi, og lög nr. 36, 14. júní 1929, um viðauka við þau lög, eru úr gildi numin, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Íslenzk löggjöf um réttarstöðu lækna og annara, er með lækningar fara í þjóðfélaginu, er mjög ófullkomin og ekki í samræmi við það, sem tíðkast í nálægum löndum. Þetta frumvarp miðar til þess að bæta úr því. Í Danmörku liggur frumvarp fyrir ríkisþinginu, samið af nefnd lækna, lögfræðinga og stjórnmálamanna, eftir mjög rækilegan undirbúning. Hefir það verið haft til nokkurrar hliðsjónar um þau atriði, sem kunnugt er um, að helzt hafa valdið ágreiningi erlendis og vandi hefir þótt úr að ráða, en að öðru leyti er frumvarpið miðað við sérstakar ástæður hér á landi. Eftir að frumvarpið var samið, var það sent læknadeild háskólans og stjórn Læknafélags Íslands, sem gerðu við

það smávegis athugasemdir. Var tekið tillit til þeirra vel flestra. Verður þess getið í athugasemdunum við hinar einstöku greinar, ef ágreiningur er um einstök atriði, sem máli skipta.

Við 1. gr.

Eftir núgildandi lögum eiga allir kandidatar i læknisfræði við Háskóla Íslands rétt á að fást við lækningar hér á landi. Hér er gert ráð fyrir, að þeir öðlist því aðeins þann rétt, að þeir fái til þess sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar. Er það auðsætt, að maður getur lokið sæmilegu prófi og þó haft þá ágalla, að varhugavert sé að veita honum skilyrðislaust réttindi til að stunda lækningar, og er bent á nokkur þau atriði, er til greina geta komið, i niðurlagi 2. gr. Kennarar læknadeildarinnar geta hinsvegar illa tekið tillit til annars en kunnáttu viðkomanda, er þeir úrskurða um það, hvort hann eigi að standast prófið eða ekki, og geta þeir þannig neyðzt til að útskrifa þá menn, sem þeim er ljóst um, að eru ekki læknisréttinda verðugir.

Við 2. og 3. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um veitingu lækningaleyfis, og er leitast við að tryggja það, að enginn fái lækningaleyfi, nema hann hafi til þess næga þekkingu og undirbúning og jafnframt að stjórnarvöld geti ekki beitt hlutdrægni og synjað þeim um lækningaleyfi, sem öll réttindi verðskulda.

Að vísu væri tryggilegra, að sömu reglur giltu um veitingu takmarkaðs lækningaleyfis og ótakmarkaðs, og var til þess ætlazt í upphafi. En læknadeildin baðst undan því, að henni væri gert að skipta sér af öðru en hinu ótakmarkaða lækningaleyfi, og var tekið tillit til þess.

Stjórn Læknafélags Íslands vill láta fella aftan af 2. gr. orðin: eða kunnir að drykkjuskaparóreglu .... o. s. frv. til enda greinarinnar. En með því að hér er meðal annars um að ræða hinn tíðasta löst lækna, drykkjuskapinn, sem sennilega hefir gert og er því miður enn líklegur til að gera meiri skaða en allir aðrir lestir þeirra samanlagðir, þykir ekki rétt að sleppa þessu ákvæði, og er því ætlað að verða hinum ungu mönnum til nokkurrar áminningar og viðvörunar. Í danska frumvarpinu, sem um var getið, er tilsvarandi ákvæði, og er ekki að sjá, að um það hafi orðið neinn ágreiningur.

Við 4. gr.

Það kemur alltaf fyrir við og við, að skortur er á fullgildum læknum, og er þá nauðsynlegt, að bregða megi fyrir sig læknastúdentum til að gegna héraði um stundarsakir o. s. frv.

Við 5. gr.

Ákvæði 5. gr. um sérfræðingana eru tilsvarandi ákvæðum 2. gr. um hina almennu lækna. Sérfræðingunum eru tryggð með þessum lögum (sbr. 13. gr.) sérstök réttindi fram yfir aðra lækna, og er því réttmætt, að það heyri undir heilbrigðisstjórnina að löggilda þá. Um það er heldur enginn ágreiningur. Læknadeildin kýs þó að vera laus við að dæma um sérfræðingana og bendir

á stéttarfélag lækna (Læknafélag Íslands) í sinn stað. En það þykir ekki eins vel við eigandi og í ósamræmi við önnur tilsvarandi ákvæði frumvarpsins. Stjórn Læknafélagsins hefir ekkert við greinina að athuga.

Við 6. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 7. gr.

Það fer meira og meira í vöxt, að hið opinbera þarfnast læknisvottorða vegna styrkveitinga, trygginga o. s. frv., og verður að skylda lækna til að láta nauðsynleg vottorð í té og gera þau þannig úr garði sem krafizt er. Nú getur komið fyrir, að læknir líti svo á, að vottorð, sem af honum er krafizt, gangi nærri ákvæðum 10. gr. um þagnarskyldu lækna, og þykir þá rétt að heimila honum að senda vottorðið landlækni einum sem trúnaðarmál. Er það ákvæði í samræmi við svipað ákvæði í kynsjúkdómalögunum.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru fyrst og fremst vegna Reykjavíkur. Jafnvel þó að þar væru tveir embættislæknar og samskonar gegningarskylda væri lögð á þá og héraðslækna annarsstaðar, er mannfjöldinn svo mikill, að íbúum höfuðstaðarins er með því ekki tryggð að lögum svipuð læknishjálp og íbúum annara héraða. En nú verður lagt frumvarp fyrir þingið, þar sem farið er fram á að undanþiggja héraðslækni Reykjavikur frá gegningarskyldunni, og ef það yrði að lögum, eiga Reykvíkingar ekki lagakröfu á neinni læknishjálp, nema ný lagaákvæði komi til.

Læknafélag Íslands hefir ekkert á móti því, að þessar skyldur verði lagðar á læknana, enda eru það yfirleitt ljúfar skyldur fyrir lækna, sem keppa um að hafa sem mest að starfa.

Læknafélagið mælist undan því, að það heyri undir landlækni að ákveða um, hvort vörðurinn er fullnægjandi eða ekki, en á það verður ekki fallizt.

Við 10. gr.

Skyldur eða ekki skyldur lækna til að bera vitni í rétti um einkamál sjúklinga sinna hefir verið mikið ágreiningsefni erlendis, og gilda þar um mjög mismunandi ákvæði í ýmsum löndum. Sumstaðar hafa læknar enga sérstöðu að þessu leyti. Svo er það í Englandi og hefir verið í Danmörku til þessa og eins hér á Íslandi. Annarsstaðar er læknum beinlínis bannað að bera vitni í rétti um sjúklinga sína nema alveg sérstaklega standi á, t. d. í Frakklandi. Enn annarsstaðar er farinn millivegur, reynt að koma í veg fyrir, að læknar séu krafðir vitnisburðar að nauðsynjalitlu um hvern hégóma, en hinsvegar er þeim ekki sleppt við að bera vitni, ef um þýðingarmikil mál er að

ræða, og einkum ekki, ef úrslit þeirra geta oltið á vitnisburðinum. Og heyrir það undir dómarann að úrskurða hér um í hvert sinn. Svo er þetta í Noregi. Vafalaust er það hyggilegt að láta lækna hafa nokkra sérstöðu að þessu leyti, ekki læknanna sjálfra vegna, heldur sjúklinganna, sem leita þeirra og þurfa að geta sem óhultastir skriftað fyrir þeim. Hinsvegar verður því ekki neitað, að þau mál eru hugsanleg, þar sem oltið getur á vitnisburði læknis, hvort alvarlegur sektar- eða sýknudómur er upp kveðinn, eða hvort komizt verður fyrir mál, sem getur haft mikla þýðingu fyrir þjóðfélagið að fá leyst úr. Og virðist millivegur hér nauðsynlegur. Yfirleitt munu læknar gera kröfu til þess að vera með öllu lausir við að þurfa að bera vitni um einkamál sjúklinga sinna, og vilja bæði læknadeildin og Læknafélag Íslands, að orðin: „nema ætla megi, ... fyrir luktum dyrum" falli burt úr greininni. Aftur á móti munu lögfræðingar hafa tilhneigingu til að vilja láta hinar sömu reglur gilda um lækna í þessu efni sem aðra menn. Þannig vildu tveir lögfræðingar í hinni dönsku nefnd fella niður öll ákvæði um þetta úr frumvarpinu. Læknarnir virðast hafa gert hinar sömu kröfur og læknar hér. En millivegur varð ofan á í nefndinni, og er hann tekinn hér til fyrirmyndar.

Við 11. gr.

Þessi grein er samhljóða tilsvarandi grein í hinu danska frumvarpi.

Við 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa læknar að jafnaði í félagslögum sínum, og eru þar greindir ýmsir góðir siðir, sem almennt eru viðurkenndir af læknum, og er svipað að segja um ýms ákvæði 15. gr. Annarsstaðar mun ekki vera talin þörf á að taka þessi ákvæði upp í landslög. En hér er nokkuð öðru máli að gegna. Vegna fámennis og kunningsskapar, sem af því leiðir, er erfiðara fyrir lækna hér að halda uppi aga innan stéttarinnar en annarsstaðar í fjölmenni, og er ekki laust við, að borið hafi á því. Auglýsingar tannlæknanna upp á síðkastið sýna líka, hvað skeð getur. Læknafélagið kann þessum ákvæðum vel.

Við 13. gr.

Í landinu eru 48 héraðslæknar og að minnsta kosti jafnmargir aðrir læknar starfandi. Héraðslæknum er sett gjaldskrá, og þó að hún sé úrelt orðin, mun enginn ágreiningur um, að gjaldskrá beri að setja þeim. En ef nauðsynlegt er að tryggja almenning með gjaldskrá gagnvart héraðslæknunum, er hin sama nauðsyn fyrir hendi að því er snertir praktiserandi læknana, með því að mikill hluti þjóðarinnar, og þar á meðal sá fjórði hluti hennar, sem býr í Reykjavík, á tæplega aðgang að öðrum en praktiserandi læknum. Almennrar læknagjaldskrár er einnig mikil nauðsyn vegna viðskipta lækna við hið opinbera, ríki, sveitarfélög og sjúkrasamlög, sem verða meiri og meiri með hverju ári, og eiga þar praktiserandi læknar ekki síður hlut að máli en héraðslæknar, og jafnvel miklu fremur. Er mikil furða, að ekki skuli þegar hafa orðið margvísleg málaferli út úr þessum viðskiptum, og er ólíklegt, að

sá friður standi til lengdar. En þá hafa dómararnir við lítið að halda sér, er engin lagaákvæði eru um, hvers læknar megi krefjast fyrir verk sín, og hafa furðulegir dómar verið kveðnir upp erlendis í slíkum málum, sem betur færi á, að sem lengst yrðu óuppkveðnir hér á landi.

Þess þarf ekki að geta, að stjórn Læknafélagsins mótmælir því, að gjaldskrá verði sett embættislausum læknum, og er þó ekki ólíklegt, að þar sé meira talað fyrir munn embættislausu læknanna en héraðslæknanna, og ber þó félaginu að gæta hagsmuna beggja. Ber stjórn Læknafélagsins aðallega þrennt fyrir:

1) *Að ríkið hafi ekki rétt til að setja embættislausum læknum gjaldskrá.*

Eftir því ætti það að vera stjórnarskrárbrot, en það er tilhæfulaust.

Það er að vísu rétt, að ekki er það títt, að ríkið setji verð á vinnu embættislausra manna. En þess er að gæta, að aðstaða læknanna gagnvart viðskiptamönnum sínum er ólík aðstöðu flestra, ef ekki allra annara, og störf þeirra svo tryggð og einskorðuð af löggjöfinni, ekki síst ef frumvarp þetta verður að lögum, að þeir verða að sætta sig við að bæta fyrir það með nokkru.

Störf yfirsetukvenna eru svipuð, enda er verð sett á vinnu þeirra, hvort sem þær eru skipaðar eða praktiserandi, og hefir ekki verið hreyft mótmælum gegn því.

Í dönsku nefndinni kom það mjög til tals að setja öllum læknum gjaldskrá, en þó að það yrði ekki ofan á í þetta sinn, var það ekki af því, að ríkinu væri talið það óheimilt, heldur var þess að svo stöddu talin minni þörf fyrir það, að þar er meiri hluti þjóðarinnar (65%) í sjúkrasamlögum, sem standa vel að vígi að gæta réttar sjúklinganna gagnvart læknunum, en því er ekki að heilsa hér á landi.

2) *Að eftir gjaldskránni muni ekki verða farið.*

Að vísu verður aldrei sett sú gjaldskrá, að ekki fari greiðslur margsinnis fram hærri eða lægri en hún ákveður, og er ekkert við því að segja, þegar það skeður með góðu samkomulagi beggja aðilja. Gjaldskránni er ætlað að tryggja sanngirni á báða bóga. Læknunum á að vera tryggð sanngjörn þóknun, sem þeir eiga fulla lagakröfu til. En viðskiptamenn þeirra á að vernda gegn óhóflegum kröfum fyrir læknisverk, og á læknum að vera óheimilt að gera reikninga fyrir hærri upphæð en gjaldskráin ákveður. Þarf viðleitnin að vera sú, að gera gjaldskrána svo úr garði, að sem minnst freisting verði að víkja frá henni, og sýnir reynslan, að sú gjaldskrá, sem er svo lág, að bæði sjúklingum og læknum kemur saman um að hafa hana að engu, er sem engin gjaldskrá. Og hið sama mundi verða um gjaldskrá, sem væri of há. Verður hér að finna sanngjarnan meðalveg.

3) *Að ekki sé ástæða til að setja læknum gjaldskrá, með því að þeir verðleggi ekki verk sín fram yfir það, sem sanngjarnt er.*

Það ræður af líkum, að þetta muni vera einhliða dómur, og mun hitt vera sannara, að sanngirni læknanna sé býsna misjöfn, og það svo, að full ástæða sé til að gera þar á nokkurn jöfnuð. En gangandi út frá því, að sanngjörn gjaldskrá verði samin, er því minna í húfi fyrir læknana, því sanngjarnara sem þeir hafa metið verk sín áður.

Í greininni er leitast við að deila sem sanngjarnast á milli embættislæknanna og hinna embættislausu lækna, svo að hvorugir verði gerðir að olbogabörnum, og hefir Læknafélagið enga sérstaka athugasemd gert við þau ákvæði. Það telur aðeins, að of lítill munur sé gerður á sérfræðingum og öðrum læknum og bendir á, að í Danmörku, þar sem almennir læknar taka 4 krónur fyrir viðtal, taki sérfræðingar 40 krónur. Þetta virðist ekki vera til fyrirmyndar, og er óliku saman að jafna hér og í Danmörku að þessu leyti. Þar á almenningur víðast aðgang að hjálp sérfræðinga á sjúkrahúsum og annarsstaðar fyrir mjög sanngjarna þóknun, að öllum tryggingum þeirra ógleymdum. Læknir, sem setur upp tugi króna fyrir eitt viðtal, er fyrir danska auðkýfinga, en ekki fyrir almenning. Hér getur verið aðeins einn sérfræðingur í einhverri grein á öllu landinu. Almenningur á þá ekki í annað hús að venda. Ef hann getur ekki unnið fyrir kaup við hæfi almennings, er hér engin þörf fyrir hann. Auðkýfinga höfum við svo fáa.

Við 14. gr.

Um skýrslugerðir lækna eru sérstök lagaákvæði í l. nr. 36, 14. júlí 1929, en betur þykir fara á, að þau ákvæði verði sett í reglugerð.

Við 15. gr.

Hér er leitast við að skilgreina skottulækningar, og varð ekki komizt hjá því að láta sumt framferði, sem hugsanlegt er, að læknar geri sig seka um, heyra þar undir. Læknafélagið hefði kunnað betur við að tvískipta greininni og kalla þessi brot læknanna einhverju öðru nafni en tilsvarandi brot ólærðra eða lítt lærðra manna. En til þess virðist engin sérstök ástæða. Læknadeildin hefir ekki gert neina athugasemd þar við, en bar fram nokkrar tillögur um breytingar á greininni, sem tekið var tillit til.

Við 16. gr.

Þessi ákvæði munu hvarvetna talin hin sjálfsagðasta tryggingarráðstöfun þjóðfélagsins gegn skottulæknum og mun víðast vera í lögum.

Við 17. gr.

Til þessa höfum við verið að mestu leyti lausir við töfralyfjaauglýsingar, sem er mikið fargan úti í löndum og mjög afvegaleiðandi fyrir almenning. Á allra síðustu tímum hafa þær þó skotið upp höfðinu, og væri vel, ef hægt væri að stöðva þann ófögnuð.

Við 18. gr.

Venjuleg refsiákvæði.

Læknafélagið er ekki á móti því, að læknar séu gerðir ábyrgir allra sinna verka, en hyggur, að ef til vill sé óþarfi að taka það sérstaklega fram, að læknar séu skaðabótaskyldir, ef þeir gera öðrum skaða með brotum á lögunum. Lögfræðingar telja, að þetta ákvæði eigi hér heima.

Við 19. gr.

Hugsanlegt er, að almenningsnauðsyn krefji, að læknir sé sviptur lækningaleyfi fyrirvaralaust, en í slíku tilfelli er lækninum geymdur réttur til að skjóta þeim úrskurði til dómstólanna.

Við 20. og 21. gr.

Ákvæði 20. gr. um sviptingu lækningaleyfis eru í fullu samræmi við ákvæði 2. og 3. gr. um veitingu lækningaleyfis, og enn tryggilegar girt fyrir, að misbeiting geti átt sér stað.

Gert er ráð fyrir, að þeir, sem misst hafa lækningaleyfi, geti öðlazt það á ný á líkan hátt og þeir hefðu aldrei haft lækningaleyfi.

Við 22. og 23. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Nd. 36. Frumvarp

til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Íslandi skal skipt í 48 læknishéruð, þau er hér segir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.

2. *Hafnarfjarðarhérað:* Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

Semja skal við einn lækni í Reykjavík um, að hann gegni sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og í Reykjavíkurhéraði utan kaupstaðarins, enda fari hann eftir taxta héraðslækna. Til þessa má verja fé eftir því sem áætlað er í fjárlögum.

3. *Skipaskagahérað:* Ytri-Akraneshreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Akranesi.

4. *Borgarfjarðarhérað:* Skorradalshreppur, Andakílshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum.

5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.

6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Læknissetur í Ólafsvík.

7. *Stykkishólmshérað:* Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafellshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.

8. *Dalahérað:* Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar. Læknissetur í Búðardal.

9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum.

10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.

11. *Patreksfjarðarhérað:* Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur á Patreksfirði.

12. *Bíldudalshérað:* Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur á Bíldudal.

13. *Þingeyrarhérað:* Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

14. *Flateyrarhérað:* Ingjaldssandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

15. *Hólshérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungavík.

16. *Ísafjarðarhérað:* Eyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Læknissetur á Ísafirði.

17. *Ögurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ögri.

Íbúar í Álftafirði í Súðavíkurhreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Ísafjarðarhéraði.

18. *Hesteyrarhérað:* Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur á Hesteyri.

19. *Reykjarfjarðarhérað:* Árneshreppur og nyrzti hluti Kaldrananeshrepps að Kallbakskleif. Læknissetur í Árnesi.

20. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

21. *Miðfjarðarhérað:* Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu. Læknissetur á Hvammstanga.

22. *Blönduóshérað:* Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.

23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Sauðárhreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.

25. *Siglufjarðarhérað:* Hvanneyrarhreppur. Læknissetur á Siglufirði.

26. *Svarfdælahérað:* Þóroddsstaðahreppur, Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum. Læknissetur í Dalvík.

27. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur innan við Hillur, Skriðuhreppur,

Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Illugastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur á Akureyri.

28. *Höfðahverfishérað:* Grýtubakkahreppur, Flateyjarhreppur, Draflastaða- og Hálssóknir í Fnjóskadal. Læknissetur í Grenivík.

29. *Reykdælahérað:* Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Læknissetur á Breiðamýri.

30. *Húsavíkurhérað:* Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Húsavíkurhreppur og Grímsey. Læknissetur á Húsavík.

31. *Öxarfjarðarhérað:* Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri.

32. *Þistilfjarðarhérað:* Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.

33. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði.

34. *Hróarstunguhérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Kirkjubæ.

35. *Fljótsdalshérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur. Læknissetur á Brekku.

36. *Seyðisfjarðarhérað:* Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

37. *Norðfjarðarhérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað.

38. *Reyðarfjarðarhérað:* Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.

39. *Fáskrúðsfjarðarhérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, og Stöðvarhreppur. Læknissetur á Fáskrúðsfirði.

40. *Berufjarðarhérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.

41. *Hornafjarðarhérað:* Austur-Skaftafellssýsla. Læknissetur í Höfn.

42. *Síðuhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur. Læknissetur á Breiðabólsstað á Síðu.

43. *Mýrdalshérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík.

44. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjar. Læknissetur í Vestmannaeyjum.

45. *Rangárhérað:* Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum. Læknissetur á Stórólfshvoli.

46. *Eyrarbakkahérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvikurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

47. *Grímsneshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur í Laugarási.

48. *Keflavíkurhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Heilbrigðisstjórnin getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslæknum að sitja um stundarsakir annarsstaðar en á hinum lögskipuðu læknissetrum.

2. gr.

Konungur skipar landlækni og héraðslækna í öll þau héruð, sem talin eru í 1. gr.

3. gr.

Landlæknir er ráðunautur heilbrigðisstjórnarinnar í öllu, sem viðkemur heilbrigðismálum. Hann hefir eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í landinu, en einkum héraðslæknum og öðrum opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Heilbrigðisstjórnin setur landlækni erindisbréf, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf landlæknis á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

4. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu, annast lyfjasölu, þar sem ekki er sérstök lyfjabúð, og eru skyldir að gegna aðkallandi sjúkravitjunum hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklingsins eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar mega ekki, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisstjórnarinnar, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma læknisstarfi þeirra. Þeir mega veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs sins, en víðtækari sjúkrahússtörfum mega þeir ekki gegna nema með sérstöku leyfi heilbrigðisstjórnarinnar.

Landlæknir setur héraðslæknum erindisbréf, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf héraðslækna á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

5. gr.

Héraðslæknirinn í Reykjavíkurhéraði sinnir ekki sjúkravitjunum nema eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar, en gegnir að öðru leyti héraðslæknisstörfum í bænum.

Hann veitir forstöðu, án sérstaks endurgjalds, skrifstofu í Reykjavik, sem annast heilbrigðismál kaupstaðarins, er bærinn hefir sett hana á stofn, enda verði hún rekin samkvæmt reglum, er heilbrigðisstjórnin staðfestir.

Hann aðstoðar heilbrigðisstjórnina við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er og heimilt að vera yfirlæknir við farsóttarhús Reykjavíkur eða tilsvarandi stofnun, sem bærinn kann að reka, en óheimilt að gegna viðtækari sjúkrahússtörfum.

6. gr.

Landlæknir og héraðslæknar hafa laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Héraðslæknirinn í Reykjavik skal þó hafa hálf önnur héraðslæknislaun, auk 600 kr. skrifstofufjár, gegn að minnsta kosti jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

7. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir flutningi ókeypis, og svo beina leið sem hægt er frá og til heimilis hans. Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

8. gr.

Læknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

9. gr.

Lög nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, og lög nr. 45, 27. júní 1921, öll um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, og síðasta málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, eru úr gildi numin.

10. gr.

Ákvæði laga þessara um Reykjavíkurhérað ganga í gildi þegar það hérað verður næst laust. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52, 22. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavik, en bæjarlæknirinn verður héraðslæknir.

Greinargerð.

Með lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, var svo fyrir mælt, að um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra færi eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir. Sú gjaldskrá er frá 14. febr. 1908. Jafnframt voru úr gildi felldar 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða. Þess var þá ekki gætt, að í 5. grein, sem úr gildi var felld, og hvergi annarsstaðar voru ákvæði um greiðslur fyrir ferðir lækna, því að í gjaldskránni er ekki á þær minnzt, að undanskildum ferðum út í skip á höfn.

Síðan 1919 hefir því engin gjaldskrá verið til um ferðir héraðslækna. Að öðru leyti er gjaldskráin frá 1908 að verða dauður bókstafur og af langflestum héraðslæknum að engu höfð. 1. grein mælir svo fyrir, að gjaldskráin komi þá aðeins til, „ef ágreiningur verður milli héraðslæknis og sjúklings út af gjaldi fyrir læknisverk“. Mun þetta ákvæði að vísu ekki hafa átt stoð í lögum meðan gjaldskráin gilti samkvæmt lögum frá 1907, en eftir að hún var lögfest í heilu lagi með launalögunum 1919, mun ekki verða komizt hjá að líta svo á, að það sé í fullu gildi. En gjaldskrá, sem þá aðeins gildir, er sjúklingur telur sig til neyddan að leggja út í deilu við lækni sinn um borgun fyrir unnin læknisverk, gætir illa réttar sjúklinganna. Jafnframt því sem þetta ákvæði gerir gjaldskrána lítils virði, er hún svo úrelt orðin, að læknar bera einnig það fyrir sig, að þeir hafa hana að engu. Hún er samin á þeim tíma, er störf lækna voru öll önnur en þau eru nú. Vantar því í hana ákvæði um fjölda læknisverka, sem nú eru almennt unnin, en þá voru óþekkt. Samræmi gjaldskrárinnar innbyrðis er einnig mjög ófullkomið. Yfirleitt eru hin smærri og tíðustu læknisverk tiltölulega hátt metin, miðað við það, sem læknar hér á landi tíðka að verðleggja verk sín, en hinar meiri háttar aðgerðir, sem lítt eða ekki voru unnar hér á landi, er gjaldskráin var samin, hlutfallslega of lágt. Ber nauðsyn til að endurskoða gjaldskrána, samræma hana, gera hana fyllri og yfirleitt þannig úr garði, að hún beri það með sér, að til þess sé ætlazt, að farið sé bókstaflega eftir henni, og ganga síðan eftir því. Þá fyrst er hægt að búast við, að hún komi að tilætluðu gagni og tryggi það, sem henni ber að tryggja.

Endurskoðun á gjaldskrá héraðslækna verður ekki komið við nema gerðar séu breytingar á gildandi lagaákvæðum, og þykir rétt að setja aftur inn í lögin um skipun læknishéraða frá 1907 fyrirmælin um samningu gjaldskrár, með því líka að nauðsyn ber til að fá í lög nokkrar aðrar breytingar, aðallega um læknaskipunina í Reykjavík, sem vel fer á, að komið sé fyrir í hinum sömu lögum. En úr því að lögunum er breytt á annað borð, þykir sjálfsagt að fella inn í þau þær breytingar, sem gerðar hafa verið á læknaskipuninni síðan þau voru sett, sbr. lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, lög nr. 45, 27. júní 1921, og stjórnarráðsauglýsingar 4. sept. 1908 og 2. des. 1929.

Þessar breytingar eru talsvert margar og flóknar, og þykir þá skilmerkilegra að fella allar breytingarnar inn í lögin fyrirfram og flytja síðan í heilu lagi frumvarp um ný lög um skipun læknishéraða, þó að hér sé um litlar sem engar nýbreytingar að ræða á sjálfri héraðaskipuninni.

Verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum öðrum en þeim, sem við koma gjaldskránni, í athugasemdum við hinar einstöku greinar.

Við 1. gr.

Á sjálfri héraðaskipuninni er ekki farið fram á aðra breytingu en þá, að Súðavíkurhreppur í Ísafjarðarhéraði verið tekinn undan því héraði og færður til Nauteyrarhéraðs, jafnframt því að læknissetrið verði flutt af Langadalsströnd að Ögri, enda heiti héraðið síðan Ögurhérað.

Læknisbústaðarmálið í þessu héraði er deilumál innanhéraðs. Hefir hver hreppurinn fyrir sig krafizt læknisins til sín, og eru engin líkindi til samkomulags, en mikil nauðsyn á, að endir sé bundinn á málið, ef héraðið á ekki sífellt að eiga á hættu að verða læknislaust. Héraðið er lítið og lítið eftirsótt, svo að ef læknir á að fást til að vera þar, er því ekki á bætandi, að honum sé hvergi búinn samastaður. Minnstur ágreiningur er um Ögur. Tveir hrepparnir af fjórum, en í þeim er meira en helmingur héraðsbúa, eru einróma ásáttir um, að læknirinn sitji í Ögri, og gera kröfur um það. Reykjarfjarðarhreppsbúar vilja hafa hann í Vatnsfirði, en nokkur hluti þeirra sættir sig þar næst við Ögur. Nauteyrarhreppsbúar telja sig hafa mestan rétt til læknisins, með því að núgildandi lög ákveða honum aðsetur innan þess hrepps, þó að þeir hingað til hafi orðið að sætta sig við, að hann sæti tímum saman annarsstaðar. Innhluti hreppsins mundi sætta sig við Vatnsfjörð, en vafasamt um ytri hlutann, að hann ekki felli sig fullt eins vel við Ögur. Ungur læknir, sem nú er settur héraðslæknir í þessu héraði og héraðsbúar fella sig vel við, tjáir sig fúsan til að sækja um héraðið, en aðeins að því tilskildu, að hann fái að sitja í Ögri.

Þykir því eftir atvikum rétt að taka tillit til einróma óska meiri hluta héraðsbúa og ákveða lækninum aðsetursstað í Ögri, með því líka að telja má, að á þeim eina stað í héraðinu sé hann svo settur, að ekki sé frágangssök fyrir neinn hluta héraðsins að ná til hans. Og er það sameiginlegt álit fyrrverandi og núverandi landlæknis. Til þess að efla þetta fámenna hérað þykir einnig rétt að stækka það um einn hrepp, Súðavíkurhrepp, sem Ísafjarðarhérað má vel án vera. En með því að íbúar Álftafjarðar í Súðavíkurhreppi eiga, aðallega vegna stöðugra viðskipta og samgangna við Ísafjörð, hægara með að ná til læknis á Ísafirði, og munu þess vegna ekki æskja þessarar breytingar, þykir rétt að áskilja þeim eftir sem áður jafnt tilkall til læknisþjónustu frá Ísafirði.

Í stað þess að áskilja Kjósar- og Kjalarneshreppsbúum læknisþjónustu af hendi héraðslæknisins í Reykjavík, er hér gert ráð fyrir því, að samið verði við lækni í Reykjavík um, að hann gegni læknisvitjunum til þessara hreppa og Mosfellssveitar á sama hátt og tíðkað hefir verið undanfarið samkvæmt heimild í fjárlögum. Vegna ákvæðis 1. málsgr. 5. gr. er sá hluti Reykjavíkurhéraðs, sem er utan kaupstaðarins, tekinn hér með.

Gert er ráð fyrir, að læknissetur verði nú lögákveðin í hverju héraði á þeim stöðum, sem þau hafa verið ákveðin eða fengið hefð á sig, enda hefir nú víða verið komið upp læknisbústöðum og sjúkraskýlum.

Ekki þykir lengur ástæða til að heimila heilbrigðisstjórninni að breyta takmörkum læknishéraða eftir tillögum sýslunefnda. Sú heimild hefir lítið

verið notuð. Héruðin eru og yfirleitt komin í fastar skorður og getur ekki legið svo á breytingum í þessu efni, að ekki megi bíða aðgerða Alþingis.

Hinsvegar getur verið ástæða til að heimila heilbrigðisstjórninni að leyfa læknum í sumum héruðum að breyta til um aðsetursstað um stundarsakir, er sérstaklega stendur á, og virðast hreppsnefndir innan héraðsins réttir aðilar til að gera tillögur þar um.

Við 2. gr.

Úr 2. gr. laganna frá 1907 er fellt niður ákvæðið um aðstoðarlæknana, sem nú eru fyrir löngu orðnir óþarfir, er nægur kostur er praktiserandi lækna í öllum kaupstöðum.

Sóttvarnarhúsin í kaupstöðunum utan Reykjavíkur eru afnumin fyrir nokkru síðan, en ákvæði um sóttvarnarhúsið í Reykjavík eru í 5. gr.

Við 3. og 4. gr.

Erindisbréf landlæknis og héraðslækna eru orðin yfir 100 ára gömul og er því fyrir löngu kominn tími til að endurnýja þau.

Við 5. gr.

Fyrirkomulagið á læknaskipuninni í Reykjavik, þar sem verið hafa tveir embættislæknar, héraðslæknir og bæjarlæknir (sbr. lög nr. 52, 27. júní 1921) þykir ekki hafa gefizt vel. Og nú er héraðslæknirinn er að láta af embætti sínu, er það sameiginlegt álit þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir, að hverfa eigi aftur að því að fela þessi embættisstörf einum manni. En rétt þykir þá jafnframt að búa svo um, að hann geti sem bezt gefið sig að því, sem hlýtur að verða aðalstarf hans í jafnfjölmennu héraði, og það er eftirlitsstarf og umsjón með öllum heilbrigðismálefnum kaupstaðarins. Er því ætlazt til, að hann verði leystur frá því að stunda almenn læknisstörf, og er honum bannað að gegna sjúkravitjunum. Er fyrir löngu orðin mikil nauðsyn á því fyrir bæinn að halda opinni skrifstofu, sem sinnir öllum heilbrigðismálum hans, og er héraðslæknirinn sjálfsagður forstöðumaður hennar. Einnig er gert ráð fyrir því, að hann aðstoði heilbrigðisstjórnina við millilandasóttvarnir og sé forstöðumaður sóttvarnarhússins. Þá þykir hann einnig mega vera forstöðumaður farsóttarhúss í Reykjavík, og er sjálfsagðastur til þess, ef til vill að háskólakennaranum í lyflæknisfræði frágengnum.

Við 6. gr.

Rétt þykir, að héraðslæknirinn í Reykjavík hafi hærri laun en aðrir héraðslæknar, með því að hin eiginlegu embættisstörf hans hljóta að verða miklu meiri en allra annara héraðslækna, enda takmarkað leyfi hans til að fást við almenn læknisstörf. Einnig þykir rétt að ýta undir Reykjavík með að koma upp skrifstofu fyrir hann, með því að láta ríkissjóð leggja fram nokkurt skrifstofufé.

Við 7. gr.

Áður skýrt.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringa við, og er tilsvarandi grein í lögunum frá 1907.

Við 9. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Við 10. gr.

Gert er ráð fyrir því, að bæjarlæknirinn verði héraðslæknir jafnskjótt og héraðslæknisembættið losnar, og er það beinasta leiðin til þess, að hið nýja skipulag gangi tafarlaust í gildi. Núverandi bæjarlæknir og fráfarandi héraðslæknir í Reykjavík eru báðir samþykkir því, að embættið verði nú aftur falið einum manni og að hann verði leystur frá gegningarskyldu. Bæjarlæknirinn samþykkir þau ákvæði þessa frv., sem snerta hann persónulega.

Ed. 37. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson, Pétur Magnússon.

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Kjósa skal varaþingmenn á sama hátt og samtímis og þingmenn eru kosnir. Ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur varaþingmaður sæti hans, það sem eftir er kjörtímans. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, eða það sem eftir er af því þingi.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í milliþinganefndinni um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina. Það er að mestu samhljóða frv. því um breytingu á stjórnarskránni, er þingmenn Sjálfstæðisflokksins í efri deild fluttu á síðasta þingi.

Að því er snertir ástæður Sjálfstæðisflokksins er vísað til nefndarálits fulltrúa þess flokks í milliþinganefndinni, sem prentað er sem fylgiskjal með þessari greinargerð.

Jón Baldvinsson lætur þess getið, að hann áskilur sér rétt til að fylgja eða koma fram með brtt. við 2. og 4. gr. þessa frv., að því er snertir skiptingu Alþingis í deildir og fimm ára heimilisfestu í landinu sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Hann mun og skila sérstöku áliti í milliþinganefndinni, er síðar verður útbýtt meðal þingmanna.

Fylgiskjal.

Nefndarálit

frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í milliþinganefnd um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina.

1. Skipun nefndarinnar og störf.

Nefndin var skipuð samkvæmt þingsályktun frá 17. ágúst 1931, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur þar um.

Í nefndina skal 1 maður skipaður samkvæmt tilnefning Alþýðuflokksins, 2 samkvæmt tilnefning Framsóknarflokksins og 2 samkvæmt tilnefning Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði".

Í nefndina voru skipaðir:

Jón Baldvinsson alþm. samkv. tilnefning Alþýðuflokksins, Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra og Bergur Jónsson alþm. samkvæmt tilnefning Framsóknarflokksins, og Jón Þorláksson alþm. og Pétur Magnússon alþm. samkvæmt tilnefning Sjálfstæðisflokksins.

Formaður nefndarinnar var skipaður Bergur Jónsson.

Nefndin kom saman á einn fund 26. ág. 1931, og var þar ákveðið, að fundir skyldu byrja aftur síðari hluta októbermánaðar. Formaður kvaddi nefndina þó eigi til fundar fyrr en 9. nóv., og hélt nefndin því næst fundi þrisvar í viku. Á fundi 9. des. skýrði formaður frá því, að hann mundi fara úr bænum fyrir næsta fund, og tók þá Jörundur Brynjólfsson alþm. sæti í nefndinni og formennsku í hans stað. Hlé varð á nefndarfundum frá 22. des. til 3. jan. sakir fjarveru hins setta formanns, og síðasti fundurinn var haldinn 13. febr. Alls hélt nefndin 28 fundi. Það varð til baga fyrir nefndarstörfin, að vinna hennar byrjaði seinna en ákveðið var og að mannaskipti urðu í nefndinni svo að segja á miðjum þeim stutta starfstíma, sem nefndin hafði.

Hér fer á eftir útdráttur úr gerðabók nefndarinnar, þar sem greint er frá öllum tillögum, er fram komu í nefndinni, atkvæðagreiðslum um þær og ummælum, er nefndarmenn létu bóka og geta verið til skýringar afstöðu þeirra að einhverju leyti. Innan tilvitnunarmerkja er það, sem tekið er orðrétt úr nefndargerðunum.

Á 1. fundi nefndarinnar, 26. ágúst, bar Jón Baldvinsson fram svofellda tillögu:

„Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar starfi sínu, að þingmannatala hinna ýmsu flokka á Alþingi verði jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra".

Eigi var óskað atkvæðagreiðslu um tillöguna á þeim fundi.

Á 2. til 7. fundi voru gefnar skýrslur um kosningatilhögun í ýmsum löndum og rætt bæði um kosningatilhögun og skipun þingsins.

Á 8. fundi, 23. nóv., er bókað:

„Tryggvi Þórhallsson gerði grein fyrir afstöðu sinni til kjördæmaskipunarmálsins. Taldi hann, að kjördæmaskipun ætti fyrst og fremst að miðast við fólksfjölda, en ýms fleiri atriði, er hann drap á, ættu þó að koma til greina".

Á 10. fundi, 27. nóv.:

„Jón Baldvinsson lét í ljós þá skoðun, að heppilegast væri, að landið yrði eitt kjördæmi og þingmenn kosnir allir í einu með hlutfallskosningu".

Á 11. fundi, 30. nóv.:

„Af hálfu Sjálfstæðisflokksins lagði Jón Þorláksson fram skriflegar tillögur um tilhögun kosninga í einmenningskjördæmum með uppbótarsætum. Í tillögum þessum er gert ráð fyrir, að hver flokkur fái kosna þingmenn í réttu hlutfalli við þann atkvæðafjölda, er hann nær við kosningar. Kjördæmaskipting haldist óbreytt eins og hún nú er, með þeirri breytingu einni, að tvímenningskjördæmin, sem nú eru, verði einmenningskjördæmi.

Þess var getið, að tillögur þessar væru aðeins uppkast, er gætu orðið grundvöllur að umræðum innan nefndarinnar".

Á næstu fundum var uppkast þetta rætt, og á 14. fundi, 9. des., varð samkomulag um að setja nefndarmönnum frest til mánudags 14. des. til þess að bera fram breytingartillögur (við hið framkomna uppkast) eða nýjar tillögur um kosningatilhögun.

Á 16. fundi, 14. des., lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni fram svofelldar tillögur:

„I.

Að nefndin flytji frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni, samhljóða frv. sjálfstæðismanna frá sumarþinginu 1931, sjá Alþt. 1931, sumarþing A. 39, eða að minnsta kosti frv., sem í öllum verulegum atriðum er í fullu samræmi við frv. á þessu þingskjali.

Stjórnarskrárfrumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi, er saman kemur í febr. 1932, og fái endanlega afgreiðslu á aukaþingi eða reglulegu Alþingi 1933, að afstöðnum nýjum almennum kosningum sumarið 1932.

II.

Að nefndin undirbúi og flytji frv. til laga um kosningar til Alþingis, sem verði lögtekið samtímis og stjórnarskrárbreytingin er samþykkt til fullnustu. Frumvarp þetta til kosningalaga sé byggt á þeim grundvelli, er segir í nýnefndu stjórnarskrárfrv., þ. e. að Alþingi verði svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Um kjördæmaskiptingu og tilhögun kosninga á þessum grundvelli gerum við eftirfarandi tillögur:

1. Skipting landsins í kjördæmi haldist óbreytt sú, sem nú er. Kjördæmin utan Reykjavíkur, sem eru 26 að tölu, kjósi fyrst einn þingmann hvert með meirihlutakosningu (sá kosinn, sem flest fær atkvæði) og þar að auki uppbótarþingmenn 6 eða fleiri, samkvæmt reglunum í 6. og 7. lið. Með þessu er það tryggt, að þingmannatala þessara kjördæma, sem nú er 32, lækki ekki við breytinguna. Kjördæmið Reykjavík kjósi fyrst 4 þingmenn með hlutfallskosningu eins og nú, og taki auk þess þátt í kjöri uppbótarþingmanna samkvæmt reglunum í 6. og 7. lið.

2. Í framboði getur hver sá maður verið, sem er kjörgengur og fær hæfilega tölu meðmælenda, t. d. 25. Hverjum frambjóðanda er skylt að skýra í framboðinu frá flokksafstöðu sinni, þ. e. hvort hann telst til einhvers viðurkennds landsmálaflokks, eða styður einhvern landsmálaflokk, eða er utan flokka. Tala frambjóðenda af sama flokki er ekki í neinu kjördæmi öðrum takmörkunum bundin en þeim, sem leiðir af kjörgengisskilyrðum og meðmælendafjölda.

3. Kjörstjórn hvers kjördæmis býr út kjörseðlana, eftir að öll framboð eru komin. Frambjóðendur úr sama flokki skulu settir saman í reit á kjörseðlinum, og reiturinn greinilega auðkenndur með flokksmerkinu. Þeir skulu settir í stafrófsröð, en þó getur flokksstjórn ákveðið aðra röð. Nafn frambjóðanda, sem styður tiltekinn flokk, skal sett síðast í reit flokksins á kjörseðlinum, aðgreint með striki frá frambjóðendum flokksins, og aftan við nafn hans sett „styður flokkinn“ eða annað þess háttar einkenni. Frambjóðendur utanflokka skulu vera í reit út af fyrir sig á kjörseðlinum.

4. Kjósandi greiðir atkvæði með því að krossa við nafn einhvers eins af frambjóðendunum á kjörseðlinum, **eða** með því að krossa við flokksmerki þess flokks, sem hann vill styðja, og telst þá atkvæðið greitt efsta frambjóðandanum í reit flokksins (í Reykjavík flokkslistanum eftir venjulegum reglum). Sérhvert atkvæði, sem greitt er flokki eða flokksframbjóðanda, telst jafnframt greitt varamanni úr sama flokki eftir reglum, sem um það verða settar.

5. Við talningu atkvæða skal fyrst telja, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern flokk og á hvern frambjóðanda utan flokka. Í Reykjavík er tala kosinna þingmanna af hverjum flokki reiknuð út eftir núgildandi reglum. Í kjördæmum utan Reykjavíkur tilfellur fasta þingsætið þeim flokki eða frambjóðanda utanflokka, sem hefir flest atkvæði. Hafi þingsætið hlotnazt flokki, sem hafði fleiri en einn frambjóðanda í kjöri, er sá af þeim flokksmönnum kosinn, sem hefir þeirra flest atkvæði.

6. Allar atkvæðatölur flokka og frambjóðenda eru tilkynntar landskjörstjórn þegar eftir atkvæðagreiðsluna, og telur hún saman atkvæði hvers flokks og tölu kosinna þingmanna hans úr öllum kjördæmum samanlagt. Svo telur hún og saman í heild atkvæði allra þeirra þingflokka, sem hafa náð sæti við kosninguna, og þeirra frambjóðenda utanflokka, sem hafa náð kosningu. Hinni síðastnefndu tölu skal deila með 42 (sem er lágmarkstala þingmanna eftir þessari tilhögun), en atkvæðatölu hvers flokks skal á sama hátt deilt með þeirri tölu þingmanna (flokksmanna og stuðningsmanna), sem flokkurinn þegar hefir fengið kosna. Hin lægsta af þeim tölum, er koma út við deilinguna, skal jöfnuð í næstu heilu tölu með því að sleppa broti, sem er minna en ½, eða hækka upp í

heilan brot, sem er ½ eða meira, og nefnist þessi jafnaða tala **hlutfallstala** kosningarinnar.

Þar næst er hlutfallstölunni deilt í atkvæðatölur þeirra þingflokka, sem geta komið til greina við úthlutun uppbótarsæta. Þær tölur, sem þá koma út, sýna þingmannatölu þá, sem hver flokkur á tilkall til. Brot, sem nemur ½ eða meira, skal hækkað upp í heilan, en broti, sem er minna en hálfur, skal sleppt. Þó skal hækka svo mörg hin hæstu af þessum brotum upp í heilan, sem þurfa kynni til þess að ná lágmarkstölu þingmanna, 42. Frá þessum tölum þingmanna skal draga þá tölu þingmanna, sem hver flokkur þegar hefir fengið kosna. Mismunurinn er sú tala uppbótarsæta, sem hver þingflokkur fyrir sig á tilkall til.

7. Kosningu sem hlutfallskosnir þingmenn (í uppbótarsætin) hljóta þeir frambjóðendur innan hvers flokks, sem eigi hafa þegar náð kosningu í kjördæmi, en næstir standa, eftir þessum reglum:

a. Við úthlutun uppbótarsæta skal landinu öllu skipt í þessi 6 umdæmi:
   1. Reykjavík.
   2. Suðvesturland, Gullbringusýsla til og með Dalasýslu.
   3. Vesturland, Barðastrandarsýsla til og með Strandasýslu.
   4. Norðurland, V.-Húnavatnssýsla til og með N.-Þingeyjarsýslu.
   5. Austurland, N.-Múlasýsla til og með A.-Skaftafellssýslu.
   6. Suðurland, V.-Skaftafellssýsla og Vestmannaeyjar til og með Árnessýslu.

b. Innan hvers þessara umdæma skal reikna út fulltrúalausa atkvæðatölu hvers þess flokks, sem á að fá uppbótarsæti, með því að draga tölu kosinna flokksþingsmanna í umdæminu margfaldaða með hlutfallstölu kosningarinnar frá samanlagðri atkvæðatölu flokksins í umdæminu.

c. Þannig fundnum fulltrúalausum atkvæðatölum þessara flokka í hverju umdæmi fyrir sig skal deilt með hlutfallstölunni. Útkoman skal talin í tugabroti með tveim desímölum.

d. Hvert umdæmi skal fá uppbótarsæti fyrir hverja heila einingu í útkomunum samkvæmt c., og ennfremur skal hækka stærstu brotin upp í heilan, annarsvegar svo mörg úr umdæmunum 2. til og með 6., sem þurfa kann, til þess að þau til samans fái 6 uppbótarþingsæti hið fæsta, og hinsvegar svo mörg hjá hverjum flokki, sem þarf til þess að hann fái fulla þá tölu uppbótarsæta, sem hann á tilkall til samkvæmt 6. lið.

e. Kosningu sem hlutfallskjörnir þingmenn fá þeir frambjóðendur hvers flokks í hverjum landshluta, sem hafa fengið flest atkvæði innan þess landshluta við kosninguna án þess að ná þar kosningu í hin föstu sæti.

Um ákvörðun varamanna séu settar nánari reglur".

Ennfremur báru fulltrúar Framsóknarflokksins á þessum sama fundi fram svo hljóðandi tillögu:

„Kjördæmaskipunin byggist í aðalatriðum á sama grundvelli og nú er, en stigin verði spor í áttina til þess að jafna ósamræmi það, sem orðið hefir síðari ár.

Landskjör verði lagt niður og allir alþingismenn kosnir í einu af sömu kjósendum.

Hinsvegar verði sex þingsætum varið til þess að jafna ósamræmið, sem er á kjördæmaskipuninni, eftir því sem samkomulag verður um.

Fulltrúar Framsóknarflokksins tjá sig reiðubúna til áframhaldandi samstarfs í nefndinni til umræðu og athugunar á eigin tillögum og annara og telja núverandi tíma óhentuga til þess að stofna til stórdeilna um málið, enda leggja þeir áherzlu á, að þjóðinni gefist kostur á að kynnast og ræða allar tillögur, sem fram koma í málinu".

Á þessum fundi vísaði Jón Baldvinsson til tillögu þeirrar, er hann bar fram á 10. fundi, og gat þess, að hann mundi ef til vill bera fram skriflega tillögu þess efnis síðar.

Á 19. fundi, 19. des., lagði Jón Baldvinsson fram svo hljóðandi tillögur:

„Ég hefi af hálfu Alþýðuflokksins stungið upp á þeirri kosningatilhögun á 10. fundi nefndarinnar 27. nóv. 1931, að alþingismenn séu allir kosnir með hlutfallskosningu í einu lagi um land allt og sama kosningaraðferð viðhöfð og útreikningur á kosningu sé hinn sami og nú er við landskjör. Sú kosningatilhögun fullnægir því, er felst í tillögu minni á fyrsta fundi nefndarinnar og þar er bókuð. Auk þess er þessi kosningaaðferð einföld og þarf ekki að leiða af sér fjölgun alþingismanna.

Við alþingiskosningarnar 1927 voru kjósendur samtals á kjörskrá 46047, en 1931 voru þeir 50485, og eru þeir eigi fleiri en í einu kjördæmi hjá nágrannaþjóðum vorum, þeim hinum fjölmennari. Þessi kosningartilhögun hefir aðallega sætt þeim andmælum í nefndinni, að með því væri Reykjavík og flokksstjórnunum veitt meira vald yfir kosningunni en æskilegt væri. En þar til er því að svara, að flokksstjórnirnar munu ávallt ráða mestu um framboð við kosningar og Reykjavík fær aðeins hlutfallslega sama vald með þessari kosningatilhögun og aðrir landshlutar.

En þótt ég telji þessa uppástungu heppilega lausn á málinu, hefir mér þó dottið í hug að bera fram aðra uppástungu um kosningatilhögun, en hún er í stuttu máli þessi:

Að landinu sé skipt í sex kjördæmi.

Að alþingismenn og varaþingmenn séu kosnir í þessum sex kjördæmum með hlutfallskosningum.

Að veitt verði uppbótarþingsæti fyrir afgangsatkvæði hvers flokks, er þau samanlögð úr öllum kjördæmum ná meðaltölu atkvæða þess flokks, er lægsta hefir meðaltölu atkvæða á alþingismenn.

Landinu sé skipt í þessi kjördæmi:

1. Reykjavíkurkjördæmi, tala á kjörskránni 1931: 12473.
2. Suðvesturlandskjördæmi:
   a. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
   b. Hafnarfjörður,
   c. Borgarfjarðarsýsla,
   d. Mýrasýsla,
   e. Snæfellsnessýsla,
   f. Dalasýsla.

   Tala á kjörskrá 1931: 8563.

3. Vesturlandskjördæmi:
   a. Barðastrandarsýsla,
   b. Ísafjarðarsýsla,
   c. Ísafjörður,
   d. Strandasýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 5858.
4. Norðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Húnavatnssýsla,
   b. Austur-Húnavatnssýsla,
   c. Skagafjarðarsýsla,
   d. Eyjafjarðarsýsla (og Siglufjörður),
   e. Akureyri,
   f. Suður-Þingeyjarsýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 11262.
5. Austurlandskjördæmi:
   a. Norður-Þingeyjarsýsla,
   b. Norður-Múlasýsla,
   c. Seyðisfjörður,
   d. Suður-Múlasýsla,
   e. Austur-Skaftafellssýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 5698.
6. Suðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Skaftafellssýsla,
   b. Vestmannaeyjar,
   c. Rangárvallasýsla,
   d. Árnessýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 6631.

Ég ætlast til þess, að hvert þessara kjördæma fái þingmannatölu i réttu hlutfalli við kjósendafjölda. En eigi hefi ég í þessum tillögum stungið upp á ákveðinni lágmarkstölu þingmanna, en er viðbúinn að gera uppástungur um það".

Á þessum sama fundi fluttu fulltrúar Framsóknarflokksins breytingartillögu við tillögu Jóns Baldvinssonar (um starfsgrundvöll nefndarinnar) frá 1. nefndarfundi, þannig:

„Tillagan orðist svo:

Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar fyrir starfi sínu, að kosningum til Alþingis sé svo háttað, að tryggt verði hvorttveggja i aðalatriðum:

a. Sem jafnastur réttur kjósandans til fulltrúavals og áhrifa á Alþingi.
b. Réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa".

Atkvæðagreiðsla fór ekki fram á þessum fundi.

Á næsta (20.) fundi, 21. des., fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins svo breytingartillögur við þessar brtt. framsóknarmanna, þannig:

„1. Orðið „hvorttveggja" í inngangi tillögunnar falli burt og á undan a.-lið komi nýr liður, sem verði a.-liður, þannig:

að þingsætatala þingflokkanna verði jafnan i sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

2. Að a.-liður tillögunnar (sem samkvæmt brtt. 1. á að verða b.-liður) orðist svo:

Sem jafnastur réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis.

Atkvæðagreiðslu um tillögurnar var enn frestað.

Á 22. fundi, 6. jan. 1932, fór fram atkvæðagreiðsla um framkomnar tillögur og breytingartillögur frá 1., 19. og 20. fundi, og féll þannig:

„Kom fyrst til atkvæða 1. liður i brtt. fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, er fram voru bornar á 20. fundi nefndarinnar, 21, des., og féllu atkv. þannig:

Já sögðu: J. Bald., Jón Þorl., P. M.

Tr. Þórh. og Jör. Br. greiddu ekki atkvæði.

Þá kom til atkvæða 2. liður í sömu brtt., og féllu atkv. um hann þannig:

Já sögðu: J. Bald., Jón Þorl., P. M.

Nei sagði: Tr. Þórhallsson.

Jör. Br. greiddi ekki atkvæði.

Þá kom næst til atkvæða b.-liður i brtt. fulltrúa Framsóknarfl., er fram voru bornar á 19. fundi nefndarinnar, 19. des. siðastl. Atkvæði féllu þannig:

Já sögðu: Jón Þorl., P. M., Tr. Þórh., Jör. Br.

Nei sagði: Jón Bald.

Þá var brtt. fulltrúa Framsóknarflokksins með áorðnum breytingum borin undir atkvæði, og féllu þau þannig:

Já sögðu: Jón Þorl., P. M.

Nei sagði: Jón Bald.

Tr. Þórh. og Jör. Br. greiddu ekki atkvæði".

Til skýringar skal hér endurtekin tillaga sú, sem fyrir lá við þessa síðustu atkvæðagreiðslu:

Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar fyrir starfi sínu, að kosningum til Alþingis sé svo háttað, að tryggt verði i aðalatriðum:

a. Að þingmannatala þingflokkanna verði jafnan i sem fyllstu samræmi við kjósendatölu þeirra.
b. Sem jafnastur réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis.
c. Réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa.

Þá er ennfremur skráð í gerðabókinni:

„Þar sem ekki fékkst meiri hluti atkvæða fyrir brtt. með áorðnum breytingum óskaði J. Þ., að till. Jóns Baldv. frá 1. fundi nefndarinnar yrði borin undir atkvæði óbreytt.

Formaður lét í ljós, að samkv. því, hvernig atkvæðagreiðsla um till. í heild hefir fallið, hafi ekki náðst samkomulag um grundvöll fyrir starfi nefndarinnar, en taldi hinsvegar ekki ástæðu til að bera till. upp" (þ. e. till. J. Bald. frá 1. fundi), „þar sem höfuðefni hennar hefði náð samþykki meiri hluta nefndarmanna (við atkvgr. um 1. brtt. fulltrúa Sjálfst.fl.).

Pétur Magnússon vakti máls á því, að með því að fulltrúi Alþ.fl. í nefndinni hefði lýst yfir því, að hann til samkomulags i nefndinni mundi geta sætt

sig við þær till. um kosningatilhögun, er fulltrúar Sjálfst.fl. höfðu borið fram, og fulltrúar Frams.fl. hefðu ekki lýst sig andstæða þeim grundvelli, er þær eru reistar á, og þær þannig væru einu till., er hugsanlegt væri, að samkomulag gæti orðið um, mundi heppilegt að ákveða nefndarmönnum frest til að bera fram brtt. við þessar tillögur. Nefndarmenn féllust á þessa uppástungu og var frestur ákveðinn til laugardags 9. þ. m.“.

Á 23. fundi, laugardag 9. jan., óskuðu fulltrúar Framsóknarfl. eftir fresti til að bera fram tillögur til næstk. mánudags.

Á 24. fundi og 25. fundi komu engar tillögur fram.

Á 26. fundi báru fulltrúar Framsóknarflokksins fram svofellda tillögu:

„Landskjörið verði lagt niður. Þingmannatala Reykjavíkur verði 7—8. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla verði tvímenningskjördæmi (eða t. d. G.-K. verði skipt í tvö kjördæmi). Siglufjörður verði sérstakt kjördæmi“.

Því næst er bókað í fundargerðinni:

„Af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins lýsti Jón Þorlákssón yfir því, að hann skildi framkomu þessara tillagna fulltrúa Framsóknarfl. í sambandi við ákvörðun þá, sem bókuð er í niðurlagi fundargerðar 22. fundar, og atkvæðagreiðslurnar á þeim sama fundi sem augljósan vott þess, að þeir vildu eigi sætta sig við þann grundvöll, sem lagður væri í tillögum fulltrúa Sjálfst.fl. Gat hann þess, að Sjálfst.fl. teldi þessar breytingar, sem felast í tillögum fulltrúa Framsóknarfl., öldungis ófullnægjandi og taldi gagnslaust að halda áfram umræðum á þeim grundvelli. — En jafnframt lýsti hann yfir því, að ef það gæti fremur leitt til samkomulags í nefndinni, mundu fulltrúar Sjálfst.fl. geta fallizt á það kosningafyrirkomulag, er stungið er upp á í till. Jóns Baldvinssonar, er fram voru lagðar á 19. fundi nefndarinnar 19. des. sl., um hlutfallskosningu í fleirmenningskjördæmum.

Jón Baldvinsson lét í ljós, að þar sem till. Framsóknarfl. gengju í öfuga átt við tillögur hans á 19. fundi nefndarinnar, þá gæti hann eigi fallizt á þær“.

Á 27. fundi nefndarinnar, 16. jan. 1932, barst svofelld yfirlýsing frá fulltrúum Framsóknarflokksins:

„Út af yfirlýsingum þeim, sem birtar voru á síðasta nefndarfundi, lýsa fulltrúar Framsóknarflokksins yfir því, að þeir halda fast við það meginatriði, að núverandi kjördæmi fái að halda þeim rétti að eiga sérstaka fulltrúa, og skírskota til meirihlutasamþykktar um það atriði á fundi nefndarinnar 6. þ. m. Þeir geta því alls ekki fallizt á tillögu Jóns Baldvinssonar á 19. fundi nefndarinnar, þar eð sú tilhögun sviptir núverandi kjördæmi þeim rétti.

Tillögur sjálfstæðismanna eru hinsvegar þeim annmörkum háðar í einstökum atriðum, að telja má víst, að þó þær næðu nú samþykki, þá yrði framkvæmdin sú, að frá þeim yrði þegar horfið aftur. En með þeim er lagður til grundvallar réttur kjördæmanna til að eiga sérstaka þingmenn, og telja fulltrúar Framsóknarflokksins sjálfsagt að leita enn á ný þeirrar lausnar málsins á þessum grundvelli, sem líkleg er að verða til frambúðar“.

Fulltrúar Sjálfst.flokksins gáfu svofellda yfirlýsingu:

„Með því að augljóst er af yfirlýsingu framsóknarmanna, að þeir geta

ekki fallizt á tillögur sjálfstæðismanna frá 14. des., og sérstaklega ekki á það meginatriði þeirra, að þingflokkarnir fái þingsæti í samræmi við kjósendafjölda, þá telja fulltrúar Sjálfst.fl. í nefndinni þýðingarlaust að halda áfram samvinnu við fulltrúa Framsóknarfl., en eru þó fúsir til að koma á sameiginlegan nefndarfund, ef nýjar tillögur koma fram áður en starfstíma nefndarinnar er lokið".

Jón Baldvinsson taldi rétt, að nú væri gengið til atkvæða um framkomnar tillögur, en hinn setti formaður óskaði eftir, að atkvæðagreiðslu yrði frestað þangað til hinn reglulegi formaður nefndarinnar kæmi til bæjarins, er ekki mundi verða síðar en um næstu viku. Féllust allir nefndarmenn á það.

Á 28. fundinum, 13. febr., var enn rætt um málið, en engin ákvörðun tekin.

2. Stutt yfirlit um kjördæmaskipun frá 1843 til þessa tíma.

Fyrstu fyrirmæli um alþingiskosningar hér á landi eru í alþingistilskipuninni frá 8. marz 1843. Eigi þykir ástæða til að rekja hér efni þeirrar tilsk., en geta má þess, að eignarréttur yfir fasteign var almennt skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi. Kjördæmaskipun var mjög óbrotin. Hver af 19 sýslum (lögsagnarumdæmum) landsins skyldi kjósa 1 þingmann og kaupstaðurinn Reykjavík einn. Auk þessara 20 þjóðkjörnu þingmanna skyldi konungur tilnefna 6, og voru þingmenn alls 26.

Þó fyrirmæli tilsk. þessarar um kosningarrétt og kjörgengi væru allófrjálsleg á mælikvarða vorra tíma, mun eigi hafa verið sérstök óánægja með þau þá. Hinsvegar virðist hafa verið talsverð óánægja yfir, hve þingmenn voru fáir, og við og við koma fram ákveðnar óskir um að fjölga þeim. Virðist almennt hafa verið litið svo á, að þeir ættu að vera nálægt 50.

Með tilskipun frá 6. jan. 1857 er nokkuð breytt skilyrðum fyrir kosningarrétti og kjörgengi. Þá er og Skaftafellssýsla gerð að 2 kjördæmum. Að öðru leyti haldast fyrirmæli alþingistilskipunarinnar gömlu í höfuðatriðum til 1874.

Með stjórnarskránni frá 5. jan 1874 koma ný fyrirmæli um skipun þingsins, kosningarrétt og kosningatilhögun. 14. gr. mælir svo fyrir, að á Alþingi eigi sæti 30 þjóðkjörnir þingmenn, en tala hinna konungkjörnu er látin haldast óbreytt. Í „ákvörðunum um stundarsakir" aftan við stjórnarskrána sjálfa er mælt fyrir um, hvernig kjósa skuli hina nýju þingmenn „þangað til öðruvisi verður fyrir mælt með lögum". Stjórnin lagði svo fyrir hið fyrsta löggjafarþing, 1875, frv. til laga um kosningar til Alþingis. Á því þingi náði frv. ekki fram að ganga, var fellt við 3. umr. í efri deild. En stjórnin lagði frv. af nýju fyrir þing 1877 eins og neðri deild hafði frá því gengið 1875. Náði frv. þá lagasamþykki.

Fyrirmæli kosningalaganna um kjördæmaskipun eru í 18. gr. Hún er svo hljóðandi:

„Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipta í 2 sérstök kjördæmi, með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík, með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins,

skal vera kjördæmi fyrir sig. — Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að tveir alþingismenn séu kosnir í sérhverju af kjördæmum þeim, sem hér skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþingismann. — — —“

Eins og sjá má, eru þessi ákvæði um kjördæmaskipunina í höfuðatriðum þau sömu sem við búum við enn í dag. Er því vert að athuga, að hve miklu leyti þau hafi fullnægt réttlætiskröfum um jafnan kosningarrétt, þegar þau upphaflega eru sett. Skal hér gefið yfirlit yfir íbúafjölda og kjósendafjölda hvers kjördæmis, og er þar miðað við manntalið 1880:

	Kjósendafj.	Íbúatala
Austur-Skaftafellssýsla	136	1274
Vestur-Skaftafellssýsla	219	2230
Rangárvallasýsla	534	5360
Vestmannaeyjar	48	557
Árnessýsla	586	6257
Kjósar- og Gullbringusýsla	493	5660
Reykjavík	235	2567
Borgarfjarðarsýsla	232	2598
Mýrasýsla	215	2328
Snæfellsnessýsla	342	3272
Dalasýsla	233	2357
Barðastrandarsýsla	271	2857
Ísafjarðarsýsla	434	5551
Strandasýsla	155	1861
Húnavatnssýsla	446	5028
Skagafjarðarsýsla	428	4599
Eyjafjarðarsýsla	475	5325
Suður-Þingeyjarsýsla	303	3767
Norður-Þingeyjarsýsla	153	1569
Norður-Múlasýsla	316	3825
Suður-Múlasýsla	303	3603
Samtals	6557	72445

Hinir þjóðkjörnu þingmenn voru alls 30, og kemur þannig einn þingmaður á hverja 2415 landsbúa til jafnaðar. — Beri maður þá meðaltölu saman við íbúatölu hinna einstöku kjördæma, kemur í ljós, að íbúatala í ýmsum kjör-

dæmum verður alllangt fyrir ofan meðaltöluna (S.-Þingeyjarsýsla hæst með ca. 1350 umfram), en annarsstaðar verður íbúatalan langt fyrir neðan meðaltölu (Vestmannaeyjar lægst, vantar ca. 1850). Frá upphafi hefir því kjördæmaskipunin gert aðstöðu kjósenda til að hafa áhrif á þingmannavalið allmisjafna, eftir því hvar þeir hafa verið búsettir á landinu. — En þó hefir þetta ósamræmi aukizt mjög á síðari árum.

Geta má þess, að i umræðum um kosningalagafrumvarpið á þingunum 1875 og 1877 er ekki einu orði minnzt á kjördæmaskipunina, en aftur á móti er talsvert þráttað um ýms ómerkileg aukaatriði. En skiljanlegra verður þó, að misrétti kjördæmaskipunar vekti ekki sérlega eftirtekt á þessum tíma, þegar þess er gætt, að almennur kosningarréttur var ennþá ekki viðurkenndur, eins og bezt sést á því, að einungis ca. ellefti hluti þjóðarinnar hefir kosningarrétt til Alþingis — og það eftir hinni nýju „frjálslegu“ stjórnarskipun.

Kjördæmaskipunin frá 1877 mun í fyrsta sinn hafa verið opinberlega gagnrýnd af Indriða rithöf. Einarssyni í grein i Tímariti Bókmenntafélagsins árið 1880. Vekur hann athygli á aðstöðumun kjósenda til áhrifa á skipun þingsins og bendir á ýmsar leiðir til að jafna þann mun. Miklu harðvítugri gagnrýni fær kjördæmaskipunin þó í fyrirlestri Páls amtmanns Briems, sem prentaður er í „Eimreiðinni“ árið 1900. Leggur hann höfuðáherzlu á, að atkvæði hvers kjósanda eigi að hafa fullgildi i hlutfalli við önnur atkvæði, „eigi aðeins að því, er snertir þann mann, er hann vill kjósa, heldur og þann flokk, er hann fylgir að málum“.

Að öðru leyti virðist hafa verið hljótt um kjördæmaskipunina mörg fyrstu árin, og fram yfir aldamót koma engar tillögur fram á þingi um breytingar á henni.

Fyrir þingunum 1901 og 1902 lágu frv. um breytingar á kjördæmaskipun, er aðallega gengu í þá átt að skipta tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi. En ekki náðu tillögur þessar fram að ganga, að því undanskildu, að á þingi 1902 var Ísafjarðarsýslu skipt í 2 kjördæmi (Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla með Ísafjarðarkaupstað). Þess er þó rétt að geta, að nefnd sú, er hafði kosningalagafrv. til meðferðar á þingi 1901, lét í ljós, að hún vænti þess, að stjórnin veitti þörfinni á nýrri kjördæmaskipun athygli og umhyggju og kæmi með tillögur um nýja kjördæmaskipun með réttri hliðsjón af íbúafjölda, kjósendatölu og landsháttum.

Árið 1903 var, svo sem kunnugt er, samþykkt stjórnarskrárbreyting. Meðal nýmæla þeirra stjórnarskipunarlaga var það, að þjóðkjörnum þingmönnum var fjölgað úr 30 í 34. Þurfti þá eðlilega um leið að ráðstafa hinum nýju þingsætum. Var það gert með lögum nr. 19, 3. okt. 1903. Mæla þau svo fyrir, að ef stjórnarskrárbreytingin verði að lögum, „og Alþingi verði haldið, eftir að lögin hafa öðlazt gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig:

1 af Reykjavíkurkaupstað,
1 – Ísafjarðarkaupstað,
1 – Akureyrarkaupstað og
1 – Seyðisfjarðarkaupstað.

Eins og hin tilvitnuðu orð frv.gr. bera með sér, er gengið út frá, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Hið sama kemur fram margsinnis í umræðum um málið á þingi 1903. Þingmenn ganga þá sýnilega út frá, að kjördæmaskipunin í heild verði tekin til endurskoðunar og gagngerðra breytinga. Og þá fyrst fara að heyrast raddir á þingi um alm. jafnan kosningarrétt og réttláta kjördæmaskipun. — En þessi bráðabirgðatilhögun frá 1903 stendur þó óhögguð eftir næstum 29 ár!

Ekki verður þó vanrækslu þáverandi stjórnar um þetta seinlæti kennt. Þegar á þingi 1905 — fyrsta þingi eftir að landsstjórnin fluttist inn í landið — flutti ráðherrann, Hannes Hafstein, frumvarp um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Í frv. því er lagt til, að gagngerðar breytingar verði gerðar á kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Lagt er til, að landinu verði skipt í 7 kjördæmi, er kjósi hvert 4—6 þingmenn, eftir íbúafjölda. Í öllum kjördæmunum skyldi kosið eftir reglum hlutfallskosninga (d'Hondts aðferð). Frv. var vísað til nefndar og fékk vinsamlegar undirtektir, en dagaði uppi á því þingi. Frv. var aftur lagt fyrir Alþingi 1907 með óbreyttum ákvæðum um kjördæmaskipun. Urðu um það allmiklar umræður, en svo fór, að það féll við 3. umr. í neðri deild með litlum atkvæðamun (12 : 11, 2 greiddu ekki atkv.).

Á kjördæmaskipuninni hafa síðan ekki verið gerðar aðrar breytingar en þær, að 1920 var þingm. Reykjavíkur fjölgað upp í 4 og þá jafnframt ákveðið, að þar skyldi kosið hlutfallskosningum. 1922 var Húnavatnssýslu skipt í 2 kjördæmi, Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, er hvor kýs einn þingmann. Þá má loks á það minnast, að þegar konungkjörið var afnumið með stjórnarskrárbreytingunni 1915, komu í stað hinna konungkjörnu þingmanna 6 þingmenn, er kosnir skyldu með almennum hlutbundnum kosningum um land allt, í fyrsta sinn allir í einu, en eftir það helmingur í senn.

Á síðari árum hafa fram komið ákveðnari og ákveðnari kröfur um breytta kjördæmaskipun. Á þingi hefir þeirra þó eigi gætt allmjög fram á síðustu tíma. Rétt er þó að geta þess, að 1917 flutti Jörundur Brynjólfsson, núv. 1. þm. Árnesinga, tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglul. Alþingi frv. til laga um réttláta kjördæmaskipun, sem byggð sé á þeim grundvelli, að kjósendatala hvers kjördæmis verði sem jöfnust. Tillaga þessi var felld í neðri deild.

1930 fluttu þingm. Alþýðuflokksins í neðri deild tillögu til þingsályktunar þess efnis, að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing tillögur til breytinga á kjördæmaskipuninni, er tryggi kjósendum jafnan rétt til áhrifa á skipun Alþingis hvar sem þeir búa á landinu.

Tillagan var eigi útrædd.

3. Núverandi kosningatilhögun og gallar hennar.

Kosningum til Alþingis er sem stendur þannig háttað:

A. Kosnir eru 36 þingmenn samtímis til fjögurra ára í sérstökum kjördæmum, og hafa kosningarrétt karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararétt hér á landi og verið búsettir í land-

inu síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sé fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Kosning þessi fer fram með þrennu móti:

1. Í 20 einmenningskjördæmum svo nefndum er kosinn einn þingmaður í hverju. Hver kjósandi greiðir aðeins einum frambjóðanda atkvæði, og sá af frambjóðendum er kosinn, sem fær flest atkvæði.
2. Í 6 tvímenningskjördæmum svo nefndum eru kosnir 12 þingmenn, tveir í hverju. Hver kjósandi greiðir tveim frambjóðendum atkvæði, og þeir tveir frambjóðendur eru kosnir, sem fá flest atkvæði.
3. Í einu kjördæmi, Reykjavík, eru kosnir 4 þingmenn og viðhöfð hlutfallslistakosning. Hver kjósandi greiðir einum framboðslista atkvæði, og við útreikning á því, hverjir hafi náð kosningu og í hvaða röð, er farið eftir aðferð þeirri, sem kennd er við d'Hondt.

B. Kosnir eru 6 þingmenn í landinu í heild sem kjördæmi. Kosningarrétt hafa karlar og konur 35 ára og eldri, að öðru leyti með sömu takmörkunum og segir undir A. Þessir þingmenn eru kosnir til 8 ára, en kosningin fer fram í tvennu lagi, þannig að þrír einungis eru kosnir samtímis, 4. hvert ár. Kosningar þessar eru hlutfalls-listakosningar eftir svipuðum reglum og kosningin A. 3.

Gallarnir á þessari kosningatilhögun eru margir, og eru þessir helztir:

1. *Kosningarrétturinn er ekki fullkomlega almennur.* Aldursmarkið 25 ár, og þó sérstaklega 35 ár, þykir nú orðið of hátt. Eins árs búseta í tilteknu kjördæmi er ekki eðlilegt skilyrði fyrir kosningarrétti, og sú skoðun er nú orðin mjög almenn, að skuld fyrir þeginn sveitarstyrk eigi ekki að svipta menn kosningarrétti út af fyrir sig, ekki nema svo standi á, að nauðsyn hafi þótt að svipta styrkþega fjárforræði.
2. *Kosningarrétturinn er ekki jafn.* Þetta kemur fram í ýmsum myndum, og hefir ágerzt mjög á síðari árum vegna mismunandi fólksfjölgunar í plássum landsins, jafnframt því að kjördæmaskipun hefir haldizt óbreytt í aðalatriðum. Skulu nú nefnd nokkur dæmi upp á þetta.
   a. Mannfjöldinn og þar með kjósendafjöldinn á hvern þingmann er orðinn mjög mismunandi í kjördæmunum. Eftir manntalinu frá 2. des. 1930 voru íbúar á hvern þingmann:

Í Reykjavík (fjögurra manna kjördæmi)	7045	íbúar á þingm.
Í tvímenningskjördæmi mest (Eyjafjkjd.)	3594	——„——
og minnst (N.-Múlakjd.)	1388	——„——
Í einmenningskjördæmi mest (Gbr. Kj.)	5179	——„——
og minnst (Seyðisfj.)	931	——„——
þar næst (A.-Skfs.)	1136	——„——

   en meðaltal íbúa á kjördæmakosinn þingmann um 3000 á landinu alls.
   b. Kosningatilhögunin í einmennings- og tvímenningskjördæmunum leiðir það af sér, að fjöldi kjósenda í þessum kjördæmum verður alveg áhrifalaus á skipun Alþingis, og það þótt þessir kjósendur sæki kjörfund og

neyti atkvæðisréttarins. Í öllum einmenningskjördæmum verða þeir kjósendur áhrifalausir og í framkvæmdinni sviptir kosningarréttinum, sem ekki standa í fjölmennasta flokknum innan þess kjördæmis, þeirra er hafa frambjóðendur þar í kjöri. Sama er um tvímenningskjördæmi, ef kosnir verða tveir menn af sama flokki. Við kosninguna 1931 hefir rétt við ⅓ hluti þeirra kjósenda, er atkvæði greiddu utan Reykjavíkur, glatað alveg atkvæði sínu á þennan hátt.

c. Kosningaraðferðin í tvímenningskjördæmunum, þar sem hver kjósandi greiðir tveim frambjóðendum atkvæði, og þeir tveir teljast kosnir, sem fá flest atkvæðin, gefur flokksmönnum stærsta flokksins í þessum kjördæmum tvöfaldan kosningarrétt í flestum tilfellum, en kjósendur hinna flokkanna missa sinn rétt. Sem dæmi upp á þetta má taka kosninguna í Suður-Múlakjördæmi 1931. Þar voru atkvæðatölurnar:

Framsóknarflokkur	846	atkv.
Sjálfstæðisflokkur	646	—
Alþýðuflokkur	437	—

— ef talið er eftir kjósendum, en atkvæðatölur þær, sem fram koma, eru tvöfalt hærri, af því að hver kjósandi greiðir tvisvar atkvæði. Eftir reglum þessarar tvöföldu atkvæðagreiðslu fékk Framsóknarflokkurinn þarna tvö þingsæti, en ef hver kjósandi hefði fengið að kjósa aðeins einn þingmann, eins og í einmenningskjördæmunum, þá hefði væntanlega Framsóknarmaður fengið hæstu atkvæðatöluna og Sjálfstæðismaður næsthæsta, og þeir tveir hlotið kosninguna. En af því að hver kjósandi í stærsta flokknum fær tvö atkvæði, missa kjósendur beggja hinna flokkanna, sem til samans eru meiri hluti kjósenda í kjördæminu, allan sinn rétt.

3. *Kosningatilhögunin er margbrotin og erfið í framkvæmd.* Það er í sjálfu sér fremur óviðkunnanlegt, að hinir 36 kjördæmakosnu þingmenn skuli kosnir eftir þrem mismunandi kosningareglum, en þó veldur þetta ekki sérstökum erfiðleikum eða kostnaði í framkvæmd. En landskjörið á 6 þingmönnum er óhæfilega fyrirhafnarmikið og kostnaðarsamt, þar sem það er slitið úr sambandi við hinar kosningarnar. Til þess að endurnýja allt þingið þarf að minnsta kosti þrennar kosningar á öllu landinu, og kosningar um allt land geta ekki orðið færri en tvisvar á hverjum 4 árum, en þar fyrir utan getur orðið meira og minna af aukakosningum, bæði í hinum sérstöku kjördæmum, þar sem engir varaþingmenn eru, og með landskjöri, sakir þess að ákvæðin um varaþingmenn við landskjör eru ófullnægjandi til að girða fyrir aukakosningar vegna fráfalls þingmanna úr hinum 6 landskjörnu sætum. Þá er og sá galli á landskjörinu, að réttlæti hlutfallskosninga nýtur sín nokkru miður en vera þyrfti, af því að einungis 3 eru kosnir samtímis. Þá má og telja það fremur galla á þessari tilhögun, að þingrof nær ekki til hinna landskjörnu, þótt þeir séu ekki þingdeild (málstofa) út af fyrir sig, og endurnýjast efri deild því aðeins að nokkrum hluta við kosningar eftir þingrof.

4. *Kosningatilhögunin veitir ekki lengur neina tryggingu fyrir því, að Alþingi sé rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu.*

Þetta er orðinn sá höfuðgalli á tilhöguninni, sem gerir hana alveg óhaf-

andi lengur. Þessu til sönnunar nægir að benda á skipun Alþingis eftir tvennar síðustu kjördæmakosningar, 1927 og 1931.

Atkvæðatölurnar við hinar almennu kjördæmakosningar 1927 og skipun þingsins í heild (landskjörnir þingmenn meðtaldir) sést af þessu yfirliti:

Flokkur	Atkvæðatala	Þingsæti	Atkv. á hvern þingm.
Íhaldsflokkur	13616½	16	851
Framsóknarflokkur	9532½	19	502
Alþýðuflokkur	6097½	5	1220
Frjálslyndi flokkurinn	1858	1	1858
Utan flokka	904½	1	904

Miðað við 42 þingmenn var meðaltal gildra atkvæða við þessa kosningu 762 atkv. á þingmann. Til þess að gefa rétta mynd af skoðunum og vilja kjósendanna, eins og hann kom fram við þessar kosningar, hefði flokkaskiptingin í þinginu átt að vera:

Íhaldsflokkur	18 þingmenn í stað	16
Framsóknarflokkur	13 ——„——	19
Alþýðuflokkur	8 ——„——	5
Frjálslyndi flokkurinn	2 ——„——	1
Utan flokka	1 þingm. eins og var.	

Eftir kosningarnar 1931 var niðurstaðan þessi:

Sjálfstæðisflokkur	hafði 15	þingmenn en átti tilkall til	19
Framsóknarflokkur	— 23	— — — — —	15
Alþýðuflokkur	— 4	— — — — —	7
Kommúnistaflokkur fékk engan þm. en átti tilkall til			1

Eftir hvorutveggja þessar kosningar var þingið svo skipað, að fjölmennasti þingflokkurinn var sá annar í röðinni að kjósendafylgi, og hafði eftir fyrri kosninguna 46% meira þingfylgi og eftir seinni kosninguna 53% meira þingfylgi en honum bar að réttri tiltölu við kjósendafjölda, en þingfylgi annara flokka var skert að sama skapi. Eftir seinni kosninguna hefir sá flokkur algerðan meiri hluta í þinginu, 23 þingmenn, sem eftir kjósendafylgi á aðeins að hafa einn þingmann umfram þriðjung þingsæta.

Þetta ástand er algerlega óviðunandi í landi, sem vill telja sig lýðræðisríki. Eftir réttarmeðvitund nútímans er þjóðfélagsvaldið í lýðræðislöndum byggt á þeim grundvelli, að valdið sé sameiginleg eign hinna fullveðja borgara, hluti af mannréttindum hvers einstaks þeirra, sem eigi verður með neinu lagaboði réttilega af þeim tekinn eða misjafn ger, þó hitt geti komið fyrir, að einstaklingur brjóti þessi réttindi af sér um stundarsakir eða fyrir fullt og allt með því að gera sig sekan í athæfi, sem varðar við lög og svívirðilegt er að almenningsdómi. Meðferð þessa valds fela borgararnir löggjafarþinginu í umboði sínu, en þar af leiðir beint, að þingið á að vera hlutfallslega rétt smækkuð mynd af þeim skoðunum, sem uppi eru meðal kjósendanna. Í öllum löndum koma þessar skoðanir nú á tímum fram á þann hátt, að þeir, sem eru sömu skoðunar í þeim mál-

um, sem aðallega koma til greina við kosningar, hópa sig saman í landsmálaflokka með tilsvarandi þingflokkum innan þinganna. Af hinum jafna rétti fullveðja borgara til þátttöku í ríkisvaldinu og áhrifa á meðferð þess leiðir þá það, að landsmálaflokkarnir eða þingflokkarnir verða að fá þingsætatölu í samræmi við þá kjósendatölu, er stendur að baki hverjum þeirra fyrir sig. Með því er jafnrétti kjósendanna tryggt — og á engan annan hátt verður það tryggt.

Til frekari skýringar á þessu mikilvæga undirstöðuatriði skal vísað til ritgerðar eftir J. Þ. um „Þjóðfélagsvaldið nú á tímum", sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Núverandi kosningatilhögun er svo mjög bundin af ákvæðum stjórnarskrárinnar, að án stjórnarskrárbreytingar er ekki unnt að fá neina þá lagfæringu, sem við sé unandi. Stjórnarskrárbreyting verður að ganga á undan kosningalagabreytingu, og er því fyrsta verkefni nefndarinnar að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni.

4. Stjórnarskrárbreytingar.

Þau ákvæði stjórnarskrárinnar, sem falla undir verkefni nefndarinnar („skipun Alþingis og kjördæmaskipunin"), eru skráð í II. kafla stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920, 26. til 30. gr. (sbr. og ákvæði um stundarsakir aftast í stjskr.). Þykir rétt að taka þessi núgildandi ákvæði upp hér:

„26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land allt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrétt sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land allt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sérstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sérstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land allt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land allt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sérstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land allt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land allt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land allt, forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis í sérstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararétt hér á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sé fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrétt til hlutbundinna kosninga um land allt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sérstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land allt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir".

Við þetta er að athuga, að samkvæmt heimildunum í 26. gr. hefir tala þingmanna verið aukin upp í 42, og eiga 28 sæti í neðri deild. Í stórstökum kjördæmum eru kosnir 36 þingmenn, þar af 4 í Reykjavík með hlutfallskosningu.

Í ákvæðum þessum felst ekki önnur trygging fyrir því, að skoðanaflokkar landsmanna fái þingsæti að tiltölu við kjósendafjölda en sú, að 6 landskjörnir þingmenn og 4 í Reykjavík, eða 10 af 42 alls, eru kosnir hlutbundnum kosningum. Þykir sjálfsagt að bæta úr þessari vöntun með því fyrst og fremst að taka upp í stjórnarskrána ákvæði, er tryggi það, að kosningalöggjöfinni verði jafnan þannig hagað, að Alþingi verði rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu. Jafnframt þykir sjálfsagt að fella úr stjskr. öll ákvæði, er binda kosningatilhögun á þann hátt, sem þessu gæti orðið til hindrunar. Samkvæmt þessu leggjum við til, að lögtekin verði óbreytt að efni til 1. gr. frv. þess

um breytingu á stjórnarskránni, sem flutt var á sumarþinginu 1931 af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, en við hana aukið því ákvæði, sem að vísu er sjálfsagt, að á Alþingi eigi sæti þjóðkjörnir fulltrúar. Um þetta er meiri hluti milliþinganefndarinnar sammála, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í nefndinni.

Við leggjum ekki til, að nein ákvæði um kjördæmaskipun eða kosningatilhögun verið tekin upp í sjálfa stjórnarskrána, en kosningalögum ætlað að ákveða um þetta. Að þessu leyti fylgjum við þeirri fyrirmynd, sem er um þetta í flestum stjórnarskrám Norðurálfurikja, sem nefndin hefir kynnt sér. Yfirleitt er í stjórnarskránum aðeins eitt meginákvæði um þetta, sem tryggir skoðanaflokkunum tiltölulegan fjölda þingsæta eftir kjósendafjölda. Í flestum stjórnarskránum er þetta að vísu orðað á þann einfalda hátt, að fyrirskipa hlutfallskosningar og ákveða jafnframt, að kosningarrétturinn skuli vera almennur og jafn. En hlutfallskosningar má framkvæma með svo mörgu mismunandi móti, allt frá því að landið sé eitt kjördæmi og til þess að því sé öllu skipt í einmenningskjördæmi, að stjórnarskrárákvæði um hlutfallskosningar ákveður í raun og veru ekkert annað viðvikjandi kjördæmaskipun og kosningatilhögun en það eitt, sem felst í greininni eins og við stingum upp á að orða hana, það eitt, að fulltrúatalan verði hlutfallsleg við hinar framkomnu atkvæðatölur. Við viljum ekki með stjórnarskrárákvæði fyrirfram útiloka neina þá kosningatilhögun, sem tryggir hlutfallslega rétt kosningaúrslit, ekki t. d. þó að deila mætti um, hvort slik tilhögun réttilega yrði nefnd hlutfallskosning. Sú kosningatilhögun, sem við fyrst og fremst stingum upp á, er ýmist nefnd kosning í einmenningskjördæmum með uppbótarsætum, eða hlutfallskosning í sambandi við einmenningskjördæmi, og við viljum ekki láta deilur um nafn þeirrar tilhögunar geta vakið efa um, hvort hún samrýmist stjórnarskrárákvæði. Eins og greinin hér er orðuð er hún líkust tilsvarandi ákvæði í grundvallarlögum Dana, 32. gr. önnur málsgr.:

„Til þess að tryggja hinum mismunandi skoðunum meðal kjósendanna hlutfallslega jafna fulltrúatölu („en ligelig Repræsentation") skal í kosningalögum ákveða um kosningaaðferðina og setja nánari reglur um framkvæmd kosninganna, þar á meðal hvort hlutfallskosningar skuli notaðar, annaðhvort í sambandi við kosningu í einmenningskjördæmum eða án þess".

Í þessu grundvallarlagaákvæði Dana er allt látið óbundið um kosningaaðferð, kjördæmaskipun og tilhögun kosninga. aðeins er slegið fastri sömu meginreglunni og í frumvarpsgrein okkar, að hinir mismunandi skoðanaflokkar eiga að fá hlutfallslega rétta fulltrúatölu. Við það fyrirmæli eru kosningalögin bundin, og virðist okkur þetta vera eðlilegt og heppilegt.

Um skipun Alþingis þykir okkur rétt að halda skiptingunni í tvær deildir, sem geta þó gengið saman í sameinað þing þegar nauðsyn krefur, og eigi sem næst þriðjungur þingmanna sæti í efri deild. Þessi deildaskipting hefir reynzt vel að okkar dómi og tryggir og léttir vinnubrögð þingsins langt fram yfir það, sem verða mundi með einni málstofu. Í frv. stjórnar Framsóknarflokksins um breytingar á stjskr., sem lagt var fyrir vetrarþingið 1931, og í frv. sjálfstæðismanna, sem lagt var fyrir sumarþingið sama ár, var stungið upp á

að halda þessari skiptingu þingsins í deildir, og teljum við því, að um þetta muni vera samkomulag milli þessara flokka, en fulltrúi Alþfl. í milliþinganefndinni hefir áskilið sér óbundnar hendur um þetta atriði. Við teljum sjálfsagt, að hlutfallskosning sé viðhöfð við skiptingu þingsins í deildir, og að það ákvæði sé þess eðlis, að rétt sé að binda það í stjórnarskránni.

Við álítum ekki rétt að taka neitt fram í stjórnarskránni um tölu þingmanna. Í fyrsta lagi hefir stjórnarskráin ekki að undanförnu bundið tölu þingmanna, þar sem ákvæðinu hefir mátt breyta með einföldum lögum. Í öðru lagi þykir ekki rétt að útiloka kosningatilhögun, sem útheimti eitthvað hreyfanlega tölu þingmanna. Hefir slík kosningatilhögun t. d. verið tekin upp á Þýzkalandi, og víðar hafa komið fram uppástungur í sömu átt.

Kosningarréttinn þykir okkur rétt að rýmka svo, að hans njóti allir ríkisborgarar, sem eru 21 árs eða eldri þegar kosning fer fram, eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þar við höfum við í frv. bætt núverandi skilyrði um 5 ára búsetu í landinu, þótt við teljum það ákvæði þýðingarlítið og ekki að öllu vel viðeigandi. Að sjálfsögðu á það ákvæði að falla burt í síðasta lagi við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem verður fram að fara þegar sambandslögin falla úr gildi.

Loks leggjum við til, að nýjar kosningar fari fram þegar er stjórnarskrárbreytingin er endanlega lögtekin, og er það bein afleiðing af þeim víðtæku breytingum, sem farið er fram á að því er snertir kosningarréttinn og skipun þingsins.

Samkvæmt tillögum okkar yrði þessi kafli stjórnarskrárinnar í heild orðaður þannig, og er prentað með venjul. letri það, sem tekið er óbreytt úr núgildandi stjórnarskrá, en breytingarnar skáletraðar:

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Kjósa skal varaþingmenn á sama hátt og samtímis og þingmenn eru kosnir. Ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur varaþingmaður sæti hans það, sem eftir er kjörtímans. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi eða það, sem eftir er af því þingi.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

27. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. *Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.*

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

28. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir i landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. *Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.*

Gift kona telst fjár sins ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sinum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

29. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

Á k v æ ð i u m s t u n d a r s a k i r:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

5. Kjördæmaskipun og kosningatilhögun.

Þar sem stjórnarskrárbreyting verður að fara á undan nýrri lagasetningu um þessi efni, og þar sem það tekur 2 þing að breyta stjórnarskránni, þá getur frv. til kosningalaga, sem byggt er á hinum nýju stjórnarskrárákvæðum, ekki komið fyrir hið fyrra af þeim tveim þingum, sem hafa stjskr.-breytingarnar til meðferðar. Ný kosningalög geta því ekki komið fyrir reglulegt Alþingi 1932, sem nú er að byrja störf sín. Af þessari orsök hefir okkur ekki þótt nauðsyn að semja og hafa tilbúið nú þegar lagafrv. um kjördæmaskipun og kosningar til Alþingis, en höfum lagt fram uppástungur um tilhögun á þessu i meginatriðum. Í uppástungum þessum er þó gengið framhjá mörgu, sem setja þarf i kosningalög, en við höfum talið, að ekki mundi valda miklum ágreiningi meðal þeirra, sem gætu fallizt á tilhögunina í aðalatriðum.

Eins og áður var getið, kom ágreiningur fram í nefndinni aðallega um það tvennt:

a) Hvort tryggja ætti þingflokkunum þingsæti i samræmi við kjósendafjölda og
b) Hvort núverandi kjördæmi ættu að halda áfram að hafa sérstaka kjördæmakosna þingfulltrúa.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni vildu reyna að sameina þetta tvennt, og á því eru tillögur okkar byggðar um *hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi.* Tilhögunin er í aðalatriðum á þessa leið:

Fyrst eru kosnir 30 þingmenn á mjög svipaðan hátt og nú, í 26 *einmenn-*

ingskjördæmum og 4 í Reykjavik. Í þessum hluta kosningarinnar eru þó þau nýmæli, að um leið og hver kjósandi lætur í ljós, hvaða *frambjóðanda* hann vilji kjósa, sýnir hann einnig hvaða *flokk* hann vilji styðja með atkvæði sínu. Framboðin sjálf verða miklu frjálslegri en nú. Nú má það varla koma fyrir, að tveir frambjóðendur af sama flokki keppi um þingsæti við kosningu. Það verður að afgera bak við tjöldin fyrir kosningar, hver eigi að vera í kjöri, þar sem um fleiri er að velja, og kjósendur almennt ráða oft litlu um þetta. Eftir uppástungunum verða venjulega fleiri en einn maður af sama flokki í framboði í hverju kjördæmi, án þess að það skaði flokkinn neitt. Ef þeir til samans fá nógu mörg atkvæði, þá hreppir flokkurinn þingsætið. Sá af frambjóðendum flokksins, sem fær flest atkvæðin, hlýtur þingmennskuna, sá næsthæsti verður varaþingmaður, ef hann þá ekki hreppir uppbótarþingsæti, sem einnig getur komið fyrir.

Næst er nú þessi atkvæðagreiðsla í kjördæmunum notuð sem undirstaða undir útreikningi um það, hve marga þingmenn hver flokkur skuli fá alls, og við þann útreikning *er landið allt skoðað sem eitt kjördæmi*. Atkvæði allra kjósenda vega þar jafnmikið, hvar sem þeir eru búsettir í landinu, hvort sem þeir eru í fámennu eða fjölmennu kjördæmi. Flokkarnir fá þingmannatölu svo nákvæmlega nærri réttu hlutfalli við greidda atkvæðatölu sem samrýmanlegt er því, að þingmannatala hvers flokks verður að standa á heilum; brot úr þingmanni er ekki unnt að nota. Þeir flokkar, sem hafa borið skarðan hlut frá borði við kjördæmakosninguna, fá þarna uppbótarsæti. Stungið er upp á, að þingmenn verði aldrei færri en 42, og getur þetta leitt til þess, að allir flokkar fái uppbótarsæti, ef ekki hefir komið fram mjög mikið misræmi milli flokkanna við kjördæmakosninguna.

Loks er landinu til úthlutunar á uppbótarsætunum skipt í *6 hlutfallskjördæmi* (landshlutana eins og nú er orðin venja að aðgreina þá í Hagskýrslum). Með þessu vinnst það, að atkvæði hvers þess kjósanda, sem verður gagnslaust við sjálfa kjördæmakosninguna, af því að kjósandinn lendir í minni hluta í sínu kjördæmi, það sameinast atkvæðum annara kjósenda úr sama flokki og sama landshluta og fellur á eða færist yfir á einhvern af frambjóðendum flokksins *í þeim landshluta*. Með þessu er það tryggt, að einnig uppbótarsætin dreifist meðal frambjóðenda um allt land.

Núverandi skipting landsins í kjördæmi er byggð á skiptingunni í sveitarstjórnarumdæmi, þannig að sýslu- og bæjarfélög eru kjördæmi hvert fyrir sig, þó með 4 undantekningum, þar sem Gullbr.- og Kjósarsýsla er eitt kjördæmi, en tvö sýslufélög, sömuleiðis Barðastrandarsýsla, og Siglufjörður og Norðfjörður eru í kjördæmi með sýslufélögum þeim, sem þessir kaupstaðir tilheyrðu áður fyrr.

Fólksfjöldi kjördæmanna, þingmannatala og fólksfjöldi á hvern þingmann var sem hér segir eftir aðalmanntalinu 2. des. 1930:

1. Reykjavík, íbúar 28182, þingmenn 4, á hvern þm. 7045 íb.
2. Tvímenningskjördæmi:

Eyjafjarðarkjördæmi	7188 íb.,	á hvorn	þingm.	3594 íb.
Suðurmúlakjördæmi	5642 —	- —	—	2821 —

Árnessýsla,	4910	íb.,	á	hvorn	þingm.	2455	íb.
Skagafjarðarsýsla,	4008	—	-	—	—	2004	—
Rangárvallasýsla,	3511	—	-	—	—	1755	—
Norðurmúlasýsla,	2777	—	-	—	—	1388	—

3. Einmenningskjördæmi:

Gullbr.- og Kjósarsýsla,	5179	—
Akureyri,	4133	—
Suður-Þingeyjarsýsla	3976	—
Snæfellsnessýsla	3646	—
Hafnarfjörður,	3552	—
Vestmannaeyjar,	3380	—
Norður-Ísafjarðarsýsla,	3220	—
Barðastrandarsýsla,	3115	—
Borgarfjarðarsýsla,	2688	—
Ísafjörður,	2511	—
Vestur-Ísafjarðarsýsla,	2358	—
Austur-Húnavatnssýsla	2241	—
Strandasýsla,	1840	—
Mýrasýsla	1797	—
Norður-Þingeyjarsýsla	1744	—
Vestur-Skaftafellssýsla	1725	—
Dalasýsla	1639	—
Vestur-Húnavatnssýsla	1615	—
Austur-Skaftafellssýsla	1136	—
Seyðisfjörður	931	—
Landið allt	*108644*	*íbúar.*

Yfirlit þetta sýnir, að fólksfjöldi á hvern þingmann er nú orðinn mjög misjafn i kjördæmum landsins. Meðal annars er skiptingin í einmenningsog tvímenningskjördæmi orðin alveg úrelt. Af einmenningskjördæmunum eru nú 8 orðin fólksfleiri en fólksfæsta tvímenningskjördæmið (Norðurmúlas.), og 5 fólksfleiri en það næsta (Rangárvallas.). Aðeins tvö af tvímenningskjördæmunum eru fólksfleiri en nokkurt einmenningskjördæmanna. Af því að tillögur okkar um úthlutun uppbótarsætanna leiða það af sér, að í þau veljast fyrst og fremst frambjóðendur úr fjölmennustu kjördæmunum, til viðbótar hinum eiginlega kjördæmakosna þingmanni, hefir okkur ekki virzt næg ástæða til þess að halda skiptingunni í einmennings- og tvímenningskjördæmi. En það viljum við taka fram, að ef það yrði ofan á að halda áfram að hafa einhver tvímenningskjördæmi, þá teljum við alveg sjálfsagt að lögleiða hlutfallskosningu við kjördæmakosninguna innan þeirra. En á móti því að halda nokkrum tvímenningskjördæmum mælir annarsvegar það, að eftir tillögum okkar að öðru leyti óbreyttum yrði það til þess að fjölga hinum kjördæmakosnu þingmönnum og gæti hæglega til viðbótar leitt af sér fjölgun uppbótarsætanna.

Aftur á móti þykir okkur rétt að benda á það, að með litlum viðauka, sem að engu leyti fer í bága við tillögur okkar, er unnt að tryggja núverandi

tvímenningskjördæmum tvo þingmenn hverju, eða svo mörgum þeirra, sem ástæða þykir til. Aðalreglan um úthlutun uppbótarsæta er hjá okkur sú, að þeir frambjóðendur, sem hafa fengið flest atkvæði án þess að ná kosningu í kjördæmi, hljóta uppbótarsætin innan hvers flokks, svo mörg sem flokkurinn á tilkall til.

Frá þessu höfum við þó stungið upp á einni undantekningu, sem sé, að ákveðið verði, að sex af uppbótarsætunum a. m. k. skuli ávallt tilfalla kjördæmum utan Reykjavíkur. Til viðbótar væri auðvelt að ákveða það, að þessi sæti, eða svo mörg þeirra sem þurfa þætti, skyldu tilfalla frambjóðendum úr núverandi tvímenningskjördæmum, eða hinum fjölmennustu þeirra, og með þessu móti væru þessum kjördæmum tryggð tvö þingsæti, án þess að stofna til nokkurrar fjölgunar á þingmönnum frá því, sem leiðir af tillögum okkar hvort sem er.

Hinsvegar sýnir yfirlitið, að fólksfæstu einmenningskjördæmin ná ekki meðalmannfjölda á þingmann. Við stingum upp á, að lágmarkstala þingmanna verði 42, og eftir manntalinu 1930 koma þá um 2587 íbúar á þingmann. Af núverandi kjördæmum eru 11 neðan við þá tölu, en af þeim hafa þó 9 meira en sem svarar helmingi íbúatölu á þingmann, aðeins tvö eru þar fyrir neðan. En þegar þess er gætt, að sérréttur þessara kjördæma verður einungis sá, að ráða persónulegu vali eins þingmanns hvert, en þau geta ekki með því skert rétt annara kjósenda í landinu til þess að fá hlutfallslega rétta fulltrúatölu, hver fyrir sínar landsmálaskoðanir, þá virðist okkur ekki heldur næg ástæða til að stinga upp á breytingum á núverandi kjördæmaskipun í þá átt að leggja fámennustu kjördæmin saman við önnur, ef tillögur okkar í heild ná fram að ganga.

Það leiðir af tillögum okkar, að tala þingmanna getur ekki verið fyrirfram ákveðin til fulls, heldur veltur hún að nokkru á úrslitum hverra kosninga. Sérstaklega er það ógerlegt að ákveða tölu uppbótarsætanna fyrirfram eða í eitt skipti fyrir öll, t. d. með lögum, af því að slík ákvörðun fyrirfram býður upp á það, að misnota tilhögunina, svo að höfuðtilganginum, hlutfallslega réttri fulltrúatölu, verði ekki náð. Þessu til skýringar viljum við í fám orðum segja frá gangi þessa máls í Danmörku, en þar hefir þessi kosningaraðferð verið fundin upp, vandlega íhuguð frá öllum hliðum, lögleidd og notuð við einar kosningar, en ekki annarstaðar svo við vitum. Þar var tala uppbótarsætanna fyrirfram lögákveðin, og það varð til þess, að þessi tilhögun var yfirgefin aftur.

Hlutfallskosning í sambandi við einmenningskjördæmi er hugsuð upp í Danmörku og hafði verið rædd þar í blöðum og á þingi í nokkur ár áður en hún var lögtekin með kosningalögum 1915. Einmenningskjördæmin voru ákveðin 114 og uppbótarsætin 26, og eftir þessum reglum fóru fram kosningar til fólksþingsins 1918.

Þessi kosning í Danmörku 1918 fór að öllu skaplega. Flokkarnir fengu þingfylgi í dágóðu samræmi við atkvæðamagn. En eftir kosninguna birti einn af vísindamönnum Dana, Fr. Zeuthen hagfræðingur, ritgerð í Nationalökonomisk Tidsskrift um kosninguna og kosningaraðferðina. Hann sýndi þar fram á,

að þolanleg hlutfallsniðurstaða þessara kosninga hefði stafað fyrst og fremst af því, að tveir flokkar (sósialistar og radikalir) höfðu verið í kosningabandalagi í mörgum kjördæmum. Ef svo hefði ekki verið, þá hefði tala uppbótarsætanna alls ekki nægt til þess að fá þolanlega rétt hlutföll milli flokka í þinginu.

Og þó fann hann annan galla ennþá verri á tilhöguninni. Hann sýndi fram á, að undir eins og menn væru búnir að átta sig á þessari tilhögun, þá byði hún flokkunum upp á að beita brögðum við kosninguna — öldungis löglegum brögðum —, til þess að sumir þeirra gætu náð uppbótarsætum án þess að eiga réttmætt tilkall til þeirra. Þetta sýnir hann, að gera má aðallega á tvennan hátt, annaðhvort með því, að flokkur gengur til kosninga undir einu nafni í sumum kjördæmum, yfirleitt þar, sem hann á víst sæti við kjördæmakosninguna, og undir öðru nafni í sumum kjördæmum, yfirleitt þar, sem hann veit sig í minni hluta, ellegar með samvinnu milli tveggja flokka, sem beinist að því að ná sem flestum þingsætum handa þessum flokkum til samans, á kostnað annara þingflokka („illoyal Alliance" kallar Zeuthen þetta). Hann sýnir fram á, að eftir atkvæðatölum, sem flokkarnir í Danmörku höfðu fengið við nýlega afstaðnar landsþingskosningar, var sumum þeirra innan handar að misnota kosningatilhögunina svo, að minni hluti kjósenda fengi töluverðan meiri hluta þingsæta, og að þingið gat orðið alveg skökk mynd af vilja kjósendanna.

Kosningin 1918 hafði ekki vakið neina óánægju. En ritgerð Zeuthens hafði þau áhrif, að ríkisþingið felldi þessi kosningalög þegar í stað úr gildi og lögleiddi hreinar hlutfallskosningar í fleirmenningskjördæmum (amtskjördæmum) með uppbótarsætum. Gömlu einmenningskjördæmunum er aðeins haldið sem *framboðsumdæmum*, en tilhögunin tryggir það ekki, að kosinn verði frambjóðandi úr hverju framboðsumdæmi.

Galla þá, sem Zeuthen fann á kosningatilhögun Dana frá 1918, getum við bezt skýrt með því að taka dæmi héðan, frá kosningunni 1931. Framsóknarflokkurinn hafði meiri hluta eða hæsta atkvæðatölu í 16 kjördæmum, og hefði því fengið 16 menn kosna, og 865 atkvæði bak við hvern. Uppbótarsæti hefði þurft 13, þar af hefði Sjálfstæðisflokkur fengið 9 og alls 20 þingmenn, en Alþýðuflokkur 4 og alls 7 þingmenn.

Hugsum oss nú, að tala uppbótarsætanna hefði verið takmörkuð, t. d. ekki mátt fara fram úr 13. Þá hefði Framsóknarflokkurinn getað náð í nokkur þessara sæta handa sér, og þar með náð jafnmörgum þingsætum frá hinum flokkunum, með því að skipta sér að nafninu til í tvennt. Gengið undir öðru nafni í þeim kjördæmum, þar sem hann átti litlar líkur til að koma manni að, og haft einn vissan frambjóðanda í kjöri undir sama flokksheiti, ef slíkt var áskilið til þess að flokkur þessi gæti komið til greina við úthlutun uppbótarsæta. Þá gat Framsókn I náð þingsæti í 15 kjördæmum, en Framsókn II í einu kjördæmi (hugsum oss t. d. Árnessýslu), og þar að auki safnað atkvæðum úr 8 kjördæmum, þar sem Framsókn var í minni hluta. Við sleppum útreikningnum, en segjum aðeins niðurstöðuna. Hún hefði orðið:

Sjálfstæðisflokkur	17	þingsæti
Framsókn I	15	
Framsókn II	5	
	20	—
Alþýðuflokkur	6	—
Alls	43	—

í stað þess að hin réttu hlutföll *með sömu þingmannatölu* eru:

Sjálfstæðisflokkur	20	þingsæti
Framsókn	16	—
Alþýðuflokkur	7	—
Samtals	43	—

Mörg fleiri dæmi mætti taka, en þetta nægir til þess að sýna, hvað það var, sem felldi þessa kosningatilhögun í Danmörku.

Þessi höfuðgalli á tilhöguninni dönsku hverfur nú, ef tala uppbótarsætanna er ekki takmörkuð. Kosningabrögð eins og þessi geta þá ekki lengur fært neinum flokki vinning. Þau mundu ekki raska *hlutfallinu* milli þingsætatalna flokkanna, þau gætu aðeins orðið til þess að auka þingmannatölu allra flokka hlutfallslega jafnt. Þess vegna erum við ekki hræddir um, að farið yrði að beita slíkum brellum í sambandi við tillögur okkar. Það verður enginn ávinningur að því að beita þeim.

Árið 1921 var í Danmörku með lögum frá 29. apríl skipuð milliþinganefnd, sem átti að endurskoða löggjöfina um kosningar til ríkisþingsins. Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar kom fram uppástunga um að yfirvega, hvort ekki væri rétt að hverfa frá hlutfallskosningum þeim í fleirmenningskjördæmum (amtskjördæmum), sem þá höfðu verið í lögum 3 ár, og hverfa aftur að hlutfallskosningum í sambandi við einmenningskjördæmi (við kosningar til fólksþingsins). Var mikið um þetta rætt í nefndinni, og niðurstaðan sú, að þetta væri ekki gerlegt nema tala uppbótarsætanna yrði höfð óákveðin. En til þess þurfti grundvallarlagabreytingu, því að hámark er sett fyrir tölu fólksþingsmanna í grundvallarlögunum, og mega þeir ekki vera fleiri en 152. En nefndin hafði ekki umboð til þess að fást við grundvallarlagabreytingar. Var þá borin upp tillaga í nefndinni um, að hún færi fram á að fá verkahring sinn víkkaðan, svo að hún gæti borið fram tillögu um breytingu á grundvallarlögunum, en sú tillaga var felld í nefndinni með 10 atkv. gegn 5, enda hafa grundvallarlagabreytingar jafnan átt erfiðan framgang í Danmörku. Þar með hvarf nefndin frá því að bera fram uppástungu um að hverfa aftur að einmenningskjördæmum.

Það hefir þannig orðið niðurstaðan af endurteknum, vandlegum íhugunum stjórnmálamanna og sérfræðinga í kosningafræðum í Danmörku, að hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi séu ekki nothæfar nema í sambandi við fyrirfram óákveðna tölu uppbótarsæta, ef nást á hlutfallslegt jafnrétti milli flokkanna. Sömu skoðunar erum við, eftir vandlega íhugun á

þessu atriði, nema gripið sé til þeirrar frávikningar frá einu atriði tilhögunarinnar, sem greint verður hér á eftir.

Hinsvegar höfum við orðið þess varir, bæði í nefndinni og annarsstaðar, eftir að tillögur okkar voru birtar, að menn hafa af þessu dregið þá ályktun, að engar skorður væri unnt að setja gegn því, að þingmenn yrðu óhæfilega margir, af því að ekki er unnt að takmarka eða ákveða með lagaboði fyrirfram sjálfa þingmannatöluna. En þetta er misskilningur. Tala þingmanna ákvarðast aðallega annarsvegar af tölu greiddra atkvæða, sem ekki getur vaxið úr hófi, og hinsvegar af *hlutfallstölu* kosningarinnar, eins og hún er skilgreind í tillögunum. Til þess að koma í veg fyrir óhæfilegan fjölda þingmanna þarf ekki annað en að tryggja það, að *hlutfallstalan* verði ekki óhæfilega lág, og það má tryggja á ýmsan hátt með ákvæðum í kosningalögum.

Athugað hefir verið, að eftir þessari kosningatilhögun og með atkvæðatölum þeim, sem komu fram við alþingiskosningar 1927 og 1931, hefði tala þingmanna orðið 43 við fyrri kosninguna og 43 eða 44 við seinni kosninguna, eftir því hvort reglurnar um rétt til uppbótarsæta hefðu verið þannig, að kommúnistaflokkurinn, sem náði ekki þingsæti í neinu kjördæmi, hefði fengið uppbótarsæti eða ekki. Með þessari þingmannatölu hefðu flokkarnir náð fullu jafnrétti að þingsætatölu. Og þó olli kjördæmaskipunin svo miklu misræmi við kosninguna 1931, að það er í rauninni ekki sennilegt, að það geti orðið nokkrum mun meira, eða fleiri uppbótarsæti þurft til þess að jafna milli flokka. Að minnsta kosti yrðu til þess að vera einhverjar sérstakar ástæður, og höfum við ekki komið auga á neinar, sem líklegar séu til að sprengja þessa tilhögun með óhæfilegri þingmannafjölgun. Skulum við minnast á það helzta, sem við höfum heyrt, að vakið hafi hjá mönnum ótta um þetta, en af því að allt slíkt verður einna bezt útlistað með dæmum frá einhverjum raunverulegum eða hugsuðum kosningum, þá tökum við fyrst kosninguna frá 1931 sem dæmi til útlistunar.

Með atkvæðatölum þeim, sem komu fram við þessa kosningu, en eftir þeirri tilhögun, sem við stingum upp á, hefði aðalniðurstaðan orðið þessi:

Flokkur	Atkv. alls	Framb. í kjörd.	Kosnir í kjörd.	Uppbótarsæti	Þm. alls
Sjálfstæðisflokkur	17212	26	11	9	20
Framsóknarflokkur	13844½	24	16	0	16
Alþýðuflokkur	6197½	17	3	4	7
Kommúnistaflokkur	1165	5	0	?	?
Utan flokka	125	2	0	0	0

Við höfum nú ekki gert ákveðnar tillögur um skilyrðin fyrir því, að flokkur geti komið til greina við úthlutun uppbótarsæta, og á meðan þau skilyrði eru ekki ákveðin, er það óútkljáð, hvort Kommúnistaflokkurinn hefði fengið eitt uppbótarsæti eða ekki komið til greina. Hann náði ekki kosningu í neinu kjördæmi, hafði ekki fulla hlutfallstölu í neinum hinna 6 landshluta, en náði fullri hlutfallstölu fyrir einn þingmann á landinu í heild. Ef þessi flokkur hefði fengið eitt uppbótarsæti, þá hefði það aðeins fjölgað þingmönnum um þann eina mann, en ekki haft áhrif á hlutfallstöluna og þess vegna ekki að öðru leyti haft nein áhrif á tölu þingmanna. Án þess að taka neina afstöðu til þessa atriðis að

svo stöddu sleppum við Kommúnistaflokknum og reiknum eins og hann hefði ekki fengið þingsæti.

Þá eru atkvæðatölur flokkanna á hvern kjördæmakosinn þingmann og þessar tölur samtals deilt með lágmarkstölu þingmanna sem hér segir; brotum sleppt, ef minni eru en ½, ella hækkuð upp í heilan:

Sjálfstæðisflokkur	17212	: 11 =	1565
Framsóknarflokkur	13844½	: 16 =	865
Alþýðuflokkur	6197½	: 3 =	2066
Samtals	37254	: 42 =	887

Tala Framsóknarflokksins er lægst, hún verður hlutfallstala kosningarinnar og tala þingmanna verður 43.

Skal nú athugað nokkru nánar, hverjar líkur eru fyrir því, að tala þingmanna hækki verulega frá þessu, eða frá því, sem nú er, eftir tillögum okkar.

Í fyrsta lagi er það þá ljóst, að við hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi fer þörfin á tölu uppbótarsæta eftir því, hvað einmenningskjördæmin eru mörg. Hér verða einmenningskjördæmin 26, og þessi útreikningur á kosningunni 1931 sýndi, að uppbótarsætin þurftu að vera 13, eða rétt 50% af tölu einmenningskjördæmanna. Danska milliþinganefndin frá 1921, sem um hefir verið getið, lét rannsaka og reikna út fyrir 18 fólksþingskosningar i Danmörku, sem fram höfðu farið frá 1895—1920, hve mörg uppbótarsæti hefði þurft til fullrar jöfnunar á kosningunni á móts við tölu einmenningskjördæmanna. Niðurstaðan varð sú, að þurft hefði fæst 22% og mest 64% uppbótarsæti móts við tölu einmenningskjördæmanna. Ef hér væru 26 einmenningskjördæmi einungis, þá yrðu uppbótarsætin eftir þessari reynslu frá 6 til 17. Nú bætist hér við Reykjavík með 4 hlutfallskosna þingmenn, sem kann að auka þörfina fyrir uppbótarsæti eitthvað, en þó aldrei jafnmikið eins og 4 einmenningskjördæmi mundu gera. Við teljum, að nærri láti, að uppbótarþörfin hér samsvari 27 einmenningskjördæmum, og ætti þá tala uppbótarsætanna eftir reynslunni frá Danmörku að fara í mesta lagi upp í 18, en það er sama sem að þingmenn yrðu flest 48.

Það eru þannig allar líkur til, að tala þingmanna mundi eftir uppástungu okkar leika á 42 til 48, og venjulega verða 43 til 45, ef kosið er eftir flokkum á alveg eðlilegan hátt, og sjálf kosningatilhögunin býður mönnum ekki upp á nein undanbrögð, sem hafa í för með sér óeðlilega fjölgun þingmanna. En nú er unnt að hugsa sér, að eitthvað slíkt komi fyrir, og þykir rétt að athuga sérstaklega nokkrar ástæður, sem við höfum heyrt, að menn væru hræddir um, að mundu valda fjölgun þingmanna.

a. Framboð og kosning utanflokkamanna.

Það þarf ekki nema lauslega athugun til þess að sjá það, að framboð og kosning utanflokkamanna getur aldrei leitt til neinnar verulegrar fjölgunar á þingmönnum eftir tillögum okkar. Ef utanflokkamaður er kosinn í kjördæmi, þá er það í raun og veru sama sem fækkun á þeim einmenningskjördæmum, sem geta valdið misræmi á milli flokkanna. Ef nokkur brögð verða að því, að utanflokkamenn nái kosningu, þá lækkar tala hinna kjördæmakosnu flokks-

þingmanna, og þar með hækkar hlutfallstala kosningarinnar, a. m. k. ef menn hugsa sér, að utanflokkaframboð dragi frá þeim flokknum, sem annars hefir mest fylgi og fær flesta kosna í fámennum kjördæmum. Það þarf þess vegna ekki að gera ráð fyrir þingmannafjölgun af þessari ástæðu. Aftur á móti gætu menn hugsað sér, að kosning utanflokkamanna gæti leitt til röskunar á réttu hlutfalli á milli þingflokkanna á þann hátt, að maður, sem kosinn er utanflokka, styddi í raun og veru einhvern tiltekinn þingflokk. Um þetta yrði þó fyrst og fremst að treysta yfirlýsingu frambjóðandans um flokksafstöðu hans. Í þeirri yfirlýsingu verður að vera berum orðum fram tekið, annaðhvort að frambjóðandinn telji sig til einhvers sérstaks flokks, eða að hann sé utan flokka, en styðji tiltekinn flokk, og þá verða atkvæði hans og þingsæti hans sjálfs talið þeim flokki við útreikning kosningarinnar, eða þá í þriðja lagi, að hann verður að gefa yfirlýsingu um, að hann sé utan flokka og styðji engan tiltekinn flokk. Frambjóðandi, sem í raun og veru væri ákveðinn flokksmaður, myndi naumast gefa slíka yfirlýsingu; en ef vitanlegt yrði um, að þingmaður tæki aðra afstöðu heldur en þá, sem framboðsyfirlýsing hans segir, gæti löggjöfin, ef þurfa þætti, sett viðurlög og komið fram refsingum, þar á meðal fyrst og fremst missi þingmennsku, að undangengnum dómi. Eru í mörgum löndum sérstakir dómstólar, sem úrskurða öll vafaatriði viðvíkjandi kosningum til löggjafarsamkomunnar, og gætu menn hugsað sér, að slík brot heyrðu undir þesskonar dómstól, ef þörf þætti að gera ráð fyrir þeim.

b. Myndun yfirskinsflokka.

Sumum hefir komið til hugar, að það gæti valdið óeðlilegri þingmannafjölgun, ef meirihlutaframbjóðandi í einu fámennu kjördæmi tæki sér og kjósendum sínum sérstakt flokksheiti. Mundi þá kjósendatala þessa þingmanns verða hlutfallstala kosningarinnar, og gæti hún orðið svo lág, að tala þingmanna færi fram úr öllu valdi.

Það er alveg sjálfsagt, að þegar hugtakið þingflokkur er komið inn í stjórnarskrána sem grundvallandi hugtak um skipun Alþingis og alþingiskosningar, þá verður löggjöfin að gera skil á því, hvað í hugtakinu felist, eða hvaða skilyrðum þeir flokkar þurfi að fullnægja, sem geti notið þess réttar, sem stjórnarskráin veitir þingflokkum. Aðaleinkenni hvers þingflokks í venjulegum skilningi er það, að á bak við hann standi sérstakur landsmálaflokkur eða skoðanaflokkur meðal kjósendanna. Í kosningalögum þarf því að setja skilyrði um það, hvað þurfi til þess að flokkur geti komið þar fram sem sérstakur landsmálaflokkur. Til fyrirmyndar um ákvæði þessu viðvíkjandi má að nokkru leyti hafa ákvæði úr kosningalögum Dána. Þar er að vísu ekki hlutfallskosning í sambandi við einmenningskjördæmi, heldur hlutfallskosning í fleirmenningskjördæmum, en þar eru einnig uppbótarsæti, sem eiga að koma til úthlutunar á milli þingflokkanna eftir svipuðum reglum og hér er farið fram á, og þess vegna hefir ekki orðið komizt hjá því að ákveða í kosningalögum þeirra, hvaða skilyrði þeir flokkar eigi að uppfylla, sem geta komið til greina við úthlutun uppbótarsæta. Þessi skilyrði eru tvennskonar. Annarsvegar eru skilyrði, sem þarf að fullnægja áður en framboð eru fullgerð og kjörseðlar búnir til. Engir flokkar eru teknir undir flokksmerki á kjörseðla, nema þeir fullnægi þessum skilyrðum. —

Hinsvegar eru skilyrði um atkvæðamagn við kosninguna, sem koma ekki til greina fyrr en eftir á, þ. e. við útreikning á hlutfallstölu og úthlutun uppbótarsæta.

Til þess að átta sig á því, hvaða skilyrði er eðlilegt að setja um þetta, má t. d. líta á Kommúnistaflokkinn hér við kosningarnar 1931. Það er engum efa bundið, að hann er landsmálaflokkur í þeim skilningi, að hann hefir sérstakar landsmálaskoðanir. Hann hafði frambjóðendur í kjöri í 5 kjördæmum, og þessi 5 kjördæmi dreifðust á 3 af þeim 6 hlutfallskjördæmum, sem landið allt skiptist í. Í þessu lýsir sér einmitt mismunurinn á skoðanaflokki og t. d. hagsmunasamtökum einhvers landshluta, sem menn líka gætu hugsað sér að stofnað yrði til í þeim tilgangi að ná viðurkenningu sem þingflokkur. Það er auðsjáanlega eðlilegt að krefjast þess af landsmálaflokki, að hann hafi frambjóðendur í tilteknum lágmarksfjölda kjördæma, og að þau kjördæmi dreifist á hæfilega marga landshluta. Ef við t. d. gerðum þá kröfu, að frambjóðendur yrðu í 6 kjördæmum hið fæsta, og að þau dreifðust á 3 hlutfallskjördæmi a. m. k., þá er þar með algerlega útilokað, að fámennur kjósendahópur í einu eða tveimur kjördæmum geti með samtökum myndað svo lága hlutfallstölu, að af því leiði óeðlilega þingmannafjölgun.

Í Danmörku eru ennfremur ákvæði um það, að fyrir kosninguna verður liver landsmálaflokkur, sem ekki hefir áður verið viðurkenndur, að leggja fram meðmæli frá 10 þús. kjósendum, en það samsvarar nálega venjulegum atkvæðafjölda fyrir 1½ þingmann. Eitthvað slíkt mætti auðvitað orða hér, en hitt væri þó brotaminna og tryggilegra, að áskilja auk framboðanna, að flokkur, sem hefði ekki fengið fleiri en einn eða tvo þingmenn kosna, gæti ekki komið til greina við útreikning á hlutfallstölu eða úthlutun uppbótarsæta, ef hann hefir færri en $\frac{1}{42}$ allra greiddra atkvæða á kosinn þingmann sinn, eða hvorn þeirra, ef tveir eru kosnir. Slíkt ákvæði mundi í framkvæmdinni þýða það, að einn eða fleiri þingmenn kosnir af flokki með svo litlu atkvæðafylgi yrðu skoðaðir sem utanflokkamenn við útreikning kosningarinnar.

c. Samtök fámennra kjördæma.

Þá hafa menn ennfremur gert sér í hugarlund, að nokkur fámenn kjördæmi víðsvegar um land gætu haft samtök sín á milli um það, að meiri hluti kjósenda í þeim myndi sérstakan landsmálaflokk, og ef þau fengju frambjóðendur sína kosna í flestum eða öllum þessara kjördæma, án þess að hafa frambjóðendur í kjöri jafnframt í öðrum kjördæmum, þá gæti þarna komið fram flokkur með fáa þingmenn og svo lága hlutfallstölu, að leiddi til óhóflegrar þingmannafjölgunar.

Þegar litið er á fólksfjölda núverandi kjördæma, er það alveg ljóst, að í slíkum samtökum yrðu fámenn sveitakjördæmi að vera eingöngu, eða a. m. k. öll uppistaðan. Sú afleiðingin, sem næst lægi, yrði auðvitað, að þessi fámennu kjördæmi yrðu svipt sjálfstæði sínu og lögð saman við önnur kjördæmi. En nú er það vitanlega einkum vegna hagsmuna hinna fámennu kjördæma, sem stungið er upp á að halda skiptingunni í einmenningskjördæmi, og það er þess vegna afarósennilegt, að einmitt þau kjördæmi, sem talið er, að eigi hagsmuni sína undir þessu, færu að gera samtök, sem hlytu að leiða af sér annaðhvort niðurlagningu þeirra sjálfra sem sjálfstæðra kjördæma, eða þá sterka óánægju með

tilhögunina i heild, sem leiddi til þess, að horfið yrði að hlutfallskosningum i fleirmenningskjördæmum. En þó þannig megi telja afaróliklegt, að slíkt komi fyrir, þá þykir rétt að benda á, að til er leið til þess að hindra þetta, sem mundi beinlínis leggja nokkurskonar refsingu á þá kjósendur sjálfa, sem vildu ráðast i slik samtök, sem hér var lýst.

Þess hefir áður verið getið, að takmörkun á tölu uppbótarsætanna er ósamrímanleg þeirri tilhögun, sem við höfum stungið upp á. Þetta þýðir þó ekki annað eða meira en það, að ef menn vilja setja takmörk fyrir tölu uppbótarsætanna og þar með fyrir tölu þingmanna i heild, þá verður að falla frá hinu skilyrðislausa ákvæði um það, að sá flokkur fái ávallt kosinn kjördæmisþingmann, sem hreppir flest atkvæði innan þess kjördæmis. Í milliþinganefndinni dönsku frá 1921 bar einn minni hlutinn fram uppástungu þess efnis að hafa einmenningskjördæmi með takmarkaðri tölu uppbótarsæta og því ákvæði til viðbótar, að enginn flokkur fengi þó kosinn kjördæmisþingmann i fleiri kjördæmum en svo, að tala þingmanna i heild færi þó ekki fram úr hinu lögmælta við úthlutun uppbótarsæta á grundvelli réttrs hlutfalls milli þingsæta flokkanna. Við höfum ekki viljað stinga upp á því að lögleiða þessa tilhögun hér almennt tekið, vegna þess að við erum hræddir um, að það veki megna óánægju innan kjördæmis, ef annar hreppir kosninguna heldur en sá, sem hefir mesta flokksfylgið innan kjördæmisins, og var talsvert ýtarlega um þetta rætt á fundum nefndarinnar. En hinsvegar gætum við vel hugsað okkur að lögleiða slíkt ákvæði aðeins sem varúðarráðstöfun, sem ekki kemur til verkunar fyrr en tala þingmanna er orðin svo há, að samkvæmt reynslu má líta svo á, að um óeðlilega flokksmyndun eða óeðlileg samtök fámennra kjördæma sé að ræða. Þá mundi þetta ákvæði verka þannig, að fleiri eða færri af þeim fámennu kjördæmum, sem réðust í þessi samtök, yrðu fyrir þeirri refsingu, að meiri hlutinn innan kjördæmisins, sem að samtökunum stendur, fengi ekki sinn frambjóðanda kosinn, heldur sá flokkur, sem honum gengur næstur að kjósendafjölda í kjördæminu, ef sá flokkur annars getur bætt við sig þingsæti, án þess að hlutfallstalan við það fari fram úr leyfilegu lágmarki.

Þegar það er ljóst, að með eðlilegri flokkaskiptingu myndi það ekki koma fyrir, að tala uppbótarsætanna færi fram úr 18, þætti okkur ekki varhugavert að setja slíkt viðbótarákvæði því til tryggingar, að þessi tala færi ekki fram úr 20, eða tala þingmanna alls ekki fram úr 50. Við álítum, að ákvæðið mundi aldrei svipta stærsta flokkinn í neinu kjördæmi réttinum til þess að fá sinn kjördæmisframbjóðanda kosinn, nema um einhverjar tilraunir til óeðlilegra samtaka eða undanbragða væri að ræða, sem gerðu það réttmætt, að sá meiri hluti yrði að gjalda slíkt afhroð.

Við vonum, að með þessu sé gerð full grein fyrir því, að það er unnt að samríma þær tvær höfuðkröfur, sem fram hafa komið í milliþinganefndinni, annarsvegar að þingið verði hlutfallslega rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna, og hinsvegar að núverandi kjördæmi haldi áfram að kjósa sérstaka fulltrúa þangað, og að það er unnt að samríma þetta tvennt án verulegrar eða óhæfilegrar fjölgunar á þingmönnum.

Þá viljum við aðeins að lokum fara fám orðum um þær tillögur aðrar viðvíkjandi kjördæmaskipun, sem hafa komið fram í nefndinni.

Tillaga Framsóknarflokksins, sem kom fram á 26. fundi nefndarinnar og skráð er hér að framan, þ. e. að þingmannatala Reykjavíkur verði 7—8, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla verði tvímenningskjördæmi, og Siglufjörður sérstakt kjördæmi, jafnframt því sem landskjörið verði lagt niður, felur ekki í sér neina umbót frá núverandi tilhögun í þá átt að tryggja það, að þingið verði rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu. Sé gert ráð fyrir, að þingmannatala Reykjavíkur verði 8, og niðurstaðan athuguð eftir atkvæðatölunum frá kosningunum 1931, þá myndi Sjálfstæðisflokkurinn að líkindum hafa fengið 3 þingsæti, Framsóknarflokkurinn 2 og Alþýðuflokkurinn 1, þ. e. nákvæmlega sömu hlutföll eins og tölur landskjörnu þingmannanna nú. Auk þess er óvíst um eitt þingsæti (Siglufjörð), af því að það an eru ekki sérstakar atkvæðatölur fyrir hendi frá alþingiskosningunum 1931. Eins og stendur mundi þetta því ekki gera neina breytingu á því misræmi, sem er milli kjósendafjölda og þingsætafjölda flokkanna, en að því leyti sem aðeins 4 af þessum nýju þingmönnum eru kosnir hlutfallskosningum, í stað þess að allir 6 landskjörnir eru nú kosnir með þeirri aðferð, þá er uppástungan afturför frá núverandi tilhögun.

Uppástunga Alþýðuflokksins um að gera landið allt að einu kjördæmi, með hlutfallskosningum eftir svipuðum reglum eins og nú er fylgt við landskjör, hefir í okkar augum sérstaklega þann galla, að kynni kjósenda af frambjóðendum verða óhæfilega lítil. Það má heita ókleift verk fyrir frambjóðendur almennt að kynna sig kjósendum á öllu landinu með fundahöldum eða á annan hátt. Frambjóðendur við slíka kosningu yrðu væntanlega eigi færri en á þriðja hundrað, og þarf ekki að lýsa því, að það er ógerningur fyrir slíkan hóp að fara um allt landið og halda fundi. — Kosningin yrði að vera svo að segja eingöngu flokksbundin, án þess að persónuleg kynni kæmu til greina, nema að því er snerti örfáa forystumenn úr hverjum flokki. Þó þessi tilhögun virðist í fljótu bragði vera einföld, þá myndi hún reynast sérstaklega erfið og umsvifamikil undir eins og nokkuð væri hugsað um, að kjósendur og þingmenn kynntust eða töluðust við.

Hinsvegar höfum við lýst yfir því í nefndinni, að við myndum til vara eða til samkomulags geta fallizt á uppástungu Alþýðuflokksins um hlutfallskosningar í 6 hlutfallskjördæmum. Við höfum engin sérstök andmæli fram að bera gegn þeirri tilhögun önnur en þau, að okkur þykir þó réttara að halda hinum sérstöku kjördæmum innan þessara 6 hlutfallskjördæma, úr því að heppnazt hefir að finna leið til þess, sem jafnframt fullnægir kröfunni um hlutfallslega rétta skipun Alþingis eins vel og bein hlutfallskosning í 6 kjördæmum.

Reykjavík, 22. febrúar 1932.

Jón Þorláksson. Pétur Magnússon.

Fylgiritgerð.

Þjóðfélagsvaldið nú á tímum.

Eftir *Jón Þorláksson.*

Í löndum þeim, sem byggja þjóðskipulag sitt á lýðræðisgrundvelli, er nú á tímum viðurkennt afdráttarlaust, að *ríkisvaldið er í höndum ríkisborgaranna.* Valdið er sameiginleg eign þeirra, og þeir framkvæma það á þann hátt, sem ákveðið er í stjórnskipulögum og öðrum lögum landsins. Valdið yfir málefnum þjóðarinnar er ekki veitt borgurunum með stjórnarskrá eða lagasetningu. Uppspretta valdsins felst í mannréttindum þeirra borgara, sem hópa sig saman í þjóðfélag. Valdið er sameiginleg eign þeirra, og löggjöfin um framkvæmd valdsins er ávöxtur eða afleiðing þeirrar sameiginlegu eignar.

Þessi kenning hefir enganveginn verið viðurkennd almennt á öllum tímum. Í fornöld var hún allvíða viðurkennd, t. d. í ríkjunum á Grikklandi, í Rómaborg á lýðveldistímabilinu, hjá germönskum þjóðflokkum að töluverðu leyti og hjá Íslendingum á þjóðveldistímabilinu. Auðvitað var aldarháttur fornaldar í öllum efnum svo ólíkur nútíðinni, að kenning sem þessi hafði þá talsvert annan blæ en nú. Jafnrétti allra borgara var óþekkt hugtak í þá daga, ríkisvaldið var, þegar bezt lét, í höndum einskonar yfirstéttar fullveðja borgara (bændur, er þingfararkaupi áttu að gegna, cives Romani o. s. frv.). Og jafnframt þessari viðurkenningu á valdi borgaranna til þess sjálfir að ráða málum sínum voru önnur þjóðfélagsöfl uppi, þar á meðal fyrst og fremst *réttur hins sterkari* (hervald), sem stöðugt gerði sig gildandi á þann hátt, að höfðingjar, sem til þess höfðu máttinn, brutu undir sig héruð og lönd og settu þar lög og landsrétt í skjóli valdsins. Alstaðar voru í frammi tilraunir til þess að skapa *erfðarétt* að slíku valdi, og mjög víða varð þeim tilraunum framgengt. Það kemur mjög greinilega í ljós, að þótt hervald og hnefaréttur væri notað til þess að byggja upp yfirráð yfir þjóðfélögum þegar í harðbakka sló, þá þótti þessi grundvöllur ekki vera í nægilegu samræmi við hina ríkjandi réttarmeðvitund þeirra tíma. Erfðarétturinn fullnægði tilfinningu manna miklu betur. Þess vegna sjáum vér t. d. af fornsögum vorum, að allir þeir ribbaldar, sem reyndu að brjótast til valda í Noregi frá dauða Haralds hárfagra og fram á daga Sverris konungs, beittu að vísu vopnum í viðureigninni, en studdu mál sitt með tilvísun til erfðaréttar, og voru rökin fyrir erfðarétti þó í allra veikasta lagi hjá þeim sumum.

Á miðöldunum bar kaþólska kirkjan fram nýja kenningu um uppruna valdsins. Það átti að stafa af guðs náð. Kristur átti að hafa fengið Pétri postula allt vald hér á jörðu, og það átti svo með postullegri útvalningu að hafa gengið að erfðum til páfanna, mann fram af manni. Páfarnir gátu aftur miðlað kardínálum, erkibiskupum og öðrum kirkjuhöfðingjum af þessu postullega veraldarvaldi eftir þörfum. En þeir gátu aftur veitt konungum og þjóðhöfðingjum

hið verzlega vald með kirkjulegri vígsluathöfn. Þannig grundvallaðist konungdæmið af guðs náð, og kenningin um þennan uppruna valdsins hefir verið við lýði fram á vora daga. Henni var t. d. haldið mjög á lofti af Vilhjálmi öðrum Þýzkalandskeisara, sem hrökk frá völdum 1918 og enn er á lífi. Hvort þessi þjóðréttarkenning nokkurn tíma hefir náð tökum á hugum Íslendinga, skal ósagt látið, en nú er hún að minnsta kosti aldauða hér á landi.

Nútímakenningin um ríkisvaldsrétt borgaranna hefir ekki orðið til allt í einu, heldur á hún sér langa þróunarsögu. Sumir telja til upphafs hennar í frelsisskrá Englendinga, Magna Charta frá 1215, er lénsmenn kúguðu Jóhann konung landlausa til þess að afsala skattálöguvaldinu úr hendi konungdómsins og til þess að tryggja hverjum frjálsbornum sakborning málsrannsókn og dóm stéttarbræðra hans. Um skattálöguvaldið urðu oft síðan átök í Englandi milli konungs og lávarða (efri málstofu) annarsvegar og fulltrúaþingsins (neðri málstofu) hinsvegar, og endaði 1689 með fullri viðurkenningu á valdi fulltrúaþingsins í því efni. Síðan hefir þessi þróun haldið óslitið áfram í Englandi, og er nú allt ríkisvaldið í höndum kjörinna þjóðfulltrúa, en þessu er þó samfara óvenju rótgróin konunghollusta.

Bandaríki Norður-Ameríku og Frakkland urðu næst Bretlandi til þess að byggja þjóðskipulag sitt á kenningunni um valdarétt borgaranna, og gengu þá vænu skrefi lengra en Bretland hafði gert, Bandaríkin í fyrstu með „Declaration of Rights" 1776, Frakkland með yfirlýsingunni um mannréttindi og borgaraleg réttindi frá 1789. Alla 19. öldina voru þessar kenningar að ryðja sér til rúms og trúin á „konungdæmið af guðs náð" að hjaðna, og sú trú leið loks til fullnustu undir lok í heimsstyrjöldinni miklu 1914—1918. Eins og kunnugt er, komu mörg ný sjálfstæð ríki upp í Norðurálfu upp úr umróti þessara stríðsára, sum eldri ríkin gerbreyttu stjórnartilhögun sinni á sama tíma, og mörg þeirra ríkja, sem höfðu haldizt utan við styrjöldina, færðu ákvæði stjórnarskipunarlaga sinna á þessu sviði í nútímahorf um og rétt eftir stríðslokin. Nútímaskoðanirnar um uppruna ríkisvaldsins, um rétt borgaranna til þess og um grundvallaratriðin fyrir framkvæmd þess koma fram í öllum þessum stjórnskipulögum. Eins og eðlilegt er koma þær skýrast fram og greinilegast skilgreindar í þeim stjórnskipulögum, sem samin voru algerlega að nýju, þ. e. í stjórnarskrám hinna nýmynduðu ríkja og þeirra, sem gerbreyttu stjórnartilhögun sinni. Hjá gömlu ríkjunum, sem breyttu ekki stjórnartilhöguninni til stórra muna, voru yfirleitt aðeins gerðar þær breytingar á einstökum ákvæðum stjórnarskránna, sem nauðsynlegar þóttu til þess að koma meðferð og framkvæmd valdsins *í reyndinni* í samræmi við hugsunarhátt nútímans, en minna var hirt um að taka upp í þær hin fræðilegu ákvæði á þessu sviði, sem svo mikið ber á í nýju og endursömdu stjórnarskránum.

Þessu til frekari skýringar skulu nú tekin upp nokkur ákvæði úr stjórnarlögum ýmsra ríkja í Norðurálfunni, sem sérstaklega snerta sjálft ríkisvaldið og segja til um, hversu borgararnir framkvæma það. En þess verður að gæta, að stjórnarskrárnar fara mismunandi langt í því að ákveða um tilhögun á kosningum til löggjafarþinganna, og alstaðar er þó gengið framhjá miklu af því efni og vísað til nánari ákvæða í kosningalögum.

1. Frakkland. Þetta riki verður talið hér fyrst, af því að þaðan er runnin fyrirmyndin að ákvæðum flestra stjórnskipulaga, er nú gilda um uppruna ríkisvaldsins, stjórnskipuleg réttindi einstaklinganna og hið borgaralega jafnrétti. Felst þetta í hinni frægu yfirlýsingu frá 26. ágúst 1789 um mannréttindi og borgararéttindi, sem tekin var upp í stjórnarskrá Frakklands 1791 og birt er í þýðingu hér. Eru þessi ákvæði, ýmist með breyttu eða óbreyttu orðalagi, tekin upp í margar stjórnarskrár annara landa, þar á meðal einkum í nýju stjórnarskrárnar, sem settar voru í mörgum ríkjum eftir heimsstyrjöldina 1914—1918.

Nú á tímum eru ekki til í Frakklandi nein samstæð stjórnskipulög, heldur gilda um þetta þrenn lög frá 1875, og auk þess álíta flestir — en er þó vefengt af sumum —, að kaflinn um mannréttindi og borgaraleg réttindi úr stjórnarskipuninni frá 1791 sé enn formlega í gildi.

Aftur á móti er kosningatilhögunin ennþá deilumál á Frakklandi, og hefir m. a. valdið þar stjórnarskiptum fám dögum áður en þetta er ritað. Fram til 1919 var kosið til fulltrúamálstofunnar með meirihlutakjöri í einmenningskjördæmum. Var mikil óánægja með þessa tilhögun, og voru sett um þetta ný lög 1919. Var landinu þá skipt í fleirmenningskjördæmi, en ekki lögleiddar hlutfallskosningar, heldur einskonar meiri hluta listakosningar, í aðalatriðum á þessa leið: Hver kjósandi kýs jafnmarga frambjóðendur og kjördæmið á að hafa þingmenn. Hann er ekki bundinn við að kjósa frambjóðendur af einum lista einungis, en getur kosið framboðslista í heild. Hver frambjóðandi, sem á þennan hátt fær meira en helming greiddra atkvæða, er kosinn. Ef ekki fæst skipað í öll sætin á þann hátt, þá er tölu greiddra atkvæða deilt með þingmannatölu kjördæmisins, og hver listi fær svo marga menn kosna, sem hann hefir *heila* þessa hlutfallstölu fyrir. Þau þingsæti, sem þá eru enn óskipuð, tilfalla þeim listanum, sem hefir fengið flest atkvæðin. Eftir þessum reglum fékk flokkur, sem hafði meiri hluta í fleirmenningskjördæmi, öll þingsætin, og í framkvæmdinni fór það oft svo, að tveir flokkar, sem vissu sig hafa meiri hluta til samans, sameinuðu sig um lista, fengu öll sætin og útilokuðu þannig alla hina. Reglurnar um úthlutun þingsæta, ef enginn framboðslisti fékk meiri hluta, reyndust og mjög ófullnægjandi. T d. er greint frá kosningu í 6 manna kjördæmi, þar sem greidd voru 67444 atkv., eða 11240 á þingmann. Stærsti flokkurinn fékk 29692 listaatkv. og 4 þingmenn, hinir fengu 18269 og 18119 og einn þingmann hvor.

Óánægjan með þessa tilhögun leiddi til þess, að 1927 voru meiri hluta kosningar í einsmannskjördæmum lögleiddar aftur, en meiri jöfnuður gerður á mannfjölda kjördæmanna en áður hafði verið. Deilur standa yfir um þetta ennþá, og einkum um tvö atriði, hlutfallskosningar og kosningarrétt kvenna, sem hefir ekki fengizt lögleiddur í Frakklandi ennþá.

Yfirlýsingin um mannréttindi og borgararéttindi: úr stjórnarskránni frá 3. sept. 1791:

1. gr. Mennirnir fæðast og halda áfram að vera frjálsir og jafnréttháir. Manngreinarmunur í þjóðfélaginu getur ekki grundvallazt á öðru en almenningshagsmunum.

2. gr. Tilgangur sérhverrar þjóðfélagsmyndunar er varðveizla hinna eðlisbundnu og óglatanlegu mannréttinda. Þessi réttindi eru frelsisréttur, eignarréttur, öryggisréttur og réttur til þess að veita mótstöðu gegn kúgun.

3. gr. Allt þjóðfélagsvald á frumuppsprettu sína hjá þjóðinni. Ekkert félag og enginn einstaklingur getur farið með vald, nema beinlínis sé það runnið.

4. gr. Frelsið þýðir vald til þess að gera allt það, sem ekki skaðar annan; þess vegna eru ekki önnur takmörk fyrir framkvæmd eðlisréttar hvers manns en þau, sem tryggja það, að aðrir þjóðfélagsmeðlimir njóti þessara sömu réttinda. Þessi takmörk verða einungis ákveðin með lögum.

5. gr. Lögin hafa ekki rétt til að banna aðrar athafnir en þær, sem eru félagsheildinni skaðlegar. Ekki má hindra neitt það, sem ekki er bannað í lögum, og engan má neyða til að gera það, sem ekki er í lögum fyrirskipað.

6. gr. Í lögunum birtist almenningsviljinn. Allir borgarar eiga rétt á að taka þátt í samningu þeirra, sjálfir eða með fulltrúum fyrir sig. Lögin eiga að vera hin sömu fyrir alla, hvort sem þau vernda eða refsa. Allir borgarar eru jafnir fyrir lögunum og eiga þess vegna jafnan aðgang að öllum opinberum virðingum, stöðum og störfum, hver eftir sínum hæfileika og án annars greinarmunar en þess, er leiðir af mismun á verðleikum og dugnaði.

7. gr. Engan mann má ákæra, taka fastan né hafa í haldi nema svo beri til, sem lögin tiltaka, og eftir þeim reglum, sem þau setja. Þeir sem framkalla, láta frá sér, framkvæma eða láta framkvæma fyrirskipun eftir geðþótta, skulu sæta refsingu; en sérhver borgari, sem er stefnt eða settur í hald samkvæmt lögunum, á að hlýðnast þegar í stað; hann gerist sekur, ef hann veitir mótstöðu.

8. gr. Lögin mega ekki leggja á aðrar refsingar en þær, sem eru stranglega og auðsjáanlega nauðsynlegar, og engum má refsa nema samkvæmt lögum, sem hafa verið sett og auglýst áður en brotið var framið, og er löglega beitt.

9. gr. Með því að sérhver maður skal álitinn saklaus allt þar til kveðið hefir verið upp úr um sekt hans, skulu lögin, ef það verður álitið óhjákvæmilegt að setja hann fastan, stranglega girða fyrir alla harðneskju gagnvart honum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að ná haldi á honum.

10. gr. Engan má ónáða vegna skoðana hans, ekki heldur trúarskoðana, ef hann lætur þær ekki í ljós þannig, að valdi truflun á almennri lögákveðinni reglu.

11. gr. Frelsi til þess að láta í ljós hugsanir og skoðanir er meðal dýrmætustu réttinda mannsins. Þess vegna hefir hver borgari málfrelsi, ritfrelsi og prentfrelsi, þó svo, að hann ber ábyrgð á misnotkun þessa frelsis eftir því sem lögin ákveða.

12. gr. Til tryggingar mannréttindum og borgaralegum réttindum er óhjákvæmilegt að hafa opinbert löggæzlulið. Þetta lið er þess vegna sett á stofn öllum til gagns, en ekki til sérhagsmuna fyrir þá, sem ráða yfir því.

13. gr. Til greiðslu kostnaðar af hinu opinbera löggæzluliði og kostnaðar við framkvæmdarstjórnina er almennur skattur óhjákvæmilegur; ber að leggja hann jafnt á alla borgarana í hlutfalli við greiðslugetu þeirra.

14. gr. Allir borgarar hafa rétt til þess, annaðhvort sjálfir eða með full-

trúum, að ákveða um nauðsyn opinbers skattgjalds, að samþykkja það í fullu frelsi, að hafa eftirlit með notkun þess og að ákveða um niðurjöfnun þess, grundvöll, innheimtu og hversu lengi skuli gilda.

15. gr. Þjóðfélagið hefir rétt til að krefjast af sérhverjum opinberum starfsmanni reikningsskapar um ráðsmennsku hans.

16. gr. Ekkert þjóðfélag er stjórnskipulegt, nema það veiti öryggi fyrir því, að mannréttindin og borgararéttindin séu tryggð, og að skipting hins opinbera valds sé ákveðin.

17. gr. Með því að eignarrétturinn er óskerðanlegur og friðhelgur, getur enginn orðið sviptur eign sinni nema almennings nauðsyn krefji auðsjáanlega og sé í lögum ákveðið, enda séu greiddar réttlátar bætur fyrirfram.

2. Bretland. Þar er engin skjalfest stjórnarskrá, en farið eftir gömlum venjum og einstökum lagaákvæðum um þau efni, sem annarsstaðar er skipað fyrir um með stjórnarskrá.

Þingið er tvískipt. Í efri málstofunni eiga sæti sem stendur nál. 700 „lávarðar", þar á meðal 26 biskupar og erkibiskupar, 28 írskir lávarðar, kjörnir til æfilangrar þingsetu af stéttarbræðrum sínum á Írlandi, 16 skozkir lávarðar, sömuleiðis valdir af stéttarbræðrum sínum, en til eins árs í senn, 6 dómarar, einskonar hæstaréttardómarar, skipaðir æfilangt, og loks allur fjöldinn þar sem rétturinn til þingsetu gengur að erfðum með lávarðstigninni, eða eru aðlaðir af konungi (stjórninni) og fá þar með sæti í efri málstofunni. Efri málstofan hefir að forminu til æðsta dómsvald í ríkinu, en samkvæmt venju taka eigi aðrir þátt í meðferð dómsmála þar en dómararnir 6 ásamt sérstaklega skipuðum, löglærðum forseta, sem á sæti í ráðuneytinu (Lord Chancellor), svo og þeim lávörðum, sem skipa eða hafa skipað háar dómarastöður í ríkinu. Löggjafarvald efri málstofunnar er nú orðið takmarkað þannig, að um fjármál hefir hún eiginlega ekkert atkvæði, gagnvart flestum tegundum almennra laga hefir hún aðeins frestunarvald í 2 til 3 ár, en gagnvart svonefndum einkalögum (t. d. veiting heimildar til eignarnáms, veiting sérleyfa o. fl.) er hún jafns réttar og neðri málstofan. Yfir höfuð er enn mikið miðaldasnið á efri málstofunni, í samræmi við fastheldni Breta um fornar venjur. Í reyndinni hefir stjórnin það á sínu valdi að brjóta sérhverja mótstöðu efri málstofunnar í stjórnmálum á bak aftur með útnefningu nægilega margra nýrra þinglávarða, og hefir þessu vopni verið beitt m. a. til þess að neyða lávarðana til þess að samþykkja umgetnar takmarkanir á löggjafarvaldi málstofunnar.

Neðri málstofan (House of Commons) er hið eiginlega þjóðþing. Þar eiga sæti 615 þingmenn, kosnir til 5 ára í lengsta lagi, en venjulega er þingið rofið áður en kjörtímabilið er á enda. Kosningarréttur og kjördæmaskipun hefir síðustu 100 árin stöðugt verið að færast í áttina til almenns jafnréttis, og eru merkustu breytingarnar gerðar með lögum frá 1832, 1867, 1884, 1918 og 1928. Er nú svo komið, að kosningarrétt hafa karlar og konur 21 árs að aldri almennt, með nokkrum undantekningum þó. Þannig hafa löggæzlumenn og þinglávarðar engan kosningarrétt til neðri málstofu. Ekki er kosningarrétturinn orðinn alveg jafn ennþá, heldur eru eftir þær leifar af margföldum kosningarrétti stóreignamanna fyrr á tímum, að sami maður getur enn greitt atkvæði í tveim kjördæmum, ef

hann er búsettur í öðru, en hefir húsnæði til atvinnurekstrar, sem metið verður til árlegrar leigu a. m. k. 10 sterlingspund, í hinu. Einnig geta háskólagengnir menn greitt atkvæði í tveim kjördæmum, þar sem þeir eru búsettir og við háskóla sinn.

Kjördæmin eru langflest einmenningskjördæmi, og sá kosinn, sem flest fær atkvæðin. Þó eru til örfá tvímenningskjördæmi, og hver háskóli er einskonar fleirmenningskjördæmi út af fyrir sig, og þar fer fram hlutfallskosning. Fylgt er nú þeirri grundvallarreglu, að kjördæmin séu sem jöfnust að fólksfjölda, og eru misfellur á þessu lagfærðar með tilfærslu á takmörkum kjördæmanna þegar þurfa þykir, síðast með lögum frá 1928.

Í brezka þjóðasamfélaginu eru nú orðin mörg önnur löggjafarþing en parlamentið í London. Írska fríríkisins er áður getið. Norður-Írland hefir sérstakt parlament í tveim deildum, og er kosið hlutfallskosningum til beggja deilda. Í sumum löndum Bretaveldis utan Norðurálfunnar eru og komnar á hlutfallskosningar til löggjafarþinganna, svo sem í Tasmaníu og New South Wales, sem eru tvö af sambandsríkjunum í Ástralíu.

3. Belgía. Hlutfallskosningar til löggjafarþingsins voru lögleiddar þar 1899, fyrr en í nokkru öðru ríki Norðurálfunnar, og hefir sú kosningalöggjöf síðan verið tekin víða til fyrirmyndar, m. a. við landskjörið og kosningar í Reykjavík hjá oss. Meðaltala fulltrúa í hverju kjördæmi er rúmlega 6. Leyft er að kjósa listann í heild eða einhvern sérstakan af frambjóðendum á listanum. Kjósendur eru s k y l d i r að greiða atkvæði, og þykir það hafa gefizt vel. Konur njóta almennt ekki kosningarréttar í Belgíu ennþá, og eru það þeir flokkar, sem vanir eru að nefna sjálfa sig „frjálslynda“, sem hafa staðið gegn kosningarrétti kvenna þar, að sögn af ótta við, að klerkarnir (kaþólsku) mundu hafa meiri áhrif á stjórnmálaskoðanir kvenna en gagnlegt væri þessum flokkum.

Helztu stjórnarskrárákvæðin um þessi efni eru (stjskrá frá 1831 með breytingum 1893, 1920 og 1921):

25. gr. Allt vald er runnið frá þjóðinni.

26. gr. Framkvæmd löggjafarvaldsins er í höndum konungs, fulltrúaþingsins og öldungaráðsins sameiginlega.

32. gr. Þingmenn beggja þinga eru fulltrúar þjóðarinnar, og ekki aðeins þess fylkis eða fylkishluta, sem hefir kosið þá.

36. gr. Sérhver þingmaður, sem skipaður verður af stjórninni í nokkra launaða stöðu, aðra en ráðherrastöðu, missir þegar í stað umboð sitt og getur ekki fengið það aftur nema með nýrri kosningu.

47. gr. Þingmenn fulltrúaþingsins eru kosnir beinum kosningum af borgurum (þ. e. karlmönnum) fulls 21 árs að aldri, sem búsettir hafa verið í sama sveitarfélagi í 6 mánuði og eigi eru sviptir kosningarrétti af ástæðum, sem greindar verða í lögum.

Hver kjósandi hefir aðeins eitt atkvæði.

Með lögum má veita konum kosningarrétt við sömu skilyrði. Slík lög verða að vera samþykkt með ⅔ atkvæða að minnsta kosti.

48. gr. Kjördæmaskipting innan hvers fylkis skal ákveðin með lögum.

Kosningar fara fram eftir þeirri tilhögun hlutfallskosninga, sem lögin ákveða.

Atkvæðagreiðsla er skyldubundin og leynileg. Hún fer fram í hverju sveitarfélagi sérstaklega, með þeim undantekningum, sem ákveðnar verða í lögum.

49. gr. Kosningalögin ákveða tölu þingmanna eftir fólksfjöldanum, og má hún eigi fara fram úr einum þingmanni fyrir hverja 40000 íbúa.

4. Holland. Hlutfallskosningar til löggjafarþingsins voru lögleiddar 1917, og lögin endurskoðuð 1921. Í neðri málstofunni eiga sæti 100 þingmenn. Kosnir eru jafnmargir varamenn, og í stjórnarskránni er heimilað að kalla saman þing með tvöfaldri þingmannatölu, og mundu þá varaþingmennirnir einnig verða kvaddir til þingsetu. Landinu er skipt í 18 kjördæmi, en heimilt er að hafa sama framboðslista í fleiri kjördæmum, þó eigi með fleirum en 10 frambjóðendum á hverjum lista. Einnig geta listar úr mismunandi kjördæmum gert með sér kosningabandalag. Ákvæðin gera það mögulegt fyrir flokk, sem telur sér það hentugt, að láta landið allt, eða svo mikinn hluta þess, sem vill, koma fram í reyndinni sem eitt kjördæmi, þannig að hin lögákveðnu kjördæmi verði í reyndinni aðeins framboðsumdæmi, líkt og gömlu einmenningskjördæmin eru nú í Danmörku.

Helztu stjórnarskrárákvæðin um þetta eru:

79. gr. Löggjafarþingið fer með umboð hollenzku þjóðarinnar í heild.

80. gr. Löggjafarþingið greinist í fyrstu og aðra málstofu.

82. gr. Í annari málstofu eiga sæti 100 fulltrúar, kjörnir á grundvelli hlutfallslegrar fulltrúatölu (proportional representation). Allt annað, sem áhrærir kosningarrétt og kosningaraðferð, skal ákveðið með lögum.

83. gr. Í fyrstu málstofu eiga sæti 50 fulltrúar, kosnir með hlutfallskosningum af meðlimum fylkisráðanna.

5. Svissland. Svissneska ríkið er sambandsríki, svo sem kunnugt er, skipað 22 „kantónum“, en 3 þeirra skiptast aftur í tvær „hálfkantónur“ hver. Í stjórnskipulögum sambandsríkisins eru kantónurnar taldar fullvalda ríki hver fyrir sig, en þjóðréttarfræðingar telja þær ófullvalda ríki, eins og hin einstöku „ríki“ í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en að fullveldið sé í höndum sambandsríkisins.

Hlutfallskosningar voru fyrst lögleiddar í kantónunni Tessin 1890, og eru nú lögleiddar í þeim flestum. Sumar þessar kantónur eru ekki víðlendari en það, að ennþá koma allir borgarar saman á einn stað, að fornum sið, og skera úr málum með atkvæðagreiðslu.

Langar deilur stóðu um tilhögun kosninga til sambandsþingsins, þar til hlutfallskosningar voru lögleiddar með þjóðaratkvæði 1918. Þingið hafði ekki fengizt til að samþykkja þær, en við þjóðaratkvæðagreiðsluna voru þær samþykktar með 299550 atkv. gegn 149055 atkv., og samkvæmt ákvæðum í stjórnarskránni nægði þetta til þess að gefa ákvæðinu um hlutfallskosningar stjórnskipulegt gildi. Kosinn er 1 þingmaður fyrir hverja 20000 íbúa, og þingmannatalan endurskoðuð samkvæmt almennu manntali hvert 10. ár. Kosningarréttur er bundinn við 20 ára aldur, en að öðru leyti ræður hver kantóna sjálf

löggjöfinni um skilyrði fyrir kosningarrétti. Engin kantóna hefir ennþá fengizt til að veita konum kosningarrétt, og taka þær því ekki heldur þátt í kosningum til sambandsþingsins.

Stjórnarskipun Svisslands er í mörgum grundvallaratriðum frábrugðin tilhögun annara landa, enda algerlega vaxin upp heima fyrir úr sérstökum staðháttum þessara smáu sambandsríkja, kantónanna, og þykir ekki ástæða til að greina nánar frá því hér.

6. Þýzka ríkið. Þar eru lögleiddar hlutfallskosningar með óákveðinni þingmannatölu, þannig að hver flokkur fær einn þingmann fyrir hver 60000 atkvæði, sem flokknum hafa hlotnazt við kosningar. Er landinu í þessu skyni fyrst skipt í kjördæmi. En svo eru kjördæmin flokkuð í kjördæmabandalög, og innan hvers bandalags eru aftur talin saman þau atkvæði, sem flokkarnir hafa afgangs úr hverju kjördæmi, eftir að hafa fengið þar einn þingmann fyrir hver 60000 atkv. Afgangarnir úr hinum einstöku kjördæmum eru lagðir saman, og fá þá flokkarnir enn þingmann fyrir hver 60000 atkv. úr þeim samtölum. Loks getur hver flokkur haft í kjöri ríkislista, og þá koma þar saman afgangsatkvæðin úr kjördæmasamböndunum, og er enn úthlutað þingsæti fyrir hver 60000 atkvæði, svo og fyrir síðasta afganginn, ef hann nemur fullum helmingi þeirrar tölu. Þannig er allt skipulagið byggt á þeim grundvelli, að flokkarnir fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðamagn, sem hverjum þeirra hefir hlotnazt við almennar kosningar. Samskonar tilhögun hlutfallskosninga hefir verið tekin upp í mörgum þýzku sérríkjunum.

Hér eru helztu stjórnarskrárákvæðin um þetta úr þýzka ríkinu og tveim stærstu sérríkjunum:

a. Þ ý z k a r í k i ð, áður keisaradæmi, gert að lýðveldi 1918. Stjórnarskráin sett 1919.

1. gr. Þýzka ríkið er lýðveldi. Allt vald í ríkismálefnum á uppruna sinn hjá þjóðinni.

20. gr. Ríkisþingið er skipað fulltrúum hinnar þýzku þjóðar.

21. gr. Ríkisþingmenn eru fúlltrúar þjóðarinnar í heild. Þeir eiga að fara eingöngu eftir samvizku sinni, en eru ekki bundnir af neinu umboði.

22. gr. Ríkisþingmenn skal kjósa með almennum, beinum, jöfnum og leynilegum kosningarrétti allra karla og kvenna eldri en 20 ára á grundvelli hlutfallslegrar fulltrúatölu. Kjördagurinn skal vera sunnudagur eða almennur fridagur.

Nánari ákvæði skal setja í kosningalögum ríkisins.

23. gr. Ríkisþingið er kosið til 4 ára. ....

b. B a j e r n. Stjórnarskrá 1919.

2. gr. Allt vald á uppruna sinn hjá þjóðinni í heild. ....

26. gr. I. Þingið er kosið með almennum, jöfnum, leynilegum og beinum kosningarrétti á grundvelli hlutfallslegrar fulltrúatölu.

c. P r ú s s l a n d. Stjórnarskrá frá 1919—20.

2. gr. Þjóðin í heild sinni er handhafi hins opinbera valds.

9. gr. 1) Þingið er skipað fulltrúum prússnesku þjóðarinnar. Þingmennirnir eru fulltrúar þjóðarinnar í heild, og eru kosnir af henni eftir

grundvallarreglum hlutfallskosninga. -- 2) Kjörgengir eru kjósendur fullra 25 ára.

10. gr. Þingmenn greiða atkvæði í fullu frjálsræði, samkvæmt samvizku sinni og án tillits til annars en almenningshagsmuna. Þeir eru ekki bundnir af neinu umboði eða fyrirmælum.

7. *Austurríki.* Þar eru hlutfallskosningar til þjóðþingsins fyrirskipaðar í stjórnarskránni, og eru fleirmenningskjördæmi með nokkrum uppbótarsætum, sem er úthlutað milli flokkanna til jöfnunar á því misræmi, sem afgangsatkvæði eða umframatkvæði í kjördæmunum valda. Stjórnarskrárákvæðin eru þessi (stjórnarskrá frá 1920, endurskoðuð 1925 og 1929):

1. gr. Austurríki er þjóðveldi á lýðræðisgrundvelli. Rétturinn á uppsprettu sína hjá þjóðinni.

26. gr. Þjóðþingið er kosið af þjóðinni í heild á grundvelli jafns, beins, leynilegs og persónulegs kosningarréttar karla og kvenna, sem eru fulls 21 árs, og eftir grundvallarreglum hlutfallskosninga.

8. *Tékkoslovakía.* Þar fyrirskipar stjórnarskráin hlutfallskosningar til beggja þingdeilda. Kosið er í fleirmenningskjördæmum, með 6 til 45 þingsætum í hverju. Í fyrstu kosningu er enginn kjörinn nema hann hafi fengið fulla hlutfallstölu í sínu kjördæmi, þ. e. fulla tölu greiddra atkvæða, deilda með þingmannatölu kjördæmisins. Átta dögum eftir þessa fyrstu kosningu kemur landskjörstjórn saman til þess að skipa í sæti þau, sem enn eru ófyllt, og leggja flokkarnir þá fram lista yfir þá af frambjóðendum úr kjördæmunum, sem hafa ekki náð kosningu, en þeir vilja að komi til greina. Eru þá lögð saman afgangsatkvæði flokkanna úr kjördæmunum og þingsætum úthlutað til flokkanna eftir atkvæðamagni og reglu, sem er dálítið frábrugðin d'Hondts aðferð. Helztu stjórnarskrárákvæðin eru þessi (frá 1920):

1. gr. Allt vald er runnið frá þjóðinni. Stjórnarskráin kveður á um, hvaða stofnunum hin fullvalda þjóð felur lagasetningu, framkvæmdarstjórn og dómsvald. Hún kveður einnig á um það, hvaða takmörk þessum stofnunum eru sett til tryggingar því, að þær gangi ekki á það frelsi, sem borgurunum er tryggt með stjórnarskránni.

6. gr. Löggjafarvaldið fyrir landsvæði hins tékkoslovakiska lýðveldis í heild er í höndum þjóðþingsins, sem skiptist í tvær deildir: Fulltrúadeild og öldungadeild. ...

8. gr. Í fulltrúadeildinni eiga sæti 300 fulltrúar, kjörnir að viðhöfðum almennum, jöfnum, beinum og leynilegum kosningum og samkvæmt grundvallarreglum hlutfallskosninga. Kosningarnar fara fram á sunnudegi.

9. gr. Kosningarrétt til fulltrúadeildarinnar eiga allir tékkoslovakiskir borgarar, karlar sem konur, fulls 21 árs, sem fullnægja öðrum ákvæðum laga um kosningar til fulltrúadeildarinnar.

13 gr. Í öldungadeildinni eiga sæti 150 þingmenn, kjörnir að viðhöfðum almennum, jöfnum, beinum og leynilegum kosningum og samkvæmt grundvallarreglum hlutfallskosninga. Kosningarnar fara fram á sunnudegi.

14. gr. Kosningarrétt til öldungadeildarinnar hafa allir tékkoslovakiskir

borgarar, karlar sem konur, fullra 26 ára að aldri, sem fullnægja öðrum ákvæðum laga um skipun og tilhögun öldungadeildarinnar.

9. Pólland. Stjórnarskrá frá 17. marz 1921, endurskoðuð 1926.

2. gr. Ríkisvaldið í lýðveldinu Póllandi tilheyrir þjóðinni. Þetta vald er að því er löggjöf snertir falið þjóðþinginu og öldungaráðinu til meðferðar, að því er framkvæmdarstjórn snertir forseta lýðveldisins og ábyrgum ráðherrum, að því er dómsvaldið snertir óháðum dómstólum.

10. gr. Frumkvæðisréttur að löggjöf er hjá stjórninni og þjóðþinginu. Tillögur og uppástungur um lög, sem hafa í för með sér útgjöld úr ríkissjóði, eiga að gera grein fyrir tilgangi þessara útgjalda og á hvern hátt tekna verði aflað til þeirra.

11. gr. Fulltrúar til þjóðþingsins eru kosnir til 5 ára frá þingsetningardegi að telja. Kosningarrétturinn er almennur og jafn og kosningin leynileg og bein og hlutbundin.

15. gr. Sýslunarmenn framkvæmdarstjórnarinnar, fjármála eða dómsmála, eru ekki kjörgengir í þeim kjördæmum, þar sem þeir rækja embættisstörf sín. Þetta ákvæði nær ekki til embættismanna í stjórnarráðunum.

17. gr. Sérhver þingmaður, sem skipaður verður í sýslan (starf), sem launað er af ríkinu, aðra en ráðherrastöðu, ríkisritarastöðu eða prófessorsstöðu við hinar æðstu menntastofnanir, missir umboð sitt.

18. gr. Reglur um kosningar til þjóðþingsins skulu settar með lögum.

19. gr. Þjóðþingið staðfestir gildi kosninganna. Hæstiréttur sker úr um gildi kosninga, sem vefengdar eru.

10. Rúmenía. Stjórnarskrá frá 1923.

1. gr. Konungsríkið Rúmenia er eitt og óskiptilegt þjóðríki.

33. gr. Allt ríkisvaldið er runnið frá þjóðinni, sem lætur framkvæma það í umboði sínu eftir grundvallarreglum og ákvæðum þessarar stjórnarskrár.

34. gr. Löggjafarvaldið er í höndum konungsins og þjóðþingsins sameiginlega.

42. gr. Þingmenn þjóðþingsins eru umboðsmenn þjóðarinnar.

64. gr. Fulltrúadeild þingsins er skipuð fulltrúum, kosnum af fullveðja rúmenskum borgurum með almennum, jöfnum kosningarrétti, beinum skyldukosningum, leynilegum og hlutbundnum.

65. gr. Kosning fulltrúanna fer fram í kjördæmum, sem mega ekki vera stærri en eitt fylki hvert.

11. Grikkland. Stjórnarskrá 2. júní 1927.

2. gr. Grikkland er lýðveldi. Allt vald á uppruna sinn hjá þjóðinni og er framkvæmt fyrir hennar hönd og á þann hátt, sem stjórnarskráin lætur um mælt.

3. gr. Löggjafarvaldið er í höndum fulltrúaþingsins og öldungaráðsins.

28. gr. Rétt til frumkvæðis að lagasetningu hefir stjórnin, fulltrúaþingið og öldungaráðið.

29. gr. Sérhverju lagafrumvarpi, sem stjórnin leggur fram og fer fram á útgjöld eða skerðingu á tekjum samkvæmt fjárlögum, skal fylgja greinargerð,

er sýni fram á, hvernig hallinn verði jafnaður, undirrituð af hlutaðeigandi ráðherra og af fjármálaráðherranum.

Hvorki fulltrúaþingið né öldungaráðið getur gert neina uppástungu, sem fer fram á aukningu útgjalda með fjárveitingu eða lífeyri eða á annan hátt til hagsmuna fyrir neinn einstakling.

36. gr. Fulltrúaþingið er skipað fulltrúum, sem kosnir eru, eftir því sem lögin mæla fyrir, af borgurum þeim, sem kosningarrétt hafa, með beinum, almennum og leynilegum kosningum. Kosningar til fulltrúaþingsins fara fram samtímis um land allt.

Þingmannatala hvers kjördæmis skal ákveðin með lögum, í réttu hlutfalli við fólksfjöldann. Eigi má tala fulltrúa vera lægri en 200 og eigi hærri en 250. . .

37. gr. Þingmennirnir eru fulltrúar þjóðarinnar allrar og ekki aðeins þess kjördæmis, sem kýs þá.

12. Írska fríríkið. Stjórnarskrá frá 1922.

1. gr. Írska fríríkið er meðlimur þess þjóðahóps, sem skipar Hið brezka þjóðasamfélag (British Commonwealth of Nations), með jöfnum réttindum við aðra meðlimi.

2. gr. Allt ríkisvald og löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald á Írlandi hefir uppsprettu sína hjá hinni írsku þjóð og er falið til meðferðar stjórnarvöldum þeim, er sett eru á stofn með þessari stjórnarskrá, samkvæmt reglum hennar.

12. gr. Þjóðþingið ásamt með konunginum hefir á hendi löggjafarvaldið. Þjóðþingið skiptist í tvær deildir, fulltrúadeildina (Dail Eireann) og öldungadeildina (Seanad Eireann). Þjóðþingið eitt hefir rétt til lagasetningar til tryggingar friði, reglu og góðri stjórn í hinu írska fríríki.

14. gr. Kosningarrétt til fulltrúadeildarinnar og atkvæðisrétt við þjóðaratkvæðagreiðslur hafa allir borgarar írska fríríkisins, karlar sem konur, 21 árs að aldri, sem uppfylla skilyrði kosningalaganna. Kosningarrétt til öldungadeildarinnar hafa allir borgarar írska fríríkisins, karlar sem konur, þrjátíu ára að aldri, sem uppfylla skilyrði gildandi kosningalaga. Sérhver kjósandi hefir aðeins eitt atkvæði. Atkvæðagreiðslan er leynileg. Hvernig og hvar kosningarréttarins skuli neytt, verður ákveðið með lögum.

Aths. Samkvæmt kosningalögunum er beitt hlutfallskosningum, sjá t. d. Berlin: Forfatningsudviklingen i forsk. fremmede Lande, Khöfn 1931, bls. 49.

13. Lettland. Stjórnarskrá frá 1922.

1. gr. Lettland er óháð þjóðveldi á lýðræðisgrundvelli.

2. gr. Ríkisvaldið er eign þjóðarinnar.

5. gr. Þjóðþingið (Saeima) er skipað 100 fulltrúum fyrir þjóðina.

6. gr. Kosningarrétturinn til þjóðþingsins er almennur og jafn og kosið beinum, leynilögum hlutfallskosningum.

7. gr. Sérhvert kjördæmi skal kjósa fulltrúatölu í réttu hlutfalli við tölu kjósenda í kjördæminu.

8. gr. Kosningarrétt eiga lettneskir borgarar, karlar sem konur, með óskertum borgaralegum réttindum og fulls 21 árs að aldri á fyrsta kjördegi.

14. Lithauen. Stjórnarskrá frá 15. mai 1928.

1. gr. Ríkið Lithauen er óháð þjóðveldi á lýðræðisgrundvelli. Fullræðisvald ríkisins tilheyrir þjóðinni.

2. gr. Framkvæmd ríkisvaldsins er í höndum þjóðþingsins (Seimas), stjórnarinnar og dómstólanna.

24. gr. Þjóðþingið er skipað fulltrúum þjóðarinnar. Tala fulltrúanna er ákveðin með lögum.

25. gr. Fulltrúarnir eru kosnir með almennum og jöfnum kosningarrétti, beinum og leynilegum kosningum eftir tilhögun hlutfallskosninga. Um framkvæmd kosninga og reglur fyrir þeim skal ákveðið með lögum.

26. gr. Kosningarrétt til þjóðþingsins hafa lithauiskir borgarar, karlar og konur, sem njóta óskertra borgaralegra réttinda og eru að minnsta kosti 24 ára að aldri. Kjörgengir eru þeir, sem eru að minnsta kosti 30 ára.

15. Eistland. Stjórnarskrá 15. júni 1920.

1. gr. Eistland er óháð lýðveldi, og er ríkisvaldið í höndum þjóðarinnar.

35. gr. Þjóðþingið framkvæmir löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

36. gr. Þjóðþingið er skipað 100 þingmönnum, kosnum á grundvelli hlutfallskosninga, að viðhöfðum almennum, jöfnum, beinum og leynilegum kosningum.

Þjóðþingið hefir rétt til að fjölga þingmönnum, en lög, sem ákveða slíka fjölgun, geta ekki komið til framkvæmda fyrr en við næstu kosningar til þjóðþingsins þar á eftir.

Með sérstökum lögum skal skipa nánar fyrir um kosningar til þjóðþingsins.

16. Finnland. Stjórnarskrá Finnlands er, að því er snertir ákvæðin um löggjafarþingið, aðgreind í tvenn stjórnskipulög, eftir sænskri fyrirmynd. Hin almenna og eiginlega stjórnarskrá (Regeringsformen) hefir aðeins örfá ákvæði, er snerta þingið, en vísar í „Riksdagsordningen", sem er lög um skipun og starf þingsins og hefir grundvallarlagagildi. Loks er þar eins og í öðrum löndum ákveðið með einföldum lögum um kjördæmaskiptingu og tilhögun kosninga í einstökum atriðum.

Hlutfallskosningar hafa verið í lögum í Finnlandi síðan 1906. Þingið er skipað 200 þingmönnum, sem kosnir eru í 15 fleirmenningskjördæmum (að meðaltali um 13 í hverju), en þess utan er eitt einmenningskjördæmi, Lappmörk.

Helztu stjórnarskrárákvæðin eru þessi:

a) „Regeringsformen".

1. gr. Finnland er fullvalda lýðveldi, og er stjórnarskipun þess ákveðin með þessari stjórnarskrá og öðrum grundvallarlögum.

2. gr. Ríkisvaldið er í Finnlandi í höndum þjóðarinnar, og fer þjóðþingið með umboð hennar. ...

b) „Riksdagsordningen".

1. gr. Ríkisþingið fer með umboð finnsku þjóðarinnar.

2. gr. Ríkisþingið er ein málstofa, skipuð 200 ríkisþingsmönnum.

3. gr. Kosningar ríkisþingsmanna fara fram hvert þriðja ár samtímis um allt land. ...

4. gr. Ríkisþingsmenn eru kosnir beinum, hlutbundnum kosningum; við þessar kosningar skal landinu skipt í 12 kjördæmi hið fæsta og eigi í fleiri en 18.

Þar, sem staðhættir leyfa eigi hlutfallskosningar, má þó. auk nefndrar kjördæmatölu, mynda einstöku kjördæmi til þess að kjósa einn þingmann aðeins.

Við kosninguna hafa allir kjósendur jafnan kosningarrétt.

Eigi má kjósandi láta annan neyta kosningarréttar í umboði sinu.

Nánari ákvæði um kjördæmin og um það, hvenær kosning fari fram, og um tilhögun kosninga eru sett með sérstökum lögum.

7. gr. Kjörgengur til ríkisþingsins er hver sá, sem kosningarrétt hefir, án tillits til þess, hvar hann er búsettur.

Hinn 18. nóv. 1930 var lögleiddur viðauki við þessa grein, sem sviptir kommúnista kjörgengi. Viðbótarákvæðið hljóðar svo:

„Sá er þó ekki kjörgengur, sem er í einhverju því félagi, félagsskap eða samtökum, sem vinnur að því að kollvarpa með valdi stjórnarskipun Finnlands. eða miðar að því að fremja eða styðja beinlínis eða óbeinlínis slíkt athæfi, eða sem á síðastliðnum þrem árum hefir stutt slík samtök eða á annan hátt stuðlað að starfsemi með slíkum tilgangi".

17. Svíþjóð.[1]) Þar er neðri málstofan skipuð 230 þingmönnum, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum í 28 kjördæmum, og þingmannatölunni jafnað niður á kjördæmin 4. hvert ár, fyrir reglulegar kosningar, í réttu hlutfalli við fólksfjölda. Efri málstofan er skipuð 150 þingmönnum, og eru þeir kosnir hlutfallskosningum af kjörmönnum, en það eru fulltrúarnir á „landsþingunum" og kosnir kjörmenn i stóru kaupstöðunum. Kosningar allra þessara kjörmanna fara fram eftir hlutfallsreglum.

Eitt hið einkennilegasta við kosningatilhögun Svía er það, að framboð þarf engin. Kjósendur koma sjálfir með kjörseðla sina á kjörstaðinn og láta þá þar í umslög, sem kjörstjórn leggur til. Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu.

Kjördæmaskiptingin er ákveðin með einföldum lögum.

Hlutfallskosningar voru lögleiddar í Svíþjóð 1909. Ákvæðin um þær eru, að því er löggjafarvaldið snertir, í „Riksdagsordningen", sem hefir grundvallarlagagildi, og hljóða svo um neðri málstofuna:

18. gr. Til neðri málstofunnar er kosið beinum kosningum, og hlutbundnum þá er tvo eða fleiri þingmenn skal kjósa. Við kosningar þessar hafa allir kjósendur jafnan kosningarrétt.

Nánari ákvæði um kosninguna eru sett í kosningalögum.

18. Noregur. Þar er „Stórþingið" skipað 150 þingmönnum, sem kosnir eru allir í einu lagi hlutfallskosningum í 29 kjördæmum. Þar af eru 18 sveitakjördæmi og kjósa 100 þingmenn, en 11 kaupstaðakjördæmi og kjósa 50 þingmenn.

---

1) Um kosningatilhögun Svía, Norðmanna og Dana verð ég mjög stuttorður og vísa til fyllri ritgerðar um það efni („Kosningatilhögun frændþjóðanna") í síðasta hefti tímaritsins „Stefnis" 1931. *Höf.*

Grundvallarlög Norðmanna eru sérkennileg að því leyti, að í þeim eru ákvæði um kjördæmaskiptingu, en í öllum öðrum löndum, sem ég hefi kynnt mér, er kjördæmaskipting ákveðin með einföldum lögum. Hér að lútandi grundvallarlagaákvæði Norðmanna hafa mjög oft tekið breytingum.

Sérstaklega einkennileg er hin svonefnda „bændagrein“ í þessum grundvallarlögum, nú 57. gr. 2. málsgr. Var ákvæðið upphaflega sett inn til þess að tryggja rétt *kaupstaðanna* til áhrifa á skipun þingsins, og samkvæmt henni hafa kaupstaðirnir ennþá nokkru meiri áhrif en þeim ber eftir fólksfjölda.

Merkustu stjórnarskrárákvæðin eru þessi:

49. gr. Þjóðin lætur Stórþingið framkvæma löggjafarvaldið fyrir sig. Það greinist í 2 deildir, Lögþing og Óðalsþing.

57. gr. Tala stórþingsmanna þeirra, er kjósa ber, skal vera 150. Fulltrúatala sveitahéraðanna skal ávallt standa í hlutfalli við fulltrúatölu kaupstaðanna sem tveir á móti einum.

58. gr. Telur upp kjördæmin og þingmannatölu hvers þeirra.

59. gr. Síðasta málsgr.: Kosningarnar fara fram sem hlutfallskosningar. Reglur um þetta og um tilhögun kosninganna að öðru leyti skal setja með lögum, þó svo, að gætt sé ákvæða grundvallarlaganna um þetta.

Talsverð óánægja hefir verið í Noregi með ýms af þessum ákvæðum, þar á meðal það, að kaupstaðirnir fá ekki að kjósa þingmenn hver með sinu umhverfi, heldur eru þeir hópaðir saman í kjördæmi fyrir sig, oft fjarlægir kaupstaðir saman, einatt keppinautar með andstæða hagsmuni og mjög misjafnlega stórir, sem leiðir til þess, að allir flokkar setja mann úr stærsta kaupstaðnum efstan á framboðslista sinn, og getur það leitt til þess, að allir fulltrúar kjördæmisins verði þar búsettir.

Hlutfallskosningarnar voru lögleiddar í Noregi 1919.

19. Danmörk. Þar voru fyrst lögleiddar hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi, með takmarkaðri tölu upphótarsæta, árið 1915, og kosið eftir þessari aðferð 1918. Árið 1920 voru svo lögleiddar hlutfallskosningar í fleirmenningskjördæmum með nokkrum uppbótarsætum, en hinum gömlu einmenningskjördæmum þó haldið sem framboðsumdæmum, og stendur sú tilhögun enn.

Grundvallarlagaákvæði Danmerkur um þetta hljóðar svo:

32. gr. Þingmannatala Fólksþingsins skal ákveðin í kosningalögunum, en má ekki fara fram úr 152.

Til þess að tryggja hinum mismunandi skoðunum meðal kjósendanna hlutfallslega jafna fulltrúatölu skal í kosningalögum ákveða um kosningaraðferðina og setja nánari reglur um framkvæmd kosninganna, þar á meðal hvort hlutfallskosningar skuli notaðar, annaðhvort í sambandi við kosningar í einmenningskjördæmum eða án þess.

Við kjördæmaskiptinguna skal auk íbúatölu hafa hliðsjón af kjósendatölu og þéttbýli.

Að öðru leyti vísa ég til sjálfs nefndarálitsins og áðurnefndrar ritgerðar um kosningatilhögun í Danmörku.

Af þessum 19 ríkjum í Norðurálfunni, sem hér hafa verið talin, eru hlutfallskosningar til löggjafarþingsins, eða að minnsta kosti til fulltrúamálstofunnar í löggjafarþinginu, lögleiddar í 17, en ein 2 búa ennþá við meirihlutakosningu eða flestra-atkvæða-kosningu í einmenningskjördæmum. Hlutfallskosningarnar hafa rutt sér til rúms frá 1899, er þær voru lögleiddar í Belgíu, og allt til þessa tíma. Ekkert lýðstjórnarríki hefir ennþá horfið frá hlutfallskosningum aftur, eftir að hafa lögleitt þær, og engar deilur standa í þeim löndum um grundvallartilhögun kosninganna, svo ég viti, heldur aðeins um minni háttar atriði. Aftur standa enn stöðugar deilur um kosningatilhögun í þeim tveim ríkjum, Frakklandi og Englandi, sem hafa ekki ennþá lögleitt hlutfallskosningar.

Af þessum 17 ríkjum munu 14 hafa beinlínis tekið ákvæðið um hlutfallskosningar upp í stjórnskipulög sín. Eitt ríki (Danmörk) hefir grundvallarlagaákvæði, sem með almennari orðum tryggir hið sama sem hlutfallskosningunum er ætlað að tryggja. Í tveim ríkjum (Írlandi og Grikklandi) segja stjórnarskrárnar ekkert um þetta beinlínis, en þar eru hlutfallskosningar ákveðnar með kosningalögum.

Í engri stjórnarskrá innan þessara 19 ríkja finnst neitt ákvæði, sem bannar hlutfallskosningar á fulltrúaþinginu eða nokkrum hluta þess, eða fyrirskipar þar aðra kosningaraðferð. Núgildandi stjórnarskrá Íslands er ein um slík ákvæði, þar sem hún bannar hlutfallskosningar á miklum meiri hluta alþingismanna, sem stendur 32, og það þótt 12 þeirra séu kosnir í tvímenningskjördæmum.

Breyting sú á stjórnarskrá Íslands, sem samþykkt var við 2. umr. í efri deild Alþingis á vetrarþinginu 1931, fór í þessu efni ekki lengra en það, að nema burt úr stjórnarskránni það bann gegn hlutfallskosningum, sem þar er nú, nema burt ákvæði, *sem er til hindrunar réttri skipun þingsins, og er eins dæmi í stjórnarskrám lýðræðisríkja í Norðurálfunni, og líklega þó leitað sé um allan heim.*

Þessari framúrskarandi hóflegu ákvörðun efri deildar var svo svarað með þeirri fautalegustu misbeitingu ráðherravalds í konungsskjóli, sem dæmi eru til í 1000 ára sögu þessarar virðulegu stofnunar, Alþingis. Ég hefi með ritgerð þessari m. a. viljað sýna fram á, að *sök Alþingis var þarna engin, — öll sökin er hinumegin.*

En hitt er sjálfgefið, að eftir aðfarirnar 14. apríl 1931 getur Alþingi ekki, ef það vill halda áfram að vera rétt fulltrúasamkoma þjóðarinnar, látið sér nægja að *nema úr* stjórnarskránni þau ákvæði, sem þar eru nú til beinnar hindrunar fyrir því, að Alþingi verði hlutfallslega rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu, heldur verður krafan nú að vera sú, að í stjórnarskrána verði sett bein ákvæði þessu til tryggingar, í samræmi við það, er tíðkast í stjórnarskrám lýðfrjálsra landa.

Í febrúar 1932.

Nd. 38. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svolátandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Síðari málsliður 28. gr. verði þannig:

Skaðabætur skal greiða jafnskjótt sem aðili sannar eða gerir sennilegt, að skipulagsbreyting sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóni eða óhagræði, enda þótt hún sé ekki komin til framkvæmdar.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu hefir legið fyrir undanförnum þingum, en ekki náð afgreiðslu. Á sumarþinginu mælti allsherjarnefnd neðri deildar með frumvarpinu einróma með einni breytingu, og er hún tekin upp í þetta frumvarp. Frumvarpið miðar að því að bæta úr augljósu misrétti, og er vonandi, að Alþingi láti ekki lengur dragast að færa það í lag. Vísast að öðru leyti til greinargerðar frumvarpsins frá sumarþinginu, þskj. 83.

Nd. 39. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir „5) sjávarútvegsnefnd“ í 16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, kemur: 6) iðnaðarnefnd.

2. gr.

Tölurnar „6)“ og „7)“ verða 7) og 8).

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á Alþingi síðastliðið sumar og fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

„Iðnaður er að aukast nokkuð hér á landi, og þyrfti þó betur að verða. Til þess að möguleikar verði fyrir því, þarf að taka viturlega og af þekkingu á málefnum iðnaðarins. Flest slík mál eru svo sérstaks eðlis, að óheppilegt virðist að þurfa að vísa þeim málum til nefnda, sem í raun og veru eru skipaðar með önnur mál í huga".

Af iðnaði telst nú til, að um fimmti partur þjóðarinnar lifi, og er þar því um atvinnugrein að ræða, sem er að verða hliðstæð landbúnaði og sjávarútvegi.

Nd. 40. Frumvarp

til laga um prestakallasjóð.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjustjórnin varðveitir.

Sjóðurinn heitir Prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Fé því, sem Prestakallasjóði áskotnast, skal ráðstafað eftir tillögum prestastefnu og biskups. Verði þessir aðilar sammála um fjárráðstöfun úr sjóðnum, skal sú ákvörðun vera bindandi, en að öðrum kosti sker kirkjumálaráðherra úr.

3. gr.

Fé Prestakallasjóðs skal verja til þess að bæta kirkjulegri starfsemi í landinu upp tjón það, sem hún verður fyrir af þeim sökum, að kirkjan hefir ekki fullskipað starfsmannalið sitt, svo sem með því að auka útvarpsguðsþjónustur, senda úrvals kennimenn um landið, efla félagslíf presta og safnaðastarf, gefa út kristileg rit o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram á Alþingi í sumar, og fylgdi því svo látandi greinargerð:

„Með embættaskipun kirkjunnar, sem ákveðin er af Alþingi, er ætlazt til þess, að séð sé fyrir þörfum þjóðfélagsins á starfskröftum til þessarar þjónustu, og á hinn bóginn ríkissjóði gert að skyldu að greiða þá ákveðnu fjárhæð, sem til þess þarf, að þetta starfsmannalið sé fullskipað.

Bresti á, að lið þetta sé fullskipað, er því augljóst, að lakar er séð fyrir þörfunum en ætlazt var til, og á hinn bóginn minna greitt en gera má ráð fyrir. Virðist þá sjálfsagt að ráðstafa þessu með einhverjum öðrum hætti, til þess að tilgangurinn náist, og er frumvarpi þessu ætlað að benda á leið til þess.

Ef talað er um, að þetta hafi kostnað í för með sér, þá er það byggt á misskilningi. Kostnaður verður ekki að því, nema að minnsta kosti jafnmikil fjárhæð sparist á öðrum lið sömu starfsemi. Verður þetta fremur til sparnaðar, því að hér er aldrei miðað við annað en lágmarkslaun, í stað þess, að séu öll embætti skipuð, sem enginn myndi amast við, eru embættismennirnir á nokkru hærri launum að meðaltali sakir aldursuppbótar.

Á hinn bóginn má jafnvel vænta, að starfsemi þessi gæti leitt til mikils góðs, svo að kirkjunni yrði jafnvel engu minni styrkur að því en hinu, að hafa öll embættin fullskipuð".

Nd. 41. Frumvarp

til laga um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allt innstæðufé, sem tekið er til ávöxtunar í Útvegsbanka Íslands h/f og útibúum hans, og kemur sú ábyrgð næst á eftir hlutafé og áhættufé bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Úttektir á innláns- og geymslufé Útvegsbankans valda því, að nauðsyn er á, að tekin sé sérstök ábyrgð á innstæðufé því, sem bankinn ávaxtar. Verður nánari grein gerð fyrir ástæðum í framsögu.

Ed. **42. Lög**

um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 24. febr.).

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allt innstæðufé, sem tekið er til ávöxtunar í Útvegsbanka Íslands h/f og útibúum hans, og kemur sú ábyrgð næst á eftir hlutafé og áhættufé bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12, 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á vetrarþingi 1931 og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Samkvæmt heimild í lögum frá 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, hafa bæjarstjórnir í kaupstöðum gert samþykktir, sem takmarka vinnutíma verzlunarfólks. Áður voru engin lög til um þetta og ekkert því til fyrirstöðu, að búðir væru opnar frá því kl. 6 á morgnana til kl. 12 á kvöldin, enda þekktust þess dæmi. Má geta nærri, hvert slit það hefir verið á verzlunarfólki að hafa svo langan vinnudag, og það alveg að óþörfu, því verzlunin varð eigi meiri, þótt lengi væri opin búð.

Með viðauka við þessi lög, er samþ. var á Alþingi 1928, hið svonefnda „rakarafrv.“, sem frægt er orðið, var heimildin látin ná til sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eru seldar, og til vinnustofa, er hafa viðskipti við almenning, og hafa bæjarstjórnir einnig sett reglur um lokunartíma samkvæmt þessum viðauka við lögin.

Sá viðauki við lögin, sem þetta frv. felur í sér, heimilar bæjarstjórnum að takmarka vinnutíma sendisveina. Það er sem sé alkunnugt, að þótt lokun búða og vinnustofa sé nú ákveðin, þá losnar ekki starfsfólk verzlana að jafnaði þá þegar. Þá er venjulega mikið starf eftir; jafnvel má segja, að þá fyrst byrji í alvöru vinnudagur sendisveinanna, enda er ekki óalgengt að sjá þá vera að flytja vörur heim til kaupenda fram yfir miðnætti. Hvílík áníðsla þetta er á sendisveinum, þarf eigi að lýsa, eða óþægindi fyrir aðstandendur þeirra, að þurfa að bíða eftir því fram eftir allri nóttu, að þeir komi heim frá starfi. En þetta verður ekki lagað nema með því, að settar séu reglur um vinnutíma þeirra. Í viðbótinni við lögin, sem hér er flutt, er bæjarstjórnum heimilað að setja í samþykkt, að vörur frá verzlunum verði eigi sendar heim til kaupenda lengur dags en svo, að ein klukkustund sé til lokunartíma. Ef kaupendur vara vissu það, að þeir fengju vörur eigi heimsendar eftir tiltekinn tíma dagsins, þá mundi ekki ske annað en það, að þeir gerðu innkaup í verzlunum fyrr dags en nú er gert. Því þetta sleifarlag, sem nú er, býður þeim beinlínis upp á að draga fram að lokunartíma kaup sín. Því alltaf er hægt að síma í kaupmanninn og fá vöruna senda heim.

Er því meiri þörf á að setja um þetta reglur að opinberri tilhutun sem sendisveinarnir eru algerlega varnarlausir fyrir þeirri áníðslu, sem þeir eru ofurseldir undir þessu fyrirkomulagi.

Í frv. eru ekki settar neinar ákveðnar reglur um það, hve langur skuli vera vinnutími sendisveina; það er bæjarstjórnum ætlað að gera. En í frv. er heimild til þess að ákveða vinnutíma í flokkum, misjafnlega langan eða stuttan, eftir aldri sendisveinanna“.

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41, 4. júní 1924, er gerð þessi breyting:
Við B.
Á eftir tölulið 2 komi nýir liðir:

a. Vegur frá Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi, og vegur af þeim vegi á þjóðveginn hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd.
b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit að Húsafelli.
c. Lundarreykjadalsvegur, frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Greinargerð.

Þær breytingar á vegalögunum, sem hér um ræðir, lágu fyrir síðasta þingi. Breytingarnar, sem felast í a- og b-lið, voru ásamt nokkrum öðrum breytingum á vegalögunum samþ. í Ed. Læt ég hér með fylgja umsögn vegamálastjóra, þau sem hann sendi samgöngumálanefnd Ed. um breytingar á a- og b-lið. Hann segir svo:

„Þar sem nú er sýnt, að aðalleið milli Borgarfjarðar og Reykjavíkur mun liggja inn fyrir Hvalfjörð og að sú leið muni með tímanum fá þær umbætur, að bílfær verði einnig á vetrum, þá er eðlilegt framhald þess vegar út með Hvalfirði norðanverðum, vestan Hafnarfjalls nálægt Hvanneyri að Hvítárbrú. Þætti mér því eðlilegt, að leið þessi öll, að því leyti sem hún er ekki þjóðvegur, eða frá Ferstiklu að Hvítárbrú, verði tekin í þjóðvegatölu, og væri þá í samræmi við aðrar álmur til kauptúnanna, að tekin væri einnig í þjóðvegatölu álman af þessari aðalbraut um Skilmannahrepp út á Akranes. Er þessi breyting öllu viðtækari en a-liður á þingskjali 72.

Með því að Kaldidalur er nú orðinn mjög fjölfarinn á sumrin, er sýsluvegurinn um Reykholtsdal orðinn alfaraleið milli landsfjórðunga, og sýnt, að svo muni verða í framtíð. Þykir mér því eðlilegt að taka hann í þjóðvegatölu".

Hefi ég engu við það að bæta, sem vegamálastjóri segir um þessa 2 fyrri liði breytingartillagnanna. Um c-liðinn er það að segja, að breytingartillaga samhljóða honum var borin fram í Nd. á síðasta þingi, en breytingartillögur þær, er þar komu fram við frv., komu ekki til atkvæða.

Undanfarin ár hefir óslitið verið unnið að vegalagningu fram Lundarreykjadal. Í fremri hluta dalsins er ruddur akvegur fram undir Gilstreymi. Eftir er að leggja veg á nokkrum kafla um miðbik dalsins. Samkvæmt rannsókn, sem á því hefir verið gerð að tilhlutun vegamálastjórnarinnar, hefir komið í ljós, að með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að gera akfært yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn. Með því að gera þessa leið akfæra er í verulegum mæli greitt fyrir samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, því um Uxahryggi er skemmst landleið úr Borgarfirðinum suður á bóginn.

Ed. 45. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júni 1929, um tannlækningar.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp flutti ég á vetrarþinginu í fyrra, en þá dagaði það uppi. Nú hefi ég borið frv. undir landlækni, og hefir hann lýst yfir því, að hann féllist á, að það nái fram að ganga. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar, er frv. fylgdi í fyrra. (Sjá Alþt. 1931, vetrarþing, þskj. 295).

Nd. 46. Frumvarp

til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 19. maí 1930.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 25. gr. áfengislaga, nr. 64, 19. maí 1930, og önnur ákvæði þeirra laga, sem snerta sérstaka löggæzlumenn, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til aukinnar löggæzlu hefir verið greitt úr ríkissjóði:

1929:	a) Í Reykjavík	kr.	41974.23
	b) Utan Reykjavíkur	—	33900.00
		kr.	75874.23

1930: a) Í Reykjavík ..... kr. 52579.23
b) Utan Reykjavíkur ..... — 36800.00
———————— kr. 89379.23

eða samtals bæði árin ..... kr. 165253.46

Mestur hluti þessarar aukningar virðist gerður samkvæmt heimild þeirri (og tilsvarandi eldri heimild), sem hér er farið fram á að nema úr gildi. Sýnist það auðsætt, að sjálfsagt sé að firra ríkissjóð þessum útgjöldum eins og nú er komið hag hans. Kostnaður sá, sem hér ræðir um, er nýjar álögur á ríkissjóð, og er varla efi á, að heimild sú, sem hér er ráðgert að nema úr gildi, hefir verið notuð i miklu frekara mæli en þingið ætlaðist til, enda virðist sæmilega séð fyrir löggæzlunni með því löggæzluliði, sem að öðru leyti er í landinu. Ríkissjóð munar um minna en 70—80 þús. kr. á ári, og hér er um fækkun 15—16 opinberra starfsmanna að ræða. Embætti þessi eða sýslanir hafa verið stofnuð á 3 síðustu árum.

Ed. 47. Nefndarálit

um frv. til l. um birting útvarpaðra veðurfregna (þskj. 22).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á, að sú tilhögun um birtingu útvarpaðra veðurfregna, er frv. gerir ráð fyrir, verði á ýmsan hátt betri en það fyrirkomulag, sem nú er gildandi um þetta efni. Leggur hún því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. febr. 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Einar Árnason.

Nd. 48. Nefndarálit

um frumvarp til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins (þskj, 25).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin vill mæla með því, að frumvarp þetta verði að meginstefnu til samþykkt. En henni virðist ekki þörf á því, að útvarpinu verði bökuð nein útgjöld með því að kosta ferðir manna til Reykjavíkur til þess að flytja erindin.

Nægilegt virðist, ef starfsmaðurinn getur ekki orðið hér staddur útvarpinu að kostnaðarlausu, þegar flytja skal erindi, að hann sendi það í handriti og að útvarpsráðið feli einhverjum starfsmanna sinna, sem þar til er hæfur, að flytja það í útvarpið. Frestinn, er í 2. gr. frv. getur, til að flytja erindi eða skila handriti, þykir nefndinni rétt að lengja í 4 vikur að minnsta kosti. Nefndin hefir átt tal við útvarpsstjóra um þetta, og hefir hann fallizt á tillögur hennar. Samkvæmt þessu ber nefndin fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrri málsgr. 1. gr. frv. orðist þannig:
   Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Nú óskar aðili ekki að flytja erindið sjálfur, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu vegna fjarvistar, og skal útvarpsráðið þá fela einhverjum þar til hæfum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.
2. 2. gr. frv. orðist svo:
   Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.
3. 3. gr. frv. falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Alþingi, 26. febr. 1932.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Einar Arnórsson, frsm.
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson.	

Nd. **49. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þskj. 38).

Flm.: Einar Arnórsson.

Við frv. bætist ný (3.) gr., svolátandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur verið framlagður áður en lög þessi hafa öðlazt konungsstaðfestingu, en eigi náð staðfestingu stjórnarráðs, og fellur hann þá úr gildi, ef hann hefir eigi verið staðfestur áður ár sé liðið frá þeim tíma.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum eða varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, fyrirkomulag og bylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssímastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Leyfishafa skal heimilt að taka lögnámi land eða réttindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera til að koma upp mannvirkjum þeim, er ræðir um í 2. gr., enda viðurkenni atvinnumálaráðherra nauðsynina og samþykki lögnámið í hvert skipti.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, án tillits til þess, hvort íslenzk loftför njóta samsvarandi réttinda í heimalandi þeirra.

5. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað fram-

antalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan. Auk þess greiði leyfishafi fasteignaskatt og fasteignagjald til ríkissjóðs og héraða eða bæja af matsverði fasteigna þeirra, er hann kann að eiga hér á landi, svo sem lög mæla fyrir á hverjum tíma.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár, svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Verði lögleidd almenn gjöld fyrir öll loftför, sem koma við hér á landi eða hafa hér aðsetur, svo sem vitagjöld eða annað slíkt, skal leyfishafi eigi vera þeim undanþeginn.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 15 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum og síðan á 5 ára fresti, meðan sérleyfið er í gildi.

6. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

7. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutnings á mönnum eða varningi fyrir borgun.

8. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Hætti leyfishafi eða sá, er löglega er kominn í hans stað, starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt sé samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 61, 14. nóv. 1917.

9. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

10. gr.

Ákveða má í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

11. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálanefnd hefir í samráði við atvinnumálaráðherra tekið að sér flutning frv. þessa, eftir ósk fulltrúa flugfélagsins Transamerican Airlines Corporation, hr. Guðmundar Grímssonar héraðsdómara frá Rugby í Norður-Dakota, og fer hér á eftir erindi hans til nefndarinnar og skýrsla um störf, hag og fyrirætlanir nefnds flugfélags:

Reykjavík, 24. febr. 1932.

Vegna umsóknar frá Transamerican Airlines Corporation um leyfi til að mega hafa viðkomustaði á Íslandi við fyrirhugaðar flugferðir milli Bandaríkjanna og Evrópu, er send hefir verið ríkisstjórninni, vil ég leyfa mér að skýra yður frá, að þetta félag hefir starfað í Bandaríkjunum við flugflutning síðan 1927, og hefir á þeim tíma flutt 33000 manns og flogið um 3000000 enskar mílur. Flugferðir félagsins hafa farið mjög vaxandi með ári hverju, svo að það hefir nú daglegar póst- og farþega-flugferðir á milli 18 stórborga í Bandaríkjunum, þar á meðal Chicago, Cleveland og Detroit. Félagið hefir og samvinnu við önnur flugfélög, og standa sömu mennirnir að þeim öllum. Þessi félög hafa nú póstflutning um öll Bandaríkin og til Canada og Suður-Ameríku. Veitir Bandaríkjastjórn þessum félögum styrk til póstflutninga með flugvélum, sem nú nemur 19 milljónum dollara árlega. Fastbundnar ferðir eru nú orðið taldar áreiðanlegar og allmikið notaðar í Ameríku.

Um mörg ár hefir dr. Vilhjálmur Stefánsson haldið því fram, að flugferðir væru alveg eins færar um norðurheimskautalöndin og annarsstaðar. Transamerican Airlines Corporation hefir nú reynt það og aflað sér mikilla upplýsinga því viðvíkjandi; það sendi Cramer hingað. Hefir það þegar varið yfir $ 50000,00 til rannsókna á möguleikunum á að fljúga til Evrópu um Ísland, og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki aðeins mögulegt, heldur eina praktiska leiðin til þess að halda uppi flugsambandi milli Evrópu og Ameríku.

Veðurathuganir í þessu skyni hafa verið gerðar í Canada og á Græn-

landi í nokkur ár, og Cramer sýndi, að hægt væri að fljúga yfir jökla Grænlands. Með því að fljúga inn yfir landið, en ekki með ströndinni, norður yfir Canada, og svo nokkuð norðarlega yfir Grænland, má komast hjá mestu þokunum, sem svo oft liggja með ströndum fram frá Newfoundland til Grænlands. Aldrei þarf yfir 500 enskar mílur yfir sjó að fara, og þess vegna þarf minna af eldsneyti og meira hægt að flytja af pósti og flutningi. Félagið er því staðráðið að byrja að undirbúa fastbundin flug á þessari leið, undireins og leyfi eru fengin frá hlutaðeigandi stjórnarvöldum.

Áformað er að fljúga frá Detroit í Bandaríkjunum til Kaupmannahafnar, í tíu áföngum, norður yfir Canada, yfir Hudsonsund, Baffinland, Davissund til Grænlands. Svo yfir jökulinn. Er gert ráð fyrir að hafa flughafnir báðum megin á Grænlandi og fljúga svo þaðan til Íslands, Færeyja, Shetlandseyja, og þaðan yfir Noreg til Kaupmannahafnar, með grein frá Shetlandseyjum til London. Við hvern áfanga verður skipt um vélar og menn, sumstaðar notaðar landvélar, sumstaðar sjóvélar, eftir því sem hentar bezt. Hver flugmaður flýgur bara sinn áfanga, til og frá. Varavélar verða við hvern áfangastað og öll tæki til viðgerðar á vélum, svo og allt til öryggis fyrir farþega og flutning. Loftskeytastöðvar verða byggðar á hverjum áfangastað, til að hafa stöðugt samband við flugvélarnar með veðurfregnir og leiðbeiningar á meðan þær eru á ferðinni. Ætlunin er að fara af stað frá hverri endastöð á hverjum degi, og búizt er við að fljúga frá Detroit til Kaupmannahafnar á 48—72 klukkutímum.

Þó að félagið búist ekki við, að þetta flug geti svarað neinum arði í mörg ár, býst það þó við, að tekjur af póstflutningi Bandaríkjanna muni hrökkva fyrir gjöldum. Þess vegna er beðið um 15 ára forréttindi yfir önnur Bandaríkjafélög eða Bandaríkjamenn. Félagið leggur talsvert fé í hættu í byrjun, og þarf því á þessum forréttindum að halda, meðal annars til fjáröflunar til að koma þessu í framkvæmd. Ekki er neitt því til fyrirstöðu, að samskonar leyfi megi veita Evrópuþjóðum eða Canada, ef þess er æskt.

Hayden Stone & Co., bankafélag í New York, hefir mest stutt flugfélög í Bandaríkjunum fjárhagslega. Í því félagi eru auðmennirnir Charles Hayden og Richard F. Hoyt. Þeir eru og meðeigendur í Transamerican Airlines Corporation, og sá síðarnefndi í stjórnarnefnd þess. Áður en ég fór af stað í þessa ferð aflaði ég mér upplýsinga um þessi félög og komst að raun um, að þau eru áreiðanleg og hafa fjármagn á bak við sig. Eru þau reynd að því að koma áformum sínum í framkvæmd.

Vilhjálmur Stefánsson er nú ráðunautur félagsins um þessar flugferðir. Báðir erum við fullvissir um, að þær eru mögulegar og að félagið hefir huga og efni til að koma þessu af stað. Vil ég því leyfa mér að biðja háttvirta samgöngumálanefnd að bera fram frumvarp til laga um leyfi handa Transamerican Airlines Corporation til að mega reka framannefndar flugferðir, að því leyti sem til Íslands kasta kemur.

Virðingarfyllst

Guðmundur Grímsson.

Nefndin ber frv. fram að stofni til eins og það kom frá hendi fulltrúa umsækjanda, en hefir þó með breytingum á 1., 3., 5., 8. og 11. gr. einskorðað frekar skyldur og réttindi umsækjanda.

Um einstök ákvæði frv. geta að sjálfsögðu orðið skiptar skoðanir, svo sem um tímalengd sérleyfis, gjaldskyldu leyfishafa, einkaleyfi hans o. fl. Fyrirmyndir þessara ákvæða verða vart fundnar í íslenzkri löggjöf, enda eru áformaðar framkvæmdir umsækjanda nýstárlegri, stórfelldari og fjárfrekari en nokkur önnur samgöngubót hérlendis á undanförnum tímum.

Hugmyndin um heimsflug með millistöðvum á Íslandi hefir á síðari árum legið í loftinu og kemur framkvæmd hennar því væntanlega engum á óvart, en að svo komnu verður eigi séð eða sagt neitt um firnari afleiðingar þess, að Ísland við framkvæmd þessa kemst inn í hringiðu flugferða og ef til vill daglegra viðskipta við gervalla „kringlu heims".

Einstakar gr. frv. telur nefndin eigi þörf að skýra, en vill þó taka það fram út af undanþágu flugfélagsins frá opinberum gjöldum og tiltölulega lítinn hundraðshluta af tekjum þess til opinberra þarfa, að hún vill líta á það eins og byrjunarráðstöfun, meðan félagið brýtur ísinn að starfinu, og gerir því ráð fyrir, að hundraðsgjaldið hækki verulega, þegar komið er yfir einskorðaðan leyfistíma.

Nd. 51. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Árin 1932 og 1933 fellur í ríkissjóð helmingur þess fjár, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagur ríkissjóðs er svo erfiður og útlitið um afkomu hans svo iskyggilegt, að full ástæða er til að hlynna sem mest að honum. Tekjur Menningarsjóðs árið 1930 voru tæpar 70 þús. kr., svo að hér er ekki um mjög óverulega upphæð að ræða, en vitaskuld má búast við mismunandi upphæð frá ári til árs, svo að ekki er unnt að segja, hve mikið er hér um að ræða.

Nd. 52. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 19. maí 1930, um fræðslumálastjórn.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað, sem af barnaprófum leiðir, sbr. 18. gr. laga nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna, skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

3. gr.

8. og 9. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er farið fram á, að niður séu felld ákvæði þau, er sett voru 1930 um eftirlitsmenn með barnafræðslu í landinu, svo nefnda „kennsluprófasta“. Frv. þetta, ef að lögum verður, sparar ríkissjóði 15 þús. kr. á ári, og er slíks sparnaðar full þörf á þessum tímum, enda mun litið svo á af öllum þorra almennings, að starfsemi þessara manna muni ekki koma að tilætluðum notum og því ekki skaði skeður, þótt þessi nýju embætti séu afnumin.

Ed. 53. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita þrem mönnum skírteini til vélstjórnar á íslenzkum skipum.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Guðmundi Bergmann Guðmundssyni, Magnúsi Jóni Kristóferssyni og Sigurði Kristjánssyni vélstjóraskírteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem ganga á fisk-

veiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að 200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Á vetrarþinginu 1931 var borið samskonar frumvarp fram og þetta og varð þá að lögum. Það er eins ástatt um alla þessa menn, er hér eru greindir, eins og þann, er þá var, Jón Þorl. Jósefsson, að þeir hafa um lengri tíma haft á hendi vélstjórn á gufuskipum, en jafnan orðið að fá undanþágu, þar eð þeir hafa ekki lokið prófi í vélstjóraskóla.

Guðmundur Bergm. Guðmundsson er fæddur að Setbergi við Hafnarfjörð 8. febr. 1897. Hann var kyndari 1916—1919 á b/v Víði í Hafnarfirði, en eftir það, eða frá 1. okt. 1919 til 15. nóv. 1922, að undanskildum 1½ mán., eða samtals 3 ár, vann hann við smíðar í járnsmiðju og vélaverkstæði verzlunar Böðvarssona í Hafnarfirði. Síðan 1923 hefir hann lengst af verið 2. vélstjóri á íslenzkum fiskiskipum, nær 4 mán. á b/v Karlsefni, rúman mánuð á b/v Austra, rúma 6½ mán. á b/v Kára Sölmundarsyni, nær 2 mán. á b/v Sindra og 41½ mán. á b/v Rán, eða samtals 4 ár og 7 mánuði.

Magnús Jón Kristófersson er fæddur í Reykjavík 14. júlí 1901. Hann tók próf í meðferð mótora á mótornámskeiði 1917 og annaðist vélgæzlu á mótorbátum eftir 1918. Var kyndari 3½ mán. á gufuskipum árið 1924—25 og 3. vélstjóri á b/v Ver 1925—26 í 16 mánuði. Hann var 2. vélstjóri á b/v Eiríki rauða í tæpa 4 mán., og á b/v Kára Sölmundarsyni í 9 mán. og rúman 9½ mán. á b/v Ver, eða samtals 1 ár og 10½ mán., sem hann hefir verið 2. vélstjóri. Frá 5. jan. 1929 til 14. des. 1931, eða tæp 3 ár, hefir hann verið 1. vélstjóri á b/b Sæbjörg, sem hefir 280 hestafla vél. — Í vélsmiðju Hafnarfjarðar hefir hann unnið tæpa 11 mánuði.

Sigurður Kristjánsson er fæddur að Suðurkoti í Grímsnesi 23. apríl 1900. Hann var kyndari og aðstoðarvélstjóri á botnvörpungum 1921—1924 í samtals 2 ár, og á þeim árum, eða frá $^1/_{10}$ 1922 til $^{23}/_5$ 1923, vann hann á smíða- og vélaverkstæði verzlunar Böðvarssona í Hafnarfirði. Frá því árið 1924 hefir hann verið 2. vélstjóri á b/v Agli Skallagrímssyni í rúma 2 mán., á b/v Hafstein í tæpa 10 mán., á b/v Ými rúman 27½ mán., á b/v Þorgeiri Skorargeir í rúman mánuð, á b/v Surprise í tæpan mán. og á b/v Maí í 11½ mán., eða samtals 4 ár og 5 mán. Auk þessa hefir hann verið 1. vélstjóri á b/b Málmey í 16½ mán.

Umsækjendurnir hafa allir mjög góð meðmæli frá þeim, sem þeir hafa unnið hjá, og þar sem þeir eru ómótmælanlega að öllu færir um vélstjórn slíka sem 1. gr. þessa frumvarps getur, virðist fullkomlega rétt að veita þeim sama rétt til vélstjórnar eins og þeir hafa áður haft með undanþágu samkvæmt gildandi lögum, en undanþágan er bundin því skilyrði, að vöntun sé á vélstjór-

um, sem fullnægi skilyrðum laganna um vélstjórn, og gerir því þessi aðstaða þeirra það að verkum, að atvinnan verður stopul og óviss.

Nd. 54. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stafliður b í 1. gr. laganna orðist svo:

b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stúdentsprófi og auk þess prófi í uppeldisfræði og kennslu. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef umsækjandi hefir stundað sérnám í leikfimi, teikningu, handavinnu eða matreiðslu við einhverja námsstofnun, sem undirbýr kennaraefni í þessum greinum, og lokið þar prófi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, og ber honum þá að tilkynna það skólanefnd þess skóla, sem hann fer frá. Ef starfandi kennari sækir um aðra kennarastöðu og er veitt hún, þá skal fræðslumálastjórnin tilkynna það skólanefnd þess skóla, er hann starfaði áður við.

3. gr.

Stafliðirnir a.—e. í 9. gr. orðist svo:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum: 3000 kr. auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, eða jafngildis þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla: kr. 2400.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2250 auk ókeypis þriggja herbergja íbúðar minnst, með ljósi og hita, eða jafngildi þess í peningum. Forstöðumenn heimavistarskóla hafa þar að auki til afnota, án endurgjalds, minnst 2 ha. af girtu landi og ræktuðu, eða hæfu til ræktunar.
e. Kennarar við barnaskóla utan kaupstaða: kr. 2100.
f. Farkennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu: kr. 750, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss og hita og þjónustu, þann tíma ársins, sem skólinn stendur, eða jafngildi þess í peningum.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi tvær nýjar greinar:

a. 11. gr.

Kennarar, sem taldir eru í 9. gr. stafl. b. og e., fái auk þeirra launa, sem þar eru talin, húsaleigufé, 50% af leigu eftir meðalíbúð, þrjú herbergi auk

eldhúss, á þeim stað, sem þeir kenna. Verði ekki samkomulag um húsaleigufé þetta, skal leigan metin af þrem mönnum. Skipi hreppsnefnd eða bæjarstjórn einn þeirra, kennarinn eða kennararnir annan, og stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þriðja manninn, og verður úrskurði þeirra eigi áfrýjað.

b. 12. gr.

Forstöðumenn barnaskóla og kennarar skulu njóta framfærslueyris úr ríkissjóði fyrir börn sín, sem þeir hafa á sínu eigin framfæri, 300 kr. fyrir hvert barn umfram eitt. Giftar kennslukonur njóta þó ekki þessa framfærslueyris, enda séu menn þeirra vinnufærir.

5. gr.

11. gr. laganna verður 13. gr. og orðist svo:

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^{7}/_{12}$ hlutum úr bæjarsjóði, en $^{5}/_{12}$ úr ríkissjóði.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. d. og e., greiðast að $^{5}/_{12}$ úr sveitarsjóði, en $^{7}/_{12}$ úr ríkissjóði.

Til farkennaralauna samkvæmt f-lið 9. gr. greiðast úr sveitarsjóði 150 kr., en hitt úr ríkissjóði.

Húsaleigukostnað, húsaleigufé, fæði og önnur hlunnindi, sem kennarar njóta eftir lögum þessum, greiðir bæjar- eða sveitarsjóður.

Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr., skal skorið úr á sama hátt og getur í 11. gr.

6. gr.

12. gr. laganna verði 14. gr. og orðist svo:

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talin frá þeim tíma, er kennari tók við fastri stöðu, greiðist sem hér segir:

a. Forstöðumenn og kennarar við fasta skóla kr. 200 á tveggja ára fresti, upp að kr. 1200, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.

b. Farkennarar kr. 120 á tveggja ára fresti, upp að kr. 720, og hafa þeir náð fullum launum eftir 12 ára þjónustu.

5 ár við farkennslu skulu jafngilda 3 starfsárum við fastan skóla, en skemmri tími í hlutfalli þar við. Ef kennari við fastan skóla gerist farkennari, skal hann njóta launaviðbótar eins og hann hefði verið farkennari öll starfsár sín.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðir ríkissjóður.

7. gr.

Á eftir 14. gr. kemur ný grein, sem verður 15. gr., svolátandi:

Þegar samanlagður aldursárafjöldi og starfsárafjöldi kennara nemur 84 árum, skal fækka við hann kennslustundum, án þess að laun hans skerðist, um 2 stundir á viku á ári hverju í næstu 6 ár, svo að hann kenni úr því 18 stundir á viku.

8. gr.

13. gr. verður 16. gr. og orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og aðrir starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, sem um ræðir í 9. gr. og 11. gr., og framfærslueyrir samkv. 12. gr. koma ekki til greina í þessu sambandi.

9. gr.

14. gr. verði 17. gr., en 15. gr. verði 18. gr. og orðist svo:

Öll ákvæði í lögum þessum eiga jafnt við um karla og konur, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

10. gr.

16. gr. verður 19. gr., og við greinina bætist: svo og lög nr. 21 1930 og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

11. gr.

17. gr. verður 20. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1932, og skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 75, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið flutt á tveim undanförnum þingum, og vísast til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi því þá.

Nd. 55. Frumvarp

til laga um ríkisskattanefnd.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisskattanefnd skipa þrír menn og 2 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er fjármálaráðherra ákveður.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í nefndina og ákveður formann hennar. Skulu nefndarmenn skipaðir til 6 ára þannig, að einn nefndarmaður fer frá annaðhvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði og annar á sjávarútvegi og viðskiptum,

3. gr.

Ríkisskattanefnd hefir aðsetur í Reykjavík. Skal nefndinni ætlað rúm í húsnæði Skattstofu Reykjavíkur. Skattstjórinn í Reykjavík skal vera ráðunautur nefndarinnar og aðstoða hana að því leyti, sem starf hans leyfir og eigi kemur í bága við endurskoðun og úrskurði nefndarinnar um hans eigin verk.

4. gr.

Störf ríkisskattanefndar eru þessi:

1. Að úrskurða kærur út af úrskurðum yfirskattanefnda um álagningu tekju- og eignarskatts og útsvara. Séu kærur um tekju- og eignarskatt ásamt öllum nauðsynlegum gögnum komnar til nefndarinnar eigi síðar en í júlílok. Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurð á kærur þessar fyrir októberlok, og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilunum úrslitin tafarlaust.

   Kærur um útsvör séu komnar til nefndarinnar eigi síðar en 2 mánuðum eftir dagsetningu úrskurða yfirskattanefnda.
2. Að hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum.

Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar um eignar- og tekjuskatt er fullnaðarúrskurður, nema um dómstólamál sé að ræða samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Úrskurður nefndarinnar um útsvarskæru er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

5. gr.

Yfirskattanefndum ber að senda ríkisskattanefnd skattskrá ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, jafnskjótt og þær hafa lokið störfum.

6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til upplýsinga frá einstaklingum og stofnunum og skattanefndir samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og ennfremur hefir nefndin ætið aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna.

7. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa gerðabók og rita í hana úrskurði og aðrar ákvarðanir.

8. gr.

Um skilyrði og skyldu til setu í ríkisskattanefnd, um þagnarskyldu nefndarmanna og um þátttöku þeirra í úrskurðum, er varða þá sjálfa eða venzlamenn þeirra, gilda sömu ákvæði og um skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn samkvæmt gildandi skattalögum, og sömuleiðis um viðurlög, ef út af er brugðið.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun ríkisskattanefndar. Þóknunin, ásamt öðrum kostnaði við nefndina, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Það hefir komið greinilega í ljós við athuganir, sem fram hafa farið um það efni, að framkvæmd skattalaganna er eigi lík því sem skyldi víða um land, og ennfremur, að freklega skortir á um samræmi í framkvæmd laganna milli hinna einstöku skattaumdæma.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, að skattþegnar landsins eiga fulla heimtingu á, að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnum, hvar sem þeir búa á landinu, og hlýtur sú krafa að verða borin fram fyrir löggjafarvaldið, að það sjái um, að sú aðstaða myndist um eftirlit í þessum málum, að fullt jafnræði ríki.

Í öðrum, að minnsta kosti nálægum löndum er þessum málum svo fyrir komið, að nefnd manna hefir lokaúrskurðarvald í skattamálum fyrir land allt, nema um dómstólamál sé að ræða, og jafnframt eftirlit með störfum þeirra, sem skattinn leggja á, og gætir nefndin samræmis um framkvæmd laganna og þess, að þeim sé framfylgt.

Þykir fullvíst, að eigi fáist leiðrétting á því ástandi, sem nú ríkir, nema sett sé á stofn hér á landi nefnd, er hefir það verkefni, sem að ofan er lýst, og þess vegna er þetta frumvarp fram borið.

Milliþinganefnd sú í tolla- og skattamálum, sem starfaði á síðasta kjörtímabili, var þeirrar skoðunar óskipt, að slík nefnd væri algerlega nauðsynleg, og tók upp ákvæði um hana í frumvörp þau, er hún flutti, en þau frumvörp

hafa enn ekki orðið að lögum. Þykir rétt að flytja nú sérstakt frumvarp um þetta, þar sem álita verður mjög brýna nauðsyn á, að þessi skipun fái framgang. Ákvæðin í þessu frumvarpi um nefndina og störf hennar eru að mörgu leyti í samræmi við þau ákvæði um hana, sem milliþinganefndin hafði sett í sín frumvörp um sama efni.

Verður þá minnzt einstakra greina, eftir því sem tilefni virðist til.

Um 1. og 2. gr.

Rétt þykir að hafa nefndarmenn eigi fleiri en 3 og skipa þá til ákveðins tíma. Er vitanlega hægt að endurskipa þá nefndarmenn, sem úr eiga að ganga, ef vel líka störf þeirra í nefndinni.

Um 3. gr.

Rétt þótti að ákveða nefndinni Skattstofu Reykjavíkur sem starfsstað. Þar eru fjölmörg gögn viðvíkjandi skattamálum, er nefndinni geta komið að notum, og illmögulegt er ennfremur að endurskoða skattaálagninguna í Reykjavík nema í skattstofunni sjálfri. Á sumrin er einnig svo rúmt í húsnæði skattstofunnar, að nefndin getur vel komizt þar fyrir án þess að nokkur bagi verði að. Af húsnæði handa nefndinni þarf því enginn aukakostnaður að verða með þessu móti.

Þá þykir og vel við eigandi, að skattstjórinn í Reykjavík vinni með nefndinni henni til aðstoðar, að því leyti, sem það kemur eigi í bága við endurskoðun nefndarinnar á verkum hans. Þótt eigi sé tekið fram í frumvarpinu, verður vitanlega að gera ráð fyrir því, að nefndin fái notið aðstoðar skattstofunnar við ýms störf, en hún hefir á að skipa mönnum, sem þaulvanir eru í öllum störfum, er að skattaálagningu lúta. Mundi með því móti verða mikill kostnaðarléttir fyrir nefndina frá því, sem verða mundi, ef verkin þyrftu að vinnast af óvönum mönnum, og það þótt vitanlega sé gert ráð fyrir, að nefndin taki þátt í skrifstofukostnaði skattstofunnar, að réttri tiltölu við þá aðstoð, sem hún nýtur þaðan.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um starf nefndarinnar, og er það tvíþætt, annarsvegar úrskurðir þeirra málefna, sem undir hana eru borin, og hinsvegar eftirlit með störfum allra þeirra, er skattaálagningu hafa með höndum.

Í lögum um útsvör frá 1926 er svo ákveðið, að æðsta úrskurðarvald um útsvarskærur sé hjá atvinnumálaráðuneytinu, þangað til sett verði á stofn landsyfirskattanefnd. Eigi verður um það deilt, að með landsyfirskattanefnd er átt við stofnun þá, sem í frumvarpi þessu er nefnd ríkisskattanefnd, og er því úrskurðarvaldið um útsvarskærur flutt til hennar í frumvarpi þessu. Er slík nefnd einnig óneitanlega miklu eðlilegri aðili í málum sem þessum heldur en atvinnumálaráðuneytið.

Þar sem sýnt þykir, að eigi muni með öðru móti fást fullt samræmi í skattaálagningu eða fullt lag komast á framkvæmd laganna, er gert ráð fyrir

því, að nefndarmenn eða umboðsmenn nefndarinnar ferðist um á milli skattanefnda til eftirlits.

Um 5. gr.

Gefur eigi tilefni til athugasemda.

Um 6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir samkvæmt þessari grein sama aðgang að upplýsingum og aðrir, er við skattaálagningu fást, og til viðbótar aðgang að bókum banka og sparisjóða. Þykir sjálfsagt að láta ríkisskattanefnd hafa rétt til fullkominna upplýsinga frá þessum stofnunum, og enn fyllri rétt en skattanefndir í einstökum skattaumdæmum.

Um 7., 8., 9., 10. og 11. gr.

Greinar þessar gefa lítið tilefni til athugasemda. Fyrirmæli 8. gr. eru höfð með tilvísun til gildandi skattalaga, þar sem óþarft þótti að taka upp í frumvarpið öll einstök atriði um þessi efni.

Rétt þótti að gera ráð fyrir reglugerð um störf nefndarinnar".

Ed. 56. Frumvarp

til laga um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Flutningsmaður: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Nýjan veg skal leggja frá Hafnarfirði, vestanvert við Setbergshamar og vestanvert við túnið á Vífilsstöðum, á Suðurlandsbraut í austanverðri Sogamýri. Byrjað skal á verkinu á næsta ári.

2. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal til vegargerðarinnar árlega, þar til vegurinn er fullgerður, verja ½ tekjum þeim, er ríkissjóður fær samkvæmt lögum um bifreiðaskatt, eins og þau lög eru á hverjum tíma, meðan á vegarlagningunni stendur. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

Greinargerð.

Svipað frumvarp var flutt á sumarþinginu 1931, en náði ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

„Haustið 1917 var stikaður nýr vegur frá Hafnarfirði á Suðurlandsbraut á sama stað og frv. fer fram á. Var að nokkru byrjað á vegarlagningu, en

féll niður er ófriðnum lauk. Vegur þessi er c. 5 km. styttri fyrir þá, er þurfa að fara af Suðurlandsbraut til Vífilsstaða, Hafnarfjarðar eða lengra suður á Reykjanesskagann, móts við það að fara þá leið, er nú er bílfær. Auk þess liggur vegur sá, er nú er milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, á mjög óhentugum stað, mishæðóttur og snjóþyngsli á honum að vetrarlagi. Myndi því þessi nýi vegur gera alla flutninga í þessa átt ódýrari en nú er, um leið og hann yrði tryggari samgönguleið og þyrfti minna viðhald en sá vegur, er nú er farinn".

Tvær breytingar eru á frumvarpinu frá því í sumar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að byrjað verði á verkinu þegar á næsta ári, enda er brýn nauðsyn til að bæta bílveginn milli bæjanna og mikil þörf á atvinnubót fyrir verkamenn bæjanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að helmingi af væntanlegum bíla- og benzínskatti verði varið til vegargerðarinnar. Það liggur í hlutarins eðli, að bifreiða- og benzínskattur á fyrst og fremst að ganga til að bæta og gera nýja bílvegi þar, sem bílaumferðin er mest, og verður það í nágrenni Reykjavíkur, og yrði þessi leið með þeim fjölförnustu, þar sem að meðaltali c. 300 bílar ganga daglega á árinu milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ed. 57. Frumvarp

til laga um sölu á landi Garðakirkju á Álftanesi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heimajarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi jarðarinnar.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og fylgdi því greinargerð sú, er hér fer á eftir. Hefir verið leitað álits Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, og er álit hans prentað sem fylgiskjal aftan við greinargerðina.

„Eins og kunnugt er, er heppilegt land til ræktunar mjög af skornum skammti til í námunda við Hafnarfjörð. Hinsvegar er áhugi manna svo mikill þar fyrir ræktun, að hvergi nærri er hægt að verða við óskum manna um ræktunarland, þó að útmældir hafi verið í þessu skyni hinir óálitlegustu grjótmelar og jafnvel hraun.

Fyrir því var á bæjarstjórnarfundi hinn 10. nóv. s. l. samþykkt að leita fyrir sér hjá dómsmálaráðuneytinu um sölu á jörðinni Görðum á Álftanesi, eða hluta úr henni, þar sem jörðin er nú undir skiptum og talið er, að allmikið ræktanlegt land, ekki langt frá Hafnarfirði, falli þá í hlut heimajarðarinnar, sem vafasamt þótti, hvort núverandi leiguliði myndi notfæra sér.

Eigi er hægt án lagaheimildar að selja umræddan jarðarhluta, og því er þetta frv. komið fram".

Fylgiskjal.

Mér undirrituðum hefir verið sent til umsagnar „Frumvarp til laga um sölu á landi Garðakirkju á Álftanesi", og er ég fyllilega sammála þeim ástæðum, sem nefndar eru í greinargerð frumvarps þessa fyrir sölu á landi til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hafnarfjarðarkaupstaður á lítið ræktanlegt land, enda eru tún þar eigi talin meira en 35 ha. og garðar 4 ha. Nautgripir eru taldir 70 og uppskera af garðávöxtum um 300 tnr.

Nú er íbúatala í Hafnarfirði 3500, og þyrfti þá til að fullnægja mjólkurþörf bæjarbúa að vera þar um 590 mjólkurkýr, og ef nægilegt ætti að afla af garðávöxtum, mætti það eigi minna vera en 3550 tnr.

Hafnarfjarðarkaupstaður á einna minnst af ræktanlegu landi af öllum kauptúnum landsins. Því er lífsnauðsyn fyrir hann að fá umráð yfir nokkru landi, og er þá næst land Garðakirkju. Mikið af því liggur vel til ræktunar, einkum það, sem liggur næst veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ég leyfi mér því að mæla eindregið með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Reykjavík, 27. febrúar 1932.

S. Sigurðsson.

Nd. 58. Frumvarp

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkis-

ins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Nú óskar aðili ekki að flytja erindið sjálfur, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu vegna fjarvistar, og skal útvarpsráðið þá fela einhverjum þar til hæfum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Lengd erindanna miðast við 20 minútur, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 59. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu í kringum öldubrjótinn í Bolungavík, sem sé nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi.

Matið skal byggt á verðlagi því, sem var á landinu áður en öldubrjótsbyggingin hækkaði það í verði.

2. gr.

Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt.

3. gr.

Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Á s t æ ð u r.

Eftir tillögu fulltrúa Hólshrepps, var á 5. þing- og héraðsmálafundi Norður-Ísafjarðarsýslu samþ. í e. hlj. svo hljóðandi ályktun:

„Fundurinn skorar á Alþingi að veita hreppsnefnd Hólshrepps heimild til þess að láta taka eignarnámi það af landi sunnan brimbrjótsins í Bolungavík, sem nauðsynlegt er til þess að koma á skipulagi um landtöku mótorbáta í brimbrjótsvörinni með vélspili, einnig þá lóð norðan brimbrjótsins, sem samkvæmt skipulagi er ætluð undir fiskverkunarstöð fyrir héraðið, svo og mannvirki þau, sem á lóðum þessum eru. Matið sé byggt á verðlagi því á landi þessu, sem ríkti áður en brimbrjótsbyggingin hækkaði það í verði og sem ljóst kemur fram af samhljóða samningum fyrir uppsátursgjöld af lóðum þessum, er gerðir voru áður en brimbrjóturinn var byggður".

Ætlazt er til, að Vatnsfjarðarkirkja haldi óskertum rétti sínum til uppsáturstolla af hinu eignarnumda landi.

Nd. 60. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svonefndri Skeljavík innan við Hnífsdal.

Stærð landsins má vera 4000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Á s t æ ð u r.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefir óskað þessarar heimildar, þar sem erfitt hefir reynzt að fá samkomulag við alla eigendur landsins. Hreppsfélagið hefir ráðizt í byggingu dýrrar bryggju á þessum stað.

Nd. 61. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frumvarp þetta dagaði upp á vetrarþinginu 1931. Þá flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar það, að tilhlutun Dýraverndunarfélags Íslands, og enn hefir stjórn félagsins farið þess á leit við landbúnaðarnefndina, að hún flytti frv. Við þeim tilmælum vill nefndin verða.

Ed. 62. Frumvarp

til laga um kirkjugarða.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Guðrún Lárusdóttir, Páll Hermannsson.

1. gr.

Í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar á hver maður rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefir átt lögheimili eða óskað legstaðar. Sjóreknir menn og drukknaðir eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar í sókn, er þeir eru fyrst fluttir til byggða.

2. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Nú óskar bæjarstjórn eða hreppsnefnd að taka að sér umsjón kirkjugarðs og fjárhald, og getur ráðherra heimilað það, að fengnum tillögum biskups og sóknarnefndar, enda hvila þá á bæjarstjórn eða hreppsnefnd hinar sömu skyldur sem á sóknarnefnd eftir lögum þessum.

3. gr.

1. Skylt er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðsstæði eða grafreit, svo og hleðslu- eða steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó svo, að kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, haldist óbreyttar.
2. Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitar- eða bæjarfélagið kosta framræslu eða uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og vatn standi ekki í gröfum.
3. Þar, sem kirkja er ekki i kirkjugarði, leggur sveitar- eða bæjarfélag veg frá kirkju að kirkjugarði og heldur honum akfærum. Ennfremur leggur sveitar- eða bæjarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.
4. Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitar- eða bæjarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðri í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af honum stafað.
5. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag, eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti, sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.
6. Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkv. lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.
7. Rétt er sóknarnefnd, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2. gr. og 3. lið þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd þeirra að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs mann til að endurskoða reikninginn, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Sveitar- eða bæjarstjórn greiðir síðan reikninginn innan mánaðar frá því endurskoðun hefir farið fram.

4. gr.

Sóknarmönnum er skylt að koma upp og halda við fjárheldri og viðeigandi girðingu um kirkjugarð sinn, með steinlímdu hliði og vandaðri grind, sem hægt er að tvílæsa.

5. gr.

Þegar girða þarf grafreit, gamlan eða nýjan, gerir lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur ályktun um fyrirkomulag girðingar og efni hennar. Girðing skal vera úr vel hlöðnu grjóti, steinsteypu eða öðru sæmilegu efni, að dómi prófasts.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju; skal þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi til hringingar.

6. gr.

Sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins við girðingu grafreita, samkvæmt því, er fyrir er mælt í lögum þessum. Að verkinu loknu gerir sóknarnefnd reikning yfir kostnaðinn og sætir hann úrskurði héraðsfundar.

7. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur tekur ákvarðanir um, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, enda komi samþykki prófasts til.

Nú sýnir söfnuður vanrækslu í þessu efni, skipar prófastur þá fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, telji hann garðinn eigi lengur greftrunarhæfan. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og fá vottorð hans um, að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt heilbrigðisreglum. Síðan skal hún gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum kirkjugarði, eða viðbót. Skulu þar markaðir aðalgangstígar ekki mjórri en 1½ m. og aðrir stígar ekki mjórri en 1¼ m. og öllu skipulagi garðsins vel fyrir komið. Mælikvarði uppdrátta þessara skal vera 1 á móti 200.

Sendir síðan sóknarnefnd uppdrætti þessa, ásamt vottorði héraðslæknis, biskupi til staðfestingar, ásamt umsögn sóknarprests og prófasts.

Vilji biskup ekki samþykkja uppdrætti þessa, ber hann málið undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, er leggur á það úrskurð, að fengnu áliti sérfróðs manns um skipulag kirkjugarða.

Nú vill ráðuneytið ekki samþykkja uppdrátt, og lætur það þá sérfróðan mann gera nýjan skipulagsuppdrátt í 3 eintökum og sendir biskupi.

Geymir síðan biskup uppdráttinn, en sóknarprestur og sóknarnefnd hvorn hinna.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu, innan árs frá því, er lög þessi öðlast gildi, láta gera uppdrættti að kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar, að dómi prófasts. Skal mælikvarði uppdrátta þessara vera hinn sami sem að nýjum görðum. Þar skal marka fyrir legsteinum og að minnsta kosti öllum nýjustu leiðum.

Kallar prófastur eftir uppdráttum þessum í tæka tíð og sendir biskupi.

Lætur kirkjustjórnin þá sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig skipulagi hvers kirkjugarðs verði bezt fyrir komið til frambúðar og gera uppdrætti þar að lútandi. Og fer um þá síðan sem um uppdrætti að nýjum görðum.

9. gr.

Sóknarnefndir skulu annast um, að greftrun sé hagað samkvæmt staðfestum uppdrætti, enda er ekki heimilt að taka gröf annarsstaðar í kirkjugarði en þar, sem sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar leyfir.

Bannað er að taka gröf innan kirkju.

Jafnóðum og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett. En nafn hins jarðaða og greftrunardag ber að setja á legstaðaskrá, er fylgja skal uppdrættinum.

Sóknarprestur skal a. m. k. einu sinni á ári tölusetja á uppdrætti sínum ný leiði samkvæmt uppdrætti sóknarnefndar.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að a. m. k. fullur meter sé frá kistuloki á grafarbarm. Skyldur er sá, er gröf lætur taka, að ganga vel frá legstaðnum svo fljótt, sem við verður komið, og færa burt úr garðinum grjót og mold, ef ekki er allt látið aftur ofan i gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur sóknarnefnd, eða umboðsmaður hennar, gera verkið á kostnað hlutaðeiganda.

11. gr.

1. Sóknarnefnd er skylt að annast um, að allar götur og gangstigar garðsins séu snyrtilegar og vel við haldið. Skal hún sjá um, að garðurinn sé sleginn, en þó með varúð, og að skepnur komist þar alls ekki inn.
2. Hlutaðeigendum ber að annast um, að legstaðir séu jafnan vel og smekklega hirtir.
3. Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar samkvæmt 2. lið, skal sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar halda leiðum við og hreinsa af þeim illgresi á kostnað þeirra hlutaðeigenda, er til næst, en ella á kostnað kirkjugarðsins.
4. Hlutaðeigendum er skylt að halda við girðingum og legsteinum á leiðum. En sé það vanrækt þrátt fyrir aðvörun sóknarnefndar, er henni heimilt að láta slétta yfir legstaðinn og flytja ónýtar eða óviðeigandi girðingar burt, en setja slíka legsteina í skipulega röð á þeim stað í garðinum, er prófastur telur bezt fara á.

12. gr.

Rétt er sóknarnefnd að banna grafkapellur í kirkjugörðum, nema í sérstökum röðum og gegn gjaldi, sem ákveða má í reglugerð. Henni er og heimilt að setja reglur um fyrirkomulag girðinga um leiði, svo að sem bezt samræmi verði í garðinum.

Þar, sem líkbrennsla fer fram, en menn vilja þó geyma duftker með bálfararleifum i kirkjugarði, getur sóknarnefnd ákveðið, að kerin skuli grafin í sérstökum röðum, eða geymd í grafkapellum, er bæjarstjórn eða bálfararfélög reisa innan kirkjugarðs í því skyni. Hefir þá sóknarnefnd allar hinar sömu skyldur til eftirlits með viðhaldi grafkapellu og varðveizlu bálfararleifa sem með einstökum leiðum í kirkjugarði.

13. gr.

1. Sóknarnefnd er heimilt, með samþykki safnaðarfundar, að ráða sérstakan umsjónarmann kirkjugarðs og greiða honum þóknun fyrir starf sitt.
2. Hefir umsjónarmaður þá allt eftirlit með kirkjugarðinum á hendi, undir

yfirumsjón sóknarnefndar og á ábyrgð hennar, og gefur hún honum erindisbréf.

3. Sóknarnefnd getur falið umsjónarmanninum að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.
4. Einnig getur sóknarnefnd falið umsjónarmanni árlegt viðhald legstaða fyrir einstaka menn, er þess óska, og setur hún honum þá gjaldskrá.
5. Í kaupstöðum getur lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur veitt sóknarnefndinni, fyrir hönd kirkjugarðsins, einkaheimild til að nota líkvagna við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

14. gr.

Sóknarnefndir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekkvíslega prýddir, með blómplöntum þeim, er bezt þola veðráttufar landsins. Ber þeim í því skyni að sjá um, eða fela manni innan sóknar fyrir sína hönd að annast fyrir þá, er þess óska, útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum.

15. gr.

Skógræktarstjórn landsins skal skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða að innanverðu og meðfram gangstígum innan garðs. Skulu trjáplöntur þessar látnar ókeypis.

Ræktunarstöðvum, sem styrktar eru af almannafé, er skylt að láta sóknarnefndum, eða umboðsmönnum þeirra, í té blóma- og trjáplöntur til gróðursetningar á leiðum gegn vægu gjaldi.

16. gr.

Nú er í einhverju prestakalli fullur ⅓ hluti íbúa í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir safnaðarstjórn og prest, eða forstöðumann, er hlotið hefir staðfestingu ráðherra. Skulu þá sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar og safnaðarstjórn slíks safnaðar kjósa hvor úr sínum hópi sérstaka kirkjugarðsstjórn. Skipa hana 5 menn, og á hvor safnaðanna þar fulltrúa eftir mannfjölda í hvorum þeirra fyrir sig. Sbr. þó 38. gr.

Hefir kirkjugarðsstjórnin þá á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarðsins.

Legstaðasjóðir.

17. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði í hverri sókn.

18. gr.

Í legstaðasjóð geta menn lagt fé, sem ávaxtast þar til viðhalds legstaðar þess, er hlutaðeigandi óskar.

19. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir yfirstjórn prófasts, og er henni skylt að ávaxta innlögin í Söfnunarsjóði Íslands, þannig, að hver legstaður hafi sérstaka viðskiptabók.

Stofnandi hvers sjóðs skal í samráði við sóknarnefnd setja fyrirmæli um, hvernig verja skuli útborguðu vaxtafé til viðhalds og endurnýjunar legstaðnum, og er sóknarnefnd þá skylt að sjá um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

Niðurlagðir kirkjugarðar.

20. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður. Skal sóknarnefnd þá boða til almenns safnaðarfundar og auglýsa í fundarboðinu umræðuefni fundarins og tillögur sínar um það. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með ⅔ atkvæða atkvæðisbærra manna á lögmætum eða ályktunarfærum safnaðarfundi, ef samþykki prófasts og biskups kemur til.

21. gr.

Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir meðal fornleifa, og sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið um, að friðhelgi þeirra sé lýst á þingi.

22. gr.

Sóknarnefnd lætur gera griphelda girðingu um niðurlagðan kirkjugarð og heldur henni við á kostnað sóknarkirkjugarðsins, á meðan vel sést til leiða í kirkjugarðinum. Næstu 20 ár eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður má þar jarða einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar, en skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja hæfilega fjárupphæð í legstaðasjóð, honum til viðhalds.

23. gr.

Nú eru liðin meira en 20 ár frá því er kirkjugarður var lagður niður, og vill meiri hluti atkvæðisbærra manna á lögmætum safnaðarfundi slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Skal það þá heimilt, ef ráðuneytið samþykkir, að fengnum tillögum biskups og fornmenjavarðar.

Eru þá öll minnismerki í garðinum á ábyrgð vandamanna hinna látnu, en heimilt er þeim að halda slíkum legstöðum óhöggðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, er óviðurkvæmilegt er, að dómi prófasts. Ekki má þar neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragreftri eða skurðagerð, fyrr en 100 ár eru liðin frá því, er þar var síðast jarðað. Þó getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar liðin eru 60 ár.

Nú hefir ráðuneytið leyft að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð. Getur það þá mælt svo fyrir, að þau minnismerki, sem þar eru og enginn hirðir um, séu

flutt til sóknarkirkjugarðsins á kostnað hans, og komið þar fyrir í garðinum í skipulegri röð, á þeim stað, er prófastur telur bezt fara.

24. gr.

Prófastur felur sóknarpresti að gera skrá yfir alla legsteina og minnismerki í niðurlögðum kirkjugörðum, og skal þar öllum merkilegum eða fornum legsteinum lýst sérstaklega. Skrá þessa sendir prófastur biskupi. Leitar kirkjustjórnin þá álits fornmenjavarðar, og skal síðan með þá legsteina fara svo sem hún mælir fyrir um.

25. gr.

Nú brýtur sjór eða vatnsfall gamlan kirkjugarð eða hann eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, og skal þá sóknarnefnd tafarlaust gera prófasti og fornmenjaverði viðvart, enda ber henni eftir samráði við þá að gera svo fljótt sem verða má, á kostnað kirkjugarðs sóknarinnar, þær ráðstafanir, er þyrfa þykir.

Um líkhús o. fl.

26. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, ef safnaðarfundur samþykkir, að láta reisa líkhús við kirkju eða í kirkjugarði, á kostnað kirkjugarðsins. Ennfremur verkamannaskýli í kirkjugarði, eða við hann, með nauðsynlegum þægindum fyrir starfsmenn kirkjugarðsins.

27. gr.

Áður en sóknarnefnd framkvæmir verkið skal hún tilkynna það prófasti, en hann aftur kirkjustjórninni. Felur hún þá húsameistara að gera uppdrátt að byggingunni, og skal síðan fara eftir þeim uppdrætti, eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

28. gr.

Líkhús skal vera úr steinsteypu og með steinsteyptu gólfi, eða öðru jafnhentugu til sótthreinsunar, að dómi héraðslæknis. Skulu veggir og gólf vandlega sléttuð og séð fyrir nægilegri loftræslu. Í líkhúsi og verkamannaskýli skal vera vatnsveita og frárennsli, ef við verður komið.

Um fjárhag kirkjugarða.

29. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu samþykki safnaðar- og héraðsfundar, að taka upp legkaup í sókn sinni, með samþykkt, er ráðuneytið staðfestir.

Sóknarnefndin innheimtir þá legkaupið gegn 6% innheimtulaunum.

30. gr.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefndin gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefndin þá jafna því, er á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, sbr. þó ákvæði 38. gr.

Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar.

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum, eða innheimtumönnum sveitarsjóða, er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun.

31. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir í lögum þessum.

32. gr.

Um reikningshald kirkjugarðs- og legstaðasjóðs, svo og hvenær reikning skuli senda prófasti, og um ábyrgð sóknarnefndar, gilda sömu ákvæði sem um reikningshald safnaðarkirkna.

Um heimagrafreiti.

33. gr.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreit á jörð sinni fyrir sig og konu sína og börn þeirra, og sendir hann þá beiðni um það til biskups.

Beiðninni skal fylgja vottorð héraðslæknis um, að staðurinn sé vel valinn, og ennfremur fullnægjandi skipulagsuppdráttur af reitnum, ásamt uppdrætti af fyrirhugaðri girðingu.

35. gr.

Biskup leggur síðan beiðnina, ásamt fylgiskjölum, fyrir ráðuneytið ásamt tillögum sínum, og getur ráðherra veitt umsækjanda leyfið, ef hann fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Setur hæfilegt veð fyrir því, að hann reisi í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt uppdrætti.
b. Leggur hæfilega fjárhæð, að dómi ráðuneytisins, þó aldrei minna en 600

kr., í legstaðasjóð sóknarkirkjugarðsins, grafreitum til viðhalds, endurnýjunar og eftirlits.

c. Greiðir öll gjöld til kirkjugarðs sóknar sinnar, svo sem aðrir menn í sókninni.

36. gr.

Sóknarnefnd varðveitir viðskiptabækur legstaðasjóðs til viðhalds heimagrafreitum í sókninni, undir yfirstjórn prófasts. Er henni skylt að sjá um viðhald heimagrafreita í sókninni, ef vandamenn hinna látnu flytjast burt eða falla frá, og gilda þar um sömu reglur sem um viðhald þeirra legstaða í kirkjugarði, sem legastaðasjóður er lagður til.

37. gr.

Prófasti er skylt að hafa eftirlit með heimagrafreitum á yfirreiðum sínum.

Ferðakostnað prófasts til eftirlits með heimagrafreit greiðir jarðeigandi, nema biskup leyfi, að hann megi greiða af útborguðum vöxtum legstaðasjóðs.

Skjóta má ferðakostnaðarreikningi prófasts til úrskurðar kirkjustjórnar.

Um grafreiti utanþjóðkirkjumanna.

38. gr.

Heimilt er viðurkenndum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar að taka upp sérstakan grafreit, með samþykki ráðuneytisins.

Setur ráðuneytið þá safnaðarstjórninni allar hinar sömu reglur um skipulag, umgengni og viðhald slíkra grafreita sem sóknarnefndum þjóðkirkjusafnaða, að því er við á. Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir að greiða hundraðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar, meðan þeir halda reitnum sómasamlega við og fylgja settum reglum.

Um reglugerð, samþykktir o. fl.

39. gr.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða í samráði við biskup. Skal þar setja nánari ákvæði og leiðbeiningar um ýmis atriði, er snerta kirkjugarða, svo sem um umgengni þeirra, útmælingu legstaða, ættargrafreiti, tilhögun á greftri o. fl. þess háttar.

40. gr.

Sóknarnefndum er heimilt, með leyfi safnaðar- og héraðsfundar, að setja nánari ákvæði um kirkjugarð og greftrun í samþykkt, er ráðherra staðfestir, samkvæmt tillögum biskups. Má þar setja ákvæði um legkaup, gjald fyrir graf-

kapellur og um gerð þeirra, lokunartíma kirkjugarða í kaupstöðum og það annað, sem nauðsynlegt þykir að haga eftir staðháttum.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—500 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa kann út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, lög nr. 29, 15. júní 1926, um líkhús. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

43. gr.

Meðan verið er að koma lögum þessum í framkvæmd er ráðuneytinu heimilt að taka sérfróðan mann sér til aðstoðar, til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Greinargerð.

Frumvarp því nær samhljóða var lagt fyrir síðasta vetrarþing af ríkisstjórninni, en dagaði þá uppi.

Frv. er nú flutt samkv. beiðni formanns milliþinganefndarinnar í kirkjumálum, og vísast til athugasemda, er frv. fylgdu í fyrra.

Nd. 63. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Magnús Guðmundsson.

1. Aftan við frvgr. bætist:
   Á eftir III 2, b. í lögum nr. 57, 19. maí 1930, bætist nýr liður:
   a. Vegur frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.
   b. Vegur frá Sauðárkróki um Hegranes að Hjaltastaðaárbrú til Hóla í Hjaltadal.
   c. Vegur frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk að Vatnsleysu í Viðvíkursveit.
2. Við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Nd. 64. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Birni Kristjánssyni.

1. Aftan við frvgr. bætist:
   Tölul. III. 1 í lögum nr. 57, 19. maí 1930, orðist svo:
   Í stað orðanna í tölul. 1 »Um Tunguheiði . . . að Þórshöfn« kemur:
   Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit, Melrakkasléttu, Þistilfjörð að Þórshöfn.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Nd. 65. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr. og á eftir henni komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og

um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.

b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.

c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.

d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má, að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

e. Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.

f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.

g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi tvær nýjar greinar, er verða 9. og 10. gr., svo hljóðandi:

a. Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Ráðherra getur einnig falið honum eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum reglugerða um varnir gegn útvarpstruflunum, um loftnet fyrir útvarpstæki o. fl.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

b. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Skal gjald þetta miðast við stærð rafala í orkuveri, og má eigi nema meiru en tveimur krónum af hverju kílówatti málraun þeirra. Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjalds þessa, og má taka það lögtaki.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

5. gr.

7., 8. og 9. gr. laganna verði 11., 12. og 13. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 7, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. svipað þessu hefir verið borið fram á tveimur undanförnum þingum, en náði í hvorugt skiptið afgreiðslu þingsins.

Nú er frv. borið hér fram af nýju, nokkuð breytt og aukið. Eru breytingarnar gerðar samkvæmt tillögum þeirra manna, er hafa með höndum stjórn og eftirlit rafveitumála, og miða til þess að koma í veg fyrir tjón og hættu af völdum ófullnægjandi umbúnaðar rafvirkja og skorts á eftirliti með notkun rafmagns.

Rafmagnsnotkun fer nú hraðvaxandi í landinu, en eftirlitið er mjög í molum og ekki háð allsherjar lagafyrirmælum eða opinberum ráðstöfunum, eins og tíðkast hjá öðrum þjóðum. Þykir ekki við svo búið mega standa, því að alkunnugt er, að ófullkomnum raftækjum og ófullnægjandi umbúnaði á leiðslum fylgir eldsvoðahætta og lífshætta fyrir þá, er vinna að rafmagnsgæzlu.

Almenn notkun raforku grípur mjög inn í hagnýtingu útvarps á tvennan hátt. Í fyrsta lagi þarf fullkomið eftirlit með loftnetjum og uppsetningu útvarpsviðtækja. Í öðru lagi eru hinar alþekktu og illa þokkuðu truflanir á viðtöku útvarps, sem stafa frá biluðum rafleiðslum og ýmiskonar tækjum, sem knúin eru af raforku.

Til þess að unnt sé að vinna bug á þessum truflunum og margvíslegu hirðuleysi og óreglu í notkun rafmagns, þarf að skipa eftirlitsmann með hæfilegu valdi, til þess að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, og að nokkru verði til eftirlitsins kostað. Eins og nú er háttað, er ekkert fé ætlað til slíkra ráðstafana, og lagafyrirmæli þau, sem um þetta efni gilda, eru svo ófullkomin, að þau eru ekki nægilega sterk undirstaða fullnægjandi ráðstafana.

Er svo til ætlazt, að þetta frv., ef að lögum verður, geti bætt úr þessari vöntun.

Vísast að öðru leyti til þeirrar greinargerðar, sem fylgdi frv. á sumarþinginu 1931.

Ed. 66. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir (þskj. 9).

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp sama efnis hefir legið fyrir tveim síðustu þingum. Í bæði skiptin hefir Ed. afgreitt málið, en það dagað uppi í Nd. Á vetrarþinginu samþykkti Ed. frv. óbreytt eins og stjórnin þá lagði það fyrir þingið, en á sumarþinginu bætti deildin allmörgum brúm við.

Í þetta frv. hafa verið teknar flestar þær brýr, sem deildin setti inn á síðasta þingi, en þó er nokkrum þeirra sleppt. Tveir nefndarmanna leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hinn þriðji (HSteins) ber fram breytingartillögur og fylgir frv. því aðeins, að þær till. nái samþykki.

Alþingi, 1. marz 1932.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	H. Steinsson, fundaskr., með fyrirv.	Ingvar Pálmason.

Nd. 67. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Aftan við frvgr. bætist:

Við C. Í stað orðanna »Um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Aðalreykjadal« í tölulið 1 kemur: Um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, og önnur álma norður Köldukinn, fyrir Núp, um Aðalreykjadal.

Nd. 68. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Aftan við frvgr. bætist:
   Við D.
   Á eftir 4. tölulið komi tveir nýir liðir:
   a. Jökuldalsvegur, frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.
   b Upphéraðsvegur, frá Lagarfljótsbrú norðan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Nd. 69. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. Aftan við frvg. bætist:
   Á eftir III. 3. d. í lögum nr. 57, 19. maí 1930, bætist nýr liður:
   Dalvíkurvegur, frá Dalvík að vegamótum á Moldhaugahálsi.
2. Við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Nd. 70. Frumvarp

til ábúðarlaga.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu, enda hafi leiguliði lögheimili innan þess sveitarfélags, er jörðin liggur í.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá fyrir 1. apríl bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar. Ef sveitarstjórn sinnir ekki þeirri málaleitun, skal hann láta bjóða jörðina upp til ábúðar frá næstu fardögum í þeirri þinghá, sem jörðin liggur. Ef enginn vill þá taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna öll afnot hennar og er honum þá eigi skylt að halda uppi lögskilum af henni, meðan hún er óbyggð. Nú býður landsdrottinn ekki sveitarstjórn jörðina né lætur bjóða hana upp til ábúðar, og skal hann þá skyldur að greiða öll lögboðin gjöld af henni.

2. gr.

Ef sveitarstjórn tekur við jörð til ráðstöfunar, ber hún ábyrgð á öllum jarðargjöldum til landsdrottins. Ef sveitarstjórn telur jörð byggilegri með því að skipta henni, er henni það heimilt. Skal hún þá láta gera nauðsynlegustu hús á jörðinni, sem leiðir af skiptingu, ef úttektarmenn telja, að jörðin muni þannig trygg í ábúð framvegis. Er landsdrottinn skyldur til að kaupa hús þau, er sveitarstjórn lét gera á jörðinni, ef þau svara til þeirra húsa, sem

krafizt er á leigujörðum að mati úttektarmanna. Gildir sama um ábúðarrétt þeirra manna, er sveitarstjórn leigir jörðina, sem ákveðið er í lögum þessum.

3. gr.

Hjáleigu má byggja undir heimajörð, ef jörðin að mati úttektarmanna þarfnast þess. Sömuleiðis má sameina hjáleigur í eina jörð, ef það, að mati sömu manna, stuðlar að sjálfstæðari ábúð og tryggir ræktun.

4. gr.

Stofna má nýbýli í landi jarðar eftir því sem lög mæla fyrir.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 22. gr.

Ennfremur skal nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkvæmt lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rétt sinn til ábúðar.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörðu, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið um samið. Ef úttektarmenn telja, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæta honum allan skaða, er hann bíður af því að komast ekki að jörð, hvorttveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skulu leigðar æfilangt, og hefir ekkja ábúanda rétt manns síns jafnt fyrir það, þótt hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, barni, fósturbarni eða barnabarni til eignar og ábúðar, nema landsdrottinn hafi skuldbundið sig til annars í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til eignar og ábúðar samkv. 9. gr. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Hverri jörð skulu fylgja öll nauðsynleg hús, sem landsdrottinn á, í góðu og gildu standi, eftir mati úttektarmanna. Skulu bæjarhús miðuð við þann fólksfjölda, er þarf til þess að nytja jörðina, og peningshús við þann skepnufjölda, er jörðin getur framfleytt í meðalári, hvorttveggja þó með nokkurri hliðsjón af því, að jörðinni aukist ræktun, heyfengur og áhöfn. Húsin skulu vera að tilhögun og ásigkomulagi eins og gerist í þeirri sveit í bezta meðallagi, að áliti læknis og hreppstjóra. Þó er landsdrottinn undanþeginn þessari húsaskyldu um þær jarðir, er liggja við auðn, að mati úttektarmanna, og einnig er ríkissjóður undanskilinn þessari húsaskyldu um þær þjóðjarðir allar og kirkjujarðir, sem ætlaðar eru til almennra afnota.

12. gr.

Aldrei skal metið álag á jarðarhús, og ber landsdrottinn alla fyrningu. En skyldur er leiguliði að halda húsum við, þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm og ávallt séu í nothæfu standi.

13. gr.

Skyldir eru úttektarmenn fimmta hvert ár, eða hvenær sem landsdrottinn krefst þess, að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sérstaklega athuga, hvernig gengið hefir verið

um húsin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rétti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

14. gr.

Ef úttektarmenn brjóta skyldu sína samkvæmt 13. gr. og það sannast, að landsdrottinn hafi fyrir það beðið tjón, skulu þeir skyldir að bæta honum skaða allan, hvort sem er eftir mati, sem tekið er gilt, eða dómi.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, er hann hefir byggt, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs og jafnframt votta, að húsanna sé full þörf á jörðinni. Er þá landsdrottni skylt að kaupa húsin við því verði, sem metið er, ef þau eru í því ásigkomulagi, að í gildu standi geti talizt samkv. 11. gr. Ef svo er ekki, er fráfaranda skylt að rjúfa húsin og flytja af jörðu eða selja hverjum sem vill til brottflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef landsdrottinn vill þar hús gera, er hin voru, en flytja burtu viði og húsefni, annað en torf, fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna húsagerðarinnar, ella sparisjóðsvöxtum.

Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að gera þau. En þá skal jafnan draga frá kostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

17. gr.

Jafnan skal landsdrottinn hafa tryggð hús á leigujörð fyrir eldsvoða, ef tryggingarfélag er til í sveitinni, er tekur slík hús í tryggingu. En ef um dýr hús er að ræða, sem fyrir þá sök verða ekki tekin í sveitartryggingu, er honum skylt að tryggja þau annarsstaðar. Ef landsdrottinn getur ekki vátryggt, en hús brennur, skal farið með endurgerð sem segir í 33. gr.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sinum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

19. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

20. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

21. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Ef eggver fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörð. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

22. gr.

Eigi er leiguliði skyldur að taka við innstæðukúgildi á jörð, og fer um það eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum á jörð, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá.

23. gr.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sig sjálfan öll hús og mannvirki, öll hlunnindi, sem fylgja jörð, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl., innstæðukúgildi, ef til eru, og öll réttindi síns leigulands.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

24. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni. Ekki má hann heldur ljá öðrum neitt af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgir, nema það sé í skiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Þó er honum heimilt að láta í té nokkrar jarðarnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Hann má og eigi selja áburð af jörð, sem henni má að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burt hey, er hann hefir aflað á jörðinni, nema því aðeins að hann fái aftur jafngildi í heyi, beit eða áburði, eða hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef leiguliði brýtur gegn þessu, varðar það útbyggingu, og bæti hann jafnframt landsdrottni skemmdir á jörð.

25. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, svo að tún og engi fara í órækt eða hús og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er eftir skýrslu úttektarmanna, sbr. 13. gr., látið meta skemmdir, er gerðar hafa verið á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

26. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Eindagi á jarðargjöldum er fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, og hefir hann þá fyrirgert ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé ekki byggt út af jörðinni.

27. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

28. gr.

Þá er landsdrottinn byggir leiguliða út af jörð, sem brotið hefir ábúðarrétt sinn samkvæmt lögum þessum, skal hann það gert hafa fyrir jól, og skal leiguliði fara frá jörð í næstu fardögum.

Útbygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

29. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og getur landsdrottinn byggt honum út, ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 18. gr.
2. Byggir öðrum af jörð eða lánar ólöglega hlunnindi eða landsnytjar, sbr. 24. gr.
3. Situr illa jörð, svo að hún fari í órækt eða valdi skemmdum, sbr. 25. gr.
4. Hefir ekki greitt jarðargjöld missiri frá gjalddaga, sbr. 26. gr.
5. Ef leiguliði vanrækir að inna af höndum jarðabætur eða annað, sem tilskilið er í byggingarbréfi, meira en eitt ár, sbr. 41. gr.

30. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það bréflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

31. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár. Má landsdrottinn nýta sér jörð, ef hann getur eigi byggt samkvæmt 1. gr.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 28. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

33. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leggur landsdrottinn til við allan til húsagerðar og smíði, en leiguliði vinnur að veggjagerð og þökum, eins og hann getur afkastað með skylduliði sínu fram yfir brýn heimilisstörf. Ef um steinhús eða timburhús er að ræða, gildir sama frá hálfu leiguliða, að hann leggur alla þá vinnu þar í, er hann

getur í té látið, hvorttveggja að áliti úttektarmanna. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerð.

34. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári án mjög mikils kostnaðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar hálfu ársafgjaldi af jörðinni. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklum hluta eftirgjalds nemi árlega um ákveðinn tíma, og er landsdrottni skylt að setja niður eftirgjald, er nemi að minnsta kosti ⅔ af skemmdunum eins og þær eru metnar árlega, hlutfallslega við eftirgjaldið.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðargjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstæða til búskapar á jörð breytist, án þess að það sé af völdum náttúrunnar eða fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins, og getur þá hvor aðili fyrir sig krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar. Náist ekki samkomulag, skal leggja málið í gerð. Gerðarmenn skulu vera: úttektarmenn, tveir menn, er aðiljar tilnefna sinn hvor, og oddamaður, er sýslumaður tilnefnir. Gerðarmenn mega ekki vera í náinni frændsemi við aðilja né mægðir þeim. Gerðarmenn skulu ákveða hæfilegt jarðargjald eftir jörðina, með hliðsjón af fyrri leigumála og þeim breytingum, sem orðið hafa síðan hann var settur. Verða báðir aðiljar að hlíta gerðinni. Kostnað við gerðardóminn greiðir sá, er gerðar beiðist, verði engin breyting á eftirgjaldi, en ella að hálfu hvor.

36. gr.

Nú er leigumáli jarðar óhæfilega hár eða hærri en gerist í þeirri sveit eða héraði á líkum jörðum, og getur þá leiguliði krafizt gerðardóms, er ákveði eftirgjöld á jörðinni. Fer um tilnefningu dómsins og gildi hans eins og segir í 35. gr. Sömuleiðis um borgun til gerðarmanna.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Engan viðarreka má undanskilja leiguliðanotum, sem fylgt hefir jörðu áður.

38. gr.

Skylt er leiguliða, eigi landsdrottinn sérstakan reka, að hirða hann fyrir landsdrottin, marka viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða smærri skulu vera eign leiguliða, eins og að fornu hafa verið.

39. gr.

Eigi er skylt, að hvalreki fylgi leiguliðanotum, og fer um hann eftir ákvæðum byggingarbréfs.

Nú rekur hval, og fylgir hvalreki ekki leiguliðanotum, og skal leiguliði þá festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer eftir ákvæðum, er fram séu tekin í byggingarbréfi.

40. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

Allt, sem áður hefir fylgt leiguliðanotum á sjávarjörð, svo sem sölvatekja, kúfisktekja o. þ. h., má ekki undanskilja leiguliðanotum.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

41. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu eftir því sem úttektarmenn meta. Heimilt er leiguliða þess utan að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, án samþykkis landsdrottins, ef þær eru að mati þeirra manna, sem umsjón hafa með mælingum á jarðabótum, sem styrktar eru af ríkisfé, vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig, að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina.

42. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna hennar, ella sparisjóðsvöxtum.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti þeirra manna, er mælingar hafa á jarðabótum, er styrktar eru af ríkisfé, er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðarbót eins og segir í næstu grein á undan og eftir gerð sömu manna.

43. gr.

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguhðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina.

44. gr.

Krafa sú, sem leiguliði á á landsdrottin, sbr. 41. og 42. gr., og fyrir jarðarhúsabyggingar á jörðinni, samkvæmt 15. og 16. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins næst eftir þær forgangskröfur, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

45. gr.

Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta á jörðinni, er landsdrottinn á og gerðar hafa verið eftir að síðasta fasteignamat fór fram, enda sé honum gefinn greiðslufrestur ekki skemmri en 6 mánuðir, en leiguliði neitar að kaupa, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og skal víkja fyrir hinum nýja eiganda.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

46. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara fyrir 20. júní.

Gera skal viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti mætt þar og gætt réttar síns.

47. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn eftir tillögum sveitarstjórnar. Varamaður er við úttektir í forföllum annarshvors aðalmanns, ef annarhvor úttektarmaður er nákominn aðilja eða getur talizt vilhallur, eða ef úttektarmenn greinir á.

48. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Ef þeir deyja eða hætta við starfann á þeim tíma, skal á sama hátt skipa í stað þeirra. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins yngri en 60 ára eru skyldir að taka við útnefningu.

Þeir úttektarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættis- eða sýslunarmanna, skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparvottorð um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

49. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64, frá 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.
2. Fyrir virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 4 krónur, auk ferðakostnaðar, sem lög nr. 64, frá 14. nóv. 1917, ákveða, og greiðist af þeim, er krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 15. gr., að hálfu hvor.

50. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða og skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 13. gr. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu út-

tektarmenn og þeir aðiljar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðiljar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

51. gr.

Úttektarmenn skulu fyrst lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa á jörðu, göllum á þeim sem fullgildum jarðarhúsum, skemmdum á þeim af völdum ábúanda og viðhaldi öllu, er snert getur endingu húsanna.

Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu í löggildu standi. Þeir skulu og nákvæmlega kynnast öllum jarðarnytjum og meta, hvort jörð er sæmilega setin.

52. gr.

Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi þær bætur til viðtakanda, er honum kann að hafa verið gert að greiða, nema samkomulag verði milli viðtakanda og fráfaranda um greiðslu á þeim. En ef ekki verður samkomulag og fráfarandi greiðir ekki bæturnar, getur viðtakandi krafizt þess, að úttektarmenn geri þegar fjárnám þeim til lúkningar í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á. Nú fær viðtakandi ekki bætur greiddar að fullu, þótt hann hafi að lögum krafizt þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar, nema á annan hátt hafi verið um samið.

53. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðiljar koma sér saman um að æskja skipta á.

54. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, getur hann krafizt yfirúttektar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga úttekt á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 49. gr.

XI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

55. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal um fardagaleyti næsta ár eftir fara fram úttekt á öllum leigujörðum landsins. Sérstaklega er úttektin á húsum á jörðinni, en að öðru leyti skoðunargerð samkvæmt 13. gr.

Ef bæjarhús eru svo hrörleg og illa á sig komin, að ekki þyki sæmileg íbúð og ekki fullnægi ákvæðum 11. gr., er landsdrottni skylt að reisa húsin við. Sama er að segja um peningshús. Eigi leiguliði hús á jörð, fer um það eins og segir i 15. gr., að því er skyldur landsdrottins snertir.

Ef álagsskylda hvílir á jarðarhúsum, skulu úttektarmenn meta álag á þau, svo og á öll mannvirki, eftir því sem byggingarbréf ákveður og fyrirfarandi úttektir.

Álag greiðir leiguliði eftir mati úttektarmanna, og fer um greiðslu á því sem um bótagreiðslu samkv. lögum þessum. Um yfirúttekt fer eftir ákvæðum 54. gr.

56. gr.

Með þeim takmörkunum, er segir í 55. og 57. gr., verða í gildi ákvæði byggingarbréfs þar til ábúðartimi sá er á enda, er það tiltekur. Nú er ábúðartimi úti, og hefir þá leiguliði rétt til að fá ábúðina framlengda æfilangt með sama leigumála, sbr. þó 41. og 42. gr., nema landsdrottinn geti sannað, að hann hafi, áður en lög þessi gengu í gildi, lofað öðrum manni jörðinni, eða þarf hennar með handa sjálfum sér, foreldri sínu, barni, fósturbarni eða barnabarni. Fer þá um það eftir ákvæðum 9. og 10 gr.

57. gr.

Við næstu skoðunargerð úttektarmanna, eftir 10 ár, skulu landsdrottnar hafa gert öll jarðarhús upp samkvæmt 11. gr. Ef landsdrottinn vanrækir þessar skyldur sínar, getur leiguliði hvenær sem er fyrirvaralaust flutt af jörðinni án þess að bæta landsdrottni nokkuð fyrir.

58. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1, 12. jan. 1884, og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á Alþingi 1929 og síðan 1930 og 1931 (vetrarþingi). Nokkrar breytingar hafa nú verið gerðar á frumvarpinu. Hefir verið tekið tillit til breytingartillagna þeirra, er landbúnaðarnefnd flutti við frv. í fyrra, og sumar þeirra teknar í frv. Auk þess hafa verið gerðar nokkrar aðrar

breytingar á frv. Verður við framsögu málsins gerð nánari grein fyrir þessum breytingum. Að öðru leyti vísast til greinargerða þeirra, er fylgt hafa frv. áður (Alþt. 1929, A., þskj. 240, og Alþt. 1930, A., þskj. 110).

Nd. 71. Frumvarp

til laga um sauðfjármörk.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Skylt er hverjum, sem á sauðfjármark, að fá það lögskráð. Lögskráð teljast sauðfjármörk, sem prentuð eru í gildandi markaskrá þess héraðs, sem markeigandi á lögheimili í.

Nú er nýtt mark tekið upp, eftir að prentun markaskrár hlutaðeigandi héraðs fór fram, eða lögskráð mark í öðru héraði er flutt milli héraða og notkun þess leyfð af markadómi, og skal þá markavörður annast birtingu þess í Lögbirtingablaðinu. Þau mörk, sem þannig eru birt í Lögbirtingablaðinu, teljast lögskráð, unz næst er prentuð markaskrá fyrir það hérað, sem markeigandi á lögheimili í.

2. gr.

Öll sauðfjármörk skal lögskrá, og má eigi nota önnur mörk, sbr. þó 13. gr.

3. gr.

Mörk eru tvennskonar, eyrnamörk, sem sett eru á eyru sauðfjár (og líka má setja á horn sem hornmörk) og brennimörk, sem brennd eru á horn sauðfjár. Brennimörk má líka setja á merki, sem fest eru í eyru sauðfjár, enda sé lögskráð brennimark á merkinu.

4. gr.

Hver sauðfjáreigandi skal sjá um mörkun á fé sínu.

5. gr.

Mark, sem er lögskráð samkvæmt lögum þessum, er eign þess, sem skrifaður er fyrir því, og er öllum öðrum óheimilt að taka það upp eða nota, nema með hans leyfi, eða leyfi markadóms. En um það leyfi fer eftir ákvæðum 6. og 16. gr.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 3 menn í markadóm. Markadómur skal úrskurð gefa meðal annars um rétt manna til að halda áfram sauðfjármarki, er þeir hafa áður haft, eða er í gildandi markaskrá, þegar um sammerkingar eða námerkingar er að ræða, þar sem lög þessi leggja bann við. Ennfremur

um heimild manna til að taka upp nýtt mark eða flytja mark milli héraða. Einn þessara manna nefnist markavörður, og er hann formaður dómsins. Skal hann eiga heima í Reykjavík. Markaverði og meðdómendum hans skal greiða þóknun fyrir starf sitt eftir reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Markavörður sér um prentun allra markaskráa landsins. Skal hann gæta þess, að sammerkingar eigi sér ekki stað umfram það, sem lög þessi heimila. Þegar prenta skal markaskrá, skal markadómur úrskurða, þar sem sammerking er ekki heimil eftir lögum þessum, hver af þeim, er sammerkt á, hefir mestan rétt til að halda áfram sauðfjármarki sínu.

Sá telst hafa ríkari rétt til eignar og nota á sauðfjármarki í sama héraði eða á samgangnasvæði, sem hefir fengið það að erfðum, heldur en sá, er tekur upp mark, kaupir mark eða flytur það að. Og sá, er mark á í héraði, hefir rétt á að halda því fyrir marki, sem flutt er inn í héraðið, hvað sem aldri markanna liður eða hvernig sem uppruna þeirra er háttað.

Ef tveir eða fleiri eiga sammerkt innan eða utan héraðs, og eins er ástatt um uppruna þeirra í eigu þess eða þeirra, er skrifast fyrir þeim, skal aldur markanna ráða, eftir því er upplýsist um hann, og hefir þá elzta markið mestan rétt. Keypt mark innan héraðs, sem áður hefir verið notað, hefir fyllri rétt en nýupptekið mark, þó keypt sé.

8. gr.

Í hverri sýslu skal vera einn maður kosinn af sýslunefnd, er safnar mörkunum, markasafnari, áður en markaskrá verður prentuð. Árið áður en prenta skal markaskrá fyrir sýslu, þar með talin þau bæjarfélög, sem samkvæmt lögum þessum er fyrirskipað að prenta sauðfjármörk sín í sýslumarkaskrá, skulu oddvitar, hver í sínum hreppi, safna sauðfjármörkum og veita markagjaldi móttöku, sbr. 9. gr. Að söfnun markanna lokinni skulu þeir senda markasafnara mörkin ásamt markagjaldi, í síðasta lagi fyrir lok októbermánaðar. Markasafnari skal raða mörkunum og hlutast til um, að innan sýslu eða þess héraðs, er hann á að safna fyrir, eigi sér ekki stað sammerkingar. Fyrir áramót hin næstu skal hann hafa sent markaverði mörkin og markagjaldið.

Fyrir vinnu sína fær markasafnari 20% af markagjaldi sýslunnar eða héraðsins.

9. gr.

Hver sá, er lögskrá vill mark sitt í markaskrá, skal sjá um, að það komist til oddvita haustið sem markasöfnun fer fram, í síðasta lagi fyrir 15. október. Fyrir prentun marks í markaskrá skal greiða 1 kr., eigi sami maður ekki fleiri en 2 mörk, en 5 kr. skal greiða fyrir það þriðja, 10 kr. fyrir það fjórða, og þannig hækkandi áfram um 5 kr. fyrir hvert mark. Markagjöld þessi skal markaeigandi senda til oddvita með markinu, þegar markasöfnun fer fram. Fyrir skrásetningu brennimarks greiðist ekkert gjald. Nú vill maður taka upp mark milli prentunar markaskráa, eða flytja mark milli héraða, og skal hann

þá senda það ásamt markagjaldi til markavarðar, sem sér um birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, ef notkun þess er heimil samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Nú neitar markadómur manni að taka upp eða halda marki, og skal hann þá benda hlutaðeiganda á mark (eða mörk) sem líkast því, er óskað var eftir.

11. gr.

Sýslu- og hreppsbrennimörk skal sauðfjáreigendum skylt að auðkenna með fé sitt, og skal það ætíð sett á vinstra horn, ef fé er hyrnt, en ella skal það sett á merki, sem sett er í vinstra eyra. Hver sýsla skal auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, en hreppur með tölumerki.

Brennimark eiganda skal setja á hægra horn eða á merki, er fest er í hægra eyra, ef kind er kollótt. Brennimark sýslu og eiganda má þó setja á sama horn, og á hvort hornið sem er, ef kind er einhyrnd. Brennimörk skal lögskrá, og má ekki fleiri en einn í sömu sýslu hafa sama einkabrennimark.

12. gr.

Heimilt er mönnum að hornmarka fé sitt með lögskráðu eyrnamarki (hornamarki). Um eignarrétt kindar ræður fyrst sýslu- og hreppsbrennimark, þá hornamark og brennimark eiganda, og síðast eyrnamark, nema annað sannist réttara.

13. gr.

Heimilt er mönnum að marka annað búfé sitt undir lögskráð sauðfjármörk sín. Sömuleiðis er mönnum heimilt að nota sérstök eyrnamörk á annað búfé sitt, en lögskrá skal þau þó á sama hátt og sauðfjármörk, og gilda um þau, eftir því sem við á, sömu reglur og tekið er fram í lögum þessum um sauðfjármörk.

14. gr.

Ef fé er ómarkað, eða markið óglöggt, svo eigi verði úr ráðið, þá helgar ær eignarrétt að lambi. Nú er sliku eigi fyrir að fara, og getur þá sá helgað sér kindina, sem færir sönnur á eignarrétt sinn með tveimur óvilhöllum vottum.

Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, er eign þess sveitarfélags, sem það finnst í, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó er fé ekki eign þess sveitarfélags, er það finnst í, ef sýslu- og hreppsbrennimerkt er, heldur þess hrepps, er brennimarkið á, ef eigandi finnst ekki.

15. gr.

Á næstu 5 árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal prenta allar markaskrár landsins, og skal það gert eins og hér segir:

Fyrsta árið skal prenta markaskrár Borgarfjarðar-, Mýra-, Barðastrandar-, Rangárvalla-, Eyjafjarðar- og Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Eyjafjarðarsýslu skal prenta sauðfjármörk Akureyringa og Siglfirðinga.

Annað árið skal prenta markaskrár Húnavatns-, V.-Ísafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Húnavatnssýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Rangárvallasýslu. Í markaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrá Barðastrandarsýslu. Í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðarsýslu.

Þriðja árið skal prenta markaskrá Árnes-, N.-Ísafjarðar- (þar með talinn Ísafjarðarkaupstaður), Snæfellsnes-, Hnappadals-, Norður-Þingeyjar- og Vestmannaeyjasýslu. Í markaskrá Árnessýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Rangárvalla- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu.

Fjórða árið skal prenta markaskrá fyrir Dalasýslu, Múlasýslur báðar með Norðfirði og Seyðisfirði og Skagafjarðarsýslu. Í markaskrá Dalasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals-, Barðastrandar- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu. Í markaskrá Suður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Múlasýslu eða Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Skagafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðar-, Húnavatns-, Árnes-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslu.

Fimmta árið skal prenta markaskrá fyrir Strandasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu (þar með talin Reykjavík og Hafnarfjörður). Í markaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Árnes-, Rangárvalla-, Húnavatns-, Borgarfjarðar- eða Mýrasýslu. Í markaskrá Strandasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Mýra-, Borgarfjarðar-, Dala-, Barðastrandar-, Norður-Ísafjarðar- eða Húnavatnssýslu.

Markaskrár landsins skal prenta 5. hvert ár í þeirri röð, er að ofan getur.

Ákvæði þessarar greinar um bann gegn prentun marka ná þó ekki til þeirra marka, sem flutt eru héraða milli með leyfi markadóms, sbr. 1. gr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um bann við sammerkingum milli hinna einstöku sýslna og héraða, getur markadómur veitt undanþágu frá banni þessu, þar sem svo stendur á, að fullvíst má telja, að engar sauðfjársamgöngur eigi sér stað.

17. gr.

Heimilt er markadómi að banna mörk, sem eru mikil særingarmörk, svo sem afeyrt o. s. frv.

18. gr.

Tekjur þær, er inn koma fyrir lögskráningu marka, renna í ríkissjóð, enda ber hann kostnaðinn af prentuninni og samningu markaskráa og birtingu marka í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari ákvæði um prentun markaskráa, gerð og heiti marka. Í reglugerðinni má og banna að nota ýmsar benjar, er valdið geta námerkingum og misdrætti á sauðfé.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum frá 5—100 kr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 47.—50. kap. í Landsleigubálki Jónsbókar, svo og öll eldri lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frumv. því, er flutt var á síðasta vetrarþingi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 6., 8., 9. og 20. gr., og verður gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu í fyrra. Alþt. A. 94, 1931.

Nd. 72. Breytingartillögur

við frumv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. **Aftan við frvgr. bætist:**

Við tölulið I. A. 2. a. í lögum nr. 57, 19. maí 1930, bætast nýir liðir:

a. Laugardalsbraut, frá Svínavatni að Laugarvatni.

b. Gnúpverjabraut, frá Sandlækjarós um Þrándarholtsbakka hjá Þrándarholti og Miðhúsum, austan við Geldingaholt, um brúarstæði Kálfár að Stóra-Núpi.

c. Langholtsbraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar, um brúarstæði Hvítár móts við Kiðjaberg og síðan frá ánni á Grímsnesbraut hjá Minni-Borg.

2. **Aftan við fyrirsögnina bætist: og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.**

Nd. 73. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „til flutninga á mönnum eða varningi“ í 1. gr. frv. komi: til flutninga á mönnum, pósti og varningi.
   b. Á eftir orðinu „félagi“ í síðasta málslið 1. gr. komi: einstaklingi eða stofnun.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.
3. Við 5. gr.
   a. Síðasti málsliður fyrstu málsgreinar, orðin „auk þess greiði .... á hverjum tíma“ falli niður.
   b. Þriðja málsgrein falli niður.
   c. Fjórða málsgrein, sem verður þriðja málsgrein, orðist svo:
      Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi.
   d. Aftan við greinina bætist: Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.
4. Við 8. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.
5. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

Nd. 74. Breytingartillögur

við frv. til laga um Prestakallasjóð.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður, og breytist greinatala samkvæmt því.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Kirkjustjórnin ráðstafar fé Prestakallasjóðs, til þess að o. s. frv.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 75. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jóni Ólafssyni og Sveinbirni Högnasyni.

I. Aftan við frvgr. bætist:
Við I. A. 2. í lögum nr. 57, 19. maí 1930.
1. Aftan við liðinn bætist:
Og þaðan að Fjallabaksvegi hjá Fellsmúla.
2. Nýir liðir á eftir:
a. Vegurinn frá Suðurlandsbraut hjá Ægissíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
b. Vegurinn frá Teigi í Fljótshlíð um Hlíðarenda að Fljótsdal.

II. Aftan við fyrirsögnina bætist: og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Ed. 76. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jón Jónsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, er hann hefir dvalizt í 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan sveitarstyrk á þeim missirum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Enn vill það mjög við brenna, að sveitarfélög, þaðan er miklir flutningar eru, verða illa úti, sakir þess, að þau fá þungar búsifjar af fluttu fólki, er þar á framfærslusveit. En með því að tekjur þeirra rýrna að sama skapi og fólkinu fækkar, mega þau sízt við slíkum sendingum. Þá er það ekki vitað, að á jörðu hér sé annarsstaðar en á voru landi sett að skilyrði, að maður hafi ekki þegið sveitarstyrk um lengra bil en sveitvinnslutíminn er settur.

Nd. 77. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Bergi Jónssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Á eftir tölulið 3 koma nýir liðir:
a. Vegur frá Bíldudal um Hálfdan og Mikladal til Patreksfjarðar.
b. Vegur frá Bíldudal um Fossheiði, eins og leið liggur á þjóðveginn í Reykhólasveit.
c. Vegur frá Patreksfirði á þjóðveginn á Barðaströnd.

Nd. 78. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Sveini Ólafssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Við D. 4. Nýir liðir:
a. Norðfjarðarvegur, frá Eskifirði um Norðfjörð til Neskaupstaðar.
b. Faskrúðsfjarðarvegur, frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Örnólfsskarð eða Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
c. Mjóafjarðarvegur, frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

Ed. 79. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Við 2. gr. Á eftir A. III. 1. komi 2 nýir liðir:
a. Staðará í Staðarsveit.
b. Vatnsholtsá í Staðarsveit.

Nd. 80. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þskj. 38).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður hv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með breytingartillögunni á þskj. 49.

Alþingi, 2. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Þorleifur Jónsson. Jón Ólafsson.

Nd. 81. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Á eftir 3. lið kemur nýr töluliður:
Skógarstrandarvegur, frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

Nd. 82. Nefndarálit

um frv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin vill mæla með því, að frv. þetta verði gert að lögum, með þeirri breytingu, að framlag ríkissjóðs til skólans, sem ákveðið er í 6. gr. frv., 5000 kr., verði fært niður í 4000 kr., og hefir það verið borið undir landlækni, flm. frv., sem hyggur, að hægt sé að komast af með þá upphæð. Nefndin hefði talið æskilegt, að kennarastörf við skólann verði innifalin í störfum yfirlækna og yfirhjúkrunarkonu landsspitalans, án þess að nokkur greiðsla kæmi fyrir það að auki. En eftir upplýsingum þeim, sem nefndin hefir aflað sér, mun eigi hægt að koma því við gagnvart núverandi yfirlæknum spítalans og yfirhjúkrunarkonu, sem ráðin hafa verið án þess að slík kvöð væri ákveðin í upphafi á embættum

þeirra. Hinsvegar telur nefndin, að í slikt horf eigi að flytja þetta, jafnóðum og mannaskipti verða í þessum embættum.

Þar sem frv. þetta ákveður í 8. gr., að lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924, verði úr gildi felld jafnskjótt og frv. þetta verður að lögum, og þá einnig 11. gr. þeirra, sem ákveður, að landssjóður kosti áhöld skipaðra yfirsetukvenna, telur nefndin æskilegt, að sú grein verði felld inn í yfirsetukvennalögin, þar sem hún virðist eiga betur heima en í þessu frv., og flytur hún því um það sérstakt frv. Samkvæmt þessu ber nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

6. gr. frv. orðist svo:
Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 4000 kr. á ári.

Alþingi, 2. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. — Einar Arnórsson, með fyrirvara. — Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm.
Þorleifur Jónsson. — Jón Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. 83. Frumvarp

til laga um breyt. á yfirsetakvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir, í samráði við yfirlækni fæðingardeildar landsspitalans, hver þau skuli vera.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Í 11. gr. í lögum nr. 49, 4. júní 1924, um ljósmæðraskóla í Reykjavik, er ákveðið, að landssjóður kosti áhöld skipaðra yfirsetukvenna, en landlæknir ákveði, hver þau skuli vera.

Í frumv. um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, sem nú liggur fyrir þinginu og allsherjarnefnd leggur til að verði samþykkt, er gert ráð fyrir, að þessi lög verði felld úr gildi.

Ákvæðið um ljósmæðraáhöldin má þó ekki missa sig. En með því að illa fer á, að það standi eitt eftir í lögum, sem heita ljósmæðraskólalög. og á illa við í hinum nýju fyrirhuguðu lögum um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla, er hér farið fram á, að það verði flutt yfir í yfirsetukvennalögin, þar sem það á bezt heima.

Nd. 84. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. **Aftan við 1. gr. bætist: 7) Heilbrigðismálanefnd.**
2. **2. gr. frv. orðist svo:**
   Tölurnar »6«) og »7«) verði 8) og 9).

Nd. 85. Frumvarp

til laga um nýbýli.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um nýbýlafélög.

1. gr.

Nýbýlafélög eru þau félög, er samkvæmt ákvæðum í lögum sínum eða samþykktum starfa að því að efla nýbýlarækt í landinu, hvort sem sú starfsemi er aðalstarfsemi félagsins eða eigi.

2. gr.

Veita má nýbýlafélögum lán úr Búnaðarbanka Íslands, ef atvinnumálaráðherra telur, að félagið fullnægi skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 1. gr., og eftirlitsmaður nýbýla mælir með veitingu lánsins.

Lánsfé þessu má félagið aðeins verja til að kaupa land til nýbýlastofnunar, til vegalagningar um það og til framræslu þess.

Lánsupphæðin má nema allt að ⅘ af fasteignamatsverði lands þess, er kaupa á, og áætluðum kostnaði við umbætur þær, er áður voru nefndar og félagið hyggst að gera á landinu. Lánin skulu veitt til 50 ára og vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 3½% af allri lánsupphæðinni.

Ríkissjóður endurgreiðir bankanum vaxtamun þann, er verða kann á lánum þessum.

3. gr.

Áður en lán eru veitt samkvæmt 2. gr. skal félagið hafa látið gera skipulagsuppdrátt af landi því, er það hefir í hyggju að kaupa, svo og áætlun um kostnað við mannvirkjagerð á því eða ræktun þess, enda hafi eftirlitsmaður nýbýla samþykkt uppdráttinn og áætlunina.

4. gr.

Nú hefir lán verið veitt til landkaupa samkvæmt 2. gr., og er þá félaginu skylt að selja það land til nýbýlastofnunar, eða nýbýli þau, er það reisir sjálft á því, þeim er slíkra kaupa óska. Um söluna skal jafnan leitað álits eftirlitsmanns nýbýla. Eigi má félagið selja löndin eða nýbýlin hærra verði en þau hafa kostað það.

II. KAFLI.

Um fjárframlög úr ríkissjóði til eflingar nýbýlaræktar.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram árlega 80 þúsund krónur, er varið skal til eflingar nýbýlaræktar í landinu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

6. gr.

Fé því, er ræðir um í 5. gr., má verja til lána handa nýbýlingum. Lán þessi getur sá einn fengið, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Sannar með vottorði hreppsnefndar í heimilissveit sinni, að hann sé duglegur, reglusamur og sparsamur maður, sé vanur bústörfum og hafi þekkingu á þeim.
b. Sannar, að hann eigi kost á landi til að byggja á nýbýli. Land þetta má eigi vera minna en svo, að það fóðri 20 nautgripi, er það er fullræktað, enda fylgi því nægileg beit fyrir þessa gripatölu.
c. Sannar, að hann sé svo efnum búinn, að hann geti keypt land þetta skuldlaust.

7. gr.

Lán þau, er ræðir um 6. gr., má veita aðeins til bygginga á nýbýlinu, ræktunar þess og bústofnskaupa nýbýlings. Mega lánin nema allt að 9/10 hlutum af áætluðum kostnaði við framkvæmdir þessar, og skulu þau greiðast út smátt og smátt, eftir því sem framkvæmdum þessum miðar áfram. Lánin skulu veitt til 50 ára og vera afborganalaus fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan þannig, að árlegt gjald verði 3% af upphæð lánsins. Lánin skulu tryggð með veði í nýbýlinu.

8. gr.

Veita má nýbýlingi, sem vegna óhappa, heilsuleysis eða ómegðar á örðuga afkomu, styrk af því fé, sem ræðir um í 5. gr. Styrkur þessi má þó ekki nema hærri upphæð en 2000 krónum til sama manns, og er hann ekki afturkræfur.

9. gr.

Veita má nýbýlingum, er sýnt hafa frábæra atorku og dugnað í búskap sínum, verðlaun af fé því, er ræðir um í 5. gr.. allt að 500 krónur til hvers.

10. gr.

Lán, styrk eða verðlaun samkvæmt 6.—9. gr. skal því aðeins veita, að eftirlitsmaður nýbýla mæli með veitingu þeirra, enda hafi hann samþykkt áætlun um ræktunarframkvæmdir þeirra, er lán skal veita til.

Atvinnumálaráðherra veitir lán þessi, styrk og verðlaun, en Búnaðarbanki Íslands annast innheimtu lánanna fyrir ríkissjóð, gegn þóknun eftir samkomulagi við atvinnumálaráðherra.

III. KAFLI.

Um land til nýbýla.

11. gr.

Hverjum manni er heimilt að byggja nýbýli á eyðijörð og öðru óbyggðu landi, sem enginn getur sannað eigu sína að. Svo má og byggja nýbýli í afréttum, er sveitarfélög eiga, og í almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, er afréttina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það.

12. gr.

Nú vill einhver byggja nýbýli í landi, sem ætla má að enginn sé eigandi að, og skal hann þá tilkynna atvinnumálaráðuneytinu þá fyrirætlun sína. Ráðuneytið skal því næst, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, er tilkall kynnu að vilja gera til lands þessa, að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar. Gefi enginn sig fram innan þessa frests, skal ráðuneytið bjóða sýslumanni að kveðja til 2 menn og gera ásamt þeim áreið á landið og setja glögg landamerki. Til áreiðargerðar þessarar skal, með 7 nátta fyrirvara, boða nýbýling og þá menn, sem land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Verði eigi samkomulag um merkin við áreiðina, skal sýslumaður sjá um, að úr þeim ágreiningi verði skorið eftir þeim reglum, sem gilda um landamerkjamál.

13. gr.

Sýslumaður skal að lokinni áreið senda atvinnumálaráðuneytinu eftirrit af áreiðargerðinni. Atvinnumálaráðherra gefur því næst nýbýlingi út nýbýlisbréf fyrir landinu, og er það eignarheimild nýbýlings að landinu. Í nýbýlisbréfinu skulu tekin fram öll þau skilyrði, um húsabyggingar, girðingar, þurrkun lands og

ræktun, sem ráðherra eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla telur hæfileg. Brjóti nýbýlingur í einhverju verulegu atriði skilyrði þessi, getur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla, svipt hann nýbýlisréttinum og heimilað öðrum manni nýbýlið, er þá nýtur sama réttar sem nýbýlingur annars hefði notið. Skal sá, er þá tekur við nýbýlinu, skyldur til að greiða hinum, er nýbýlinu var sviptur, þá verðhækkun, sem felst í umbótum hans á nýbýlinu, eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

14. gr.

Nú vill maður byggja nýbýli í afrétt eða almenningi, og skal þá sýslumaður gera áreið á landið og setja landamerki, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. Að öðru leyti fer um rétt nýbýlings eftir samningi hans við hlutaðeigandi sveitarstjórn, þó svo, að sé landið eigi selt honum, skal honum jafnan leigt það til erfðaleigu.

15. gr.

Kostnað þann, er leiðir af upptöku nýbýlis samkvæmt 12.—14. gr., greiðir nýbýlingur.

16. gr.

Nú þykir eigi þörf á að verja eitthvert ár fé því öllu, sem ræðir um í 5. gr., með þeim hætti, sem greinir í 6.—9. gr., og má þá verja því, er afgangs verður, til þess að kaupa lönd, er vel þykja fallin til skiptingar í nýbýli. Kaup þessi skulu gerð eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla.

17. gr.

Skipta má þjóðjörðum eða kirkjujörðum, sem lausar eru úr ábúð, í nýbýli eftir tillögum eftirlitsmanns nýbýla.

18. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 16. og 17. gr., skal atvinnumálaráðherra heimilt að selja nýbýlingum til eignar eða leigja til erfðaleigu.

IV. KAFLI.

Um stjórn nýbýlamála.

19. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu og felur sérstökum manni eftirlit með þeim. Eftirlitsmaður tekur laun úr ríkissjóði eftir samningi við atvinnumálaráðherra.

20. gr.

Eftirlitsmanni nýbýla skal skylt að veita nýbýlafélögum og einstökum mönnum leiðbeiningar um allt, er lýtur að byggingu nýbýla, ræktun þeirra og búskap nýbýlings. Hann skal vera atvinnumálaráðherra til aðstoðar um allt það,

sem að nýbýlamálum lýtur, og gefa honum árlega skýrslu um starfsemi sína. Nánari reglur um starf eftirlitsmanns setur atvinnumálaráðherra í erindisbréfi, er hann fær honum.

V. KAFLI.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Lög nr. 15, 6. nóv. 1897, um nýbýli, eru úr lögum numin.

22 gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Um næstu 5 ár frá því er lög þessi öðlast gildi, er ríkisstjórninni heimilt að fresta, að einhverju eða öllu leyti, greiðslum þeim úr ríkissjóði til nýbýla, er 2. og 5. gr. gera ráð fyrir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta vetrarþingi, en varð þá ekki útrætt. Um ástæður fyrir frumv. vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumv. þá. (Alþt. vetrarþings 1931. A. þskj. 124). Frumv. er nú flutt óbreytt, að öðru leyti en því, að bætt er nú inn í það ákvæði um stundarsakir, um heimild til frestunar á greiðslum þeim úr ríkissjóði, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nd. **86. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Lárusi Helgasyni.

Á undan »við B« bætist:
Við A.
Á eftir tölul. 1 kemur nýr töluliður:
Meðallandsvegur, frá vegamótum í vesturbrún Eldhrauns á sýsluveginn nálægt Langholti.

Nd.

87. Frumvarp

til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þann hluta hvers árs, sem nægar birgðir eru fyrir hendi í landinu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, af innlendum kartöflum, er bannað að flytja inn kartöflur frá öðrum löndum.

2. gr.

Að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveður atvinnumálaráðherra á ári hverju með auglýsingu í Lögbirtingablaði, frá hvaða tíma innflutningsbann á kartöflum skuli í gildi ganga og hvenær því skuli af létt. Skal sú auglýsing út gefin 3 vikum áður en innflutningsbannið hefst.

Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt og Búnaðarfélag Íslands mælir með því, er ráðherra þó heimilt að ákveða með nýrri auglýsingu, að banninu skuli fyrr af létt en til hafði verið tekið, og þarf það ekki að vera samtímis á öllu landinu.

3. gr.

Hreppstjórum í sveitum og bæjarstjórum í kaupstöðum skal skylt að senda Búnaðarfélagi Íslands á ári hverju fyrir fyrsta nóvember skýrslu um uppskerumagn kartaflna.

4. gr.

Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum í landinu, skal atvinnumálaráðherra heimilt að greiða allt að helmingi flutningskostnaðar með skipum ríkisins á kartöflum frá þeim héruðum, sem aflögufær eru í þeim efnum, til þeirra landshluta, sem verða að kaupa að kartöflur.

5. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Í reglugerð þessari skal setja reglur um mat á kartöflum, ef um stærri kaup er að ræða en 500 kg. til sama kaupanda.

6. gr.

Brot gegn auglýstu innflutningsbanni á kartöflum samkv. 1. gr. varða sektum til ríkissjóðs, frá 200—2000 kr. Ólöglega innfluttar kartöflur skulu upptækar og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á krepputímum eins og þeim, sem nú standa yfir, verður mönnum það ljósara en ella, hver nauðsyn er á því að búa sem bezt að sínu. Engum blandast lengur hugur um það, að hér á landi eru næg skilyrði til þess að rækta kartöflur, er fullnægi þörfum landsmanna, og er oss ekki vansalaust, hve skammt vér erum þar á veg komnir. Þó að svo hagi til í sumum landshlutum, að kartöfluræktin sé misbrestasöm, þá er á miklum hluta landsins nokkurn veginn árviss uppskera. Frumvarp þetta miðar að því tvennu, að örva menn til aukinnar kartöfluræktar og greiða fyrir markaði á þeirri vöru innanlands.

Frumvarp þetta er sniðið eftir frumvarpi um sama efni, er afgreitt var frá síðasta Búnaðarþingi og sent landbúnaðarnefnd neðri deildar til athugunar og fyrirgreiðslu.

Nd. 88. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Í fyrstu grein laganna komi 15. gr. og 16. gr. í stað 13. og 14. gr.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 30 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Tóbak til sauðfjárbaða selst án hagnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingin á 1. gr. er leiðréttíng á villu, sem hefir slæðzt inn í lögin við það, að bætt var við nýrri 13. og 14. gr. inn í lögin, sem ekki var í upprunalega frumvarpinu.

Ákvæðin um, að álagning á tóbaki skuli framvegis vera á innkaupsverð að meðtöldum tolli, byggist á því, að á sumum tegundum tóbaks er innkaupsverð aðeins ⅓—¼ hluti af samanlögðu innkaupsverði og tolli, og þetta ákvæði því nauðsynlegt til þess, að einkasalan geti náð nægum verzlunarhagnaði, og að rétt hlutfall um álagningu verði á milli hinna einstöku tegunda.

Nd. 89. Frumvarp

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Sveinbjörn Högnason, Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef ⅔ hlutar allra kosningabærra manna samþykkja starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi um semjist milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á 4 undanförnum þingum, en í öll skiptin dagað uppi. Nú er frv. flutt í 5. sinn og að mestu í sama formi og á síðasta þingi.

Um ástæður fyrir frumvarpinu er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi, þegar það var fyrst fram borið, á þinginu 1929. (Sjá Alþt. 1929, A. þskj. 98).

Nd. 90. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlita því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, fyrirkomulag og bylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssímastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, án tillits til þess, hvort íslenzk loftför njóta samsvarandi réttinda í heimalandi þeirra.

5. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár, svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

6. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

7. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutnings á mönnum eða varningi fyrir borgun.

8. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

9. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

10. gr.

Ákveða má í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

11. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 91. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Jón Þorláksson.

Alþingi ályktar að skipa fimm manna nefnd til þess:

1. Að rannsaka möguleika á og gera tillögur um lækkun á útgjöldum ríkis-

sjóðs, t. d. með fækkun opinberra starfsmanna, afnámi ónauðsynlegra styrkveitinga og sparnaði i þjóðarbúskapnum yfirleitt.

2. Að rannsaka rekstur hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins og gera tillögur um niðurfærslu tilkostnaðar við þær.

Embættismönnum og starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana skal skylt að láta nefndinni i heild eða hverjum einstökum nefndarmanna í té sérhverjar upplýsingar, er varða embætti þeirra eða stofnun þá, er þeir vinna við.

Ástæður.

Sökum erfiðrar afkomu atvinnuveganna og þverrandi gjaldþols landsmanna virðist fyrirsjáanlegt, að tekjur ríkissjóðs hljóti að rýrna tilfinnanlega. Meðan svo er ástatt sem nú er, getur ekki komið til mála að auka skattabyrði landsmanna, heldur væri miklu fremur ástæða til að létta álögum af að einhverju leyti. Þegar þessa er gætt, er Alþingi skylt að gera þær ráðstafanir, sem unnt er til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, og þessar ráðstafanir hefir þingið í hendi sér að gera, ef meiri hluti þess vill svo vera láta.

Ríkið hefir ennfremur margskonar starfsemi með höndum, svo sem verzlunarrekstur, skipaútgerð o. fl., meiri og margþættari en áður hefir átt sér stað. Þessi ríkisrekstur fer vaxandi hröðum skrefum, og er því engu síður nauðsynlegt, að Alþingi beini athygli sinni að stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir ábyrgð og áhættu ríkisins, þegar um það er að ræða að draga úr kostnaði hins opinbera.

Nd. 92. Frumvarp

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð ríkissjóðs á hentugum stað i Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi allt að 6000 tunnur.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenzkum afurðum.

Til þess að reisa byggingar þessar má verja allt að 40000 kr.

2. gr.

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerðum, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur.

3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan ekki verður við komið að byggja kjallara þann, sem um getur í lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu hús eða kjallara, sem hæft er til þessara afnota, og láta útbúa það eins og nauðsyn krefur vegna geymslunnar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er kunnugt frá síðasta þingi. Síðan hefir það legið fyrir Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarþingi og fengið þar ákveðin meðmæli til Alþingis. Hefir landbúnaðarnefnd verið beðin að flytja málið og hún fallizt á það.

Frá búnaðarþinginu fylgdi frumv. eftirfarandi greinargerð:

„Atvinnumálaráðuneytið hefir síðastl. haust leitað álits Búnaðarfélags Íslands um frumvarp það til laga um kartöflukjallara og markaðsskála, sem lá fyrir síðasta þingi og stjórninni samkvæmt þingsályktunartillögu frá neðri deild var falið að leggja fyrir næsta þing. Búnaðarfélagið fól þeim Bjarna Ásgeirssyni og Pálma Einarssyni athugun málsins, og fer álit þeirra hér á eftir.

Fluttar eru til landsins ýmsar þeirra landbúnaðarafurða, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. Ein þeirra framleiðsluafurða eru kartöflur. Á árunum 1925—1930 er innflutningur þeirra:

1925	23290 tn.
1926	21300 —
1927	20930 —
1928	17780 —
1929	18640 —
Meðaltal 5 ára .	20388 —

Á sama tíma er meðaluppskera í landinu af kartöflum 38400 tn. Það er því flutt inn um ⅓ hluti þess, sem nú er notað af vörutegund þessari. Ræktun kartaflna hefir að vísu aukizt, en þó alls ekki svo sem búast mátti við, samanborið við aðra framleiðslu landbúnaðarins. Þannig er framleiðsluaukningin á 10 ára bilinu 1920—1930 aðeins 9 þúsund tn., og hin næstu 10 ár þar á undan, eða frá 1910—20, aðeins 2600 tn.

Með þessum seinagangi er þess vart að vænta, að fyrr en eftir 20 ár verði aflað í landinu þess vörumagns, er telja verður lágmarksneyzlu af þessari fæðutegund.

Nú ber þess að gæta, að vér notum af kartöflum aðeins ½—¼ hluta þess, er aðrar menningarþjóðir telja meðalneyzlu á mann, en notum í þess stað aðrar dýrari vörutegundir.

Þetta tvennt, hin hagsmunalega þýðing aukinnar neyzlu kartaflna í landinu og sú þjóðarnauðsyn, að eigi sé greitt fé út úr landinu fyrir þær vörur, sem þjóðin getur auðveldlega framleitt sjálf, ætti að vera næg ástæða til, að með opinberri tilhlutun sé stuðlað til framleiðsluaukningar á þessari búsafurð.

Hin síðustu ár hefir meðalverð innfluttra kartaflna samkvæmt hagskýrslunum verið 18 kr. pr. tn. Sé innflutningurinn reiknaður með fyrrnefndu meðaltali áranna 1925—1930, greiddi landið árlega 367 þúsund krónur fyrir aðflutt jarðepli.

Yrði neyzlan aukin frá því, sem nú er, hlutfallslega um ¼, ½ eða ¾, þannig að náð yrði erlendri meðalneyzlu, en uppskerumagn stæði í stað, þá yrði innflutningur reiknaður eftir meðalinnflutningsverði 1930—31 þessi:

Neyzluaukning.	Innfl.þörf, tn.	Áætlað verð kr.
0	21000	378000
¼	34000	612000
½	45000	810000
¾	58000	1044000

Eigi er neinum vafa bundið, að slík neyzluaukning kartaflna væri í alla staði holl og hagfræðilega réttmæt, sérstaklega þó ef hún er byggð á innlendri framleiðslu.

Ástæður fyrir því, að kartöfluframleiðslan eykst tiltölulega lítið, byggjast meðal annars á því, að á sama tíma sem íslenzk uppskera kemur á markaðinn, þá er erlendum kartöflum fleygt inn á hann í kauptúnum landsins, með mjög lágu verði í tvo til þrjá haustmánuðina, en það er unnið upp aftur í hækkuðu verði innfluttra kartaflna aðra tíma árs.

Fæstir framleiðendur hér hafa aðstöðu til að geyma kartöflur sínar til þess tíma, er verð hækkar aftur, enda oft síðari hluta vetrar eigi hægt að koma þeim frá framleiðslustað til sölustaðar, vegna samgönguörðugleika.

Hinsvegar má fullyrða, eftir þeirri útbreiðslu, sem kartöflurætktin nú hefir í landinu, að í öllum sveitum sunnanlands og á suðvesturlandi mega telja kartöfluuppskeruna árvissa, sömuleiðis allárvissa í hinum betri sveitum norðan- og austanlands, þó þar megi búast við, að komið geti ár, þar sem árferði veldur uppskerubresti.

Nú má öllum vera ljóst, á þeim timum sem yfir standa, að það er sérstök nauðsyn, bæði fyrir bændurna sjálfa og þjóðina í heild, að efla kartöfluframleiðsluna, eins og annara afurða, sem þjóðin getur framleitt og þarf að nota. Má telja skyldu löggjafarvaldsins að styðja þá starfsemi eftir ýtrustu getu.

Einn liður í þeirri aðstoð, sem löggjafarvaldið getur veitt, er það, sem hér er farið fram á, að koma upp öruggri geymslu fyrir framleiðsluna á aðalmarkaðsstað landsins, og ætti að geta verið bæði í þágu framleiðenda og neytenda.

Þó það sé augljóst, að þörfin sé mest í Reykjavík, þar sem innflutningur til neyzlu i borginni er nú um 14500 tn. til viðbótar við innlenda framleiðslu selda þar, þá verður hins ekki dulizt, að allmikil þörf muni vera fyrir slíka geymslustaði víðar í kaupstöðum landsins, þó í smærri stíl sé, og ættu þeir þá rétt til nokkurs stuðnings í sama tilgangi. Fram úr því mætti ráða á þann hátt, að veittur væri með nýju ákvæði í jarðræktarlögunum styrkur til byggingar þesskonar geymslustaða, á svipaðan hátt og nú er til áburðarhúsa og hlöðubygginga. Verði sú stefna upp tekin, sem vér teljum á allan hátt æskilegt, má gera ráð fyrir, að smærri geymslustaðir rísi upp í sambandi við aðalræktunarstöðvarnar, þar sem kartöflur yrðu geymdar fram eftir vetrinum, með því að skemmdahætta yrði þar takmarkaðri en þar, sem meira er saman komið á einum stað. Af þeim ástæðum teljum vér, að nægja muni að ætla kjallaranum að rúma 6000 tn., i stað 10000, sem áætlað er í áðurnefndu frumvarpi. Jóhann Kristjánsson byggingameistari hefir gert teikningu og kostnaðaráætlun yfir kjallara af þessari stærð, og áætlar kostnaðinn kr. 65000.00.

Vér teljum sömuleiðis æskilegt, að í sambandi við kjallara þennan væri komið upp markaðsskála fyrir sölu innlendra afurða. Þesskonar skálar eru endur fyrir löngu reistir í öllum helztu borgum álfunnar, til mikils hagræðis bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Eykst nú með hverju árinu þörf fyrir slíkan sölustað í Reykjavík, eftir því sem borgin stækkar og framleiðsla og neyzla eykst, meðal annars á garðávöxtum og grænmeti, og er nauðsynin því brýnni hér en annarsstaðar, sem veðrátta hér er óstöðugri og kaldari, svo þesskonar verzlun er oft útilokuð undir berum himni, sem þó tíðkast daglega erlendis. Í slíkum skála myndi einnig hentugur sölustaður fyrir aðrar matvörutegundir, svo sem fisk og fleira.

Ákvæðum til bráðabirgða leggjum vér til, að bætt sé inn í, með hliðsjón af því, að nokkurn tíma getur tekið að koma byggingunni upp, en vér teljum svo mikla nauðsyn að hraða þessu máli, að vér álítum, að það þoli enga bið, en hugsazt gæti, að bygging tefðist af einum eða öðrum ástæðum.

Að öðru leyti en hér hefir verið bent á álítum vér, að frumvarp það, sem lá fyrir síðasta þingi, þurfi eigi breytinga við".

Ed. **93. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr. A. I. d.
Framan við 1. lið komi:
1. Hvítá hjá Kiðjabergi.
Liðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.

Nd. **94. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (þskj. 39).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að hv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Þorleifur Jónsson, frsm.
Einar Arnórsson. Jón Ólafsson.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um sérstakt læknishérað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu skal vera sérstakt læknishérað.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júní 1933.

Á s t æ ð u r

fyrir frv. þessu felast í eftirfarandi bréfi hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps:

„Ólafsfirði, 26. jan. 1932.

Hér með skorar hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, fyrir hönd allra hreppsbúa á hið háa Alþingi Íslands, sem saman á að koma 15. febr.

þ. á., að Ólafsfjörður verði gerður að sérstöku og sjálfstæðu læknishéraði, með föstum launum, frá 1. júní 1933. Þá er útrunnið tímabil það, sem núverandi læknir hér er ráðinn til.

Eins og háttv. Alþingi er kunnugt, hefir mál þetta áður verið til umræðu á háttv. Alþingi, síðast árið 1928, og urðu þá þau úrslit málsins, að hið háttv. Alþingi veitti styrk til læknishalds hér í Ólafsfirði, að upphæð kr. 2600, gegn 1600 króna framlagi frá hreppsbúum sjálfum. Vegna knýjandi nauðsynjar á að hafa lækni búsettan hér á staðnum, þar sem oft að vetrarlagi er ómögulegt að nálgast lækni annarsstaðar frá, hvorki á sjó né landi, þó um lífsnauðsyn sé að ræða, neyddust hreppsbúar til að taka þessu tilboði og leggja á sig þennan mikla skatt, til þess að verða aðnjótandi læknis, réðu því hingað lækni á þessum grundvelli til 5 ára, og er sá tími útrunninn 1. júní 1933.

Væntum vér því fastlega, að hið háttv. Alþingi sjái sanngirni og nauðsyn í að sinna þessari kröfu vorri, þar sem um jafnmikið nauðsynja- og velferðarmál er að ræða fyrir þessa sveit, sem sést meðal annars á því, hve hreppsbúar hafa mikið á sig lagt fram yfir allar aðrar sveitir landsins, til þess að hafa lækni búsettan hér á staðnum, enda teljum vér ríkissjóði skylt að leggja nokkuð fram til Ólafsfjarðarhrepps, því tekjur ríkissjóðs hér úr hreppi munu fullkomlega jafngilda tekjum úr öðrum sveitum landsins, þó stærri séu.

Útfluttar sjávar- og landafurðir frá Ólafsfirði hafa numið á síðastliðnum árum rúmri 1 milljón króna á ári. Fólksfjöldi í hreppnum er 740 manns, og miklu fleira meðan á vertíð stendur, svo tilfelli koma mörg, sem nauðsynlegt er að hafa lækni við hendina.

Í fullu trausti felum vér fulltrúum þjóðar vorrar mál þetta til meðferðar og væntum góðs árangurs.

F. h. hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps.

Þorsteinn Þorsteinsson, oddviti.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík“.

Nánari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.

Nd. 96. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 2. gr. 3. Í stað »fyrirkomulag og bylgjulengd« komi: afl og bylgjulengd.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja

áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

3. Á eftir 4. gr. komi ný 5. gr., þannig:

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenzka stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

Greinatala breytist eftir niðurstöðum við atkvæðagreiðslu.

Nd. 97. Breytingartillögur

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Sveinbirni Högnasyni, Jóni Ólafssyni, Jörundi Brynjólfssyni og Lárusi Helgasyni.

1. Við 8. gr. a. Í stað »70%« komi: 60%.
2. Við c-lið sömu gr. Í stað »20%« komi: 10%.
3. Aftan við þann lið bætist nýr liður, d-liður, svo hljóðandi:

20% af hvers árs tekjum skal verja til að styrkja vöruflutninga til þeirra héraða, sem ekki hafa gagn af strandferðum vegna hafnleysis. Fé þetta skal greiða til einstakra héraða, eftir nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum sýslunefnda í hlutaðeigandi héruðum.

Ed. 98. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, afl og bylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssímastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenzka stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár, svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, með-

an leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutnings á mönnum eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða má í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **99. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Fyrir orðið »stuttan« í síðasta málslið greinarinnar komi: langan.

Alþingi, 4. marz 1932.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. **100. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar (EÁrna og JónJ) mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hl. (PM) er því mótfallinn.

Alþingi, 4. marz 1932.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Nd. **101. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að óheppilegt sé að setja strangari ákvæði um vigt á síld en gert er í lögum nr. 36 frá 1930. Má í því sambandi benda á, að lögboðið er að vega salt, en þrátt fyrir það er mest af því

salti, sem inn er flutt eða afgreitt manna á milli hér á landi, selt eftir máli, með góðu samkomulagi beggja aðilja. Verður lítt þarft lagafyrirmæli, hér sem oftar, að vikja fyrir þörf og kröfum viðskiptalífsins, og mundi vafalaust eins fara um síldina, þó hert væri á ákvæðunum um að vega hana, enda veldur vigtun bræðslusíldar, eins og hún nú er framkvæmd, mikilli afgreiðslutöf, seljandanum oft til stórskaða. Af þessum ástæðum leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði ekki samþykkt.

Alþingi, 4. marz 1932.

Guðbr. Ísberg, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed.

102. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.

7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvisl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.
14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.

10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.

3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
8. Skjálfandafljót í Köldukinn.
9. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
10. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
11. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
12. Jökulsá í Fljótsdal.
13. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
14. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
15. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum úr ríkissjóði gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
   1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta.
   2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., ¾ hlutar kostnaðar.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Nd. 103. Nefndarálit

um frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

Við 8. gr.

1. Við stafl. a. Fyrir »70%« komi: 65%.
2. Við stafl. b.
   a. Fyrir »10%« komi: 15%.
   b. Á eftir »akfærra sýsluvega« komi: og ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum.
   c. Síðasti málsl. orðist svo: Skal þess gætt, að fé verði lagt til sýsluveganna tiltölulega eftir því, hversu mikil umferð bifreiða er um þá og hversu aðstaðan er örðug til viðhaldsins.

Alþingi, 4. mars 1932.

H. Stefánsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 104. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Eigi hefir náðst samkomulag í nefndinni um fylgi við frv. Minni hl. (JJós og GÍ) telur mega hlíta við ákvæði gildandi laga um vigt á síld og breytingu á þeim óþarfa. Vér undirritaðir teljum rétt, eins og komið er, að taka af allan vafa og lögfesta að fullu þá skipun, að bræðslusíld verði vegin. Hinsvegar lítum vér svo á, að sektarákvæði 2. gr. frv. séu óeðlilega

há, einkum með hliðsjón af samkynja ákvæðum í l. nr. 36 1930, þar sem að vísu má segja, að sektarákvæðin — 20—2000 kr. — séu of lág, ef um hrekkvíslega mælingu væri að ræða.

Vér leggjum því til, að frv. á þskj. 30 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 2. gr.

Fyrir »200—20000 kr.« í niðurlagi greinarinnar komi: 100—10000 kr.

Alþingi, 4. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.	Bergur Jónsson.

Ed. 105. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir átt fund um málið og kvaddi landlækni til ráðuneytis. Skýrði hann svo frá, að það væri sameiginlegt álit sitt og tannlæknis hér í bænum, er hann bar málið undir, að frv. væri algerlega réttmætt. Fólki í ýmsum héruðum landsins væri of erfitt að ná til lærðra tannlækna, en hinsvegar væri það sæmilega tryggt í frv., að undanþágan, sem í því felst frá tannlækningalögunum, verði ekki misnotuð.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari og frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 106. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 7. maí 1928 (Gengisviðauki).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins, sem fyrir þinginu liggur, er byggt á því, að gengisviðaukinn haldist. Eftir því sem tekjur eru áætlaðar í frv. af þeim vörum, sem gengisviðaukinn hvílir á, myndi niðurfall hans nema ná-

lægt 350 þús. krónum. Meiri hluti fjhn. sér ekki, að ríkissjóður megi við þeirri tekjurýrnun, eða að auðveldara sé að afla tilsvarandi tekna á annan hátt, og leggur því til, að frv. sé samþykkt.

Minni hl. n. mun gera grein fyrir afstöðu sinni annaðhvort í sérstöku nál. eða við umræður.

A þingi, 5. marz 1932.

H. Stefánsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 107. Nefndarálit

um frumv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir mæla með, að frumvarpið verði samþykkt, þar sem sýnt er, að ríkissjóður má einskis í missa af þeim tekjustofnum, sem hann nú hefir.

Minni hl. nefndarinnar mun gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti eða við framsögu málsins.

Alþingi, 5. marz 1932.

H. Stefánsson, form. Bernh. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson. frsm.

Nd. 108. Nefndarálit

um frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég get fallizt á það, að ef bifreiðaskattur á að haldast, sé sanngjarnara að haga honum á þann veg, sem lagt er til í þessu frumvarpi, en eins og nú er. Á hinn bóginn vil ég ekki, að hann hækki svo gífurlega sem verða myndi, ef frumvarpið væri samþykkt óbreytt, og finnst ekki skipting hans sanngjörn. Einkum virðist mjög ósanngjarnt að láta bæina, þar sem bifreiðarnar eiga heima, fara á mis við skattinn. Er götuviðhald þar mjög erfitt og kostnaðarsamt, enda bera göturnar þess merki, að bæirnir rísa illa undir því viðhaldi. Er sýnilegt, að þar duga engar aðgerðir aðrar en malbikun þeirra gatna, sem mest

mæðir á, eða aðrar jafnhaldgóðar aðgerðir. Virðist einsætt að láta talsverðan hluta bifreiðaskattsins ganga til þessa viðhalds.

Eftir mínum tillögum verður skattur þessi:

Af benzíni 6000000 l. á 2 aura		kr. 120000,00
Af hjólbörðum o. fl.		— 40000,00
Þungaskattur:		
Af flutningabifreiðum 1 × 12 × 968	= ca. 12000	
Af leigubifreiðum 3 × 12 × 150	= 5400	
Af einkabifreiðum 6 × 12 × 460	= 33100	
		— 50500,00
Af bifhjólum 20 × 110		— 2200,00
		Alls kr. 212700,00

Er þetta allverulег hækkun frá því, sem nú er, og það svo, að ótrúlegt er, að Alþingi vilji lengra ganga í því efni eins og nú er högum háttað.

Skipting skattsins eftir tillögum mínum verður þessi:

Til þjóðvega (viðhald og malbikun)	kr. 120000,00
Til sýsluvegasjóða	— 40000,00
Til sérstakra lögsagnarumdæma til slitlags	— 52700,00
Alls	kr. 212700,00

Ég hefi lagt hér til, að flutningabifreiðar beri einnig dálitinn þungaskatt, þegar hann á að ganga til gatnaviðhalds.

Samkvæmt þessu legg ég til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „4 aura“ í staflið a. kemur: 2 aura.
   b. Fyrir „1 — eina — krónu“ í staflið b. kemur: 50 aura.
   c. Stafliður c. orðist svo:
      c. Af bifreiðum þungaskatt sem hér segir:
         1. Af flutningabifreiðum 1 — eina — krónn árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
         2. Af leigubifreiðum til mannflutninga 3 — þrjár — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
         3. Af einkabifreiðum 6 — sex — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
2. Við 5. gr.
   Fyrir „300 l.“ í fyrstu málsgrein kemur: 500 l.
3. Við 8. gr.
   Greinina skal orða svo:
   Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:
   a. Innflutningsgjaldi af benzíni samkv. 1. gr. a. skal varið til viðhalds og um-

bóta á akfærum þjóðvegum. Um skiptingu fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum. Þó skal að minnsta kosti 20% af þessu gjaldi varið til þess að greiða aukakostnað af því að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni, þar sem umferð bifreiða er mest.

b. Innflutningsgjaldi af hjólabörðum o. s. frv. samkv. 1. gr. b. skal varið til viðhalds og umbóta akfærra sýsluvega samkvæmt reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur. Skal skipta fénu eftir tillögum vegamálastjóra og haga svo til, að féð skiptist milli veganna sem næst eftir umferð bifreiða og aðstöðu til viðhalds.

c. Þungaskatti samkv. 1. gr. c. og skatti af tvíhjóla bifreiðum (1. gr. d.) skal varið til malbikunar eða annara haldgóðra aðgerða á götum í bæjum eða vegum í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem bifreiðarnar eru skrásettar. Bæjarstjórnir og sýslunefndir ákveða, hvernig þessu gjaldi er varið.

Alþingi, 5. marz 1932.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari.

Nd. 109. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svolátandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Síðari málsliður 28. gr. verði þannig:

Skaðabætur skal greiða jafnskjótt sem aðili sannar eða gerir sennilegt, að skipulagsbreyting sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóni eða óhagræði, enda þótt hún sé ekki komin til framkvæmdar.

3. gr.

Nú hefir skipnlagsuppdráttur verið framlagður áður en lög þessi hafa öðlazt konungsstaðfestingu, en eigi náð staðfestingu stjórnarráðs, og fellur hann þá úr gildi, ef hann hefir eigi verið staðfestur áður ár sé liðið frá þeim tíma.

Nd. 110. Frumvarp

til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli.

2. gr.

Stjórn landsspítalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunarkvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæðingardeildar landsspítalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn, til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkrunarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar. Í hinum ýmsu deildum landsspítalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en nemi tveimur á hverja fulllærða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum, þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru við námið. Fæðið leggur landsspítalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 4000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.
2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.
5. Þóknun til kennaranna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavik, nr. 49, 4. júní 1924.

Ed. 111. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Orðin í 1. málsgr. »og önnur atvik og ástæður leyfa« falli burt.

Nd. 112. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisskattanefnd.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

I. Aftan við 8. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Þeir menn, sem ríkisskattanefnd kynni að kveðja sér til aðstoðar um störf samkvæmt 6. gr., skulu sömu skyldum háðir um drengskaparvottorð og þagnarskyldu sem skattanefndamenn.

II. 9. gr. frv. orðist svo:
Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.

Ed. 113. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis.

Frá allsherjarnefnd.

Lög þau um gamla geðveikrahælið á Kleppi, sem í frv. er lagt til að nema úr gildi, ræða aðeins um tvö atriði, auk þess sem með þeim var ákveðin stofnun hælisins, sem löngu er komin í framkvæmd.

Þessi tvö atriði eru:

1. um hversu rekstrarkostnaður greiðist.
2. um yfirstjórn hælisins.

Um fyrra atriðið er það að segja, að ákveðið er, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði, en upp í hann greiði framfærendur sjúklinga 50 aura á dag, sé sjúklingurinn þurfamaður, en ella 1 krónu.

Nefndin hefir nú fengið ráðsmanninn á Kleppi og landlækni til viðtals um málið. Eftir skýrslu, sem ráðsmaðurinn lét nefndinni í té, hefir raunverulegur dagkostnaður við dvöl sjúklinganna á geðveikrahælunum verið síðastl. ár, á nýja Kleppi kr. 4.64, en á gamla Kleppi kr. 3.32. Með kostnaði eru talin laun læknis og á gamla Kleppi sömuleiðis fatnaður.

Um daggjöld sjúklinga á nýja Kleppi eru engin lagaákvæði. Þau munu hafa verið kr. 3.50, en fátækum mönnum veitt einhver ívilnun.

Nefndin fellst á rök landlæknis í greinargerðinni, um að óeðlilegt sé, að daggjöldin séu mjög mishá, eingöngu eftir því, á hvoru hælinu sjúklingurinn sé, og telur hitt eðlilegra, að sama daggjald sé ákveðið fyrir bæði hælin. Nefndin gerir þó engar tillögur um, hversu há daggjöldin skuli vera.

Yfirstjórn hælisins mun aldrei hafa verið skipuð á þann veg, sem fyrir er mælt í lögunum, svo að hennar vegna er laganna heldur ekki þörf.

Nefndin lítur svo á, að það muni vera embættisskylda landlæknis að hafa eftirlit með starfrækslu geðveikrahælanna beggja, og annarar yfirstjórnar muni alls ekki þörf að svo komnu.

Jafnframt vill nefndin benda á, að vert væri að íhuga, hvort ekki væri ástæða til að reka bæði geðveikrahælin sem eina stofnun. Með því virðist líklegt, að unnt væri að haga starfrækslu þeirra á ýmsan hátt haganlegar en nú er gert.

Að öllu þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. marz 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 114. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Árin 1932 og 1933 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Alíslenzkt félag, Drekinn, hefir fengið sérleyfi til hvalveiða í 10 ár, samkv. lögum um hvalveiðar frá 1928. Vegna fjárskorts hefir félagið enn þá ekki getað hafið atvinnurekstur, en nú er útlit fyrir, að með samvinnu við norskt hvalveiðafélag verði unnt að hefjast handa á næstkomandi vori. Skilyrði fyrir því er þó, að nota megi útlend skip til veiðanna. Ef þessi tilraun heppnast, er hugsunin, að skipin verði keypt og flutt inn í landið.

Þar sem hér er um byrjandi atvinnuveg að ræða, sem hugsanlegt er, að með tímanum geti veitt fé inn í landið, sýnist einsætt að stuðla að framgangi þessa fyrirtækis, enda sýnist með öllu áhættulaust að veita undanþágu þá, sem hér er farið fram á.

Nánar í framsögu.

Nd. 115. Breytingartillaga

við frv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flutningsm.: Lárus Helgason.

Við 3. gr. Á eftir 1. málsl. annarar málsgr. kemur nýr málsliður:

Heimilt skal þó landlækni, ef sveitarstjórn óskar og héraðslæknir mælir með, að gefa efnilegum stúlkum kost á að ljúka náminu á 9 mánuðum,

Nd. 116. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vér undirritaðir 3 nefndarmenn leggjum til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem síðar greinir. Einn nefndarmanna (EA) er samþykkur öllum brtt. vorum, en mun að öðru leyti gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni. Um afstöðu 5. nefndarmannsins (JÓI) er oss ókunnugt, því hann hefir ekki sótt nefndarfundi, þegar málið var rætt.

Frv. þetta er svo að segja samhljóða því frv. samnefndu, sem lagt var fyrir vetrarþingið 1931, og má því vísa til þeirra athugasemda og greinargerða, sem áður hafa fylgt frv., með hliðsjón af þeim breytingum, sem á frv. urðu í Ed. 1930. Réttarfarslöggjöf vor og dómaskipun er allmjög á eftir tímanum, en almenn endurskoðun á því hefir eigi enn farið fram, og er því eigi kostur á að fá endurbætur á skipulaginu frá rótum enn sem komið er, þótt þess væri sízt vanþörf. Það er þó nokkur bót, að endurbætur séu gerðar á æðsta dómstólnum og hann færður í viðunanlegt nútímahorf, því þar með er fengin meiri trygging fyrir því, að menn fái að lokum sæmilega og vandaða meðferð á málum sínum. Vér teljum, að með frv. þessu séu stigin spor í þá átt, og teljum þess vegna rétt að samþykkja það með nokkrum, fremur smávægilegum breytingum.

Við 5. gr. höfum vér gert þá brtt. að bæta orðinu »þýðingarmikil« við skilgreiningu þeirra mála, sem kveðja skal aukadómara til að dæma. Virtist oss orðalag greinarinnar fullþröngt, með því að mál geta haft mikla alþjóðlega þýðingu eða snert lögfræðileg »princip«, enda þótt eigi sé hægt að segja, að þau séu margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm.

Við 7. gr. er með brtt. vorri í fyrsta lagi gerð breyting á prentvillu og í öðru lagi kveðið skýrara á um það, að kennarar lagadeildar skuli sjálfir velja úr sínum hópi þann, sem skipa skal autt sæti aðaldómara.

Með brtt. við 8. gr. er leiðrétt prentvilla. Ennfremur tekið glöggt fram, að aldursákvæðið í 3. lið sé aðeins veitingarskilyrði í dómaraembætti. Loks er bætt við því ákvæði aftan við greinina, að leita skuli álits aðaldómaranna í fimmtardómi, áður en veiting aðaldómaraembættis fer fram.

Þá er lagt til, að yfirleitt sé aðeins 1. einkunnar mönnum veitt leyfi til málaflutningsstarfa við dóminn og jafnframt opnaðir möguleikar fyrir menn, sem eigi hafa hlotið 1. einkunn, til þess að breyta málaflutningsraunina, ef þeir hafa sýnt það með fræðistarfi í lögfræði eða með öðrum lögfræðistörfum sínum, að þeir séu vel til þess fallnir.

Ákvæði 52. gr. um, að dómsforseti geti einn veitt óviðkomandi mönnum leyfi til þess að vera við ráðageðir dómaranna, þótti oss veita honum óþarflega mikið vald, ef aðrir dómendur væru því móttallnir, enda virtist oss engin ástæða til að lögleiða slíkt leyfi. Þá virtist oss réttara, að dómarar veldu

í hvert sinn þann dómara, sem fyrstur skal greiða atkvæði, heldur en að láta hlutkesti ráða, því dómarar geta verið misjafnlega færir til þess að dæma einstök mal eða semja um þau dómatkvæði, vegna sérþekkingar eða sérstaks kunnugleika á málefni. Virðist rétt, að þeir geti tekið tillit til slíks. Þess vegna gerum vér brtt. við 52. og 54. gr. Þó virtist ekki ástæða til að fella burt ákvæðið um hlutkesti að því er snertir röðina, þegar skipzt er á málsskjölum eftir að sá fyrsti hefir greitt atkvæði (gert frv. að dómi eða úrskurði). Brtt. við 55. gr. er gerð til þess að bæta úr ósamræmi, er virðist vera á milli 3. og 4. tölul. Loks virðist eðlilegast, að lögin gangi í gildi í byrjun næsta starfsárs, að afloknu sumarleyfi, hinn 1. september þ. á.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Á eftir orðinu »umfangsmikil« komi: þýðingarmikil.
2. Við 7. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, velja kennarar lagadeildar háskólans einhvern úr sínum hópi til að skipa það.
3. Við 8. gr.
   a. Fyrir »dómsritari« í 2. tölul. komi: fimmtardómsritari.
   b. Aftan við 3. tölul. bætist: er þeir fá veitingu fyrir dómaraembætti.
   c. Aftan við greinina bætist: Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms áður en aðaldómaraembætti er veitt.
4. Við 17. gr. Fyrsti tölul. orðist svo:
   Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
5. Við 52. gr.
   a. Aftan af annari málsgr. falli orðin: »Forseti réttarins . . . sérstaklega óskað«.
   b. Í stað orðanna í 3. málsgr. »sem með hlutkesti . . . eftir hlutkesti« komi: sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn.
6. Við 54. gr. Í stað orðanna í 1. málsgr. »er samkvæmt hlutkesti . . . afhent« komi: er samkvæmt vali réttarins fær málsskjölin afhent.
7. Við 55. gr. Aftan við 4. tölul. komi: sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
8. Við 69. gr. Fyrir »1. janúar 1933« komi: 1. september 1932.

Alþingi, 7. marz 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Þorleifur Jónsson.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.

Nd. 117. Breytingartillaga

við frv. til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Frá Jóni Ólafssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Til að hvetja til aukinnar framleiðslu og greiða fyrir sölu á kartöflum í landinu, skal atvinnumálaráðherra heimilt að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi flutningskostnaðar á kartöflum til næsta markaðsstaðar innanlands. Hversu þeirri styrkveitingu er fyrir komið, skal ákveðið í reglugerð, sem Búnaðarfélag Íslands semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Nd. 118. Frumvarp

til laga um húsnæði í Reykjavík.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til þess að komið verði í veg fyrir húsnæðisvandræði, ósanngjarnan leigumála m. m. í Reykjavik, skal skipa þar fimm manna húsnæðisnefnd.

2. gr.

Hæstiréttur skipar formann húsnæðisnefndar og varaformann. Mega þeir ekki fást við kaup eða sölu fasteigna, og mega þeir hvorki vera leigutakar íbúðar né eigendur húss, sem leigt er til íbúðar að nokkru leyti eða öllu. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar 2 nefndarmenn, annan úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka húsnæðis. Á sama hátt skipar bæjarstjórnin 2 nefndarmenn. Eins fer um skipun fjögurra varamanna, eins fyrir hvern nefndarmann. Allir skulu mennirnir vera heimilisfastir í Reykjavik og hafa þekking á húsnæðismálefnum bæjarins. Það er borgaraskylda að taka við skipun í húsnæðisnefnd. Nú missir nefndarmaður einhvers skilyrða, er getur í þessari grein, og gengur hann þá úr nefndinni. Annars gildir skipun í tvö ár.

3. gr.

Kostnaður við nefndina greiðist úr bæjarsjóði. Þóknun fyrir starf nefndarmanna ákveður bæjarstjórn í reglugerð, er ráðuneytið staðfestir.

4. gr.

Nefndarfundir eru því aðeins ályktunarfærir, að auk formanns séu á fundi að minnsta kosti 2 nefndarmenn, kosnir af ráðuneytinu og af bæjar-

stjórn, annar úr flokki húseigenda, en hinn úr flokki leigutaka. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Í forföllum aðalmanns tekur varamaður hans sæti í nefndinni.

5. gr.

Nefndarmaður getur ekki tekið þátt í meðferð máls, ef úrslit þess skipta hann máli eða maka hans. Sama er, ef hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja, eða að fyrsta til hliðar.

6. gr.

Þeir, sem leita nefndarinnar, gera það skriflega eða munnlega. Nefndin aflar síðan upplýsinga og gagna og sér um, að málið upplýsist svo vel sem unnt er. Áður en mál er leitt til lykta skal aðilum — einnig þeim aðila, sem komið hefir máli fyrir nefndina — gefinn kostur á að láta uppi umsögn sína. Skal umsögn vera munnleg, ef aðili eða nefndin krefst þess. Fyrirkall til aðila skal vera með tveggja daga fyrirvara, og skal í fyrirkallinu getið málsatriða. Aðili má senda mann í umboði sínu vottföstu, nema því aðeins, að nefndin krefjist þess, að aðili komi sjálfur.

7. gr.

Nefndin getur sjálf farið á vettvang til skoðunar, en rétt er henni og að fá aðstoð opinberra starfsmanna, eftir því sem henni þykir þörf. Húseigendur skulu láta nefndinni í té þær upplýsingar um húseignir sínar, er nefndin telur þörf á. Skýrslur aðila um fjárhagsástæður hans má eigi gera kunnar hinum aðilanum né heldur öðrum mönnum.

Sérhver, sem á heimili í bænum, er skyldur til, samkvæmt fyrirkalli með tveggja daga fyrirvara, að koma á fund nefndarinnar, til þess að gefa henni skýrslu. Komi hann ekki, og hafi þó ekki tjáð lögleg forföll, má í almennu lögreglumáli dæma hann í sektir frá 10 kr. til 100 kr. Í fyrirkalli skal getið viðurlaga þessara.

8. gr.

Húsnæðisnefnd hefir gerðabók. Skal í hana rita kröfur aðila og úrslit máls ásamt stuttri greinargerð. Þess skal og getið í gerðabók, ef nefndarmenn hafa ekki verið á eitt sáttir um úrslitin, hver hafi orðið í minni hluta, hver tillaga minni hlutans hafi verið og hvernig rökstudd. Nefndin ræður málum til lykta svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en fjórum vikum frá því að málið kom fyrir nefndina, nema því aðeins, að aðilar hafi óskað að fresta málinu, eða að málið sé svo vaxið eða mál svo mörg fyrir nefndinni, að frestnn hafi verið óhjákvæmileg. Málsúrslit ásamt greinargerð skulu, ef unnt er, innan 5 daga tilkynnt aðilum skriflega.

Úrskurði húsnæðisnefndar verður, nema öðruvisi sé ákveðið í lögum þessum, hvorki skotið til dómstólanna né til annara stjórnarvalda, enda hafi nefndin ekki farið út fyrir starfssvið sitt eða að öðru leyti farið í bága við lög þessi.

Þegar nefndin hefir samþykkt leigumála eða annað samkvæmt lögum þessum, eða skorið úr ágreiningi um húsnæði, verður því máli eigi skotið til nefndarinnar aftur fyrr en 14. maí eða 1. október næst eftir að úrskurður var felldur, og þá því aðeins, að nýjar ástæður hafi til komið.

9. gr.

Hvern þann leigusamning um húsnæði til íbúðar eða atvinnurekstrar, önnur en um einstök herbergi til einhleypra manna, sem gerður er eftir að lög þessi öðlast gildi, skal eigandi eða húsráðandi innan 8 daga eftir samningsgerð leggja fyrir eða bera undir húsnæðisnefnd. Nefndin skal gæta þess, að samningurinn sé ekki ósanngjarn, leigan hæfileg og ákvæðum laga þessara eða öðru fullnægt. Sama er um breytingar á gildandi samningum. Sem leigu ber að skoða sérhverja kvöð eða aukagjöld, sem lögð eru á leigutaka, og yfirleitt skal tillit haft til allra ákvæða, sem gera leigumálann lakari fyrir leigutaka en hann annars væri.

Fallist nefndin á samninginn, ritar hún á hann samþykki sitt. Sé um munnlegan samning að ræða, gefur húsnæðisnefnd aðilum yfirlýsingu um samþykki sitt eða ákvörðun um leigumála.

Það er bannað, hvernig sem á stendur, að taka við eða greiða hærri leigu en húsnæðisnefnd hefir samþykkt.

Þegar hjón skilja að borði og sæng eða fullum lögskilnaði, ákveður dóms- og kirkjumálaráðuneytið, hvort hjónanna skuli halda íbúð þeirra.

Leigusali íbúðar eða húsnæðis, þar sem atvinna er stunduð, og leigjandi hafa að öðru leyti hvor um sig rétt til að leita úrskurðar húsnæðisnefndar um leigumála, einnig þó um einstök herbergi til einhleypra manna sé að ræða.

Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar. Húsnæðisnefnd getur þó, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu allir nefndarmenn sammála um það.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en þetta sé gert skal húsnæðisnefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leiguupphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Á sama hátt skal bæjarstjórn heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

10. gr.

Heildarleiga eftir hvert hús má vera allt að 15% af fasteignamatsverði hússins, að viðbættum 5% af fasteignamatsverði lóðar þeirrar, er notuð er vegna íbúðar í húsinu, og ákveður húsnæðisnefnd, ef ágreiningur verður, hvernig leigan skiptist milli íbúða hússins.

Sama gildir og um hús, sem að nokkru eða öllu leyti eru leigð til atvinnurekstrar, og gilda ákvæði laga þessara að öllu leyti um þau, eftir því sem við á.

Nú þykir húsnæðisnefnd sýnt, að kostnaðarverð húss sé meira en svo,

að 15% af fasteignamatsverði þess sé viðunandi leigumáli fyrir eiganda, og getur hún þá ákveðið leiguna hærri.

11. gr.

Lög þessi ná ekki til leigumála, sem fylgir fullt fæði, eða til gistihúsa.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25 kr. til 5000 kr.
Sektir allar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

13. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun láta þau öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði, einn eða fleiri.

Þegar ekki þykir lengur þörf laga þessara, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á tveim síðustu þingum, en efni þess nokkuð breytt frá því, er áður var. Verður gerð grein fyrir breytingum, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. við framsögu málsins. Að öðru leyti visast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumv. á vetrarþinginu 1931. (A. þskj. 388).

Nd. 119. Breytingartillögur

við frv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr.
   Aftan við greinina bætist: og skal yfirlæknum spítalans skylt að annast kennsluna án sérstakrar aukaþóknunar, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisstjórnarinnar.
2. Við 7. gr.
   5. liður fellur niður.

Ed. 120. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. marz 1932.

Jón Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, frsm.	Páll Hermannsson, fundaskrifari.

Nd. 121. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Einari Arnórssyni og Bergi Jónssyni.

1. Við 8. gr. 1. tölul. Aftan við töluliðinn komi:
   Þó má veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi dómaraefni sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Síðasta málsgr. gr. falli niður.

Nd. 122. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 115 (Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli).

Frá Lárusi Helgasyni.

Fyrir »Heimilt« kemur: Skylt.

Ed. 123. Frumvarp

til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli, og skal yfirlæknum spítalans skylt að annast kennsluna án sérstakrar aukaþóknunar, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisstjórnarinnar.

2. gr.

Stjórn landsspítalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunarkvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Heimilt skal þó landlækni, ef sveitarstjórn óskar og héraðslæknir mælir með, að gefa efnilegum stúlkum kost á að ljúka náminu á 9 mánuðum. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæðingardeildar landsspítalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn, til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkrunarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar. Í hinum ýmsu deildum landsspítalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en nemi tveimur á hverja fulllærða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum, þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru við námið. Fæðið leggur landsspítalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 4000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.
2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924.

Nd. 124. Frumvarp

til laga um ríkisskattanefnd.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisskattanefnd skipa þrír menn og 2 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er fjármálaráðherra ákveður.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í nefndina og ákveður formann hennar. Skulu nefndarmenn skipaðir til 6 ára þannig, að einn nefndarmaður fer frá annaðhvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði og annar á sjávarútvegi og viðskiptum.

3. gr.

Ríkisskattanefnd hefir aðsetur í Reykjavík. Skal nefndinni ætlað rúm í húsnæði Skattstofu Reykjavíkur. Skattstjórinn í Reykjavík skal vera ráðunautur nefndarinnar og aðstoða hana að því leyti, sem starf hans leyfir og eigi kemur í bága við endurskoðun og úrskurði nefndarinnar um hans eigin verk.

4. gr.

Störf ríkisskattanefndar eru þessi:

1. Að úrskurða kærur út af úrskurðum yfirskattanefnda um álagningu tekju- og eignarskatts og útsvara. Séu kærur um tekju- og eignarskatt ásamt öllum nauðsynlegum gögnum komnar til nefndarinnar eigi síðar en í júlílok. Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurð á kærur þessar fyrir októberlok, og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilunum úrslitin tafarlaust.

   Kærur um útsvör séu komnar til nefndarinnar eigi síðar en 2 mánuðum eftir dagsetningu úrskurða yfirskattanefnda.
2. Að hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda

og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum.

Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar um eignar- og tekjuskatt er fullnaðarúrskurður, nema um dómstólamál sé að ræða samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Úrskurður nefndarinnar um útsvarskæru er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

5. gr.

Yfirskattanefndum ber að senda ríkisskattanefnd skattskrá ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, jafnskjótt og þær hafa lokið störfum.

6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til upplýsinga frá einstaklingum og stofnunum og skattanefndir samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og ennfremur hefir nefndin ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna.

7. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa gerðabók og rita í hana úrskurði og aðrar ákvarðanir.

8. gr.

Um skilyrði og skyldu til setu í ríkisskattanefnd, um þagnarskyldu nefndarmanna og um þátttöku þeirra í úrskurðum, er varða þá sjálfa eða venzlamenn þeirra, gilda sömu ákvæði og um skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn samkvæmt gildandi skattalögum, og sömuleiðis um viðurlög, ef út af er brugðið. Þeir menn, sem ríkisskattanefnd kynni að kveðja sér til aðstoðar um störf samkvæmt 6. gr., skulu sömu skyldum háðir um drengskaparvottorð og þagnarskyldu sem skattanefndamenn.

9. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 125. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega langan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12, 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Nd. 126. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hluti allsherjarnefndar.

Það er nauðsynjarlaust að leggja hæstarétt niður, þótt sumir vilji velja honum annað heiti á íslenzka tungu og þótt gera eigi nokkrar breytingar á

hæstaréttarlögunum. Og það skiptir eigi heldur neinu máli raunverulega, sérstaklega þegar veita *skal* núverandi hæstaréttardómurum dómaraembætti í hinum hugsaða nýja dómi, eins og ráðgert er í 64. gr. frv. Þess vegna ber minni hlutinn fram breytingartillögu í þá átt, að nafn dómsins aðeins breytist, en hann haldi áfram með núverandi dómendum, er veitingu hafa fengið fyrir dómaraembætti í honum, og að öðru leyti eins og verið hefir og með breytingum, er samþykktar kunna að verða.

Sá agnúi, sem minni hlutinn telur alvarlegastan á frv. að öðru leyti, er niðurfelling dómararaunarinnar, sem í 6. gr. 4. tölul. hæstaréttarlaganna greinir. Minni hlutinn telur þá skipun, sem nú er, veita miklu meiri tryggingu fyrir því, að óhlutdrægir og réttlátir menn með nægri þekkingu og reynslu veljist í dóminn, en ef pólitiskur ráðherra á að skipa þá á eindæmi sitt og án þess að vera bundinn við tillögur dómenda þeirra, sem fyrir eru. Því mun minni hlutinn bera fram breytingartillögu í þá átt, að núverandi skipun haldist að þessu leyti. Ennfremur ber minni hlutinn fram nokkrar breytingartillögur í viðbót við þær, sem þegar eru fram komnar og minni hlutinn telur yfirleitt til bóta. Og verður gerð nánari grein fyrir þeim í umræðum málsins.

Ef breytingartillögur minni hlutans varðandi niðurlagningu hæstaréttar og dómararaunina verða eigi samþykktar, þá ræður minni hlutinn hv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 8. marz 1932.

Einar Arnórsson, frsm. minni hl. Jón Ólafsson.

Nd. 127. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Æðsti dómstóll ríkisins skal, í stað nafnsins hæstiréttur, heita fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti skal hann hafa á öðrum erlendum málum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 8. gr.
   a. Í 2. tölul. komi eftir orðin »eða sýnt«: að áliti fimmtardóms skipaðs 5 dómendum.
   b. Í 3. tölul. falli setningin: »undanþegnir . . . tekur til starfa« burt.
   c. Aftan við 3. tölul. komi svolátandi nýr 4. töluliður og liðatalan breytist samkvæmt því:
      Hafa sýnt það með því að greiða fyrstir dómsatkvæði í 4 málum,

og sé að minnsta kosti eitt þeirra einkamál, að þeir séu hæfir til að skipa sæti í dóminum.

4. **Við 24. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:**
   Ef fimmtardómur leggur það til, sviptir dómsmálaráðherra málflutningsmann leyfi o. s. frv.
5. **Við 26. gr. Síðari málsl. orðist svo:**
   Stjórnin skal og láta í té álit sitt um þóknanir málflutningsmanna eða málskostnað o. s. frv.
6. **Við 27. gr. 2. mgr. orðist svo:**
   Rétt er málflutningsmanni að bera sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana.
7. **Við 53. gr.**
   a. Í 2. mgr. falli orðin »Séu atkvæði jöfn, sker forseti úr« burt.
   b. 3. málsgr. falli burt.
8. **Við 64. gr. Greinin falli burt.**
9. **Við 66. gr. Greinin falli burt.**
10. **Við 68. gr. Fyrri málsgr. gr. falli burt.**
    Greinatalan breytist samkvæmt atkvgr.

Nd. 128. Frumvarp

til laga um verðtoll af tóbaksvörum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Af öllum tóbaksvörum, sem fluttar eru til landsins, skal greiða verðtoll í ríkissjóð sem hér greinir:

a. Af óunnu tóbaki, rjóltóbaki, munntóbaki og allskonar reyktóbaki skal greiða 15 af hundraði af innkaupsverði vörunnar.
b. Af vindlum, smávindlum og vindlingum skal greiða 25 af hundraði af innkaupsverði vörunnar.

2. gr.

Meðan lög nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki, eru í gildi, skal allur verðtollur af innfluttum tóbaksvörum, hvar sem er á landinu, greiddur til tollstjórans í Reykjavík, og skal gjaldheimtumönnum ríkissjóðs úti um land skylt að tilkynna innflutning tóbaksvara í þeirra umdæmi til tollstjórans í Reykjavík.

3. gr.

Við greiðslu verðtolls þessa skal innflytjanda skylt að leggja fram innkaupsreikning yfir vörurnar, og skulu innkaupsreikningarnir stimplaðir af innheimtumanni eða umboðsmanni hans með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 1921.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að undanþiggja verðtolli óunnið tóbak, sem eingöngu er ætlað til sauðfjárlækninga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkv. tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Ef gengið er út frá svipuðum innflutningi á tóbaksvörum eins og var árið 1930, ætti verðtollur þessi að nema ca. kr. 155000,00 af vindlum og vindlingum, og ca. kr. 110000,00 af öðru tóbaki. Með því að gera ráð fyrir, að innflutningur tóbaks minnki um ca. 25%, ætti þessi verðtollur þó alltaf að nema um kr. 200000,00 á ári.

Nd. 129. Breytingartillögur

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðinu „sektum“ kemur: til ríkissjóðs.

b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður:

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed. 130. Frumvarp

til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og

áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi taugakerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.

2. gr.

Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Ef ríkisstjórnin hefir verkfræðing með sérmenntun í rafmagnsfræði í þjónustu sinni, skal hann einnig vera vegamálastjóra til aðstoðar við rannsóknir þessar án sérstaks endurgjalds.

3. gr.

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir fimm manna raforkumálanefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, tilnefndir hver af sínum þingflokki, þeim sem nú eru, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að áskildu samþykki rafmagnsstjórnar kaupstaðarins, og hinn fimmti skrifstofustjóri eða fulltrúi úr ráðuneyti atvinnu- og samgöngumála, og er hann formaður nefndarinnar. Bresti tilnefningu eða samþykki einhvers framangreindra aðilja, velur ráðherra mann í þess stað.

Raforkumálanefndin starfar kauplaust, og skal verkefni hennar vera að undirbúa tillögur og lagafrumvörp þessum málum viðvíkjandi, sem koma eiga fyrir Alþingi. Atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóri láta nefndinni í té aðstoð eftir þörfum án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa lá fyrir Alþingi 1929 og aftur 1930, og var tilgangur þeirra frumvarpa sá, að hrinda af stað rannsóknum og undirbúningi á raforkuveitum um byggðir landsins utan kaupstaða, og jafnframt var þar bent á ákveðna tilhögun um fjárstyrk þann úr ríkissjóði, sem óhjákvæmilega verður að veita, ef býlin í hinum dreifðu byggðum eiga almennt að verða raforku aðnjótandi til ljósa, iðju, matreiðslu og hitunar. Frumvörp þessi náðu ekki samþykki, en fjárveiting til slíks undirbúnings er nú í fjárlögum, og á árinu 1930 skipaði stjórnin 7 manna nefnd til þess að vinna að þessum málum. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, rafmagnsverkfræðingur í þjónustu ríkisstjórnarinnar, þrír menn tilnefndir af þingflokkunum eða miðstjórnum þeirra, og hinn 7. valinn af ráðherra, og er hann formaður nefndarinnar. Var fyrst til þess skipaður Einar Árnason þáv. ráðherra, en fór síðar úr nefndinni, og var þá Halldór Stefánsson alþm. skipaður formaður í hans stað.

Nefnd þessi hélt áfram áður byrjuðum rannsóknum um hentugustu tilhögun á raforkuveitum í suðvesturhluta landsins, og er þeim langt komið, en ekki að fullu lokið. Nefndin hafði einnig verkfræðing sumarlangt til athugunar á fallvötnum í öðrum landshlutum, en sú vinna hefir engan árangur borið, meðfram að minnsta kosti sakir þess, að vinnan var framkvæmd án sambands við neina af hinum starfandi teknisku deildum, sem hafa fasta skrifstofu og föstum mönnum á að skipa. Þegar þrengdist um fjárhag ríkissjóðs á árinu 1931, var þessum hluta starfseminnar hætt, og nú hefir nefndin að kalla má lognazt út af eða sofnað.

Það er nú tilgangur frumvarpsins að koma skipulagi á undirbúning þessara nauðsynjamála, annarsvegar með því að leggja verkið undir vegamálastjóra og skrifstofu hans, og fá þar með nauðsynlega tryggingu fyrir því, að sérhver sú vinna, sem í þetta er lögð, geymist á vísum stað og sé jafnan tiltæk þegar nota þarf til undirbúnings við löggjöf eða framkvæmdir, og hinsvegar með því að nota þá starfskrafta, sem landið hvort sem er hefir í þjónustu sinni og vænta má, að geti sérstaklega sinnt þessu starfi meðan fjárkreppan dregur úr venjulegum framkvæmdum á verksviði vegamálastjóra. Rétt þykir og að hafa nefnd með afmörkuðu verksviði til þess að athuga skýrslur og tillögur vegamálastjóra um þessi mál og undirbúa tillögur til Alþingis um þau.

Þess er gætt í frv. að baka ríkissjóði engan sérstakan kostnað með ákvæðum þess, en hitt er sjálfgefið, að ef fé er veitt í fjárlögum til slíkra rannsókna, þá fær vegamálastjóri það til umráða til þess að greiða kostnað við mælingar og aðra vinnu, annara en hinna fastlaunuðu starfsmanna, sem þessar rannsóknir hafa í för með sér.

Nd. 131. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Töluliður 1. b. i 14. gr. orðast svo:
Hefir haft félagaréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1928.

2. gr.

Næstsíðasta málsgrein 17. gr. „Í kaupstöðum“ o. s. frv. orðast svo:
Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms (2. gr. laga nr. 11, 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því).

3. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

4. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

5. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu, þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanförnum þingum eftir beiðni Iðnráðs Reykjavíkur, eins og bréf það, sem er birt hér sem fylgiskjal, sýnir. Eru tvær fyrstu greinarnar þó teknar hér í fyrsta sinn. Þó eru enn ekki teknar allar breytingar þær, sem iðnráðið hefir farið fram á. Er það nokkuð hart aðgöngu að skylda þá menn til þess að kaupa iðnbréf, sem reka iðn sína aðeins með aðstoð maka síns eða barna sinna innan 21 árs, og varla er heldur að svo komnu ástæðu til þess að láta öll ákvæði laganna, sem aðeins ná til kaupstaðanna, taka hér eftir til allra kauptúna. Hinar breytingarnar eru teknar upp í frv., og eru ástæður fyrir þeim tilgreindar í bréfi því frá iðnráðinu, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR

um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Við 13. gr. Málsgreinin: „Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri", falli burt.

Við 13., 14. og 18. gr. Í stað „kaupstöðum" komi: kaupstöðum og kauptúnum.

Við 17. gr. Málsgreinin: „Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni", orðist svo: Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms. 2. gr. laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

3. málsgrein falli burt.

Á eftir 19. gr. komi ný grein, sem verði 20. gr. og hljóði svo:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfssvið þess og kosningu.

Töluröð eftirfarandi greina breytist að sjálfsögðu í samræmi hér við.

Við 27. gr., sem verður 28. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus, og enginn taka lærlinga meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Tillögur þessar um breytingar á nokkrum greinum laga um iðju og iðnað, frá 31. maí 1927, voru samþykktar samhljóða á fundi Iðnráðs Reykjavíkur í jan. 1929 og aftur í nóv. s. á.

Flestar iðngreinar í bænum eiga fulltrúa í ráðinu og stendur því meginþorri allra iðnaðarmanna bæjarins á bak við þessar óskir. Breytingarnar byggjast á þeirri sannfæringu vorri, að tilgangur hinna háu löggjafa með lögum þessum sé sá, að tryggja rétt þeirra manna við atvinnurekstur, sem skýlaus viðurkenning er fyrir, að kunni iðn sína til hlítar. Á þann hátt stuðla lögin að bættum vinnubrögðum og eðlilegum framförum í hverri iðngrein.

En tilgangi þessum virðist oss ekki náð nema kröfurnar um kunnáttuvottorð (þ. e. iðnbréf, þar eð það fyrst um sinn oft mun verða veitt án þess að sveinbréf sé fyrir hendi, sbr. 14. gr., tölulið 1. b) séu undantekningarlausar um alla þá, er sjálfir vinna að handverki því, er iðnbréfið hljóðar upp á. Skal nú gera nokkra grein fyrir hverjum lið í tillögum þessum.

13. gr. Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að 1. töluliður í 13. gr. falli burt, þar eð hann lögfestir mönnum án sérþekkingar heimild til að reka sérhverja iðn, og það jafnvel í stærri stíl, með aðstoð fleiri eða færri barna, t. d. 4 til 5 sona á aldrinum 14 til 21 árs.

Það er augljóst, að í ýmsum iðngreinum, svo sem í mörgum greinum, sem að húsabyggingum lúta, hefir verkkaupandi oft engin skilyrði til að dæma um gæði vinnunnar, og getur útlitið jafnvel verið viðunandi, þó endingin verði léleg eða engin, af því reynslu og sérþekkingu á efnum, sem úr er unnið, vantaði. Á þetta einkum við um efni þau, er málarar, múrarar, málmsteypumenn o. fl. nota. Getur þetta því orðið til stórtjóns, einkum þar, sem ekkert lögskipað eftirlit er með þessum iðngreinum, en svo mun vera í allflestum kauptúnum.

Reynsla margra undanfarinna áratuga hefir þá og sýnt, að kunnáttulausir menn, verkamenn og sjómenn, hafa hiklaust tekizt á hendur að vinna öll verk, er að húsbyggingum lúta, og jafnvel að reisa heil hús. Hafa stundum hlotizt vandræði af óskammfeilni þessari, svo að ýms stærri bæjarfélög hafa

í seinni tíð gert sérstakar kröfur til þeirra manna, sem takast slík verk á hendur. En sé ástæða til að gera þessar ráðstafanir í kaupstöðum landsins, þá virðist ekki rétt, að lögin heimili ýmsum þeirra slíkan atvinnurekstur án iðnbréfs, fyrir þá sök eina, að þeir geti rekið hann með aðstoð uppkominna barna (sem þá þó samkvæmt skilyrðum laganna skortir kunnáttu til að kenna).

Ástæðulaust teljum vér að gefa mönnum kost á að smeygja sér undan ákvæðum laganna með því að flytja sig til stærri kauptúna, svo sem Akraness eða annara blómlegra byggðarlaga.

Vér lítum því svo á, að nauðsyn beri til, að kröfur um kunnáttuvottorð, þ. e. iðnbréf, séu einnig gerðar til atvinnurekenda í kauptúnum, og þurfa aldrei að hljótast vandræði af, þar eð lögreglustjórum er heimilt, sbr. 18. gr., að veita iðnbréf á ófullkomnum rétti, ef enginn er í einhverju kauptúni, sem uppfyllir skilyrði laganna til að geta öðlazt iðnbréf. Teljum vér því breytingar þær, er vér óskum á 13., 14. og 18. gr. og að þessu lúta, nauðsynlegar.

Breyting sú, sem óskað er á 17. gr., er í samræmi við anda laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám. Byggist tillaga þessi á þeirri skoðun, að aldrei sé of vel til þeirra manna vandað, sem eiga að kenna komandi kynslóð, svo hún geti orðið fær um, í iðnaðarlegu tilliti, að lyfta oss upp á það menningarstig, sem vér að ýmsu öðru leyti höfum náð. Vér þykjumst fullvissir um, að þeir, sem eru svo færir í handverki sínu, að þeir geti kennt nemendum sínum allt það, sem krafizt er til sveinaprófs, eiga samkvæmt lögunum mjög hægan aðgang að meistarabréfum. Það virðist því engin ástæða til að veita öðrum heimild til að taka nemendur. Ella mundi námið oft verða byrjunin ein og eyða þeim árum unglinganna, sem heppilegust eru til að þeir stundi nám, en gefa þeim mönnum, sem þó eru ekki færir um að undirbúa þá að fullu undir prófsmíðina, tækifæri til að ábatast á vinnu unglinganna, án þess að trygging sé fyrir, að nokkuð komi í staðinn.

Í 18. gr. er lögreglustjórum veitt heimild til að veita mönnum, sem annars uppfylla e k k i skilyrði laganna, iðnbréf, ef enginn er sá fyrir, sem rekur einhverja sérstaka iðn. En samkvæmt 16. gr. veitir „iðnbréf“ aðila heimild til að reka iðn sína „hvar sem er á landi hér“.

Virðist oss það opna mönnum leið til að fara í kringum lögin, ef þeir í sveitakaupstað geta fengið iðnbréf, sem veitir þeim rétt til þess að reka atvinnu sem fullgildir iðnaðarmenn hér í Reykjavík eða öðrum stærri bæjum landsins. Teljum vér því heppilegra, að iðnbréf þessi, sem menn hafa öðlazt af sérstökum ástæðum, séu staðbundin. Ástæðan fyrir því, að vér teljum heppilegra, að 3. liður 18. gr. falli burt, er þegar ljós af greinargerð fyrir breytingu á 17. gr.

19. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum, að þessi grein verði sett inn í lögin, er sú, að í þeim er hvergi ákvæði um, hver eigi að hafa eftirlit með því, að lærlingum sé ekki haldið til vinnu um lög fram; að iðnnemar læri það, sem þeir eiga að læra hjá þeim, er taka þá til kennslu; að þeir séu látnir taka sveinspróf að námstíma loknum, eða að þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess; að ekki séu teknir til náms brotthlaupnir lærlingar, í trássi við aðra meistara; að ekki reki aðrir iðn, eða taki lærlinga, en þeir, sem réttindi hafa til

þess, o. s. frv. En um allt þetta er óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði. Það hafa undanfarið verið til lög og reglugerð um iðnaðarnám og sveinapróf, en aldrei framfylgt í neinu, af því enginn löglegur aðili hefir verið til, er skyldur væri að líta eftir því. Afleiðingin er sú, að þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að lyfta iðnaði vorum, hefir hann smám saman verið að niðast niður í kák, óreiðu og öngþveiti á mörgum sviðum, því þeim, sem færir eru og samvizkusamir, hefir orðið of erfitt fyrir.

Má geta þess, að reglugerð sú, sem gefin var út 1893, var að ýmsu leyti góð. Þó er nú hin megnasta óreiða á öllu, sem að þessum málum lýtur, og mun það koma æ betur í ljós, er beita skal þessum nýju lögum réttilega. Teljum vér þá líklegt, að ýms ágreiningsatriði geti komið fram, þannig vaxin, að iðnaðarmenn einir geti um þau dæmt. Á hinn bóginn teljum vér þá leið happadrýgsta, til þess að fyrirbyggja ágreining út af þessum nýju lagaákvæðum, að gera sem tryggastar ráðstafanir til þess að þau verði haldin, og teljum einnig iðnaðarmenn sjálfa færasta þar um.

Hér í Reykjavik hefir þegar verið kosið iðnráð, og eiga flestar iðngreinar, sem hér eru reknar, fulltrúa í því. Virðist það ætla að fá ærinn starfa við að leiðbeina mönnum og jafna minni væringar; á hinn bóginn kemur það naumast að fullum notum nema því verði veitt staðfesting með lögum.

27. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum breytingar á þessari grein, er sú, að vér litum svo á, að eftir að búið er að prenta og gefa út eyðublöð undir iðn- og meistarabréf, þá sé að lögum óheimilt að reka iðn án iðnbréfs og að hafa lærlinga án meistarabréfs, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 13. gr. laga um iðju og iðnað.

Vegna samræmis og eftirlits er nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé fullkomlega framfylgt. Á hinn bóginn er vitanlega um land allt sægur af rosknum og reyndum iðnaðarmönnum, sem eiga ótvíræðan rétt á iðn- og meistarabréfum, og sem mundu þykjast hart leiknir, ef þeir þyrftu nú að fara að kaupa þessi bréf, og mundu jafnvel trassa að gera það. Afleiðingin yrði ýms óþægindi og stimabrak, sem óvíst er, að væri tilvinnandi fyrir þær krónur, sem fengjust inn í staðinn. Auk þessa skiljum vér lögin svo, að ekki sé ætlazt til að svipta neinn áður fengnum rétti, og virðast þá áður umgetnir menn eiga kröfur til þessara bréfa endurgjaldslaust og eins fljótt og auðið er.

Nd. 132. Breytingartillögur

við frv. til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Flm.: Einar Arnórsson.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. — 2. — Greinin falli niður.
3. — 3. — Greinin falli niður.

4. Við 6. gr. Greinin falli niður.
5. — 7. — Greinin falli niður.
   Greinatala frv. breytist samkv. atkvgr.
6. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að greiða kostnað af flutningi á kartöflum til sölustaða innanlands.

Ed. 133. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 7, 14. júni 1929, um tannlækningar.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Á eftir orðunum: »er lokið hafa tannsmíðanámi« komi: hjá íslenzkum tannlæknum eða viðurkenndum skóla fyrir tannsmiði, leyfi til o. s. frv.

Nd. 134. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkennd með skuldabréfi eða krafin með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

2. gr.

Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

1. Kröfur út af:
   a. leigu á fasteign eða lausafé,
   b. veru, viðgerning eða aðhlynningu,
   c. flutning á mönnum eða munum,
   d. vinnu og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald meðan það er samfellt áfram í sömu vist.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr.:

Á einu ári fyrnast:

Kröfur út af sölu eða afhending á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign.

4. gr.

Fjórða grein laganna verður 5. grein og fimmta grein laganna verður 6. grein.

5. gr.

Sjötta grein laganna fellur niður.

6. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyrr en við árslok 1934.

Greinargerð.

Breytingar þær, er frumvarp þetta fer fram á, eru fólgnar í eftirfarandi atriðum:

1. Að kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, fyrnist á einu ári, í stað þess sem þær nú eftir gildandi lögum fyrnast á fjórum árum.

2. Að það hefir ekki áhrif á fyrningu þessara skulda, hvort viðskipti halda áfram óslitið á milli skuldara og skuldareiganda.

Öllum þorra þjóðarinnar mun nú vera orðið það ljóst, hve skaðleg áhrif það hefir á allt viðskiptalíf landsmanna, að meiri hluti innanlandsverzlunarinnar er rekinn sem lánsverzlun. Með þeim langa fyrningarfresti, sem nú er, leiðir þessi viðskiptavenja til margskonar óreiðu í fjármálum, bæði hjá þeim, sem veita lán, og eins hinum, sem þiggja þau, en auk þess hefir það í för með sér eyðslu, er menn almennt hafa of greiðan aðgang að lánum. Miðar breyting frumvarpsins í þá átt að draga úr skaðsemi lánsverzlunar, með því að stytta fyrningarfrest þeirra skulda, er ræðir um í 3. gr. frumvarpsins, og með því að nema burt úr fyrningarlögunum framangreind atriði, sem nú slíta fyrningu. Með þessu móti eru viðskiptalánin gerð örðugri og varhugaverðari bæði fyrir lánveitanda og lánþiggjanda.

Ed. **135. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr. A. III. 14. Nýr liður:
Hvítá hjá Kiðjabergi.
Liðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um brúargerðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.
14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgrima í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
8. Skjálfandafljót í Köldukinn.
9. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
10. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
11. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
12. Jökulsá í Fljótsdal.
13. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
14. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
15. Hvítá hjá Kiðjabergi.
16. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum úr ríkissjóði gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
   1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta.
   2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., ¾ hlutar kostnaðar.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 137. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: Póststjórnin veitir móttöku til umönnunar og skila.

Aftan við liðinn a. 1. í sömu grein bætist: allt að 2000 grömm. Í stað „250 grömm (50 kvint)“ í sömu gr. lið b. komi: 2000 grömm.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Umönnun og skil á póstsendingum, sem getið er um í 2. gr., nær bæði til flutnings milli pósthúsa og útburð þeirra til viðtakenda og til þess að safna þeim saman úr bréfakössum.

Póststjórnin hefir heimild til að ákveða, hvort útburður póstsendinga megi eiga sér stað á vissu svæði á kostnað póstsjóðs og hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda. Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti skal þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, svo sem útburð póstsendinga með hraðboða, póstáritun blaða og rita, staðfesting á innihaldi póstsendinga, vátrygging fram yfir áritað verð, útgáfu á skilríkisspjöldum, útbýting á utanáskriftarlausum sendingum, flutning á farþegum og póstbögglum með bílum.

Nánari ákvæði fyrir þessu starfi setur póststjórnin, svo og taxta bæði fyrir þessi störf og innanbæjar- og innansveitarsendingar, staðartaxta, og ennfremur getur hún ákveðið aukagjald fyrir flutning póstsendinga með loftförum.

Í staðinn fyrir fyrsta orðið, „Burðargjald“, í 11. gr. komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.

4. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hér segir:

Burðargjald fyrir innansveitar og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

5. gr.

Á eftir 10. lið í 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sin óborgaðar sendingar, enda þótt þær eftir eðli sínu ættu að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald.

Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

6. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna skal orða svo:

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd almenn frímerki og þjónustufrímerki, ástimpluð frímerki og ástimplanir frímerkingarvéla, sem póststjórnin tekur gildar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var sent af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samgöngumálanefndar neðri deildar á síðasta þingi, en kom svo seint til nefndarinnar, að hún áleit ekki, að tími myndi vinnast til þess að afgreiða málið á því þingi.

Nú í þingbyrjun átti ég tal við aðalpóstmeistara um breyting á póstlögunum fyrir Hafnarfjörð, sem getið er í síðustu málsgr. 2. gr. þessa frv. Lét hann í ljós, að hann hefði fyrir sitt leyti ekkert við þá breytingu að athuga, en vildi, að þær aðrar breytingar, sem hér er farið fram á, fylgdust að. Fer hér á eftir bréf aðalpóstmeistara, er fylgdi frumvarpinu í sumar, en að öðru leyti verður nánar vikið að þessu í framsögu.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 9. júlí 1931.

Hér með leyfi ég mér virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði frumvarp til laga um nokkrar breytingar á póstlögum 7. maí 1921.

Breyting á 2. og 4. gr. miðar aðallega að því að lagaheimild fáist fyrir því, að staðartaxti megi gilda, þegar sérstaklega stendur á, þótt sendingar séu fluttar milli pósthúsa eins og hér innan Reykjavíkurumdæmis, þar sem hafa verið settar á stofn margar bréfhirðingar, en samkvæmt 2. og 11. grein póstlaganna ætti um þessar sendingar að gilda ríkistaxti.

Breytingin á 6. gr. miðar að því að heimila póststjórninni víðtækara starfsvið, enda er hún nú þegar farin að starfrækja sumt af því, sem þar er talið.

Breytingin á 11. gr. stendur í sambandi við breytingar þær, sem taldar eru hér að framan.

Það eru margir, sem heimta eða hiðja um ýmsar upplýsingar frá mönnum innanbæjar eða utan og óska eftir að mega borga undir svörin, þegar þau

koma til baka, án þess að þurfa að borga aukagjald eða að burðargjaldið tvöfaldist.

Breytingin á 12. grein miðar að því að heimila þetta með lögum.

Eins og í öðrum löndum eru menn hér á landi farnir að fara fram á það að mega nota frímerkingarvélar í stað frímerkja.

Breytingin á 13. grein lýtur að því að heimila þetta, og eins það, að póststjórnin geti gefið út áprentuð frímerki t. d. á umslög.

S. Briem.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Nd. 138. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 100—10000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 139. Breytingartillaga

við frv. til laga um ríkisskattanefnd.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 11. gr.

Greinin orðist svo:

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nd. **140. Tillaga**

til þingsályktunar um fækkun prestsembætta.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um nýja skipun prestakalla, þannig, að prestsembættum verði fækkað til mikilla muna frá því, sem nú er, enda leggi stjórnin jafnframt fyrir þingið frv. til laga um almennar verzlegar nafngiftir barna, hjónavígslur og útfarir.

Greinargerð.

Mönnum vex almennt í augum fjöldi embættismanna og opinberra starfsmanna hér á landi, og eru mjög tíðar kröfur um, að þeim verði fækkað, ýmist til þess að spara ríkissjóði útgjöld eða til þess að losa fé, sem verja mætti til annars þarfara.

Þetta eru þó óskir, sem eru ekki líklegar til að fást uppfylltar, því að jafnframt því, sem menn láta þær í ljós, er sífellt krafizt meiri og flóknari starfa af ríkinu, sem fleiri og fleiri starfsmenn þarf til að leysa af hendi.

Hér er þó vissulega ein undantekning. Jafnframt því, sem menn krefjast meira af ríkinu í veraldlegum efnum, hirða menn minna og minna um, að það skipti sér af sálarheill þeirra og andlegri velferð, og kjósa nú mjög almennt að leiða þar sjálfir sjálfa sig.

Prestastéttinni er frá fornu fari ætlað að sinna andlegum þörfum manna og hefir ef til vill svarað þeim kröfum allvel áður fyrri. Raunar stóð hún sig og jafnframt mjög heiðarlega í allskonar veraldlegu vafstri og hefir fram undir þessa tíma ekki verið síður metin á þann mælikvarða, nema fremur væri.

Prestarnir voru áður viðast hvar einu mennirnir, sem sæmilega voru að sér, hver innan sinnar sóknar. Þeir leiðbeindu mönnum margvíslega í veraldlegum vandamálum, og sæmileg sveitarstjórn var lítt hugsanleg án þeirra, hvað þá erfiðari umboðsstörf. Þeir voru yfirleitt frömuðir í búskap og öðrum verklegum framkvæmdum og flestir miklar sveitarstoðir fjárhagslega. Umsjón með alþýðufræðslunni var öll í þeirra höndum, og að svo miklu leyti, sem um nokkurt framhaldsnám unglinga var að ræða, var ekki annað að leita en til þeirra. Þegar skipa þurfti bólusetjara eða bréfhirðingamenn, gátu jafnvel orðið vandræði úr, að prestinum frágengnum. Margir prestar voru nærfærir um lækningar og fólki til nauðsynlegrar leiðbeiningar í þeim efnum, er læknar voru óvíða. Og þannig mætti lengi telja.

Nú er allt öðru máli að gegna í þessum efnum öllum, og er engin almenn þörf fyrir presta af þeim ástæðum, er nú voru greindar. Þegar ræða skal um það, hversu prestar þurfi að vera margir í landinu, er ekki lengur við annað að miða en embættisverk þeirra, þ. e. prédikana- og sálusorgarstörf og hin svo nefndu aukaverk, skírnir, fermingar, hjónavígslur og jarðsetningar.

Um prédikanastörfin, eða öllu heldur um þörfina fyrir þau, hefir almenningur þegar fellt sinn dóm. Fjöldi skikkanlegra og samvizkusamra presta víðsvegar úti um land mæna vonaraugum eftir kirkjugestum sunnudag eftir sunnudag, en enginn kemur eða örfáar hræður. Og þar sem vinsæll prestur kemst hjá hneykslanlegum messuföllum og hefir sæmilega kirkjusókn, eftir því sem nú er kallað, er ekki ótítt, að hann fái að heyra, að það sé gert af vinsemd við hann, en ekki af neinni þörf á að heyra það, sem hann hefir að flytja.

Þannig var ástandið orðið löngu áður en útvarpið kom til sögunnar. En hvað mun þá vera nú, þegar ekki þarf annað en að styðja á hnapp heima hjá sér til þess að fá fullnægju sína af messugerðum og meira en það, eða í hæsta lagi að skreppa til næsta bæjar.

Mun óhætt að fullyrða, að engum hefði dottið í hug, ef útvarpið hefði verið til á undan prestunum, að reisa kirkjur og setja prédikara í hverja sveit, er allir gátu með margfalt minni fyrirhöfn og tilkostnaði hlýtt á gnægð prédikana frá einum stað. Ekki fremur en mönnum dettur nú í hug að gera ráðstafanir til, að veðurfréttirnar séu kallaðar upp í hverjum hreppi, jafnframt því, sem veðurstofan hér í Reykjavík les þær svo skilmerkilega í útvarpið, að heyrist um allt land.

Um sálusorgarastörf sín utan kirkju ræða prestar að vísu mikið á synodus og prestafundum, en annarsstaðar verður ekki mikið vart við þau.

Um aukaverk prestama er öðru máli að gegna. Þau eru form, sem fólkið hefir vanið sig við og virðist í fljótu bragði, að það geti ekki án verið. Og er engum vafa bundið, að það er með tilliti til þeirra, sem almenningi er um og ó, þegar talað er um að fækka prestsembættum, svo að jafnvel þeir, sem viðurkenna, að prestar séu langtum of margir, vilja þó ekki missa sinn prest. Er ekki grunlaust um, að hér eins og víðar ráði fjárhagsleg hyggindi, og óttist menn, að kostnaðarsamt verði að ná í prest úr fjarlægð til aukaverkanna. Og vissulega munu það ekki vera neinar getsakir, þó að vist sé talið, að hér ráði sjaldnast trúarlegur áhugi, þó að undantekningar kunni að hittast. Munu ekki flestir þeir, sem láta skira börn sín, gera það í þeim veraldlega tilgangi að fá þeim löglegt heiti, og tizkan er að fara þannig að því. Eða hversu margir færa börn sín til skírnar til að hreinsa þau af erfðasyndinni og leysa þau undan valdi djöfulsins? Og er ekki líkt að segja um fermingar og hjónavígslur? Um jarðarfarir er ekkert form viðurkennt nema hið kirkjulega form, svo að jafnvel hinum mestu andstæðingum kirkjunnar er fleygt nauðugum í fang henni, er þeir þurfa að gera útför aðstandenda sinna. Því að þó að verzlegar útfarir séu ekki beinlínis lögbannaðar, munu fæstir vera í skapi til, er svo á stendur, að brjótast i að finna eigið form fyrir ókirkjulegri útför og vekja þannig athygli og umtal. En kunnugt er, að tilfinningum fjölda manna er misboðið á þennan hátt.

Ef teknar væru upp almennar verzlegar athafnir við nafngiftir barna, hjónavígslur og útfarir, kæmi fyrst í ljós, hve auðvelt væri og sjálfsagt að fækka prestsembættum að miklum mun, og það mætti vissulega gera án þess, að trúartilfinningu nokkurs manns þyrfti að misbjóða. Þó að prestum væri fækkað um allt að ⅔ hluta, gæti hver maður eftir sem áður náð til prests, án miklu meiri fyrirhafnar en nú þarf til að ná í lækni, og mælir engin sanngirni með því, að

það sé gert mönnum greiðara. Messugerðum þyrfti yfirleitt ekki að fækka, en þar sem sú yrði afleiðingin, mundi fólk bæta sér það upp með betri kirkjusókn, ef það á annað borð telur sig hafa nokkurs í misst. Fermingar gætu farið fram eins og áður fyrir þá, er þess óskuðu. Og ef menn kysu við nafngiftir, hjónavígslur og útfarir að bæta kirkjulegri athöfn við hina verzlegu, sem ríkið heimtaði, er engum bægt frá því.

Að sjálfsögðu verður að ganga svo frá hinum verzlegu athöfnum, að þær séu með öllu hlutlausar og særi hvorki tilfinningar trúaðra né vantrúaðra, sem í hlut eiga. Til þess að sýna fram á, að það muni vera hægt, hefi ég gert uppkast að frv. um nafngiftir, hjónavígslur og útfarir, sem prentað er sem fylgiskjal á eftir þessari greinargerð.

Þar er gert ráð fyrir, að nafngiftir og hjónavígslur fari fram sem einföld skrásetning hjá veraldlegum valdsmanni, með öllu seremoníulaust, og ekki ætlazt til, að kostnaðurinn við það verði meiri en svo, að hann borgi aðeins bækurnar og hina sáralitlu fyrirhöfn. Ætlazt er til, að skrásetning við útfarir verði þessu svipuð og jafnframt er heldur ýtt undir það, að útfarir verði sem viðhafnarminnstar, sem ekki er vanþörf á. Hér í Reykjavík kostar útför, sem talin er íburðarlaus, 600—800 kr., en margar útfarir fara hér fram, sem kosta þúsundir króna. Breiðast nú slíkir ósiðir út um landið. Einnig er stutt að því, að stöður manna í kirkjugörðum við jarðsetningar verði lagðar niður. Er það fyrst og fremst heilbrigðismál, svo mörgum sem það hefir orðið að heilsutjóni og jafnvel fjörtjóni. Þá er líkbrennsla tekin fram yfir jarðsetningu og gert ráð fyrir, að lík séu fremur brennd en grafin, þar sem bálstofum hefir verið komið upp. En rétt þykir að taka hið fyllsta tillit til tilfinninga manna í þessum sökum, svo að hverjum sé frjálst að kjósa þá útför og útfararsiði fyrir sjálfan sig og venzlafólk sitt, er hann fellir sig bezt við.

Ég leyni því ekki, að þessi tillaga er borin fram af þeirri sannfæringu, að kirkjan hér á landi sé hnignandi stofnun og að skylt sé að haga sér eftir því, með því að fækka við hana starfsmönnum, er þeir sitja orðið unnvörpum auðum höndum, en bakandi ríkissjóði ærin útgjöld.

Engu að síður ættu þeir, sem trú hafa á framtíð kirkjunnar, að hugsa sig vel um, áður en þeir leggjast hér á móti. Ef kirkjan á hlutverk að vinna, mundi þá ekki hollara fyrir hana að fækka starfsmönnum sínum svo, að þeir hafi ærið að starfa, en vanda að sama skapi meira til þeirra og búa betur að þeim? Engum ætti að vera það ástand, sem nú er, meira hneykslunarefni en vinum kirkjunnar.

Hér verður ekki um það rætt, hvernig réttast mundi að verja fé því, sem við það sparaðist, ef prestsembættum yrði fækkað, svo sem hér er stungið upp á. Því hefir verið hreyft, að bezt væri viðeigandi að verja því til styrktar andlegri menningu í landinu af því tægi, sem nútímafólk telur sig hafa þörf fyrir, svo sem til skóla, bókasafna og annarar fræðslustarfsemi úti um landið. Er nægur tími til að átta sig á því. Fyrst er að samþykkja þessa tillögu og síðan lögin, sem æskt er eftir með henni. En jafnvel eftir að lögin eru gengin í gildi, er langt í land til fullra framkvæmda, með því að prestsembættin verða að sjálfsögðu ekki lögð niður fyrr en jafnóðum og þau losna. Koma þau þannig af

sjálfu sér mjúklega niður á gömlu og íhaldssömu fólki, sem helzt má gera ráð fyrir, að kunni illa þessari breytingu.

Fylgiskjal.

Frumvarp

til laga um nafngiftir, hjónavígslur og útfarir.

1. gr.

Hreppstjórar í hreppum og bæjarfógetar í kaupstöðum halda þessar bækur, hver fyrir sitt umdæmi:

1. Manntalsbók.
2. Fæðingabók.
3. Hjónavígslubók.
4. Mannslátabók.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera þessar bækur og setur reglur um færslu þeirra, svo og um vottorðagjafir, tilkynningar og skýrslugerðir í sambandi við þær. Það lætur og gera nauðsynleg eyðublöð undir tilheyrandi vottorð, tilkynningar og skýrslur.

Í Reykjavík heldur lögmaður fæðinga-, hjónavígslu- og mannslátabót, en lögreglustjóri manntalsbók.

2. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) skráir í fæðingabók, eftir tilkynningum yfirsetukvenna, hvert barn, sem fæðist í umdæminu, og gengur eftir því, að þær tilkynningar séu ekki vanræktar.

3. gr.

Foreldrar eða umráðamenn barns skulu hafa gefið því nafn áður en það er missirisgamalt og tilkynnt það til bókar.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) færir nafnið jafnskjótt inn í fæðingabók. Er það þá orðið lögheiti barnsins, og gefur hann út vottorð um.

Nú hefir barni verið valið nafn, sem að dómi hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) er ónefni, og má hann þá neita að skrá það, en umráðamenn barnsins mega leita þar um úrskurðar dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Maður og kona, sem óska að bindast hjúskap, ganga fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmann), sanna fyrir honum með vottorðum og skilríkjum aldur sinn og lögheiti, að þau séu þær persónur, er þau telja sig vera, að engir meinbugir séu á ráðahagnum og að þau uppfylli að öðru leyti öll skilyrði, er lög krefjast til hjúskapar.

Að öllum vottorðum og skilríkjum athuguðum og fundnum fullnægjandi að lögum, skráir hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) manninn og konuna sem hjón í hjónavígslubók. Er bókin síðan undirrituð af þeim ásamt hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavik lögmanni) og tveimur viðverandi vottum. Eru þau þá orðin hjón að lögum, og gefur hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) út vottorð um.

5. gr.

Mannslát öll innan umdæmisins skal jafnskjótt tilkynna viðkomandi hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni), og færir hann þau jafnskjótt i mannslátabók. Tilkynningu skal fylgja dánarvottorð frá lækni, er þess ber að krefjast samkvæmt lögum, en um dauðamein annara leitar hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) sér sem fyllstra upplýsinga og færir til bókar. Aðstandendum gefur hann vottorð um, að hann hafi tekið á móti tilskildri tilkynningu.

6. gr.

Eigendum eða umráðamönnum kirkjugarðs eða grafreits er skylt að ráða til hans umsjónarmann i hreppum, en útfararstjóra í kaupstöðum, er viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn telur til þess hæfa. Hið sama gildir um bálstofur.

Umsjónarmaður eða útfararstjóri sér um, að útför fari löglega og sómasamlega fram og ber ábyrgð á. Ekkert lík má hann láta jarðsetja eða brenna nema því hafi fylgt vottorð það, sem um getur í 5. gr. Að útför lokinni endursendir hann vottorðið með áritun sinni um útförina, en hreppstjóri eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) skráir hana i mannslátabók.

7. gr.

Nú hefir bálstofu verið komið upp innan hrepps eða kaupstaðar, og skulu þá allar útfarir fara þar fram. Skylt er þó hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavik lögmanni) að veita undanþágu frá því, ef skilríki eru fyrir hendi um, að hinn látni hafi lagt svo fyrir, eða nánasta venzlafólk óskar þess. Úrskurði um það má skjóta til dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Útför skal fara fram án allrar viðhafnar á sjálfum útfararstaðnum, hvort sem heldur er kirkjugarður, grafreitur eða bálstofa. Eftir að líkið hefir verið flutt á staðinn eða sem næst honum, tekur umsjónarmaður eða útfararstjóri við því með starfsmönnum sínum eða líkmönnum, sem aðstandendur leggja til, og moldar það eða brennir í kyrrþey án annara viðstaddra. Í kaupstöðum má krefjast þess, að útfararstjóri taki við likinu hvar sem er í kaupstaðnum. Skylt er þó hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) að leyfa að viðhafa helgisiði eða aðra viðhöfn við sjálfa greftrunina, ef skilriki eru fyrir hendi um það, að hinn látni hafi mælt svo fyrir eða nánasta venzlafólk æskir þess. Úrskurði um það má skjóta til dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Gjald fyrir skráningu nafns og mannsláts er 2 kr. auk stimpilmerkjagjalds.

Gjald fyrir skráningu hjúskapar er 4 kr. auk stimpilmerkjagjalds.

Í kaupstöðum rennur gjald þetta í ríkissjóð, en í hreppum hálft í ríkissjóð en hálft til hreppstjóra.

Umsjónarmaður kirkjugarðs eða grafreits og útfararstjóri taka gjöld fyrir störf sín eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn semur en dómsmálaráðuneytið staðfestir.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld öll þau lög og einstök fyrirmæli laga, er brjóta í bág við ákvæði laga þessara, og eftir það hafa skírnir, hjónavígslur presta og prestsþjónusta við útfarir ekkert verzlegt gildi.

11. gr.

Lög þessi ganga í gildi ....

Nd. 141. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Þorbirni Kapraciussyni skírteini til vélstjórnar á íslenzkum gufuskipum.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Þorbirni Kapraciussyni vélstjóra skírteini til þess að vera 1. vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, með allt að 200 hestafla vél.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Þorbjörn Kapraciusson er fæddur 15. des. 1892. Hann var kyndari á togurunum Skallagrími, Nirði og Ingólfi Arnarsyni á árunum 1914—18. Á árunum 1918—25 var hann kyndari og yfirkyndari samtals 5 ár á skipum Eimskipafélagsins, en 2 ár (samtals) var hann við járnsmíða- og vélsmíðanám á Akureyri hjá Ólafi Jónatanssyni. Þá hefir Þorbjörn verið 2 ár 1. vélstjóri á gufuskipinu Björgúlfi frá Siglufirði (75 hestafla vél) og síðan 4 ár 1. vélstjóri á póstskipinu Unni (75 hestafla vél) og frá síðustu áramótum hefir hann verið 1. vélstjóri á póstskipinu e/s Langanes (120 hestafla vél) og verður þar þetta ár.

Þorbjörn hefir því nú þegar verið 1. vélstjóri á gufuskipi full 6 ár (7 ár þegar lögin öðlast gildi, ef frumvarpið nær fram að ganga), en áður hefir hann verið kyndari í samtals 9 ár, og er því siglingatimi hans samtals full 15 ár. Auk þess, sem að framan segir um járn- og vélsmíðanám Þorbjarnar, stundaði hann járnsmíðanám í 9 mánuði hjá Gissuri Filippussyni, járnsmið í Reykjavík, og 4 mánuði hjá Einari Jónssyni, járnsmið í Vestmannaeyjum, og er járnsmíðanámstími hans því samanlagt full 3 ár.

Vegna þess að Þorbjörn hefir eigi tekið próf í vélskóla, hefir hann jafnan orðið að fá undanþágu til þess að geta gegnt vélstjórastörfum. En þar sem maðurinn hefir svo langan siglingatíma og svo mikla reynslu í meðferð gufuvéla sem frá er greint hér að framan, og auk þess ágæt meðmæli þeirra, er hann hefir unnið hjá að vélstjórn, virðist einsætt, að hentugra og réttara er að heimila ráðherra að veita honum vélstjóraréttindi með lögum í eitt skipti fyrir öll, eins og hér er farið fram á, heldur en að neyða manninn til að sækja um undanþágu frá ári til árs, til þess að fá að stunda atvinnu sína, ekki síst þar sem mjög mikill hörgull er á vélstjórum á Akureyri, er kunna að fara með gufuvélar.

Nd. 142. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Í stað „1500 íbúa“ í 1. gr. kemur: 500 íbúa.

2. gr.

Í stað „10%“ í 2. gr. I. flokki kemur: 20%, og í stað „20%“ í 2. gr. II. flokki kemur: 40%. Í stað „30 kr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði“ í III. flokki 2. gr. kemur: 60 kr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði.

3. gr.

Öll sú hækkun á skemmtanaskatti, sem leiðir af ákvæðum 1. og 2. gr., rennur í ríkissjóð. Ennfremur rennur allur skemmtanaskattur samkvæmt þessum lögum og lögum nr. 56, 31. maí 1927, sem til fellur eftir 1. júlí 1932 til 1. janúar 1934, í ríkissjóð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Einsætt er, að ríkissjóði verði að sjá fyrir tekjuauka á yfirstandandi ári, þar sem fyrirsjáanlegt er, að ýmsir af tekjustofnum hans munu gefa mun minni tekjur en áætlað er. Er það eðlileg afleiðing hinnar almennu fjárkreppu, sem nú stendur yfir.

Um það verður vart deilt, að réttast er að afla tekna í stað þeirra, sem missast, með því að skattleggja fyrst og fremst eyðslu, sem óþörf má teljast, í hverri mynd sem hún kemur fram. Verður að telja, að þeir, sem sækja skemmtanir þegar fjárhagsörðugleikar þrengja kosti manna svo mjög sem nú, séu færari til skattgreiðslu en aðrir, er eigi veita sér slíkt. Er því með frv. þessu gert ráð fyrir, að skemmtanaskatturinn verði hækkaður um 100%. Auk þess er lagt til, að skemmtanir í þorpum, sem hafa yfir 500 íbúa, verði skattskyldar. Er gert ráð fyrir, að skatturinn renni í ríkissjóð. Árin 1928—30 incl. hefir skemmtanaskatturinn numið til jafnaðar tæpl. 86 þús. kr. á ári. Nú mætti gera ráð fyrir, að skatturinn yrði eitthvað minni á yfirstandandi ári vegna fjárhagsörðugleika manna, en hinsvegar ætti skattur smáþorpanna, sem hafa frá 500—1500 íbúa, að vega nokkuð upp á móti þessu. Virðist varlegt að áætla skattauka samkvæmt þessu frv. 75 þús. kr. árlega, eða 37,5 þús. árið 1932.

Auk þessa þykir rétt að ákveða, að skemmtanaskatturinn samkvæmt núgildandi lögum, sem samkvæmt framanrituðu hefir numið ca. 86 þús. kr. á ári, renni til ríkissjóðs, en ekki í þjóðleikhússjóð, síðari hluta þessa árs og næstu ár. Virðist þjóðin á slíkum krepputímum, sem nú eru, ekki hafa ráð á að veita sér þann „luxus“ að leggja stórfé árlega til þess að reisa hús fyrir skemmtistofnun, sem vafasamt er, að hún megni í náinni framtíð að standa straum af.

Ed. 143. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Á eftir 1. gr. bætist ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Orðin í 66. gr. 1. málsl. sömu laga »eða geðveikrahæli« falli niður.
Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Ed. 144. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands (þskj. 10).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að afgreiða frv. til deildarinnar með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. **Við 1. gr. Í stað »geymsluhúsum« komi: gripahúsum, hlöðum og geymsluhúsum.**

2. Við 5. gr. Í stað »alla virðingarupphæðina« komi: allt verð húsanna.
3. Við 8. gr. Á eftir »Brunabótafélagi Íslands« í upphafi greinarinnar komi: samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið.
4. Við 10. gr. Síðari málsgr. orðist þannig:
Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.
5. Við 12. gr. Greinin falli niður. (Greinatala breytist samkv. því).
6. Við 17. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október.
7. Við 20. gr. Á eftir 20. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Ársreikningur Brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. sept. 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun. (Greinatalan breytist samkv. því).
8. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
Félagið hefir umboðsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

Alþingi, 9. marz 1932.

Ingvar Pálmason,	Jón Þorláksson,	Einar Árnason,
form. og frsm.	með fyrirvara.	fundaskrifari.

Ed. 145. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1933.

Nd. 146. Breytingartillaga

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 14. gr. Síðari málsgrein 14. gr. orðist svo:
Aukadómarar í fimmtardómi starfa kauplaust.

Ed. 147. Frumvarp

til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs á rekstrarreikningi, þá er þær fara fram úr 9½ milljón króna á ári, skal leggja hundraðshluta í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður ríkisins. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Tilgangur jöfnunarsjóðs ríkisins er að koma á jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkissjóðs í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

3. gr.

Þegar árstekjur ríkissjóðs nema meiru en 9½ milljón króna á ári, skal leggja í jöfnunarsjóð ríkisins af því, sem þar er fram yfir, eins og hér segir:

Af fyrstu milljón króna, eða minna, sem tekjur ríkissjóðs fara fram úr 9½ milljón króna, skal leggja 15 af hundraði í jöfnunarsjóð ríkisins. Af næstu tveim milljónum króna, eða minna, skal leggja 25 af hundraði í jöfnunarsjóð, og af því, sem árstekjur ríkissjóðs fara fram úr 12½ milljón króna, skal leggja 35 af hundraði í jöfnunarsjóð.

4. gr.

Að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands skal ríkisstjórnin verja fé til verklegra framkvæmda fyrir ríkissjóð, þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippur í framkvæmdum atvinnurekenda.

Eftir tillögum sömu aðilja skal og heimilt að veita kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda bæjar- eða sveitarfélags. Skal fjárframlagið notað í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs, sbr. 2. gr., og sé lagt fram að minnsta kosti tvöfalt fjárframlag úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði á móti framlagi jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Reikninga jöfnunarsjóðs ríkisins skal leggja fyrir Alþingi ásamt landsreikningnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frumv. um jöfnunarsjóð ríkisins hefir verið flutt á undanförnum þingum, og er prentuð hér greinargerðin, er frv. fylgdi á sumarþinginu 1931:

„Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild, en varð ekki útrætt. Sú breyting er nú gerð á því, að tekjur ríkissjóðs, áður en kemur til framlags til jöfnunarsjóðs ríkisins, eru hér settar 9½ millj. króna, í stað 12 millj. kr., en þar sem nú er miðað við tekjur á rekstrarreikningi samkvæmt hinni nýju bókfærslu ríkissjóðs, en ekki samanlagðar tekjur eins og fyrr hefir verið gert i fjárlögum, verður um sömu raunverulegu upphæð að ræða, sbr. greinargerð við fjárlagafrumvarpið fyrir 1932. Hinsvegar er hundraðshluti sá, er til jöfnunarsjóðs skal renna, hækkaður nokkuð frá því, sem var í fyrra. Hefði þetta frumvarp verið lög á undanförnum árum, mundu framlögin til jöfnunarsjóðs ríkisins hafa numið:

1925	kr.	1280 þús.
1926	—	175 —
1928	—	450 —
1929	—	650 —
1930	—	1350 —
	Samtals kr.	3905 þús.

Þá hefði fé verið fyrir hendi á erfiðum árum, svo að hægt hefði verið að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir i landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

Reynslan virðist sanna, að full þörf sé á að hafa lagafyrirmæli um slíkar „fyrningar“ á góðu árunum, ef ekki á að verða „fellir“ í harðindum ríkissjóðsins, og allar verklegar framkvæmdir í voða staddar, en fólkið stendur uppi atvinnulaust, án þess að hið opinbera opni því neinar leiðir til bjargar, aðrar en fátækrastyrkinn“.

Ed. 148. Frumvarp

til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja ríkisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa öðrum fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við

neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá viðskiptamönnum fyrirtækis þess, er þeir hafa forstöðu fyrir eða starfa við. Tekur þetta til forstöðumanns og starfsmanna vegamála, símamála, póstmála, ríkisverzlana og hverskonar starfsemi, sem rekin er fyrir reikning ríkisins, einnig til banka og sparisjóða. Sama gildir og um forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja bæjar- og sveitarfélaga, svo og borgarstjóra í Reykjavík, bæjarstjóra í öðrum kaupstöðum og oddvita hreppsnefnda og sýslunefnda.

Ákvæði þessara laga taka einnig til forstöðumanna og starfsmanna samvinnufélaga.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða einföldu fangelsi, og auk þess missi embættis eða sýslunar, ef miklar sakir eru og verkið er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð sakamála, og sektir samkvæmt þeim renna í ríkissjóð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni var flutt á sumarþinginu, en varð þá eigi útrætt. Um ástæður vísast til umræðna þá og greinargerðar, er fylgdi frv.

Nd. 149. Frumvarp

til laga um verðhækkunarskatt.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Í lögum þessum nær orðið fasteign yfir allar jarðeignir, lóðir og lendur, hús, bryggjur og önnur mannvirki á landi, svo og leiguréttindi, jarðarítök og réttindi, sem eru frá skilin jörðum, svo sem námaréttindi, rekaréttindi, veiðiréttindi, vatnsréttindi og öll önnur réttindi til lands, er meta má til eignar.

2. gr.

Þegar eigendaskipti verða að fasteign, skal taka gjald af verðhækkun þeirri, sem fram hefir komið frá næstu eigendaskiptum á undan og ekki stafar

af framkvæmdum eða umbótum seljanda, eftir þeim reglum, sem lög þessi ákveða. Heitir gjald þetta verðhækkunarskattur.

3. gr.

Verðhækkun telst mismunur á kaupverði og söluverði fasteignar, enda sé söluverðið hærra en kaupverðið.

4. gr.

Kaupverð telst það verð, er seljandi galt fyrir fasteignina. Hafi seljandi fengið fasteignina að gjöf, telst kaupverðið vera sú upphæð, er fasteignin síðast var seld fyrir. Hafi hann fengið hana að erfðum, eða fyrir stofnun eða slit hjúskapar, telst kaupverðið það verð, er fasteignin var honum útlögð fyrir. Nú hafa ekki orðið eigendaskipti að fasteign síðan í fyrsta skipti var ákveðið matsverð hennar, samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, og telst þá matsverð þess fasteignamats vera kaupverðið, nema seljandi sanni, að það hafi verið hærra, er hann eignaðist hana.

5. gr.

Söluverð telst sú upphæð, er seljandi samkvæmt afsalsbréfi á að fá fyrir fasteignina, og hverskonar fríðindi, er hann kann að áskilja sér fyrir hana, og skulu þau metin til peninga. Sé söluverðið eða hluti þess greitt með árgjaldi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, skal árgjaldið eða sá hluti þess, sem er umfram 4% vexti, stofnhverft á mest 25 árum og teljast söluverð eða hluti þess.

6. gr.

Við ákvörðun skattskyldrar verðhækkunar skal leggja við kaupverðið samkv. 4. gr. kostnaðarverð húsa, annara mannvirkja og umbóta umfram venjulegt viðhald, sem seljandi hefir gert eða gera látið á fasteigninni, og draga frá því hæfilega fyrningu á húsum, mannvirkjum og jarðabótum. Ennfremur skal draga frá kaupverðinu allan opinberan styrk, er veittur hefir verið til bygginga, umbóta og framkvæmda á fasteigninni frá næstu eigendaskiptum á undan. Nú hafa hús eða önnur mannvirki á fasteigninni eyðilagzt af eldi eða á annan hátt frá síðustu eigendaskiptum og verið byggð upp að nýju, og skal þá leggja við kaupverðið aðeins þann hluta byggingarkostnaðar þeirra, sem er umfram vátryggingarupphæð þá, er seljandi hefir fengið greidda. Hafi seljandi ekki byggt fyrir vátryggingarupphæðina eða hluta hennar, skal leggja hana alla eða þann hluta hennar, sem ekki hefir verið byggt fyrir, við söluverðið samkv. 5. gr.

Eftir að kaupverð og söluverð hefir verið ákveðið samkv. fyrirmælum þessarar greinar og 5. gr., skal ákveða hina skattskyldu verðhækkun með því að draga kaupverðið frá söluverðinu.

7. gr.

Sérhver sá, er selur fasteign, skal gefa innheimtumanni skattsins skriflega skýrslu að viðlögðum drengskap um: hvenær, á hvern hátt og fyrir hvaða verð hann fékk fasteignina, hvaða mannvirki og umbætur hann hefir gert eða

gera látið á henni á þeim tima, er verðhækkun telst af, hversu mikið þau kostuðu, og hvort, og þá hversu mikinn, opinberan styrk hann hafi fengið til þeirra; ennfremur um fyrningu húsa og annara mannvirkja, eyðileggingu þeirra af eldi eða á annan hátt, vátryggingarupphæðir, er hann hefir fengið greiddar, söluverð og annað það, er áhrif hefir á upphæð skattsins.

Nú er seljandi eigi sjálfur fær um að semja skýrslu þessa, og er þá skattheimtumanni skylt að láta honum í té ókeypis aðstoð til þess.

8. gr.

Nú er skýrsla seljanda eða einstakir liðir hennar óglögg, ófullnægjandi eða tortryggileg, og skal þá skattheimtumaður gera ráðstafanir til þess að sannprófa og leiðrétta skýrsluna. Getur hann í því skyni tekið sér til aðstoðar reikningsfróða menn, einn eða fleiri, og látið lögskipaða virðingamenn bæjar- eða sveitarfélaga meta gangverð fasteignarinnar og einstaka hluta hennar, mannvirki og hæfilega fyrningu. Hefir skattheimtumaður og aðstoðarmenn hans sama rétt til að ganga eftir upplýsingum og skoða bækur og reikninga hjá einstökum mönnum og stofnunum og skattanefndir hafa samkv. lögum um tekju- og eignarskatt.

Reynist skýrsla seljanda röng svo að meiru nemi en 10% af skattupphæðinni, án þess þó að ástæða sé til að ætla, að seljandi hafi ætlað að koma sér undan skattgreiðslu, greiðir seljandi allan kostnað af sannprófun skýrslnanna, ella ríkissjóður og sjóður þess sveitar- eða bæjarfélags, þar sem fasteignin liggur, að hálfu hvor.

9. gr.

Við makaskipti á fasteignum skal jafnan í afsalsbréfi tilgreina söluverð beggja fasteignanna og greiða skatt af verðhækkun hvorrar fyrir sig. Kaupverðið ákveðst á sama hátt og þegar um sölu er að ræða.

10. gr.

Verðhækkunarskatt ber ekki að greiða, er eigendaskiptin stafa af erfðum, stofnun eða sliti hjúskapar, eða fasteignin er látin af hendi án þess að nokkurt endurgjald komi eða eigi að koma fyrir hana.

11. gr.

Ef eigendaskipti verða að hluta fasteignar, telst kaupverð þess hluta hafa verið hlutfallslega jafnmikill hluti af kaupverði fasteignarinnar allrar og söluverð þess hluta er á móti verði fasteignarinnar allrar, að mati lögskipaðra virðingarmanna bæjar- eða sveitarfélaga.

12. gr.

Verðhækkunarskatturinn nemur:

Af verðhækkun, sem nemur 25% eða minnu af kaupverði skv. 6. gr. greiðist 20%
— því, sem verðhækkun nemur yfir 25% allt að 50% ..... — 25—
———„——— ——„—— 50— — — 75— ..... — 30—

Af því, sem verðhækkun nemur yfir	75%	allt að	100%	.....	greiðist 40%
———„———	——„——	100—	— —	150—	— 50—
———„———	——„——	150—	— —	200—	— 75—
———„———	——„——	200—	og þar yfir	.....	— 100—

13. gr.

Er verðhækkunarskatturinn hefir verið ákveðinn samkv. 12. gr., ber að draga 1% af þeirri upphæð frá skattinum fyrir hvert ár umfram 5 ár af tímabili því, er verðhækkunin telst af. Þessi frádráttur er þó aldrei talinn af meiru en 20 árum og ekki nema af 10 árum mest, ef verðhækkunin nemur yfir 100%.

14. gr.

Upphæð verðhækkunarskatts skal ætíð talin í heilum krónum, svo að 50 aurar eða meira telst króna, en lægri auratölu er sleppt. Verðhækkunarskatt, er nemur minnu en 10 krónum, ber ekki að innheimta.

15. gr.

Ríkissjóður, sýslu-, bæjar- og sveitarsjóðir eru undanþegnir verðhækkunarskatti.

16. gr.

Verðhækkunarskatturinn skal ákveðinn og innheimtur af sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík af lögmanni, og skal stimplun eignaskiptagerninga um fasteignir jafnan framkvæmd af þessum embættismönnum. Seljandi greiðir skattinn, og fellur hann í gjalddaga um leið og afsalsbréf er afhent til stimplunar. Kvitta skal fyrir skatti með stimpilmerkjum, er límast á afsalsbréfið. Skatturinn hvílir sem lögveð á eigninni unz goldinn er. Aldrei má þinglýsa afsalsbréfi fyrr en verðhækkunarskatturinn hefir verið ákveðinn.

17. gr.

Nú neitar seljandi að gera söluskýrslu samkv. 7. gr., eða skýrir vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um upphæð skattsins, sér í hag, og skal þá skattheimtumaður ákveða honum skatt samkvæmt því, er segir í 8. gr., eftir þeim gögnum, sem fáanleg eru, og bæta við skattupphæðina samkv. 12. gr. minnst 20% og allt upp að 200%, eftir því sem málavextir eru til.

18. gr.

Ef ætla má, að seljandi ætli að koma sér undan verðhækkunarskatti með því að tilgreina of lágt söluverð, skulu lögskipaðir virðingamenn bæjar- og sveitarfélaga meta gangverð fasteignarinnar eins og á stóð þegar eigendaskipti fóru fram, og skal það teljast söluverð samkv. 5. gr. Kostnað af mati þessu greiði seljandi, ef gangverð fer minnst 10% fram úr hinu uppgefna söluverði, og að auki 20% til 200% álag á skattinn, sbr. 17. gr.

Skattauki samkv. þessari gr. og 17. gr. hvílir sem lögveð á eigninni unz goldinn er.

19. gr.

Vilji seljandi ekki una úrskurði innheimtumanna um skattupphæð eða sektarupphæð, getur hann skotið málinu til fjármálaráðherra, eða vísað því til aðgerða dómstólanna.

20. gr.

Verðhækkunarskatturinn skal renna í sérstakan sjóð, er eingöngu sé varið til kaupa á jarðeignum og lóðum. Ríkissjóður á sjóðinn að hálfu, en sveitar- og bæjarfélög að hálfu, og telst til séreignar hvers þeirra hjá sjóðnum helmingur verðhækkunarskatts þess, sem til hefir fallið úr umdæminu.

21. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um skilning og framkvæmd laga þessara, lætur gera eyðublöð undir fasteignasöluskýrslur samkv. 7. gr. og semur reglugerð fyrir sjóð þann, er greinir í 20. gr.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu frv. afgreiddum við flm. á sínum tíma til ríkisstjórnarinnar sem tillögu meiri hluta milliþinganefndar í tolla- og skattamálum. Samnefndarmaður okkar (MG) varð okkur ekki sammála um frumvarpið.

Fasteignir hækka í verði jafnt og stöðugt. Því örari og meiri er verðhækkunin sem opinberar, almennar framkvæmdir eru meiri. Sama gegnir, ef fólki fjölgar og byggðin vex á einstökum stöðum e. t. v. beinlínis fyrir hinar opinberu framkvæmdir. Við það vex eftirspurnin eftir lóðum og lendum og húseignum og verðið hækkar. Vitanlega getur verðhækkun einnig að mjög miklu stafað frá viðbót fasteignanna (ný hús) og umbótum eigenda (jarðir, ræktunarlóðir) og ennfremur af eðlilegum almennum verðlagsbreytingum, en einnig að allmiklu leyti af öðrum ástæðum, sem fasteignaeigendur hafa engan þátt átt í. Slík verðhækkun er t. d. það, er fasteignir hækka í verði fyrir bein framlög eða aðra tilstuðlun hins opinbera og fyrir eðlilega (eða öfuga) þróun þjóðlífsins, eða þá er ný verðmæti skapast fyrir visindalegar verklegar framfarir (jarðhitanot, vatnsorkunot o. s. frv.) eða þegar verðhækkun verður fyrir kaupbrall og óeðlilegar verðsveiflur og annað þess háttar. Það er í alla staði réttmætt, að eigendur fasteigna njóti þeirrar verðhækkunar að fullu, sem verður fyrir eiginn tilverknað þeirra. Jafnréttmætt er og hitt, að þeir greiði skatt af þeirri verðhækkun, sem þeir leggja ekkert fram til og vinna ekkert til.

Út frá þessari hugsun væri langeðlilegast og æskilegast, að fasteignir — einkum lönd og lóðir — væru í opinberri eign. Þá nytu borgararnir sameiginlega þeirrar verðhækkunar, sem þeim að réttu ber, af sjálfu sér, án nokkurrar skattálagningar, en hin óréttmæta eða óeðlilega verðhækkun kæmi lítt fram, sem og væri ávinningur frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Við því er að gera, sem er, að mikill hluti fasteigna er í einkaeign. Virðist þá þörf á og fullkomlega réttmætt að tryggja það með löggjöf, að a. m. k. nokkur hluti þeirrar verðhækkunar, sem fram kemur án tilverknaðar og verðleika fasteignaeigenda sjálfra, hverfi þangað, sem hún er runnin frá, til hins opinbera, þ. e. borgaranna sameiginlega.

Á þessum ástæðum og þessari hugsun er frumvarpið byggt.

Ef verðhækkunarskattur hefði verið í lögum hér á landi á undanförnum áratugum, þá er auðsætt, að safnazt hefði nokkurt fé til almennra hagsmuna af verðhækkun þeirri, sem orðin er. Jafnframt hefði dýrtíð verið minni í landinu og verðlag fasteigna heilbrigðara almennt, einkum á kaupstaðalóðum.

Með frumvarpinu ætti það tvennt að vinnast, að afla nokkurs fjár til almenningsgangs og að nokkur hemill myndi verða á óheilbrigðri verðhækkun.

Engin tilraun skal hér gerð til þess að áætla, hversu miklum tekjum myndi mega búast við af samþykkt frumvarpsins. Þess gerist og ekki þörf, þar sem ekki er ætlað að hafa þær að árlegu eyðslufé, heldur er til þess ætlazt, að tekjur þær, er aflast af skattinum, myndi sérstakan sjóð, er varið sé til að ná fasteignum í opinbera eign, eftir því sem til vinnst. Þykir ekki rétt að gera fé það, er aflast á þennan hátt, að eyðslufé. Vinnur frumvarpið þá beinlínis að því að ná því takmarki, sem að mörgu leyti má eðlilegast og æskilegast teljast til þess að þjóðarheildin sameiginlega verði aðnjótandi þeirrar verðhækkunar á fasteignum, sem eðlileg þróun skapar.

Verðhækkunarskattur hefir ekki verið í lögum áður hér á landi. Má því búast við, að orka þyki tvímælis um efni frv. og framsetningu og að hvorttveggja standi til bóta. En hversu sem um það er, þá virðist, að verðhækkunarskattur sé óliku réttmætari en skattar þeir ýmsir og tollar, sem nú eru og verið hafa.

Efni frv. og form skýrist að öðru leyti af texta þess. Þykir ekki þurfa að rita skýringar um einstakar greinar.

Nd. 150. Tillaga

til þingsályktunar um landsvist erlendra hljómlistarmanna og um skemmtanaleyfi til handa útlendingum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að beita stranglega gagnvart erlendum hljómlistarmönnum, sem teknir eru að stunda hér atvinnu eða hingað koma í atvinnuleit, ákvæðum 3. gr. laga nr. 13, 31. maí 1927, um heimild til þess að vísa slíkum mönnum úr landi.
2. Að leggja fyrir lögreglustjóra landsins að synja útlendingum leyfis til þess að halda hér samsöngva eða aðra hljómleika, töfrasýningar eða þess háttar skemmtanir.

Nd. 151. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Einari Arnórssyni.

Síðasta málsgr. 4. gr. orðist svo:

Lækka skal skattinn samkvæmt c-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Nd. 152. Frumvarp

til laga um stóríbúðaskatt.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Bergur Jónsson, Hannes Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni árlega stóríbúðaskatt í ríkissjóð. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 2500 kr. og lækka um sömu upphæð fyrir hvern mann, sem heimilismenn eru færri en 5.

2. gr.

Stóríbúðaskattur samkvæmt 1. gr. skal nema: Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarinnar er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	150	kr. af	5000 og 3,5% af afgangi
—	15000	—	25000	—	—	500	— —	15000 — 4,0% — —
—	25000	—	35000	—	—	900	— —	25000 — 4,5% — —
—	35000	—	45000	—	—	1350	— —	35000 — 5,0% — —
—	45000	—	55000	—	—	1850	— —	45000 — 5,5% — —
—	55000	—	65000	—	—	2400	— —	55000 — 6,0% — —
—	65000	—	75000	—	—	3000	— —	65000 — 6,5% — —
—	75000	og þar yfir			—	3650	— —	75000 — 7,0% — —

3. gr.

Stóríbúðaskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um allt það, er varðar framkvæmd álagningarinnar, þ. á. m. nánari ákvæði um frádrátt á skattskyldu íbúðarverði vegna fjölskyldu og leigjenda og um meðferð kærumála út af álagningu skattsins.

4. gr.

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. ágúst 1932.

Skattheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skattsins.

5. gr.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra ríkja.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mjög er það tiðkað í mörgum löndum að miða skattgreiðslu manna við eyðslu þeirra. Er þetta einnig gert hér á landi með því að leggja háa tolla á óþarfa vöru. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að þeir, sem búa í svo stórum íbúðum, að óþarft má kalla, greiði skatt i ríkissjóð, sem miðaður sé við verðmæti íbúðarinnar. Er hér gert ráð fyrir, að sköttuð verði sú sérstaka tegund eyðslu, sem kemur fram í notkun óþarflega mikils húsnæðis. Í sambandi við skatt þann af stóríbúðum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, má og geta annars atriðis, sem ætla má, að skatturinn hefði áhrif á, ef frumvarpið yrði að lögum. Mjög hefir borið á húsnæðiseklu i kaupstöðum landsins, einkum þó í Reykjavik, hin síðari árin. Hefir húsnæðiseklan haft áhrif á húsaleiguna, þar sem framboð á leiguhúsnæði hefir oftlega verið minna en eftirspurnin. Jafnhliða því, að húsnæðisvandræðin og há leiga hafa þannig þjakað fjölda manna, hafa fjölmargir haft til notkunar meira húsrúm en nauðsynlegt er. Gera má ráð fyrir því, að ef stóríbúðaskattur yrði lögtekinn, mundu ýmsir, er hann yrðu að greiða, minnka við sig nokkuð húsrými það, sem þeir nú nota, og bjóða það fram til leigu. Gæti þessi skattur því orðið til þess að hjálpa til að létta á húsnæðisvandræðum þeim, er undanfarið hafa verið mjög tilfinnanleg, og ef til vill haft áhrif á húsaleiguna til lækkunar.

Hér fer á eftir umsögn um einstakar greinar frumvarpsins, eftir því, sem tilefni þykir til:

Um. 1. gr.

Það mun nærri lagi, að góðar íbúðir í Reykjavik fyrir 5 manna fjölskyldur séu um 12 þús. kr. að fasteignamati, samkvæmt nýja matinu.

Þó þykir eigi rétt að skattleggja sem óþarflega stórar íbúðir minni íbúðir en þær, sem eru 18 þús. kr. að fasteignamati og 5 menn búa í, og ætla síðan

kr. 2500 til viðbótar eða frádráttar skattskyldu íbúðarverði fyrir hvern mann, sem vantar á, til þess að 5 menn séu í íbúðinni eða eru umfram þá tölu.

Um 2. gr.

Eigi verður sagt, hve miklu stóríbúðaskatturinn muni nema í heild.

Til leiðbeiningar um skattaupphæðir í einstökum dæmum skulu hér nefnd nokkur dæmi úr Reykjavík:

1. Íbúð er að fasteignamati 81500 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 2317,50. Ef 5 manns væru í heimilinu, mundi skatturinn nema kr. 2910,00.
2. Íbúð er að fasteignamati 70800 kr., 10 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 1615,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 2279,00.
3. Íbúð er að fasteignamati 52800 kr., 9 manns i heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 892,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 1341,00.
4. Íbúð er að fasteignamati 41000 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 430,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 820,00.
5. Íbúð er að fasteignamati 33700 kr., 8 manns í heimili. Skatturinn yrði samkvæmt frumvarpinu kr. 262,00. Ef 5 manns væru i heimili, yrði skatturinn kr. 528,00.

Um 3., 4., 5. og 6. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til athugasemda.

Nd. 153. Frumvarp

til laga um háleiguskatt.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Halldór Stefánsson, Jónas Þorbergsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meira en 15% af kaupverði húseignar, að meðtalinni lóð, skal húseigandi greiða í ríkissjóð háleiguskatt af því, sem umfram er. Kaupverð telst það verð, sem eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, hvort sem um kaup eða byggingu hefir verið að ræða, að viðbættu hæfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða á annan þvílíkan hátt, telst það kaupverð, sem eignin var honum útlögð fyrir. En ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem það telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

2. gr.

Háleiguskattur samkv. 1. gr. skal reiknaður af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af því, sem leigan nemur yfir	15%	allt að	20%	af kaupverði	greiðist	10%
——„——	—„—	20—	—	25—	—„—	20—
——„——	—„—	25—	—	30—	—„—	30—
——„——	—„—	30—	—	35—	—„—	40—
——„——	—„—	35—	—	40—	—„—	50—
——„——	—„—	40—	—	45—	—„—	60—
——„——	—„—	45—	—	50—	—„—	70—
——„——	—„—	50—	—	55—	—„—	80—
——„——	—„—	55—	—	60—	—„—	90—
——„——	—„—	60—	—	65—	—„—	100—

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja sérstakar reglur, er veita öryrkja fólki, sem jafnframt er efnalítið og hefir ekki meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að rétt nægi til framfæris, undanþágu frá greiðslu háleiguskatts.

4. gr.

Háleiguskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um allt það, sem varðar framkvæmd álagningarinnar, þ. á. m. ákvörðun kaupverðs, mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu og hversu greina skal sundur og meta einstaka hluti í húsi til eignar eða kaupverðs, um meðferð kærumála út af álagningu skattsins og umsóknir um undanþágur frá skattinum handa öryrkjum samkv. 3. gr., svo og um kærur út af skattinum.

5. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. ágúst 1932.

Skattheimtumenn ríkissjóðs annast um innheimtu skattsins. Skattinn má taka lögtaki, enda hvílir hann sem lögveð á húseigninni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir verðmæti fasteigna hækkað mjög í kaupstöðum landsins, einkum þó í Reykjavík. Húsaleiga er nú miklu hærri en hún var fyrir nokkrum árum. Veldur því bæði húsnæðisekla og einnig aukinn byggingarkostnaður húsanna á síðari árum og hækkað lóðarverð.

Vegna þess, hve hækkun þessi hefir orðið á fáum árum, er það eigi ótítt, að ýmsir húseigendur, sem eignazt hafa húseignir sínar á meðan verðlag þeirra var miklu lægra en nú er, bera úr býtum árlega óhæfilega háa vexti af því fé, sem þeir eiga í eignum þessum. Þykir sanngjarnt, að sá gróði, er þannig myndast vegna hækkandi verðlags á fasteignum, og sem að miklu leyti stafar af aðgerðum hins opinbera, verði hittur nokkuð með sérstökum skatti.

Af þessum ástæðum er borið fram frumvarp þetta um skatt af leigu þeirri, sem fer fram úr 15% af kaupverði fasteigna. En þegar leigan er orðin yfir 15%, þykir ástæða til þess að hitta það, sem fram yfir er, með skattinum, enda er ágóði á rekstri fasteigna þá orðinn allmikill undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Það skal fram tekið, að frumvarp þetta er að efni til því nær eins og ákvæði um háleiguskatt, sem voru í frumvarpi því um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar, sem borið var fram af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild á sumarþingi 1931.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um, hversu ákveða skuli verðgrundvöll þann, er leigan sé við miðuð, og eins og þau ákvæði bera með sér, er til þess ætlazt, að hann verði raunverulegt kostnaðarverð eignarinnar á hverjum tíma, að frádreginni fyrningu fyrir sliti.

Um 2. gr.

Eigi verður sagt, hve miklu háleiguskatturinn muni nema í heild. En rétt er að nefna einstök dæmi, sem sýna, hvernig skatturinn verkar:

1. Hús er keypt á 26000 kr. Ársleiga nú kr. 11100,00, eða 42,69% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 2370,00.
2. Hús er keypt á 30000 kr. Ársleiga er nú kr. 12360,00, eða 41,2% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 2466,00.
3. Hús er keypt á 25000 kr. Ársleiga er nú kr. 5000,00, eða 20% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 125,00.
4. Hús er keypt á 36000 kr. Ársleiga er nú kr. 24000,00, eða 66,6% af kaupverði. Skatturinn yrði samkv. frumvarpinu kr. 10500,00.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa heimild til þess að undanþiggja þessum skatti þá húsaleigu, enda þótt háleiga sé, sem verður að teljast meðal brýnustu þurftartekna öryrkja manna.

Um 4., 5. og 6. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Nd. 154. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Lög nr. 48 frá 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Með lögum um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, sem Alþingi 1923 samþykkti, var stofnað eitt allra launahæsta embætti á landi hér. Launin munu nú vera um 12000 kr., en voru áður miklu hærri, þegar dýrtíðaruppbótin var meiri. Nú er það almennt álit, að eftirlit þetta hafi ekki komið að þeim notum, sem menn gerðu sér vonir um í fyrstu. Og þar sem nú er nauðsynlegt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og annara stofnana, svo sem banka, er heyra að meira eða minna leyti undir ríkisvaldið, þykir rétt að nema lög þessi úr gildi og leggja embættið niður.

Nd. 155. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 10, 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (8. gr.).

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, allt að kr. 0,50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 500 kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlímdir og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

b. (9. gr.).

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um hvernig kartöflugeymslur skuli gerðar og á hvaða stöðum þær séu nauðsynlegar. Skal þá veita þeim búnaðarfélögum eða öðrum félagsskap kartöfluframleiðenda, er þær lætur gera, styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk, ef þörf er fyrir slíkar geymslur, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Styrkur veitist eigi á minni geymslur en sem rúma 1000 tunnur og eigi hærri upphæð en 500 kr. til hverrar.

2. gr.

Upphaf 13. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, að eignast hestaverkfæri til jarðyrkju og garðræktar, svo og heyvinnuvélar og steingálga.

3. gr.

Síðari málsgrein 15. gr. laganna, sem verður 17. gr., orðist svo:

Heimilt er að styrkja með allt að ¼ verðs kaup á dráttarvélum ásamt tilheyrandi jarðvinnslu- og garðyrkjuverkfærum, og séu þær þá eign búnaðarfélags, enda sé áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar getur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 19. maí 1930.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 40, 7. maí 1928, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaganna um verkfærakaupasjóð er styrkur aðeins veittur til þess að kaupa jarðvinnsluáhöld. Óskir hafa komið víðsvegar að um, að fleiri vinnuvélar yrðu styrks aðnjótandi. Þykir nefndinni rétt, einkum með tilliti til erfiðleika þeirra, sem bændur hafa nú við að búa, að veitt sé heimild til þess að styrkja kaup á heyvinnuvélum. Þá þykir og rétt, að garðyrkjuverkfæri, sem hestum er beitt fyrir, verði einnig styrks aðnjótandi, og þá ekki síst vegna búnaðarfélaga starfandi í kaupstöðum, sem að miklu leyti starfa að garðrækt. Þessi félög geta ekki notað sinn hluta úr verkfærakaupasjóði nema að litlu leyti, ef ekki má styrkja menn til þess að kaupa garðyrkjuverkfæri. Er

og full þörf á því að glæða áhuga almennings fyrir aukinni garðrækt; mætti þetta verða einn þáttur í þeirri viðleitni.

Þá er og gert ráð fyrir, að kartöflugeymslur í einstökum héruðum verði styrktar eftir svipuðum reglum og gildir um heyhlöður. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands mun ekki þörf á slíkum geymslum nema á 6—8 stöðum á landinu utan Reykjavíkur. Þykir rétt að stuðla að aukinni ræktun kartaflna og greiða fyrir sölu þeirra með því að styrkja byggingu á geymsluskálum.

Ed. 156. Frumvarp

til laga um barnavernd.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Baldvinsson.

I. KAFLI.

1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri. Í öðrum hreppum skulu skólanefndir vinna störf barnaverndarnefnda og hafa sama rétt sem þær.

2. gr.

Barnaverndarnefnd skipa 5 menn. Barnaskólastjóri og prestur eru sjálfkjörnir í hana, séu þeir heimilisfastir á staðnum. Að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og séu a. m. k. 2 þeirra konur. Einnig skulu kosnir 2 varamenn. Héraðslækni er skylt að veita nefndinni aðstoð, er hún óskar og því verður við komið.

3. gr.

Í Reykjavík skipa þó 7 menn nefndina. Bæjarstjórn kýs í hana barnaskólastjóra eða barnakennara, prest, lækni, lögfræðing og 3 konur, ennfremur 3 varamenn.

4. gr.

Kjósa skal í barnaverndarnefndir hin sömu ár sem í skólanefndir og til 3 ára í senn; fyrsta kosning gildir út kjörtímabil skólanefndar, það er yfir stendur.

5. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan, sem áður hafa átt sæti í henni, aðrir en sjálfkjörnir menn.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn sér nefndinni fyrir fundarstað, sé þess ósk-

að, og greiðir eftir reikningi útlagðan kostnað. Í **Reykjavik ber** nefndinni þóknun fyrir starfa sinn, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

6. gr.

Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur nákvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir yfirbarnaverndarnefnd ársskýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 23. gr.).

Varamenn taka sæti í nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki mætt á fundum hennar.

7. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, sem gefið er með eða komið fyrir á heimili vandalausra, eða njóta ekki umsjár annars foreldris síns eða beggja. Þó fellur það eftirlit niður, þar sem nefndinni er kunnugt, að vel fer um börnin. Til eftirlits með uppeldi telst það, að vakað sé yfir sérstökum hæfileikum barna, að þeir fái notið sín við þann undirbúning, sem þau fá undir lífið.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum, sem kunna að vera í umdæmi hennar, eða bæjarfélag hennar eða hreppsfélag ráðstafar einkum börnum hjá.
3. Hún rannsakar kærur og kvartanir, sem henni berast um varhugaverða meðferð á börnum, hvar sem er í umdæmi hennar. Einnig getur hún sjálf átt frumkvæði að slíkri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tima, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slíka aðstoð við uppeldi barna þeirra.
7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir lögregluvaldið. En skylt er lögregluvaldinu að veita henni alla þá aðstoð, er hún beiðist.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

8. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni; yfirheyrir hann þá þau vitni, sem hún og forráðamenn barnsins tilnefna. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

9. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa barni utan heimilis þess:

1. Þegar barnið hefir brotið hin almennu hegningarlög.
2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er hætta búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

10. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 9. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldranna, nema 2 af hverjum 3, 4 af hverjum 5, eða 5 af 7 nefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr en nefndin leyfir. En málinu mega þeir skjóta til fullnaðarúrskurðar yfirbarnaverndarnefndar (sbr. 23. gr.).

11. gr.

Þegar 3 af 5 eða 4 af 7 nefndarmönnum telja rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna, geta þeir borið málið undir yfirbarnaverndarnefnd, og skal hlíta úrskurði hennar (sbr. 23. gr.).

12. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um það, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, þá er henni skylt að biðja hlutaðeigandi valdsmann um rannsókn á hátterni hans og áhrifum þess á uppeldi og alla hagi barns eða barna á heimilinu. Komi í ljós við þá rannsókn, að framferði mannsins sé börnunum til tjóns, en þeim gæti að öðru leyti liðið vel á heimilinu, þá ber valdsmanni að víkja honum burt þaðan um stundarsakir, eða um lengri tíma, verði engin breyting til batnaðar á háttum hans.

13. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka

barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til yfirbarnaverndarnefndar úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 23. gr.).

14. gr.

Börnum þeim, sem getur í 9. gr. 1., 2. og 5. staflið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugun á sálarlífi þeirra. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

15. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim. Verði misbrestur á því, greiðist meðlagið úr sveitarsjóði og telst sveitarstyrkur til foreldranna eða framfærslumanna. Ráðstafanir nefndarinnar breyta engu um framfærsluskyldur þeirra.

16. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 9. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust. Sé þagað um glæpsamlegt athæfi gagnvart barni, getur það varðað fangelsi.

17. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

18. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega benda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fáanleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

19. gr.

Brot gegn 10., 13., 16. og 17. gr. laga þessara varða 50—500 kr. sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum, og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

II. KAFLI.

20. gr.

Yfirbarnaverndarnefnd Íslands skipa 7 menn. Prestafélag og Kennarafélag Íslands kýs hvort um sig 2 menn í hana og 1 varamann, en kennslumála-

ráðherra skipar 3, og sé einn þeirra lögfræðingur og annar a. m. k. hinna tveggja kona.

21. gr.

Kjörtímabilið er 4 ár. Skipanir kennslumálaráðherra gilda um sama tíma. Nefndarmenn skulu eiga heima í Reykjavík eða nágrenni hennar.

22. gr.

Heimilt er nefndinni að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

23. gr.

Hlutverk yfirbarnaverndarnefndar eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern nefndarmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 6., 10. og 11. gr.).

24. gr.

Barnahæli geta því aðeins notið styrks af ríkisfé, að þau fái meðmæli yfirbarnaverndarnefndar.

25. gr.

Ríkisstjórnin sér nefndinni fyrir stað til fundahalda, greiðir henni til eftirlitsferða og skrifstofukostnað eftir reikningi og auk þess ársþóknun fyrir störf sín.

26. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi þau ákvæði í eftirfarandi lagagreinum, sem fara í bága við þau: Lög nr. 39 frá 16. nóv. 1907, 5. gr., lög nr. 46 frá 27. júní 1921, 33. og 34. gr., lög nr. 43 frá 31. maí 1927, 36.—38. gr., sömuleiðis öll önnur ákvæði í eldri lögum, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkv. ósk nefndar þeirrar, er skipuð var með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 29. apríl 1930.

Flutningsmenn eru sammála um það aðalatriði frv., að barnaverndarnefndir séu fyrirskipaðar, og telja, að þær geti orðið að miklu gagni. Hinsvegar

áskilja flutningsmenn sér, hver í sínu lagi, óbundið atkvæði um ýms ákvæði frumvarpsins.

Frá nefndinni fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Dómsmálaráðuneytið fól oss undirrituðum með bréfi dagsettu 29. apríl 1930 að taka sæti í nefnd til

1. „að gera tillögur um löggjöf, er styðji heimilin við uppeldi vangæfra barna,
2. að gera tillögur um aðrar aðgerðir, svo sem frjálsan félagsskap til verndar siðferði barna og unglinga".

Prófessor Ólafi Lárussyni var og falið sæti í nefndinni, en hann gat ekki sinnt því vegna annara starfa, naut þá nefndin lögfræðilegrar leiðbeiningar fyrst hjá Sigurjóni Markússyni fulltrúa og síðar hjá Gísla Bjarnasyni lögfræðingi að tilhlutun ráðuneytisins.

Nefndin hefir unnið kauplaust og fengið ókeypis fundarstað í háskólanum, en ráðuneytið greitt fyrir fjölritun og burðargjald bréfa.

Fyrsta verk nefndarinnar var að semja fyrirspurnir og senda þær til presta, oddvita, bæjarstjóra og barnaskólastjóra um land allt.

Skólastjórarnir voru spurðir um vangæf börn, hvað þau væru mörg í skólahéraðinu, um aldur þeirra og ýmsa hagi og hvort nokkurt heimili væri þar, er gæti ekki veitt börnum sæmilegt uppeldi. Prestar voru spurðir um sviplað, og auk þess hve mörg heimili í prestakallinu mundu geta veitt vangæfu barni uppeldi.

Hreppsnefndaroddvitar og bæjarstjórar voru spurðir um ýmislegt viðvíkjandi börnum á sveitarframfæri, hvað þau væru mörg, — hjá foreldrum sínum eða vandalausum, og um meðlag með þeim.

Sömuleiðis voru þeir spurðir um fávita, tölu þeirra í hreppnum eða kaupstaðnum, aldur og ýmsa hagi.

Margir hafa svarað, sem fyrirspurnirnar fengu, og er margbreyttur fróðleikur í þeim svörum. Hefir hagstofunni verið falið að vinna úr þeim skýrslum.

Þegar nefndin tók að kynnast svörum þessum, varð henni það ljóst, að hin mesta nauðsyn væri að koma upp fávitahæli, og að þjóð vor eignaðist sérstök lög um barnavernd, hliðstæð lögum nágrannaþjóða vorra um þau efni.[1])

Nefndin afhenti um þingtímann í fyrra vetur dómsmálaráðherra frumvarp til laga um stofnun fávitahælis og samdi í fyrra vetur frumvarp til laga um barnavernd. Hélt hún yfir 20 fundi um það málefni og boðaði oftar en einu sinni ýmsa málsmetandi menn, er sérstaklega starfa að uppeldis- eða fátækramálum, til fundar við sig, til að ræða ýmsar greinar frumvarpsins. Ennfremur bar hún frumvarpið undir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, mæðrastyrksnefndina hér í Reykjavík, ýms kvenfélög úti um land, aðalfund presta-

1) Í Noregi er „Vergerådsloven" frá 6/6 1896, með breytingum frá 15/7 1907, 2/7 1915, 6/6 1922 og 20/5 1927.

Í Svíþjóð eru fyrstu „barnavårdslagarna" frá 1902, en þau, sem nú gilda, eru: „lagen om samhällets barnavard" frá 6/6 1924. Í Danmörku eru „Værgeraadsloven" frá 1905, breytt og umsamin 1922 (Lög nr. 237 frá 13/6 1922), sbr. og lög nr. 122 frá 28/3 1923, lög nr. 55 frá 31/5 1926, o. fl.

félagsins í fyrra vor og undir hinn almenna sóknarnefndafund síðastliðið haust. Fékk það alstaðar hinar beztu undirtektir og mjög fáar breytingartillögur.

Hún sendi og frumvarp þetta öllum bæjarstjórnum landsins til umsagnar, en hefir ekki fengið svör þaðan, nema frá bæjarstjórn Seyðisfjarðar, sem skrifar svo $^{2}/_{1}$ þ. á.:

„Bæjarstjórnin hefir athugað frumvarp til laga um barnavernd, og hefir ekkert við það að athuga og mælir með því að slík lög verði samþykkt".

Barnavernd frá hálfu þjóðfélagsins hefir oftast komið fyrst í ljós í ýmsum lögum, sem ekki voru þó beinlínis um það málefni, en reynslan hefir orðið sú, að slík ákvæði náðu miklu betur tilgangi sínum þegar komin voru sérstök og ýtarleg lög um alla barnavernd, og hún falin þeim mönnum, sem áður var kunnugt um, að áhuga höfðu á uppeldismálum.

Má vænta þess, að svo verði og á voru landi.

Það er vikið að barnavernd í ýmsum núgildandi lögum vorum, en meinið er, að þau ákvæði eru víða sem dauður bókstafur, enda ætluð til framkvæmda þeim mönnum, sem engin trygging er fyrir, að áhuga hafi á uppeldismálum.

Í lögum um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga (lög nr. 39 frá 1907) er í 5. gr. lögreglustjóra ætlað að skipa áreiðanlegan mann eða konu, er til þess er fús og fallin til þess að hafa umsjón með forsjármanni að því er snertir uppeldi barns, er afbrot hefir drýgt innan 14 ára aldurs.

Í lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (lög nr. 46 frá $^{27}/_{6}$ 1921) segir svo í 34. gr.:

„Skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því, að óskilgetin börn innan umdæma þeirra séu vel upp alin.

Nú verður nefndin þess vör, að móður óskilgetins barns eða þeim, sem barnið er hjá, fari uppeldi barnsins eigi svo vel úr hendi sem skyldi, og skal nefndin þá áminna þann, sem í hlut á. Nú skipast hann eigi við áminningu nefndarinnar, og skal hún þá skýra valdsmanni frá málavöxtum, en hann leita álits læknis og prests og gerir síðan þær ráðstafanir, sem með þarf, getur meðal annars komið barninu fyrir á öðrum stað".

Í lögum um stofnun og slit hjúskapar (lög nr. 39 frá $^{27}/_{6}$ 1921) er víða að því vikið, að dómari og stjórnarráð gæti réttar barna, er foreldrar þeirra skilja.

En aðalákvæðin um barnavernd eru í 36. til 39. gr. fátækralaganna (lög nr. 43 frá $^{31}/_{5}$ 1927), þar sem fátækrastjórn er falið eftirlit með því, að öll börn fái sómasamlegt uppeldi, og henni veitt vald til að taka börn frá foreldrum þeirra, gegn vilja foreldranna, ef heimilislíf þeirra má teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar er farið illa með þau, og prestum ætlað með aðstoð lögreglustjóra að hlutast til um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

Svipað hlutverk var fátækrastjórnum ætlað fyrrum annarsstaðar, en reynslan var svipuð þar og hún er enn hérlendis, að árangurinn af starfi þeirra í þessum efnum hefir orðið harla lítill, enda eru þær ekki kostnar með barnavernd fyrir augum.

Enda þótt vér höfum haft til hliðsjónar hliðstæð lög annara Norður-

landaþjóða um barnavernd og reynt að hagnýta oss alla innlenda reynslu í þessum efnum, sem vér áttum kost á að kynnast, er trúlegt. að þessar tillögur um fyrstu barnaverndarlög Íslands séu ekki eins fullkomnar og skyldi eða síðari reynsla kann að heimta, en þá ætti að vera hægra að bæta úr því, sem áfátt er, ef stofnlög eru komin til framkvæmda.

Þjóðfélag vort má sizt fremur við því en önnur margfalt stærri þjóðfélög að láta barnaverndarlög sig litlu skipta, og vonum vér því, að þetta frumvarp fái góðar viðtökur hjá löggjafarvaldinu.

I. KAFLI.

1. gr.

Skoðanamunur var um það í nefndinni, hvort réttara væri að kjósa sérstaka barnaverndarnefnd i öllum hreppum jafnt sem kauptúnum eða fela skólanefndum barnavernd i sveitum og fámennum kauptúnum.

Fannst sumum, að flestar skólanefndir hefðu lítið sinnt því eftirliti með högum óskilgetinna barna, sem þeim er ætlað í lögum nr. 46 frá 1921, og litlar vera líkur til, að þær mundu frekar sinna starfinu, þótt það yrði miklu víðtækara.

Meiri hlutinn leit þó svo á, að þar sem þetta starf yrði lítið í fámenni og nóg þar áður af ýmsum nefndum, en aðalstarf skólanefnda skylt þessu starfi og aðhald nokkurt frá yfirbarnaverndarnefnd, þá væri ráðlegast, að minnsta kosti fyrst um sinn, að hafa þá skipun, sem í 1. gr. segir um þetta atriði.

2. gr.

Norðmenn og Svíar ætla presti og einni eða tveimur konum sæti í samsvarandi nefnd hjá sér. Sviar bæta við kennara og fátækrafulltrúa, en Norðmenn lækni og lögfræðingi. Nefndarmenn eru 7 hjá Norðmönnum, en 5 eða fleiri hjá Svíum. Hjá Dönum eru fyrrgreindir starfsmenn ekki sjálfkjörnir, en er skylt að mæta á nefndarfundum þegar nefndin óskar, og henni skylt að leita ráða þeirra í ýmsum málum.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn velur að sjálfsögðu þá, sem ekki eru sjálfkjörnir, þar sem ráðstafanir nefndarinnar geta valdið kostnaði fyrir bæjarsjóð eða hreppssjóð. (Sbr. þó 7. gr. 4. lið).

3. gr.

Starfið verður mest þar, sem fjölmenni er, og þykir því rétt, að nefndarmenn séu flestir í Reykjavík og allir kosnir, en þekking þeirra sé fjölhliða.

4. gr.

Á meðan skólanefndum er ætluð barnavernd í öllum sveitum, fer bezt á því að miða kjörtímabilið almennt við þær.

5. gr.

Væntanlega má búast við, að ekki verði aðrir kosnir í þessar nefndir en þeir, sem kunnugt er um, að áhuga eigi á velferð barna og uppeldismálum — Svíar taka það atriði fram í sínum lögum — og að þeir skorist ekki undan starfinu. Samt þótti öruggara, að þessi grein kæmi í veg fyrir, að engin nefnd yrði kosin einhversstaðar af því að allir skoruðust undan kosningu. Þar eð starfið verður langmest í Reykjavík, er sanngjarnt, að nefndarmenn þar fái þóknun, og mætti vænta, að öðrum bæjarstjórnum væri ljúft að breyta eftir því, ef starfið verður þar mikið og heilladrjúgt.

6. gr.

Þarf ekki skýringar.

7. gr.

1. Öll reynsla sannar, að börn, sem misst hafa umsjá föður eða móður eða alast upp hjá vandalausum, mæta oft og einatt ýmsum erfiðleikum, sem önnur börn komast fremur hjá, og því eðlilegt, að barnaverndarnefnd sé sérstaklega falið að gæta að högum þeirra. Eldri lagaákvæði í þá átt eru sérstaklega í lögum nr. 46 frá 27/6 1921, 34. gr.

Einstæðar mæður með ungbörn eru margoft svo vinasnauðar og úrræðalausar, að góð barnaverndarnefnd hlýtur að taka málstað þeirra og hjálpa þeim til að tryggja framtíð barnanna. Í sænskum og dönskum lögum er ljósmæðrum og læknum gert að skyldu að tilkynna barnaverndarnefnd fæðingu óskilgetinna barna, svo hún geti komið móður og barni til hjálpar sem allra fyrst.

2. Þegar barnahælum fjölgar, vex og nauðsyn á eftirliti með þeim. Það er allra þjóða reynsla.

3. Þarf engrar skýringar.

4. Að sjálfsögðu ber nefndinni að leitast við að hafa góða samvinnu bæði við foreldra barnanna og fátækrastjórn, og þá ekki síst þegar um það er að ræða, að koma barni fyrir utan heimilis þess. Ætti þessi grein og jafnframt að tryggja það, að nefndin geti ekki gert bæjar- eða hreppssjóði neinn óþarfa kostnað, er hún ráðstafar börnum, sem gefið er með af sveitarsjóði.

5. og 6. liður þarf engrar skýringar.

7. Í lögum nr. 39 frá 1907 er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri geti sett eftirlitsmann með uppeldi barna, er brotið hafa hegningarlögin. Sú heimild mun sjaldan notuð hérlendis, en erlendis þykir slík ráðstöfun gefast ágætlega, bæði gagnvart „vandræða-börnum“ og „vandræða-heimilum“. Er sumstaðar beinlínis ákvæði í lögum um, að konur annist þetta starf, þegar stúlkubörn eða drengir yngri en 7 ára eiga hlut að máli.

Í Svíþjóð er svo fyrirskipað í lögum frá 1/6 1917, að barnaverndarnefnd velji hverju óskilgetnu barni eftirlitsmann (barnavårdsman), sem styðji móðurina til að ná rétti sínum gagnvart barnsföður og sé meðráðamaður hennar í öllu því, er að uppeldi barnsins lýtur.

8. Slíkt eftirlit, sem hér ræðir um, er nauðsynlegt, jafnvel þótt sérstök lög kæmu um vinnu barna, hvað þá á meðan þau vantar.

9. liður er nýmæli í löggjöf vorri, en erlendis er víða að því stefnt í nýjustu lögum, að almenna lögreglu- og dómstólavaldið þurfi sem minnst að skipta sér af lagabrotum barna, en þau afskipti falin barnaverndarnefndum að meira eða minna leyti, eða alveg sérstökum „barnadómstólum“.

Þykja þær ráðstafanir gefast vel, og sumstaðar ágætlega. Í Osló t. d. fækkaði glæpum barna um 80% árin 1912—1921, og er það mjög þakkað starfi barnaverndarnefnda, er þar hafa tekið við sakamálum barna að miklu leyti. Þar sem þetta er nýmæli, þótti ekki rétt að fara lengra fyrst um sinn en það, að nefndin mætti sjálf ráða, hvaða sakamál barna hún tekur til meðferðar. Nefndinni er kunnugt um, að lögreglustjóri Reykjavíkur er því mjög meðmæltur, að þessi skipan sé gerð. En hann hefir mörg slík mál til meðferðar.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að úrskurðir þeir, sem hér ræðir um, séu í samræmi við gildandi ákvæði í lögum nr. 39 frá 1907 (um skilorðsbundna hegningardóma). Þó er hér ekki ætlazt til, að nefndin þurfi að spyrja ráðuneytið um, hvort hún megi taka börn af heimilum foreldra þeirra.

10. Glæpamanna- og lauslætismyndir kvikmyndahúsa spilla sálarlífi barna og koma þeim stundum beinlínis á lastabraut. Er því eðlilegt, að barnaverndarnefndum sé ætlað að vernda börnin í þessum efnum. — Að sjálfsögðu ber þeim, sem kvikmyndir sýna, að gefa nefndinni eða fulltrúa hennar kost á að sjá myndirnar á undan almenningi.

8. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar.

9. gr.

Aðalhlutverk barnaverndarnefnda er að styðja að því, að börnum geti liðið vel að öllu leyti í foreldrahúsum, eins og 7. gr. ber með sér, — og því er ekki sagt í þessari grein, að nefndinni sé jafnan *skylt*, heldur *heimilt* að ráðstafa börnum annarsstaðar, þegar svo er sem þar er sagt.

Það er sem sé gert ráð fyrir, að nefndarmenn reyni fyrst að hafa góð áhrif á heimilin og börnin, áður en til ráðstafana kemur utan heimilis.

1. liður er í samræmi við 5. gr. laga nr. 39 frá 1907.

2.—5. liður eru í samræmi við vald fátækrastjórna nú samkvæmt 36.—37. gr. fátækralaganna (lög nr. 43 frá 1927) og vald skólanefnda að því er óskilgetin börn snertir, sbr. 34. gr. laga nr. 46 frá 1921.

10. gr.

Reynslan sýnir, að meiri hluti „vandræðabarna“ kemur frá „vandræðaheimilum“, og þar er sjaldan um mikla ráðhlýðni eða gestrisni við góðar leiðbeiningar að ræða, — enda færu þá „vandræðin“ bráðlega. Svipað má og segja um sum heimilin, sem 3. og 4. stafl. í 9. gr. ræðir um.

Fyrir því gera öll barnaverndarlög ráð fyrir, að stundum verði að taka börn frá heimilum þeirra þvert ofan í vilja foreldranna og reynslan sú, að það

komi helzt til framkvæmda gagnvart þeim heimilum, sem börnum eru allra óhollust; blindni og þverúð gagnvart öllum hollum ráðum haldast þar oft í hendur.

Þetta eru heldur engin nýmæli í íslenzkum lögum að öðru leyti en því, að barnaverndarnefnd sé vald fengið, sem ráðuneytið, valdsmaður og fátækrastjórn hafa nú. (Sbr. lög nr. 39 frá 1907, 5. gr., lög nr. 46 $^{27}/_{6}$ 1921, 33. og 34. gr., og lög nr. 43 frá $^{31}/_{5}$ 1927, 36. gr.).

Að sjálfsögðu verður ekki mikill meiri hluti nefndarinnar sammála um að gera þá ráðstöfun fyrr en leiðbeiningar og aðvaranir hafa reynzt árangurslausar og velferð barnsins sú hætta búin, að rangt væri að fresta framkvæmdum.

Komið hefir fyrir hérlendis, að foreldri hefir sótt barn sitt aftur þvert ofan í ráðstöfun ráðuneytis eða sveitarstjórnar og borið fyrir sig, að slíkt væri hvergi beinlínis bannað í íslenzkum lögum. Þess vegna er það bannað síðast í 10. gr.

11. gr.

Gera má ráð fyrir, að verulegir gallar séu á hverju því barnaheimili, sem meiri hluti nefndar vill taka börn frá, þótt lögboðinn meiri hluti sé því ekki meðmæltur, og því sanngjarnt, vegna barnanna, að yfirbarnaverndarnefnd rannsaki og úrskurði málið.

12. gr.

Góðir heimilisráðendur kjósa að losa heimili sín við fólk, sem spillir því og velferð barna heimilisins, og gætu þá haft stuðning af þessari grein. En þar sem kæruleysi ræður eða annaðhvort heimilisráðenda er sjálft í sökinni, kemur þetta ákvæði sérstaklega til greina. Þess eru dæmi hérlendis, að t. d. drykkfeldur heimilisfaðir gerspillir svo heimili sínu, að fátækrastjórn hefir tekið börn hans brott þvert ofan í vilja móður þeirra, sem þó hafði engan kjark til að kæra framferði húsbóndans. — Væri hitt sanngjarnara, að hinum seka væri komið á vinnuhæli, ef aðvörun kemur ekki að liði.

Þegar slík ráðstöfun er ekki gerð fyrr en eftir opinbera rannsókn, er hún sízt strangari en þegar menn eru sviptir lögræði fyrir t. d. eyðslusemi. (Sbr. lög nr. 60 frá 1917, 5. gr.).

13. gr.

Slíkt aðhald þykir sjálfsagt í öllum barnaverndarlögum.

14. gr.

Uppeldisfræðingar eru sammála um, að jafnan sé ástæða til sérstakrar athugunar á sálarlífi þeirra barna, sem hér ræðir um, og þegar barnahælum fjölgar, má búast við, að sú athugun geti farið fram í einhverju þeirra.

15. gr.

Nefndin hefir ekki talið hlutverk sitt að gera tillögur um breytingar á fjármálum fátækralaganna, og tekur því hér upp hliðstæð ákvæði í 37. gr. þeirra laga.

Hitt er annað mál, að aðrar þjóðir ætlast til, að ríkissjóður beri verulegan hluta af kostnaði af þeim barnaheimilum, sem barnaverndarnefndir nota.

16. gr.

Hérlend reynsla sannar, að oft er mjög erfitt að sanna illa meðferð á börnum, þótt margir skrafi um hana í sinn hóp.

17. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa.

18. gr.

Samvinnan er sjálfsögð, en mjög eru skoðanir skiptar, að því er aðkomin svör sýna, um hvort ráðlegt sé að treysta því, að sveitaheimili geti til lengdar verið uppeldishæli fyrir kaupstaðabörn.

19. gr.

Þarf ekki skýringar.

II. KAFLI.

20. gr.

Þessi nefnd þarf að hafa margbreytta reynslu og þekkingu.

21.—22. gr.

Þar sem búast má við, að flest mál, sem þessi nefnd þarf að sinna, komi úr Reykjavík eða nágrenni hennar, og forðast ber kostnað við mikil ferðalög, er eðlilegast, að nefndarmenn séu þar búsettir, en eigi fulltrúa í fjarlægum héruðum til eftirlits með hinum nefndunum og rannsóknar á málum, sem þaðan koma.

23.—24. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

25. gr.

Reynslan verður að skera úr, hvað starf nefndarinnar verður mikið, og því erfitt að ákveða nokkuð í lögum um, hvaða þóknun henni ber.

26. gr.

Breytingar á eldri lögum, sem hér er bent til, eru aðallega þessar:

1. Barnaverndarnefnd má, er hún óskar, rannsaka og úrskurða sakamál barna.

2. Hún dæmir um, en ekki ráðuneytið, valdsmaður né fátækrastjórn, hvaða heimili séu óhæf börnum.

3. Hún annast þá barnavernd, sem fátækrastjórn og skólanefndir kaupstaða hafa nú að eldri lögum".

Reykjavík, 8. marz 1932.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ásmundur Guðmundsson, Helgi Hjörvar, Jónína Jónatansdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigurbjörn Á. Gíslason.

Fylgiskjal.

TAFLA

tekin saman eftir bókum lögreglunnar í Reykjavík, er sýnir tölu og aldur þeirra, er hafa sætt kæru fyrir þjófnað, þjófnaðarhilmingu og rán á tímabilinu frá 1. janúar 1920 til 2. desember 1930.

Aldur kærðra	1920	1921	1922	1923	1924	1925	1926	1927	1928	1929	1930	Alls
Yngri en 10 ára	„	1	4	„	2	1	7	„	„	„	1	16
10—15 ára ..	5	5	26	11	15	10	7	18	6	11	21	135
15—18 ára ..	5	5	8	15	2	7	9	3	9	8	„	71
Eldri en 18 ára	24	26	22	20	22	17	40	22	19	20	14	246
Alls	34	37	60	46	41	35	63	43	34	39	36	468

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. des. 1930.

Hermann Jónasson.

Nd. 157. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Stimplaðar skulu samkv. A-flokki 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 5, 3. apríl 1928, eftirtaldar vörur: Egg og eggjaduft. Niðursoðin mjólk, mjólkurduft. Prjónagarn, úr hverju efni sem er.

Í stað orðanna: „Garn allskonar" i B-flokki sömu greinar skal koma: Garn, annað en það, sem verðtollur er á samkv. A-flokki.

Orðin í B-flokki: „Grænmeti nýtt" og „Niðursoðin mjólk" skulu falla burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bannaður er nú innflutningur á ýmsum framleiðsluvörum landsmanna, svo sem fiski og fiskmeti allskonar, kjöti og kjötmeti og mjólkurafurðum, svo sem ostum og smjöri, enda þarflaust með öllu að flytja slikar vörur til landsins. Um vörutegundir þær, sem hér er gert ráð fyrir að leggja á verðtoll, er það að segja, að í þeim efnum geta landsmenn nú orðið verið sjálfum sér nógir að langsamlega mestu leyti, og vantar ekki nema herzlumuninn, að svo sé að öllu.

Íslenzk ull er nú að heita má verðlaus og óseljanleg á erlendum markaði, en miklar framfarir orðnar í landinu á öllum sviðum klæðagerðar, bæði í spuna og vefnaði. Má í því sambandi benda á, að verksmiðjur hér eru farnar að framleiða prjónles, sem að efni og gæðum tekur langt fram samskonar vörum erlendum, sem keyptar eru til landsins fyrir mörg hundruð þús. króna árlega. En á prjónagarni er nú enginn verðtollur.

Eigi þarf að lýsa því, að framleiðsla mjólkur í landinu er landsmönnum nægta nóg. Er nú um það bil að taka til starfa mjólkurniðursuðuverksmiðja í Borgarfirði, sniðin eftir fullkomnum fyrirmyndum erlendum, og til hennar fenginn þrautreyndur sérfræðingur í þeirri grein. Verksmiðja þessi getur þegar fullnægt þörfum vorum í þessu efni, og getum vér því með öllu sparað það mikla fé, sem árlega fer út úr landinu fyrir niðursoðna mjólk.

Alifuglarækt og eggjaframleiðsla hefir aukizt mjög hin síðari ár, hefir tvöfaldazt á síðustu 6 árum og er nú mjótt á munum, að séð sé fyrir þörfum vorum.

Grænmetisrækt er þegar komin á allgóðan rekspöl hér á landi, og þykir rétt að hlynna að þeirri viðleitni með því að nokkur verðtollur sé lagður á innflutt grænmeti, og er því lagt til að fella það niður úr undantekningarákvæðum laganna og láta það þar með koma undir almenna verðtollsflokkinn.

Frumvarp þetta miðar að því að efla sjálfstæði íslenzkra atvinnuvega og bæta afkomu landsmanna.

Nd. 158. Nefndarálit

um frumvarp til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara (þskj. 18).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með frumvarpinu að efni til og telur, að full þörf sé á, að meira eftirlit verði sett um íþrótta- og leikfimikennslu í landinu og henni meiri sómi sýndur en verið hefir. Hinsvegar vill nefndin breyta allverulega orðalagi og formi frumvarpsins. Þá telur hún og

rétt, að þeir, sem próf tækju erlendis eða heima í einstökum greinum hins áskilda náms, gætu fengið prófgögn sín metin gild án þess að ganga undir próf aftur, ef kröfum þeim, sem gerðar verða, er fullnægt áður. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Í stað 2. gr. komi 2 greinar, 2. og 3. gr., er orðist svo:

a. (2. gr.).

Kennslumálaráðuneytið setur reglur um leikfimi- og íþróttakennslu, þar sem höfð er full hliðsjón af mismunandi aðstöðu hinna ýmsu skóla og kröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar.

b. (3. gr.).

Prófnefnd 3 manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, dæmir um kunnáttu þeirra manna, sem vilja starfa sem íþrótta- eða leikfimikennarar samkvæmt 1. gr. Leggur nefndin úrskurð á, hvort þeir skuli ganga undir próf að öllu leyti eða í einstökum greinum, eða hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Prófnefndin skal skipuð til 3 ára í senn, og fær hún þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við ríkisskólana. Rétt er prófnefnd að kveðja sér til aðstoðar, er henni þykir þess þörf, tvo sérfróða menn, og hafa þeir þá atkvæðisrétt sem hinir reglulegu nefndarmenn.

Alþingi, 11. marz 1932.

Sveinbjörn Högnason, form. og frsm. Guðbr. Ísberg. fundaskrifari. Einar Arnórsson.

Bernh. Stefánsson. H. Stefánsson.

Ed. 159. Frumvarp

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar

til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sem og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að fram-

færa hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartimann og ekki yfir 5 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur i sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verður sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slikum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu né framfærslumanni þess.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir ekki efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá fram-

færslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um framfærslurétt.

20. gr.

Ríkið allt er sameiginlegt framfærslufélag, og á hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslurétt í dvalarsveit sinni.

21. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

22. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist

hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétti hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

23. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

24. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

25. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

26. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

27. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

28. gr.

Sóknarprestar og kennarar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 26. og 27. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti eða kennara þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og geta eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

30. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn visa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Kaupgjald við slíka vinnu skal eigi vera lægra en kauptaxti verklýðsfélaga segir fyrir um.

IV. KAFLI.

Um endurgreiðslu framfærslustyrks.

31. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

32. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri, og
b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

33. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna ástæðna þiggjanda. Áður veittan styrk er sveitarstjórn heimilt að gefa eftir hvenær sem er.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna ómegðar þiggjanda, og styrkþegi á minnst 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en minnst 2 börn, ef kona á í hlut, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna slysa eða heilsuleysis þiggjanda, og styrkþegi sannar með vottorði læknis, að hann hafi þess vegna verið ófær til vinnu minnst 3 mánuði í senn, telst ekki sem framfærslustyrkur.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja hon-

um fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem greidd er með venjulegu kaupgjaldi, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um

næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit.

43. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

Í yfirliti yfir framfærslukostnað er sveitarstjórn heimilt að telja með fátækrakostnaði fé það, sem varið hefir verið til atvinnubóta í bæjar- eða sveitarfélaginu, svo og styrki til sjúkrasamlaga og til annarar tryggingarstarfsemi, sem ætla má að létti beinan framfærslukostnað.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar skal fara eftir gildandi fasteignamati og tekju- og eignarframtali ársins á undan.

44. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra styrkþurfa með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað og aldur styrkþurfa. Sé hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifzt.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið framfærslustyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og styrkþurfa sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, sem hentast er.

Ef barn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

45. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

46. gr.

Ef framfærsluþurfi fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir dvalarsveit hans ⅔ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru

leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Frumv. hefir verið borið fram á tveim undanförnum þingum og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumv. það til framfærslulaga, sem hér er fram borið, er að mestu gagngerð breyting á núgildandi fátækralögum, og þykir hlýða að gera hér grein fyrir nokkrum helztu atriðum þess.

I. kafli þessa frv. (1.—19. gr.) er í öllum aðalatriðum óbreyttur eins og hann er í núgildandi lögum. Breytt er að vísu um orðalag, t. d. er orðið „sveitarstyrkur“ eigi notað, heldur „framfærslustyrkur“, og er það meira í samræmi við efnisbreytingar þær, sem gerðar eru á lögunum.

Aðalbreytingin kemur fyrst fram í II. kafla frv. (20.—22. gr.) Eftir því er ríkið allt eitt sameiginlegt framfærslufélag og á þá hver maður framfærslu í dvalarsveit sinni. Er þar með komið í veg fyrir allt þref og þjark milli sveitarstjórna út af styrkveitingum veittum úr sveitarsjóði og út af sveitfestinni. Sömuleiðis falla þá úr lögum hinn leiði fátækraflutningur og hinir miklu hrakningar, sem fátækt fólk hefir þolað þess vegna fyrr og síðar. Eftir frv. á hver maður rétt á framfærslustyrk hjá sveitarfélagi því, er hann dvelur (þ. e. er búsettur) í, án tillits til þess, hvar hann er fæddur, eða þótt hann hafi dvalið lengur annarsstaðar. Þá hættir og þar með „að vinna sér sveit“, sem svo er kallað, og oft hefir verið fátæklingum kvíðaefni og valdið sveitarstjórnum oft miklum heilabrotum

og áhyggjum, hvernig þær ættu að losna við févana ómagafólk, áður en sveitfestistiminn væri útrunninn.

III. kafli (23.—30. gr.), um styrkveitingar, er að miklu óbreyttur frá núgildandi lögum. Þó er það nýtt, að kennarar hafi ásamt sóknarprestum eftirlit með því, að vel sé farið með börn í umdæmi þeirra eða sókn, er fá uppeldisstyrk frá sveitarfélagi eða er ráðstafað af fátækrastjórn. Einnig skulu þeir líta eftir því, að öðrum, er framfærslustyrks njóta og ráðstafað er af sveitarstjórn, líði vel, og vanda um, ef misbrestur verður á.

Þá er og lögð áherzla á, að vinnandi mönnum, er þrengir að um stund (30. gr.), sé útveguð vinna við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Öll bæjar- og sveitarfélög hér á landi eiga mörg og nauðsynleg verk ónunnin, og er sjálfsagt að veita fullvinnandi mönnum atvinnu við þau, frekar en að greiða framfærslustyrk úr sveitarsjóði og fá ekkert í aðra hönd.

Eftir IV. kafla (31.—41. gr.) er sá, er þiggur framfærslustyrk, skyldur að endurgreiða sveitarfélagi (dvalarsveit) þeginn styrk, svo sem verið hefir. Í núgildandi lögum er styrkur, veittur sextugu fólki eða eldra, eigi talinn sveitarstyrkur (framfærslustyrkur) og varðar eigi réttindamissi. Er þetta rýmkað verulega í frv. og látið ná til þeirra, er þurfa að þiggja styrk vegna ómegðar, slysa eða heilsuleysis. Þá er og sveitarstjórn heimilt að gefa eftir áður veittan framfærslustyrk (sveitarstyrk) hvenær sem er (33. gr.).

Greinar frv. í V. kafla eru um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Í 42. gr. er svo ákveðið, að þarfnist maður framfærslustyrks, þá skuli hann veittur af dvalarsveit. En dvalarsveit verður að teljast sú sveit, þar sem maður er búsettur eða heimilisfastur, því vitanlega kæmi ekki til mála, að maður, sem t. d. væri á ferðalagi, gæti fengið framfærslustyrk hjá sveitar- eða bæjarfélagi, er hann er staddur í í þann og þann svipinn.

43. gr. ræðir um niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Atvinnumálaráðuneytið jafnar þessum kostnaði niður, eftir reglum þeim, er settar eru í greininni. Er í niðurjöfnun miðað við tvennt, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við skattmat allra fasteigna í landinu, og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, einnig í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Til mála gæti komið að taka hér fleira til greina, svo sem framlög og útgjöld til sameiginlegra félagsmála sveitar, minnka þörfina fyrir framfærslustyrk; taka mætti og til greina kostnað við framkvæmdir sveitarfélags, sem gerðar eru í atvinnubótaskyni, til að forða mönnum frá því að þurfa að þiggja framfærslustyrk.

Rétt þykir, að atvinnumálaráðuneytið úrskurði reikninga yfir veittan framfærslustyrk, bæði einstaka reikninga yfir veittan styrk, svo og heildarreikninga yfir fátækrakostnað sveitarfélags.

Hér er ákveðið, að yfirlit yfir framfærslukostnað sveitarfélags verði sent atvinnumálaráðuneytinu ekki síðar en 1. marz árið eftir, og niðurjöfnun fátækrakostnaðar og innheimtum verði lokið fyrir 1. júlí.

Má sjálfsagt um það deila, hvort hér eru settir nægilega langir frestir, en eigi má niðurjöfnun dragast mikið lengur en hér er ákveðið.

Með þeirri jöfnun á fátækrakostnaði, sem hér er gerð, bera vel stæð

hreppsfélög, ef þau hafa lítinn framfærslukostnað, nokkuð af fátækrabyrði hinna fátækari hreppsfélaga, og verður það að teljast réttlátt.

Í 44. gr. er því haldið, að miklu óbreytt, að taka skýrslu af framfærsluþurfa; getur slík skýrsla fylgt yfirlitinu yfir fátækrakostnað til stjórnarráðsins.

Þótt allt það þref og þras, er nú stendur milli fátækrastjórna um sveitfesti styrkþurfa og fátækraflutninga, hverfi, ef frv. verður samþykkt, þá þykir þó varlegra að halda því ákvæði, að yfirvald, og síðan ráðherra, ef máli er til hans skotið, skeri úr ágreiningi, er upp kann að koma milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt þessum lögum (45. gr.).

VI. kafli (46.—49. gr.) ræðir um styrk úr ríkissjóði; þar er gerð sú aðalbreyting, að framfærslustyrkur, sem veittur er erlendis, og nú er greiddur af framfærslusveit, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Flutningsmönnum er það ljóst, að mikill vandi er að gera gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni, svo að hvergi verði snurða á framkvæmd eftir lögunum, þá er þau verða tekin til eftirbreytni. Er og margt, er betur sést síðar, þá er menn hafa notað lög um stund, er eigi varð komið auga á við samning þeirra. Sjálfsagt má og finna einhverja galla á frumvarpi þessu, en varla ættu þeir að vera meiri en svo, að vel mætti laga þá í þingnefnd, ef með alúð væri að því unnið".

Sú viðbót hefir verið felld inn í 43. gr., að sveitarfélagi sé heimilt að telja með fátækrakostnaði fé það, sem greitt hefir verið til atvinnubóta, og styrkveitingar til tryggingarstarfsemi.

Nd. 160. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Við 2. gr. A. I. a. 6. Nýir liðir:

a. Miðá á Skógarstrandarleið í Dalasýslu.
b. Hörðudalsá á Skógarstrandarleið í Dalasýslu.

Nd. 161. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning laga um ábúð á jarðeignum hins opinbera.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um ábúðarrétt leiguliða á jarðeignum, sem eru í eign hins opinbera.

Nd. 162. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50, 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundson, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Lög nr. 31, 20. október 1905, um sölu þjóðjarða, og lög nr. 50, 16. október 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við flm. þessa frv. höfum á þskj. 149 lagt fyrir Alþingi frv. til laga um verðhækkunarskatt, er renni í sérstakan sjóð, sem varið sé til þess að kaupa í opinbera eign lóðir og jarðeignir. Leiðir af því, að frá okkar sjónarmiði er sjálfsagt, að hætt sé að selja jarðir úr opinberri eign.

Með lögum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða var ráðherra gefin heimild til þess, með vissum takmörkunum, að selja ábúendum slíkar jarðir. Orkar það vart tvímælis lengur, að lagasetning þessi hefir orðið til hins mesta ógagns. Verðmætar fasteignir hafa flutzt úr eign hins opinbera í eign einstakra manna, oftast fyrir sáralítið verð. En það takmark, sem talið var að ætti að nást fyrir tilstilli þessara laga, að sem flestir bænda gætu eignazt jarðir sínar, er ennþá jafnfjarri þrátt fyrir lög þessi.

Með réttlátri ábúðarlöggjöf má auðveldlega tryggja ábúendum opinberra jarðeigna full not og arð umbóta þeirra, sem þeir sjálfir gera á jörðunum. Við flm. flytjum því á þskj. 161 tillögu til þingsályktunar þess efnis, að neðri deild Alþingis skori á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um ábúðarrétt leiguliða á jarðeignum, sem eru í eign hins opinbera.

Nd. 163. Breytingartillögur

við frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 12. gr.

Í stað orðanna »látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á dyraspjöldum« komi: látlausar auglýsingar í

blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dýraspjöldum.

2. Við 20. gr. Aftan við greinina bætist: en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

Nd. 164. Frumvarp

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu og framfærslurétt.

1. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

2. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

3. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eigimanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

4. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

5. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

6. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sin og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

7. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

8. gr.

Hver sá maður, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er hann sjálfur og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu — og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda sé ekki öðrum, sem til þess eru megnugir, skylt að framfæra hann (sbr. 1.—7. gr.) — á rétt á framfærslustyrk úr almennum sjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

9. gr.

Um framfærsluskyldu húsbænda við vistarfólk sitt fer eftir hjúalögum.

10. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

11. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ó-

læknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

13. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

14. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um skipting í framfærsluhéruð og sveitfesti.

15. gr.

Landið skiptist í sérstök framfærsluhéruð. Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sérstaka sveitarstjórn, er framfærsluhérað fyrir sig.

16. gr.

Börn, skilgetin, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef aðeins annað foreldrið er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og eiga þá börnin framfærslurétt þess foreldris, er síðar andaðist, þangað til þau eru fullra 16 ára og öðlast framfærslurétt sjálfstætt. Ef báðir foreldrar eru á lífi og hjónabandi þeirra er slitið að lögum, þá á barnið framfærslurétt með móður sinni.

17. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

18. gr.

Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem á íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslu í því sveitarfélagi, þar sem hann á að eignast lögheimili. Nú á maður fleiri heimili en eitt, og á hann þá framfærslurétt þar, sem aðalheimilið er. Komi upp vafi um löglegt heimilisfang, sker sýslumaður eða bæjarfógeti í því héraði, sem framfærslumaður dvelur í, úr. Skjóta má úrskurði hans til ríkisstjórnarinnar, og er úrskurður hennar fullnaðarúrskurður, nema málið geti heyrt undir dómstóla.

19. gr.

Kona gift á sveitfesti þar, sem maður hennar á sveitfesti, þótt hún dvelji eða sé búsett í öðru framfærsluhéraði. Ekkja og kona skilin að lögum við mann sinn öðlast sveitfesti sjálfstætt.

20. gr.

Framfærsluréttur og framfærsluskylda hefst með þeim degi, er maður öðlast löglegt aðalheimili í sveitinni, og helzt þar til hann öðlast lögheimili í annari sveit á sama hátt.

21. gr.

Eigi öðlast maður framfærslurétt með dvöl í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða fangahúsi. Slík dvöl raskar eigi sveitfesti (framfærslurétti og framfærsluskyldu) þeirri, er maður átti áður.

22. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

23. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétti hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

24. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

25. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

26. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

27. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

28. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

29. gr.

Sóknarprestar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 27. og 28. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

30. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

31. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi.

IV. KAFLI.

Um vald sveitarstjórna yfir þurfamönnum og um endurgreiðslu framfærslustyrks.

32. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

33. gr.

Sveitarstjórn ákveður innan 3 mánaða frá því að framfærslustyrkur var veittur, hvort hann skuli teljast afturkræfur eða ekki. Skal það metið eftir ástæðunum til styrkþarfarinnar, svo sem elli styrkþega, ómegð hans, veikindum hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri, eða óhöppum. Ákvörðun sveitarstjórnar getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Styrkur, sem veittur er sextugum manni, telst ellistyrkur og má aldrei teljast afturkræfur.

Framfærslustyrkur, sem ákveðst vera óafturkræfur, veldur engum missi mannréttinda.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem bau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn

sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnilega þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks svo fyrirvaralaust, að eigi er ráðrúm að fá hann frá framfærslusveit, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit, en hún á aftur kröfu um endurgreiðslu af framfærslusveit.

43. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveitarstjórn eða fátækrastjórn afla nákvæmra upplýsinga um heimilisástæður hans og hag yfirleitt, og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn. Skulu þær upplýsingar skráðar í gerðabók sveitarstjórnar eða fátækrastjórnar.

44. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Jöfnuður framfærslukostnaðar og sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

45. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. júní næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem

hún hefir haft á árinu, sannaðan með nægum skilríkjum. Þegar hreppsreikningur hefir verið endurskoðaður innan hrepps og af endurskoðanda sýslunefndar og samþykktur af sýslunefnd, og þegar reikningur kaupstaðar hefir verið endurskoðaður af tveim mönnum, öðrum skipuðum af bæjarstjórn, en hinum af atvinnumálaráðherra, samþykktur af bæjarstjórn og atvinnumálaráðherra, þá teljast þeir fullt sönnunargagn fyrir upphæð framfærslukostnaðar.

Atvinnumálaráðuneytið reiknar síðan út framfærslukostnað alls landsins og hvers framfærsluhéraðs fyrir sig, að hálfu eftir samanlögðu skattamati fasteigna og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skattskyldra eigna og tekna af eign og atvinnu.

46. gr.

Nú fer þungi framfærslustyrks einstakra framfærsluhéraða meira en 20% fram úr meðalþunga framfærslustyrks, þegar miðað er við land allt (sbr. 45. gr.) og skal ríkissjóður þá endurgreiða það, sem þar er umfram, þó aldrei lægri upphæð en 200 krónur.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Með þeirri tilhögun á fátækraframfærslunni, sem stungið er upp á með frv. þessu, er ætlað að bæta úr því herfilega ranglæti, sem átt hefir sér stað um misþunga í álögum til almennra opinberra þarfa, eftir því hvar menn eru búsettir á landinu. Vísast um það til almennrar vitneskju, sem ekki getur dulizt þingmönnum.

Meginbreytingar frv. á þeirri tilhögun, sem er og verið hefir á þessum málum, eru tvær:

1. Afnám tiltekinnar dvalar og fæðingarréttar til sveitfesti í einstökum framfærsluhéruðum.
2. Jöfnuður á misþunga framfærslukostnaðar úr ríkissjóði.

Af þessum höfuðbreytingum leiðir allmikla röskun á fátækralögunum.

Reynslan mun sýna, að hin fyrrnefnda breyting mun af sjálfu sér jafna mjög fátækraframfærið, svo að það fari nær því, sem eðlilegt er, en hið síðara tryggir það til fulls, að um áberandi misrétti verði ekki að ræða.

Annar ávinningur við þetta fyrirkomulag er sá, að hinir illræmdu þurfamannaflutningar hverfa úr sögunni af sjálfu sér, og sömuleiðis að mestu eða öllu allar erjur og skriffinnska út af sveitfesti.

Að ekki er fallizt á þá tilhögun, að landið sé óskipt eitt framfærsluhérað, er eingöngu af ótta við það, að það myndi auka að verulegum mun byrðar þjóðarinnar til framfærslukostnaðar þurfamanna.

Ef þingið daufheyrist við þessum eða öðrum tillögum til réttingar þessara mála, þá er ekki annar úrkostur þeirra manna, sem vilja ekki fyrir þjóðarinnar hönd una því ranglæti, sem nú er um þessi mál, en að sameinast um þá tillögu að gera landið að einu óskiptu framfærsluhéraði. Aukin útgjöld til þessara þarfa eru betur viðunandi en það ranglæti, sem ríkt hefir og hlýtur að ríkja með núverandi fyrirkomulagi þessara mála.

Aðrar verulegar breytingar en þær, sem leiðir af fyrrnefndum höfuðbreytingum, eru þessar:

1. Um framfærsluskyldu húsbænda við hjú er vísað til hjúalaga á sama hátt og um skyldur útgerðarmanna við skipverja og lærimeistara til iðnnema (9.—14. gr. fátækralaga).
2. Nokkur röskun á IV. og V. kafla laganna.
3. Felldur niður sérstakur styrkur úr ríkissjóði samkv. 66. gr. Mun sparnaður ríkissjóðs af þeirri breytingu langt til hrökkva fyrir útgjöldum hans til jöfnunar fátækraframfærisins.

Nánari vitneskja um breytingar mun koma fram við umræður.

Nd. 165. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast þannig:

Reykjavíkurhöfn nær yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, og takmarkast landmegin af strandlengjunni frá takmörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkurkaupstaðar að vestan, að Geldinganesi, og einnig yfir skipalægi framundan strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsgr. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

Þar sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Sameining Skildinganeskauptúns við Reykjavík gerir það nauðsynlegt, að fyrirmæli sé sett í lög um höfn þar og hafnarvirki. Nánar í framsögu.

Nd. 166. Nefndarálit

um frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. (Þskj. 35).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta virðist að ýmsu bæta úr brýnni þörf á sviði löggjafarinnar, og yfirleitt vera vel undirbúið frá hendi flutningsmanns. Telur nefndin, að það muni, ef að lögum verður, styrkja gagnkvæmt traust milli almennings og þeirra, er lækningar stunda, þar sem það kveður skýrara á, bæði um réttindi og skyldur þeirra á milli en verið hefir, og yfirleitt stefna í þá átt, að koma á fastara og betra skipulagi og réttaröryggi í þessum málum. — Fyrir því ræður nefndin deildinni til að samþykkja frumvarpið. Tveir nefndarmanna (EA og JÓl) hafa þó áskilið sér rétt til að koma með breytingartillögur við einstök atriði þess og að hafa óbundin atkvæði sín þar af leiðandi. Skrifa þeir því undir með fyrirvara.

Alþingi, 11. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm. Þorleifur Jónsson.

Jón Ólafsson. Einar Arnórsson.

Ed. 167. Tillaga

til þingsályktunar um greiðslu fyrir ljóslækningar styrkhæfra berklasjúklinga.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr ríkissjóði, eins og gert var til ársloka 1929, kostnað við ljóslækningar berklaveikra sjúklinga, sem samkvæmt berkla-

varnarlögunum eru úrskurðaðir af stjórnarráðinu hæfir til ókeypis læknishjálpar. Greiðslan skal fara eftir samningi, sem landlæknir gerir frá ári til árs við ljóslækningastofur, enda séu þær viðurkenndar af yfirlækni ljóslækningadeildar landsspitalans og landlækni.

Greinargerð.

Síðan í árslok 1929 hefir ekkert fengizt greitt úr ríkissjóði fyrir ljóslækningar styrkhæfra berklaveikisjúklinga nema þeir hafi legið í landsspítalanum eða öðruhvoru heilsuhælanna eða átt heima í Reykjavík. Önnur hrepps- og bæjarfélög, sem ekki hafa getað sent þessa sjúklinga á þessa staði, en hafa haft starfræktar ljóslækningastofur heima í héraði, hafa orðið að greiða þennan kostnað í viðbót við berklavarnarstyrkinn, og sjá allir, hvílíka ósanngirni þessi bæjarfélög eiga við að búa.

Ed. 168. Nefndarálit

um frv. til laga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands (þskj. 11).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að rétt sé að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 9. marz 1932.

Ingvar Pálmason,	Einar Árnason,	Jakob Möller,
form.	frsm.	fundaskr.

Ed. 169. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 42, 14. júní 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1929 orðist þannig:

Nú verður meira framboð af síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það, svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn verksmiðjunnar til þriggja ára í senn. Gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórn verksmiðjunnar kýs sér formann úr sínum flokki, ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn, ákveður starfssvið hans og laun. Hún hefir á hendi sölu afurða verksmiðjunnar með ráði framkvæmdarstjóra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til eins árs í senn og ákveður þóknun fyrir störf þeirra.

Ástæður.

Í lögum nr. 42, 14. júní 1929, um verksmiðju til bræðslu síldar, er svo fyrir mælt, að Síldareinkasala Íslands skuli skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar. Nú hefir síldareinkasalan verið lögð niður, og verður því að gera aðra skipun á um þetta atriði. Meðan ríkissjóður ber ábyrgð á rekstri verksmiðjunnar, virðist vera eðlilegast, að atvinnumálaráðherra skipi alla stjórn hennar, svo sem lagt er til í frv. Um leið og þessi breyting er gerð á lögunum, þykir rétt, eftir bendingu frá stjórn verksmiðjunnar, að breyta 3. gr. laganna að nokkru. Loks er lagt til, að í lögin verði sett ákvæði um endurskoðendur.

Ed. 170. Nefndarálit

um frv. til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga. Hinsvegar fellir hún sig ekki allskostar við orðalag 2. mgr. 1. gr. frv. og flytur því svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað 2. mgr. 1. gr. (»Nú óskar — flytja erindið«.) komi:

Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Alþingi, 12. marz 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Nd. 171. Breytingartillögur

við frv. til laga um kartöflukjalla og markaðsskála (þskj. 92).

Frá Halldóri Stefánssyni.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð ríkissjóðs á hentugum stað í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir garðávexti og grænmeti, sem framleitt er í landinu og ætlað til sölu innanlands. Stærð skálans sé miðuð við það, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum.

Að öðru leyti skal byggingu skálans hagað svo, að hann veiti sem bezta aðstöðu til, að þar geti farið fram sala með markaðssniði á íslenzkum framleiðsluvörum.

Til að reisa byggingu þessa má verja allt að 40000 kr.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Þegar skálinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., framleiðendum íslenzkrar markaðsvöru, er samtök hafa um sölu á framleiðsluvörum sínum.

III. Við 3. gr. Greinin falli niður.

IV. Við 4. gr., er verður 3. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og startrækslu skálans, og semur um leigu fyrir afnot hans.

V. Við 5. gr., er verður 4. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að selja skálann, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi garðmetisframleiðenda, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, sem stjórnin metur gildar. Þó skal sala skálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

VI. Við 6. gr. Greinin verði 5. gr.

VII. Við ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir »kjallara« á fyrra stað komi: skála.

VIII. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um geymslu- og markaðsskála fyrir íslenzkar framleiðsluvörur.

Nd. 172. Frumvarp

til laga um ölgerð og sölumeðferð öls.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Auðunn Jónsson, Hannes Jónsson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Öl, sem hefir undir 2% af áfengi að vigt, telst óáfengt, en sterkara öl telst áfengt.

2. gr.

Um leyfi til ölgerðar og sölu öls, sem ekki telst áfengt, fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. En leyfi til áfengrar ölgerðar getur fjármálaráðherra veitt til 5 ára í senn gegn 40000 kr. gjaldi, sem rennur í ríkissjóð. Þó má eigi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar það er fullgerað.

3. gr.

Um gjald af óáfengu öli fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Af áfengu öli greiðist í ríkissjóð 40 aurar af hverjum lítra, sem framleiddur er til sölu innanlands, en 5 aurar af því, sem út er flutt.

5. gr.

Þeim, er hlotið hafa leyfi til framleiðslu áfengs öls samkvæmt 2. gr., er heimil sala á því til einstakra manna, verzlana og opinberra veitingastaða, þó eigi minna í senn en sem nemur 25 ½-flöskum. Söluleyfi verzlana og veitingastaða er háð samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, og greiðist gjald fyrir, er rennur í viðkomandi bæjar- eða sýslusjóð, og skal það eigi vera minna en 200 kr. árlega fyrir opinbera veitingastaði og 100 kr. fyrir verzlanir. Leyfi þetta gildir til eins árs í senn og framlengist sjálfkrafa, sé því ekki sagt upp af réttum aðiljum a. m. k. þrem mánuðum áður en leyfið er útrunnið ár hvert. Verði leyfishafi brotlegur við gildandi áfengislöggjöf, missir hann fyrirvaralaust söluleyfi það, er hann hefir hlotið samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Fyrirmæli laga um innlendar tollvörutegundir gilda um hið áfenga öl, eftir því sem við getur átt; þar á meðal heimild ráðherra til að setja reglugerð eða reglugerðir, ákveða sektir fyrir brot, um gjaldfrest o. fl.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að innflutningur og notkun hinna svonefndu Spánarvína fer hraðvaxandi, samhliða því, að óleyfileg bruggun eykst í landinu. Öl verður að teljast meðal hinna meinlausustu drykkja, þeirra, sem áfengi er í, og telja margir líklegt, að ef leyft væri að framleiða hér áfengt öl, mundi það draga úr notkun Spánarvínanna. Ölið yrði framleitt hér á landi, og eins og nú er ástatt í heiminum yfirleitt, þykir það og er hinn mesti kostur, að hvert einstakt land þurfi sem minnst inn að flytja. Önnur aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er því að gera tilraun til að draga úr innflutningi áfengra drykkja, en hin aðalástæðan er að bæta úr sívaxandi fjárþörf ríkissjóðs. Líta má á það, að sennilegt er, að ef áfengt öl væri fáanlegt í landinu, mundi talsvert draga úr hinni óleyfilegu bruggun og smyglun. Bruggarar og smyglarar mundu áreiðanlega vera litnir öðrum augum af allmiklum fjölda landsmanna, ef tiltölulega meinlaus drykkur, framleiddur í landinu sjálfu, fæst á löglegan hátt.

Hve miklar tekjur ríkissjóður mundi fá af ölgerð, ef frumvarp þetta yrði að lögum, er ekki unnt að segja. En ganga má út frá, er tímar líða, að þær verði talsverðar. Hér verður engin tilraun gerð til að reikna það út, enda yrði það fremur verkefni þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar.

Aðalatriði frumvarpsins er vitaskuld 2. gr. þess, um að leyfa framleiðslu áfengs öls, og hefir verið minnzt á það hér að framan. Um leyfisbréfsgjaldið og tollinn af ölinu má deila, hversu hátt skuli vera, og er það auðvitað, að um þau atriði eru flm. frumvarpsins fúsir til samninga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að áfengismagn ölsins miðist við vigt, en ekki rúmtak. Er það í samræmi við ákvæði, sem um þetta gilda hvarvetna, þar sem leyfð er framleiðsla áfengs öls, og þykir betur henta í framkvæmd, en hefir ekki þýðingu fyrir styrkleika ölsins, með því að þyngdarhlut má ákveða eftir vild.

Frumvarpið er byggt á þeim grundvelli að raska sem minnst gildandi löggjöf. Tilætlunin er alls ekki að leyfa innflutning áfengs öls, og yfirleitt er ekki hreyft við áfengislöggjöfinni að öðru leyti en því, að framleiðsla áfengs öls og sala er leyfð.

Um allt, er snertir innheimtu gjaldsins, eftirlit með því, að það sé greitt og annað, sem þurfa þykir, er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði með reglugerð. Má um þetta (sbr. 6. gr. frumvarpsins) vísa til laga nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og breyt. á þeim lögum frá 1931 (l. nr. 42 1931), og er ætlazt til, að valdsvið ráðh. eftir þessu frv., ef að lögum verður, sé engu þrengra en eftir hinum nefndu lögum.

Hinar einstöku gr. frv. virðast ekki þurfa skýringar.

Ed. 173. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Halldór Steinsson.

Ríkisborgararétt skal öðlast: Hans Jakob Hansen, fæddur í Danmörku.

Ríkisborgararéttur þessa manns er því skilyrði bundinn, að hann áður en ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að hann eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem hann er fæddur.

Greinargerð.

Hans Jakob Hansen er fæddur í Svendborg í Danmörku 23. okt. 1875. Hann fluttist til Íslands árið 1905, dvaldi fyrst 3½ ár í Hafnarfirði, fluttist þaðan til Reykjavíkur, dvaldi þar í 16 ár. Frá Reykjavík fluttist hann á Hellusand, dvaldi þar 2½ ár og nú síðustu 5 árin í Stykkishólmi. Hann kvæntist 1907 íslenzkri konu. Þau eiga 6 börn á lífi.

Nd. 174. Frumvarp

til laga um hámark launa greiddra úr ríkissjóði og af stofnunum ríkisins.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Engum embættismanni né opinberum starfsmanni, sem hefir að launum úr ríkissjóði 4500 kr. auk dýrtíðaruppbótar eða þar yfir, má án sérstakrar lagaheimildar greiða hærri laun fyrir embættisstörf sín (eða aðalstörf) og aukastörf þau, sem honum kunna að verða falin í þjónustu ríkisins eða stofnana ríkisins, en nemi samtals hámarkslaunum þeim, er embætti hans eða starfi eru ákveðin í launalögum eða öðrum lögum.

Engum starfsmanni við stofnanir ríkisins, né heldur öðrum, má án sérstakrar lagaheimildar greiða fyrir aðalstarf og aukastörf í þjónustu ríkisins eða stofnana ríkisins hærri laun samtals en greiða má fyrir tilsvarandi störf embættismanna eða opinberra starfsmanna, og hæst svo, að nemi hæstu launum embættismanna, þeirra, sem taldir eru í hinum almennu launalögum (l. nr. 70, 28. nóv. 1919).

2. gr.

Enginn embættismaður, opinber starfsmaður né fastráðinn starfsmaður við stofnanir ríkisins, sem tekur laun fyrir störf sín, er nema 4500 kr. auk dýr-

tíðaruppbótar eða meiru, má án sérstakrar lagaheimildar taka að sér önnur launuð störf.

3. gr.

Stofnanir ríkisins eru í þessu sambandi hverjar þær stofnanir, sem ríkið á umráð yfir beint eða óbeint.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Laun þau, sem embættismenn ríkisins taka samkvæmt launalögunum frá 1919, og tilsvarandi laun annara opinberra starfsmanna þola engan samanburð við laun þau, sem tíðkast að greiða starfsmönnum ýmsra ríkisstofnana, og enn síður við kaupgreiðslur til fastra starfsmanna einkafyrirtækja. Hæstlaunuðu embættismönnunum, eins og biskupi, landlækni, póstmeistara og prófessorum, eru ákveðin lægri laun en algengt er að greiða undirtyllum í banka, ef til vill lítið eitt hærri en dæmi eru til að pakkhúsmenn hafi við sumar ríkisstofnanirnar, og hálfdrættingar eru þeir ekki við verzlunarstjóra eða framkvæmdarstjóra í sæmilegri stöðu. Að ekki sé minnzt á það, að fjóra eða fimm slíka hálaunaða embættismenn þarf ef til vill til að jafnast á við í meðallagi heppinn togaraskipstjóra, en fjöldi kaupmanna og braskara eru eða hafa að minnsta kosti verið svo langt þar fyrir ofan, að til þeirra verður ekki náð með neinn samanburð. Til þess að gera hér á nokkurn jöfnuð hefir verið gripið til þess, einkum hér í Reykjavík, þar sem munurinn er mest áberandi og dýrtíðin allt gleypandi, að fela embættismönnum og opinberum starfsmönnum ýms launuð aukastörf fyrir ríkið eða stofnanir ríkisins, en aðrir hafa bjargað sér sjálfir með því að taka að sér einkastörf, og þau stundum umsvifamikil, sér til tekjuauka.

Þetta launafyrirkomulag er vandræðafyrirkomulag, og er hneyksli, að launalögin skuli ekki hafa verið endurskoðuð fyrir löngu síðan. Til embætta og opinberra starfa, að minnsta kosti þeirra, sem meiri háttar eru, á að krefjast fullra starfskrafta þeirra, sem þau rækja, og launa þá samkvæmt því. En þau aukastörf, sem embættismennirnir eða hinir opinberu starfsmenn geta annað með aðalstörfum sínum og til starfsgreinar þeirra geta talizt, eiga þeir þá að sjálfsögðu að vinna án sérstakrar aukaþóknunar. Ef ástæða er til að gera undantekningar frá þessu í einstökum tilfellum, á það ekki að vera neitt stjórnarpukur, heldur á opinber samþykkt Alþingis að liggja fyrir um hvert einstakt tilfelli. Aukastörfin og greiðslur fyrir þau hljóta að koma misjafnlega og órétt-látlega niður og stjórnarvöldunum er með þessu gefinn óþarfur möguleiki til að beita hlutdrægni og þar með hættulegt vald yfir þeim embættismönnum og starfsmönnum, sem kunna að hafa hjartað þar, sem peningarnir eru.

Ég, sem flyt þetta frumvarp, er áður en ég veit af orðinn einn af þessum

bitlingaembættismönnum, með því að hafa nýlega sótt um og fengið embætti og tekið við því eins og það hafði verið búið fyrirrennara minum. Og þó að mér hafi enn ekki verið sýndur neinn ójöfnuður, og þó að ég láti mér í léttu rúmi liggja níð pólitiskra andstæðinga og öfundarmanna, sem reyna nú að fá fólk til að halda, að hér sé um að ræða persónuleg fríðindi mér til handa, er ég hafi jafnvel búið mér sjálfur með óheiðarlegu móti, og óþekkt séu áður eða við tilsvarandi embætti, þá kann ég engu að síður illa þessu fyrirkomulagi og býðst hér með til að taka afleiðingunum af því fyrir mitt leyti, að með öllu sé fyrir slíkt girt, ef eitt verður látið yfir alla ganga með samþykkt þessa frv.

En afleiðingarnar verða þær, að embætti það, sem ég hefi, og er nú með aukastörfunum þriðjungi verr launað en staða sú, er ég sleppti fyrir það, þó að ég hefði getað mælt mér þar í stærri málum eftir beztu fyrirmyndum, verður eitt allra lélegasta ef ekki lélegasta læknisembættið á landinu. En ekki býst ég við, að það þurfi að standa autt fyrir það, því að alltaf eru læknar til, sem lítils eiga úrkosta fyrir heilsuleysi eða annað, að ógleymdum smáskammtalæknum, sem því mundu fúsir sinna, ef talið yrði fullnægjandi.

En verr getur farið um önnur störf. Því að þó að reynt sé í frv. að koma á sem mestum jöfnuði á milli embættismanna og starfsmanna ríkisins og starfsmanna við stofnanir ríkisins, verða einkastörfin hættulegir keppinautar. Í minni starfsgrein bendi ég á landsspítalann, sem að sjálfsögðu yrði að loka, ef frv. yrði samþykkt að öðru óbreyttu. En auðgert er að setja sérstök lög um launakjör yfirlæknannna þar, og er ekki lengi verið að því. Er raunar vissara fyrir væntanlega nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, að svipast víðar um, hvort ekki beri nauðsyn til að gera annarsstaðar tilsvarandi ráðstafanir.

En vissasta leiðin til þess að spekja embættismennina og hina opinberu starfsmenn og sætta þá við launakjör í einhverju hlutfalli við ástæður almennings í landinu, væri það, að hið opinbera næði sér niðri á hátekjumönnum einkafyrirtækjanna, sem eru til siðspillingar öllu opinberu lífi, og gera raunar launamál ríkisins óleysanleg. Hversu sem sköttum yrði fyrir komið, mundu þeir verða kák eitt, og er ráðið aðeins eitt: Slík hálaunandi einkafyrirtæki eiga ekki að vera til.

Ekki þótti fært að láta aðalákvæði þessa frv. ná til láglaunamanna, svo sem ýmsra skrifara og aðstoðarmanna, barnakennara, tollheimtumanna, presta og annara vesalinga ríkisins. En fyrir vikið eiga þeir á hættu að verða ósanngjarnlega misjafnað, bæði af hlutdrægni og öðru, og þeir, sem lítilsigldir eru, að leiðast í allskonar freistingar, eftir því hver útdeilir brauðinu. Og verður ekki í allt séð.

Í ráði var, að þm. G.-K. (ÓTh) flytti þetta frv. með mér, en þegar til kom, vildi hann ekki líta við því. Þá sneri ég mér til 2. þm. Reykv. (EA) og 4. þm. Reykv. (MJ), en þá hugði ég kunna bezt að vita, hvar skórinn kreppir í þessu efni. Báðir voru þó ófáanlegir til að gerast meðflutningsmenn, þó að ólíklegt kunni að virðast.

Ed. 175. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta var borið fram í neðri deild af samgöngumálanefnd og tók þar nokkrum breytingum.

Sú ástæða er fyrir frv., að félag eða félagasamband í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefir ákveðið að koma á loftsamgöngum milli Ameríku og Evrópu eftir hinni svonefndu norðurleið, þ. e. um Grænland, Ísland og Færeyjar til Kaupmannahafnar og Lundúna. Samgöngur slíkar sem þessar eru tiltölulega nýjar og því lítt þekktar hér á landi, en þó nægilega mikið til þess, að fyrirfram er það vitanlegt, að þær munu, einkum í byrjun, reynast fjárfrekar, og að þeir, sem hafa þær með höndum, eiga yfir höfðum sér allmikla fjárhagslega áhættu. Frumvarpið gerir líka fullkomlega ráð fyrir, að frá hálfu íslenzka ríkisins verði á þessar ástæður litið. Er ætlazt til, að félaginu verði veitt undanþága frá miklum almennum gjöldum, hæði til ríkis og sveitarfélaga, hin sérstaka gjaldskylda eftir frv. er lítil og léttbær, í það minnsta fyrir fyrstu 10 árin, og félaginu auk þessa gefin þýðingarmikil einkaréttindi fyrstu 15 árin.

Samgöngumálanefndin vill fallast á þessar ráðstafanir, einkanlega að því leyti, sem ætla má, að þeirra sé þörf til stuðnings fyrirtækinu í byrjun.

Hinsvegar lítur nefndin svo á, að þau ákvæði 2. gr., er ræða um heimild félagsins til að eignast hér land, séu óþarflega rúm. Einnig telur nefndin rétt, að leyfistíminn verði styttri en hann er ákveðinn í 7. gr.

Verður í framsögu gerð nánari grein fyrir breytingartillögunum.

Leggjum vér til, að frv. samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 2. töluliður orðist svo: Að öðlast, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert skipti, eignarrétt eða o. s. frv.
2. Við 6. gr. Orðin „svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok“ í 2. málsl. 2. málsgr. falli burt.
3. Við 7. gr. Fyrir „75“ komi: 50.
4. Við 8. gr. Niðurlag gr. orðist svo: til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.
5. Við 11. gr. Í stað: „Ákveða má“ í byrjun greinarinnar komi: Ákveða skal.

Alþingi, 14. marz 1932.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	H.Steinsson, fundaskrifari.	Ingvar Pálmason.

Nd. 176. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa (þskj. 16).

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndarmenn hafa eigi orðið samferða um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. (JJós og GÍ) telur frv. óþarft og heldur því meðal annars fram gegn frv., að í lögum nr. 82 1917 og reglugerð út af þeim, nr. 32 1918, sé nægileg stoð fyrir nauðsynlegt eftirlit með notkun loftskeyta.

Að vísu var á þeim ástæðum byggt í rökstuddri dagskrá, sem felldi þetta mál frá umræðum 1930, en á þá dagskrá verður að líta eins og þingleg mistök, enda samþykkt hennar á tilviljun byggð.

Lög nr. 82 frá 1917 og reglugerð eftir þeim frá 1918 lúta að leyfisveitingum til loftskeytanotkunar og skilyrðum fyrir þeim leyfisveitingum. Ákvæði þeirra laga og reglugerðar geta því eigi, nema óbeint, náð til eftirlits með loftskeytanotkun, sem fram fer í saknæmum eða hrekkvíslegum tilgangi. Þvílík misnotkun loftskeyta var lítt þekkt 1917.

Frv. er róttækasta tilraunin, sem gerð hefir verið til að afstýra þeirri misnotkun loftskeyta í sambandi við ólöglegar landhelgiveiðar, sem óneitanlega hefir torveldað mjög gæzlu og friðun landhelginnar undanfarið. Er engum blöðum um það að fletta, að strangt eftirlit með skeytanotkuninni og þung viðurlög við misnotkun þeirra er eina tiltæka ráðið til að draga úr landhelgibrotum og verja til nokkurrar hlítar landhelgisvæðið.

Um einstök ákvæði frv., svo sem viðurlög og refsingarákvæði 5. og 6. gr., geta skoðanir eðlilega skiptar verið, og vér, sem undirritum álit þetta, teljum rétt að breyta þeim ákvæðum til meira samræmis við gildandi lög um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sem og að einskorða framar en frv. gerir eftirlit með loftskeytanotkun þeirra, sem sterkur grunur hefir fallið á um misnotkun skeytanna eða sannir hafa orðið að sök.

Þá viljum vér einnig færa til réttara máls í 4., 5. og 6. gr. orðið „landhelgisbrot“, sem að vísu hefir náð nokkurri festu í daglegu tali, en hlýðir eigi málslögum réttum.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málslið komi: og að minnsta kosti einn fullfæran loftskeytamann.
2. Við 4. gr. Fyrir „landhelgisbrotum“ í 2. málsgr. komi: landhelgibrotum.
3. Við 5. gr.
   a. Fyrir „3—15 þús. kr.“ í 1. málsgr. komi: 1—10 þús. kr.
   b. Fyrir „landhelgisbrot“ í 1. málsgr. komi landhelgibrot.

c. Fyrir „missa rétt til skipstjórnar í 1 ár“ komi: sæta allt að 5000 kr. sektum.
d. Fyrir „500—10000 kr.“ í 2. málsgr. komi: 300—5000 kr.

4. Við 6. gr.
a. Fyrir „landhelgisbrot“ í 1. málshð komi: landhelgibrot.
b. Á eftir „skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli“ komi: um allt að 3 árum.

Alþingi, 12. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Bergur Jónsson. Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 177. Tillaga

til þingsályktunar um hæstaréttardómaraembættið, sem nú er laust.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á dómsmálaráðherra að veita Lárusi H. Bjarnason hæstaréttardómaraembætti það, sem nú er laust, ef hann er fáanlegur til að taka við því.

Greinargerð.

Það er nú kunnugt orðið, að dómsmálaráðherra hefir notað sér ákvæði 57. gr. stjórnarskrárinnar til þess að veita Lárusi H. Bjarnason lausn frá hæstaréttardómaraembætti, um það leyti, sem hann varð 65 ára. Það er einnig kunnugt, að þessi dómari er við svo góða heilsu, að hann á ekki erfitt með að gegna embættinu áfram, og dómarahæfileikar hans hafa mér vitanlega ekki verið dregnir í efa. Hinsvegar verður samkvæmt stjórnarskránni að greiða honum full laun, þótt hann starfi ekkert í þágu ríkisins. Þetta munar 8000 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar fyrir ríkissjóð, ef embættið verður veitt öðrum, og sýnist full ástæða til að spara þá fjárhæð og um leið tryggja æðsta dómstólinum í landinu starf þessa þaulæfða og lærða dómara, meðan kraftar hans endast. Þetta mun þó ekki unnt að gera nema með samþykki hans, þar sem honum hefir þegar verið veitt lausn gegn vilja hans. Fyrir því er ætlazt til, að honum verði boðið embættið aftur.

Nd. 178. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 171 (Kartöflukjallari og markaðsskáli).

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við II. Á eftir orðunum »framleiðendum íslenzkrar markaðsvöru« komi: og þeim, er verzla með íslenzkar framleiðsluvörur.

Nd. **179. Frumvarp**

til laga um mannafla á íslenzkum eimskipum og mótorskipum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

I. KAFLI.

Um stýrimenn.

1. gr.

a. Á eimskipum og mótorskipum, er sigla með flutning og farþega milli hafna innanlands og til útlanda, skal auk skipstjóra vera minnst:

á skipum	25—150 rúmlestir	1 stýrimaður
— —	150—450 —	2 stýrimenn
— —	450 rúmlestir og þar yfir	3 —

b. Á eimskipum og mótorskipum, er sigla til útlanda og milli hafna innanlands með varning eingöngu, skal auk skipstjóra vera minnst:

á skipi	allt að 300 rúmlestir	1 stýrimaður
— —	frá 300— 750 rúmlestir ..	2 stýrimenn
— —	— 750—1500 — ..	3 —
— —	yfir 1500 rúmlestir	4 —

2. gr.

Nú er íslenzkt botnvörpuskip eða önnur fiskiskip notuð til flutninga milli hafna innanlands eða til útlanda, og skulu þá á þeim vera minnst 2 stýrimenn.

II. KAFLI.

Um háseta.

3. gr.

Á eimskipum og mótorskipum 700 rúmlesta og stærri, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skal vera bátsmaður.

Á sömu tegund og stærð skipa, er sigla milli hafna innanlands og til útlanda með farþega, skal vera trésmiður eða maður með smiðakunnáttu, er sé vanur sjómaður. Á skipum minni en 1000 rúmlestir má fela sama manni bátsmanns- og trésmíðastörf, eða einn af hásetunum gegnir því starfi.

4. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skulu fullgildir hásetar, viðvaningar og óvaningar vera fæstir sem hér segir:

Á	25— 60	rúmlesta skipi	3	fullgildir	hásetar	1	viðvaningur		
—	60— 250	—	— 4	—	—	1	—	1	óvaningur
—	250— 500	—	— 4	—	—	2	—	1	—
—	500— 700	—	— 5	—	—	2	—	1	—
—	700—1000	—	— 6	—	—	2	—		
—	1000—1500	—	— 6	—	—	2	—	1	—
—	1500—3000	—	— 6	—	—	2	—	2	—

Á skipum yfir 3000 rúmlestir skal fjölga um einn fullgildan háseta fyrir hverjar 1000 rúmlestir.

5. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja varning milli hafna innanlands og til útlanda, þar með talin fiskiskip, er eingöngu flytja fisk, hvort sem þau veiða hann eða taka til flutnings af öðrum, skulu fullgildir hásetar, viðvaningar og óvaningar minnst vera sem hér segir:

Á	12— 25	rúmlesta skipi	3	fullgildir	hásetar			
—	25— 60	—	— 4	—	—			
—	60— 200	—	— 5	—	—			
—	200— 500	—	— 6	—	—			
—	500—1000	—	— 6	—	—	1	viðv.	
—	1000—1500	—	— 6	—	—	1	—	1 óvan.
—	1500—2000	—	— 6	—	—	2	—	1 —

Auk þess skal vera trésmiður, vanur sjómennsku, eða maður með smíðakunnáttu, á skipi yfir 1000 rúmlesta.

Fyrir hverjar 1000 rúmlestir yfir 2000 skal fjölga um 1 fullgildan háseta.

III. KAFLI.

Um vélstjóra.

6. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, sem sigla hafna á milli innanlands og með ströndum fram eða eru í förum til útlanda, þar með talin öll fiskiskip, skal vélalið vera minnst sem hér segir:

a. Á	eimskipi með	100— 350	hestafla	vél	2	vélstjórar		
—	—	— 350— 650	—		— 2	—	1	aðstoðarm.
—	—	— 650—1200	—		— 3	—		
—	—	— 1200—1500	—		— og stærri		4	vélstj.
b. Á	mótorskipi með	12— 50	hestafla	vél	1	vélstj.	1	aðstoðarm.
—	—	— 50— 150	—		— 2	—		
—	—	— 150— 350	—		— 2	—	1	—
—	—	— 350— 650	—		— 3	—	1	—
—	—	— 650—1000	—		— 3	—	2	—
—	—	— yfir 1000	—		— 4	—	3	—

7. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja farþega milli hafna innanlands og til útlanda, skal vélalið vera minnst sem hér segir:

a. Á eimskipi með 100—350 hestafla vél 2 vélstj.
— — — 350—500 — — 3 —
— — — 500—1000 — — 3 — 1 aðstoðarm.
— — — 1000—1500 — — 4 —
— — — 1500—2000 — — 4 — 1 —

b. Á mótorskipum sé vélalið hið sama og á eimskipum skv. staflið a., og auk þess 1 aðstoðarmaður við vél 500—1000 hestafla og 3 aðstoðarmenn við vél frá 1000—2000 hestafla.

IV. KAFLI.

Um kyndara, yfirkyndara og kolamokara.

8. gr.

Á eimskipum, þar með talin fiskiskip, er sigla á milli hafna innanlands, stunda veiðar með ströndum fram og erlendis, eða eru í förum til útlanda, skulu kyndarar, yfirkyndarar og kolamokarar vera fæstir sem hér segir:

Á skipi með 100—250 hestafla vél 1 kyndari
— — — 250—400 — — 2 —
— — — 400—800 — — 3 —
— — — 800—1000 — — 4 —
— — — 1000—1500 — — 5 —

9. gr.

Verzlunarskip með 500 hestafla vél og stærrri skulu auk áðurtaldra kyndara hafa einn yfirkyndara. Á skipi, sem eyðir 9—16 smál. af kolum á sólarhring, skal vera 1 kolamokari, og 2, ef kolaeyðsla fer yfir 16 smál. á sólarhring. Kolaeyðslan miðast við fulla ferð skips.

Tala þeirra kyndara, sem ákveðin er í 8. gr., skal ávallt miðast við, að ekki séu færri en 1 kyndari á skipi fyrir hverjar 3 smál. af kolum, sem skipið eyðir á sólarhring. En þó skal tala kyndara aldrei minni vera en þar greinir, þó kolaeyðsla sýni minna.

Engum kyndara má ætla á verði meira en 4 eldstæði til kyndingar og gæzlu.

V. KAFLI.

Um matreiðslu og þjónalið.

10. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, sem ekki eru farþegaskip, skal fjöldi matreiðslumanna miðast við stærð skipshafnar þannig: Fyrir allt að 18 manna

skipshöfn 1 fullnuma matreiðslumaður. Fyrir 18—30 manna skipshöfn 1 fullnuma matreiðslumaður og 1 aðstoðarmatsveinn (nemandi).

Fyrir stærri skipshöfn en 30 manns séu 2 fullnuma matreiðslumenn, og hjálpardrengur, ef um verzlunarskip er að ræða.

11. gr.

Á eimskipum og mótorskipum, er flytja fólk milli hafna innanlands og til útlanda, skal tala matreiðslumanna og annara manna á skipinu, veitingum tilheyrandi, vera sem hér segir:

a) á skipi með minna en 15 manna skipshöfn og farrými fyrir 60 manns 1 bryti, 1 fullnuma matreiðslumaður, 1 þerna og 1 þjónn,
b) á skipum með allt að 25 manna skipshöfn, þjónustulið meðtalið, og farrými fyrir allt að 100 manns, 1 bryti, 1 fullnuma matreiðslumaður, 1 aðstoðarmaður (nemandi), 1 hjálparsveinn, búrmaður, 2 þjónar og 2 þernur.
c) á skipum með yfir 25 manna skipshöfn og farrými fyrir allt að 200 manns 1 bryti, 2 fullnuma matreiðslumenn, 1 aðstoðarmaður (nemandi), 1 hjálparsveinn, búrmaður, 2 þjónar og þerna á 1. farrými og 1 þjónn, þerna og drengur á 2. farrými.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum laga þessara, með því skilyrði, að viðkomandi stéttarfélag eða stjórn þess hafi samþykkt slíka undanþágu.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkv. öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

12. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, 18. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, og 6. gr. laga nr. 50, 4. júní 1924, eru úr gildi felldar, að svo miklu leyti, sem þær koma í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á vetrarþinginu 1931, og visast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi því.

Nd. **180. Frumvarp**

til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að virkja fallvatnið Efra-Sog, milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynleg kann að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1932 og 1933 gera þær umbætur á Þingvallaveginum, sem nauðsynlegar eru vegna Sogsvirkjunarinnar, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram 140 þús. kr., og teljast þær með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðast jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með kostnaði við orkuverið má ennfremur telja kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbær til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á

háspennulínunni frá Efra-Sogi til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta að þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein skal telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Efra-Sogi til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæsta-

réttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu var flutt á tveim undanförnum þingum, en náði ekki fram að ganga. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Meðal annara viðfangsefna hefir raforkumálanefndin látið rannsaka, hvaða héruð mundu geta notið raforku frá Soginu, ef virkjun á því kæmist í framkvæmd. Þótt þeirri rannsókn sé ekki að fullu lokið, þykir nú þegar sennilegt, að þessi héruð muni hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Sogi auk Reykjavíkur:

Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

Sakir þess, að sumstaðar á þessu svæði er töluvert fjölmenni saman komið í kauptúnum og sjóþorpum, virðist sem allmikið af orkuveitum út frá Sogi um héruð þessi muni geta borið sig fjárhagslega, jafnvel 300—400 km. samanlögð línulengd, og mundu 13—14 þús. manns utan Reykjavíkur geta notið raforku úr þeim taugum. Út frá þeim mætti svo smám saman stækka veituna og koma fleiri og fleiri notendum í samband við hana.

Út af þessu þótti raforkumálanefndinni nauðsynlegt að athuga nú þegar, á hvern hátt væri unnt að tryggja það, að íbúar nefndra héraða utan Reykjavíkur gætu þegar til kæmi átt kost á raforku úr Soginu í sambandi við virkjun þá á fallvatni þessu, sem Reykjavíkurbær er að undirbúa. Til þess að athuga þetta málefni sérstaklega, voru á fundi raforkumálanefndar 14. jan. þ. á. kosnir í undirnefnd þeir Jón Þorláksson verkfr. og Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi. Hafa þeir síðan rætt málið við þar til kjörna menn úr rafmagnsstjórn Reykjavíkur, og er frumvarp þetta árangurinn af því starfi.

Aðalhugsun frv. er sú, að Reykjavíkurbær, sem á hálf vatnsréttindin í þessu fallvatni, byrji á virkjuninni og haldi henni áfram þar til fallvatnið er virkjað að hálfu, en selji raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði, að viðbættri lítilli þóknun. Er þetta mikið hagræði fyrir héruðin, að þurfa ekki að leggja fram fé til virkjunar meðan raforkunotkun þeirra er lítil, svo að erfitt yrði að fá sjálfstæða virkjun til að svara kostnaði. Þegar raforkunotkunin í heild er komin upp í helming virkjunar, er gert ráð fyrir, að notendur raforku í héruðum utan Reykjavíkur haldi áfram stækkun orkuversins og verði meðeigendur þess, og njóti þannig þeirra hagsmuna, sem liggja í því að verða eigandi orkuvers þegar raforkunotkun er orðin mikil. Kemur sá hagnaður sérstaklega fram í því, að orkuverið heldur áfram að vera starfhæft eftir að byggingarkostnaður er afskrifaður eða byggingarlán greidd, og getur raforkan þá lækk-

að í verði eða rekstur orkuversins gefið tekjuafgang til aukningar á taugakerfinu.

Með því að virkjun Reykjavíkurbæjar skapar þarna aðstöðu fyrir stóran og fjölmennan landshluta til þess að byrja á að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, þykir rétt, að ríkið láti Reykjavíkurbæ í té aðstoð til virkjunarinnar með vegagerðum og með ábyrgð fyrir virkjunarláni, svo sem ráðgert er í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg suður með Þingvallavatni að austanverðu að virkjunarstaðnum. Hefir vegamálastjóri lauslega áætlað kostnað vegarins 230 þús. kr. Vegur þessi verður alfaravegur, og gerir því frumvarpið, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, ráð fyrir, að aðeins helmingur kostnaðarins komi á Sogsvirkjunina, eða 115 þús. kr. Ennfremur er aukið viðhald Þingvallavegarins og styrking á brúm, allt beinlínis vegna Sogsvirkjunarinnar, áætlað af vegamálastjóra á 25 þús. krónur.

Um 4. gr.

Áætlun rafmagnsveitu Reykjavíkur um virkjun Sogsins nam 6 milljónum króna. Tilboð þau, sem fengizt hafa í verkið, voru nokkru hærri, og þar sem auk þess má gera ráð fyrir, að afföll kunni að verða á láni til virkjunarinnar, þykir eigi fært að tiltaka upphæð þá, sem ábyrgjast þarf, lægri en 7 millj. kr., enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að hér sé aðeins um hámarksupphæð að ræða.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft".

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Nd. 181. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. nóvember 1887, um aðför.

Frá landbúnaðarnefnd.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skyldaframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgr.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum.

Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsgr., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er svo ákveðið, að skuldunautur megi undanskilja fjárnámi nauðsynjar, er nema 20 kr., ef sá á í hlut, sem ekki á fyrir heimili að sjá, en ella 120 kr. Þessi ákvæði voru sett í lög 1887 og síðan hefir verðgildi peninga stórum breytzt. Á þeim tíma var, eftir gildandi verðlagi, miklu meira undanþegið fjárnámi en nú. Að þessu athuguðu þykir rétt að hækka þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, og sýnist það ekki mega minna vera en hér er gert ráð fyrir.

Búnaðarþing það, sem nýlokið er, hreyfði þessu máli, og varð það til þess, að nefndin flytur þetta frv.

Nd. 182. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi (þskj. 59).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga með svofelldri

BREYTINGU:

2. málsgr. 1. gr. falli niður.

Alþingi, 14. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. — Jón Ólafsson, frsm. — Sveinbjörn Högnason, fundaskr.

Einar Arnórsson. — Þorleifur Jónsson.

Nd. 183. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal (þskj. 60).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. — Jón Ólafsson, frsm. — Sveinbjörn Högnason, fundaskr.

Einar Arnórsson. — Þorleifur Jónsson.

Nd. **184. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (þskj. 36).

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr.

2. töluliður orðist svo:
Hafnarfjarðarhérað: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur o. s. frv.
5. töluliður orðist svo:
Borgarneshérað: Borgarneshreppur, Borgarhreppur o. s. frv.
6. töluliður orðist svo:
Ólafsvíkurhérað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík.
11. töluliður orðist svo:
Patreksfjarðarhérað: Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur o. s. frv.
20. töluliður orðist svo:
Hólmavíkurhérað: Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur o. s. frv.
23. töluliður orðist svo:
Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókshreppur, Staðarhreppur o. s. frv.
25. töluliður orðist svo:
Siglufjarðarhérað: Siglufjarðarkaupstaður. Læknissetur á Siglufirði.
26. töluliður orðist svo:
Svarfdælahérað: Ólafsfjarðarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hrísey. Læknissetur í Dalvík.
27. töluliður orðist svo:
Akureyrarhérað: Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur o. s. frv.
29. töluliður orðist svo:
Reykdælahérað: Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur o. s. frv.
30. töluliður orðist svo:
Húsavíkurhérað: Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur o. s. frv.
34. töluliður orðist svo:
Hróarstunguhérað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur á Hjaltastað.
38. töluliður orðist svo:
Reyðarfjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur o. s. frv.

43. töluliður orðist svo:
Mýrdalshérað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík.
45. töluliður orðist svo:
Rangárhérað: Rangárvallasýsla að undanskildum Austur-Eyjafjallahreppi. Læknissetur á Stórólfshvoli.
47. töluliður orðist svo:
Grímsneshérað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur o. s. frv.
48. töluliður orðist svo:
Keflavíkurhérað: Vatnsleysustrandarhreppur, Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur o. s. frv.

Nd. 185. Breytingartillaga

við frv. til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Flm.: Guðbr. Ísberg.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum jarðeplum skulu skip ríkisins flytja íslenzk jarðepli hafna milli innanlands fyrir hálft flutningsgjald, enda þurfi skipin eigi að neita flutningi á öðrum farmi af þeim sökum.

Nd. 186. Frumvarp

til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þann hluta hvers árs, sem nægar birgðir eru fyrir hendi í landinu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, af innlendum kartöflum, er bannað að flytja inn kartöflur frá öðrum löndum.

2. gr.

Að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveður atvinnumálaráðherra á ári hverju með auglýsingu í Lögbirtingablaði, frá hvaða tíma innflutningsbann á kartöflum skuli í gildi ganga og hvenær því skuli af létt. Skal sú auglýsing út gefin 3 vikum áður en innflutningsbannið hefst.

Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt og Búnaðarfélag Íslands mælir með því, er ráðherra þó heimilt að ákveða með nýrri auglýsingu, að banninu skuli fyrr af létt en til hafði verið tekið, og þarf það ekki að vera samtímis á öllu landinu.

3. gr.

Hreppstjórum í sveitum og bæjarstjórum í kaupstöðum skal skylt að senda Búnaðarfélagi Íslands á ári hverju fyrir fyrsta nóvember skýrslu um uppskerumagn kartaflna.

4. gr.

Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum jarðeplum skulu skip ríkisins flytja íslenzk jarðepli hafna milli innanlands fyrir hálft flutningsgjald, enda þurfi skipin eigi að neita flutningi á öðrum farmi af þeim sökum.

5. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Í reglugerð þessari skal setja reglur um mat á kartöflum, ef um stærri kaup er að ræða en 500 kg. til sama kaupanda.

6. gr.

Brot gegn auglýstu innflutningsbanni á kartöflum samkv. 1. gr. varða sektum til ríkissjóðs, frá 200—2000 kr. Ólöglega innfluttar kartöflur skulu upptækar og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 187. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti varðskipið Þór annast björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Norðurlandi, á svæðinu frá Skaga til Tjörness, á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og fyrir Vestfjörðum, á svæðinu frá Horni til Látrabjargs, frá 1. nóvember til 31. desember og frá 1. til 31. janúar ár hvert.

Ástæður.

Um ástæður vísast til greinargerða, sem fylgdu þessari tillögu á tveimur síðustu þingum, sbr. þskj. 244 frá vetrarþinginu og 272 frá sumarþinginu.

Ed. 188. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930 (þskj. 83).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1932.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 189. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum og mótorvélum.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Sveinbjörn Högnason, Steingr. Steinþórsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða einkasölu á vöruflokkum þeim, er hér verða taldir:

a) Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur eru til mannflutninga eða vöruflutninga.
b) Mótorvélum allskonar, í skip og báta af öllum stærðum og til notkunar á landi, þó ekki rafmagnsmótorum.
c) Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum. Svo og öllum hlutum í mótorvélar.

2. gr.

Heimilt er þeim, er kaupir nýtt skip frá útlöndum, að flytja inn í skipinu vélar þær, sem notaðar eru í skipinu sjálfu. Tilskilið er þó, að vélarnar séu keyptar í samráði við einkasöluna.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótora, eftir því sem ástæður leyfa.

Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu, þegar einkasalan hefst.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c, og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að í verzlun og innflutningi á bifreiðum og mótorvélum í skip og báta ríkir mikill glundroði, til mikils óhagræðis fyrir hagkvæm og almenn not þessara hluta, sem eru þó í sjálfu sér mjög mikils varðandi fyrir atvinnuvegi og samgöngur landsmanna.

Samkvæmt skattaskrá árið 1930 voru bifreiðar alls hér á landi eins og hér segir:

Vörubifreiðar	850
Fólksbifreiðar	584
Tvíhjóla bifreiðar	105
Samtals	1539

Bifreiðar þessar voru af 74 mismunandi tegundum og nefndust þær eins og hér segir:

A. J. S.	Ford	Opal
Ariel	Ford, nýi	Pontiac
Auburn	Fargo	Plymouth
Albion	G. M. C.	Radic
Austin	France	Radco
B. S. A.	Graham Brothers	Raleigh
Benz	Graham Paige	Rugby
Buick	Goliat	Rugde Wirthwort

Chandler	Harley Davidson	R. M. W.
Chevrolet	Hannomag	Royal Enfield
Citroën	Hupmobile	N. S. U.
Chrysler	Hudson	Schrippes Booth
Dixie Flyer	Indian	Studebaker
Dodge Brothers	International	Stewart
Douglas	D. K. V.	Stock
Durant	Maxwell	Triumphe
Dictator	Morris	Unick
De Soto	Marmon	Sheffield
Erskine	Marquette	White
Essex	Nash	Willy's
Elcar	New Hudson	Willy's 6
Federal	New Imperial	Willy's Knight
Fiat	Oakland	Wippet
Flint	Oldsmobile	Volve
Four Wheel Drive	Overland	

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda tegunda voru tiltölulega fáar tegundir algengar, og var hlutfallið milli algengustu tegundanna eins og hér segir:

Vörubifreiðar:

Af þeim voru 25 tegundir og flestar af þessum tegundum:

	Tala	%
Ford	390	46,0
Chevrolet	333	39,2
G M. C.	57	6,7
Rugby	24	2,8

Hinar 46 bifreiðarnar skiptust milli 21 tegundar og voru 1—7 af hverri tegund.

Fólksbifreiðar:

Af þeim voru 44 tegundir, sem skiptust eins og hér segir:

	Tala	%
Chevrolet	83	14,2
Buick	82	14,0
Essex	50	8,6
Ford	47	9,1
Nash	42	7,2

Af hinum 39 tegundunum voru alls 280 og 1—32 af hverri.

Tvíhjóla bifreiðar.

Af þeim voru 32 tegundir og voru flestar af þessum tegundum:

Triumh	23
Harley Davidson	21
B. S. A.	19

Af hinum 29 tegundunum eru aðeins 1—8 af hverri.

Af yfirliti þessu sést, að furðu margar tegundir bifreiða eru fluttar inn í landið. Árið 1929 eru tegundirnar 67, en árið 1930 101. Þannig hefir tegundunum fjölgað um 34 á einu ári.

Svipað þessu má segja um mótorvélar í skip og báta. Hafa oft heyrzt raddir um það úr hópi sjómanna og útgerðarmanna, að núverandi tilhögun á innflutningi og verzlun með þessi tæki væri mjög óhagkvæm og kostnaðarsöm fyrir sjávarútgerðina.

Í byrjun þessa árs voru í landinu þessar tegundir af mótorvélum í báta:

Popular	Ford	Burmont
Dan	Völund	Munktel
Scandia	Samson	Amis
Alpha	Union	Norrona
Tuxham	Hera	Finnoy
Grei	Brunwall	Norma
Ellwe	Randers	Kelvin
Delta	Solo	Glenifer
Rap	Kampens	Mias
Dencil	Finnö	Skandia Mölle
Hein	Aurica	Rup
Gideon	Hansa	Deutz
Avance	Frederikshavn	H. A. G.
Bolinder	K. M. K.	Eureka
Vickman	Vesta	Beardman
Heimdal	American	Bergsund

Þetta eru samtals 47 tegundir mótorvéla, sem eru nú í skrásettum íslenzkum skipum, þriggja smálesta og stærri. Ótaldar eru þó mótorvélar í öllum svonefndum trillubátum, og mun vera með öllu ókunnugt um tölu þeirra og svo um tölu tegunda af þesskonar vélum.

Eru sérfróðir menn á einu máli um það, að þessar mörgu vélategundir séu mjög misjafnar að gæðum og misjafnlega dýrar í rekstri.

Allar stærstu og fullkomnustu mótorvélasmiðjur smíða mótora af öllum stærðum, sem tíðkast almennt. Verður því ljóst, að allur þessi fjöldi tegunda er landsmönnum bæði óþarfur og skaðlegur.

Mótorvélar, sem notaðar eru á landi, eru hvergi skráðar nema í kílógrammatali á innflutningsskýrslum. Er því ókunnugt um tölu þeirra og tölu

tegunda af þeim vélum. Skýrslur sýna, að innflutningur á þeim hefir hraðvaxið síðustu árin, sbr. „aðrir mótorar“ hér á eftir.

Eins og nærri má geta eru ekki fyrirliggjandi í landinu varahlutar nema í sárafátt af öllum þessum tegundafjölda. Margar verksmiðjurnar hafa hér enga umboðsmenn. Er því miklum erfiðleikum og kostnaði bundið að ná í varahluta. Varahlutar eru auk þess óhemjulega dýrir. Kunnugir menn fullyrða, að vél, sem sett væri saman af varahlutum einum, yrði að minnsta kosti tvöfalt dýrari en vél, sem keypt er í heilu lagi.

Enda þótt frv. þetta sé borið fram til þess fyrst og fremst að koma á hagkvæmari aðferðum um innflutning og sölu á bifreiðum og mótorvélum til almennra hagsmuna fyrir sjávarútgerðina og samgöngur landsmanna, þá kemur og sjálfur rekstur verzlunarinnar með þessi tæki einnig mjög til greina.

Samkvæmt verzlunarskýrslum síðustu ára var innflutningur bifreiða eins og hér segir:

Fólksbifreiðar.

Ár	Tala	Verð kr.
1928	106	490000,00
1929	185	794000,00
1930	137	656000,00
Samtals	428	1940000,00
Meðaltal	177	647000,00

Vöruflutningsbifreiðar.

Ár	Tala	Verð kr.
1928	134	382000,00
1929	277	778000,00
1930	96	726000,00
Samtals	507	1886000,00
Meðaltal	169	629000,00

Mótorhjól.

Ár	Tala	Verð kr.
1928	7	8272,00
1929	34	27452,00
1930	21	16855,00
Samtals	62	52579,00
Meðaltal	20	17526,00

Á þessum þremur árum hafa verið fluttar inn bifreiðar samtals eins og hér segir:

	Tala	Verð kr.
Fólksbifreiðar	428	1940000,00
Vöruflutningabifreiðar ..	507	1886000,00
Mótorhjól	62	52579,00
Samtals	997	3878579,00
Meðaltal á ári	332	1292859,00

Á árunum 1928—1930 var ennfremur flutt inn til bifreiða:

Ár	Kg.	Verð kr.
1928	83000	243000,00
1929	120000	327000,00
1930	125000	328000,00
Samtals	328000	898000,00
Meðaltal á ári	109333	299333,00

Hjólbarðar.

Ár	Kg.	Verð kr.
1928	48000	180000,00
1929	67000	327000,00
1930	65000	297000,00
Samtals	180000	804000,00
Meðaltal á ári	56666	268000,00

Samkvæmt innflutningsskýrslum var innflutningur mótora eins og hér segir:

Mótorar í skip og báta.

Ár	Tala	Verð kr.
1928	242	710000,00
1929	497	203000,00
1930	195	542000,00
Samtals	934	1455000,00
Meðaltal á ári	311	485000,00

Aðrir mótorar

þó ekki rafmagnsmótorar:

Ár	Tala	Verð kr.
1928	5	17000,00
1929	26	68000,00
1930	18	57000,00
Samtals	49	142000,00
Meðaltal	16	44000,00

Mótorhlutar.

Ár	Kg.	Verð kr.
1928	51000	256000,00
1929	119000	409000,00
1930	46000	182000,00
Samtals	216000	847000,00
Meðaltal á ári	72000	282333,00

Innflutningur á framantöldum vörutegundum hefir á árunum 1928—1930 verið að meðaltali á ári eins og hér segir:

Fólksbifreiðar	kr.	647000,00
Vöruflutningsbifreiðar	—	629000,00
Mótorhjól	—	17527,00
Bifreiðarhlutar	—	299333,00
Hjólbarðar	—	268000,00
Mótorar i skip og báta	—	485000,00
Aðrir mótorar	—	44000,00
Mótorhlutar	—	282333,00
	Kr.	2672193,00

Innflutningur á þeim tveimur vörutegundum, sem hér er farið fram á að verði teknar i einkasölu, hefir á árunum 1928—1930 numið að meðaltali á ári *kr. 2672193,00.*

Og þetta er innflutningsverð á þessum vörum *komnum i höfn á Íslandi.*

Nú má fyllilega gera ráð fyrir því, án þess að óvarlega sé áætlað, að álagning á bifreiðar, mótora og varahluti muni upp og ofan vera um 33%. Má þó telja rétt að slá nokkru af þessari áætlun til öryggis og gera ráð fyrir um 30% álagningu. Sú upphæð yrði um 794657 kr. brúttó hagnaður. Jafnvel þó gera megi ráð fyrir, að kostnaður við svo umfangsmikla verzlunargrein yrði allmikill, er ástæða til að ætla, að af henni fengist verulegur hagnaður i rikissjóð.

Á árunum 1927 til 1930 hefir bifreiðum fjölgað úr 634 í 1539. Enda þótt tæplega megi gera ráð fyrir, að bifreiðum fjölgi jafnört á næstu árum, er hitt víst, að þeim heldur áfram að fjölga jafnharðan og vegakerfi okkar stækkar og almenn notkun bifreiða fer i vöxt. Auk þess má vitanlega gera ráð fyrir miklum innflutningi bifreiða til viðhalds og endurnýjunar.

Vegakerfi landsins er hlutfallslega stórt og viðhald þess örðugt og kostnaðarsamt. Hefir verið leitað ráða um tekjuöflun til handa ríkissjóði, til þess að standast þennan mikla kostnað, með því að leggja skatt á bifreiðar og benzín. Slikur skattur er raunar lagður á samgöngurnar sjálfar og þá menn, sem hafa not þeirra. Enda þó segja megi, að full nauðsyn sé slíkrar skattlagningar, er það í sjálfu sér mjög óviðeigandi að láta milljónir króna renna i vasa einstakra manna, sem verzla með bifreiðar, jafnframt því, sem auknar byrðar eru lagðar á allan almenning, sem verður að bera uppi allar samgöngurnar.

Í þessu frumvarpi er farið fram á það tvennt, að betra, hagkvæmara og kostnaðarminna skipulagi sé komið á þessar verzlunargreinar, að betur er tryggt, að varahlutar séu fyrir hendi með minna tilkostnaði og að verzlunarhagnaður nokkur renni í ríkissjóð.

Skipulagsleysið um innflutning og verzlun með mótorvélar í skip og báta hefir verið mikið áhyggjuefni margra útgerðarmanna og sjómanna. Er ætlazt til þess, að með frumvarpi þessu verði, með ráðum fróðustu manna um þessi efni, ráðin bót á þessu vandkvæði.

Einstakar greinar frumvarpins virðast ekki gefa tilefni til athugasemda.

Nd. 190. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu í innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga:
   1. Af leigubifreiðum til mannflutninga, 6 — sex — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
   2. Af einkabifreiðum 12 — tólf — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

   Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
d. Af tvíhjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c- og d-lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólabörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Lækka skal skattinn samkvæmt c-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

5. gr.

Sama gjald af benzíni, er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 l. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 1. gr. b. skal og greiða af öllum birgðum innflytjenda og heildverzlana, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 750 l. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. 65% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds og umbóta akfærum þjóðvegum. Um skipting fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum.

b. 15% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega og ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að fé verði lagt til sýsluveganna tiltölulega eftir því, hversu mikil umferð bifreiða er um þá og hversu aðstaðan er örðug til viðhaldsins.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

c. 20% af hvers árs tekjum skal verja til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni þar, sem mest er umferð bifreiða, og til að halda þeim köflum við. Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, skal leggja eftirstöðvarnar í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjóður til malbikunar akvegum“, og má ekki verja fé úr sjóðnum til annara vegabóta.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins, en vegamálastjóri skal árlega gera reikning sjóðsins.

Um skipting tekna samkvæmt framangreindu fer eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 191. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 175 [Loftferðaleyfi].

Flm.: Pétur Magnússon.

Fyrsta brtt. orðist svo: Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt.

Nd. 192. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

2. liður 3. greinar laganna orðist svo:

Ábyrgð félagsmanna í öllum fjárreiðum félagsins skal vera eins og hér segir:

a. Sameiginleg ábyrgð allra félagsmanna gildir í þeim félögum, sem um getur í 1. lið 2. gr. laganna, ef félagið rekur lánsverzlun.
b. Starfi félagið eingöngu samkvæmt 1. lið 2. greinar laganna og selji það allar vörur sínar eingöngu gegn staðgreiðslu, nægir í stað sameiginlegrar ábyrgðar allra félagsmanna: *að* félagsmaður leggi fram í stofnsjóð félagsins 50 kr. framlag, og má skipta greiðslu þess í tvennt, þannig að fyrri helmingurinn greiðist við inntöku í félagið, en síðari helmingurinn innan 6 mánaða, *að* félagsmaður ábyrgist sem sjálfskuldarábyrgðarmaður og tryggi að dómi félagsstjórnar 50 kr. umfram ofangreint framlag hans, en losnar úr þeirri ábyrgð, ef hann leggur upphæð þessa aukreitis fram í stofnsjóð.

   Fram yfir þetta ber félagsmaður slíks félags ekki ábyrgð á fjárreiðum félagsins, nema samþykktir félagsins kveði á um samábyrgð, eða félagsmaður hafi sérstaklega undirgengizt frekari ábyrgðir.
c. Í þeim félögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. gr. laganna, nægir takmörkuð ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Allmikil hreyfing er meðal verkalýðsins við sjávarsíðuna að koma á með sér kaupfélögum og pöntunarfélögum. Aðstaðan til félagsstofnunar og félags-

starfsemi er allt önnur en um kaupfélög bænda. Tekjur verkafólks eiga yfirleitt að koma því í hendur vikulega eða mjög skjótlega, vörukaupin eru til neyzlu eingöngu og er víðast hægt að gera þau jafnóðum, er þörfin krefur, efnahagur manna er aftur misjafnari en í sveitum og minni trygging í samábyrgðinni, en kemur ójafnar niður, ef á henni þarf að halda. Af þessum ástæðum á bezt við að hafa kaupfélagsskap verkalýðsins með svipuðum hætti og í Englandi og víðast hvar annarsstaðar, alla vörusölu gegn staðgreiðslu, enga samábyrgð, heldur takmarkaða ábyrgð félagsmanna, nokkuð innskotsfé frá hverjum félagsmanni og álíka ábyrgð að auki. Slík félög hafa þegar verið stofnuð í landinu, en njóta ekki verndar samvinnulaganna.

Tilgangur frumvarpsins er sá, að koma þessum félögum undir samvinnulögin, sem eiga að hafa svo rúma umgerð, að þau nái yfir öll heppileg form samvinnufélaga, hvort heldur sem er til sveita eða sjávar. Samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér stofnun kaupfélaga og pöntunarfélaga víða um landið og eflingu þeirra, sem þegar eru stofnuð.

Nd. 193. Frumvarp

til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimi- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til íþrótta- eða leikfimikennslu við ríkisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi.

2. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur reglur um leikfimi- og íþróttakennslu, þar sem höfð er full hliðsjón af mismunandi aðstöðu hinna ýmsu skóla og kröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar.

3. gr.

Prófnefnd 3 manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, dæmir um kunnáttu þeirra manna, sem vilja starfa sem íþrótta- eða leikfimikennarar samkvæmt 1. gr. Leggur nefndin úrskurð á, hvort þeir skuli ganga undir próf að öllu leyti eða í einstökum greinum, eða hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Prófnefndin skal skipuð til 3 ára í senn, og fær hún þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við ríkisskólana. Rétt er prófnefnd að kveðja sér til aðstoðar, er henni þykir þess þörf, tvo sérfróða menn, og hafa þeir þá atkvæðisrétt sem hinir reglulegu nefndarmenn.

Nd. 194. Breytingartillögur

við frv. til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Frá Birni Kristjánssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Á sama hátt getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banninu fyrir afskekktar hafnir.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að greiða fyrir sölu á innlendum jarðeplum skulu skip ríkisins flytja íslenzk jarðepli endurgjaldslaust hafna á milli innanlands, enda þurfi skipin eigi að neita flutningi á öðrum farmi af þeim sökum. Auk þess er það skilyrði fyrir ókeypis flutningi, að kaupandi geti sannað, að kostnaðarverð hinna innlendu jarðepla á ákvörðunarstað sé hærra en á útlendum jarðeplum á sama tíma.

Nd. 195. Breytingartillaga

við frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá Jónasi Þorbergssyni og Pétri Ottesen.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Smáskammtalæknar, sem aðeins stunda meðalalækningar, eru undanþegnir ákvæðum þessara laga.

Nd. 196. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. getur ekki fallizt á það, að lögfesta frv. það, er hér liggur fyrir. Málið hefir verið borið fram þing eftir þing án þess að það hafi náð framgangi. Mest mun það stafa af því, að þingmönnum er ljóst, að hér er um ráðstöfun að ræða, sem ekki er líkleg til að verða að neinu raunverulegu gagni. Þeim, sem vilja nota loftskeyti í óleyfilegum tilgangi, er það eftir sem áður mögulegt, þrátt fyrir ákvæði frv. Það er því ekki megnugt þess að hefta þá, er brjóta vilja. Hins-

vegar er þeim, sem nota vilja loftskeytatæki skipa sinna í fullkomlega löglegum tilgangi, gert óþarflega erfitt fyrir að nauðsynjalausu.

Nú er það síður en svo sannað, að nokkur veruleg brögð séu að því, að togarar noti loftskeyti sín í óleyfilegum tilgangi. Við fyrstu umr. málsins á þessu þingi játaði dómsmálaráðherra, að hann hefði um alllangt skeið undanfarið látið halda uppi njósnum í þessu efni — haft til þess sérstakan mann —, en ekki gat hann um árangur, og má telja víst, að hann hafi enginn orðið.

Hitt er vitað, að togarar nota mikið loftskeyti sín til annars, þar á meðal og ekki síst til að fregna um veður og afla á hinum ýmsu veiðistöðvum. Vísast í því efni og að öðru leyti til bréfs frá Félagi íslenzkra loftskeytamanna, sem prentað er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Minni hl. hirðir ekki um að elta ólar við hv. meiri hl. um margt það, er hann segir í nál. sínu á þskj. 176. Þó getur minni hl. ekki undan fellt að benda á, hve fjarri það er öllum sanni, er þar segir, að ákvæði frv. þessa séu „eina tiltæka ráðið til að draga úr landhelgibrotum og verja til nokkurrar hlítar landhelgisvæðið".

Það hefir verið margsýnt fram á það hér á þingi, að frv. er ekkert annað en Lokaráð í þessum efnum og bezt til þess fallið að auka skriffinnsku og vafstur að óþörfu, en allsendis gagnslaust gagnvart þeim, er annars kynnu að vilja misnota skeytatækin að því er þetta snertir.

Hinsvegar vill minni hl. benda á það, að rétt notkun varðskipanna, þ. e. að þau haldi uppi árvakri gæzlu, er það ráð, sem telja má hið eina tiltækilega til þess að vernda landhelgina.

Þessi staðreynd er margviðurkennd af Alþingi með framkvæmdum þess í landhelgigæzlumálinu, t. d. byggingu varðskipanna og útgerð þeirra meðal annars.

Eftirtektarvert er það, að sami dómsmálaráðherra, sem mun eiga hugmyndina um lagasmíð þá, er hér ræðir um, hefir mest gert að því að nota varðskipin til annars en þess, er þingið hefir ætlazt til, og oftast til óþarfa, svokallaðra snattferða. Er það alræmt meðal þjóðarinnar, hve mjög ráðherrann hefir misnotað varðskipin.

Minni hl. vill benda á, að þrátt fyrir það, að ýmsir gallar frv. eins og það var í upphafi hafa verið sniðnir af, en þó ekki nærri svo, að tiltækilegt sé að gera frv. að lögum. Meiri hl. hefir varpað fram nokkrum tillögum, sem að vísu mega teljast til bóta. — ef annars nokkuð er hægt að lappa við þetta „Produkt" dómsmálaráðherra, svo að bót megi að teljast.

Ákvæði 6. gr. frv. lætur meiri hl. samt standa óhögguð, en þau eru þess eðlis, að naumast munu þau eiga sinn líka í löggjöf siðaðra þjóða. Þar eru ákvæði um íhlutun og afskipti dómsmálaráðherra um skeytasendingar þeirra manna, er „sterkar líkur" benda til, að hafi notað loftskeytin óleyfilega.

Hætt er við, að framkvæmd slíks lagaákvæðis geti orðið nokkuð eftir geðþótta þess aðila, er á að meta hvað séu „sterkar líkur", en það virðist hér eiga að vera dómsmálaráðuneytið. Telur minni hlutinn, að ákvæði þessu lík eigi alls ekki að lögfesta, með því þar er opin leið til að beita hlutdrægni.

Minni hl. vill benda á það, að hann telur samþykkt þessa máls, ef til kem-

ur, setja íslenzk veiðiskip skör lægra en útlend og gera þau hin síðari rétthærri, því frv. gerir ekki ráð fyrir neinu eftirliti með skeytasendingum, er til útlendra skipa fara. Er þetta eitt af mörgum vixlsporum þessarar lagasmíðar.

Minni hl. vill að lokum taka það fram, að hann telur frv. gersamlega þýðingarlaust til að efla landhelgivarnir, enda munu flestir, er til þekkja, kannast við að svo sé. Hann telur nóg aðgert með setningu pappírslaga og ónýtra ákvæða, þó þessu hégómamáli sé ekki bætt við, og leggur því til, að frv. sé fellt.

Alþingi, 15. marz 1932.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Guðbr. Ísberg.

Fylgiskjal.

FÉLAG ÍSLENZKRA LOFTSKEYTAMANNA, REYKJAVÍK

Reykjavik, 3. marz 1932.

Þar sem oss er kunnugt um, að „frumvarpi til laga um loftskeytatæki í botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa“ hefir verið vísað til sjávarútvegsnefndar, viljum vér f. h. Félags ísl. loftskeytamanna leyfa oss að senda hinni háttvirtu nefnd nokkrar athugasemdir viðvíkjandi frumvarpi þessu, og er þá aðeins tekin til athugunar sú hlið frumvarpsins, er snýr að loftskeytamönnum og starfi þeirra almennt.

Í 1. gr. frv. segir svo: „Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki“. Þætti oss æskilegra, að ennfremur stæði: „starfrækt af 1. eða 2. fl. loftskeytamanni. Annars finnst oss, að ákvæðið um þetta ætti að koma fram í sérstöku frv., er fjallaði um öryggi á sjó, og yrði þá ekki miðað við það, hversslags veiðar skip stunduðu, en fremur við stærð skipa, siglingar þeirra, fjölda skipshafnar, farþega o. s. frv. Sé ákvæði þetta sett til öryggis á sjó, er rétt að gera sér glögga grein fyrir því, hvað telja skuli fullkominn loftskeytaútbúnað. Almennt mun talinn fullkominn loftskeytaútbúnaður ein sendi- og móttökutæki. Nú er þessi úthúnaður í öllum íslenzkum veiðiskipum, en fjöldi þeirra hefir hvorki varasenditæki eða fleiri en einn móttakara (hér er eingöngu átt við botnvörpunga, en ekki önnur veiðiskip íslenzk), en slíkur útbúnaður veitir ekki fullkomið öryggi á þessu sviði, en ákvæði um, að slíkur útbúnaður sem varasenditæki, fleiri en einn móttakari o. s. frv. mundi hafa talsvert aukinn kostnað í för með sér fyrir útgerðina.

Nú er það svo, að fjöldi íslenzkra botnvörpuskipa hefir oft, og sumir að staðaldri, viðskipti við erlenda botnvörpunga og nota til þess dulmál. Samkvæmt 3. gr. frv. virðist ekki skylda bera til að afhenda þessa dulmálslykla. Einnig hafa margir erlendir botnvörpungar umboðsmenn hér á landi og við-

skipti við þá á dulmáli. Verður ekki séð, að umboðsmenn þessir séu skyldugir að afhenda dulmálslyklana, þar sem greinilega er tekið fram í fyrirsögn frumvarpsins: „og eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa“, en erlend skip ekki nefnd eða umboðsmenn þeirra. Virðist oss hér opin leið fyrir hverskonar upplýsingar til íslenzkra skipa, er fara þyrftu á bak við eftirlitið með misnotkun eða notkun loftskeyta.

Það skal tekið fram, að nú sem stendur, og hefir það gilt frá því fyrst var farið að starfrækja loftskeytastöðvar, hafa íslenzkar skipastöðvar notað sérstök eyðublöð frá Landssíma Íslands fyrir öll viðskipti við strandastöðvar, og yfirleitt fyrir öll þau viðskipti, er gjaldskyld eru.

Með ákvæðinu um undirskrift drengskaparvottorðs fyrir hvert skeyti, er sent er, er útilokað, að hægt sé að notfæra sér bæjarsímann til skeytasendinga, svo sem verið hefir. Þá er einnig viðbúið, að loftskeytastöðin í Reykjavík muni nota sér þann rétt, er hún nú hefir, að neita að taka á móti skeytum beint frá sendanda. Þurfa því öll skeyti fyrst að sendast Landssimanum, en það er sama sem, að ekki verður hægt að senda nokkur skeyti til skipa eftir lokunartíma Landssímans, og má öllum skiljast, hversu óþægilegt slíkt er, en loftskeytastöðin í Reykjavík þó opin allan sólarhringinn. Hefir lengi verið í ráði að fara þess á leit við símastjórnina að gera loftskeytastöðina að „innleveringarstöð“, þannig að henni bæri að taka við skeytum beint frá sendanda; en bæði er það, að loftskeytastöðin hefir ekki notað sér þann rétt sinn að neita að taka við skeytum beint frá sendanda, og sýnt með því mikla lipurð öllum skipaeigendum og öðrum þeim, er á þessu hafa þurft að halda, og eins hitt, að stöðin er talsvert langt frá bænum. Þótt nú loftskeytastöðin yrði gerð að „innleveringarstöð“, kæmi það ekki að fullu gagni, þar sem, eins og áður er getið, ekki er hægt að notfæra sér bæjarsímann til skeytasendinga, svo sem verið hefir. Vér vildum því leggja það til, að í stað þess að gera skipstjórum, útgerðarmanni eða útgerðarstjóra skylt að gefa drengskaparvottorð fyrir hverju skeyti, yrðu þeir látnir gefa drengskaparvottorð fyrir því, er þurfa þætti, í eitt skipti fyrir öll.

Út af ákvæði frumvarpsins hvað snertir númer, dagsetningu og nákvæman tíma skeytanna verður ekki annað skilið en að framvegis eigi innbyrðis viðskipti botnvörpunganna að fara fram með sama hætti og tíðkast um gjaldskyld skeyti. Gerir þetta alla afgreiðslu mjög erfiða, og er sízt á það bætandi, svo sem nú er komið loftskeytaafgreiðslu veiðiskipanna, margra orsaka vegna, er ekki verða raktar hér. Afgreiðslan hefir farið fram með þeim hætti, að vart er sent annað en innihald skeytanna, en slík afgreiðsla sem frumvarpið fer fram á mundi auka afarmikið sendinguna, og þar sem varlega mun reiknað, að milli skipanna séu afgreidd um 850 þús. skeyti á 10 mánaða tímabili, send og móttekin, er sjáanlegt, hversu umfangsmikið þetta starf er orðið, og mun þó aukast enn, er öll ákvæði frv. kæmu til framkvæmda. Má þó vera, að mikið væri hægt að laga ákvæði þessi og gera þau einfaldari, fengju loftskeytamenn að leggja fram tillögur sínar, er að því kæmi að semja reglugerð um afgreiðsluna.

Þá skal varað við því að skerða að nokkru leyti vörð loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík, sem haldinn er á 600 metra bylgju, en það væri nær óhjákvæmilegt, yrði sama manni gert að skyldu að hlusta eftir innbyrðis viðskipt-

um veiðiskipa og þeim, er halda ætti vörð á hinni alþjóðlegu farstöðvabylgju, 600 metrum, jafnvel þótt notaðir væru tveir móttakarar. Nú er það svo, að innbyrðis viðskipti skipa eru bönnuð á 600 metra bylgjunni og verða því að fara fram á öðrum bylgjulengdum. Loftskeytastöðina í Reykjavík ætti hið allra bráðasta að losa undan öllum öðrum viðskiptum en farstöðvaviðskiptum, og getur oss ekki skilizt, að komið geti til mála að leggja nokkurt það starf á hana, er frekar skerði vörð hennar en nú er. Sama má segja um varðskipin; að hlusta eftir innbyrðis viðskiptum veiðiskipa mundi eðlilega veikja vörð þeirra á 600 metrum, en með tveimur móttökutækjum eða fleirum mundi það koma að lítilli sök, þótt þeir hefðu það starf með höndum að einhverju leyti, og er þar talsvert öðru máli að gegna en með strandastöð.

Eins viljum vér benda á, að bókfærsla á skeytum skipa yfirleitt, til eða frá landi, er alveg óþörf og skapar aðeins óþarft erfiði. Eins og nú er og mun verða háttað afgreiðslu hefir Landssiminn tvö eintök af hverju skeyti, sendu og mótteknu, til skipa þeirra, er skipta við íslenzkar strandastöðvar, og sé meiningin, að þrátt fyrir það skuli færa öll skeytin inn í sérstakar bækur, virðist það óþarfi, eins og áður er sagt.

Vér höfum ekki annað eða fleira að benda á eða að segja álit okkar um að svo stöddu, nema ef það væri það, að við álítum, að svo framarlega sem menn á annað borð vilja hafa sig til þess að nota loftskeytatækin til ólöglegra veiða, mun hinu strangasta eftirliti með því veitast það erfitt, svo ekki sé sagt ómögulegt, að fyrirbyggja það; svo margvíslega má fara í kringum allt eftirlit. Nánar verður ekki farið út í það atriði, enda loftskeytamönnum óviðkomandi.

Virðingarfyllst.

Ingólfur Matthíasson,
form. F. Í. L.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 197. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um innflutning á kartöflum o. fl.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. marz skal greiða í ríkissjóð 2 kr. toll af hverjum 100 kg. af kartöflum, sem fluttar eru til landsins.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Við greinina bætist: Ennfremur má greiða úr ríkissjóði styrk til landflutnings á kartöflum, þannig: Á svæði því, er liggur eigi meira en 40 km. frá markaðsstað, greiðist enginn styrkur. Á svæði því, er liggur 40—100

km. frá markaðsstað, greiðist kr. 1,50 í styrk fyrir hver 100 kg., og á svæði, er liggur lengra burtu, 3 kr. styrkur,

4. Við 5. gr. Við greinina bætist: og reglur um flutningsstyrk.

Ed. 198. Nefndarálit

um frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 16. marz 1932.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson.

Nd. 199. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra eða sá, er hefir á hendi útgerðarstjórn varðskipanna, gerir starfsamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra og semur um kaup þeirra og kjör.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Vélameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, sem ekki eru taldir í 3. gr. Allir skipverjar skulu skráðir í skiprúm eftir fyrirmælum sjómannalaganna (l. nr. 41, 19. maí 1930) um lögskráningu sjómanna, enda gildi fyrirmæli þeirra laga um réttindi og skyldur skipverja yfirleitt.

3. gr.

5. og 6. gr. laganna falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Kaup og ráðningarkjör skipverja á varðskipum landsins fara að öðru leyti eftir samningum milli aðilja, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið og flutt samkv. tilmælum margra starfsmanna á varðskipum ríkisins, og greina þeir ástæður sem hér segir:

Síðan lögin um varðskip ríkisins voru sett, hefir það alloft komið fyrir, að ágreiningur hefir orðið um það, hvort um yfirmenn varðskipanna giltu hinar almennu reglur og lög um embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða lögin um atvinnu við siglingar, eða hvortveggja lögin að einhverju leyti. Út af þessu hefir risið talsverð óánægja og yfirmönnum varðskipanna virzt þeir lakar settir en tilsvarandi yfirmenn á öðrum skipum. En það er yfirleitt eindregin ósk allra þeirra, er atvinnu stunda á varðskipunum, að sömu lög gildi um þá sem skipverja á öðrum skipum tilsvarandi. Þess skal þó getið, að eigi mun hafa verið leitað álits skipstjóranna um þetta atriði, og er því eigi upplýst um afstöðu þeirra.

Til þess að sýna, hver mismunur er á kjörum yfirmanna varðskipanna og tilsvarandi starfsmanna hjá einkafyrirtækjum, skulu hér tekin tvö dæmi af handahófi:

Kaup 1. vélstjóra á Ægi er (byrjunarlaun) kr. 486,00 pr. mán., en kaup 1. vélstjóra á skipum Eimskipafélags Íslands er (byrjunarlaun) kr. 633,00 pr. mán.

Vélar jafnstórar, þ. e. hestaflatalan jöfn í báðum tilfellum.

Kaup 1. stýrimanns á Ægi (byrjunarlaun) er kr. 370.00 pr. mán., en kaup 1. stýrimanns á skipum Eimskipafélagsins (byrjunarlaun) er kr. 460 pr. mán.

Það liggur í augum uppi, að þar sem svo mikill munur er á kaupi þessara starfsmanna, þá leita úrvalsmennirnir til einkafyrirtækjanna, sem betur borga, og má öllum ljóst vera, hvert þá stefnir. Störf yfirmanna varðskipanna eru þó vissulega slík, að full þörf er á, að eigi sé þar minna mannval en á öðrum skipum. Á það má og benda, að eitt varðskipanna, Ægir, er búið mörgum nýtízku tækjum, sem vandfarið er með, og kemur sér því afarilla, ef mannaskipti eru mjög tíð, en slíks má jafnan vænta meðan haldið er uppteknum hætti um launagreiðslur. Menn, sem óvanir eru meðferð þessara nýtízku áhalda, sem mörg eru ærið dýr, geta á margvíslegan hátt orðið þess valdandi, að útgerð skipanna skaðist um stærri upphæðir en launamismuninum nemur.

Almennir skipverjar á varðskipunum eru nú ráðnir fyrir sama kaup og greitt er á strandferðaskipum ríkisins. Hins sama óska vélstjórar og stýrimenn varðskipanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði laganna um 3 mánaða uppsagnarfrest skipverja falli niður og hér eftir verði fylgt ákvæðum sjómannalaganna um uppsagnarfrest skipverja á verzlunarskipum og samið við stéttarfélögin um kaup og kjör skipverja á sama hátt og nú er gert um kaup á strandferðaskipum ríkissjóðs. Það er alltítt, að bæði yfirmenn og aðrir skipverjar flytjist milli skipa, af varðskipi á strandferðaskip og stundum öfugt. Virðist því eðlilegast, að sömu reglur gildi um ráðningarkjör á hvorumtveggja þessara skipa.

Nd. 200. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

Við 1. gr.

a. Á eftir tölul. 25. komi nýr tölul.:
Ólafsfjarðarhérað: Ólafsfjarðarhreppur. Læknissetur í Ólafsfirði.

b. Við 26. tölul. Orðið »Þóroddsstaðahreppur« falli burt.

Nd. 201. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

II. KAFLI.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál. Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, velja kennarar lagadeildar háskólans einhvern úr sínum hópi til að skipa það.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn. Þó má veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi dómaraefni sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við yfirréttinn, hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardóm, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.

3. Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir, er þeir fá veitingu fyrir dómaraembætti.

Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardóm eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.

4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms áður en aðaldómaraembætti er veitt.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

III. KAFLI.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Rétturinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.

3. Annast upplestur skjala i dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

IV. KAFLI.

Um launakjör.

14. gr.

Fastir dómarar í fimmtardómi hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000.00 á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

V. KAFLI.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

VI. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir

óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að bera sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

VII. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og aug-

lýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

VIII. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 33. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

IX. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

X. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali réttarins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.

3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatriði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

XI. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—

Fyrir frest ..... 5 —
Fyrir dómkvaðningu hvers manns ..... 5 —

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt visvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

XII. KAFLI.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

XIII. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

64. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

65. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

66. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

67. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

68. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

69. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. september 1932.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Ed. 202. Frumvarp

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Lengd erindanna miðast við 20 mínútur, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 203. Breytingartillaga

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 35. gr. b-lið:

Fyrir »600 kr.« komi: 200 kr.

Nd. 204. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form. **Guðbr. Ísberg, frsm.**

Jóhann Þ. Jósefsson. **Bergur Jónsson.** **Bjarni Ásgeirsson.**

Nd. 205. Frumvarp

til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Flm.: Einar Arnórsson, Magnús Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Sáttanefndarmenn og varasáttarnefndarmenn í Reykjavik skulu kosnir af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, með hlutfallskosningu og til 3 ára í senn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, og lætur hún fylgja því svolátandi athugasemdir:

„Eftir þeim lögum, sem nú gilda um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna, skulu menn kosnir til þessa starfa með almennum kosningum, eftir að bæjarstjórnin hefir stungið upp á ákveðnum mönnum í þessu skyni.

Fyrir þessar kosningar verður að semja sérstaka kjörskrá. Hefir það nú orðið mjög mikinn kostnað í för með sér hér í bænum, vegna kjósendafjöldans, auk alls annars kosningarundirbúnings. Þegar á það er litið, að aðeins örfáir kjósendur, venjulega mikið fyrir innan 100, neyta kosningarréttar síns við þessar kosningar, eins og verið hefir um fjölda ára hér, virðist bæjarstjórninni fyllsta ástæða til að létta af borgurunum þeim mikla kostnaði og öllu því umstangi, sem hið eldra kosningarfyrirkomulag — sem vissulega er orðið á eftir timanum hér í bænum — hefir í för með sér. Þess vegna óskar hún þess, að frumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi og samþykkt þar".

Nd. 206. Breytingartillaga

við frv. til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara (þskj. 193).

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist: Sama er um leikfimi- og íþróttakennara, sem eru fastir starfsmenn íþróttafélaga eða ungmennafélaga.

Ed. 207. Frumvarp

til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimi- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til iþrótta- eða leikfimikennslu við rikisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi. Sama er um leikfimi- og íþróttakennara, sem eru fastir starfsmenn íþróttafélaga eða ungmennafélaga.

2. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur reglur um leikfimi- og íþróttakennslu, þar sem höfð er full hliðsjón af mismunandi aðstöðu hinna ýmsu skóla og kröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar.

3. gr.

Prófnefnd 3 manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, dæmir um kunnáttu þeirra manna, sem vilja starfa sem íþrótta- eða leikfimikennarar samkvæmt 1. gr. Leggur nefndin úrskurð á, hvort þeir skuli ganga undir próf að öllu leyti eða í einstökum greinum, eða hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Prófnefndin skal skipuð til 3 ára í senn, og fær hún þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við ríkisskólana. Rétt er prófnefnd að kveðja sér til aðstoðar, er henni þykir þess þörf, tvo sérfróða menn, og hafa þeir þá atkvæðisrétt sem hinir reglulegu nefndarmenn.

Ed. 208. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Eftir 2. umr. Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi

fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, afl og bylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssímastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenzka stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann

hefir tekið hér á landi undanfarið ár. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 209. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Bergi Jónssyni og Einari Arnórssyni.

1. Við 26. gr. Síðari málsliður orðist svo: Stjórninni er skylt að ákveða þóknanir málaflutningsmanna, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Þó er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir dómstólana.
2. Við 51. gr. Á eftir orðunum »og má þá« í niðurlagi greinarinnar komi: að jafnaði.

Nd. 210. Frumvarp

til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki“ í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913, komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 2 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta vetrarþingi eftir ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, en varð þá ekki útrætt. Er það því borið fram að nýju á þessu þingi.

Nd. 211. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (BJ, SvbH og ÞorlJ) mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn (EA og JÓl) er því mótfallinn.

Alþingi, 17. marz 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.	Þorleifur Jónsson.

Nd. 212. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning á kartöflum o. fl.

I. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Fyrir »kartöflur« hvarvetna í frv. komi í viðeigandi falli: jarðepli.

II. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
1. Við 1. gr. Í stað »er bannað« kemur: er atvinnumálaráðherra heimilt að banna.
2. Við 2. gr. Greinin hefst þannig: Nú ætlar atvinnumálaráðherra að nota heimild 1. gr., og ákveður hann þá, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, með auglýsingu í Lögbirtingablaði o. s. frv.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist: Þar skal og setja ákvæði, er tryggi, að verð á kartöflum fari ekki fram úr því, sem vera myndi, ef innflutningur væri frjáls.

III. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 6. gr. Greinin fellur niður.

Nd. 213. Breytingartillaga

við frv. til laga um stóríbúðaskatt.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr. 1. málsliður greinarinnar orðist svo:
Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni árlega stóríbúðaskatt. Skattur í kaupstað eða kauptúni rennur í byggingarsjóð verkamanna skv. lögum nr. 71, 8. sept. 1931. Hafi enginn byggingarsjóður verið stofnaður í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni, skal stofna hann. Skattur í sveit rennur í Byggingar- og landnámssjóð.

Nd. 214. Breytingartillaga

við frv. til l. um háleiguskatt.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrsta málslið skal orða svo:
Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meiru en 15% af kaupverði húseignar að meðtalinni lóð, skal húseigandi greiða í byggingarsjóð verkamanna samkv. l. nr. 71, 8. sept. 1931, í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni háleiguskatt af því, sem umfram er. Hafi enginn byggingarsjóður verið stofnaður í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni, skal stofna hann.

Nd. 215. Frumvarp

til laga um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Flm.: Guðbrandur Ísberg, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Úr búi Síldareinkasölu Íslands skal greiða eigendum millisíldar þeirrar, er send var með e/s Ísland og kom til Kaupmannahafnar 7. des. f. á., andvirði þeirrar síldar, og auk þess andvirði áður seldrar millisíldar frá síðasta hausti, er geymt var á sérreikningi í banka og beið þar úthlutunar, þegar bú Síldareinkasölunnar var tekið til skiptameðferðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Um það verður ekki deilt, að lögin um einkasölu á síld frá 1929 voru eingöngu miðuð við sölu á venjulegri hafsíld. Millisíld sú, sem veiðzt hefir síðan lögin gengu í gildi, mun þó hafa verið tekin til sölumeðferðar af Síldareinkasölunni, en jafnan haldið alveg fyrir utan aðalrekstur hennar, og andvirði síldarinnar skilað eigendum jafnóðum. Hefir þessi veiði oftast verið svo lítil, að engin veruleg tregða hefir verið á sölunni, og því óþarft með öllu, að einkasalan hefði hana með höndum. Þegar Síldareinkasalan var tekin til skiptameðferðar, hefði verið eðlilegast að ákveða, að millisíldin skyldi vera búinu óviðkomandi, og þessa var gætt að því er mestan hluta Austfjarðasíldarinnar snerti, en samkv. 5. gr. bráðabirgðalaga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands, lenti ein sending norðlenzkrar millisíldar og eitthvað lítið af Austfjarðasíld í búi einkasölunnar, og mun þó andvirði þessarar síldar hafa verið greitt eftir að bú einkasölunnar var komið skilanefnd í hendur. Auk þess áttu norðlenzkir millisíldareigendur eftirstöðvar millisíldarandvirðis, ca. 9000 krónur, á sérreikningi í banka, sett þar af einkasölunni, er beið þar úthlutunar, en sem samkv. ákvæðum bráðabirgðalaganna var ekki hægt að úthorga, eða a. m. k. mun skilanefnd ekki hafa talið sér það heimilt. Þar sem hér er um að ræða hið mesta misrétti, er sumir eigendur millisíldarinnar hafa af vangá verið beittir, þegar bráðabirgðalögin voru sett, og hinsvegar um að ræða mjög tilfinnanlegt tjón fjölda fátækra manna, er á smábátum stunduðu þessa veiði, ber hina mestu nauðsyn til að leiðrétta þetta, en það verður tæplega hægt nema með því að setja lög, er ákveði, að skilanefnd einkasölunnar beri að greiða það fé af höndum, er millisíldareigendur eiga í vörzlum hennar.

Nd. **216. Frumvarp**

til laga um greiðslu söltunarlauna úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Úr búi Síldareinkasölu Íslands skal greiða sem forgangskröfur allar söltunarlaunakröfur síldarsaltenda frá síðastliðnu sumri, sem viðurkenndar voru af Síldareinkasölunni með því að greiða meiri hluta þeirra, enda sé felld niður jafnhá upphæð af forgangskröfum þeim, er ríkissjóður á í bú Síldareinkasölunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Á síðastliðnu sumri ákvað Síldareinkasalan, eins og að undanförnu, að greiða síldarsaltendum söltunarlaun eftir taxta, sem hún sjálf hafði sett eða samþykkt. En með því að mjög fast var knúð á um greiðslu út á síldina sjálfa, greiddi Síldareinkasalan 2 krónur út á tunnu, áður en síldarsaltendum voru greidd söltunarlaunin að fullu, en samkv. 3. lið 4. gr. l. nr. 61 frá 1929 átti að greiða allan kostnað við síldina, þar með talin verkunarlaun, áður en nokkuð væri greitt út á hana sjálfa. Að þessu leyti hefir Síldareinkasalan borið rétt síldarsaltenda fyrir borð, vafalaust þó í því trausti, að fljótlega yrði hægt að greiða það, sem eftir var af söltunarlaununum, enda mun hafa verið komið alveg að því, að þau yrðu greidd, þegar einkasalan var lögð niður. Nú telur skilanefnd sér óheimilt að greiða það, sem eftir var ógreitt af söltunarlaununum, og má það rétt vera. Hinsvegar hefði skilanefnd tvímælalaust verið heimilt að heimta aftur það, sem búið var að greiða út á síldina sjálfa, 2 krónur á tunnu. En bæði er það, að útgerðarmenn og sjómenn báru ærið skarðan hlut frá borði síðastliðið sumar, þó ekki sé farið að reita þessar 2 krónur af þeim aftur, og eins hitt, að slíkt væri alveg óframkvæmanlegt, þó reynt væri, og verður skilanefnd því af þeim sökum ekki gefið tómlæti í þessu efni að sök, enda mun engum heilvita manni koma til hugar að fara fram á slíkt. En réttur síldarsaltenda, sem eins og að framan segir hefir verið fyrir borð borinn, er hinn sami eftir sem áður, sem sé sá, að fá fulla greiðslu söltunarlaunanna, sem í eðli sínu eru „verkkaup“ og lögum samkv. áttu að greiðast áður en nokkuð var greitt út á síldina sjálfa. Og þar sem ríkisstjórnin hefir gefið út bráðabirgðalög um skiptameðferð á búi Síldareinkasölunnar, og skorið þannig fyrir greiðslu söltunarlauna frekar en orðið var, verður tæplega með rökum neitað, að hún hafi jafnframt tekið á ríkissjóð ábyrgð á orðinni vanrækslu í þessu efni. Nú á ríkissjóður forgangskröfu á Síldareinkasöluna, óinnheimta tolla, nokkuð mikið á þriðja hundrað þús. krónur, sem lögheimilt er

að innheimta. En óneitanlega væri það hart að gengið, samtímis því, að vanrækt er að greiða fyrir vinnu við að gera síldina að útflutningsvöru, og útgerðarmönnum og sjómönnum aðeins greiddar 2 krónur út á tunnu, að taka í ríkissjóð með tollum 2—3 krónur af hverri útfluttri tunnu. Eins og útkoma einkasölunnar var síðastliðið ár, nær slíkt vitanlega engri átt. Er því í frumvarpi þessu lagt til, að ríkissjóður gefi eftir jafnháa upphæð af tollakröfu sinni sem eftirstöðvum söltunarlaunanna nemur, til hagmuna fyrir síldarsaltendur, er á þann hátt fengju hlut sinn réttan án þess að nokkrum öðrum væri með því óréttur ger.

Nd. 217. Frumvarp

til laga um afnám l. nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Flm.: Guðbrandur Ísberg, Bernharð Stefánsson, Jón Auðunn Jónsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands, eru úr gildi numin.

2. gr.

Flugmálasjóður Íslands verður eign ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Með lögum nr. 17 frá 1930 er lagður skattur á síldarútveginn, sem 2 síðastliðin ár mun hafa numið ca. 70 þús. krónum á ári, og skyldi fé þessu varið meðal annars til síldarleitar úr lofti. Mun hafa verið gert ráð fyrir því, að síldarútvegurinn hefði þessa mikil eða a. m. k. nokkur not. Reynslan hefir nú sýnt, að þessi not hafa verið sáralitil, og í raun og veru einskis virði fyrir síldarútveginn, með þeirri tilhögun, sem á flugferðunum hefir verið hingað til. Nú mun flugfélagið vera orðið gjaldþrota, eftir stutta óhappaæfi, þrátt fyrir hinn háa og ósanngjarna styrk, sem tekinn hefir verið af síldarútveginum, auk mikils styrks úr ríkissjóði. Er því lagt til hér að fella flugskattinn úr gildi, en þar sem lögin öll eru ekkert annað en rammi utan um skattákvæðið, virðist eðlilegast að nema lögin í heild úr gildi.

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra til allt að 6 ára í senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn samningsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun.

2. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Um þá starfssamninga, sem skipstjóri og vélameistari gera við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum hinna almennu sjólaga.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 20—25% til skipshafnar varðskipsins, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup hvers þeirra. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

Greinargerð.

Dómsmálaráðherra hefir mælzt til þess við sjávarútvegsnefnd, að hún flytti frv. þetta. Lítur nefndin svo á, að breyting á varðskipalögunum frá 1928 sé orðin aðkallandi, einkum vegna þess, að skipin hafa fengið viðtækara verk að vinna heldur en lögin ætla þeim. Skipin hafa verið búin björgunartækjum og að öðrum þræði höfð við björgunarstarf, sem lögin gera ekki ráð fyrir, en af því leiðir aftur, að við þau eiga ekki allskostar ákvæði hinna almennu siglingalaga um björgunarstarf annara skipa. Er því aðaltilgangur þessa

frv. að bæta inn í lögin ákvæðum um björgun og björgunarlaun, sem hæfi starfsemi skipanna.

Við 1. gr.

3. gr. varðskipalaganna er lítt skiljanleg að því leyti, að fyrst er tekið fram, að starfssamningur sé bindandi fyrir ráðuneytið í 6 ár og yfirmenn í 1 ár, en síðar er aðilum áskilinn 3 mánaða uppsagnarfrestur. Er í frv. leitast við að bæta úr þessu ósamræmi.

Við 2. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Við 3. gr.

Virðist nauðsynlegt að lögfesta heimild þá, sem í frv. getur.

Við 4. gr.

Þar sem varðskipin eru orðin að mokkru björgunarskip og annast flesta þá björgunarstarfsemi, sem framkvæmd er hér við land, er nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði um skiptingu launanna.

Nánar í framsögu.

Nd. 219. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu í kringum öldubrjótinn í Bolungavik, sem sé nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi.

2. gr.

Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt.

3. gr.

Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Nd. 220. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (þskj. 88).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Alþingi, 17. marz 1932.

H. Stefánsson, form. Steingr. Steinþórsson, framsögumaður. Bernh. Stefánsson.

Nd. 221. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Orðin „nema síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Samkv. frv. þessu er ætlazt til, að af síld og síldarmjöli verði tekið sama útflutningsgjald og af öðrum útflutningsvörum, í stað hins afarháa gjalds, sem nú er tekið af þessum vörum.

Nd. 222. Frumvarp

til l. um breyting á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Fyrsti og annar málsliður í upptalningu 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Útflutningsgjald af síld og síldarafurðum er nú svo hátt, kr. 1,00 af tunnu saltsíldar og kr. 1,00 af 100 kg. síldarmjöls, að það eykur stórkostlega á erfiðleika síldveiðenda. Er þó sízt á þá bætandi. Virðist eðlilegast, að sama gjald sé tekið af þessum vörum og öðrum útflutningsvörum, og hefir frv. þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.

Sþ. 223. Tillaga

til þingsályktunar um viðskiptasamninga við erlend ríki.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga, í samráði við stjórnir landsmálaflokka á Alþingi, við erlend ríki um að þau kaupi íslenzkar afurðir eða ívilni um tollkjör þeirra. Sérstaklega er skorað á ríkisstjórnina að fá af létt innflutningstolli á fiski í Englandi og ná samningum um sölu síldar til Rússlands gegn vöruskiptum.

Greinargerð.

Atvinna verkalýðsins og afkoma almennings í landinu er í voða, ef ekki verður gert allt, sem unnt er, til að bæta og stækka markað fyrir íslenzkar vörur. Fiskframleiðsla Íslendinga hefir farið svo hraðvaxandi, að af þeirri ástæðu einni væri full nauðsyn nýrra og betri markaða, en auk þess þrengir kreppan gömlu markaðina, og margvíslegar löggjafar- og stjórnarráðstafanir erlendra ríkja miða að hinu sama, svo sem 10% tollur Englendinga á fiski. Síldarsalan má ætla, að lendi í enn meira öngþveiti en síðastl. ár, ef ekki verður hægt að tryggja sölu mikils hluta síldarinnar, en þá er helzt til Rússlands að leita. Landbúnaðarafurðirnar eru sízt betur settar í þessu efni.

Viðskiptaflækjur þær, er flest ríki lenda nú í, er víðast reynt að leysa með viðskiptasamningum milli ríkjanna, og er einstökum atvinnurekendum og útflytjendum ekki treystandi til að leysa þessi mál, sem heldur er ekki von. En of mikið er í húfi fyrir allan almenning til þess, að hið ýtrasta verði ekki reynt, og má vænta, að það verði gert samkvæmt þessari þáltill.

Nd. 224. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Á frv. hafa orðið nokkrar minniháttar breytingar í efri deild, meira þó að formi en efni. Teljum vér breytingar þessar yfirleitt til bóta og leggjum til, að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir, án frekari breytinga.

Alþingi, 18. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskrifari. Sveinbjörn Högnason.
Jón A. Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 225. Frumvarp

til laga um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þar, sem starfrækt eru fullkomin mjólkurbú, eitt eða fleiri, er annast sölu mjólkur og mjólkurafurða í einum eða fleiri kaupstöðum, og ¾ hlutar fulltrúa þeirra framleiðenda, er að mjólkurbúunum standa, hafa komið sér saman um skipulag á sölu afurða sinna á framleiðslusvæðinu, þá skal kalla saman almennan fulltrúafund allra mjólkurframleiðenda á sölusvæðinu, og má þar vera einn fulltrúi fyrir hverja 25 framleiðendur. Verði skipulag þetta samþykkt þar af ¾ fulltrúa, er atvinnumálaráðherra heimilt að staðfesta um það reglugerð, og er hún þá bindandi fyrir alla aðila.

2. gr.

Í reglugerð þessari má ákveða:

a. Að allir þeir, sem framleiða mjólk til sölu í viðkomandi kaupstöðum, séu háðir ákvæðum meiri hluta stjórnar mjólkurbúa og umboðsmanna annara mjólkurframleiðenda um skipulag, sölu og hlutfallslega aðstöðu til markaðsins.
b. Að öll mjólk og rjómi, sem seld eru í kaupstöðum, skuli hreinsuð og gerilsneydd, að þeirri mjólk undanskilinni, sem seld er sem „barnamjólk“, eftir nánari reglum, sem um það verða settar.
c. Hvernig jafna skuli á milli framleiðenda verði mjólkurinnar á hverju fram-

leiðslusvæði fyrir sig, eftir því hvort hún er seld beint til neyzlu í bæjum eða unnar eru úr henni aðrar afurðir.

d. Að mjólkurstöðvar þær, sem gerilsneyða mjólk, séu skyldar að inna það starf af hendi fyrir aðra en félagsmenn, fyrir hæfilegt gjald, sem ákveða má í reglugerðinni.

e. Að settar séu ákveðnar reglur fyrir því, hvernig mjólkurverð skuli reiknað út, þar sem lagt sé til grundvallar aðalkostnaðarliðir framleiðslunnar á hverjum tíma, og neytendur með því tryggðir fyrir því, að framleiðendur geti aldrei sett verðið of hátt.

3. gr.

Þegar meiri hluti mjólkurbúa landsins hefir orðið ásáttur um að koma skipulagi á verzlun með mjólk og mjólkurafurðir landsins í heild, bæði á innlendum og erlendum markaði, getur atvinnumálaráðherra gefið sérstaka reglugerð um það efni, þar sem ákveðið er verksvið yfirstjórnar búanna og vald hennar til að skylda búin til þátttöku í hlutfallslegum útflutningi og áhættu við hann.

4. gr.

Ákveða má í reglugerð, að ágreiningsmál, sem upp koma vegna ákvæða reglugerðanna, skuli skjóta til gerðardóms. Gerðardómur sé skipaður 5 mönnum, þar sem hvor aðili nefnir til 2 menn og atvinnumálaráðherra tilnefnir 1 mann. Úrskurðir gerðardóms skulu vera bindandi fyrir aðila, nema mál sé þannig vaxið, að það heyri sérstaklega undir dómstólana.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð sektir fyrir brot á henni.

Greinargerð.

Frumvarp næstum samhljóða þessu var samþ. á nýafstöðnu búnaðarþingi og sent landbúnaðarnefnd Nd. til fyrirgreiðslu. Hefir hún athugað málið og samþykkt að flytja það sem lagafrumvarp og lætur fylgja því þá greinargerð, er fylgdi því frá búnaðarþingi og hér fer á eftir:

„1. gr. Þar sem nú svo er komið, að mjólkurframleiðslan er orðin aðalatvinnuvegur heilla héraða og mikill hluti framleiðslunnar á stórum svæðum á landinu, svo sem er á Suðurlandsundirlendinu, Kjalarnesþingi, Eyjafirði og nú er að hefjast í Borgarfirði, þá virðist ekki nema réttmætt og sjálfsagt, að ríkisvaldið veiti aðstoð sína til að skipuleggja sölu og meðferð þessarar framleiðslu, þegar meiri hluti þeirra manna, sem að henni standa, telur nauðsynlegt, svo að mjólkurbúum þeim, sem komið hefir verið upp með aðstoð ríkisins, og búskapurinn í heild, bíði ekki stórhnekki vegna skilningsleysis þeirra manna, sem standa utan við félagsskapinn.

2. gr. a. Í þessari grein eru tekin fram höfuðatriði um það, hvaða undir-

búning samþykktin þarf að hafa hjá framleiðendum á hverju viðskiptasvæði fyrir sig, til þess að reglugerð verði gefin út.

b. Ákvæði þau, sem felast í greininni, eru sjálfsögð frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

c. Það er augljóst, að til þess að félagsskapur þessi geti staðið traustum fótum, þá hljóta þeir, sem að honum standa, eða sú stjórn, sem félagsskapurinn kýs til þess að fara með málefni sín, að koma sér saman um, hve mikið þeir, sem annast sölu mjólkurinnar, skuli gjalda til hinna, sem halda vöru sinni heima og vinna úr henni afurðir, og hvernig það skuli framkvæmt, líkt og ákveðið hefir verið hjá Norðmönnum.

d. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar búið er að ákveða, að öll neyzlumjólk og rjómi sé gerilsneytt eða hreinsað á fullkomnu mjólkurbúi, þá verða líka mjólkurbúin að hafa skyldu til að framkvæma það starf fyrir þá framleiðendur, sem ekki eru meðlimir í búunum, og kannske vildu, eftir sem áður, sjálfir annast um sölu á mjólk sinni, í stað þess að fela búunum það.

e. Í fljótu bragði mætti líta svo á, að framleiðendum sé með framangreindu reglugerðarákvæði gefin aðstaða til þess að setja verð neyzlumjólkur óeðlilega hátt, og miðar þessi liður að því að benda á, hvernig með skuli fara, svo neytendur séu tryggðir fyrir þeirri hættu.

Gert er ráð fyrir, að mjólkurverðið sé byggt á framleiðslukostnaðinum, þannig að teknir séu aðalkostnaðarliðir, svo sem kaupgjald, fóðurkostnaður, vextir og viðhald af fasteignum og höfuðstól búsins, verð á fóðurbæti og tilbúnum áburði, og e. t. v. fleiri smærri liðum. Svo sé athugað, hve mikið hver þessara liða geri í búrekstrinum og í hvaða hlutfalli þeir standi hver til annars. Á hverju því svæði, sem þetta skipulag er myndað, er lagt til grundvallar það mjólkurverð og sá framleiðslukostnaður, sem er á þeim tíma, er skipulagið komst á, og lækkar svo eða hækkar mjólkurverðið eftir því, hvort framleiðslukostnaður vex eða minnkar. Er rétt, að við þann útreikning eigi sæti 1 maður af hálfu viðkomandi bæjarfélags og 1 frá framleiðendum, með hagstofustjóra sem oddamann, eða öðrum hæfum manni, sem atvinnumálaráðherra útnefnir.

3. gr. Að því er bezt verður vitað, er mjólkurframleiðsla og vinnsla á mjólkurafurðum komin sem næst því marki að fullnægja neyzluþörf landsmanna. Er því auðsætt, að með vaxandi framleiðslu og fjölgun mjólkurbúa, þurfi fleiri að nota erlendan markað fyrir nokkuð af framleiðslunni. En með því að sá markaður er kostnaðarsamari og óvissari, þá þykir rétt að setja ákvæði um hluttöku allra búanna á því sviði.

4. gr. Þar sem auðsætt er, að innan slíks félagsskapar sem þess, er hér er gert ráð fyrir, geta komið upp ýms ágreiningsefni, og úrskurður þeirra verður oft að byggjast á mati á aðstæðum og æskilegt er að fá lausn á friðsamlegan hátt, þykir rétt að leggja til, að skipaður sé gerðardómur, er hafi ágreiningsatriðin til meðferðar, áður en leitað sé úrskurðar dómstólanna.

5. gr. Þarf engra skýringa við".

Nánar í framsögu.

Nd. 226. Frumvarp

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

Greinargerð.

Frumvarp samskonar og þetta hefir verið borið fram á undanförnum þingum og rætt nokkuð. Mun þingmönnum kunnugt um tilgang þess af þeim umræðum og öðru því, sem um það hefir verið rætt og ritað.

Ed. 227. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar (JónJ og PM) mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna (EÁrna) er á móti því.

Alþingi, 19. marz 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm. meiri hl.

Nd. 228. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Þorbirni Kapraciussyni skirteini til vélstjórnar á íslenzkum gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi. 19. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Guðbr. Ísberg, frsm.

Bergur Jónsson. Bjarni Ásgeirsson.

Nd.

229. Lög

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandarikjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi:

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, afl og bylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssimastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er islenzka stjórnin hefir undirritað, svo

og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi

skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 230. Frumvarp

til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skuli undanþegið innflutningstollum.

Flm.: Guðbrandur Ísberg, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Innflutt efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skal vera undanþegið hverskonar innflutningstollum.

2. gr.

Ákvæði laga, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Hér á landi eru nú 2 tunnuverksmiðjur, sem gætu smíðað mestallar eða allar þær tunnur, er nota þarf í landinu undir síld og kjöt, án þess að bæta við sig nokkru teljandi af vélum. Væri það vitanlega sýnn hagur, ef tunnurnar væru smíðaðar í landinu sjálfu. En þar sem efnið í tunnurnar er tollað nærri eins hátt og tunnurnar tilbúnar, hafa hinar innlendu verksmiðjur ekki getað tekið upp samkeppni við gömul og rík erlend firmu í þessari grein.

Til þess að gera innlent tunnusmíði mögulegt eru aðeins tvær leiðir fyrir hendi. Önnur að afnema innflutningstolla af efni í tunnurnar, eins og

hér er lagt til að gert verði, hin sú, að hækka toll á tilbúnum tunnum, en þar sem síld og kjöt er nú í mjög lágu verði, og sala auk þess ótrygg, þykir ófært að fara þá leið að svo stöddu.

Nd. 231. Frumvarp

til laga um, að efnivörur til skipa- og bátasmíða skuli undanþegnar innflutningstollum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Innfluttar efnivörur til skipa- og bátasmíða skulu vera undanþegnar hverskonar innflutningstollum.

2. gr.

Ákvæði laga, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Nú er svo ástatt, að allt efni í skip og báta, og allar vörur, er til þeirra smíða þarf, eru tollaðar. Hinsvegar eru skip og bátar tollfrjálsir. Með tilliti til þess, að skip og bátar (úr tré), sem smíðaðir eru hér á landi, þola fullkomlega samanburð við erlenda framleiðslu á þessu sviði, nær ekki nokkurri átt að tolla nauðsynjar til skipasmíða, en leyfa tollfrjálsan innflutning á skipum og bátum. Til þess að bæta úr þessu misrétti eru tvær leiðir fyrir hendi. Önnur að afnema toll af efnivörum til skipa- og bátasmíða, eins og hér er lagt til að gert verði, hin sú, að leggja jafnan eða hærri toll á skip og báta en nú er á efnivörum í þessa hluti, en eins og nú er ástatt um yfirfærslur á gjaldeyri, má vænta þess, að menn leiti ekki til annara landa um kaup á skipum og bátum, ef þeir geta fengið þessa hluti með svipuðu verði í landinu sjálfu, en þess er að vænta, að svo verði, ef tollur af efnivörunni er afnuminn.

Ed. 232. Nefndarálit

um frv. til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir tveim síðustu vetrarþingum og verið samþykkt hér í deildinni, en orðið svo óútrætt. Bendir það heldur til, að frv. hafi ekki fast fylgi í neðri deild.

Tilgangur frv. mun vera sá, að skuldbinda Alþingi til að reisa veglegt háskólahús innan 8 ára. Það skal og játað, að mjög æskilegt væri, að háskólinn fengi áður langt um líður betri húsakynni en nú hefir hann. Aftur ber á það að líta, að nú er ægileg fjárkreppa í landi, sem enginn sér fyrir, hvaða dilk dragi eftir sér, og ótal verkefni liggja fyrir. Virðist því ekki bein nauðsyn né æskilegt að binda fyrirfram hendur fjárveitingavaldsins með því að samþykkja frv. þetta.

Hinsvegar virðist nauðsynlegt, að sem fyrst sé unnið að því að tryggja háskólanum nægilegt og hentugt landrými fyrir framtíðina, og virðist það mjög vel til fallið, að Reykjavíkurbær leggi landið til, ef hann nýtur þeirra forréttinda, að háskólinn verði reistur í bænum. Mundi slík fórnfýsi Reykjavíkur mjög flýta fyrir því, að háskólinn yrði reistur og greiða mjög fyrir stúdentagarðinum, sem þegar mun hafa safnað allmiklu fé.

Í samræmi við það, sem nú hefir sagt verið, er lagt til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leiti hjá bæjarstjórn Reykjavikur ákveðinna tilboða um land á hentugum stað handa háskólanum og leggi árangur af þeirri málaleitun fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. marz 1932.

Jón Jónsson, form. Guðrún Lárusdóttir.

Nd. 233. Breytingartillögur

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „4 aura“ í staflið a. kemur: 2 aura.
   b. Fyrir „1 — eina — krónu“ í staflið b. kemur: 50 aura.
   c. Stafliður c. orðist svo:
      c. 1. Af leigubifreiðum til mannflutninga 3 — þrjár — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
      2. Af einkabifreiðum 6 — sex — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
2. Við 5. gr.
   Fyrir „300 l.“ í fyrstu málsgrein kemur: 500 l.

3. Við 8. gr.
Greinina skal orða svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. Innflutningsgjaldi af benzíni samkv. 1. gr. a. skal varið til viðhalds og umbóta á akfærum þjóðvegum. Um skiptingu fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum. Þó skal að minnsta kosti 20% af þessu gjaldi varið til þess að greiða aukakostnað af því að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni, þar sem umferð bifreiða er mest.
b. Innflutningsgjaldi af hjólabörðum o. s. frv. samkv. 1. gr. b. skal varið til viðhalds og umbóta akfærra sýsluvega samkvæmt reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur. Skal skipta fénu eftir tillögum vegamálastjóra og haga svo til, að féð skiptist milli veganna sem næst eftir umferð bifreiða og aðstöðu til viðhalds.
c. Þungaskatti samkv. 1. gr. c. og skatti af tvíhjóla bifreiðum (1. gr. d.) skal varið til malbikunar eða annara haldgóðra aðgerða á götum í bæjum eða vegum í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem bifreiðarnar eru skrásettar. Bæjarstjórnir og sýslunefndir ákveða, hvernig þessu gjaldi er varið.

Ed. 234. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þingskjali 201, með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórninni er skylt að ákveða þóknanir málaflutningsmanna, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Þó er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir dómstólana.

51. gr. hljóðar svo:

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá að jafnaði eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

Ed. 235. Frumvarp

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Kollaleiru.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi þjóðjörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi, fyrir það verð, sem dómkvaddir

menn óvilhallir meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Greinargerð.

Ástæðan til, að þetta frumvarp er fram komið er sú, að Reyðarfjarðarkauptún hefir vaxið mjög á síðari árum. Um 1920 voru íbúar þess um 100, en nú um 300. Kauptúnið er byggt í Bakkagerðis- og Kollaleirulandi. Í Bakkagerði er lítið land og erfitt til ræktunar, en á Kollaleiru er mikið af ræktanlegu landi, sem liggur vel við að ræktast frá þorpinu.

Sem í öðrum þorpum mundi það affarasælast, að menn ræktuðu land sjálfir, svo hægt væri að framleiða næga mjólk. Nú eru á Reyðarfirði aðeins 21 mjólkurkýr, en þyrftu að vera nær 60 til að fullnægja mjólkurþörf hreppsbúa. Fóður þeirra kúa, sem nú eru í þorpinu, er að miklu sótt lengra að og á óræktað land, því þorpsbúar hafa ekkert land til ræktunar.

Þess skal getið, að ábúandi Kollaleiru mun fús til að gefa eftir forkaupsrétt sinn á jörðinni.

Nd. 236. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 2. gr.
Greinin fellur niður.

Nd. 237. Nefndarálit

um frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en hefir þó gert við það nokkrar breytingar. Taldi hún rétt, að fyrirhleðslur þær og aðgerðir, sem gera verður til varnar, vegna aðgerða hins opinbera við að veita vötnunum, skuli kostaðar í sömu hlutföllum og varnir fyrir innan Hlíðarenda. Einn nefndarmanna (SvbH) telur hinsvegar, að allar fyrirhleðslur, sem gerðar eru annaðhvort til að veita vötnum saman eða verjast vegna þess, beri að skoða sem beinan lið í samgöngubótunum og kostnaðurinn því að greiðast á sama hátt og við þær. Áskilur hann sér rétt til að bera sér fram breytingartillögu um það.

Nefndin leggur áherzlu á afgreiðslu þessa máls nú, þar sem þegar er hafinn undirbúningur um allverulegar framkvæmdir verksins á sumri komanda. Ræður hún því deildinni til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. tölul. 2. Í stað orðanna „norðan við“ komi: nálægt.
2. Við 2. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist: Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.
3. Við 3. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „skemmdir ... fyrirhleðslunum“ komi auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

Alþingi, 17. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Sveinbjörn Högnason, frsm. Jón A. Jónsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Bergur Jónsson, fundaskr.

Nd. 238. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Við 1. gr.

a. Í 27. tölulið. Fyrir „Illugastaðasókn í Hálshreppi“ komi: Háls- og Illugastaðasóknir í Hálshreppi.
b. Í 28. tölulið. Fyrir „Flateyjarhreppur, Draflastaða- og Hálssóknir í Fnjóskadal“ komi: og Draflastaðasókn í Hálshreppi.
c. Í 30. tölul. Á eftir „Húsavíkurhreppur“ bætist inn í: Flateyjarhreppur.

Ed. 239. Frumvarp

til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

Flutningsm.: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svínadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Land það, sem hér ræðir um, er mjó landspilda eftir háliálsi milli heimalanda jarðanna Litladals í Sléttárdal og Holts í Svinadal, svo og selland sunnan Litladalslands. Verður ekki séð, að Auðkúla geti notað sér þetta land, vegna fjarlægðar, og hefir ekki gert það mörg undanfarin ár, síðan fráfærur lögðust niður, enda heimaland jarðarinnar afarvíðáttumikið, þó að þetta verði fráskilið. Hinsvegar er beitiland þarna gott, og eftirspurn eftir þessu landi. — Viðkomandi sóknarprestur mælir með sölunni.

Nd. 240. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premíu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar síldarvogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar, sem síld er mæld samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mæliker þau, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 300—30000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Neðri deild Alþingis hefir nú fellt frv., þar sem farið var fram á, að vigt á bræðslusíld yrði skilyrðislaust lögskipuð. En samkvæmt gildandi lögum eiga seljendur kröfu á, að síld sé vegin, ef þeir óska þess.

Ágreiningur getur orðið um það, hverjir skuli teljast seljendur, og er ætlazt til þess, að hásetar og aðrir, sem hlut taka eða premíu á síldveiðum, séu taldir seljendur í þessu sambandi. En þá þykir sjálfsagt að skylda allar bræðsluverksmiðjur til að hafa hæfar vogir jafnan til taks, ef þessi kröfuréttur á ekki að vera dauður bókstafur gagnvart sumum verksmiðjunum. Loks þykir ekki verða komizt hjá því að hafa tilsvarandi ákvæði um eftirlit með mælikerum og notkun þeirra og nú gilda um síldarvogir.

Nd. 241. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Einari Arnórssyni.

1. gr. frv. orðist svo:

1. gr. laganna orðist þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengjunni frá vesturtakmörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og til Geldinganess að austan, að undanskildum Grafarvogi og netlögum fyrir landi Grafar og Keldna. Sjávarmegin nær Reykjavíkurhöfn að netlögum eyja þeirra, er að henni liggja og eigi eru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Svo tekur og Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

Nd. 242. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka síldarbræðslu á Raufarhöfn.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að leigja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn, ásamt bryggjum og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum, og reka þar síldarbræðslu, ef viðunandi leigusamningar nást og fært þykir að öðru leyti.

2. gr.

Stjórn síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn verksmiðjunnar á Raufarhöfn undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kauptúnið við Raufarhöfn hefir að mestu vaxið upp síðasta áratug. Áður voru þar aðeins 4—6 fjölskyldur, en nú er íbúatala um 200. Atvinna þorpsbúa hefir verið sjávarútgerð og daglaunavinna við síldarbræðslustöð, sem þar hefir starfað 7—8 ár, og hefir atvinnuvon við það fyrirtæki mestu valdið um aðstreymi fólks til þessa staðar. Um fleiri atvinnumöguleika er ekki að ræða að svo stöddu.

Fiskveiðar verða ekki stundaðar frá þessum stað nema 3—4 sumarmánuðina, eða þann tíma, sem síldveiði stendur yfir. Hefir útgerðinni verið ómetanlegur stuðningur að rekstri bræðslustöðvarinnar, því hans vegna hefir venjulega fengizt ný og ódýr beitusíld frá skipum þeim, sem þangað leita til aflasölu.

Síldarbræðslustöðin er norskt fyrirtæki. Hefir eigandinn jafnframt verið atvinnurekandi á fleiri stöðum hér á landi og í Noregi, og munu þau fyrirtæki hafa borið sig misjafnlega vel. Er nú fullyrt, að hann muni verða að hætta verksmiðjurekstrinum á Raufarhöfn, vegna fjárhagsörðugleika. Missa þá verkamenn þeir, sem þar hafa unnið, atvinnu sína og útgerðin þann óbeina stuðning, sem verksmiðjureksturinn hefir veitt þeim.

Sjávarútgerð Raufarhafnarbúa hefir ekki farið varhluta af þeim erfiðleikum, sem þjakað hafa þann atvinnuveg annarsstaðar á landinu hin síðustu ár. Er nú svo komið, að tvísýnt mun vera um möguleika fyrir áframhaldi útgerðar á þessum stað, þótt beita yrði jafnauðfengin og áður, en ef það bregzt, er útgerðin dauðadæmd að sinni. Eru þá allar bjargir bannaðar fyrir þorpsbúa og fyrirsjáanlegt fullkomið hallæri.

Auk þeirra beinu og óbeinu hagsmuna, sem rekstur síldarverksmiðju mundi veita Raufarhafnarbúum, þá hlýtur hann einnig að vera síldarútgerðinni mikið hagsmunamál. Síldargöngur eru oft mjög miklar á Öxarfirði og Þistilfirði og austanvert við Langanes, og stundum hefir það komið fyrir, að því nær allur síldarflotinn hefir leitað til þessara stöðva, þegar lítil síld er annarsstaðar. Þegar svo stendur á, hafa skipin lagt mikið kapp á að selja veiðina á Raufarhöfn, því þangað er langskemmst sigling. Auk þess hefir reynslan sýnt, að verksmiðjurnar á Siglufirði og Krossanesi geta ekki annað því að

taka á móti allri síld, þegar mikið veiðist, og hefir þá skipunum komið það vel að geta selt á Raufarhöfn.

Rekstur síldarverksmiðju á Raufarhöfn ætti ekki að þurfa að baka ríkinu teljandi áhættu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að festa fé í vélum eða öðrum mannvirkjum, og síldareigendum mundi aðeins verða greitt það verð, sem fengist fyrir afurðirnar að frádregnum kostnaði.

Um leigukjör á verksmiðjunni verður ekkert fullyrt. En líklegt er, að núverandi eigandi mundi eftir atvikum telja sig fullsæmdan af eftirgjaldi, sem svaraði til vaxta af mannvirkjunum.

Frumvarp þetta, ef að lögum yrði og heimildin notuð, mundi tryggja atvinnu þorpsbúa á Raufarhöfn og þeirra manna, sem síldveiðar stunda við Norðurland.

Ed. **243. Frumvarp**

til laga um síldarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð, sykursöltuð eða kryddsöltuð hér á landi eða hér við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna, og skal söltun síldarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Öll síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanna frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sé bituð smátt eða meðfarin á sérstaka iðnaðarvisu, alveg fráhrugðna venjulegri söltun.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir aðsetur á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr ríkissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna síldarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna, og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum yfirmatsmanna í hvívetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og greiðir það síldareigandi, en sá, er síldina verkar, ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. gr.

Áður en síldveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sér eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi, og skulu yfirmatsmenn sjá um, að hvert síldveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skipti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni síldarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta síldina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin er þegar hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 10. gr.

4. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, og skal flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyrr en matsmaður hefir skoðað hana.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur þar um. Skal í reglugerðinni svo vera fyrir mælt, að sérhverjum, sem salta vill síld, skuli gert að skyldu að flokka nákvæmlega eftir stærð og gæðum að minnsta kosti 15% af allri þeirri síld, er hann lætur salta til útflutnings af framleiðslu ársins 1932, og er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að fyrirskipa aukningu á slíkri stærðar- og gæðaaðgreiningu árlega næstu þrjú ár um allt að 15% hvert ár.

Meðan á söltun stendur ber matsmanni að gæta þess vandlega, að það af síldinni, sem flokka skal nákvæmlega eftir stærð og gæðum, blandist ekki saman við það, sem flokkað er aðeins eftir gæðum. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur, ekki fyrirskipana matsmanna, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafizt þess, að honum sé vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minnsta lagi.

5. gr.

Undir matsskylda síld má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum, þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu.

Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

6. gr.

Nú hefir síldarmatsmaður grun um, að síld hafi skemmzt eftir söltun, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sé mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu síld.

7. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður síldar senda hana til útlanda, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur þess þörf, og skal slík skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef síldin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

8. gr.

Allri síld, sem send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskirteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermínguna, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að síldarfarmskírteini séu rituð á fyrirskipuð eyðublöð, og fylgi matsvottorð hverri síldarsendingu, sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskírteinið.

9. gr.

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnumálaráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjanda hennar.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Síldareinkasala Íslands var sett á stofn 1928, voru úr gildi numin lög nr. 56, 28. nóv. 1919, um skoðun á síld. Nú þegar Síldareinkasalan er lögð niður, verða ekki í lögum nein fyrirmæli um skoðun eða mat á síld. Virðist því óhjákvæmilegt, að á þessu þingi verði sett lög um það efni. Sjávarútvegsnefnd hefir því, eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, ákveðið að flytja frv. þetta. Er frv. í flestum meginatriðum samhljóða frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi 1928, er samið hafði milliþinganefnd, sem skipuð var af atvinnumálaráðherra 27. des. 1926.

Til leiðbeininga við frágang frv. nú hefir sjávarútvegsnefnd notið aðstoðar fyrrv. yfirsíldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar, og eru þær breytingar, sem gerðar eru á frv. frá því, sem það var, þegar það var lagt fyrir þingið 1928, gerðar í samráði við hann.

Í frv. 1928 var gert ráð fyrir, að öll síld, sem söltuð er til útflutnings, skuli aðgreind eftir stærð og gæðum. Þessu hefir nefndin breytt þannig, að nú er í frv. þessu gert ráð fyrir, að aðgreiningin sé reglugerðarákvæði, þar sem svo skuli fyrir mælt, að aðeins 15% af framleiðslunni 1932 skuli aðgreint nákvæmlega eftir stærð og gæðum, en atvinnumálaráðherra heimilt, með reglugerð, að láta auka það næstu þrjú ár um allt að 15% á ári. Að öðru leyti sé aðeins um gæðaflokka að ræða. Það er þó sjálfsagt, að þeir, sem óska, geta fengið meira af síld þeirri, er þeir láta salta, aðgreinda nákvæmlega eftir stærð og gæðum.

Í reglugerð, sem sett var er síldareinkasalan hóf starfsemi sína, var gert ráð fyrir, að öll síld, sem söltuð væri til útflutnings, yrði flokkuð eftir stærð og gæðum. Þetta reyndist óframkvæmanlegt þá, og má gera ráð fyrir, að svo reynist einnig framvegis, ef heimta á flokkun eftir stærðum á allri síld allt í einu. Þess vegna er hér farið fram á, að þetta verði gert smámsaman og reynt að auka stærðaraðgreininguna árlega.

Nokkrar smærri breytingar eru frá nefndinni nú, og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er fylgdi frv. 1928 (Alþt. 1928, A. þskj. 31).

Ed. 244. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég legg til, að frv. þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Fyrsti málsliður orðist svo:

Á árunum 1936—1946 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Alþingi, 21. marz 1932.

Páll Hermannsson,
fundaskrifari.

Nd. 245. Frumvarp

til laga um byggingarsamvinnufélög.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst 1/5 hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Eftir það greiðir félagsmaður í stofnsjóð fjárhæð, sem nemur 1‰ af kostnaðarverði húsnæðis þess, sem hann hefir eignazt frá félaginu. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Þá skulu félagsmenn árlega leggja fram fé í rekstrarsjóð, sem eigi nemi

minnu en 1‰ og eigi meiru en 2‰ af kostnaðarverði húsnæðis þess, er byggt hefir verið af félaginu. Er þessum sjóði ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, með sameiginlegri ábyrgð félagsmanna að baktryggingu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hvert um sig hljóðar á fjárhæðir, er fjármálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. að húsin séu gerð úr varanlegu efni með tveggja til fimm herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

7. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigend-

ur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi þegar kaupin fóru fram verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

13. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu um byggingarsamvinnufélög er lagður grundvöllur að því, að mikill hluti manna, sem vill eignast hús, geti með fyrirhyggju og sparsemi smátt og smátt nálgazt þetta takmark, og ennfremur til þess, að þeir, sem eitthvert fé eiga, geti byggt hús, þótt það fjármagn nægi ekki eins og skipulagi byggingamála er nú háttað í Reykjavík og annarsstaðar á landinu. Er sú leið farin í frv. þessu, að sneitt er hjá því, að hið opinbera þurfi að leggja fram fé, einungis styðja málefnið með ábyrgð og fjárútvegunum á svipaðan hátt og átt hefir sér stað um veðdeildir bankanna. Ef hið opinbera á að leggja fram verulegan beinan fjárstyrk til húsabygginga alls almennings eins og nú er gert um byggingu verkamannabústaða, er sýnilegt, að ekki verður hægt að styrkja húsabyggingar nema fyrir fátækasta og tekjulægsta hluta fólksins, en hinir, sem betur mega, verði að bíða, og sennilegt, að fjármagn hins opinbera geti ekki í nokkurri fyrirsjáanlegri framtíð nægt til þess að hjálpa meira en nú er gert ráð fyrir með lögunum um verkamannabústaði. Enda verður það að teljast æskilegasta leiðin, að allur fjöldi manna geti byggt sér hús án þess að fá beinan styrk frá ríkinu eða sveitarfélögum.

Jafnframt er í frumvarpinu stefnt að því að beita skipulagi samvinnunnar til þess að leita hagfelldrar úrlausnar um húsnæðismálin.

Aðalerfiðleikarnir við að koma upp húsum eins og nú standa sakir eru dýr og óhagkvæm lán, sem fyrst fást útborguð eftir að búið er að reisa húsið, en af því leiðir, að ekki verður komizt að hagkvæmari kaupum, hvorki á efni né vinnu. En þetta tvennt gerir það að verkum, að húsin verða miklum mun dýr-

ari en þau þyrftu að verða. Loks er það afleiðing af lánsörðugleikunum, að minna hefir verið reist af húsum, sérstaklega í Reykjavík, en sem svarar til fólksfjölgunar, og þess vegna hefir verzlunin með hús orðið til þess að bæta enn nýrri og eigi óverulegri hækkun á húsaverðið. Og er nú svo komið, að húsnæðisdýrtíðin í höfuðstaðnum er þegar orðin alvarlegur þáttur í þeirri dýrtíð, sem nú liggur eins og farg á atvinnuvegum þjóðarinnar og telja verður fullkomna nauðsyn að fá af létt.

Með byggingarsamvinnufélögum er stefnt að því:

1. Að menn safni sér fé til þess að geta fengið aðstöðu til þess að eignast húsnæði, ef þeir eiga það ekki þegar handbært.
2. Með félagsskap þessum myndast grundvöllur til fjárútvegunar. Verður það að teljast fullvíst, að verðbréf byggingarsamvinnufélaga, tryggð með fyrsta og öðrum veðrétti í húsum, reistum úr varanlegu efni, og ennfremur með samábyrgð félagsmanna, yrðu talin fullkomin baktrygging fyrir verðbréfum, sem út yrðu gefin til sölu á erlendum markaði, þegar ábyrgð ríkissjóðs komi til.
3. Með því að reisa mörg hús í senn sparast talsvert fé við hagkvæmari kaup á efni, eigi aðeins fyrir það, að greitt yrði við móttöku, heldur einnig fyrir hitt, að um stærri kaup er að ræða en ef hver borgaði og semdi sér í lagi.
4. Að sjálfsögðu yrði í samþykktum og reglugerðum mælt fyrir um það, að húsum byggingarsamvinnufélaga yrði stillt í hóf um stærð íbúða og allan tilkostnað, enda þarf samþykki ráðuneytis um teikningar í hvert sinn.
5. Með slíkri starfsemi, sem nú hefir verið lýst, yrði húsum komið upp fyrir sannvirði.
6. Með byggingarsamvinnufélögum er loks samkvæmt frumvarpinu (sbr. 9.—11. gr.) fyrirbyggð öll verðhækkun húsanna, sem ekki á sér stað í varanlegum endurbótum þeirra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin láti gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum, sem byggingarsamvinnufélög létu reisa. Yrði með því tryggt, að leitað yrði hinna fullkomnustu fyrirmynda í hvert sinn. Ennfremur, að hún hafi eftirlit með byggingum og starfrækslu félaganna.

Að öðru leyti er ætlazt til þess með frv., að byggingarsamvinnufélög falli undir og starfi á grundvelli gildandi samvinnulöggjafar.

Ekki þykir ástæða til að skýra hinar einstöku greinar frv. nánar en gert hefir verið í þessari almennu greinargerð.

Ed. 246. Nefndarálit

um frumv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frumvarp sameinar í einn skóla kennslu ljósmæðra og hjúkrunarkvenna. Er skólinn rekinn í sambandi við landsspítalann, og hefir stjórn spítal-

ans stjórn skólans á hendi. Aðalkennarar við ljósmæðradeildina eru yfirlæknirinn og yfirljósmóðirin við fæðingardeildina. Námstíminn er í frumvarpinu ákveðinn 1 ár fyrir ljósmæðraefnin, í stað þess, að nú er hann 9 mánuðir.

Skóli fyrir hjúkrunarnema var settur á stofn í sambandi við rekstur landsspítalans. Er það í fyrsta sinn, sem slíkur skóli er starfræktur hér á landi. Verður að telja hans mikla þörf, þar sem konur þær, er ætluðu að stunda hjúkrunarnám, hafa til skamms tíma orðið að sækja það til útlanda.

Nefndin fellst í öllum aðalatriðum á það fyrirkomulag, sem felst í þessu frumvarpi, og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. Aftan af greininni falli: „og skal yfirlæknum spítalans“ o. s. frv. til enda greinarinnar.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: yfirlæknar annast kennslu við hjúkrunarkvennadeildina án sérstakrar aukaþóknunar.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: 5. Þóknun til kennara.

Alþingi, 22. marz 1932.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 247. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við það.

Alþingi, 22. marz 1932.

Einar Árnason, form. með fyrirvara.	Jón Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 248. Frumvarp

til laga um að banna hér á landi lögskráningu íslenzkra manna á erlend fiskiskip.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Bannað er hvarvetna á landi hér að lögskrá íslenzka ríkisborgara á erlend fiskiskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það færist ískyggilega í vöxt nú á síðustu tímum, að erlendar þjóðir, sem senda skip til fiskveiða við Ísland, ráði í sina þjónustu innlenda menn til þess hvorstveggja að vísa þeim á miðin og kenna þeim flatningu og söltun fiskjarins að okkar hætti. Á þennan hátt gerast innlendir menn sínir eigin böðlar, bæði með því að jafna aðstöðumun kunnugra og ókunnugra á miðum vorum og í annan stað hlynna að hættulegri samkeppni við okkur um sölu fiskjarins og þar með þrengja fyrir okkur markaðinn. En skammgóður verður sá vermir um atvinnuauka okkur til handa, því útlendingarnir læra á skömmum tíma það, sem þeim var áfátt í þessu efni, og þurfa þeir þá ekki lengur á Íslendingunum að halda.

Frumvarp þetta miðar að því að girða fyrir slíkar þjóðhættulegar athafnir.

Nd. **249. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt. Þó þykir okkur ekki ástæða til að ákveða fyrir lengri tíma en yfirstandandi ár, að hálfar tekjur sjóðsins falli í ríkissjóð, svo að taka verði nýja ákvörðun á næsta Alþingi, ef þá kynni enn að þykja rétt að ákveða sömu ráðstöfun á tekjum sjóðsins. — Leggjum við til, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Upphaf greinarinnar orðist svo:
Árið 1932 fellur í ríkissjóð o. s. frv.

Alþingi, 22. marz 1932.

H. Stefánsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 250. Breytingartillaga

við frv. til laga um lækningaleyfi o. fl., þskj. 35.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr.

Fyrir „Rétt til að fást við lækningar“ komi: Rétt til að stunda lækningaatvinnu.

Ed. 251. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd til þess:

1. Að rannsaka möguleika á og gera tillögur um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, t. d. með fækkun opinberra starfsmanna, afnámi ónauðsynlegra styrkveitinga og sparnaði í þjóðarbúskapnum yfirleitt.
2. Að rannsaka rekstur hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins og gera tillögur um niðurfærslu tilkostnaðar við þær.

Embættismönnum og starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana skal skylt að láta nefndinni í heild eða hverjum einstökum nefndarmanna í té sérhverjar upplýsingar, er varða embætti þeirra eða stofnun þá, er þeir vinna við.

Ástæður.

Sökum erfiðrar afkomu atvinnuveganna og þverrandi gjaldþols landsmanna virðist fyrirsjáanlegt, að tekjur ríkissjóðs hljóti að rýrna tilfinnanlega. Meðan svo er ástatt sem nú er, getur ekki komið til mála að auka skattabyrði landsmanna, heldur væri miklu fremur ástæða til að létta álögum af að einhverju leyti. Þegar þessa er gætt, er Alþingi skylt að gera þær ráðstafanir, sem unnt er til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, og þessar ráðstafanir hefir þingið í hendi sér að gera, ef meiri hluti þess vill svo vera láta.

Ríkið hefir ennfremur margskonar starfsemi með höndum, svo sem verzlunarrekstur, skipaútgerð o. fl., meiri og margþættari en áður hefir átt sér stað. Þessi rikisrekstur fer vaxandi hröðum skrefum, og er því engu síður nauðsynlegt, að Alþingi beini athygli sinni að stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir ábyrgð og áhættu ríkisins, þegar um það er að ræða að draga úr kostnaði hins opinbera.

Nd. 252. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd til þess:

1. Að rannsaka möguleika á og gera tillögur um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, t. d. með fækkun opinberra starfsmanna, afnámi ónauðsynlegra styrkveitinga og sparnaði i þjóðarbúskapnum yfirleitt.
2. Að rannsaka rekstur hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins og gera tillögur um niðurfærslu tilkostnaðar við þær.

Embættismönnum og starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana skal skylt að láta nefndinni i heild eða hverjum einstökum nefndarmanna í té sérhverjar upplýsingar, er varða embætti þeirra eða stofnun þá, er þeir vinna við.

Á s t æ ð u r.

Sökum erfiðrar afkomu atvinnuveganna og þverrandi gjaldþols landsmanna virðist fyrirsjáanlegt, að tekjur ríkissjóðs hljóti að rýrna tilfinnanlega. Meðan svo er ástatt sem nú er, getur ekki komið til mála að auka skattabyrði landsmanna, heldur væri miklu fremur ástæða til að létta álögum af að einhverju leyti. Þegar þessa er gætt, er Alþingi skylt að gera þær ráðstafanir, sem unnt er til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, og þessar ráðstafanir hefir þingið i hendi sér að gera, ef meiri hluti þess vill svo vera láta.

Ríkið hefir ennfremur margskonar starfsemi með höndum, svo sem verzlunarrekstur, skipaútgerð o. fl., meiri og margþættari en áður hefir átt sér stað. Þessi ríkisrekstur fer vaxandi hröðum skrefum, og er því engu síður nauðsynlegt, að Alþingi beini athygli sinni að stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir ábyrgð og áhættu ríkisins, þegar um það er að ræða að draga úr kostnaði hins opinbera.

Ed. 253. Nefndarálit

um frv. til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1932.

Páll Hermannsson,	**Pétur Magnússon,**	**Jón Jónsson.**
form. og frsm.	**fundaskrifari.**	

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa (þskj. 130).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með þeirri einu efnisbreytingu, að ekki sé lögákveðin skipun nefndar þeirrar, sem 3. gr. frv. fjallar um, heldur verði ráðherra veitt heimild til skipunar slíkrar nefndar. Þarf að orða upphaf greinarinnar öðruvísi en er í frv., til þess að slík efnisbreyting komist að, og er því borin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLAGA.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir atvinnumálaráðuneytið. Ráðherra er heimilt að skipa fimm manna raforkumálanefnd ríkisstjórninni til aðstoðar í þessum efnum. Í nefndinni eiga sæti o.s.frv. sem í frv.greininni.

Alþingi, 23. marz 1932.

Ingvar Pálmason,	Einar Árnason,	Jón Þorláksson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Ed. 255. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um breyting á erfðalögunum.

Frá allsherjarnefnd.

Gildandi erfðalöggjöf hér á landi er að mestu milli 80 og 90 ára gömul og því eðlilega í ýmsum atriðum orðin úrelt. Er án efa full þörf breytinga á henni, meðal annars í þá átt, sem ráðgert er í þáltill. Nefndin telur réttast, að erfðalöggjöfin væri tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild sinni og að frv. til nýrra erfðalaga væri lagt fyrir þingið, að þeirri endurskoðun lokinni. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með nokkuð breyttu orðalagi, og ber því fram við hana svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillgr. orðist þannig:

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til nýrra erfðalaga.

Alþingi, 23. marz 1932.

Einar Árnason,	Jón Jónsson,	Pétur Magnússon,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Nd.

256. Frumvarp

til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þeir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu eða útgerð báta, sem eru 30 brúttó smálestir að stærð samtals eða minna, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum þessara laga.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefnir formann, en sýslunefnd og búnaðarsamband héraðsins tilnefnir sinn manninn hvort. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem lög þessi heimila. Beiðninni skal fylgja:

a) Afrit af síðustu skattskýrslu.
b) Skrá yfir ábyrgðir beiðanda.
c) Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum skuldunauts síðan skattskýrsla var gefin.
d) Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar og vaxtakjör.

4. gr.

Nú hefir skilanefnd borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hún þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, enda er aðför gegn skuldunaut og ábyrgðarmönnum hans óheimil fyrir þeim skuldum, sem lög þessi ná til, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur skuldunaut eða ábyrgðarmönnum hans, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd.

5. gr.

Skilanefnd skal, svo fljótt sem ástæður leyfa, taka gjaldfrestsbeiðni til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanefnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem skuldunautur er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanefnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanefndir.

6. gr.

Þegar skilanefnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanefnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki 3 skilanefndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig skuldunaut, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest til handa skuldunaut. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur skuldunautur eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins, og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.
2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.

3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
   a) Á fasteignum gildandi fasteignamat.
   b) Á bústofni, búshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts 3 síðustu árin.
   c) Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að skuldunautur falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða skuldunaut lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánum.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að skuldunautur hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytzt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

15. gr.

Nú sannast það, að skuldunautur notar frest, sem hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna í sviksamlegum tilgangi, og varðar það refsingu eftir 26. kap. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess fellur úrskurður skilanefndar úr gildi þegar er brot er sannað.

16. gr.

Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á þeim, ef ekki er til þess veitt fé í fjárlögum. Þetta lán telst veitt þeim skuldunautum, sem greiðslufrest fengu, er tryggt með lögveði næst á eftir þeirri skuld, sem afborgunin er hluti af, og endurgreiðist ríkissjóði á þann hátt og með þeim vöxtum, að ríkissjóður sé skaðlaus af.

Ef aðrar lánsstofnanir, þar með taldir sparisjóðir, lenda í greiðsluörðugleikum vegna þessara laga, veitir ríkissjóður nauðsynlega hjálp á þann hátt, sem fjármálaráðherra ákveður.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningum, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að framleiðendur til lands og sjávar eiga við hina mestu örðugleika að stríða vegna geysilegs verðfalls á framleiðsluvörunum og mikils rekstrarkostnaðar. Útlitið bendir til þess, að hinir mestu erfiðleikar verði um greiðslu skulda, og verði ekkert að gert í þessu efni og skuldareigendur gangi fast eftir skuldum, sýnist ekkert líklegra en að margir atvinnurekendur verði að ganga frá eignum sínum, til stórskaða fyrir þá og þjóðarheildina.

Að þessu athuguðu hefir landbúnaðarnefndin talið rétt að flytja frv. þetta, til þess að gera tilraun til að útvega bændum og bátaútvegsmönnum, sem ekki eru þess megnugir að standa í skilum með greiðslur sínar, nokkurn frest. Það er sem betur fer sjaldgæft, að grípa þurfi til þeirra meðala, sem frv. ráðgerir, og er því ekki hægt að vísa til fyrri reynslu í þessum efnum. Þau ráð og þær aðferðir, sem stungið er upp á, verður því að skoða sem tilraunir, sem líklegt er, að reynslan sýni, að sé í einhverju ábótavant. Fyrir því er ekki ráðgert, að lög um þetta efni gildi lengur en til 1. júlí 1933, og eigi slík löggjöf sem þessi að gilda lengur, verður næsta þing að taka málið til meðferðar að nýju. Verður þá sennilega fengin nokkur reynsla af lögum þessum og vonandi eitthvað byrjað að rofa til í kreppu þeirri, sem nú grúfir yfir.

Nefndinni er það ljóst, að löggjöf um þetta efni er hið mesta vandamál, er saman fer erfiður hagur ríkissjóðs og einstaklinga, en væntir hinsvegar, að nokkur bót verði að frv., ef að lögum verður.

Búnaðarþingið í vetur hafði mál þetta til meðferðar, og hefir við samning þessa frv. verið höfð hliðsjón af því, er þar gerðist.

Nefndin sendi Búnaðarbankanum, Landsbankanum og Sambandi ísl. samvinnufélaga til umsagnar frv. það, sem búnaðarþingið hafði samið, en þegar frv. þetta var afgreitt frá nefndinni, hafði svar aðeins komið frá Búnaðarbankanum. Hinsvegar sér nefndin ekki fært að draga lengur að afgreiða málið, þar sem svo langt er liðið af þingi.

Skýringar á hinum einstöku ákvæðum frv. verða að bíða framsögu og umræðna.

Nd. **257. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	2. (Tekjuskattur og eignarskattur). Fyrir »850000« kemur	800000
2.	—	2. —	11. (Útflutningsgjald). Fyrir »900000« kemur	800000
3.	—	2. —	15. (Annað aðflutningsgjald). Fyrir »250000« kemur	200000
4.	—	2. —	16. (Vörutollur). Fyrir »1450000« kemur...	1300000
5.	—	2. —	17. (Verðtollur). Fyrir »1400000« kemur...	1100000
6.	—	3. —	A. Síminn II. b. 14. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Uppbót á launum símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo sem Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum og verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.	
7.	—	3. —	A. Síminn II. d. (Viðbót og viðhald). Fyrir »50000« kemur	60000
8.	—	3. —	A. Útvarpið I. a. 8. (Húsaleiga). Fyrir »15000« kemur	25000
9.	—	7. —	2. (Dönsk lán). Fyrir »156624,95« kemur	156642,95
10.	—	8. —	(Borðfé konungs). Fyrir »73200« kemur	60000
11.	—	10. —	III. 4. (Sambandslaganefnd). Fyrir »500« kemur	5000
12.	—	11. —	A. 3. (Laun hreppstjóra). Fyrir »25000« kemur	24000
13.	—	11. —	A. 8. (Skrifstofukostn. sýslum.). Fyrir »100000« kemur	90000
14.	—	11. —	A. 12. (Litla-Hraun). Fyrir »24250« kemur	21250
15.	—	11. —	B. 3. (Embættiseftirlitsferðir). Fyrir »9000« kemur	6000
16.	—	12. —	5. a. (Augnlæknir í Reykjavík). Fyrir »800« kemur...	500
17.	—	12. —	7. (Ólafur Þorsteinsson). Fyrir »800« kemur...	500

18. Við 12. gr. 9. (Utanferðir héraðslækna).
Liðurinn fellur burt.

19. — 12. — 10. (Landsspítalinn).
Liðurinn orðist svo:

Landsspítalinn:			
Rekstrarkostnaður			47000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		41000	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	79000		
2. Fæði	68000		
3. Þvottur og ræsting... ...	32000		
4. Lyf og umbúðir	17000		
5. Ljós og hiti	24000		
6. Viðhald og umbætur ...	25000		
7. Skattar	5000		
8. Yms gjöld...	16500		
9. Fyrning húsa og áhalda	24000	290500	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvenna-deildar, þar í fæði ljósmæðranema ...		8000	
		339500	
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga... ...	232000		
2. Tekjur af röntgendeild...	45000		
3. Skurðstofugjald o. fl. ...	15500	292500	
Mismunur		47000	

20. — 12. — 12. II. B. 1. (Starfsm. á Nýja-Kleppi).
Fyrir »30000« kemur 25000

21. — 12. — 13. C. 1. (Starfsm. á Vífilsst.).
Fyrir »37000« kemur 32000

22. — 12. — 13. C. 8. (Húsbún. og áböld á Vífilsst.).
Fyrir »7000« kemur 10000

23. — 12. — 14. (Reykjahæli í Ölfusi).
Liðurinn orðist svo:

Rekstrarkostnaður			500
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks ...		9000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði	14000		
2. Lyf og hjúkrunargögn ...	1000		
3. Ljós	1000		
4. Þvottur og ræsting ...	2000		
5. Viðhald húsa og áhalda	2000		
6. Flutningur og símakostn.	2000		

	7. Ýms gjöld...	1500		
	8. Fyrning húsa og áhalda	3000	26500	
			35500	
	Þar frá dregst:			
	Daggjald sjúklinga 7000 legud. 5 kr. á dag		35000	
		Mismunur	500	
24. — 12. —	15. (Kristneshæli).			
	Liðurinn orðist svo:			
	Rekstrarkostnaður			770
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		5600	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsfólks	19200		
	2. Fæði	45000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn	3200		
	4. Ljós og hiti	9000		
	5. Þvottur og ræsting ...	2500		
	6. Viðhald húsa og véla...	4500		
	7. Viðhald læknistækja ...	500		
	8. Húsbúnaður og áhöld	5500		
	9. Flutningskostnaður ...	3900		
	10. Ýms gjöld	11000		
	11. Fyrning húsa og áhalda	7670	111970	
			117570	
	Hér frá dregst:			
	Daggjald 64 sjúklinga, 5 kr. á dag... ...		116800	
		Mismunur	770	
25. — 13. —	A. II. a. (Nýir akvegir).			
	Liðurinn orðist svo:			
	1. Kjósarvegur		10000	
	2. Stykkishólmsvegur		10000	
	3. Vesturlandsvegur		5000	
	4. Holtavörðuheiðarvegur		50000	
	5. Geiradalsvegur		4000	
	6. Breiðadalsheiðarvegur í Ísafj.s		5000	
	7. Húnavatnssýsluvegur		5000	
	8. Vatnsskarðsvegur		15000	
	9. Blönduhlíðarvegur		10000	
	10. Öxnadalsvegur		5000	
	11. Ljósavatnsskarðsvegur...		13000	
	12. Þistilfjarðarvegur		7000	
	13. Brunahraunsvegur		6000	
	14. Hreppavegur		5000	150000

26. Við 13. gr. A. IX. a. (Vetrarflutn. á Hellisheiði).
Fyrir »8000« kemur 5000
27. — 13. — A. IX. b. og c. (Holtavörðuheiði og Fagridalur).
Liðirnir falli burt.
28. — 13. — C. I. 2. (Aðstoðarverkfr. vitamálastj.).
Fyrir »5375« kemur 6125
29. — 13. — C. VI. (Ýmislegt). Nýr liður:
Til hafnargerðar á Akranesi 25000
30. — 13. — C. VII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir »30000« kemur 20000
31. — 14. — B. III. 4. (Fræðslumálarit).
Liðurinn fellur burt.
32. — 14. — B. IV. b. 4. (Stundakennsla).
Fyrir »12000« kemur 7000
33. — 14. — B. IV. b. 6. (Námsstyrkur).
Fyrir »2500« kemur 2800
34. — 14. — B. IV. b. 8. (Kennslutæki).
Fyrir »1000« kemur 500
35. — 14. — B. IV. b. 11. (Kostnaður við skólastjórn).
Fyrir »1600« kemur 1000
36. — 14. — B. V. b. 3. (Bækur og kennsluáhöld).
Fyrir »1200« kemur 500
37. — 14. — B. VI. b. 1. (Stundakennsla).
Fyrir »4500« kemur 3500
38. — 14. — B. VI. b. 3. (Bækur og áböld).
Fyrir »400« kemur 200
39. — 14. — B. VI. b. 5. (Vornámsskeið).
Liðurinn fellur burt.
40. — 14. — B. VII. b. 1. (Stundakennsla).
Fyrir »2000« kemur 1500
41. — 14. — B. VIII. b. 1. (Stundakennsla).
Fyrir »1200« kemur 1000
42. — 14. — B. XIII. 1. (Laun kennara við fasta skóla).
Fyrir »370000« kemur 360000
43. — 14. — B. XIII. 5. (Barnaskólahús).
Liðurinn fellur burt.
44. — 14. — B. XIII. 6. (Utanfararstyrkur).
Liðurinn fellur burt.
45. — 14. — B. XIV. 6. (Gagnfræðaskólahús).
Liðurinn fellur burt.
46. — 14. — B. XVII. 2. (Iðnaðarnám blindra manna).
Fyrir »500« kemur... 1000
47. — 14. — B. XVIII. 4. (Steinsteyptar sundlaugar).
Fyrir »10000« kemur 5000

48. Við 15. gr. 12. (Sögufélagið).
Liðurinn fellur burt.
49. — 15. — 13. (Fornritaútgáfan).
Liðurinn fellur burt.
50. — 15. — 22. (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »2000« kemur 1600
51. — 15. — 29. (Frímann B. Arngrímsson).
Fyrir »800« kemur 1200
52. — 16. — 1. (Búnaðarfél. Ísl.).
Fyrir »210000« kemur 200000
53. — 16. — 2. (Tilraunastarfsemi).
Liðurinn fellur burt.
54. — 16. — 3. (Sandgræðsla).
a. Fyrir »20000« kemur 30000
b. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Þar af 3000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.
55. — 16. — 5. a. (Búfjártryggingarsjóður).
Liðurinn fellur burt.
56. — 16. — 6. a. (Byggingar- og landnámssjóður).
Athugasemdin fellur burt.
57. — 16. — 6. c. (Bústofnslánadeild).
Liðurinn fellur burt.
58. — 16. — 6. e. (Lánadeild smábýla).
Liðurinn fellur burt.
59. — 16. — 8. (Ráðstafanir um tilbúinn áburð).
Liðurinn fellur burt.
60. — 16. — 9. (Raforkuveitur).
Liðurinn fellur burt.
61. — 16. — 21. b. (Skrifstofukostn. skipaskoðunarstj.).
Fyrir »8000« kemur 6000
62. — 16. — 43. (Vatnsrennslismælingar). Nýr liður:
Til Guðm. Einarssonar myndhöggvara, til fullnaðarrannsókna á leirtegundum til postulínsgerðar o. fl. 2500
63. — 17. — 7. (Slysavarnir).
Fyrir »4000« kemur 8000
64. — 18. — II. c. 12. (Magnús Bjarnason). Nýr liður:
Til Ólafs prófasts Stephensens 550
65. — 18. — II. d. 37. (Ástríður Petersen). Nýir liðir:
a. Til Margrétar Sigurðardóttur prófastsekkju ... 300
b. Til Jóhönnu Magnúsdóttur prófastsekkju 300
66. — 20. — Út. II. 3. (Ríkisvélsmiðjan).
Liðurinn fellur burt.
67. — 20. — Út. II. 4. (Ríkisprentsmiðjan).
Liðurinn fellur burt.

68. Við 20. gr. Út. III. (Bygging nýrra vita).
Fyrir »65000« kemur 50000
69. — 22. — a. Fyrir ártalið »1931« kemur: 1932.
b. Nýir liðir:
Að greiða af fé því, sem inn kemur vegna alþingishátíðarinnar, til Jóns Guðmundssonar, eiganda gistihússins Valhallar á Þingvelli, 5000 kr. upp í halla þann, er hann hefir orðið fyrir af byggingu vegna alþingishátíðarinnar.
Að semja við Jóhannes Jósefsson hóteleiganda um greiðslu á skuld hans við ríkissjóð, að upphæð kr. 40850,10, þannig, að hann greiði skuld þessa með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, ásamt 6% vöxtum, og fari greiðsla afborgana og vaxta fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1. júlí 1932.
70. — 24. — Fyrir »Alþingi 1931« kemur: Alþingi 1932.

Nd. 258. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóvember 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
4. Framkvæmd laga nr. 63, 8. september 1931, um hýsing prestssetra, er frestað til ársloka 1933.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárveitinganefndinni þykir sennilegt, eftir því útliti, sem nú er, að ríkissjóður muni eiga erfitt um greiðslur á yfirstandandi ári. Fyrir því telur hún rétt að bera fram þetta frv., og munar þetta ríkissjóð um nálægt 400000 kr. á ári, eftir undanfarinni reynslu og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið. Ríkissjóð munar talsvert um þetta, og eins og ástatt er virðist tæpast unnt að komast hjá að létta í bili á ríkissjóði ýmsum byrðum, enda þykist nefndin

hafa sýnt í verkinu þessa skoðun sína í brtt. þeim, er hún flytur við fjárlagafrv. fyrir árið 1933, og auk þess koma fyrir 3. umr. enn meiri brtt.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að lögin öðlist þegar gildi, en af því leiðir, að á árinu 1932 nýtur ríkissjóður einnig góðs af lögunum, að því leyti sem greiðslur samkvæmt 1. gr. hafa ekki farið fram að því er snertir yfirstandandi ár, þegar lögin öðlast gildi.

Ed. 259. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Þótt nefndin hafi haft málið til meðferðar nokkuð langan tíma, hefir því miður ekki orðið sýnilegur árangur af nefndarstarfinu að því er snertir höfuðatriði málsins, sem felst í 1. gr. frumvarpsins. Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni gerðu ráð fyrir því snemma á starfstíma nefndarinnar, að þeir mundu leggja fram í nefndinni breytingartillögur við frv., ef þeir fengju tiltekinn frest til þess. Féllst nefndin á að veita þann frest, og hefir hann síðan verið framlengdur tvisvar, en þó hafa engar ákveðnar breytingartillögur komið fram í nefndinni frá þeim, heldur aðeins lauslegar uppástungur um tilhögun kjördæma, sem gera ráð fyrir að ákvarða með tölum ýmislegt viðvíkjandi þingmannafjölda í heild og í einstökum atriðum, en engar uppástungur komu fram um þessar tölur, og þótti meiri hlutanum því ekki unnt að taka þessar ófullkomnu uppástungur til umræðu.

Atkvæðagreiðsla fór fram í nefndinni um fyrstu efnismálsgrein 1. gr. frv., og var hún samþykkt með 3 atkv., en fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni greiddu ekki atkv. Var þá talið þýðingarlaust að halda áfram sameiginlegum nefndarstörfum að svo stöddu.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér að bera fram brtt. við 3. umr., sem þó hagga að engu við þeim grundvelli frv., að Alþingi verði svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Að öðru leyti gera þeir Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson nánari grein fyrir afstöðu meiri hlutans við umr. sem framsögumenn hvor af hendi síns flokks.

Alþingi, 26. marz 1932.

Jón Þorláksson, form. Jón Baldvinsson, skrifari. Pétur Magnússon.

Ed. 260. Breytingartillaga

við frv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 2. málsgr. 3. gr.

Orðin „Heimilt skal þó landlækni“ o. s. frv. til enda setningarinnar falli niður.

Nd. 261. Nefndarálit

um frv. til laga um erfðaleigulönd i kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er nú borið fram af ríkisstjórninni, en er samið af milliþinganefnd í landbúnaðarmálum og var til meðferðar á síðasta vetrarþingi, en varð ekki útrætt.

Nefndin hefir athugað frv. allrækilega og er hún í aðalatriðunum samþykk þeirri stefnu frv. að tryggja það, að kaupstaðar- og þorpsbúar geti átt kost á að fá skákir til ræktunar með bærilegum kjörum. Síðastliðin ár hefir á nokkrum stöðum í grennd við bæi og kauptún verið tekið land til ræktunar og skipt í smáspildur milli þorpsbúa, og virðist það hafa lánazt vel, og mun því rétt stefnt að hlynna að slíku áframhaldandi.

Nefndin hefir þó gert nokkrar breytingar á frv., og skal farið fám orðum um þær helztu:

Í 4. gr. frv., þar sem ákvæðin eru um eignarnám, þótti nefndinni allhart að gengið, því eftir ákvæðum greinarinnar er ekki loku skotið fyrir, að taka megi allt óræktað land jarða eignarnámi. Við þessu vill nefndin setja nokkrar skorður og leggur til, að jarðareigandi geti þó alltaf haldið eftir landi, sem jörðin þarfnast til nýræktar og til hagbeitar fyrir búpening.

Þá eru ákvæði 11. gr. um að leigutaki greiði 5% af matsverði landsins í leigu. Nefndin sér ekki ástæðu til að fastákveða eftirgjaldið með lögum, en leggur til, að leigumálinn sé ákveðinn að ráði Búnaðarfél. Íslands og atvinnumálaráðherra úrskurði, ef ágreiningur verður. Mætti þá liðka nokkuð til með eftirgjaldið eftir mismunandi ástæðum á hinum ýmsu stöðum.

Í 18. gr. er sérstökum launuðum manni falið eftirlit þessara mála. Þetta getur nefndin ekki aðhyllzt, en telur réttara og eðlilegra, að umsjón og eftirlit allra erfðaleigumála sé í höndum Búnaðarfélags Íslands undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

Nefndin leggur því til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðið „aðra“ í síðustu línu falli burt.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „er landræktarfélagi heimilt eignarnámið“ komi: er landræktarfélagi, er hafi minnst 10 félaga, heimilt eignarnámið.
   b. Eftir 1. málsgrein komi nýr málsliður, er hljóði svo:
   Aldrei má þó taka meira af landi jarðar eignarnámi en svo, að jörðin hafi eftir, að dómi úttektarmanna, nægilegt land til útfærslu túns og nógu mikla hagbeit fyrir búpening. Greini úttektarmenn á, sker eftirlitsmaður Búnaðarfélags Íslands úr.
3. Við 6. gr. Fyrir „framræslu“ í 2. línu komi: aðalframræsluskurði.
4. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:
   Búnaðarfélag Íslands skal ákveða leigumála á erfðaleigulöndum. Nú vill leigusali eigi una ákvæðum Búnaðarfélagsins um eftirgjaldið, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.
   Leigan skal goldin í peningum 31. des. ár hvert. Leiguréttur leigutaka og mannvirki þau, er hann á á landinu, standa að lögveði fyrir leigunni. Um leið og fasteignamat fer fram ber að endurskoða leigunálann, ef leigusali eða leigutaki krefst þess. Í leigusamningum sé að jafnaði ákveðið, að landið skuli komið í rækt eftir 5 ár, og gilda þau ákvæði einnig um lönd þau, er landræktarfélög hafa tekið eignarnámi.
5. Við 12. gr. Við greinina bætist: og kostnaður við ræktun landsins og önnur mannvirki á því.
6. Við 14. gr. Aftan við greinina bætist: jafnskjótt og eldri samningar eru endurnýjaðir eða ganga úr gildi.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón allra erfðaleigumála í landinu, undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stjórn Búnaðarfélagsins felur jarðræktarráðunaut eða öðrum hæfum starfsmanni sínum eftirlit þetta.
8. Við 19. gr.
   a. Í stað „Eftirlitsmaður .... landinu“ komi: Öll erfðaleigulönd skal skrásetja, og annast sveitarstjórn eða bæjarstjórn um það, þar sem leigutaki er heimilisfastur.
   b. Aftan við greinina bætist: Skrár þessar skulu sendar eftirlitsmanni Búnaðarfélagsins, er semur aðalskrá um öll erfðaleigulönd.
9. Við 20. gr. Eftir „Eftirlitsmaður“ komi: Búnaðarfélagsins.

Alþingi, 28. marz 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingrímur Steinþórsson, fundaskrifari. Þorleifur Jónsson, frsm.
Magnús Guðmundsson. Pétur Ottesen.

Nd. **262. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júni 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóvember 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna (16. gr. laganna frá 1915) bætist:

Þeir menn, sem gegnt hafa vélstjórastörfum samkvæmt bráðabirgðaskírteinum þeim, sem um ræðir í 3. málsgr. þessarar greinar, 5 ár eða lengur og hafa vottorð vélstjóra þess og skipstjóra, sem þeir hafa unnið hjá, um að þeir hafi gegnt starfinu vel og samvizkusamlega, geta til ársloka 1935 fengið hjá lögreglustjóra endanlegt skírteini til að vera undirvélstjórar á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vél eða yfirvélstjórar á gufuskipum með minna en 200 hestafla vél.

Þeir menn, sem gegnt hafa yfirvélstjórastarfi á línuveiðagufuskipum eða öðrum gufuskipum með minna en 900 hestafla vél, geta fengið vélstjóraskírteini svo sem segir í málsgreininni næst hér á undan, ef yfirvélstjóratími þeirra, eða samanlagður yfirvélstjóratími og undirvélstjóratími samkvæmt bráðabirgðaskírteini er meira en 5 ár.

2. gr.

Nú æskir maður, sem hefir gegnt vélstjórastörfum samkvæmt bráðabirgðaskírteini lengur en 3 ár, inntöku í vélstjóraskólann, og skal þá heimilt að stytta smíðanámstíma þann, sem krafizt er í 4. gr. laga nr. 37, 3. nóv. 1915, til inntöku í skólann þannig, að í stað smíðanámstímans komi tvöfaldur vélstjórnartími, þó svo, að smíðanámstími hans verði jafnan að minnsta kosti 12 mánuðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að vélstjóraskólinn hefir eigi útskrifað svo marga vélstjóra, að nægt hafi á fiskigufuskip landsins á undanförnum árum, og hefir því orðið mjög mikið að nota heimild þá, sem atvinnumálaráðherranum er gefin í 16. gr. vélgæzlulaganna frá 1915 (l. nr. 14, 15. júní 1926) til að veita mönnum bráðabirgðaskírteini til vélgæzlu á fiskigufuskipum. Sú heimild hefir þó ekki nægt, því það hefir oft eigi verið unnt að fá yfirvélstjóra á línuveiðagufuskipin, og hefir því ráðherra oft veitt þeim mönnum, sem þóttu færir um að hafa þá vélstjórn á hendi, bráðabirgðaskírteini til þess, enda þótt eigi sé til þess bein heimild í lögum. Þetta hefir verið talið heppilegra en að reyna að út-

vega útlenda menn í vélstjórastöðurnar, en hinsvegar þótt illt að láta skipin liggja aðgerðalaus sökum vélstjóraskorts.

Þessi vélstjóraekla hefir leitt til þess, að margir af framangreindum bráðabirgðavélstjórum hafa gegnt vélstjórastörfum árum saman og eru bæði orðnir æfðir í þeim störfum og afvanir annari sjómennsku. Væri það ósanngjarnt gagnvart þeim að svipta þá störfum eftir svo langan tíma. Það virðist því rétt að tryggja þeim, sem gegnt hafa þessum störfum 5 ár eða lengur, rétt til að stunda þessa atvinnu áfram, og sömuleiðis er rétt að stytta nokkuð járnsmíðatíma þeirra manna, sem taka vilja vélstjórapróf, ef þeir hafa þannig um langt árabil unnið að vélstjórn sem undirvélstjórar á togurum eða yfirvélstjórar á minni skipum.

Nd. 263. Frumvarp

til l. um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. marz til 31. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (snurrevaad).

Atvinnumálaráðherra skal setja reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi á öðrum timum árs en í 1. málsgr. segir. Í reglugerð þessa skal og setja ákvæði um lágmarksstærð þess fisks, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið flutt á tveimur undanförnum þingum, en ekki orðið að lögum. Á síðasta þingi varð frv. ekki útrætt, en meiri hluti þingmanna skoraði á ríkisstjórnina að semja bráðabirgðalög um þetta efni, sem hún þó ekki gerði.

Atvinnuástand bátaútvegsins er nú svo iskyggilegt, að fyllsta ástæða er til, að löggjafarvaldið létti undir með honum, þar sem unnt er, og má vænta,

að frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi verða til þess að gera útveginn arðvænlegri og lengri atvinnutíma hans.

Á síðasta þingi fylgdi ræki leg greinargerð með frv., og vísast til hennar. Auk þess má vísa til nýrrar bókar eftir Árna Friðriksson fiskifræðing um þetta efni, þar sem það er tekið til vísindalegrar meðferðar.

Ed. 264. Breytingartillaga

við frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Við 3. gr. Fyrir orðin „og að láta reisa heimavist" komi: og að ætla svæði undir heimavistarhús.

Nd. 265. Frumvarp

til laga um sölu á Reykjatanga í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði hinn svonefnda Reykjatanga í Hrútafirði.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 31, 20. október 1905, um sölu þjóðjarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1914 var þjóðjörðin Reykir í Staðarhreppi seld, en hinn svonefndi Reykjatangi var undanskilinn sölunni. Nú hefir héraðsskóli verið reistur á tanga þessum, og virðist því eðlilegt, að skólinn fái land þetta til eignar og umráða, vegna þeirra margháttuðu afnota, sem honum eru nauðsynleg af landinu, og þeirra mannvirkja og umbóta, sem þar verður að gera í þarfir skólans.

Fylgiskjal.

6. maí 1915.

Með afsalsbréfi til Steinunnar Friðriksdóttur, dags. 25. maí f. á., fyrir þjóðjörðinni Reykjum í Staðarhreppi var undanskilið sölunni „Reykjatangi og spilda þar upp af, upp fyrir Reykjahver, með þessum merkjum: Suðurhlið frá lækjarsitru efst á tanganum beint í vestur til sjávar, 310 faðmar, vesturhlið úr ýzta odda tangans í Hveralæk, 172 faðmar, þaðan bein lína norðanvert við Reykjahver, 127 faðmar frá Reykjahver, suður í lækinn að sunnan, 286 faðmar, þó telst stærð hins undantekna 35,20 engjadagsláttur. Ennfremur er undanskilinn aðgangur að landsspildunni yfir land jarðarinnar. Svo er og sú kvöð lögð á jörðina Reyki eins og hún er seld með bréfi þessu, að eigendur hennar skuli setja og halda við á sinn kostnað sauðheldri girðingu milli hinnar undanskildu landsspildu og landareignar Reykja, þar sem ekki er sjálfvarið af náttúrunnar hendi".

Jafnframt því að tilkynna yður, herra umboðsmaður, þetta, skal yður tjáð, að yður ber að hafa eftirlit með því, að girðing þessi sé sett og að reyna að fá það eftirgjald handa umboðssjóði eftir hina undanskildu landsspildu, sem kynni að fást.

F. h. r.
Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til umboðsmanns Þingeyraklaustursumboðs.

Ed. 266. Lög

um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

1. gr.

Á eftir „5) sjávarútvegsnefnd" í 16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, kemur: 6) iðnaðarnefnd.

2. gr.

Tölurnar „6)" og „7)" verða 7) og 8).

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **267. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „og í Reykjavik, ef um semst“ falli burt.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum. Sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð í sveitum utan kauptúna innanstokksmuni og aðra búslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum er félaginu einnig heimilt að taka í ábyrgð innanstokksmuni og búslóð, sem húseigandi á í hinum tryggðu húsum.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Tryggingar félagsins skiptast í tvo flokka, og myndast af iðgjöldum til félagsins tveir tryggingarsjóðir, hvor fyrir sinn flokk:
   1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
   2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna, hvort sem þær eru í skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance“) hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefir í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	Í kauptúnum og kaupstöðum:	Í sveitum utan kauptúna:
1. Steinhús	kr. 20000,00	kr. 12000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd .	— 15000,00	— 10000,00
3. Önnur hús	— 10000,00	— 8000,00

   Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambrunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.
5. Við 16. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu hvila á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár o. s. frv.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Öll skyldubundin iðgjöld o. s. frv.
6. Við 23. gr. Greinin falli niður.
7. Við 26. gr. Á eftir orðunum „Brunabótafélags Íslands og“ bætist inn í greinina: lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum, ennfremur.

Nd. **268. Frumvarp**

til áfengislaga.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson, Bergur Jónsson, Lárus Helgason, Ólafur Thors, Jónas Þorbergsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vinanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Veiti Alþingi með sérstökum lögum heimild til tilbúnings áfengs öls á Íslandi, skal það, að því leyti sem þau lög ná til, vera undanþegið ákvæðum þessara laga um tilbúning, sölu og veitingar í landinu.

II. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt

heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílikt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða frá tilkynningu, að það sé sent úr landi á hans kostnað, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er, ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu, og skal þá telja frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, sbr. þó 2. gr.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

IV. KAFLI.

Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Heimilt er henni að leggja á áfengið allt að 100%, miðað við verð þess, hingað komið, að tolli viðbættum.

10. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja annað áfengi en það, sem um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923, á útsölustöðum í kaupstöðum landsins nema meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar greiði atkvæði gegn því.

Áfengisverzluninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, þó aðeins í kauptúnum, sem hafa yfir 300 íbúa. Áður en útsalan er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna i kauptúninu, eða í viðkomandi hreppi, ef kauptúnið er ekki hreppur út af fyrir sig, um það, hvort útsalan skuli leyfð. Atkvæðagreiðslan skal fara fram á almennum hreppsfundi. Verði meiri hluti greiddra atkvæða móti útsölunni, skal hún ekki leyfð.

11. gr.

Heimild til þess að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, er þeir kaupa í innlendum lyfjabúðum, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins

til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.

3. Sala vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, skal lúta sömu reglum og um venjulegar verzlunarvörur gilda.

12. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til þess að leyfa veitingahúsum í kaupstöðum veitingar á vinum þeim, er um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923. Hann getur og leyft veitingar annara vína, ef leyfisbeiðni fylgja meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum um veitingastað og veitingatíma, sem bæjarstjórnin setur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

14. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs, og varðar sektum samkvæmt 32. gr., ef út af er brugðið.

15. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 24. gr.

16. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

17. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 30. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátur eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

18. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

VI. KAFLI.

Ölvun.

19. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

21. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

22. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 20. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

23. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðarstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskirteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

VII. KAFLI.

Refsiákvæði.

24. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	1000— 5000 kr.
Öðru sinni	2000—10000 —
Þriðja sinni	4000—20000 —

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

25. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði eins og segir í 24. gr. 1., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

26. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 24. gr.

27. gr.

Brot gegn 7. gr. varða sektum, 100—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

28. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án

þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 30. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

29. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 31. gr.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

31. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21, 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 16. gr., varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en einn mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæti sektum, 50—1000 kr.

32. gr.

Brot gegn ákvæðum 14. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

33. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 18. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 18. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 króna sektum.

35. gr.

Brot gegn 19. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

36. gr.

Brot gegn 20.—22. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áðurnefndra greina.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr. 1. málsgr. eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 50—4000 kr.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

38. gr.

Af ágóða ríkisins af áfengissölu skulu árlega ganga 15000 kr. til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi innanlands.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64, 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Því verður ekki mótmælt, að á ýmsum tímum hefir áfengisneyzla Íslendinga verið úr hófi fram og þjóðinni skaðleg. T. d. er það kunnugt, að á niðurlægingartímum þjóðarinnar var óspart haldið að henni sterkum drykkjum af erlendum kaupmönnum, þótt önnur föng væru af skornum skammti í verzlunum þeirra. Alkunnar eru og hinar illræmdu staupagjafir og staupasnikjur, er tíðkuðust í verzlunum hinna erlendu selstöðukaupmanna langt fram eftir síðustu öld.

Tilraunir í þá átt að draga úr ofnautn áfengis hér á landi voru gerðar þegar á fyrri hluta 18. aldar, sbr. almenna bænarskrá frá Alþingi 1733, þar sem farið er fram á algert aðflutningsbann á áfengi, eða því sem næst. Síðar á öldinni var þess og oft farið á leit af Íslendingum, að takmarkaður væri innflutningur áfengis, en engar af þessum tilraunum báru árangur.

Á 19. öldinni kemur hér fram ný stefna í þessum málum, bindindishreyfingin, sem miðar að því að ráða bót á óhóflegri áfengisnautn, með fræðslu og öðrum uppeldislegum áhrifum öllu fremur en með bannstarfsemi. Þessari stefnu óx ásmegin við stefnu Góðtemplarareglunnar hér á landi á síðari hluta aldarinnar.

Samhliða bindindisstarfseminni og að sjálfsögðu sökum áhrifa hennar fer löggjafinn nú að gera ýmsar takmarkanir á tilbúningi, sölu og veitingum áfengra drykkja. Er þess fyrst að geta, að með tilsk. 26. febr. 1872 er lagður sérstakur innflutningstollur á brennivín og aðra áfenga drykki, en allar aðrar vörur voru þá tollfrjálsar. Með l. nr. 3 frá 10. febr. 1888 eru fyrst lagðar verulegar hömlur á sölu og veitingar áfengra drykkja í landinu. Auk lyfsala er kaupmönnum einum, þ. e. þeim, sem verzlunarleyfi höfðu, leyfð sala áfengis, en staupagjafir þeirra og aðrar vínveitingar í verzlunarhúsunum bannaðar með öllu. Vínveitingar mega engir hafa með höndum aðrir en veitingamenn, sem til þess höfðu fengið leyfi, en það var því aðeins veitt, að meiri hluti viðkomandi hreppsbúa eða bæjarbúa samþykkti það með almennri atkvæðagreiðslu, og þurfti auk þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda í sveitum og bæjarstjórna í kaupstöðum.

Með l. nr. 26, 11. nóv. 1899, er enn hert á takmörkun vínsölu og vínveitinga. 500 króna árlegt gjald er lagt á hvern þann, sem verzlun rekur með áfenga drykki. Ný leyfisbréf til áfengissölu kosta auk þess 500 kr. og eru aðeins veitt til 5 ára. Bannað er að veita þau nema hreppsnefnd, sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt. — Á veitingar áfengra drykkja eru settar svipaðar hömlur. Veitingaleyfi kostar 300 kr. í kaupstöðum og utan kaupstaða 200 kr. Auk þess greiðist af veitingunum jafnhátt árlegt afgjald. Veitingaleyfi eru ekki veitt nema meðmæli hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarbúa, hrepps- og sýslunefnda og bæjarstjórna komi til.

Loks var með l. nr. 5, 12. jan. 1900, lagt bann við tilbúningi áfengra drykkja á Íslandi, að öli undanskildu.

Áfengislöggjöf þá, sem hér hefir verið skýrt frá í aðalatriðum, áttu Íslendingar við að búa þar til aðflutningsbannlögin frá 30. júli 1909 koma í gildi.

Það mun kunnara en frá þurfi að segja, að á árunum frá 1890—1912 dró mjög úr ofdrykkju og áfengisnautn hér á landi. Er líklegt, að á fyrsta tug þessarar aldar hafi minna verið neytt áfengis hér en tíðkazt hafði um margar undanfarnar aldir. T. d. fækkaði áfengissölustöðunum stórum ár frá ári, svo að árið 1906 var áfengi aðeins selt á 14 verzlunarstöðum af um 70 alls. Þessa breytingu má óefað þakka hæfilega takmarkaðri áfengislöggjöf samfara ötulli bindindisstarfsemi í landinu.

En Góðtemplarar og aðrir, sem unnið höfðu að bindindisstarfsemi, hugðu, að þeir mundu geta gert áfengisnautn með öllu landræka með aðflutningsbanni á áfengi. Fengu þeir því framgengt, að aðflutningsbannlögin frá 1909 voru samþykkt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem ca. 60% greiddra atkvæða féllu með banninu.

Bannlögin koma í gildi 1. janúar 1912, og eru því nú liðin 20 ár frá gildistöku þeirra.

Tilefnið til þess, að frumvarp þetta er flutt, er sú sannfæring, að bannlögin hafi í engu náð markmiði sínu, að þau hafi þvert á móti stuðlað að aukinni áfengisnautn og að þau séu skaðleg að ýmsu öðru leyti. Skal til sönnunar þessu áliti bent á eftirfarandi atriði, sem alþjóð eru kunn:

1. Að bannlögin hafa ekki náð því takmarki að útrýma vínnautn úr landinu, er hverjum manni kunnugt. Spánarvínaundanþágunni er ekki einni um þetta að kenna, því að ólöglegur aðflutningur áfengis og ólögleg áfengisbrugggun fer fram jafnhliða Spánarvínasölunni. Mundi hvorttveggja að öllum líkindum vera stórum meira, ef innflutningur Spánarvínanna hefði ekki komið til.

Á þeim tíma, sem bannlögin hafa staðið, hefir drykkjuskapur aukizt stórum hjá öllum stéttum. Sérstaklega kemur það fram hjá yngri kynslóðinni, konum sem körlum. Fyrir tíma bannlaganna drukku konur ekki svipað því eins almennt og nú.

Þá hefir hugsunarháttur manna gagnvart vínnautn um hóf fram breytzt á þá leið, að nú þykir hún „sport“, en var áður talin til vansæmdar.

Á síðustu árum er að rísa upp nýr atvinnuvegur í landinu, þar sem heimabrugguninn er. Er reynsla fyrir því, að hún þrífst bezt í skjóli bannlaga, og væri mikils um vert, ef unnt yrði að koma í veg fyrir vöxt hennar. Hafi bannið nokkursstaðar á landinu dregið úr vínnautn, mun það hafa verið til sveita, en nú má búast við, að bruggið auki þar vínnautn hraðfara í náinni framtíð, ef engin breyting verður á bannlögunum.

2. Auk aukinnar áfengisnautnar, margvíslegrar innsmyglunar, leynisölu og heimabruggs, sem allt má að mestu leyti skrifa á reikning bannlaganna, liggur ýms önnur skaðsemi þeirra í augum uppi.

Lögin hafa sýnt sig að vera þess eðlis, eins og í upphafi var fyrir þeim spáð, að allur fjöldi þeirra manna, sem á annað borð neyta áfengis, hafa enga samvizku haft af að brjóta þau. Af þessu leiðir aftur, að lögin eru óframkvæm-

anleg, svo að gagni sé. Þeir, sem sektum sæta, eru ekki nema örlitið brot allra hinna seku. Hert hefir verið hvað eftir annað á hegningarákvæðum laganna og virðist að litlu eða engu gagni hafa komið. Löggæzlan hefir verið aukin svo, að kostnaðar vegna er ekki á bætandi, og þó virðist ólögleg áfengisnotkun ekki réna og á sumum sviðum aukast (heimabruggunin). Að þetta getur og veikt löghlýðni manna á öðrum sviðum, þarf ekki að efa.

Á þeim tíma, sem bannlögin hafa staðið, hefir ógrynni áfengra drykkja verið flutt ólöglega hingað til lands, og er enn. Heilir skipsfarmar hafa verið fluttir hingað, og þótt náðst hafi í suma og þeir verið gerðir upptækir, má alveg eins búast við, að fleiri hafi sloppið inn, ef miðað er við aðra framkvæmd bannlaganna. Af þessu smyglaða víni greiðist enginn tollur, heldur rennur gróðinn óskertur í vasa leynisalanna og annara innflytjenda. Þegar nú athugað er, að tollur er lagður á hverskonar innfluttar nauðsynjavörur, sést það bezt, hve fjarri lagi það er, að vinnautn manna, ekki sízt hinna efnaðri stétta, skuli vera skattfrjáls.

Við samninga frumvarps þessa hefir það vakað fyrir, að sleppa úr íslenzkri löggjöf því slitri, sem enn er eftir af bannlögum, en færa áfengislöggjöfina í svipað horf og hún var á fyrsta tug aldarinnar, sem reynsla er fyrir, að þá reyndist vel. Í stað þess, að innflutningur var þá frjáls þeim, sem verzlunarleyfi og veitingaleyfi höfðu, er nú ætlazt til, að ríkið eitt flytji inn áfengi og annist sölu þess í landinu, en um útsölustaði og veitingastaði eru svipuð takmörk sett og áður var. Með vilja er ekkert hreyft við núgildandi ákvæðum um sölu Spánarvína, þar sem þau verða að haldast óbreytt meðan samningurinn við Spán stendur.

Þá er og til þess ætlazt, að nokkuð af ágóða ríkisins af sölu áfengis gangi jafnan til eflingar bindindistarfsemi í landinu, svo að hún geti notið sín eins og þá, er bezt var. Hafa Stórstúku Íslands verið ætlaðar framkvæmdir í því efni.

Einstakir flutningsmenn áskilja sér að bera fram breytingartillögur um einstök atriði frumvarpsins.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Skilgreiningu á áfengi er haldið óbreyttri frá því, sem er í l. nr. 64 1930.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa sérlög um tilbúning, sölu og veitingar áfengs öls, ef svo fer, að tilbúningur þess verður heimilaður. Hinsvegar ná ákvæði II. kafla, um innflutning áfengis, og VI. kafli, um ölvun, svo og önnur ákvæði laganna, að því leyti sem sérlögin um ölið mæla ekki öðruvísi fyrir, til áfengs öls.

Um 3. gr.

Einkasölu ríkisins á áfengi, sbr. l. nr. 69, 7. maí 1928, er hér gefinn frjáls innflutningur hverskonar áfengis, sbr. 1. gr. Ekki þykir rétt að skylda hana til að flytja inn ákveðnar tegundir eða hverja þá tegund, sem menn óska eftir, því að vænta má, að innflutningurinn verði í samræmi við óskir landsmanna.

Um 4. gr.

Nauðsyn mun verða á strangri tollgæzlu að því er vín snertir, þótt lög þessi nái gildi. Rétt þykir, að skip fái að halda hæfilegum skipsforða til eigin neyzlu, en veitingar á skipum þykja of viðsjárverðar til þess að leyfðar verði.

Um 6. gr.

Þótt innflutningur ólöglegs áfengis sé fullframinn þegar skip er komið í íslenzka landhelgi, sbr. 25. gr., þykir verða að taka eins strangt á því, að tekið sé við áfengi á sjó úti, þótt í landhelgi sé, t. d. úr erlendum skipum, og það flutt inn í landið.

Ákvæðið um landhelgina er bundið við þessi lög ein, þar sem almennt ákvæði um hana gæti farið í bág við önnur lög, en tilgangur þessara laga nær ekki til þess að ákveða hana í öllum samböndum.

Um 7. gr.

Bann við bruggun áfengis í landinu er látið haldast hér óbreytt frá eldri lögum. Setji ríkið upp bruggun, mundi þurfa sérlög um það, og er því ekki ástæða til slíkrar heimildar í þessum lögum.

Um 9.—10. gr.

Ætlazt er til, að Áfengisverzlun ríkisins hafi vínútsölur í kaupstöðum landsins, svo sem nú er, og að þar verði selt vín, sem inn er flutt samkv. l. nr. 31 1923. Því aðeins verði sterkari vín seld á útsölustöðunum, að meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar greiði ekki atkvæði gegn því. Er ekki til þess ætlazt, að vínunum sé þrengt upp á bæjarfélögin gegn vilja þeirra.

Ekki þykir rétt, að settar séu vínútsölur utan kaupstaða annarsstaðar en í kauptúnum með minnst 300 íbúum og að íbúarnir fái sjálfir að ráða því, hvort útsalan skuli sett.

Um 12. gr.

Um veitingar vína samkv. l. nr. 3 1923 eru látin haldast óbreytt núgildandi ákvæði. Til þess að leyfð verði veiting annara vína útheimtist í hverju falli meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Um 13. gr.

Í reglugerð samkv. þessari gr. verða sett öll nánari skilyrði fyrir sölu og veitingum áfengra drykkja, m. a. á hvaða tímum veitingar megi fram fara og hvort aðrar veitingar megi fram fara í sömu herbergjum og áfengi er veitt í.

Um 18. gr.

Með ákvæðinu í síðari hluta gr. á að koma í veg fyrir það, að farið verði í kringum bann við veitingum áfengra drykkja með málamyndafélagsstofnunum, sem auðvelt er að fá aðgang að. Hinsvegar er ákvæðið ekki því til fyrirstöðu, að einstakir menn geti haft ókeypis áfengisveitingar um hönd, t. d. í veizlum, er þeir halda, án leyfis lögreglustjóra.

Um 19. gr.

Ekki þótti ástæða til þess að refsa fyrir ölvun út af fyrir sig, geri hinn ölvaði sig ekki jafnframt sekan um óspektir á almannafæri eða aðra hneykslanlega framkomu.

Um 20.—23. gr.

Samhljóða að mestu 17.—20. gr. í l. nr. 64 1930.

Um 24. gr.

Refsingar samkvæmt lögum þessum eru víðast færðar til muna niður frá því, sem nú er. Að því er snertir ólöglegan innflutning áfengis til sölu eða veitinga þótti þó rétt að hafa sektarákvæði þau sömu og nú eru, en færa hinsvegar fangelsisrefsingu niður og gera ekki að skyldu að beita henni nema um margítrekað brot sé að ræða. Við fyrsta eða annað brot mundi henni ekki verða beitt nema miklar sakir væru, svo sem stórfelld smyglun, eða smærri smyglun sem atvinnugrein um lengri tíma.

Samkv. 2. tölul. gr. er það lagt á vald dómara að meta, hvort líklegt sé, eftir öllum atvikum, að innflutt áfengi hafi verið ætlað til sölu eða veitinga gegn borgun.

Hin lægri sekt, sem skipstjóra er gerð samkv. 2. tölul., er bundin við það, að vín finnist í skipi, sem skipstjóri ber ábyrgð á, sbr. 4. gr., en ekki sannist hver valdur er að innflutningnum.

Um 28. gr.

Sjálfsagt þykir að halda ákvæðum um refsingu við því, ef læknar eða lyfsalar misnota leyfi sitt til útvegunar eða sölu áfengis til lyfja. Hætta á misnotkun mundi einkum vera á stöðum, þar sem áfengisútsala hefði ekki verið leyfð, og sé ekki fyrir hana girt, mundi sjálfsákvörðunarréttur einstakra kaupstaða eða kauptúna um vínsöluleyfi koma að litlu haldi.

Um 30.—36. gr.

Refsingar eru yfirleitt færðar niður frá því, sem nú er.

Um 37. gr.

Refsing fyrir hlutdeild er hér eingöngu bundin við ólöglegan innflutning áfengis, sbr. 3. gr., ólöglega viðtöku áfengis í ísl. landhelgi, sbr. 6. gr. 1. mgr., og ólöglegan tilbúning áfengis skv. 7. gr., sbr. og 17. gr., þar sem refsing er sérstaklega lögð við hlutdeildarbroti.

Um 38. gr.

Gr. er í samræmi við það álit, að bindindisstarfsemi sé nauðsynleg í landinu, sbr. greinargerð frv.

Ed. **269. Frumvarp**

til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli.

2. gr.

Stjórn landsspitalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunarkvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæðingardeildar landsspitalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn, til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkrunarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar. Í hinum ýmsu deildum landsspitalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn. Yfirlæknar annast kennslu við hjúkrunarkvennadeildina án sérstakrar aukaþóknunar.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en nemi tveimur á hverja fulllærða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum, þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru við námið. Fæðið leggur landsspitalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 4000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.
2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.
5. Þóknun til kennara.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924.

Ed. 270. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svolátandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Nú hefir skipulagsuppdráttur verið framlagður áður en lög þessi hafa öðlazt konungsstaðfestingu, en eigi náð staðfestingu stjórnarráðs, og fellur hann þá úr gildi, ef hann hefir eigi verið staðfestur áður ár sé liðið frá þeim tíma.

Nd. 271. Frumvarp

til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall nálægt Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.

5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að 1/8 hluta. Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að 3/4 og 1/4 hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Nd. 272. Breytingartillaga

við frumv. til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Við 1. gr. Upphaf annarar málsgreinar orðist svo:
Lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi o. s. frv.

Nd. 273. Frumvarp

til laga um alþýðutryggingar.

Flutningsmenn: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

I. KAFLI.

Um tryggingarskyldu og svið tryggingar.

1. gr.

Tryggingarskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir íslenzkir ríkisborgarar, konur jafnt sem karlar, á aldrinum frá 15 til 65 ára, sem hér á landi framfæra sig með vinnu í þjónustu annara, einstakra manna, félaga, stofnana eða hins opinbera, og þiggja kaup fyrir í peningum eða friðindum, sem meta má til peninga, ef samanlagðar árstekjur þeirra, þar með taldar árstekjur eiginkonu, fara eigi fram úr 4000 krónum auk 500 króna fyrir hvern skylduómaga, ef sá, er í hlut á, er búsettur í Reykjavík, 3300 kr. auk 400 króna fyrir hvern skylduómaga, ef hann er búsettur í öðrum kaupstöðum, og 2700 kr. auk 300 króna fyrri hvern skylduómaga, ef hann er búsettur annarsstaðar á landinu, og skuldlaus eign þeirra eigi nemur yfir 10000 krónum.

Sama gildir um þá, sem ekki er goldið ákveðið kaup, ef aðaltekjustofn þeirra er ávöxtur af vinnu í þjónustu annara, svo sem fiskimenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla, fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, o. fl. Ennfremur eru iðnnemar, verzlunarnemar og aðrir verknemar tryggingarskyldir.

2. gr.

Sérhver sá, sem tryggður er samkvæmt 1. gr., hefir rétt til sjúkrahjálpar fyrir sig og skyldulið sitt, ef sjúkdóm ber að höndum, til slysabóta, ef lög nr. 72, 8. sept. 1931, ná til hans, til lífeyris, ef hann eða hún verður öryrki, til ellilauna eftir að 65 ára aldri er náð, og ef hann er meðlimur í stéttarfélagi innan vébanda Alþýðusambands Íslands, á hann rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk til, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk þegar atvinnuleysi ber að höndum, honum sjálfum að ósjálfráðu, allt samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

Rétt til þess að tryggja sér sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun með

styrk frá ríki, sveitum og bæjum geta aðrir en þeir, sem taldir eru í 1. gr., öðlazt, ef árstekjur þeirra fara ekki fram úr þeim takmörkum, sem sett eru í 1. gr., og þeir sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt ákvæðunum í VIII. kafla þessara laga og fullnægja að öðru leyti skilyrðum, sem þar eru sett fyrir upptöku í frjálsar tryggingar.

3. gr.

Tryggingarskylda nær ekki til borgara erlendra ríkja, sem hér á landi vinna í þjónustu annara, eða eru ráðnir á íslenzk skip. Þó skulu vinnukaupendur þeirra inna af hendi gjöld til alþýðutrygginganna jafnt og þeir, sem hafa tryggingarskylda menn og konur í þjónustu sinni. Ríkisstjórnin getur ákveðið, að borgarar einstakra erlendra ríkja skuli njóta sömu réttinda og þeirra, er íslenzkir ríkisborgarar njóta samkvæmt þessum lögum, hafi samningur náðst við hlutaðeigandi ríki um gagnkvæm réttindi íslenzkra ríkisborgara, þar búsettra.

4. gr.

Sá telst framfæra sig af vinnu í þjónustu annara samkvæmt 1. gr., sem fær helming tekna sinna eða meira fyrir slíka vinnu, þótt hann eða hún jafnframt stundi sjálfstæða atvinnu.

Nú vinnur maður eða kona, sem stundar sjálfstæða atvinnu, um stundarsakir hjá öðrum, og skal þá vinnukaupandi hans eða hennar greiða sömu gjöld til alþýðutrygginganna sem honum bæri að inna af hendi, ef hann hefði tryggingarskyldan mann eða konu í þjónustu sinni, og getur sá, er vinnuna framkvæmir, ef hann eða hún er þátttakandi í frjálsri tryggingu samkvæmt VIII. kafla þessara laga, krafizt þess, að gjaldið verði dregið frá iðgjaldi hans eða hennar til frjálsra trygginga.

Sama gildir um þá, sem hafa hærri tekjur eða eignir en svo, að tryggingingarskyldir séu samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Þeir af starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð embættismanna, og ákvæði 1. gr. þessara laga ná til, öðlast öll þau réttindi, sem lögin um alþýðutryggingar veita hinum tryggðu, en missa jafnframt allt tilkall til lífeyris samkvæmt lögunum frá 1925.

Sama gildir um barnakennara, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð barnakennara.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem ákvæði 1. gr. þessara laga ná ekki til, skulu eftir að lög þessi öðlast gildi kaupa sér hjá hinni frjálsu alþýðutryggingu, sem sett verður á stofn með þessum lögum, öll sömu réttindi, sem þeim áður bar skylda til að tryggja sér samkvæmt lögum frá 1925 um lífeyrissjóð embættismanna og lögum frá sama ári um lífeyrissjóð barnakennara.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, og afhendir ríkið Alþýðutryggingunni allar eignir beggja lífeyrissjóðanna. Jafnframt tekur Alþýðutryggingin á sig allar skuldbindingar gagnvart þeim, er 1. gr. þessara laga nær eigi til.

6. gr.

Nú breytist efnahagur, atvinna, tekjur eða framfærsluþungi skyldutryggðs meðlims svo, að ákvæði 1. gr. taka eigi til hans, og skal hann þá, ef hann vill halda rétti sínum til örorkulífeyris og ellilauna, sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt 47. gr.

II. KAFLI.

Um stjórn Alþýðutryggingarinnar.

7. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Alþýðutrygging Íslands. Í lögum þessum nefnist hún Alþýðutryggingin.

8. gr.

Hin lögboðna alþýðutrygging er í 4 deildum. Annast ein þeirra sjúkratrygginguna, önnur örorku- og ellitrygginguna og sú þriðja atvinnuleysistrygginguna. Ennfremur skal Alþýðutryggingin, þá er lög þessi öðlast gildi, taka við stjórn Slysatryggingar ríkisins, og verður það fjórða deildin innan Alþýðutryggingarinnar. Hefir hver þessara deilda sérstakt bókhald og fullkomlega aðgreindan fjárhag, enda ber engin deildanna ábyrgð á skuldbindingum annarar.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á sjóði Slysatryggingar ríkisins, hann afhendast Alþýðutryggingunni og tekur tryggingarstjórnin við stjórn og rekstri Slysatryggingar ríkisins frá sama tíma.

9. gr.

Aðalskrifstofa Alþýðutryggingarinnar er í Reykjavík, en úti um land hefir hún skrifstofur og umboðsmenn, svo víða og á þeim stöðum sem þörf krefur.

10. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn þeirra mála, er heyra undir lög þessi og Alþýðutrygginguna varða. Hann setur reglugerðir samkvæmt þeim og úrskurðar ágreining, er rísa kann út af ákvæðum laganna og reglugerða eða framkvæmd þeirra og eigi er útkljáður af tryggingarstjórn eða gerðardómi eða skotið til dómstólanna.

11. gr.

Stjórn Alþýðutrygginganna, sem í lögum þessum nefnist tryggingarstjórnin, skipa 7 menn. Skulu 2 þeirra tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, 2 kosnir af vinnukaupendum og 2 af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Sjöunda manninn skipar atvinnumálaráðherra, og er hann formaður tryggingarstjórnarinnar. Kosning og skipun í tryggingarstjórn gildir til þriggja ára. Ríkissjóður greiðir laun tryggingarstjórnar, en atvinnumálaráðherra ákveður þau.

12. gr.

Um þau mál, er varða hina lögboðnu skyldutryggingu sérstaklega, hafa þeir 2 stjórnarmeðlimir, sem kosnir eru af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eigi atkvæðisrétt. Eigi heldur hafa hinir 4 stjórnarmeðlimir, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og kosnir af vinnukaupendum, atkvæðisrétt um mál, er varða frjálsu trygginguna sérstaklega.

13. gr.

Tryggingarstjórnin skal skipuleggja tryggingarnar og stjórna rekstri þeirra samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Hún skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt í öllum greinum, safna ýtarlegum skýrslum og færa bækur um öll þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun iðgjalda og annars þess, er að starfsemi tryggingarinnar lýtur. Hún ræður forstjóra Alþýðutryggingarinnar, einn eða fleiri, ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf. Ef hentugt þykir, getur hún ákveðið að ráða sérstakan forstjóra fyrir hverja deild. Hún skal ennfremur ráða fasta tryggingarlækna, umboðsmenn og aðra fasta starfsmenn og ákveða kaup þeirra, semja við aðra lækna og ljósmæður, eftir því sem þörf krefur, um lækna- og ljósmóðurtaxta og við lyfjabúðir um sérstakt lyfjaverð fyrir tryggingarmeðlimi. Hún kveður á um upphæð dagpeninga, örorkulífeyris, ellilauna, slysabóta, styrki til atvinnubóta og rétt hinna tryggðu til styrks eða sjúkrahjálpar og hefir alla yfirstjórn á fjárreiðum Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að fela forstjóra og umboðsmönnum, auk venjulegra afgreiðslu- og skrifstofustarfa, það af framangreindum störfum, sem hentugt þykir að fela þeim á hverjum stað og tíma.

14. gr.

Í hverri sveit og kaupstað skal vera þriggja manna nefnd til þess að fylgjast með starfsemi Alþýðutryggingarinnar og gera tillögur um tilhögun hennar hver í sínu umdæmi. Nefndir þessar nefnast tryggingarnefndir.

Af nefndarmönnum skulu tveir kosnir með hlutfallskosningu af sveitar- eða bæjarstjórn, en þann þriðja tilnefna stjórnir verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, þar sem þau eru, en stjórn Alþýðusambandsins þar, sem slík verkalýðsfélög eru ekki.

Kostnaður við störf tryggingarnefnda greiðist af bæjar- og sveitarsjóðum.

15. gr.

Sérhver sá, sem telur sig eiga rétt á að vera skyldutryggðan samkvæmt 1. gr. þessara laga, skal ár hvert fyrir 1. febrúar hafa gert tryggingarnefnd grein fyrir heimili, aldri, hjúskaparstétt, atvinnu, framfærsluþunga, eignum og tekjum á síðastliðnu ári, hve mikið af tekjunum er endurgjald fyrir vinnu í annara þjónustu, hvort hann er ráðinn til ársvistar eða stundar lausavinnu og hver eða hverjir eru vinnukaupendur hans. Ef tryggingarnefnd, sem prófar sannleiksgildi þessara upplýsinga, telur hann vera tryggingarskyldan

samkvæmt 1. gr., lætur hún honum í té bók, í formi, sem tryggingarstjórnin ákveður og gildir fyrir eitt ár í senn sem skírteini fyrir réttindum hans gagnvart Alþýðutryggingunni.

Kærur út af úrskurði tryggingarnefndar sendast tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar. Þó skal hlutaðeigandi tryggingarnefnd, áður en tryggingarstjórnin kveður upp úrskurð sinn, gefið tækifæri til þess að láta uppi álit sitt í málinu.

Tryggingarnefndir skulu færa skrá yfir alla tryggingarskylda menn og konur, sem fengið hafa skírteini í umdæmi þeirra. Skulu skrár þessar gerðar í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, og greina allar þær upplýsingar, sem taldar eru í 1. málsgr. þessarar greinar. Afrit af skrám þessum skulu tryggingarnefndir senda tryggingarstjórninni fyrir 1. marz ár hvert. Tryggingarstjórnin getur ákveðið, að hinir tryggingarskyldu færi áður nefndar upplýsingar inn á skírteini sín, og að tryggingarnefnd annist um, að þau skírteini, sem voru í gildi á næstliðnu ári á undan, verði send tryggingarstjórninni. Ef hentugt þykir, getur tryggingarstjórnin ennfremur ákveðið, að vinnukaupendur skuli inna af hendi gjöld sín til Alþýðutryggingarinnar með því að kaupa og líma inn í áður nefnd skírteini tryggingarmerki, sem tryggingarstjórnin gefur út í þeim tilgangi.

16. gr.

Tryggingarnefndirnar skulu hver í sínu umdæmi vera tryggingarstjórn og umboðsmönnum hennar til aðstoðar við öflun upplýsinga um þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða skal rétt þeirra, er sækja um sjúkrahjálp, örorkulífeyri, ellilaun, slysabætur, atvinnu eða atvinnuleysisstyrk.

III. KAFLI.

Um sjúkrahjálp.

17. gr.

Alþýðutryggingunni er skylt að láta í té þeim, er skyldutryggðir eru og hlotið hafa tryggingarskírteini, þá hjálp í veikindum, sem hér er talin:

1. Ókeypis læknishjálp hjá tryggingarlæknum eða öðrum læknum, er tryggingarstjórnin semur við.
2. Ókeypis lyf og umbúðir samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. þörf fyrir óvenjulega dýr lyf, er tryggingarstjórninni heimilt að láta Alþýðutrygginguna greiða lyfin að fullu, þótt sjúklingurinn sé eigi á sjúkrahúsi.
3. Ókeypis nudd, böð, ljóslækningar og aðrar sérlæknisaðgerðir, sem tryggingarlæknir telur nauðsynlegar, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur.
4. Ef veikindin hafa í för með sér, að hinn tryggði verður óvinnufær, greiðir Alþýðutryggingin honum dagpeninga. Upphæð dagpeninga skal vera 5 kr. á dag, auk einnar krónu á dag, ef tala skylduliðs að framfæranda meðtöld-

um fer fram úr þremur, fyrir hvern fjölskyldumeðlim, sem umfram er. Þó mega dagpeningar eigi fara fram úr ¾ af venjulegu dagkaupi hins tryggða við þá atvinnu, er telst aðalatvinna hans, og eigi skerðast svo, að þeir verði lægri en 2 kr. á dag.

Óvinnufær telst sá, sem samkvæmt vottorði tryggingarlæknis getur eigi unnið, eða á á hættu, að sjúkdómurinn versni, ef hann heldur áfram að vinna.

5. Ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur, við barnsfæðingu. Ennfremur sængurkonupeninga í allt að 2 vikur fyrir og 6 vikur eftir barnsburð, að upphæð jafna dagpeningum.
6. Styrk upp í útfararkostnað, allt að 200 kr., eftir nánari ákvörðun tryggingarstjórnar.

18. gr.

Eiginkonur eða eiginmenn tryggingarskyldra meðlima og börn þeirra og fósturbörn innan 15 ára aldurs fá hjálp í veikindum samkvæmt eftirfarandi reglum, ef þessar persónur, sem í lögum þessum nefnast skyldulið hins tryggða, eru á framfæri hans:

1. Alþýðutryggingin skal veita skylduliði meðlimanna ókeypis læknishjálp, lyf og læknisaðgerðir samkvæmt sömu reglum og í 17. gr. 1., 2. og 3. tölul. segir.
2. Styrk upp í útfararkostnað, 100 kr. við fráfall eiginkonu eða eiginmanns og 50 kr. við fráfall barns.
3. Sængurkonupeninga, 50 kr. við barnsfæðingu og ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur.

Ógift kona, sem býr samvistum með ókvæntum manni, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

19. gr.

Ef lækning getur eigi farið fram, að dómi tryggingarlæknis, á heimili hins tryggða, skal Alþýðutryggingin sjá sjúklingnum fyrir ókeypis dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun á sjúkrahúsi, hressingarhæli eða fæðingarstofnun. Dagpeningar og sængurkonupeningar greiðast eigi á meðan hinn tryggði dvelur á sjúkrahúsi, hæli eða fæðingarstofnun, nema hann hafi fyrir skylduliði að sjá. Þegar svo stendur á, greiðir Alþýðutryggingin fjölskyldupeninga, að upphæð jafna hálfum dagpeningum, ef fjölskyldumeðlimir eru færri en tveir; ef þeir eru tveir eða þrír, nema fjölskyldupeningar ¾ af dagpeningum, og fullum, ef fleiri eru.

20. gr.

Alþýðutryggingin greiðir ferðakostnað læknis, ef sjúklingur er eigi fær um að koma á þann stað, þar sem tryggingarlæknir tekur á móti sjúklingum. Ferðakostnaður meðlima og skylduliðs þeirra til læknis eða á sjúkrahús greiðist af Alþýðutryggingunni, ef hinn tryggði sjálfur eða húsbóndi hans gat eigi veitt sjúklingnum fararbeina.

21. gr.

Til læknishjálpar telst útdráttur tanna og tannfyllingar, eftir nánari reglum, er tryggingarstjórn setur.

22. gr.

Ef sjúklingurinn er óvinnufær skemur en 3 daga, greiðast engir dagpeningar, en ef hann er óvinnufær 4 daga eða lengur, greiðast dagpeningar einnig fyrir 3 fyrstu dagana, reiknað frá þeim degi, sem læknis var leitað, nema gild rök séu færð fyrir því, að hann hafi verið óvinnufær fyrir þann tíma.

Dagpeningar, lyf og meðlagskostnaður á sjúkrahúsi greiðist fyrir tryggingarskylda meðlimi í allt að 36 vikur fyrir sama sjúkdóm, sbr. þó 23. gr., þó ekki yfir 26 vikur á samfleyttum 12 mánuðum.

Fyrir skyldulið meðlima greiðist lyf, læknishjálp og sjúkrahúsvist í allt að 26 vikur fyrir sama sjúkdóm.

Meðlagskostnaður á fæðingarstofnun greiðist í allt að 8 vikur fyrir tryggðar konur og konur hinna tryggðu. Dagpeningar greiðast ekki, ef hinn tryggði heldur fullu kaupi meðan hann er óvinnufær. Haldi hinn tryggði hluta af kaupi sínu, má greiða honum dagpeninga eða hluta af þeim, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur, þó þannig, að kaup og dagpeningar fari aldrei fram úr venjulegum daglaunum í starfsgrein hins tryggða.

23. gr.

Nú hefir skyldutryggður meðlimur fengið alla þá sjúkrahjálp, sem hann á kröfu á samkvæmt 22. gr., og fær hann þá eigi framar hjálp frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, ef hann er lengur veikur eða veikist á ný af sama sjúkdómi innan 18 mánaða. Ef hinn skyldutryggði er enn óvinnufær, þegar réttur til sjúkrahjálpar fellur niður skv. 22. gr., og sjúkdómurinn heyrir ekki undir sérstök lög eða heilbrigðisráðstafanir af hálfu ríkisins, á hann rétt á að fá örorkulífeyri samkvæmt 27. gr. þar til hann verður vinnufær á ný.

24. gr.

Heimilt er tryggingarstjórninni að láta lækna skoða meðlim og skyldulið hans við upptöku og síðar, til þess að ganga úr skugga um, hvort hann er haldinn af varanlegum sjúkdómi eða öðrum sjúkdómi, sem eigi veitir rétt til sjúkrahjálpar frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar. Nú veikist tryggingarskyldur meðlimur eða skyldulið hans af sjúkdómi, sem rikissjóði samkvæmt sérstökum lögum ber að kosta lækningu á, og greiðir Alþýðutryggingin þá eigi þann kostnað. Hafi Alþýðutryggingin greitt kostnað vegna slíkra sjúkdóma, endurgreiði ríkissjóður upphæðina.

25. gr.

Nú þarfnast tryggingarskyldur maður eða kona eða einhver af skyldulíði hans læknis- eða ljósmóðurhjálpar, og skal hann þá sýna tryggingarlækni eða

ljósmóður, sem Alþýðutryggingin hefir samið við, skírteini fyrir því, að hann hafi rétt til sjúkrahjálpar frá Alþýðutryggingunni.

Tryggingarskyldur maður eða kona, sem gerir kröfu til þess að fá greidda dagpeninga frá Alþýðutryggingunni, skal ásamt umsókn sinni senda til tryggingarnefndar skýrslu um tekjur sínar af vinnu og framfærsluskyldu í byrjun sjúkdómsins og ennfremur um það, hvort hann heldur kaupi sínu eða hefir aðrar tekjur á meðan sjúkdómurinn varir. Umsókninni skal ennfremur fylgja vottorð frá tryggingarlækni um, að hann sé óvinnufær. Eftir að tryggingarnefnd hefir litið eftir, að skýrslan hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, og prófað sannleiksgildi þeirra, skal hún senda umsóknina ásamt skýrslu umsækjanda og vottorði tryggingarlæknis til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanns hennar.

Tryggingarlæknar halda bók um alla tryggingarskylda menn og konur, er til þeirra leita, í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður. Ennfremur ber þeim eins fljótt og við verður komið að senda tryggingarstjórn eða umboðsmanni hennar þær tilkynningar, sem tryggingarstjórn telur nauðsynlegar, um hvern einstakan sjúkling, sem fær læknishjálp. Sama gildir um ljósmæður.

IV. KAFLI.

Um slysabætur.

26. gr.

Um slysabætur fer eftir lögum nr. 72, 8. sept. 1931.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að ákveða, að iðgjöld til slysatryggingarinnar verði innheimt ásamt gjöldum til Alþýðutryggingarinnar.

V. KAFLI.

Um örorkulífeyri og ellilaun.

27. gr.

Útborgun örorkulífeyris byrjar þegar hinn tryggingarskyldi verður að staðaldri óvinnufær, og útborgun ellilauna þegar hann verður fullra 65 ára að aldri.

En varanlega óvinnufær telst sá vera samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara líkamskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Þeir skyldutryggðir, sem ekki eiga lengur rétt á að fá greidda dagpeninga frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, eiga rétt á, ef þeir eru enn óvinnufærir á þeim tíma, sem greiðsla dagpeninga fellur niður, að fá úthorgaðan örorkulífeyri á meðan þeir eru óvinnufærir. Þó er Alþýðutrygging-

unni eigi skylt að greiða örorkulífeyri til þeirra, sem samkvæmt sérstökum lögum eiga rétt á styrk, aðhjúkrun eða ókeypis vist á berklahælum eða öðrum stofnunum á kostnað ríkisins.

Rétturinn til þess að njóta örorkulífeyris og ellilauna er ennfremur bundinn því skilyrði, að umsækjandi sé tryggingarskyldur á þeim tíma, er hann verður öryrki eða nær að verða fullra 65 ára.

28. gr.

Árlegur örorkulífeyrir og ellilaun nema þeim upphæðum, er hér segir, með frádrætti vegna annara tekna samkvæmt 32. gr.:

1. Til hjóna, sem bæði eru tryggingarskyld og bæði fullnægja skilyrðunum samkvæmt 27. gr., greiðist 1350 kr. í Reykjavík, í öðrum kaupstöðum 1125 kr. og annarsstaðar á landinu 900 kr. Sama gildir um ókvæntan mann, sem býr með ógiftri konu, ef hún hefir fætt honum barn eða þau búið samvistum lengur en 18 mánuði.
2. Til einhleypinga, manns eða konu, og hjóna, ef aðeins annað þeirra fullnægir skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna, greiðist í Reykjavík 900 kr., í öðrum kaupstöðum 750 kr. og annarsstaðar á landinu 600 kr.

29. gr.

Um greiðslu örorkulífeyris og ellilauna til hjóna, þegar maðurinn er tryggingarskyldur en konan eigi, gilda eftirfarandi reglur:

1. Ef maðurinn er öryrki eða fullra 65 ára og konan sömuleiðis er annaðhvort öryrki eða 65 ára að aldri, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón, sem bæði fullnægja skilyrðunum.
2. Ef maðurinn er öryrki eða 65 ára, en konan eigi hefir náð þeim aldri né heldur er öryrki, greiðist sama upphæð og sú, er gildir fyrir einhleypan mann eða konu, þar til konan verður öryrki eða nær 65 ára aldri, en eftir það greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón.
3. Ef maðurinn er vinnufær, greiðist eigi örorkuhfeyrir eða ellilaun, þótt konan sé öryrki eða hafi náð 65 ára aldri, en sé svo, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón frá þeim tíma, að maðurinn verður öryrki eða nær 65 ára aldri.

Tilsvarandi reglur gilda um lífeyri hjóna, þegar konan er tryggingarskyld, en maðurinn eigi.

30. gr.

Ekkja eftir tryggingarskyldan mann á rétt á örorkulífeyri frá dánardægri mannsins, ef hún á þeim tíma er öryrki, en annars, hafi hún eigi áður gift sig á ný, frá þeim tíma, er hún verður óvinnufær. Rétt til ellilauna á hún, ef hún eigi giftir sig á ný, þegar hún verður 65 ára.

Tilsvarandi regla gildir um rétt ekkjumanns eftir tryggingarskylda konu til örorkulífeyris og ellilauna.

31. gr.

Ef örorkan hefir í för með sér, að öryrkinn þarfnast stöðugrar umönnunar annara, þannig, að hann getur ekki haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti, greiðir Alþýðutryggingin honum til viðbótar við örorkulífeyrinn þær upphæðir, sem hér greinir: Í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Þegar slíkur öryrki öðlast rétt til ellilauna, fær hann framvegis þessa uppbót.

Sömu upphæðir greiðast til viðbótar við ellilaun þeirra, sem náð hafa 75 ára aldri.

Ef hjón, sem búa saman, hvort um sig hafa rétt til þess að fá útborgaða uppbót, fellur niður greiðsla á ¼ af uppbót hvors þeirra.

Hvíli framfærsluskylda barns innan 15 ára á þeim, er nýtur örorkulífeyris eða ellilauna, greiðir Alþýðutryggingin vegna fyrsta barns, í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Ef á honum hvílir full framfærsluskylda fleiri barna innan 15 ára aldurs, greiðist í Reykjavík 240 kr., í öðrum kaupstöðum 200 kr. og annarsstaðar á landinu 160 kr. uppbót fyrir hvert barn, sem umfram er eitt. Þó geta barnauppbætur samanlagðar eigi farið fram úr 1080 kr. í Reykjavík, 900 kr. í öðrum kaupstöðum og 720 kr. annarsstaðar á landinu.

32. gr.

Rétturinn til þess að fá útborgaðar þær upphæðir í árlegan örorkulífeyri og ellilaun, sem taldar eru í 28. gr., er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, er í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglunum í 3. málsgr., fari eigi fram úr ⅓ af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum samkvæmt 28. gr. og uppbótunum samkvæmt 31. gr., ef nokkrar eru, 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung hinna föstu upphæða samkvæmt 28. gr.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkvæmt eftirfarandi reglum.

1. Til ársteknanna telst allt það, er hlutaðeigandi á síðastliðnu almanaksári hefir unnið sér inn, sbr. þó 3. tölulið, fastur styrkur frá einstökum mönnum eða opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri og ellilaunum frá Alþýðutryggingunni, eftirlaun og tekjur af eignum, bæði fasteignum og lausafé. Hafi hlutaðeigandi skyndilega misst möguleikann til þess að vinna sér inn það, sem hann áður hafði upp úr vinnu sinni, skal eigi við fyrstu ákvörðun tekið tillit til þess, er hann vann sér inn á síðastliðnu almanaksári. Tekjur af vinnu skulu þá metnar eftir því, sem sanngjarnt er að áætla, að hlutaðeigandi sé fær um að vinna sér inn á þeim stað.
2. Ef hlutaðeigandi á fasteign eða aðrar eignir, skal leggja 5% af samanlögðum eignum hans við árstekjurnar.
3. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun ársteknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.
4. Ef aðeins annað af hjónum, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan ör-

örkulífeyri eða ellilaun, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja; sömuleiðis reiknast viðbótin samkv. 2. tölulið af helming af samanlögðum eignum beggja, þó þannig, að lífeyririnn má eigi fara fram úr þeirri upphæð, sem Alþýðutryggingunni bæri að greiða, ef bæði hjónin fullnægðu skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna.

5. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar samkv. þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæðum sleppt, og gildir sú upphæð, sem þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

33. gr.

Umsóknir um örorkulífeyri og ellilaun sendist til tryggingarnefndar, þar sem umsækjandi er búsettur. Umsókninni skal fylgja skýrsla, undirrituð af umsækjanda og í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, er skipta máli þegar ákveða skal rétt umsækjanda til örorkulífeyris eða ellilauna. Auk þess skulu 2 menn, nákunnugir högum umsækjanda, undirskrifa yfirlýsingu um, að upplýsingar þær, er skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal ennfremur fylgja, auk skírnarvottorðs, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans.

Tryggingarnefnd skal á hverjum fundi taka til umræðu allar umsóknir, sem henni hafa borizt, og ber henni að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanna hennar.

Tryggingarstjórn sker úr því, hvort umsækjandi á rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum og ákveður upphæð lífeyrisins.

34. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp eða sérlæknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gerfilima, gleraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að undirgangast slíkar ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan, áður en slík ákvörðun er tekin, senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að láta gera á sér uppskurð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í

1. málsgr. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni. Sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar ber kostnað við læknishjálp og lyf að ¾ til þeirra, er njóta örorkulífeyris og ellilauna, og skylduliðs þeirra, ef eigi er að ræða um ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar til þess að hindra, að þeir verði öryrkjar eða til þess að auka starfsgetu þeirra, sem þegar eru orðnir öryrkjar.

VI. KAFLI.

Um atvinnutryggingar og atvinnuleysisstyrki.

35. gr.

Allir þeir meðlimir stéttafélaga Alþýðusambands Íslands, er samkvæmt 1. gr. eru tryggingarskyldir, eiga rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk til, þegar atvinnuleysi ber að höndum, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk frá Alþýðutryggingunni samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga.

Rétturinn er þó bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi verið meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikurnar næstu á undan atvinnumissi.

36. gr.

Í hverju bæjar- og sveitarfélagi, þar sem er verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, skal vera þriggja manna atvinnunefnd. Af nefndarmönnum skipar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag einn, Alþýðusamband Íslands einn og Alþýðutryggingin einn. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Störf atvinnunefndar má, ef hentugt þykir, fela tryggingarnefnd. Til þess þarf þó samþykki tryggingarstjórnar.

Hlutverk atvinnunefndar er að vísa atvinnulausum mönnum og konum endurgjaldslaust á allskonar vinnu, aðstoða tryggingarstjórn við söfnun athugana um atvinnumálefni og gera tillögur út af umsóknum um styrk til atvinnubóta.

Nú er fyrirsjáanlegt, að atvinnuleysi muni verða í náinni framtíð, ef eigi eru gerðar ráðstafanir af hálfu bæjar- eða sveitarfélags til atvinnubóta, og skal atvinnunefnd þá safna gögnum um málið. Nú sækir bæjar- eða sveitarstjórn um styrk frá Alþýðutryggingunni til atvinnubóta, og skal þá jafnan láta umsögn atvinnunefndar fylgja umsókninni.

37. gr.

Við ákvörðun þess hundraðshluta verkalauna, er vinnukaupendum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar samkvæmt 43. gr., skal tekið tillit til væntanlegra útgjalda Alþýðutryggingarinnar vegna greiðslu á atvinnuleysisstyrk á næsta ári. Af samanlögðum tekjum Alþýðutryggingarinnar fær atvinnutryggingarsjóður til fullra umráða hlutfallslega við áætlun.

38. gr.

Heimilt er tryggingarstjórn að veita úr atvinnutryggingarsjóði styrk til bæjar- og sveitarfélaga, er láta vinna að verklegum framkvæmdum til atvinnubóta, ef sýnt þykir, að með því fáist tilsvarandi léttir útgjalda til atvinnuleysisstyrks.

Styrkur til atvinnubóta er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag leggi fram eigi minna en 3/5 kostnaðar við framkvæmdir þær, sem styrktar eru sem atvinnubótavinna.
2. Að þeir, sem eiga rétt á að fá vinnu samkvæmt 35. gr., fyrir tilstuðlun Alþýðutryggingarinnar, hafi forgangsrétt til vinnunnar.
3. Að kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta, viðurkenndan af verkalýðsfélagi á þeim stað, sem unnið er.
4. Að vinnunni sé úthlutað í samráði við stjórnir verkalýðsfélaga á staðnum.

Nú hefir tryggingarnefnd ákveðið að leggja fram styrk til atvinnubóta bæjar- eða sveitarfélags, og skal þá ríkissjóður ábyrgjast lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, að upphæð allt að helmingi þeirrar upphæðar, er því ber að leggja fram á móti atvinnubótastyrknum, enda sé hlutaðeiganda þörf slíkrar lántöku.

39. gr.

Til þeirra, er samkvæmt 35. gr. eiga rétt á atvinnuleysisstyrk, greiðast dagpeningar, er nema 5 kr. á dag auk einnar krónu fyrir hvern þann, er sá, er nýtur dagpeninga, hefir á sínu framfæri umfram tvo, að honum sjálfum undanskildum. Dagpeningar mega þó eigi fara fram úr 3/4 af venjulegum verkalaunum í starfsgrein hins tryggða.

Greiðsla dagpeninga byrjar eftir að hlutaðeigandi hefir verið atvinnulaus í 2 vikur, eða ef hann hefir haft skerta vinnu yfir lengra tímabil, þegar tapaður vinnutími nemur sem svarar tveim vikum, þó þannig, að vikulegt vinnutap, er nemur minna en 1½ vinnudegi, telst eigi með töpuðum vinnutíma, heldur einungis það, sem umfram er 1½ vinnudag á viku.

Ef sá, er nýtur styrks í atvinnuleysi, hefir tekjur af lausavinnu, koma þær tekjur að 3/4 hlutum til frádráttar þegar dagpeningar eru útborgaðir.

Atvinnutryggingarsjóður á kröfu á endurgreiðslu frá bæjar- og sveitarfélögum á upphæð, er nemur 20% af atvinnuleysisstyrkjum, greiddum atvinnulausum mönnum innan takmarka þeirra.

40. gr.

Atvinnuleysisstyrkur greiðist ekki:

1. Ef atvinnuleysið stafar af sjúkdómi eða örorku, greiðist eigi atvinnuleysisstyrkur á meðan sjúkdómurinn eða örorkan varir.
2. Til þeirra, er yfirgefa vinnu, sem þeir hafa haft, án þess að gild ástæða sé til þess.
3. Til þeirra, er koma sér hjá að vinna þá vinnu, er atvinnunefnd vísar á, þó því aðeins, að eigi hvíli verkbann eða verkfall á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími eigi undir taxta, viðurkenndum af verkalýðsfélagi á þeim stað, er hlutaðeigandi er búsettur.

4. Til þeirra, er hafa vinnu sem svarar ¾ af venjulegum vinnutíma.
5. Á meðan verkfall eða vinnubann af hálfu verkamanna stendur yfir, til verkafólks, sem riðið er við það.

41. gr.

Umsóknir um atvinnuleysisstyrk sendast ásamt skilríkjum fyrir rétti umsækjanda til atvinnunefndar, er rannsakar, hvort umsækjandi á rétt á atvinnuleysisstyrk samkvæmt þessum lögum, og sendir umsóknina því næst ásamt fylgiskjölum og eigin umsögn til tryggingarstjórnar eða umboðsmanns hennar.

VII. KAFLI.

Um tekjur tryggingarinnar.

42. gr.

Allan kostnað við sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun til tryggingarskyldra, við atvinnuleysisstyrki skv. 37. gr., svo og önnur útgjöld, sem hvíla á Alþýðutryggingunni samkvæmt þessum lögum vegna hinna tryggingarskyldu, bera vinnukaupendur, ríkið, sveitir og bæjarfélög í sameiningu, þannig að vinnukaupendur bera ⅗ kostnaðarins, ríkið ⅕ og sveitir og bæjarfélög ⅕, er skiptist samkvæmt ákvæðum 45. gr. Þó fer um kostnað vegna slysatryggingarinnar samkv. ákvæðum laga nr. 72, 8. sept. 1931.

43. gr.

Vinnukaupendur greiða til Alþýðutryggingarinnar fastákveðinn hundraðshluta af verkalaunum allra, er vinna í þeirra þjónustu, og mega þeir eigi við útborgun verkalauna draga upphæðina eða hluta af henni frá verkalaunum fólks, er hjá þeim vinnur, eða færa hana verkafólki sínu til útgjalda.

Atvinnumálaráðherra ákveður ár hvert, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, hve mikinn hundraðshluta af verkalaunum vinnukaupendur skuli greiða á næsta almanaksári. Hinn fasta hundraðshluta verkalauna skal ákveða þannig, að væntanleg tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar á næsta almanaksári vegna tryggingarskyldra, er vinna í þjónustu þeirra, ásamt tillögum ríkissjóðs, sveita og bæjarfélaga, nægi fyrir væntanlegum útgjöldum á næsta almanaksári, er á Alþýðutryggingunni hvíla samkvæmt þessum lögum gagnvart hinum tryggingarskyldu, og gefi jafnframt tilefni til myndunar hæfilegs öryggissjóðs til þess að mæta sveiflum, er verða kunna í útgjöldunum umfram áætluð meðalútgjöld.

44. gr.

Tryggingarstjórnin gerir á ári hverju áætlun um meðalútgjöld þeirra þriggja deilda Alþýðutryggingarinnar, er annast hina lögboðnu sjúkratryggingu, elli- og örorkutryggingu og atvinnuleysistryggingu, og skiptast samanlagðar árs-

tekjur Alþýðutryggingarinnar á milli deildanna í sama hlutfalli og er á milli áætlaðra meðalútgjalda þeirra á næsta almanaksári.

Nú hrökkva eigi tekjur eða sjóður einhverrar deildar Alþýðutryggingarinnar fyrir útgjöldunum, og greiðir ríkissjóður þá til bráðabirgða það, sem til vantar, en hlutaðeigandi deild Alþýðutryggingarinnar endurgreiðir það, sem ríkissjóður leggur fram, svo fljótt sem við verður komið.

45. gr.

Tillag ríkissjóðs til Alþýðutryggingarinnar greiðist mánaðarlega fyrirfram samkvæmt áætlun, byggðri á reynslu undanfarandi ára eða öðrum þekktum staðreyndum. Tillög sveita og bæja til Alþýðutryggingarinnar greiðist til bráðabirgða mánaðarlega fyrirfram af ríkissjóði, er innheimtir upphæðina hjá hinum einstöku sveitum og bæjum og annast skiptingu upphæðarinnar á milli þeirra samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þriðjungur upphæðarinnar skiptist í hlutfalli við fólkstölu hinna einstöku sveita og bæja samkvæmt síðasta aðalmanntali, þriðjungur í hlutfalli við skattskyldar tekjur í hinum einstöku sveitum og bæjum á næstliðnu ári á undan, og þriðjungur í hlutfalli við verðmæti skattskyldra fasteigna samkvæmt síðasta fasteignamati.

46. gr.

Skylt er vinnukaupendum að færa vinnuskýrslur í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður, ennfremur ber þeim í lok hvers mánaðar að senda tryggingarstjórn eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hafa unnið í þjónustu þeirra á síðastliðnum mánuði, og verkalaun hvers þeirra um sig, ásamt tillagi því, sem þeim samkvæmt lögum þessum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Tryggingarstjórn og umboðsmenn hennar eiga rétt á að láta rannsaka vinnuskýrslur og bækur vinnukaupenda, til þess að upplýst verði, hve mikið þeim ber að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að veita þeim, er eigi hafa verkafólk við atvinnurekstur, lengri frest en þann, er settur er í 1. málsgr. á greiðslu þess gjalds, sem þeim er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar. Þó skulu þeir jafnan um leið og greiðsla fer fram senda tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hjá þeim hafa unnið á tímabilinu frá því síðasta greiðsla fór fram. Fresturinn má þó eigi vera lengri en 6 mán., og skal tryggingarstjórn, ef hún notar heimild þessa, setja reglur um gjalddaga og annað, er að greiðslunni lýtur.

Tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar má án undangengins dóms taka lögtaki, ef þau greiðast eigi á réttum gjalddögum.

VIII. KAFLI.

Um frjálsar tryggingar.

47. gr.

Sérhver hér á landi heimilisfastur maður eða kona á rétt á að tryggja sér með frjálsum framlögum hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu hjálp í veikindum, er samsvari þeirri sjúkrahjálp, er tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum, örorkulífeyri og ellilaun frá 65 ára aldri. Allir íslenzkir ríkisborgarar, sem tryggja sér sjúkrahjálp, örorku- og ellilífeyri hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu, eiga rétt á að fá styrk til tryggingarinnar af almannafé, ef árstekjur þeirra fara eigi fram úr þeim takmörkum, er sett eru í 1. gr. Styrkurinn greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn helminginn greiða sveitir og bæir, er skiptist eftir sömu reglum og settar eru í 45. gr., og nemur hann árlega ⅔ þeirrar upphæðar, er þessir menn greiða í ársiðgjöld til hinnar frjálsu Alþýðutryggingar. Þó greiðist engum styrkur frá ríki, sveitum og bæjum til þess að tryggja sér hærri dagpeninga, örorkulífeyri eða ellilaun en tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum.

Þeir, sem hafa hærri árstekjur en í 1. gr. segir, bera kostnaðinn við tryggingunia að öllu leyti sjálfir.

48. gr.

Í árlegan örorku- eða ellilífeyri greiðist til þeirra, er til tryggingarinnar njóta styrks af almannafé, ef þeir hafa eigi aðrar tekjur á þeim tíma, er útborgun lífeyrisins fer fram, sú upphæð, sem hægt er að kaupa samkvæmt iðgjaldataxta hinna frjálsu trygginga fyrir framlög þeirra ásamt styrk frá ríki, bæjum og sveitum. Ef þeir hafa aðrar tekjur, lækkar lífeyririnn eftir sömu reglum og settar eru í 32. gr. Þó má eigi lækka lífeyrinn um meira en 40% af þeirri upphæð, sem ákveðin er samkvæmt 1. málsgr. Ef skyldutryggður maður eða kona hefir sjálfur tryggt sér örorku- eða ellilífeyri hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu, skal eigi við ákvörðun árstekna hans samkvæmt 32. gr. tekið tillit til upphæðar, er nemur 60% af lífeyrinum samkvæmt 1. málsgrein.

49. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við tryggingarstjórn, reglur um tryggingarskilmála og skilyrði fyrir þátttöku í frjálsri tryggingu; hann ákveður einnig, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, iðgjaldataxta fyrir hina frjálsu Alþýðutryggingu og tekur ákvörðun um það, hvaða athuganir um manndauða og vexti beri að leggja til grundvallar við ákvörðun iðgjalda.

Iðgjöldin ber að miða við áhættuna, þannig að höfuðstólsígildi væntanlegra iðgjalda fyrir hvern áhættuflokk sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana, reiknað samkvæmt þeim athugunum, er lagðar eru til grundvallar fyrir iðgjaldaákvörðuninni. Þó miðast iðgjaldataxti fyrir þá, er samkvæmt 17. gr. eiga rétt á styrk af almannafé til tryggingarinnar, við það, að höfuðstóls-

ígildi væntanlegra iðgjalda ásamt styrk frá því opinbera sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana.

50. gr.

Hin frjálsa Alþýðutrygging er í tveim deildum, og annast önnur þeirra sjúkratrygginguna, en hin elli- og örorkutrygginguna. Hvor þessara deilda um sig hefir sérstakt bókhald og algerlega aðgreindan fjárhag, og ber hvorug deildanna ábyrgð á skuldbindingum hinnar.

IX. KAFLI.

Ýms ákvæði.

51. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að ráða fasta lækna eða semja við héraðslækna, til þess að veita þá læknishjálp, er Alþýðutryggingunni ber að láta í té þeim, er sjúkratryggðir eru. Ef atvinnumálaráðherra veitir samþykki sitt til, er tryggingarstjórn heimilt að leigja, kaupa eða reisa sjúkrahús, hressingarhæli, barnahæli, gamalmennahæli og fæðingarstofnanir og starfrækja þau fyrir meðlimi sína og aðra, er til þeirra leita.

Gjaldskrá fyrir sjúklinga, er dvelja á þessum stofnunum og eigi eru meðlimir tryggingarinnar, skal, til þess að fá gildi, vera samþykkt af heilbrigðisstjórninni. Ennfremur er tryggingarstjórninni heimilt, með samþykki atvinnumálaráðherra, að setja á stofn lyfjabúð, eina eða fleiri, og starfrækja hana eða þær.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja rétt til örorkulífeyris eða ellilauna; eigi má heldur leggja löghald á lífeyrisgreiðslur eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

53. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 100—10000 krónum; auk þess greiðist fullar skaðabætur, ef brot felur í sér undandrátt á tekjum, er Alþýðutryggingunni ber samkvæmt þessum lögum, eða ef Alþýðutryggingin hefir vegna rangra upplýsinga greitt meira en henni er skylt að greiða samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1932. Skipun tryggingarstjórnar og tryggingarnefnda skal þó fara fram með hæfilegum fyrirvara, þannig að nægur tími sé til þeirrar undirbúningsstarfsemi, er skipulagning Alþýðutryggingarinnar hefir í för með sér.

Greinargerð.

Opinber forsjá og alþýðutryggingar er hvorttveggja ennþá harla skammt á veg komið hjá okkur Íslendingum. Að vísu mælir stjórnarskráin svo fyrir, að hver sá, sem eigi er fær um að sjá fyrir sér og sínum, skuli eiga rétt á sæmilegum framfærslueyri. En fátækralöggjöfin er ennþá með þeim hætti, að flestir reyna í lengstu lög að komast hjá því að leita fátækrastyrks. Sveitarflutningur og mannréttindamissir hefir verið og er enn notað til þess að fæla fátæklinga í lengstu lög frá því að krefjast þess réttar, sem þeim þó ber samkvæmt sjálfri stjórnarskránni, og styrkurinn er jafnan veittur sem ölmusugjafir og náðarbrauð og eftir mati fátækranefndanna á verðleikum og þörf þiggjandans. Berklavarnalögin mega heita hin einu lög íslenzk um opinbera forsjá, sem sæmileg geta talizt, og slysatryggingalögin eini vísirinn til tryggingarlöggjafar, því að „ellistyrkurinn“ er ekkert nema nafnið tómt og styrkur sá, sem sjúkrasamlögum er ætlaður, svo lítill, að þau hafa nær engri útbreiðslu náð utan Reykjavíkur, og þar má nú telja, að sjúkrasamlagið sé að þrotum komið.

Fáum þjóðum er þó brýnni þörf ýtarlegrar löggjafar um þessi efni en okkur Íslendingum. Á nokkrum áratugum hafa orðið hér stórfelldari byltingar í atvinnuháttum og lifnaðarháttum en dæmi eru til áður. Þjóðin er ekki lengur bændaþjóð. Fullur helmingur hennar býr nú í kaupstöðum og kauptúnum. Og mestur hluti þessa fólks á ekki ráð á starfstekjum sínum, en verður að lifa á því að selja öðrum vinnu sína. Og allmikill hluti þess fólks, sem vinnur við landbúnað fyrir kaupi, hefir þar aðeins atvinnu nokkra mánuði ársins, þegar annríkið er mest.

Þrátt fyrir það þótt efnahagur þjóðarinnar í heild hafi batnað stórkostlega, er allur meginþorri fólksins gersamlega eignalaus. Aðeins tæp 5000 manns á öllu landinu, eða um 12% af framfærendum, eiga svo miklar eignir, að skattskyldar séu til eignarskatts, þ. e. 5000 krónur. Hinir eiga allir minna, og flestir ekkert eða nær ekkert — nema starfsorkuna, getuna til að vinna. Hún er þeirra eina verðmæti. Glatist hún, eða verði hún verðlaus, er afkoma þeirra og skylduliðs þeirra í voða.

Hjá verkalýðnum, sem ekki á sjálfur ráð starfstækja sinna og selur öðrum vinnuafl sitt, er því bilið örmjótt milli bjargálna og örbirgðar. Slys eða veikindi, sem valda atvinnumissi, þótt um skamman tíma sé, geta þar alveg riðið baggamuninn. Sama er, ef starfsorkan verður verðlaus vegna þess að enginn vill kaupa hana, atvinnuleysi. Sumir geta þraukað nokkrar vikur, aðrir ef til vill fáeina mánuði, en margir ekki nema nokkra daga. Glatist vinnugetan alveg vegna örkumla eða ellilasleika, er oftast ekki annað fyrir en að leita á náðir vina eða vandamanna, sem oft geta lítið af mörkum látið, til góðgerðastofnana eða fátækrasjóðanna með þeim afleiðingum, sem því fylgja.

Það er sízt ofmælt, að þetta öryggisleysi um afkomu sína og sinna sé ein hin þyngsta byrði verkalýðsins. Ofan á daglegt strit, daglega baráttu við að fullnægja brýnustu þörfum til fæðis, klæða og húsaskjóls, bætast sífelldar áhyggjur fyrir komandi degi, kvíði og öryggisleysi, meðvitundin um það, að hvað sem út af ber: slys, veikindi, atvinnuleysi, örkuml eða elli, þá eru allar bjargir bann-

aðar, nema bónbjargir. Ekkert er líklegra til að lama starfsþrótt og lífsgleði verkalýðsins en þetta stöðuga öryggisleysi og áhyggjur um afkomu sína og sinna. Og svipað má segja um hina vel flesta, sem vinna fyrir sér með starfstækjum, er þeir sjálfir teljast eiga, nema þeir hafi aðrar eignir fyrir sig að leggja. Bilið er þar oft nokkru breiðara, en allt ber að sama brunni, ef starfsorkan glatast.

Fasteignir og lausafé er yfirleitt tryggt hér eins og hjá öðrum þjóðum. Hús og skip eru tryggð gegn eldsvoða og sætjóni. Búpeningur gegn felli. Vörur og húsbúnaður gegn hverskonar grandi. En aðalverðmæti, eina verðmæti alþýðunnar, starfsorkan, er ótryggð látin.

Allar menningarþjóðir, að Íslendingum einum undanteknum, hafa sett hjá sér viðtæka löggjöf um alþýðutryggingar og opinbera forsjá. Ýmist eru tryggingar þessar beinlínis lögboðnar eða efnalitlu fólki eru veitt svo mikil hlunnindi, ef það gerist meðlimur slíkra trygginga, að það sér sér það fært og hefir hagnað af því. Víðast hefir þó sú stefna orðið ofan á að lögbjóða tryggingarnar að miklu eða öllu leyti, til þess að þær taki til sem allra flestra.

Svo rík áherzla er lögð á þessi mál meðal flestra menningarþjóða, að einmitt menning þjóðanna er nú mæld á þann kvarða, hve langt sé þar komið tryggingarmálum alþýðu, og það talinn órækastur menningarvottur, að slíkar tryggingar séu sem víðtækastar og fullkomnastar. Og þess eru engin dæmi, að þjóð, sem sett hefir lög um almennar alþýðutryggingar, hafi aftur fellt slíka löggjöf niður.

Að vísu verður því eigi neitað, að allvíða erlendis, þar sem alþýðutryggingar hafa um langt skeið verið í lögum, finna ýmsir þeim margt til foráttu. En flestar þær aðfinnslur snerta framkvæmd laganna og einstök fyrirkomulagsatriði öllu fremur en kjarnann sjálfan. Aðalmótbárurnar frá andstæðingum tryggginganna eru þær, að tryggingarnar, og þá sérstaklega sjúkratryggingin sé herfilega misnotuð. Sjálfsagt eru að þessu allmikil brögð víða, einkum þó þar, sem atvinnuleysistryggingar eru litlar eða engar. Þar er freistingin að sjálfsögðu ríkust til þess að gera sér upp veikindi og fá dagpeninga þegar atvinnulaust er. Þar, sem atvinnuleysistrygging er í sæmilegu lagi, og dagpeningar svipaðir og hjá sjúkratryggingunni, fellur þessi freisting burt af sjálfu sér. Víða eru og læknar tryggginganna ráðnir með þeim kjörum, að þeir fá visst fyrir hvert viðtal, vottorð eða vitjun. Þetta hefir þótt gefast nokkuð misjafnlega. Læknar eiga þá tekjuvonir sínar undir því, að þeir séu sem eftirlátastir við hina tryggðu og komi sér í mjúkinn hjá þeim, og sá gerir sér von um mesta aðsókn, sem minnstan strangleika sýnir og örastur er á sjúkdómsvottorð. Hefir því sumstaðar verið horfið að því ráði, að ráða læknana sem fasta starfsmenn tryggingarinnar fyrir ákveðið kaup, og þótt gefast vel.

Það, sem jafnan er mest deilt um í sambandi við alþýðutryggingar, er það, hve mikla hjálp og styrki þær skuli láta í té, og hversu kostnaðinum við þær skuli jafnað niður, og ennfremur það, hvort tryggingarnar skuli vera lögboðnar eða frjálsar. Eru um þetta ýmsar reglur og ólíkar í hinum ýmsu löndum.

Kostir tryggginganna eru hinsvegar svo augljósir, að um þá verður ekki deilt. Öryrkinn eða gamalmennið, sem langa ævi hefir stritað til að framfleyta sér og sínum og skilað þúsundum í skatta og skyldur til þjóðfélagsins og arði til

vinnukaupenda sinna, á nú rétt á ákveðnum lífeyri, en þarf eigi að leggja verðleika sína og þörf undir mat misjafnra fátækranefnda og þiggja ölmusur af þeim eða verða fátækum börnum sínum byrði. Sá, sem slasast við vinnu sína, á rétt til ákveðinna slysabóta og læknishjálpar, og atvinnuleysinginn á rétt til ákveðins styrks. Fátæklingnum, sem ekki hefir sjálfur efni á að leita læknis, er tryggð læknishjálp strax og hann veikist. Við það, að sjúklingarnir strax komast undir læknishendur, ná sjúkir og slasaðir fyrr bata, en með því er starfsorka þjóðarinnar aukin. Þá er það og tryggt, að hinn sjúki fer eigi aftur til vinnu fyrr en hann að dómi læknis er vinnufær. En það er altítt þar, sem engin er sjúkratrygging, að menn leita eigi læknis fyrr en í ótíma er komið og fara að reyna á sig svo snemma, að þeir ná aldrei fullum bata.

Það segir sig sjálft, að þar, sem alþýðutryggingum er komið í sæmilegt horf, minnkar kostnaður við aðra opinbera forsjá stórkostlega. Þó geta tryggingar trauðla gert opinbera framfærslu með öllu óþarfa. Ýmsar greinar hennar eru svo vaxnar, að ekki verður við komið tryggingarfyrirkomulagi með iðgjaldagreiðslum. Danir, sem að ýmsu leyti standa í fremstu þjóða röð hvað alþýðutryggingar snertir, hafa 2 síðustu ár haft til meðferðar í þjóðþinginu tryggingarmál og opinbera forsjá. Hefir ríkisstjórnin látið endurskoða og gera tillögur til umbóta á löggjöfinni um þessi efni. Eru tillögur hennar þær, að öll lög og ákvæði um alþýðutryggingar verði felld saman í 3 lagabálka. Er sá fyrsti um sjúkra- og örorkutryggingar og ellilaun, annar um slysatryggingar og hinn þriðji um atvinnuleysistryggingar og varnir gegn atvinnuleysi. Jafnframt leggur stjórnin fram frv. til heildarlaga um opinbera framfærslu. Eru þau í 3 aðalköflum. Fyrsti kaflinn er um framfærslu og uppeldi barna, sem skortir eða hafa ónóga fyrirvinnu, annar kafli er um framfærslu og umönnun sjúkra, sem tryggingarnar eigi ná til, svo sem berklasjúklinga, sem haldnir eru af varanlegum, smitandi berklasjúkdómi, geðveikra, fábjána, daufdumbra, blindra o. fl., og loks er þriðji kafllnn um fátækrahjálp með rétti til styrks eftir ákveðnum reglum og um meðferð og framfærslu drykkjurúta og annara vandræðamanna.

Til fróðleiks skal hér gefið stutt yfirlit yfir framlög Dana til þessara mála allra samkv. frv. stjórnarinnar, og skal þess jafnframt getið, að heildarupphæðin er samkvæmt þeim því nær hin sama og reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að útgjöldin hafa orðið. En skiptingin er aftur á móti öll önnur og talsvert ólík.

I. Alþýðutryggingar:

1. Sjúkratryggingin	kr.	42500000.00
2. Örorkutryggingin	—	16800000.00
3. Ellilaunin	—	68000000.00
4. Slysatryggingin	—	8600000.00
5. Atvinnuleysistryggingin	—	29800000.00
Samtals	kr.	165700000.00

II. Opinber framfærsla:

1. Barnalögin	kr.	15200000.00	
2. Sjúkralögin	--	31200000.00	
3. Fátækralögin	--	23600000.00	
4. Ýmislegt	—	4300000.00	
			kr. 74300000.00
		Samtals	kr. 240000000.00

eða því sem næst 300 milljónir íslenzkra króna. Svarar þetta til þess, að við Íslendingar legðum árlega fram til þessara mála nálægt 10 millj. króna, þar af um 7 til trygginga og því sem næst 2 til framfærslu barna og sjúkra, sem tryggingar eigi ná til.

Í Englandi og Þýzkalandi eru framlög til þessara mála ennþá hærri á hvern íbúa en í Danmörku, í Svíþjóð og Noregi nokkru lægri, en svipuð í Frakklandi samkv. lögum, er þar voru sett 1928.

Til dæmis um það, hvert kapp Norðurálfuþjóðirnar eftir stríðið lögðu á að koma þessum málum í sæmilegra horf, má geta þess, að í 6 ríkjum tvítugföldust framlög ríkjanna til þessara mála árin 1919—1921, en á sama tíma var aukningin á útgjöldum sömu ríkja í heild ekki nema ca. 150%.

Hin síðari ár hefir skilningur almennings og áhugi fyrir alþýðutryggingum hér á landi aukizt mjög og kröfurnar um lagasetningu um þessi efni orðið háværari og háværari. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á nokkrum undanförnum þingum borið fram frv. og tillögur um opinberar aðgerðir í tryggingarmálum. Loks á Alþingi 1930 var samþ. í báðum deildum svolátandi þingsályktun, er þm. Alþýðuflokksins báru fram í neðri deild:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga gegn atvinnuleysi og hvort veita skuli stofnun þeirri, sem verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það".

Nokkru eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin í nefndina: Ásgeir Ásgeirsson, núverandi fjármálaráðh., formann, Jakob Möller og fyrsta flm. þessa frv., Harald Guðmundsson. Nefndin hélt nokkra fundi haustið 1930 og réði Árna Björnsson sem fastan starfsmann, en hann hafði áður verið til þess ráðinn af stjórninni að vinna að undirbúningi ellitrygginga. Árið 1931 hélt nefndin engan fund og nokkru eftir mitt ár var Árni Björnsson látinn hætta störfum.

Þegar sýnt var, að nefndin mundi eigi leggja neinar tillögur fyrir reglulegt þing 1931, tók 1. flm. þessa frv. að vinna að undirbúningi frv., er á þingið kom. Þeim undirbúningi var eigi lokið, er forsætisráðherra sendi þingmenn heim. Á sumarþinginu gafst eigi tóm til að sinna þessum málum, og er

því frv. þetta samið og undirbúið að mestu síðan þing kom saman. Er því hér um fljótasmíð að ræða, og má vel vera, að margt megi betur fara ýmsra fyrirkomulagsatriða en til er bent í frv.

Samkvæmt frv. er ætlazt til þess, að allar 5 tegundir alþýðutrygginganna: Sjúkratryggingin, slysatryggingin, örorkutryggingin, ellitryggingin og trygging gegn atvinnuleysi, séu felldar saman í eitt kerfi. Margt mælir með því að taka upp þetta fyrirkomulag. Hér í fámenninu yrði langtum kostnaðarsamara og umfangsmeira að hafa hverja grein trygginganna út af fyrir sig með sérstakri stjórn, skrifstofum, reikningshaldi og innheimtu. Hver tryggingin gripur og inn í aðra eða tekur við af annari, og mælir einnig það með því, að yfirstjórn þeirra sé ein og hin sama. Enda er það svo, að allar greinir tryggingarinnar lúta í raun réttri að hinu sama, því, að tryggja hina tryggðu gegn afleiðingum þess, er starfsorka þeirra glatast um skemmri eða lengri tíma (slys og sjúkdómar), að fullu og öllu (örorka og elli), eða verður verðlaus vegna atvinnuleysis. Nýjasta löggjöf erlendis í þessu efni beinist og mjög í þá átt að fella tryggingarnar allar saman í eina heild.

Tryggingarskyldan er í frv. aðeins látin ná til þeirra, sem framfæra sig, þ. e. hafa helming tekna sinna eða meira sem laun fyrir störf í þjónustu annara, og er ennfremur bundin við visst hámark eigna og tekna, er miðast við framfærsluþunga og er nokkuð mismunandi í hinum ýmsu landshlutum eftir dýrtíð. Mun láta nærri, að tryggingarskyldan, að því er snertir sjúkra-, örorku-, og ellitrygginguna, nái til ca. helmings framfærenda og tryggingin því til helmings þjóðarinnar. Slysatryggingin er bundin við vissar atvinnugreinir og atvinnutrygging og atvinnuleysisstyrkur bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, sé meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands.

Alþýðusambandið er samtakaheild íslenzkrar alþýðu, og virðist því einsætt fyrir þá, sem telja alþýðusamtökin heillavænleg fyrir verkalýðinn, að efla þau og styrkja sem bezt. En jafneinsætt er hitt, að þeir, sem vilja sundra samtökum alþýðunnar og drepa allri sjálfsbjargar- og viðreisnarstarfsemi hennar á dreif, muni berjast fast gegn þessu ákvæði. Meginþorri þess verkalýðs, sem stundar sjómennsku og daglaunavinnu og lausavinnu yfirleitt, er meðlimir verklýðsfélaga innan Alþýðusambandsins, en einmitt þessum stéttum er mest þörf atvinnuleysistrygginga, þar sem atvinna þeirra jafnan er óvissust og stopulust.

Þá gerir frv. og ráð fyrir því, að þeir, sem sjálfstæða atvinnu stunda og búa við svipaðan efnahag og tekjur og hinir, sem tryggingarskyldir eru, skuli hafa rétt til sama styrks frá ríki og bæjar- eða sveitarfélögum, ef þeir kaupa sér sjúkratryggingu eða lífeyri hjá þeirri deild alþýðutryggingarinnar, sem annast frjálsar tryggingar, og þessir aðilar greiða til skyldutryggingarinnar, eða $^2/_3$ af framlögum hinna tryggðu sjálfra.

Upphæð dagpeninga hinna skyldutryggðu er ákveðin hin sama, hvort sem um er að ræða atvinnumissi vegna slysa, veikinda eða atvinnuleysis. Með lögum um slysatryggingar hefir Alþingi fallizt á 5 króna dagpeninga almennt, með þeim takmörkunum einum, að þeir megi ekki fara fram úr $^3/_4$ venjulegs dagkaups. Er upphæð þessi lögð til grundvallar við ákvörðun dagpeninga í frv., en

aukið við 1 krónu á dag fyrir hvert barn, sem hinn tryggði hefir á framfæri umfram eitt. Hámark er ákveðið ¾ dagkaups og lágmark 2 krónur.

Auk dagpeninga lætur sjúkratryggingin hinum tryggðu og skylduliði þeirra í té ókeypis, þegar sjúkdóm ber að höndum, læknishjálp, ¾ lyfja- og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss og allan í sjúkrahúsi, sérlæknisaðgerðir eftir nánari reglum og dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun í sjúkrahúsum eða hressingarhælum, ef þess gerist þörf, en þá fellur jafnframt niður greiðsla dagpeninga, ef um einhleypa er að ræða. Ennfremur greiðir hún útfararstyrk, ljósmóður- og læknishjálp við barnsfæðingar og dagpeninga til sængurkvenna.

Á slysatryggingalögunum eru engar breytingar gerðar aðrar en þær, að slysatryggingin er gerð að sérstakri deild í alþýðutryggingum og atvinnumálaráðherra heimilað að ákveða, að iðgjöld til hennar skuli innheimt með öðrum tekjum alþýðutryggingarinnar. Þar sem slysatryggingalögin í sinni núverandi mynd eru frá sumarþinginu 1931, þóttu engar líkur til, að á þeim fengjust nú nokkrar verulegar breytingar til bóta.

Lífeyrir gamalmenna frá 65 ára aldri og öryrkja er ákveðinn jafn: 900 kr. í Reykjavík, 750 kr. í öðrum kaupstöðum og 600 kr. í sveitum fyrir einhleypan mann eða konu, en 50% hærri, ef um hjón er að ræða. Öryrki telst sá, sem glatað hefir hálfri starfsgetu sinni eða meiru. Geti öryrki ekki haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti eða þurfi umönnunar við, hækkar lífeyririnn upp í 1260 kr. í Reykjavík, 1050 kr. í öðrum kaupstöðum og 840 kr. í sveitum. Lífeyrir gamalmenna, sem náð hafa 75 ára aldri, hækkar og upp í sömu upphæð. Upphæð þessi er miðuð við það, að gamalmennið eða öryrkinn geti keypt sér vist í góðu hæli eða greitt fyrir sig hjá vinum eða skyldmennum, og þó haft nokkra aura afgangs til annars. Þá er og gert ráð fyrir nokkurri uppbót til þeirra, er hafa börn á framfæri, 360 kr. í Reykjavík fyrir fyrsta barn, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. í sveitum. Séu börnin fleiri, hækkar uppbót fyrir hvert þeirra um þriðjung. Gera flm. ráð fyrir, að í væntanlegum lögum um framfærslu barna, sem eru fyrirvinnulaus eða hafa ónóga fyrirvinnu, verði settar reglur um framfærslueyri til barna öryrkja og efnalausra manna, sem eiga t. d. fleiri börn en 4, samhliða ákvæðum um framfærslueyri til ekkjubarna og munaðarleysingja. Reglur um frádrátt frá lífeyri vegna eigin tekna eða eigna eru samkv. því, sem almennt tíðkast þar, sem slíkur lífeyrir er lögfestur.

Þá er og til þess ætlazt, að tryggingarstjórnin skuli gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að forða mönnum frá því að verða öryrkjar (sbr. 34. gr.) og jafnframt láta kenna fötluðum mönnum störf við þeirra hæfi. Lífeyrisnjótendur hafa og samkv. frv. sama rétt til sjúkrahjálpar og meðlimir skyldutryggingarinnar.

Flm. þessa frv. líta svo á, að hér á landi, þar sem fjöldi ónunninna nauðsynlegra framkvæmda bíður í hverri sveit og hverju kauptúni og kaupstað, ætti eigi að vera þörf atvinnuleysisstyrkja, er nokkru verulegu nemi, ef ríkisstjórn og sveitar- og bæjarfélög legðust á eitt um það að haga svo opinberum framkvæmdum, að þær jafni atvinnu milli ára og árstíða. En við því verður að gera, sem er. Verður því við ákvörðun iðgjalda til atvinnutryggingarsjóðs að gera ráð fyrir, að um engar slíkar opinberar framkvæmdir til atvinnujöfnunar eða at-

vinnubóta sé að ræða. Hinsvegar er til þess ætlazt samkv. frv., að atvinnutryggingarsjóði sé fyrst og fremst ætlað það hlutverk að fyrirbyggja atvinnuleysi, með því að veita styrk, allt að $^2/_5$ kostnaðar, til atvinnubótaframkvæmda, enda ábyrgist þá og ríkið lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, er nemi helmingi af framlagi þess til atvinnubótanna. Með þessu eru þeim sveitar- og bæjarfélögum, sem halda vilja uppi atvinnubótaframkvæmdum, boðin þau vildarkjör, $^1/_{10}$ kostnaðar sem styrkur og $^3/_{10}$ sem lán með ríkisábyrgð, að telja má víst, að flest kjósi heldur að halda uppi atvinnubótum en að greiða atvinnuleysisstyrk að $^1/_5$ hluta (sbr. 39. gr., síðasta málsgr.) auk framlags síns til tryggginganna. Vinnst þá tvennt í senn: Bót við atvinnuleysi og framkvæmd nauðsynjaverka, sem ella biðu svo árum skipti eða áratugum. Sé hinsvegar hinum tryggðu eigi séð fyrir vinnu, eiga þeir rétt á dagpeningum, er þeir hafa verið atvinnulausir 2 vikur eða lengur, eins og fyrr er sagt.

Kostnað við skyldutryggingarnar bera samkv. frv. ríki, sveitar- og bæjarfélög og vinnukaupendur í félagi. Vinnukaupendur greiða $^6/_{10}$ kostnaðarins, en hinir tveir aðilarnir til samans $^4/_{10}$. Skyldutryggingin nær aðeins til eignalauss lágtekjufólks, sem selur öðrum vinnu sína og flestu er með öllu um megn að greiða sjálft kostnað við tryggingarnar. Auk hinna almennu ástæðna fyrir því, að verkalýðnum séu veittar slíkar tryggingar gegn afleiðingum ósjálfráðs atvinnumissis, eru hér á landi fyrir hendi alveg sérstakar ástæður. Megintekjur ríkissjóðs eru teknar með tollum á nauðsynjar almennings, og greiðir því verkalýðurinn í raun réttri framlag ríkisins til tryggginganna. Með gengislækkun íslenzku krónunnar er kaupgjald verkafólks lækkað, og á þó sjálfsagt eftir að lækka enn, vegna hækkandi verðlags á nauðsynjum. Sú lækkun kemur aftur fram sem hagnaður hjá vinnukaupendum, sem íslenzkar afurðir selja, og nemur áreiðanlega meiru en þeirri óbeinu launahækkun, sem verkalýðurinn fær með tryggingunum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að iðgjöld til allra greina skyldutryggingarinnar séu miðuð við það, að þau nægi til að standast áætluð meðalútgjöld hvers árs og mynda hæfilega varasjóði til þess að mæta sveiflum, er verða kunna umfram meðalútgjöld. Þessari reglu er almennt fylgt um slysa-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginguna. En um örorku- og ellitrygginguna gegnir nokkuð öðru máli. Víðast hvar erlendis, þar sem um slíkar tryggingar er að ræða, eru iðgjöld til þeirra miðuð við það, að sjóður safnist, er nægi til að mæta á hverjum tíma þeim skuldbindingum, er á tryggingunni hvíla. Eru þá iðgjöldin oftast mishá, eftir aldri hinna tryggðu, eða þá að upphæð lífeyris er látin fara eftir iðgjaldagreiðslum hvers manns. Af sjóðsmynduninni leiðir aftur það, að tryggingin fær nokkrar vaxtatekjur og getur þá ákveðið iðgjöldin nokkru lægri með hliðsjón af þeim.

Þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að tryggingin taki þegar til allra tryggingarskyldra á aldrinum 15—65 ára og að enginn munur sé gerður á iðgjöldum vegna aldurs hinna tryggðu, þótti flm. þó ekki ástæða til að setja aðrar reglur um sjóðsmyndun elli- og örorkutryggingarinnar en hinna annara greina alþýðutryggingarinnar, enda er nokkuð tvísýnt um gagnsemi slíkra sjóða, þar sem reynslan hefir sannað, að raunverulegt verðgildi peninga móts við nauðsynjar

fer yfirleitt lækkandi, og auk þess stórfelldar gjaldeyrissveiflur orðnar næsta tíðar.

Afleiðing þessa er sú, að kostnaður við örorku- og ellitrygginguna verður í byrjun tiltölulega mjög lítill, en fer ört vaxandi fyrstu 10 árin, og heldur enn áfram að vaxa nokkuð úr því, að öðru óbreyttu.

Flm. líta líka svo á, að ef stefnt skal að því að mynda sjóð til þess að standast að meira eða minna leyti kostnað af framfærslu öryrkja og gamalmenna, þá séu ýmsar leiðir aðrar en iðgjaldagreiðslur færar til þess að afla slíkum sjóði tekna. Með því að afnema allan arf til útarfa, t. d. til allra annara en þess hjóna, er lifir hitt, og niðja og forfeðra og ef til vill að einhverju leyti til systkina eða barna þeirra, og láta það fé renna í slíkan sjóð, myndi óefað safnast allmikið fé á tiltölulega skömmum tíma. Þetta virðist og í alla staði eðlilegt og í samræmi við fornar réttarvenjur, þar sem saman fór erfðaréttur og framfærsluskylda. Framfærsluskylda nær nú hjá einstaklingum aðeins til barna og foreldra, og mikill hluti hennar er því kominn á hið opinbera, sem þá ætti og að vera arftaki í stað útarfanna, sem engar slíkar skyldur hafa. Á fleiri leiðir mætti og benda til þess að afla slíkum sjóði tekna.

Samkvæmt áætlun Árna Björnssonar cand. polit., sem prentuð er hér með sem fylgiskjal, eru útgjöld alþýðutryggingarinnar á fyrsta ári áætluð 1 millj. og 300 þús. kr., auk útgjalda slysatryggingarinnar, sem engin breyting er gerð á, en iðgjöld til hennar voru árið 1929 um 360 þús. krónur. Samkvæmt áætlun Árna hækka svo útgjöldin ár frá ári vegna örorku- og ellitryggingarinnar, og verða eftir 5 ár komin upp í 5 millj. 780 þús. kr., en eftir 10 ár um 7 millj. 170 þús. krónur. Áætlun þessi er vitaskuld að miklu leyti byggð á líkum einum, en hvort sem borið er saman við erlenda reynslu eða þá litlu innlendu reynslu, sem til er, virðist hún vera mjög rífleg. Er því fremur ástæða til að ætla, að útgjöldin verði minni en að of naumt sé áætlað.

Samkvæmt þessu yrði framlag ríkis og bæjar- og sveitarfélaga hvors um sig um 860 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í 1430 þús. eftir 10 ár. En framlög sveitar- og bæjarfélaga til fátækramála einna saman námu árið 1926—1927 yfir 1600 þús. krónum og hafa hækkað verulega síðan. Mikið af fátækraframfærslunni mundi alveg hverfa þegar tryggingarnar væru komnar á. Árleg útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála og styrktarstarfsemi hafa undanfarin ár numið hátt á 2. millj. króna. Þessi útgjöld myndu lækka stórkostlega, ef alþýðutryggingarnar kæmust á. Gera má ráð fyrir, að starf héraðslækna og tryggingalækna yrði sameinað í flestum mannfærri læknishéruðunum að minnsta kosti, og myndi þá tryggingin sennilega greiða talsvert meiri hluta af launum þeirra en launahækkun næmi (sbr. áætlun Á. Bj.). Auk þess myndi einhver talsverður hluti berklakostnaðarins færast á tryggingarnar o. fl. o. fl.

Að svo stöddu er eigi unnt að gera áætlun um það, hve mikið myndi draga úr útgjöldum ríkis og bæjar- og sveitarfélaga vegna tryggingarinnar, en enginn efi er á því, að fyrstu árin a. m. k. myndi það nema meiru en sem svarar framlagi þessara aðila til tryggingarinnar, enda verður að gera ráð fyrir því, að ríki og bæir myndu sjá sóma sinn í því, ef frv. þetta yrði samþykkt, að greiða þá efnalaus-

um öryrkjum og gamalmennum, sem tryggingin eigi nær til, jafnan lífeyri og hún greiðir hinum tryggðu.

Framlag vinnukaupenda yrði samkv. sömu áætlun um 2 millj. 580 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í ca. 4 millj. 300 þús. eftir 10 ár. Árlegar launagreiðslur til skyldutryggðs fólks eru í skýrslu Á. Bj. áætlaðar um 50 millj. króna. Verður þá hundraðshluti sá, er vinnukaupendum ber að greiða af vinnulaununum til alþýðutryggingarinnar, um 5% fyrsta árið og fer hækkandi upp í rúmlega 8% eftir 10 ár, að öðru óbreyttu. Virðist þetta ríflega áætlað, þar sem ekkert tillit er tekið til hundraðsgjaldsins af launum fólks, sem hefir yfir tekjumark skyldutryggingarinnar.

Gerum ráð fyrir, að höfuðmótbáran gegn frv. þessu verði sú, að undir kostnaðinum verði ekki risið. En ef rétt er athugað, er hér um engan eða nær engan viðbótarkostnað að ræða við þann, sem nú er borinn. Atvinnuleysingjar, sjúklingar, örkumla menn og öryrkjar og óvinnufær gamalmenni, sem ekki eiga eignir fyrir sig að leggja, eru nú framfærðir ýmist af vandafólki, sveitar- og bæjarfélögum eða lifa á beinum eða óbeinum bónbjörgum, og það gerist ekki kostnaðarlaust. Munurinn er sá einn, að í frv. þessu eru settar ákveðnar reglur um, hvernig kostnaðinum er skipt niður, og þeim, sem styrksins njóta, veittur réttur til ákveðinnar upphæðar, í stað þess, að nú er hann veittur sem ölmusa til gustukamanna.

Vitanlega flytja flutningsmennirnir frv. með það fyrir augum, að kjör þurfandi alþýðu verði stórum betri eftir en áður. En því verður komið til leiðar meira fyrir fullkomnara skipulag en aukin útgjöld.

Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum Haralds Guðmundssonar alþingism. hefi ég tekizt á hendur að gera yfirlit yfir kostnað á næstu 10 árum við frumvarp það til laga um alþýðutryggingar, er þm. Alþýðuflokksins flytja á þessu þingi.

Kostnaðaráætlun sú, er hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem upplýsingar eru eigi fyrir hendi um mörg atriði, sem lúta að þessum málum. Hinsvegar hefi ég, þar sem nokkur tök hafa verið á, stuðzt við þær beztu athuganir, sem fáanlegar eru, og annars, þar sem ekkert er við að styðjast, gert mér far um að komast sem næst því, er mér þykir sennilegast.

Athuganir um atvinnuskiptingu eru því miður ekki til nýrri en frá manntalinu 1920, en samkvæmt því var tala verkafólks og aðstoðarfólks í ýmsum atvinnugreinum eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 1.

Skipting eftir atvinnugrein.

	Menn	Konur
1. Aðstoðarfólk við landbúnað	208	4
Verkafólk við landbúnað	6752	1768
2. Aðstoðarfólk við fiskveiðar	989	6
Verkafólk við fiskveiðar	4542	735
3. Aðstoðarfólk við handverk og iðnað	199	30
Verkafólk við handverk og iðnað	2098	1032
4. Aðstoðarfólk við verzlun og samgöngur	1179	462
Verkafólk við verzlun og samgöngur	2026	162
5. Heimilishjú	35	6028
Samtals	18028	10227

Skipting eftir aldri.

Aldur	Menn			Konur		
	Fjölskyldum.	Einhleypir	Samtals	Fjölskyldum.	Einhleypar.	Samtals
Innan 16 ára	5	665	670	1	458	459
16—20 —	102	3857	3959	19	2086	2105
21—29 —	1339	4956	5395	125	2659	2784
30—44 —	2567	1409	3976	315	1669	1984
45—59 —	1825	684	2509	192	1555	1747
60—69 —	638	520	1158	24	774	798
70 og eldri ...	117	182	299	11	293	304
ótilgr.	19	43	62	1	45	46
Samtals	6612	11416	18028	688	9539	10227

Þessi tafla nær þó aðeins yfir framfærendur, en konur framfærðar af verkafólki og aðstoðarfólki voru ca. 5000 tals og börn innan 15 ára aldurs ca. 11000.

Þar sem gera má ráð fyrir, að þetta fólk allt hafi tekjur undir því hámarki, er sett er í 1. gr. frumvarpsins, tel ég heppilegast að miða áætlun um væntanlegan kostnað við það, að þessi flokkur og aðrir eigi falli undir skyldutrygginguna. Þá er að visu eigi talinn með sá flokkur manna, er stundar ólíkamlega atvinnu, en tala framfærenda í þeim flokki er samkvæmt manntalinu 1920 1777, eða tæp 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks og aðstoðarfólks. Af þeim flokki, er stundar ólíkamlega vinnu, má telja vist, að nokkur hluti komi eigi undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en hve mikill hluti það verður, er ekki unnt að segja með nokkurri vissu, og tel ég því heppilegra að taka á annan hátt tillit til kostnaðarins vegna þeirra, er til þessa flokks teljast og heyra undir 1. gr. frumvarpsins.

Undir tryggingarskylduna koma samkvæmt frumvarpinu allir á aldrinum 15—64 ára, með tekjum undir vissu hámarki, og hefi ég því, þar sem tafla 1. eigi ber með sér, hve margir eru á þessum aldri, skipt aldursflokknum 60—69 ára í

samræmi við aldursskiptingu á öllu landinu við manntalið 1920. Eftirfarandi tafla sýnir aldursskiptingu framfærenda meðal aðstoðarfólks og verkafólks á aldrinum 15—64 ára.

Tafla 2.

Aldur	Menn	Konur
Innan 16 ára	670	459
16—20 —	3959	2105
21—29 —	5395	2784
30—44 —	3976	1984
45—59 —	2509	1747
60—64 —	625	423
Samtals	17134	9502

Eins og taflan ber með sér, er tala karlmanna á þessum aldri 17134 og kvenna 9502. Auk þess teljast til þessa flokks, sem hér verður kallaður verkafólk, ca. 5000 giftar konur framfærðar af verkafólki. Að vísu eru nokkrar af þessum konum yfir 65 ára, en eigi hefi ég séð ástæðu til þess að aðgreina þær við útreikning á tölu öryrkjanna, né heldur við útreikning á tölu þeirra af þessum flokki, sem á rétt á ellilaunum samkvæmt frumvarpinu, þar sem kostnaðaráætlunin verður heldur fyrir ofan það, sem vænta má, að reynslan leiði í ljós, ef þeirri aðgreiningu er sleppt.

Það, sem þá liggur fyrir, er að gera áætlun um það, hve margir verði öryrkjar af þeim 17134 mönnum og 14500 konum. Athuganir hafa eigi verið gerðar um þetta efni hér á landi, og hefi ég því valið öryrkiskvóta og öryrkjamanndauðakvóta þá, er lagðir eru til grundvallar við elli- og örorkutryggingarnar sænsku, og reiknað út tölu öryrkjanna meðal karla og kvenna samkvæmt þeim töflum.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna:

Tafla 3.

Öryrkjar yngri en 65 ára:

	Menn	Konur
Í lok 1. árs	104	137
— 2. —	184	251
— 3. —	251	350
— 4. —	303	436
— 5. —	346	511
— 10. —	463	771

Samkvæmt þessum útreikningi ætti tala þeirra, er verða öryrkjar árlega, að vera nálægt 241, þar af 104 karlmenn. Þessi tala er auðvitað háð tilviljanlegum sveiflum, en á meðan flokkurinn er jafnfjölmennur og eins að samsetningu,

verða væntanlegar sveiflur upp á við og niður á við nokkurnveginn jafntíðar, þannig að meðaltalið helzt óbreytt.

Til þess að finna tölu þeirra af verkafólki, sem eldri verða en 65 ára og fá ellilaun samkvæmt frumvarpinu, er nauðsynlegt að skipta 2 síðustu aldursflokkunum i töflu 2. í eins árs aldursflokka. Þessa skiptingu hefi ég gert með hliðsjón af eins árs aldursskiptingu á öllu landinu samkvæmt manntalinu 1920, þannig að hlutföllin eru hin sömu. Í töflu 2. eru þó eigi meðtaldar konur framfærðar af verkafólki, og hefi ég því aukið við 922 konum á aldrinum 45—59 ára og 223 á aldrinum 60—64 ára. Þessi aldursskipting framfærðra kvenna er í samræmi við aldursflokkaskiptingu vinnandi kvenna samkvæmt töflu 2. Þar sem einungis þeir, sem eru eldri en 54 ára þegar frumvarpið verður að lögum, hafa möguleika til þess að ná þeim aldri á næstu 10 árum, sem réttur til ellilauna er bundinn við samkvæmt frumvarpinu, nægir að þekkja eins árs aldursflokkana frá og með 55 ára aldri. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna af skiptingunni:

Tafla 4.

Verkafólk eldra en 54 ára.

Aldur	Menn	Konur
55 ára	172	182
56 —	171	179
57 —	165	174
58 —	154	170
59 —	143	157
60 —	137	139
61 —	129	132
62 —	124	127
63 —	120	125
64 —	115	123
Samtals	1430	1508

Tala þeirra, sem verða á lífi eftir 1 ár, 2 ár o. s. frv., fæst með því að margfalda tölurnar í hverjum aldursflokki með líkunum til þess að lifa 1 ár, 2 ár o. s. frv. að auki. Þessar líkur eða lifendakvóta hefi ég reiknað samkvæmt manndauðatöflu, er ég hefi gert samkvæmt skýrslum hagstofunnar um manndauða á Íslandi á árunum 1911—15 og með hliðsjón af manntalinu 1920. Eftirfarandi tafla sýnir, hve margir verða á lífi af aldursflokkunum samkvæmt töflu 4. eftir að 65 ára aldri er náð:

Tafla 5.

Aldur	Menn: Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	172	,,	,,	,,	,,	,,	,,
56 —	171	,,	,,	,,	,,	,,	,,
57 —	165	,,	,,	,,	,,	,,	,,

Menn

Aldur	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
58 —	154	„	„	„	„	„	„
59 —	143	„	„	„	„	„	„
60 —	137	„	„	„	„	„	„
61 —	129	„	„	„	„	„	„
62 —	124	„	„	„	„	„	„
63 —	120	„	„	„	„	„	„
64 —	115	„	„	„	„	„	„
65 —	„	111	112	112	113	117	132
66 —	„	„	108	109	109	111	130
67 —	„	„	„	106	106	107	125
68 —	„	„	„	„	102	101	116
69 —	„	„	„	„	„	99	106
70 —	„	„	„	„	„	„	100
71 —	„	„	„	„	„	„	92
72 —	„	„	„	„	„	„	87
73 —	„	„	„	„	„	„	82
74 —	„	„	„	„	„	„	76
	1430	111	220	327	430	535	1046

Konur

Aldur	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	182	„	„	„	„	„	„
56 —	179	„	„	„	„	„	„
57 —	174	„	„	„	„	„	„
58 —	170	„	„	„	„	„	„
59 —	157	„	„	„	„	„	„
60 —	139	„	„	„	„	„	„
61 —	132	„	„	„	„	„	„
62 —	127	„	„	„	„	„	„
63 —	125	„	„	„	„	„	„
64 —	123	„	„	„	„	„	„
65 —	„	120	119	118	121	125	154
66 —	„	„	117	117	117	119	150
67 —	„	„	„	116	115	115	145
68 —	„	„	„	„	113	113	140
69 —	„	„	„	„	„	111	128
70 —	„	„	„	„	„	„	112
71 —	„	„	„	„	„	„	104
72 —	„	„	„	„	„	„	98
73 —	„	„	„	„	„	„	94
74 —	„	„	„	„	„	„	91
	1508	120	236	351	466	583	1216

Taflan sýnir, að í lok 1. ársins verða 111 menn og 120 konur yfir 65 ára á lífi. Í lok 2. árs verða á lífi 220 karlmenn og 236 konur yfir 65 ára, o. s. frv. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna samkvæmt töflu 3. og 5., eða tölu þeirra, sem eiga rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt frumvarpinu:

Tafla 6.

	Yfir 65 ára		Öryrkjar yngri en 65 ára		
	Menn	Konur	Menn	Konur	Samtals
Í lok 1. árs	111	120	104	137	472
— 2. —	220	236	184	251	891
— 3. —	327	351	251	350	1279
— 4. —	430	466	303	436	1635
— 5. —	535	583	346	511	1975
— 10. —	1046	1216	163	771	3496

Nú liggur beinast við að margfalda tölu þeirra, sem eiga rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, með meðallífeyrisupphæð. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að örorkulífeyrir og ellilaun breytist þegar lífeyrisnjótandinn hefir aðrar tekjur yfir visst lágmark, en af því leiðir, að meðalupphæð árlegs lífeyris er komin undir því, hve miklar verða tekjur öryrkjanna og þeirra, er njóta ellilauna. Þar sem engar athuganir eru fyrir hendi um tekjuskiptinguna eftir aldri og allar ágizkanir um það hljóta að verða út í bláinn, tel ég heppilegast að reikna með hinum föstu upphæðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að greiddar verði í árlegan örorkulífeyri og ellilaun. Kostnaðaráætlunin verður við það nokkuð hærri heldur en vænta má, að raun beri vitni um.

Nú gerir frumvarpið ráð fyrir, að lífeyrisupphæð sé breytileg eftir dvalarstað lífeyrisnjótandans, en fyrir því má gera, með því að nota hlutföllin á milli fólksfjölda þeirra staða, sem frumvarpið gerir greinarmun á, við útreikning á meðalupphæð lífeyris.

Nú lætur nærri, að hlutföllin milli íbúatölu Reykjavíkur, annara kaupstaða og sveita með verzlunarstöðum séu 25:15:60, og ætti þá meðalupphæð lífeyris að verða nálægt:

$$0{,}25 \cdot 900 + 0{,}15 \cdot 750 + 0{,}60 \cdot 600 = 697 \text{ kr.}$$

eða ca. 700 kr. Við eftirfarandi útreikning verður áætlað, að meðalupphæð árlegs lífeyris nemi 700 kr. og að sérhver, sem á rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, fái þá upphæð greidda. Þetta ætti að vera fremur vel í lagt, vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir, að lífeyrir til hjóna sé lægri en samanlagður lífeyrir ókvænts manns og ógiftrar konu, en framfærðar konur eru hér meðreiknaðar í tölu öryrkja og gamalmenna. Sömuleiðis eru ekkjur þær, er eiga rétt á örorkulífeyri og ellilaunum, meðtaldar í tölu öryrkja og þeirra, er rétt eiga á ellilaunum, svo að kostnaður vegna greiðslu lífeyris til þeirra kemur fram þegar tala öryrkjanna og gamalmennanna er margfölduð með meðalupphæð árlegs lífeyris.

Samkvæmt töflu 1. er rúmur $\frac{1}{3}$ hluti af karlmönnum fjölskyldumenn, en tæp 7% af konum. Við áætlun á kostnaði vegna viðbótargreiðslu til þeirra, er hafa börn innan 15 ára á framfæri sínu, geri ég ráð fyrir, að 50% af karlmönnum og 10% af konum meðal öryrkja hafi börn á framfæri sínu. Hinsveg-

ar geri ég ráð fyrir, að gamalmennin hafi eigi börn innan 15 ára á framfæri sínu. Ennfremur geri ég ráð fyrir, að 3 börn innan 15 ára komi til jafnaðar á hvern öryrkja, og ætti það að vera vel í lagt, þar sem tala fjölskyldumanna samkvæmt töflu 1. er 7300, en tala barna innan 15 ára ca. 11000, svo að eigi koma 2 börn á hvern fjölskyldumann til jafnaðar. Meðalupphæð uppbótargreiðslu vegna barns innan 15 ára aldurs má reikna á sama hátt og meðalupphæð árlegs lífeyris.

Meðalviðbótargreiðsla vegna 1. barns verður þá:

$$0{,}25 \cdot 360 + 0{,}15 \cdot 300 + 0{,}60 \cdot 240 = 272 \text{ kr.}$$

og vegna annara barna:

$$0{,}25 \cdot 240 + 0{,}15 \cdot 200 + 0{,}60 \cdot 160 = 186 \text{ kr.}$$

Hér verður viðbótargreiðsla vegna 1. barns áætluð 300 kr. og vegna annara barna 200 kr., og ætti það að vera nokkuð meira en vænta má.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að öryrkjar, sem þarfnast stöðugrar umönnunar annara og eigi geta unnið fyrir sér að neinu verulegu leyti, fái til viðbótar 360 kr. í Reykjavík, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. annarsstaðar á landinu. Samskonar uppbótargreiðslur gerir frumvarpið ráð fyrir, að verði greiddar þeim, er njóta ellilauna og hafa náð 75 ára aldri. Til þess þarf þó eigi að taka tillit í þessari áætlun, þar sem hún nær aðeins til fyrstu 10 áranna og þeir, sem ellilaun fá á því tímabili, eru undir þeim aldri. Þó halda öryrkjar, sem áður hafa fengið þessa uppbótargreiðslu, áfram að fá hana eftir að þeir verða fullra 65 ára. Hér verður gert ráð fyrir, að þriðjungur öryrkja, yngri en 65 ára, fái þessar viðbótargreiðslur, og að skipting þeirra eftir dvalarstað sé í samræmi við hlutföllin milli íbúatölu dvalarstaðanna, þannig að meðaluppbótargreiðsla verði nálægt:

$$0{,}25 \cdot 360 + 0{,}15 \cdot 300 + 0{,}60 \cdot 240 = 279 \text{ kr.}$$

Hér verður reiknað með, að viðbótargreiðsla nemi í öllum tilfellum 300 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þær, er leiðir af framanskráðum íhugunum:

Tafla 7.

Ár	Örorkulífeyrir og ellilaun	Viðbætur vegna barna 1. barns	Annara	Viðbætur vegna hjálparleysis	Samtals
1. ..	330400	19800	26400	24000	400600
2. ..	623700	25100	46800	43500	749100
3. ..	895300	48000	64000	60000	1067300
4. ..	1144500	58500	78000	73800	1354800
5. ..	1382500	67200	96600	85800	1632100
10. ..	2447200	92400	123200	123300	2786100

Samkvæmt þessu verður væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutrygginguþess flokks, sem hér ræðir um, á 1. ári ca. 401000 kr. og hækkandi á næstu árum upp í ca. 2,8 millj. á 10. ári.

Með núverandi fólksfjölda verður kostnaðurinn auðvitað meiri. Síðan 1920 nemur fólksfjölgun ca. 15% af þáverandi fólksfjölda, og má því gera ráð fyrir, að hæfilegt sé að hækka væntanlegan kostnað samkvæmt töflu 7. um ca. 15%

vegna fólksfjölgunar. Auk þess má telja líklegt, að af þeim, er stunda ólíkamlega atvinnu, komi talsverður hluti undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en eins og áður er sagt, nam tala framfærenda meðal þeirra tæpum 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks, og ætti þá að vera hæfilegt að auka kostnaðaráætlunina í töflu 7. um 20%, til þess að hún gefi nokkurnveginn rétta mynd af væntanlegum kostnaði við elli- og örorkutryggingu þá, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir væntanlegan kostnað við elli- og örorkutryggingu, miðað við núverandi fólksfjölda, tölurnar eru þó sléttaðar, svo að þær standa á heilum þúsundum króna:

Tafla 8.

Væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutryggingu.

Á 1. ári	kr.	481000
— 2. —	—	899000
— 3. —	—	1281000
— 4. —	—	1626000
— 5. —	—	1959000
— 10. —	—	3343000

Um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu tel ég nægilegt að vísa til eftirfarandi kostnaðaráætlunar, er ég hefi gert fyrir milliþinganefnd þá, er starfaði að undirbúningi tryggingarmálefna:

Kostnaðaráætlun.

Kostnaðinum við sjúkratryggingarnar má skipta í tvo flokka. Annar flokkur kostnaðarliðanna er háður ýmsum atvikum, sem tilviljun ein ræður um. Þetta gildir um dagpeninga, sængurkonupeninga, fjölskyldupeninga og útfararkostnað. Um þessa kostnaðarliði má gera sæmilega örugga áætlun, ef tala hinna tryggðu er tiltölulega stór og lífskjör og atvinnuhættir svipaðir. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt, verða tiltölulega litlar breytingar frá ári til árs á tölu þeirra atburða, sem veita rétt til styrks. Þannig sýnir reynslan, að tala veikindadaga fyrir heildarflokk hinna tryggðu verður litlum breytingum háð frá ári til árs, ef samsetning flokksins er óbreytt. Svipað gildir um fæðingar og dauðsföll.

Reynsla, sem víðsvegar er fengin um tölu sjúkradaga, sýnir ótvírætt, að sjúkdómshættan vex með aldrinum. Sömuleiðis hafa sumar atvinnugreinar í för með sér meiri sjúkdómshættu en aðrar. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að vænta, að tala veikindadaga verði svipuð frá ári til árs, nema aldurssamsetning flokksins haldist óbreytt og samsetning flokksins hvað snertir atvinnuhætti raskist ekki verulega.

Ef góðar athuganir eru fyrir höndum um tölu veikindadaga, fæðingar og dauðsföll innan flokksins, nægir það ásamt fastákvörðun sjúkrastyrksins í einstökum tilfellum til þess að gera sæmilega örugga áætlun um kostnaðinn. Þó er

nauðsynlegt að hafa sundurliðaða skýrslu um tekjuflokka innan flokksins, ef dagpeningar miðast við tekjur einstaklinganna.

Hinn flokkur kostnaðarliðanna er að vísu háður tilviljunum, en er jafnframt og öllu meira kominn undir samningum milli frjálsra aðilja. Þetta gildir um læknishjálp, lyf, ljósmóðurhjálp, meðlagskostnað í sjúkrahúsum og ferðakostnað. Það er því örðugra að gera fyrirfram sæmilega áætlun um þessa kostnaðarliði. Þeir eru sumpart háðir almennu verðlagi á hverjum stað, en jafnframt því, hversu staðhættir allir eru hagkvæmir (dreifð eða þétt byggð, góðar eða torveldar samgöngur o. fl.).

Kostnaðaráætlun sú, sem hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem ýmsar nauðsynlegar upplýsingar vantar. Áætlunin er því fremur gerð í þeim tilgangi að draga upp mynd af fyrirhugaðri starfsemi sjúkratrygginganna, miðað við staðhætti hér á landi, heldur en til hins, að af henni sé hægt að draga ályktun um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingar hér á landi. Allar ágizkanir eru þó gerðar með það fyrir augum að fara sem næst hinu sanna.

Hversu há væntanleg tala tryggingarskyldra verður samkv. uppkastinu, fer auðvitað nokkuð eftir því, hvaða tekjuhámark verður sett. Líklegt má þó telja, að aðstoðarfólk og verkafólk í hinum ýmsu atvinnugreinum komi undir tryggingarskylduna.

Samkvæmt manntalinu 1920 var tala aðstoðarmanna og verkamanna í ýmsum atvinnugreinum, börn innan 16 ára og giftar konur, skipt niður í framfærendur og framfærða, einhleypa menn og fjölskyldumenn, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Framfærendur					Framfærðir	
	Einhleypir		Fjölskyldufólk			Giftar	Börn innan
	Menn	Konur	Menn	Konur	Samtals	konur	16 ára
Við landbúnað	6225	1650	735	122	8732	380	861
— fiskveiðar	2687	607	2844	134	6272	2245	5266
— handverk og iðn	1107	938	1190	125	3360	965	2023
— verzlun og samg.	1379	563	1826	61	3829	1428	2935
Heimilishjú	18	5782	17	246	6063	13	337
Samtals	11416	9540	6612	688	28256	5031	11422

Það má því gera ráð fyrir, að tala tryggingarskyldra verði að minnsta kosti ekki undir ca. 28200, þar við bætist konur tryggingarskyldra, ca. 5000 að tölu, og börn þeirra innan 15 ára, ca. 10800 að tölu. Samtals nær tryggingarskyldan þá til 44000 manna. Síðan 1920 hefir fólksfjöldinn hér á landi aukizt um ca. 12000, og ætti þá tala tryggingarskyldra og skylduliðs þeirra að vera rúmlega 49000, ef hlutföllin á milli sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra, sem vinna í þjónustu annara, hafa ekki raskazt til muna síðan 1920.

Læknaþörfinni getur sjúkratryggingin fullnægt annaðhvort með því að ráða læknana í þjónustu sína, eða með því að semja við einstaka lækna eða samtök læknastéttarinnar um læknaþóknun samkv. taxta. Til þess að læknaþjónusta sjúkratryggingarinnar verði ekki lakari en almennt gerist hér á landi, þarf sjúkra-

tryggingin, ef fyrri leiðin verður valin, að hafa 1 lækni í hverju læknishéraði, að undanskildu Reykjavíkurhéraði, en þar nægir ekki minna en 3—4 læknar. Læknishéruð eru 48 hér á landi, og verður þá tala samlagslækna að vera 51. Með 600 kr. föstum mánaðarlaunum verður kostnaðurinn 367200 kr. Ef þessum kostnaði er deilt niður á framfærendur meðal tryggingarskyldra, verður kostnaðurinn pr. framfæranda 367200 : 28200, eða ca. 13 kr. Þar við bætist kostnaður við aðra læknishjálp, svo sem aðstoð sérfræðinga o. fl. Ef læknakostnaður er áætlaður 17 kr. pr. framfæranda, verða 112200 kr. afgangs til þess að greiða síðasttalinn kostnað. Til samanburðar má taka, að læknakostnaður pr. meðlim var að meðaltali 20,56 kr. á ári hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur síðustu 10 árin, og samsvarar það ca. 682600 kr. læknakostnaði fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, og nægir sú upphæð fyrir 600 kr. mánaðarlaunum handa 51 læknum, með afgang, sem nemur 315400 kr. til annara lækna, og virðist það fullmikið í lagt.

Fyrirkomulag það með fastráðna lækna, sem hér er stungið upp á, hefir í för með sér, að fjölmennari læknishéruðin bera nokkuð af læknakostnaðinum fyrir hin fámennari héruð, og getur þetta skeð á eðlilegan hátt, ef allt landið er gert að starfssviði fyrir eitt sjúkrasamlag, sem ber áhættuna óskipta.

Eftirfarandi tafla sýnir, hvernig tryggingarskyldir framfærendur skiptast niður eftir læknishéruðum, reiknað út eftir manntalinu 1920.

Tala tryggingarskyldra framfærenda innan hvers læknishéraðs			Tala læknishéraða
Frá	100— 200	tr.sk. framf.	3
—	200— 300	—„—	11
—	300— 400	—„—	10
—	400— 500	—„—	7
—	500— 600	—„—	4
—	600— 700	—„—	3
—	700— 800	—„—	4
—	800— 900	—„—	0
—	900—1000	—„—	1
—	1000—1100	—„—	3
—	1700—1800	—„—	1
—	6000—7000	—„—	1
		Samtals	48 héruð

Þau læknishéruð, sem hafa minna en ca. 550 tryggingarskylda framfærendur (þau eru samkvæmt töflunni 31 að tölu), geta ekki borið að fullu læknakostnaðinn með 17 kr. framlagi frá hverjum tryggingarskyldum framfæranda, enda þótt kostnaðurinn, tekinn sem heild yfir allt landið, fari ekki fram úr þeirri upphæð. Hin læknishéruðin 17 að tölu, sem hafa 550 tryggingarskylda framfærendur eða fleiri, ættu þá að geta komizt af með minna ársframlag pr. tryggingarskyldan framfæranda, ef tilhögunin verður þannig, að eitt sjúkrasamlag starfi í hverju læknishéraði, en jafnframt verður læknakostnaðurinn þá þungbærari fyrir fámennari héruðin.

Að sjálfsögðu verður fyrirkomulagið með fastráðna lækna því aðeins valið, að ekki verði hægt að komast að hagkvæmari kjörum á annan hátt, t. d. læknaþóknun eftir taxta, eða læknaþóknun, sem miðast við tölu samlagsmanna. (Sjá um læknasamninga og greiðslu læknaþóknunar Compulsory sickness insurance, síðu 383—390).

Lyfjakostnaður: Samkvæmt síðustu 10 ára reynslu Sjúkrasamlags Reykjavíkur voru ársútgjöld til lyfja að meðaltali 7,50 kr. pr. meðlim. Þetta samsvarar, þegar giftar konur eru ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 8,83 kr. ársútgjöldum pr. tryggingarskyldan framfæranda. Nú má að vísu gera ráð fyrir, að kostnaður til lyfja verði nokkuð meiri úti um land, þar sem framleiðslukostnaður lyfja, að öllum líkindum, er meiri þar heldur en í kaupstöðunum. Hinsvegar má telja líklegt, að sjúkrasamlögin geti með samningum við lyfjabúðir fengið niðursett verð á lyfjum handa meðlimum sínum.

Kostnaður við nudd og böð verður hér áætlaður 2,50 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda, og er þar miðað við, að útgjöld norskra héraðasamlaga til þessa hefir að meðaltali verið tæpar 2 n. kr. pr. framfæranda.

Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi: Samkvæmt reynslu Sjúkrasamlags Reykjavíkur var meðlagskostnaður á sjúkrahúsi að meðaltali 12,80 kr. á ári pr. meðlm, en það samsvarar fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, þegar giftar konur eru ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 15 kr. pr. tryggingarskyldan meðlim.

Útgjöld til dagpeninga: Samkvæmt reynslu víðsvegar að er algengast, að frá 7 til 10 veikindadagar komi til jafnaðar á hvern sjúkratryggðan meðlim. (Sjá Compulsory sickness insurance, síðu 211—252). Hér á landi er varla nokkur reynsla fengin um tölu veikindadaga. Með hliðsjón af erlendri reynslu þykir hæfilegt að áætla 9 og ½ veikindadag árlega til jafnaðar pr. tryggingarskyldan framfæranda. Í uppkastinu er ekki gert ráð fyrir, að dagpeningar verði greiddir á sunnudögum, en við það sparast ca. 1 og ⅓ greiðsludagur. Ennfremur greiðast ekki dagpeningar samkvæmt uppkastinu, ef veikindin vara skemur en 3 daga, en sá sparnaður verður hér áætlaður ⅙ úr degi. Eftir verða þá 8 veikindadagar á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda, og verða útgjöldin þá samkvæmt uppkastinu til jafnaðar pr. tryggingarskyldan framfæranda innan hvers tekjuflokks eins og hér segir:

1.	flokkur, dagpeningar	0,00 kr.
2.	—„—	6,40 —
3.	—„—	12,00 —
4.	—„—	16,80 —
5.	—„—	20,80 —
6.	—„—	24,00 —
7.	—„—	26,40 —
8.	—„—	28,00 —
9.	—„—	32,00 —

Þar sem ekki eru fyrir höndum upplýsingar um tekjur verkafólks, verður hér áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum skiptist niður í tekjuflokka eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Útgjöld vegna flokksins
1.	1 af hundraði	0,00 kr.
2.	4 ——„——	28,60 —
3.	5 ——„——	60,00 —
4.	6 ——„——	100,80 —
5.	7 ——„——	145.60 —
6.	10 ——„——	240,00 —
7.	15 ——„——	396,00 —
8.	10 ——„——	280,00 —
9.	42 ——„——	1344,00 —
Samtals	100	2595,00 kr.

Samkvæmt þessari áætlun verða ársútgjöldin til dagpeninga til jafnaðar 25,95 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Hér er að vísu ekki tekið tillit til þess, að dagpeningar, samkvæmt uppkastinu, greiðast ekki yfir þann tima, sem sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en í slíkum tilfellum greiðast stundum fjölskyldupeningar, og ætti þá ofangreind upphæð að vera ríflega fyrir hvorutveggja, dagpeningum og fjölskyldupeningum.

Sængurkonupeningar: Samkvæmt mannfjöldaskýrslum hagstofunnar árin 1911—1915 má reikna með, að árlega fæðist ca. 1180 börn innan flokks hinna tryggingarskyldu. Upphæð sængurkonupeninga er samkvæmt uppkastinu háð tekjum konunnar, ef hún er framfærandi sjálf. Hér verður áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum meðal kvenna skiptist þannig niður í tekjuflokka:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Sængurkonupeningar	Flokksútgjöld alls
1.	2 af hundraði	30,00 pr. fæðingu	60,00 kr.
2.	6 ——„——	38,40 ——„——	230,40 —
3.	10 ——„——	72,00 ——„——	720,00 —
4.	12 ——„——	100,80 ——„——	1209,60 —
5.	15 ——„——	124,80 ——„——	1872,00 —
6.	20 ——„——	144,00 ——„——	2880,00 —
7.	25 ——„——	158,40 ——„——	3960,00 —
8.	8 ——„——	168,00 ——„——	1344,00 —
9.	2 ——„——	192,00 ——„——	384,00 —
Samtals	100		12660,00 kr.

Hæfilegt virðist að áætla, að ca. 300 fæðingar verði árlega meðal tryggingarskyldra kvenna, sem eru sjálfar framfærendur. Heildarkostnaðurinn við sængurkonupeninga verður þá sem hér segir:

Sængurkonupeningar til 880 mæðra, sem eru giftar tryggingarskyldum mönnum, 30 kr. pr. fæð. ..... kr. 26400
Sængurkonupeningar til 300 mæðra, sem eru sjálfar tryggingarskyldar — 37980

Samtals kr. 64380

Ef þessum kostnaði er deilt jafnt niður á 28200 tryggingarskylda framfærendur, verður kostnaðurinn pr. framfæranda nálægt 2,28 kr.

Ef kostnaður við ljósmóðurhjálp er áætlaður 20 kr. til jafnaðar við hverja fæðingu, samsvarar það ca. 0,82 kr. á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samkvæmt manndauðaskýrslum hagstofunnar frá 1911—1915 má áætla, að árlega verði dauðsföll innan flokksins sem hér segir:

Dauðsföll meðal barna tryggingarskyldra meðlima, 143 árlega, dánarbætur 50 kr. ..... kr. 7150

Dauðsföll meðal tryggingarskyldra meðlima og skylduliðs þeirra, 354 árlega, dánarbætur 100 kr., kostnaður samtals ..... — 35400

Samtals kr. 42550

eða ca. kr. 1,51 pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samtals verður áætlaður kostnaður þá eins og hér segir:

Kostnaðarliðir	Kostnaður pr. tryggingarskyldan framf.	Kostnaður alls
1. Læknishjálp	kr. 17,00	kr. 479400,00
2. Lyf	— 8,83	— 248000,00
3. Nudd og böð	— 2,50	— 70500,00
4. Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi	— 15,00	— 423000,00
5. Dagpeningar og fjölskyldupeningar	— 25,95	— 731800,00
6. Sængurkonupeningar	— 2,28	— 64400,00
7. Ljósmóðurhjálp	— 0,82	— 23100,00
8. Útfararkostnaður	— 1,51	— 42600,00
9. Ferðakostnaður lækna og sjúklinga	— 3,00	— 84600,00
10. Framkvæmdarstjórn	— 5,00	— 141000,00
Samtals	kr. 81,89	kr. 2308400,00

Áætlaður kostnaður verður samkvæmt þessu tæpar 2⅓ millj. kr., eða ca. 82 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Kostnaðaráætlunin er öll miðuð við fólksfjöldann 1920, og má gera ráð fyrir, að heildarkostnaðurinn með núverandi fólksfjölda verði ca. 10% hærri.

Hinsvegar má telja líklegt, að kostnaðurinn pr. tryggingarskyldan framfæranda sé fremur ríflega áætlaður, miðað við núverandi fólksfjölda, þar sem sumir kostnaðarliðirnir aukast ekki hlutfallslega eins ört og fólksfjöldinn eða tala tryggingarskyldra.

Til samanburðar við kostnaðaráætlunina má taka, að sjúkrakostnaður norskra héraðasamlaga var árið 1928 60,21 n. kr. pr. tryggingarskyldan meðlim. Það samsvarar 73,46 ísl. kr. með gengi 122. Norsk héraðasamlög veita ekki meðlimum sínum ókeypis lyf, en lyfjakostnaður var hér áætlaður 8,33 kr. Ef lyfjakostnaður er dreginn frá áætluðum kostnaði, verða eftir 81,89 ÷ 8,83 = 73,06 kr. Mismunurinn á kostnaðaráætluninni og raunverulegum kostnaði norskra héraðasamlaga árið 1928 er því óverulegur.

Framanskráð kostnaðaráætlun við sjúkratryggingu er miðuð við lögskipaða skyldutryggingu fyrir alla (án tillits til aldurs), er vinna í þjónustu annara, og með svipuðu fyrirkomulagi og sjúkratrygging sú, er frumvarp um alþýðutryggingar gerir ráð fyrir, að því undanskildu, að dagpeningar voru áætlaðir

nokkuð lægri en frumvarpið gerir ráð fyrir, og því, að stjórnarkostnaður var talinn með í kostnaðaráætluninni. Samkvæmt þessari kostnaðaráætlun nemur kostnaður pr. tryggingarskyldan framfæranda ca. 82 kr., og hygg ég, að það muni láta nærri, einnig hvað snertir væntanleg útgjöld vegna sjúkratryggingar þeirrar, er frumvarpið felur í sér.

Samkvæmt töflu 2. hér að framan er tala framfærenda meðal verkafólks á aldrinum 15—64 ára 26636. Tala núverandi framfærenda, er falla undir hina lögboðnu sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu, ætti þá að verða 20% hærri, eða 31963, eða ca. 32 þúsund. Væntanlegur heildarkostnaður við sjúkratryggingarnar verður samkvæmt því kr. 2624000 á ári.

Um væntanlegan kostnað við greiðslu atvinnuleysisstyrks samkvæmt frumvarpinu er erfitt að segja fyrirfram. Þær athuganir, sem hafa verið gerðar um atvinnuleysi hér á landi, eru taldar mjög óáreiðanlegar, og ná þær auk þess of skammt aftur í tímann, til þess að nokkuð sé hægt að styðjast við þær. Þó hygg ég, að af þeim athugunum megi draga þá ályktun, að hér hafi eigi verið að ræða um verulega mikið atvinnuleysi, samanborið við reynslu flestra Evrópuríkja á undanförnum árum. Vafalaust má þó telja, að atvinnuleysi hafi verið óvenjulega mikið eftir íslenzkum mælikvarða á síðastliðnum tveim árum, og má án efa rekja orsökina til þess til hins tilfinnanlega verðfalls á aðalútflutningsvörum vorum. Fyrir 1930 mun um nokkurt árabil eigi hafa verið atvinnuleysi svo teljandi sé; þó má ganga að því vísu, að veðráttufar að vetrinum muni jafnan orsaka stöðvun á vinnu til lands og sjávar, og getur atvinnuleysi það, sem af því stafar, talizt normalt. Það atvinnuleysi, sem stafar af áhrifum utan að, vegur þó sennilega meira, og má því gera ráð fyrir, að atvinnuleysi hér fylgi nokkurnveginn þeim verðsveiflum, sem verða á aðalútflutningsvörum vorum, eða hinum almennu verðlagssveiflum, sem hafa gert vart við sig síðan snemma á síðustu öld, þannig að lægst verðlag og mesta atvinnuleysi fylgist nokkurnveginn að.

Væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs má því eigi miða eingöngu við atvinnuleysið þegar það er mest, né heldur þegar það er minnst, heldur þannig, að væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs verði svo rífleg, að í öryggissjóð atvinnutryggingarinnar safnist nægilegt fé, þegar atvinnuleysið er lítið, til þess að mæta útgjöldunum þegar atvinnuleysið er mest, þannig að árlegt tillag verði sem næst meðalútgjöldum til atvinnuleysisstyrks yfir lengra tímabil.

Áður en nokkur reynsla er fengin, má auðvitað deila um það, hve hátt er hæfilegt að áætla meðalútgjöldin. Hér verða þau áætluð 1,2 millj. kr., en reynslan verður að skera úr því, hvort það er hæfilegt eða eigi.

Samkvæmt frumvarpinu eiga ekki aðrir rétt á atvinnuleysisstyrk en þeir, er verið hafa meðlimir stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikur, þó því aðeins, að þeir séu tryggingarskyldir samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Meðlimatala í slíkum stéttarfélögum mun nú vera ca. 7500. Nú má gera ráð fyrir, að meðlimatalan aukist, ef frumvarpið verður að lögum. Þó hygg ég, að hæfilegt sé að áætla, að aukningin verði varla meiri en svo, að meðlimatalan tvöfaldist. Erlend reynsla hefir sýnt, að örðuglega gengur að safna verkafólki til sveita um slík stéttarfélög, jafnvel þótt þau séu styrkt af ríkinu til þess að setja

á stofn tryggingarsjóði gegn atvinnuleysi, og þykir mér líklegt, að svipuð verði reynslan hér.

Samkvæmt frumvarpinu getur tryggingarstjórn, ef það bakar eigi atvinnutryggingunni aukin útgjöld, veitt styrk til verklegra framkvæmda, sem hafa það markmið að veita vinnu atvinnulausum mönnum og konum. Hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélag leggur þá fram $^{3}/_{5}$ kostnaðar, og verður þá, ef upphæð sú, er ég hefi áætlað í meðalkostnað vegna atvinnutryggingarinnar, reynist hæfileg, svigrúm fyrir atvinnutryggingarsjóð til þess að styrkja verklegar framkvæmdir í atvinnubótaskyni fyrir allt að 3 millj. kr., eða sem svarar 200 kr. til jafnaðar pr. meðlim, ef áætlun mín um væntanlega meðlimatölu reynist nærri sanni.

Samkvæmt framanskráðu verður væntanlegur kostnaður við hinar 3 greinar alþýðutryggingarinnar samkvæmt frumvarpinu eins og hér segir:

Tafla 9.

Ár	Elli- og örorkutrygging	Sjúkratrygging	Atvinnuleysistrygging	Samtals
1.	481000	2624000	1200000	4305000
2.	899000	2624000	1200000	4723000
3.	1281000	2624000	1200000	5105000
4.	1626000	2624000	1200000	5450000
5.	1959000	2624000	1200000	5783000
10.	3343000	2624000	1200000	7167000

Eftirfarandi tafla sýnir kostnaðarskiptinguna samkvæmt frumvarpinu á milli vinnukaupenda, ríkis og sveita:

Tafla 10.

	Vinnukaupendur	Ríki	Sveitir
1. ár	2583000	861000	861000
2. ár	2833800	944000	944000
3. ár	3063000	1021000	1021000
4. ár	3270000	1090000	1090000
5. ár	3469800	1156600	1156600
10. ár	4300200	1433400	1433400

Samkvæmt frumvarpinu greiða vinnukaupendur hlutdeild sína í kostnaðinum á þann hátt, að hver þeirra greiðir fastákveðinn hundraðshluta af verkalaunum þeirra, er vinna í þjónustu hans. Til þess að gera sér hugmynd um, hversu mikill þessi hundraðshluti þarf að vera, áætla ég meðalkaupgjald karlmanns 1800 kr. og kvenmanns 1200 kr. Nú eru samkvæmt töflu 2. 17134 karlmenn og ca. 9500 konur á aldrinum 15 til 64 ára, eða ef þessar tölur eru hækkaðar um 20% til þess að samræma þær við núverandi fólksfjölda, 20561 karlmenn og 11400 konur. Samanlagðar árstekjur þessa fólks verða þá, ef áætlaðar meðaltekjur reynast nærri sanni, ca. 50700000 kr., og verður hinn fasti hundraðshluti þá á 1. ári rúm 5%, er hækkar og verður á 10. ári tæp 8½%.

Reykjavík, 20. marz 1932.

Árni Björnsson.

Nd. **274. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

1. gr.

Aðfararhæfir dómar, sem gengið hafa í einhverju samningslandanna í einkamálum, skulu einnig vera bindandi í hinum ríkjunum. Sama er um dóma í sakamálum að því er þeir varða bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið.

Með dómi er átt við úrlausn réttarins um kröfu þá eða réttaratriði, sem málið er um.

2. gr.

Í samningi þessum teljast jafnsettir aðfararhæfum dómum:

1) úrskurðir yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) í Finnlandi eða Svíþjóð um greiðsluskyldu í málum, þar sem krafan styðst við skuldabréf eða annað skriflegt sönnunargagn (lagsökningsmål), enda sé frestur til málsskots (besvär) liðinn;
2) sætt, gerð fyrir sáttanefnd eða rétti;
3) aðfararhæfir úrskurðir, sem felldir eru í einkamálum, annaðhvort í dóminum eða sérstaklega, um bætur fyrir málskostnað eða um þóknun til votta eða sérfróðra manna.

3. gr.

Útivistardómur, sem í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefir verið felldur yfir stefndum fyrir fyrsta dómsstigi og „tredskodom“ eða annar dómur, sem í Finnlandi eða Svíþjóð hefir verið felldur fyrir fyrsta dómsstigi gegn stefndum, sem ekki mætti, skal því aðeins vera bindandi í hinum ríkjunum, að svo standi á sem nú segir:

1) að stefndur hafi, þegar stefna, sáttafyrirkall eða fyrirkall til yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) var birt, átt heimilisfang eða skráð firma í því ríki, þar sem dómurinn er dæmdur, eða stjórn sú, sem kemur fram fyrir stefnda, hafi þá átt heima í því ríki, eða fyrirkallið verið birt umboðsmanni, sem stefndum lögum samkvæmt var skylt að hafa í þessu ríki; eða
2) að gert hafi verið óbrigðanlegt samkomulag um, að málið skuli rekið fyrir þeim rétti, sem uppkvað dóminn; eða
3) að dómurinn sé um bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið og framinn hefir verið í því ríki, þar sem dómurinn var dæmdur, enda sé stefna birt stefnda sjálfum, meðan hann dvelur í því ríki.

Sama er um útivistardóm, sem á hærra dómsstigi er felldur gegn stefnda, ef dómurinn hefir og verið útivistardómur á fyrsta dómsstigi.

4. gr.

Krefjast má, að dómum, úrskurðum og sættargerðum, sem samkvæmt 1.—3. gr. eru bindandi utan þess ríkis, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn er felldur eða sættin gerð, og hægt er að fullnægja í því ríki, verði fullnægt í hinum ríkjunum.

5. gr.

Beiðni um aðför á að senda: í Danmörku og á Íslandi fógeta, í Finnlandi og Svíþjóð yfiraðfararvaldsmanni (överexekutor), og í Noregi aðfarardómstól (namsretten).

6. gr.

Beiðni um aðför eftir dómi eða úrskurði skal fylgja:

1) dómurinn eða úrskurðurinn í frumriti eða útskrift, staðfestri af hlutaðeigandi yfirvaldi;
2) vottorð um, að dómurinn eða úrskurðurinn sé þess eðlis, sem segir í 1. eða 2. grein, og að hann sé aðfararhæfur og megi fullnægja honum í því ríki, þar sem hann er uppkveðinn;
3) dómi, sem um ræðir í 3. grein, vottorð, er sýni, að dómurinn hafi gildi samkvæmt þeirri grein.

Beiðni um fullnægju sættar skal fylgja útskrift af sættargerðinni, staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi, svo og vottorð um, að sættin sé gerð fyrir sáttanefnd eða rétti og að henni megi fullnægja í því ríki, þar sem hún var gerð.

Skjölum, sem rituð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

7. gr.

Vottorð þau, sem getur um í 6. gr., gefa: í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Noregi dómsmálaráðuneytið, í Svíþjóð fylkisstjórn (länsstyrelse).

8. gr.

Ákvörðun um, hvort framkvæma skuli fullnægju samkvæmt þessum samningi, er tekin án þess að gagnaðili sé til kvaddur; þegar sérstaklega stendur á, má þó gefa honum tækifæri til að bera fram ástæður sínar.

9. gr.

Aðför fer í hverju ríki fram samkvæmt þar gildandi lögum án tillits til þess, sem dómurinn, úrskurðurinn eða sættin kann að kveða á um þvingunarráðstafanir.

10. gr.

Ákvæðin í þessum samningi um réttargildi dóma breyta að engu leyti 22. gr. í samningi frá 6. febrúar 1931, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, og leiða ekki af sér, að dómar eða úrskurðir um slík mál fái gildi í öðrum tilfellum en þar er ákveðið. Fullnægju dómsúrskurða, sem gildi hafa samkvæmt nefndri grein, má krefjast samkvæmt 4. til 9. gr. þessa samnings.

Nú hefir í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi verið dæmdur dómur, þar sem beitt er ákvæðum löggjafarinnar um fjármál hjóna, og skal þá samningur þessi ekki ná til dómsins í Finnlandi eða Svíþjóð, ef þar hefði átt að gera út um deiluatriðið samkvæmt eldri hjúskaparlöggjöf landsins.

Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sátta um meðlagsskyldu í sifjamálum, og breytir að engu leyti samningnum frá 10. febrúar 1931 um innheimtu meðlaga.

Eigi breytir samningurinn heldur að neinu leyti ákvæðum þeim, sem í öðrum samningum felast um gildi eða fullnægju dóma og annara úrskurða.

11. gr.

Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sætta um:

1) frændsemi, erfðarétt, ábyrgð erfingja á skuldum, skipti dánarbúa, meðferð þrotabúa, nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, eða riftingu réttargernings við gjaldþrot.
2) eignarrétt eða annan rétt yfir fasteign í einhverju hinna ríkjanna, skyldu til að gera ráðstafanir um slík réttindi, eða afleiðingar af vanrækslu skyldunnar;
3) skatta og gjöld til ríkis eða sveitar- eða bæjarfélags, eða önnur mál opinbers réttar, jafnvel þótt dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp í sama formi sem venja er um einkamál.

Samningurinn nær ekki til úrskurða, sem fellt hafa sérstakir dómstólar í atvinnudeilum.

12. gr.

Af samningnum leiðir ekki skylda til að viðurkenna eða fullnægja dómi, úrskurði eða sætt, þegar augljóst er, að það mundi vera ósamrýmanlegt réttarskipulagi landsins.

13. gr.

Samningurinn nær ekki til dóma né úrskurða, sem upp hafa verið kveðnir, né sætta, sem gerðar hafa verið, áður en samningurinn gekk í gildi.

14. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum komið fyrir til geymslu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, svo fljótt sem auðið er.

Milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt samninginn, gengur hann í gildi hinn 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, er fullgildingarskjölum að minnsta kosti þriggja ríkjanna hefir verið komið fyrir til geymslu. Gagnvart ríkjum, er síðar fullgilda, gengur samningurinn í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, að fullgildingarskjalinu var komið fyrir til geymslu.

Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp gagnvart sérhverju hinna ríkjanna með 1 árs uppsagnarfresti, svo að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan, og sett þar við innsigli sín.

Gert í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ráðuneytis forsætisráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í framhaldi af samningum þeim um sifjamál og um innheimtu meðlaga, sem gerðir voru í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931 og í Osló þann 10. febrúar s. á., sbr. þingskjöl frá sumarþingi 1931, Ed. m. 88 og 89, hafa réttarfræðingar Norðurlanda gert samning þann, er hér fer á undan, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

Grundvöllurinn að samningi þessum er gagnkvæmt traust til réttarfars og dómstóla hvors landsins um sig, en tilgangur samningsins er sá, að losa dómhafa, sem fengið hefir dóm í einhverju landanna, við að þurfa að höfða nýtt mál, ef dómþoli hefir flutzt til einhvers hinna landanna, eða á eignir þar.

Um grundvallaratriði þetta eru þó gerðar ýmsar takmarkanir, en þær helztu eru þessar:

1) Dómar í málum, sem stefndur hefir ekki mætt í, skulu ekki viðurkenndir, ef dómþola hefir ekki verið stefnt á varnarþingi hans, eða varnarþingi, sem samkomulag hefir náðst um, eða eðlilegt var vegna eðlis málsins, sbr. 3. gr. Ástæðan til þessa er sú, að í nokkrum nýjum lögum er gefin tals-

vert víðtæk heimild til að stefna manni utan varnarþings hans. Skilyrði fyrir að fullnægja dómi annars lands á að vera, að dómþoli hafi varið sig eða þó haft eðlilega skyldu til að mæta fyrir hlutaðeigandi rétti.

2) Þar sem tilgangur samningsins er að létta undir að fá fullnægt kröfum í einkamálum, hefir verið gerð undanþága í 11. gr. um alla dóma í opinberum málum, þar með talin mál um skatta og gjöld, og einnig eru undanskildir allir dómar um eignarrétt eða annan rétt yfir fasteignum.

3) Loks eru í 12. gr. undanskildir úrskurðir, sem eru þess eðlis, að viðurkenning þeirra eða fullnægja bersýnilega mundi vera ósamrýmanleg réttarskipulagi landsins. Þar er átt sérstaklega við þau tilfelli, að í einhverju landanna séu bannákvæði eða einkaréttarfyrirkomulag um atvinnumál, sem ekki er til í hinum löndunum. Þegar svo stendur á, getur það komið fyrir, að í hinum löndunum verði látinn ganga dómur um afhendingarskyldu eða þvílíkt, og kann að reynast síðar, að slíkur dómur er andstæður bann- eða hegningarákvæðum þess lands, þar sem farið er fram á fullnægju hans. Þegar svona stendur á, á að vera hægt að neita viðurkenningu og fullnægju.

Hér skal og athygli beint að einu atriði, sem þýðingu hefir fyrir Ísland sérstaklega.

Skilyrðið fyrir verkun samningsins er, að dómurinn hafi réttargildi til fullnægju, sbr. 4. gr. Til þess útheimtist — að frátöldum hæstaréttardómum — meðal annars, að heimild, sem dómurinn veitir til málskots, með öðrum orðum áfrýjunarfresturinn, sé útrunninn. Samkvæmt löggjöf hinna norrænu landanna er það nú venjuleg regla, að áfrýjunar- og aðfararfrestur líði samtímis, þ. e. a. s. það kemur tæplega til greina að gera aðför samkvæmt dómi, sem enn er hægt að áfrýja. Hér á landi hefir aftur á móti verið haldið fast við gömlu reglurnar um mjög langa áfrýjunarfresti, en með aðfararheimild, enda þótt áfrýjunarfresturinn sé ekki útrunninn. Þótt aðför í slíku tilfelli sé hægt að framkvæma hér, verður þó samkvæmt samningnum ekki hægt að fullnægja dómnum í hinum löndunum fyrr en áfrýjunarfresturinn er liðinn.

Samningurinn ætti sérstaklega að verða að notum í tilfellum, þar sem málssækjandi hefir fengið dóm hér á landi yfir skuldunaut, sem síðan flyzt til einhvers hinna Norðurlandanna, eða á eignir í þessum löndum, sem hægt er að gera fjárnám í. Þegar svo stendur á, þarf dómhafi samkvæmt samningnum ekki að byrja nýja málssókn til að ná rétti sínum. En eins og áður er vikið að, verður hann að bíða þar til áfrýjunarfresturinn er liðinn. Nefndum galla er því ekki hægt að bæta úr nema með því að stytta áfrýjunarfrestina.

Um leið og að öðru leyti vísast til efnis samningsins skal þess getið, að ráðuneytið hefir, í samráði við utanríkismálanefnd, leitað umsagnar lagadeildar háskólans um samningsuppkastið, og að lagadeildin hefir lagt til, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni. Sama er um dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem hefir verið aðspurt um afstöðu þess til samningsgerðarinnar.

Að lokum skal á það bent, að telja má, að samningurinn, ef hann verður fullgiltur af Íslands hálfu, feli í sér viðauka við hérgildandi lög, sbr. einkum 1. og 4. grein hans. Af þessari ástæðu er samningsgerðin hér með lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Nd. 275. Nefndarálit

um frumvarp til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík (þskj. 205).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Milli „samtímis“, og „með“ komi: þá er lög þessi öðlast gildi.

Alþingi, 30. marz 1932.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Einar Arnórsson, frsm.
Jón Ólafsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. 276. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Einar Arnórsson,
Þorleifur Jónsson. Jón Ólafsson.

Nd. 277. Breytingartillögur

við frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Á eftir 9. gr. komi ný 10. gr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.
2. 10. gr. verður 11. gr.

Nd. 278. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni Ólafssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 2. gr. III. Eftir lið 16. komi 4 nýir liðir, svo hljóðandi:

17. Brú á Tunguá á Holtamannaafrétti.
18. Brú á Ytri-Rangá hjá Svínhaga.
19. Brú á Eystri-Rangá neðan við Tungufoss.
20. Brú á Hólsá milli Þykkvabæjar og Landeyja.

Ed. 279. Breytingartillaga

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir með leynilegum kosningum.

A. 32 þingmenn skulu kosnir með óhlutbundnum kosningum, og þeir eða sá kosinn, sem flest fær atkvæði, í þessum kjördæmum:

Tvímenningskjördæmi:

Skagafjarðarsýsla,
Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður,
Norður-Múlasýsla,
Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður,
Rangárvallasýsla,
Árnessýsla.

Einmenningskjördæmi:

Hafnarfjarðarkaupstaður,
Gullbringu- og Kjósarsýsla,
Borgarfjarðarsýsla,
Mýrasýsla,
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
Dalasýsla,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla,

Vestur-Ísafjarðarsýsla,
Ísafjarðarkaupstaður,
Norður-Ísafjarðarsýsla,
Strandasýsla,
Vestur-Húnavatnssýsla,
Austur-Húnavatnssýsla,
Akureyrarkaupstaður,
Suður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Þingeyjarsýsla,
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Austur-Skaftafellssýsla,
Vestur-Skaftafellssýsla,
Vestmannaeyjar.

Ákveða má með lögum að skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

B. 8 þingmenn skulu kosnir með hlutbundnum kosningum í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis.

Ef þingmaður Reykjavíkur deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur sæti varaþingmaður hans, það sem eftir er kjörtímans.

C. Ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þá þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmálaflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum. Um úthlutun þingsætanna skal miða við samanlagða kjósendatölu stjórnmálaflokkanna við kosningarnar í hlutfalli við tölu kosinna þingmanna í þeim kjördæmum. Varamaður landskjörins þingmanns tekur sæti eftir sömu reglu og gildir um varamenn Reykjavíkurþingmanna.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

Nd. 280. Nefndarálit

um frv. til laga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1932.

Sveinn Ólafsson, form. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari. — Bergur Jónsson, frsm.

Bjarni Ásgeirsson. — Guðbr. Ísberg. **Með fyrirvara.**

Ed. 281. Nefndarálit

mu frumvarp til laga um ríkisskattanefnd.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 31. marz 1932.

Ingvar Pálmason, form. — Einar Árnason, fundaskr. og frsm.

Nd. 282. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56, 30. nóv. 1914.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skal vera ógilt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaganna nær sjóveðréttur skipstjóra og skipverja ekki til vátryggingarfjár skips og farmgjalds. Farist skip eða sé dæmt óbætandi, falla forréttindi þeirra niður, enda þótt fullt verð komi fyrir skipið frá vátryggingarsala, og eiga þeir þá á hættu að glata kröfu sinni að öllu sökum

annara skulda skipseiganda. Af þessu leiðir og það, að sé kaup skipshafnar ekki greitt á réttum gjalddaga, er henni nauðugur einn kostur að stöðva skipið þegar í stað, til þess að eiga ekki á hættu, að réttur hennar falli niður bótalaust. Úr þessum göllum er 1. gr. ætlað að bæta.

Um 2. gr.

Samkvæmt siglingalögunum mun vera óvíst, hvort fyrirfram gefið afsal skipverja á sjóveðrétti gagnvart skipseiganda eða öðrum sé gilt að lögum. Greininni er ætlað að taka af allan vafa í því efni.

Nd. 283. Breytingartillögur

við frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá Jóni Ólafssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir orðið „þannig“ í 3. málsgr. komi: af ríkissjóði.
b. Í stað 4. og 5. málsgr. komi:

Þó getur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum sýslunefndar Rangárvallasýslu, látið jafna niður allt að ⅛ kostnaðarins.

Nd. 284. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flutningsm.: Hannes Jónsson, Jónas Þorbergsson, Björn Kristjánsson.

1. gr.

Í samvinnufélögum, sem stofnuð eru og starfa samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, skulu félagsmenn hafa forgangsrétt til hverskonar atvinnu við framleiðslustörf félaganna, eins og til dæmis vinnu við sláturhús þeirra, smjörbú og verksmiðjur, útskipun framleiðsluvaranna o. fl. (sbr. 2. gr. laganna).

2. gr.

Það varðar sektum frá 2000—20000 kr., ef félagsmönnum er sýnd nokkur tálmun, er þeir eru að störfum þeim, er getur í 1. gr. laga þessara, hvort sem tálmunin kemur fram í ofbeldi eða á annan hátt, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

3. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um ræðir í lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að gefnu tilefni vegna þeirra misklíða, sem risið hafa út af framleiðslustörfum við nokkur samvinnufélög í landinu undanfarið. Það er augljóst, að miklu skiptir fyrir hagsmuni þessara félaga, að þau séu ekki hindruð í því að gera framleiðsluvörur sínar markaðshæfar og koma þeim áleiðis til markaðar. Virðist öll sanngirni og nauðsyn mæla með því, að eigendur framleiðsluvara í samvinnufélögum megi óhindraðir vinna sjálfir að þeim störfum, er svo miklu skipta fyrir hagsmuni þeirra.

Ed. 285. Frumvarp

til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi taugakerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.

2. gr.

Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Ef ríkisstjórnin hefir verkfræðing með sérmenntun í rafmagnsfræði í þjónustu sinni, skal hann einnig vera vegamálastjóra til aðstoðar við rannsóknir þessar án sérstaks endurgjalds.

3. gr.

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir atvinnumálaráðuneytið. Ráðherra er heimilt að skipa fimm manna raforkumálanefnd ríkisstjórninni til aðstoðar í þessum efnum. Í nefndinni eiga sæti þrir menn, tilnefndir hver af sínum þingflokki, þeim sem nú eru, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að áskildu samþykki rafmagnsstjórnar kaupstaðarins, og hinn fimmti skrifstofustjóri eða fulltrúi úr ráðuneyti atvinnu- og samgöngumála, og er hann formaður nefndarinnar. Bresti tilnefningu eða samþykki einhvers framangreindra aðilja, velur ráðherra mann í þess stað.

Raforkumálanefndin starfar kauplaust, og skal verkefni hennar vera að undirbúa tillögur og lagafrumvörp þessum málum viðvikjandi, sem koma eiga fyrir Alþingi. Atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóri láta nefndinni í té aðstoð eftir þörfum án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 286. Frumvarp

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 287. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu mjólkur og mjólkurafurða (þskj. 225).

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við síðasta málslið komi: enda hafi hlutaðeigandi bæjarstjórnir samþykkt hana.
2. Við 2. gr. a-liður orðist svo:

að allir þeir, sem framleiða mjólk til sölu í hlutaðeigandi kaupstöðum, séu háðir ákvæðum mjólkursölustjórnar um skipulag, sölu og hlutfallslega aðstöðu til markaðsins, þó þannig, að mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis hlutaðeigandi kaupstaða og á jörðum, sem eru eign kaupstaðanna utan lögsagnarumdæmisins, skuli sitja fyrir um sölu barnamjólkur og annarar mjólkur til neyzlu beint í kaupstaðnum. Mjólkursölustjórn skipa 7 menn. Skal hlutaðeigandi bæjarstjórn kjósa 4 þeirra, einn úr hópi mjólkurframleiðenda, 3 úr hópi mjólkurneytenda í bænum. Tvo stjórnarmenn kjósa stjórnir mjólkurbúa og umboðsmenn annara mjólkurframleiðenda, er selja mjólk til kaupstaðarins, en formann stjórnarinnar skipar atvinnumálaráðherra.

Aftan við c-lið komi: sbr. þó a-lið.

e-liður orðist svo:

að settar séu ákveðnar reglur um, hvernig mjólkurverð skuli ákveðið, þannig að lagt sé til grundvallar verð það, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að hægt sé að framleiða á hagnýtasta hátt og á heppilegustu stöðum næga og góða mjólk fyrir neytendurna í kaupstöðunum.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þegar meiri hluti mjólkurbúa landsins hefir komizt undir skipulag mjólkursölu samkv. 1. gr. og einnig um sölu á erlendan markað, getur atvinnumálaráðherra gefið út sérstaka reglugerð um það efni, að fengnum tillögum hinna einstöku mjólkursölustjórna, þar sem stofnuð verður mjólkursölustjórn landsins og ákveðið um verksvið hennar og vald til að skylda mjólkurbúin til þátttöku í hlutfallslegum útflutningi og áhættu við hann.

Nd. 288. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. málsgr. 14. greinar laganna orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert

sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafnframt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið sent allsherjarnefnd frá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, en er samið ásamt eftirfarandi greinargerð af skrifstofustjóranum í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Um 1. gr.

Það virðist ástæðulaust, að sumar sýslur sleppi að meira eða minna leyti við að greiða það 2 kr. gjald á hvern heimilisfastan mann, sem um ræðir í 4. málsgr. 14. gr. berklavarnalaganna. Það yrðu einmitt þær sýslur, sem minnstan kostnað og minnstan skaða hafa af berklaveikinni, og er gjaldþol þeirra sízt minna af þeim sökum en þeirra lögsagnarumdæma, þar sem berklaveikin er meiri. En þar sem hér er um almennt þjóðarböl að ræða, virðist réttara, að öll lögsagnarumdæmin taki jafnan þátt í útrýmingarstarfseminni að tiltölu við fólksfjölda, enda þótt berklaveikin sé eigi jafnskæð í þeim öllum. Það má taka fram, að það er mjög mikið verk að skipta berklakostnaðinum niður til að finna út hluta hvers lögsagnarumdæmis, og virðist næsta ástæðulaust og óheppilegt að láta það velta á þeirri hendingu, hvar sjúklingarnir dvelja er þeir veikjast, hve mikið framlag lögsagnarumdæmin eiga að greiða til berklavarna. Virðist því allt mæla með því að fella niður þetta endurgreiðsluákvæði.

Um 2. gr.

Sjúkrasamlög eiga fullt í fangi með að standast útgjöld sín, og berjast í bökkum, þó þau þurfi ekki sérstaklega að greiða fyrir þá samlagsmenn, sem veikjast af berklaveiki. Auk þess er sú upphæð, sem þeim ber að greiða, mjög lítil, borin saman við hina miklu fúlgu til berklavarnanna, en fyrir sjúkrasamlögin sjálf alltilfinnanleg. Sjúkrasamlag Reykjavikur er nú sem stendur í hinum mestu vandræðum og verður að gera aðrar og frekari breytingar á löggjöfinni um sjúkrasamlög, ef það á að geta staðizt. Að öðrum kosti mun þetta þarfa fyrirtæki að öllum líkindum verða að leggjast niður og jafnvel verða gjaldþrota, og mun þó öllum ljóst, hvílíkt gagn slíkt sjúkrasamlag vinnur, þar sem það oft mun forða fólki frá að lenda á sveitinni vegna veikinda og á þann hátt vafalaust spara bæði bæjarsjóði og ríkissjóði bein fjárframlög til þurfalinga vegna veikinda þeirra. Þessi burtfelling berklavarnagjalda samlaganna

mundi meðal annars verða til þess að styðja samlögin i áframhaldandi starfsemi þeirra til almenningsheilla. Þá má og taka það fram, að jafnframt því, sem sjúkrasamlögin eiga að greiða til berklavarna eftir núgildandi lögum, eiga hlutaðeigandi sjúkrasamlög og bæjarfélög að greiða sinn hluta samkv. 4. málsgr. 14. gr. berklavarnalaganna, og verður þannig mun meira greitt upp í berklavarnakostnað sjúkrasamlagsmanna en annara berklasjúklinga annarsstaðar að en úr ríkissjóði, en til þess er engin ástæða.

Nd. 289. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

6. grein orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúa sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er 1 ár og fylgir kjörtimabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn.

Auk hinna kjörnu fulltrúa mætir borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

2. gr.

7. grein orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

3. gr.

8. grein orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja i þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavikurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

4. gr.

Lög nr. 22 frá 22. okt. 1912 eru úr gildi numin.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið til þess að koma skipun hafnarnefndar Reykjavíkur í sem bezt samræmi við ákvæði laga nr. 59, 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Önnur grein frumvarpsins er sett til að lögfesta það fyrirkomulag, er nú gildir um starfsmenn hafnarinnar, og samrýma hafnarlögin við lög nr. 27, 22. nóv. 1918, um hafnsögu í Reykjavík.

Með þriðju grein laganna er hafnarstjórn gefið nokkuð meira vald í fjármálum en verið hefir, og virðist það réttmætt samkvæmt sérstöðu þeirri, er höfnin hefir innan bæjarfyrirtækjanna, sbr. 8. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Nd. 290. Frumvarp

til laga um breytingar á tilskipun 25. sept. 1850, um nokkrar breytingar á erfðalögunum, og um breytingar á lögum nr. 30, 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Erfðir til fjarskyldari ættingja en barna hins látna og niðja þeirra, svo og foreldra, afa og ömmu og þeirra foreldra, skulu úr lögum numdar.

2. gr.

Falli arfur til foreldra og sé annað látið, fellur arfurinn allur til þess, sem eftir lifir. En afar og ömmur taka aldrei meiri arf hvert um sig, þótt eitthvert þeirra sé látið, en komið hefði í þess hlut, ef öll lifðu.

3. gr.

Arfur eftir kvæntan mann og gifta konu, sem ekki á arfgenga ættingja á lífi, fellur allur til þess hjónanna, er lifir hitt. Ókvæntur maður og ógift kona, sem búið hafa samvistum minnst 2 ár og átt barn saman, taka arf hvort eftir annað sem hjón væru.

4. gr.

Enginn má hér eftir ráðstafa með arfleiðsluskrá meira en fjórðungi eftirlátinna eigna sinna, ef þær nema samtals 20000 kr. eða meiru. En nemi þær minnu, er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá allt að 5000 kr., ef það kemur eigi í bág við rétt lögarfa. Ennfremur er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá til systkina eða barna þeirra hæfilegum framfærslueyri, séu þau óvinnufær og hafi ekki eignir fyrir sig að leggja.

5. gr.

Eftirlátnar eignir, sem eigi eru lögarfar að, eða ráðstafað er með arfleiðsluskrá svo að gilt sé, skulu renna í sérstakan sjóð, er varið skal samkv. 7. gr.

6. gr.

Erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30, 27. júní 1921, skal hækka um 100%. Af erfðahlutum, sem nema minnu en 5000 kr., greiðist enginn skattur. Erfðafjárskattur skal hér eftir renna í sérstakan sjóð, er varið skal samkv. 7. gr.

7. gr.

Sjóði þeim, er myndast af eftirlátnum eignum skv. 5. gr. og erfðafjárskatti samkv. 6. gr., skal varið til styrktar örorku- og ellitryggingum, og skal hann, þegar Alþingi hefir sett lög um slíkar tryggingar, afhentur stjórn þeirra, en til þess tíma er hann í vörzlu ríkisstjórnarinnar. Sjóðinn skal ávaxta á tryggan hátt, og má engu eyða af fé hans eða tekjum næstu 10 ár. Sú upphæð, sem þá verður í sjóðnum, telst höfuðstóll hans, og ákveður Alþingi þá, hve miklum hluta af árlegum tekjum sjóðsins skuli upp frá því varið til styrktar örorku- og ellitryggingum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Sú skoðun ryður sér mjög til rúms, að rétt sé að nema úr lögum rétt útarfa til arfs. Virðist þá eðlilegast að láta erfðaréttinn eigi ná lengra en framfærsluskylduna, og láta þann arf, sem nú fellur til útarfa, er enga framfærsluskyldu hafa gagnvart arfleifanda, falla til hins opinbera eða stofnunar, sem tekur við framfærsluskyldunni.

Í frv. er gert ráð fyrir, að erfðaréttur haldist óbreyttur í beina línu aftur og fram, en réttur systkina og annara fjarskyldra til arfs falli niður. En jafnframt er í frv. heimilað að ráðstafa með arfleiðsluskrá til systkina og barna þeirra hæfilegum framfærslueyri, ef þeim er hans þörf, umfram þann eignafjórðung, sem jafnan er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá. Réttur hins opinbera eða tryggingarstofnunarinnar til arfs er að því leyti gerður jafn rétti útarfa, að eigi er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá meiru en fjórð-

ungi eftirlátinna eigna, hvort sem lögarfar eru á lífi eða eigi, ef eignirnar fara fram úr ákveðnu hámarki. Þá er og lagt til, að erfðafjárskattur af lægri upphæð en 5000 krónum sé felldur alveg niður og hverjum einum heimilað að ráðstafa allt að sömu upphæð af eftirlátnum eignum, þótt hann fari fram úr fjórðungi arfsins alls. Hinsvegar er lagt til, að erfðafjárskattur af hærri upphæðum verði tvöfaldaður frá því, sem nú er, og honum varið á sama hátt og arfi þeim, sem til hins opinbera eða tryggingarstofnunarinnar fellur.

Með frv. til laga um alþýðutryggingar, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi, fylgir áætlun um kostnað við örorku- og ellitryggingar í næstu 10 ár. Að þeim tíma liðnum ætti nokkurt fé að vera komið í sjóðinn, og er þá ætlazt til, að Alþingi ákveði, hve miklu af tekjum hans skuli varið til þess að létta kostnaðinn við örorku- og ellitryggingarnar.

Ed. 291. Breytingartillaga

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá Jóni Jónssyni og Guðmundi Ólafssyni.

Við 3. gr. Upphaf annars málsliðar greinarinnar orðist svo:
Frá 1. jan. 1935 hvílir einnig skyldutrygging ... o. s. frv.

Ed. 292. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. mai 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar í þessu máli. Ágreiningurinn milli nefndarhlutanna snertir þó nær eingöngu 1. gr. frumvarpsins, eða sérstaklega þau ákvæði hennar, sem rígbinda þá ófrávíkjanlegu reglu, að tala þingsæta skapist eingöngu af atkvæðamagni stjórnmálaflokkanna, án tillits til nokkurs annars. Að vísu skal því ekki neitað, að rétt sé að taka nokkurt tillit til þess, að flokkar hafi þingsæti í hlutfalli við atkvæðatölu þeirra. En hvorttveggja er, að ekki hefir verið bent á neina viðunandi kjördæmaskipun, sem tryggi þetta, enda þarf engu síður að gæta annara mjög mikilvægra atriða, þegar ákveða skal réttláta og skynsamlega skipun Alþingis.

Minni hlutinn telur sjálfsagt, að fyrst og fremst beri að taka tillit til nauðsynjar hinna einstöku héraða landsins til nægilegrar fulltrúatölu og til

jafnréttis allra kjósenda, hvar sem er á landinu, um áhrifavald á skipun Alþingis. Framhjá þessu höfuðatriði er að mestu gengið, ef skapa á kosningafyrirkomulag, sem að öllu leyti fullnægi 1. málsgr. 1. gr. frumvarpsins, auk þess sem það skipulag felur í sér aðra óviðunandi galla. Það ber því nauðsyn til að þræða í þessu máli þá leið, sem kemst næst því að geta fullnægt sanngjörnum kröfum héraða og stjórnmálaflokka.

Minni hlutinn vill með tillögum þeim, er hann flytur á þskj. 279, gera tilraun til að fullnægja 2 höfuðatriðum: Í fyrsta lagi að tryggja fornan rétt hinna einstöku héraða til fulltrúavals og áhrifa á Alþingi. Í öðru lagi að tryggja stjórnmálaflokkum landsins sanngjarnan rétt til fulltrúafjölda eftir atkvæðamagni þeirra, svo sem við verður komið, innan þeirra takmarka, að núverandi réttur kjördæmanna verði ekki skertur og að tala þingmanna verði ekki óhæfilega há.

Telur minni hl., að í tillögum hans felist sú lausn þessa máls, sem þjóðin megi vel við una.

Alþingi, 31. marz 1932.

Einar Árnason, frsm. minni hl. Ingvar Pálmason.

Nd. 293. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndin hefir að þessu sinni haft erfiðara og vandasamara verk að inna af höndum en mörg undanfarin ár, og sjálfsagt verða skiptar skoðanir um það, hvernig henni hefir tekizt þetta.

Byltingin, sem orðin er í viðskiptum þjóða á milli af völdum heimskreppunnar, hefir haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir atvinnuvegi vora eins og annara þjóða. Framleiðslan til lands og sjávar sýnist varla geta risið undir þeim gjöldum, sem á henni hvíla, með því verðfalli, sem orðið er á þessum vörum, og framtak einstaklinga, sveitar- og bæjarfélaga svo stórkostlega lamað, að til fullkominnar kyrrstöðu horfir, ef ekki breytir um til batnaðar áður langt um líður. Örðugleikar þeir, sem nú ríkja á þessu sviði, hljóta að hafa í för með sér aukinn samdrátt í öðrum viðskiptum þjóðarinnar, og tekjur ríkissjóðs, sem að miklu leyti er aflað með óbeinum tollum og sköttum, hljóta að bera þess menjar, jafnvel meira en menn gera sér grein fyrir.

Nefndinni er það fullkomlega ljóst, að álit hennar og tillögur um afgreiðslu fjárlagafrv. er enginn „Salomonsdómur“, en hún hefir sett sér það

mark og mið að áætla það varlega tekjurnar og það nákvæmlega útgjöldin, að nokkurn veginn öruggt væri að byggja á þeirri áætlun um afkomu ríkissjóðs. Hins er ekki að dyljast, að þótt gerðar hafi verið ýtarlegar tilraunir til þess að fá inn í frv. nákvæma áætlun um gjöld ríkisins, þá standa enn utan áætlunar ýms gjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildum, sem hljóta að koma til útborgunar. Þeim, sem kynni að sýnast, að nefndin hafi gengið of langt í niðurfærslu teknanna, gæti orðið það hugfróun, að ríkinu er það nauðsynlegt, að tekjurnar fari talsvert fram úr áætlun, til að mæta slíkum greiðslum. Það væri að vísu réttast að gera ráð fyrir þessu í frv. sjálfu, á þann hátt að áætla einhverja upphæð fyrir greiðslum vegna sérstakra laga og heimilda, þó að sú áætlun hlyti ætíð að vera mjög ónákvæm. Að þessu ráði hefir þó ekki verið horfið að þessu sinni, þótt til tals kæmi í nefndinni.

Það orkar ekki tvímælis, að nauðsyn beri til að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. En á jafnerfiðum timum sem nú standa yfir geta orðið skiptar skoðanir um, hvernig það megi verða. Ein leið að því marki er að skera niður fjárveitingar og rekstrarkostnað ríkisins — það mikið, að tekjurnar, sem á er byggt, nægi til að standa undir rekstri þjóðarbúsins. Önnur leið er sú, að afla nýrra tekna, svo hægt sé að halda í svipuðu horfi um verklegar framkvæmdir í landinu.

Nefndin hefir byggt starf sitt á grundvelli þeirrar tekjulöggjafar, sem nú er í gildi, meðal annars á því, að framlengd yrðu lög um verðtoll og gengisviðauka. Niðurstaðan af till. nefndarinnar er þessi:

Tekjur:			
Lækkun:			
Tekjur skv. 2. gr.	kr. 650000,00		
Tekjur skv. 3. gr.	— 20000,00		
		670000,00	
Hækkun:			
Eignahreyfingar skv. 12. gr. (Sjóðsyfirlit)		7670,00	
			662330,00
Gjöld:			
Lækkun:			
Gjöld skv. rekstrarreikn.	kr. 341530,00		
Eignahreyfingar	— 65000,00		
		406530,00	
Hækkun:			
Gjöld skv. rekstrarreikn.		49100,00	
			357430,00
			kr. 304900,00
Eftirstöðvar á sjóðsyfirliti skv. frv.			— 45741,87
Halli á sjóðsyfirliti samkv. till. n.			kr. 259158,13

Þennan greiðsluhalla hefði mátt jafna með því að lækka meir en orðið er fjárveitingar til verklegra framkvæmda. En n. sýnist, að þar sé svo að sorfið,

að eigi megi á bæta. Þess er og að gæta, að vafasamur hagnaður er að því að draga mjög úr þeim fjárveitingum, sem ganga til að halda við atvinnu í landinu, og getur enda verið hættulegt, ef það veikir aðstöðu framleiðenda, t. d. jarðræktarstyrkur, samgöngubætur o. fl. Nefndin hefir þó eigi viljað skilja svo við þetta mál án þess nú þegar að benda á leið til þess að jafna þennan greiðsluhalla, og hefir því á þskj. 258 flutt frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga. Verði þetta frv. að lögum, ætti það fullkomlega að vega upp á móti þeim halla, sem orðinn er á fjárlagafrv. samkv. till. nefndarinnar, jafnframt því, sem það mundi létta á rikissjóði á yfirstandandi ári og þannig draga úr þeim tekjuhalla, sem fyrirsjáanlegur er á núgildandi fjárlögum.

Verður hér á eftir vikið nokkru nánar að breytingartillögum nefndarinnar við einstakar gr. frv.

Tekjubálkurinn.

2. gr.

Nefndinni hefir ekki sýnzt varlegt að treysta eins á tekjurnar og gert er í frv. Sérstaklega virðist henni varhugavert að gera ráð fyrir, að útflutningsgjald, vörutollur og verðtollur gefi svipaðar tekjur 1933 og varð 1931. Þessar tekjur hafa lækkað á síðastl. ári um 30% frá því, sem var 1930, og sérstaklega mun sú lækkun hafa komið fram á síðari árshelmingnum, sem stafar af verðfalli innlendra vara og minnkandi innflutningi, og þrátt fyrir það, þótt greiðslujöfnuður við útlönd sýnist hagstæður það ár samkv. hagskýrslum, þá mun þó vanta þar á 5—7 millj. kr. svo vel sé, vegna hinna leyndu greiðslna, sem eru þjóðinni svo mjög í óhag. Þessi greiðslujöfnuður er varla hægt að gera ráð fyrir, að fáist með auknum útflutningi, og er þá ekki annað fyrir hendi en að draga úr innflutningi eftir því sem unnt er.

3. gr.

Breytingar þær, sem hér er um að ræða, eru leiðréttingar á áætlun útgjalda vegna símans og útvarpsins, sem ekki verður hægt að komast hjá að greiða, 10 þús. kr. á hvorum stað. Kemur þetta fram sem tilsvarandi lækkun tekna 3. gr. Að öðru leyti athugast:

Eftir skýrslu landssímastjóra, sem lá fyrir nefndinni, kemur í ljós, að enn eru ólagðar eftirnefndar símalínur, sem fjárveitinganefndir og Alþingi 1930 og 1931 hafa ætlazt til, að lagðar yrðu þau ár:

Sandgerði—Stafnes	áætlun	nú	ca	5	þús.
Bólstaðarhlið—Bergstaðir í Svartárdal	—	—	—	6	—
Skógar—Skinnastaðir og Kópasker—Leirhöfn	—	—	—	15	—
Bíldudalur—Selárdalur	—	—	—	16,5	—
Víðimýri—Goðdalir	—	—	—	16,5	—
Kalastaðakot—Þyrill	—	—	—	11	—
Kvígindisdalur—Breiðavik	—	—	—	18	—
Jökuldalslína	—	—	—	33	—
			Alls ca kr.	120	þús.

Gerir landssímastjórinn ráð fyrir, að þessar línur verði að sjálfsögðu lagðar fyrst, fyrir fjárveitingu þessa árs og ársins 1933. Vill nefndin leggja áherzlu á, að svo verði gert. Er fjárveitingin í fjárlögum þessa árs 80 þús. kr. og í frumvarpinu fyrir 1933 60 þús. kr. Er þá óráðstafað 20 þús. kr. af fjárveitingum beggja áranna, sem nefndin telur rétt, að landssímastjóri ráðstafi eftir aðkallandi þörf. Mætti í því sambandi benda á línu frá Staðarfelli að Skarði.

Gjaldabálkurinn.

7. gr.

Hér er aðeins um leiðréttingu á prentvillu að ræða, sem hefir ekki áhrif á niðurstöðu frv.

10. gr.

Sambandslaganefndin á að koma saman í Khöfn að ári. Kostnaðurinn við þessi nefndarstörf hefir orðið talsvert hár, sérstaklega þau árin, sem nefndarmennirnir íslenzku hafa farið utan. Þau árin hefir kostnaðurinn orðið þessi:

	Fjárveiting	Reikn.
	kr.	kr.
1919		13175,00
1921		18921,13
1923	7500,00	12815,45
1925	6500,00	15541,45
1927	6500,00	10248,73
1929	6000,00	8054,80
1931	6000,00	5966,15

Það sýnist því ekki nokkur vegur að áætla þennan kostnað minni 1933 en 5000 kr., og verður þó að halda sparlegar á en verið hefir.

11. gr.

Samkvæmt undanfarandi reynslu sýnist nægilegt að áætla laun hreppstjóra 24000 kr.

Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta er áætlaður 100000 kr. eins og undanfarin ár. Mikið af þessu fé gengur til launa skrifstofumanna við embættin. Það sýnist ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þessi laun lækki eins og önnur, og leggur því nefndin til, að fjárveitingin verði lækkuð um 10 þús. kr.

Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni er veitt í fjárl. yfirstandandi árs 21250 kr., þar af fyrning 6250 kr. Forstöðumaður hælisins hefir áætlað tekjur þess og gjöld árið 1933 þannig:

Tekjur:

Arður af seldri vinnu	kr.	8000,00
Meðlög frá hreppum	—	2000,00

Tekjur af búi (brútto)	—	4000,00
— — kartöflum	—	4000,00
Frá ríkissjóði	—	30000,00
	kr.	48000,00

Gjöld:

Matvörur, meðul og hreinlætisvörur	kr.	9500,00
Eldiviður og ljós	—	2500,00
Þóknun til fanga og fataslit þeirra	—	5500,00
Laun forstöðumanns og aðstoðarm.	—	8500,00
Þóknun til læknis, prests og gjaldkera	—	1200,00
Til viðhalds húsa og áhalda	—	6000,00
Ýms gjöld	—	1800,00
Aukning bústofns	—	1000,00
Til viðbótarbygginga, efni og keypt vinna	—	12000,00
	kr.	48000,00

Á þessari áætlun er fjárveiting til hælisins byggð að öðru en því, að síðasti gjaldaliðurinn, „Til viðbótarbygginga, efni og aðkeypt vinna kr. 12000,00“, er felldur niður. Eigi að síður hækkar fjárveitingin frá því, sem er i fjárl. yfirstandandi árs, um 3000 kr. Þessi hækkun sýnist nefndinni óþörf og telur, að megi spara sem því nemur á sumum gjaldliðunum, t. d. þóknun til fanga og aukning bústofns. Þess verður og að vænta, að betri regla verði á innheimtu vegna seldrar vinnu frá hælinu en verið hefir, og ætti þá sá tekjuliður að verða talsvert hærri en hér er áætlað.

Til embættiseftirlitsferða er ætlað i fjárl. 1932 9000 kr. Þessi kostnaður hefir orðið 1930 kr. 8533,15 og 1931 kr. 5327,27. Nefndin telur líklegt, að spara megi eitthvað á þessum lið án þess að draga úr öryggi eftirlitsins, og þar sem svo ríflega er varið í þessu skyni á yfirstandandi ári, telur hún, að hægt muni að komast af með 6000 kr. næsta ár.

12. gr.

Styrkurinn til augnlæknis i Reykjavik hefir verið greiddur til Guðm. Guðfinnssonar, en þar sem hann hefir fastlaunaða stöðu við landsspítalann, telur nefndin vel til fallið, að hann veiti þar ókeypis læknishjálp samkv. aths. við 7. lið þessarar gr. fjárlagafrv., og að 500 kr. sé hæfileg þóknun fyrir kennslu við háskólann, sem um getur i sömu aths. Sama máli er að gegna með styrk til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar, sem nefndin leggur einnig til, að verði lækkaður i 500 kr.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að héraðslæknar afli sér aukinnar þekkingar með því að fara utan og kynnast þeim nýjungum, sem árlega koma fram á sviði læknavisindanna. Hinsvegar er og eðlilegt, að nokkur áraskipti verði á því, hvað ríkið leggur fram til styrktar slíkum utanferðum. Í fjárlagafrv. er ætlað í þessu skyni 1500 kr. Nefndin telur, að forsvaranlegt sé í slíku

árferði að fella niður eitt ár í bili, og leggur því til, að enginn styrkur verði veittur á næsta ári.

Sundurliðun á tekjum og gjöldum landsspítalans er allmikið breytt frá því, sem er í frv. Er hér farið eftir till. landlæknis að öðru leyti en því, að felldar eru niður 3000 kr. vegna lóðarinnar. Framlag til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar hefir nefndin hækkað úr 4000 kr. í 8000 kr., og er þar í talinn fæðiskostnaður ljósmæðranema. Þykir rétt, að allur kostnaður vegna starfsemi þessarar deildar komi sem sérstakur liður í rekstrarreikningi spítalans.

Í áætlun um starfsmannahald á Kleppi og Vífilsstöðum er ekki gert ráð fyrir neinni kauplækkun. En nefndin gengur út frá því sem sjálfsögðu, að hún verði framkvæmd þar eins og annarsstaðar, eftir því sem við verður komið, og gerir breytingartill. í samræmi við það. Fjárveiting til húsbúnaðar og áhalda á Vífilsstöðum er hækkuð úr 7000 kr. í 10000 kr. Þykir víst, að ekki verði komizt af með minna.

Smávægilegar breytingar á áætlun Reykjahælis eru gerðar eftir till. landlæknis samkv. undanfarandi reynslu.

Kristneshæli er fært inn með sundurliðaðri rekstraráætlun, eins og önnur hæli, og nær eingöngu farið eftir till. forstöðumanns hælisins um áætlun tekna og gjalda. Nýr liður, „Fyrning húsa og áhalda 7670 kr.“, er tekinn upp og kemur sem hækkun fyrninga í 20. gr.

13. gr.

Í frv. eru ætlaðar 150 þús. kr. til nýrra akvega. Nefndin fékk till. vegamálastjóra um það, hvar þessu fé skyldi varið, og hefir hún farið eftir þeim að öllu leyti.

Styrk til vetrarflutninga yfir Hellisheiði hefir nefndin lækkað úr 8000 kr. í 5000 kr., og fellt alveg niður styrk til að halda uppi vetrarferðum yfir Holtavörðuheiði og Fagradal. Nefndin viðurkennir fullkomlega þörfina á þessum samgöngum, en telur þó fært, í sparnaðarskyni, að draga úr fjárframlögum til þeirra að þessu sinni.

Aðstoðarverkfræðingar hjá vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa undanfarið haft nokkra launaviðbót, jafnmikið hvor. Í frv. er þessi launaviðbót felld niður hjá aðstoðarverkfr. vitamálastjóra, en ekki hinum. Nefndin telur rétt, að þessir menn fylgist að, annaðhvort verði launaviðbótin felld niður hjá báðum eða hvorugum.

Þá hefir nefndin tekið upp 25 þús. kr. fjárveitingu til hafnargerðar á Akranesi. 1930 var byrjað á hafnargerðinni og lög um hana samþykkt á síðasta þingi. Þörfin á því, að verkinu sé haldið áfram, er mjög brýn og aðkallandi. En hver viðbót við hafnargarðinn kemur þegar að notum við afgreiðslu báta, og er þess ærin þörf, því þegar lágsjávað er og illt í sjó þegar bátarnir koma úr róðri, verða þeir eins og nú stendur að bíða í margsettum röðum hver út frá öðrum eftir afgreiðslu, og missa þeir, sem síðastir verða, oft af róðri næsta dag, og veldur þetta miklu tjóni árlega.

Styrk til bryggjugerða og lendingarbóta hefir nefndin lækkað úr 30 þús. kr. í 20 þús. kr. Byrjað er á bryggjugerð í Vopnafirði, en óvíst um, að aðrir

hefjist handa í bráð. Þó hefir staðið til bryggjugerð á Hvammstanga og víðar, en skortur á fé frá héruðum mun valda, að ekki er meira að gert. Má því telja líklegt, að þessi fjárveiting dugi í þetta sinn.

14. gr.

Í samræmi við það, að nefndin telur þörf að draga sem mest úr framlögum og framkvæmdum að þessu sinni, leggur hún til að lækka nokkuð framlög til kennslutækja og bókakaupa við ríkisskólana, og jafnframt hefir henni af sömu ástæðu þótt rétt að fella niður styrk þann, sem nokkur undanfarin ár hefir verið veittur til útgáfu fræðslumálarits.

Þó framlagið til stundakennslu við menntaskólann í Reykjavík sé lækkað til muna í frv. við það, sem ætlað er í núgildandi fjárlögum, samkv. tillögum rektors, lítur nefndin svo á, að lengra mætti þar ganga, þar sem liðurinn til föstu kennaranna hefir jafnframt stórhækkað. Rektor telur, að nægilegt sé að áætla 12 þús. kr. til stundakennslunnar, ef aðsókn að skólanum eykst eigi, sem hann telur ólíklegt. Nefndin býst hinsvegar við, að aðsóknin hljóti að minnka, sökum erfiðleika almennings. Í öðru lagi gerir hún ráð fyrir kauplækkun hjá stundakennurum, til samræmis því, að vegna lækkandi dýrtíðaruppbótar hefir nú verið fyrirskipuð almenn kauplækkun hjá föstum starfsmönnum ríkisins, þeim, sem eigi taka laun samkvæmt launalögum. Og ennfremur athugar nefndin, að nokkrir hinna föstu kennara skólans kenna nú eigi nema 9—20 stundir á viku, sem leiðir vitanlega af sér aukna stundakennslu að þarflausu.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að umræddur liður lækki úr 12000 kr. í 7000 kr. Og af sömu ástæðum sér hún sér einnig fært að leggja til, að lækkuð séu framlög til stundakennslu við kennaraskólann, stýrimannaskólann og vélstjóraskólann.

Námsstyrkur við menntaskólann í Reykjavík hefir verið lækkaður í frv. um 300 kr. Þar sem styrkur þessi gengur til að hjálpa efnasnauðum en efnilegum nemendum, og þörfin fyrir hann vitanlega því meiri, sem afkoma almennings þrengist meira, vill nefndin leyfa sér að mæla með því, að þessi litli styrkur fái að standa óbreyttur frá því, sem hann er nú, eða sé hækkaður í frv. upp í 2800 kr.

Liðinn „vegna kostnaðar við skólastjórn“ telur nefndin rétt að lækka niður í 1000 krónur. Þetta mun hafa verið hugsað sem risnufé, og þá einkum í sambandi við heimavistir skólans. Nú hefir enn eigi verið unnt að fjölga þeim, eins og hugsað hafði verið. Munu aðeins vera um 10, samkvæmt skýrslu rektors. Hinsvegar fellur risna vegna skólans til aðkomumanna miklu síður á rektor menntaskólans í Rvik en t. d. við menntaskólann á Akureyri, meðal annars vegna þess, að kennslumálastjórnin á heima í Reykjavík. Af þessum ástæðum lítur nefndin svo á, að liðurinn megi lækka samkvæmt framansögðu.

Fjárveitinguna til vornámsskeiðs barnakennara leggur nefndin til að fella niður að þessu sinni. Telur ekki nauðsyn svo mikla til þessa, að rétt sé að hvetja til mikils kostnaðar fyrir kennara úti um land á erfiðum timum. Enda sýnilegt, að áhuginn fyrir þessum námsskeiðum er eigi næsta mikill, þar sem

t. d. námsskeið hefir eigi komizt á 1930, þó fjárveiting úr ríkissjóði væri þá fyrir hendi.

Samkvæmt skýrslu núverandi fræðslumálastjóra sést, að laun kennara við fasta barnaskóla, með þeirri dýrtíðaruppbót, sem reiknað er með í frumvarpinu, muni nema um 360 þús. kr. Nefndin telur því sæmilega varlegt að áætla á þessum lið sömu upphæð. Gerir sem sagt ráð fyrir, að sú lækkun, sem óhjákvæmilega muni koma fram vegna erfiðra fjárhagsástæðna almennings og þar af leiðandi samdrætti skólanna, muni fyllilega vega móti hækkunum, sem koma kunni fram, t. d. launahækkunum vegna þjónustualdurs. Nefndin leggur því til að lækka liðinn um 10 þús. kr.

Þá vill nefndin að þessu sinni fella niður framlag til bygginga barnaskólahúsa úti um land. Er það í samræmi við þá skoðun hennar, að fresta beri yfirleitt nú þeim framkvæmdum, sem geta beðið. Og er þar miðað jafnt við erfiðan hag ríkisins og héraðanna. Hinsvegar hefir fræðslumálastjórinn skýrt frá, að með fjárveitingunni til barnaskólabygginga í núgildandi fjárlögum sé vel séð fyrir lögákveðnum styrk ríkisins til þeirra skóla allra, sem þegar eru byggðir. Telur nefndin rétt að fresta nýbyggingum að þessu sinni, og leggur því til, að liður þessi sé felldur niður.

Sömuleiðis leggur hún til, að fellt sé af frv. framlag til bygginga gagnfræðaskóla í kaupstöðum, er hún telur hliðstætt. Gilda hinar sömu ástæður fyrir þeirri tillögu, enda sýnilegt, að þessi 10 þús. kr. fjárveiting mundi draga skammt á veg, ef ráðast ætti í nefndar byggingar.

Utanfararstyrk til barnakennara vill nefndin fella niður að þessu sinni, af sömu sparnaðarástæðum, sem oft er áður lýst. Gilda þær eigi hvað síst gegn þeim útgjöldum, sem renna út úr landinu, svo sem hér á sér stað.

Í núgildandi fjárlögum er 1500 kr. fjárveiting til blindra manna, til að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands. Framlag til þessa er í frv. fært niður í 500 kr. Þykir nefndinni hér helzt til langt gengið, þar sem hér er um að ræða að létta lítils háttar lífskjör bágstaddra, blindra vesalinga, og styðja jafnframt innlendan iðnað, þó í smáum stíl sé. Hefir nefndin aflað sér upplýsinga um, að styrkur þessi virðist hafa komið að mjög góðu gagni, og leyfir sér því að mæla með því, að hann verði hækkaður upp í 1000 kr.

Um framlag til bygginga steinsteyptra sundlauga hefir nefndin raunar hið sama að segja og um aðrar nýbyggingar, að þeim bæri að fresta að sinni. En þar eð áhuginn fyrir byggingu þeirra er afarmikill um land allt, og nefndin gerir ráð fyrir, að hæpið sé máske, að framlögin í núgildandi fjárlögum nægi til að styrkja að fullu þau verk, sem þegar eru hafin, treystir hún sér eigi til að gera tillögu um að fella ríkisframlagið alveg niður, en leggur til, að það sé lækkað niður í 5000 kr.

15. gr.

Sögufélagið hefir notið dálítils styrks úr ríkissjóði undanfarin ár til útgáfu alþingisbóka, landsyfirdóma o. fl. Nefndin litur svo á, að draga megi úr þessari bókaútgáfu um sinn, eins og svo mörgu öðru, þótt gott eitt verði um hana sagt, og leggur til, að styrkurinn sé niður felldur að þessu sinni. Hið sama

gildir um styrk þann, sem Fornritaútgáfunni er ætlaður, enda hefir styrkur til hennar eigi verið notaður, þótt staðið hafi í undanförnum fjárlögum, og framkvæmdir engar kunnar.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar til orðasöfnunar sé færður niður í 1600 kr. Er hann þá jafnhár styrk þeim, er Halldóri Kiljan Laxness er ætlaður til ritstarfa.

Nefndin vill mæla með því, að styrkurinn til Frímanns B. Arngrímssonar sé hækkaður lítið eitt, eða upp í 1200 kr., sem viðurkenning fyrir hið óeigingjarna og látlausa starf, sem þessi aldurhnigni og slitni maður hefir lagt fram um langa æfi til hvatningar og fræðslu um mikilsverð þjóðnytjamál. Hefir hann, sem kunnugt er, fyrstur manna hér á landi barizt fyrir því, að komið væri hér á rafveitum, og æ síðan unnið að þeim málum með hinni mestu elju og ástundun. Og hin síðari árin hefir hann varið miklum tíma og fé við rannsóknir til að sýna og sanna, að fá megi hér í landinu gnægð byggingarefna, og spara allt það fé, sem t. d. er flutt út úr landinu fyrir cement.

16. gr.

Framlagið til Búnaðarfélags Íslands er í frumvarpinu raunverulega lækkað um 10 þús. krónur frá því, sem er í núgildandi fjárlögum. En framlagið til sandgræðslunnar hinsvegar fært úr 40 þús. kr. niður í 20 þús., eða lækkað um helming.

Hefir nefndin vandlega reynt að kynna sér starfssvið og þarfir beggja þessara stofnana, bæði af þeim gögnum, sem fyrir lágu, skýrslum og áætlunum. Einnig átt tal við búnaðarmálastjóra Sigurð Sigurðsson og sandgræðsluvörð Gunnlaug Kristmundsson til frekari fræðslu um ýms þessi mál. Og er niðurstaðan af athugunum þessum sú, að nefndin leggur til, að framlagið til Búnaðarfélagsins sé lækkað niður í 200 þús. kr., eða um 10 þús. kr., og gangi sú upphæð til sandgræðsluliðsins, sem þá hækkar upp í 30 þús. kr. Sandgræðslustöðvarnar eru nú 27. Og eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fékk, virtist henni varla hægt að komast af með öllu minni upphæð en 30 þús. kr., ef unnt átti að vera að annast nauðsynlegan starfsrekstur og viðhald stöðvanna. Ella máske hætta á, að því fé, sem þegar hefir verið lagt í sandgræðsluna, kynni að vera að nokkru á glæ kastað. En rétt þótti nefndinni að tengja þá aths. við sandgræðsluliðinn, að 3000 kr. skuli varið til framhalds áveitu í Meðallandi, þeirrar, sem Pálmi Einarsson ráðunautur hefir haft umsjón með. Lá fyrir skýrsla um góðan árangur áveitu þessarar. Hinsvegar taldi nefndin sjálfsagt, að starfsemi þessi lægi undir yfirumsjón og eftirlit sandgræðsluvarðarins.

Nefndin leggur til, að styrkur sá til tilrauna um grasfræ- og hafrasáningu, sem veittur hefir verið í fjárlögum mörg undanfarin ár, falli niður. Fyrir nefndinni lágu engar skýrslur eða skýringar frá B. Í. um starfsemina undanfarið, né óskir um, að fjárveitingin stæði áfram. Er nefndin þeirrar skoðunar, að þekking á þessum málum sé nú orðið það útbreidd og kunn víðsvegar, að styrkveiting til einstakra manna úti um land í þessu skyni til útbreiðslu eða kynningarstarfsemi geti að ósekju fallið niður.

Þá vill nefndin leggja til, að framlagið til búfjártryggingarsjóðs verði

tekið út af frumvarpinu. Hefir enn ekki verið greitt ríkistillag í sjóðinn, og telur nefndin rétt að fresta því enn um sinn í þeim fjárhagsörðugleikum, sem fyrir hendi eru.

Enn hafa ákvæðin í búnaðarbankalögunum um stofnun bústofnslánadeildar eða lánadeildar smábýla eigi verið látin koma til framkvæmda, og af viðtali við aðalbankastjórann þykir nefndinni sýnt, að engar líkur séu til, að það verði gert á yfirstandandi ári eða hinu næsta. Virðist enda óheppilegt og tilgangslítið að setja á fót nýjar lánadeildir við bankann, meðan erfitt er að starfrækja þær deildir, sem fyrir eru, í samsvörun við eftirspurnina.

Samkvæmt lögum nr. 12, 6. júlí 1931, um breyting á lögum um tilbúinn áburð, er ríkisstjórn heimilað að greiða úr ríkissjóði flutningskostnað áburðarins, eftir þar greindum ákvæðum, til ársloka 1934. Og samkvæmt þeirri heimild er tekin upp í frumvarpið 60 þús. kr. upphæð í þessu skyni, sem er áætlunarupphæð. Það er viðurkennt, að styrkurinn til áburðarflutnings hefir verið bændum mjög mikilsverð hvöt og hjálp í ræktunarstarfseminni. En hinsvegar var hugsunin frá fyrstu sú, að hér væri aðeins um byrjunarhjálp að ræða, á meðan almenningur væri að kynnast því og skilja, hversu notkun hins tilbúna áburðar væri þýðingarmikil við jarðrækt hér á landi sem annarsstaðar. Kemur þetta meðal annars glöggt fram í því, að heimildirnar um framlögin hafa ætíð verið timabundnar. Með það fyrir augum, og eins vegna þess, að nú þegar mun full viðurkenning fengin allra jarðræktarmanna um ágæti hins tilbúna áburðar, þykir nefndinni fært að leggja til, að styrkur þessi sé felldur niður 1933. Þykir það enda tiltækilegra fyrir þá sök, að áburðurinn hefir nú lækkað í verði.

Sú tillaga nefndarinnar að fella niður fjárveitinguna til rannsókna um raforkuveitur utan kaupstaða er á því byggð, að nefndinni var kunnugt um, að stjórnin hefir þegar sagt þeim manni upp starfi, er undanfarið hefir unnið að þessum málum, og því sýnilegt, að spara má þann lið í fjárlagafrumvarpinu. Með hliðsjón af því, sem áður hefir verið vikið að um fyrirskipaða launalækkun starfsmanna ríkisins, þykir nefndinni mega lækka áætlaðan skrifstofukostnað skipaskoðunarstjóra, enda má benda á, að kostnaðurinn við eftirlit með bátum og öryggi þeirra hefir numið alls árið 1930 tæpum 13 þús. kr., en er nú samkvæmt frumvarpinu ætlaður yfir 16 þús. kr. Sýnist því eiga að lækka til muna.

Guðmundur Einarsson sækir um 3500 kr. styrk til að gera fullnaðarrannsóknir á postulíni, glerefnum, gráleir, og sömuleiðis á hagnýtingu annara leirtegunda til húsabygginga og iðnaðar.

Þessi maður hefir áður notið lítils háttar ríkisstyrks til að koma hér á fót leirbrennslu, og hefir hann síðan unnið mjög myndarlega að leiriðnaði ýmiskonar hér í Reykjavík. Samhliða hefir hann látið rannsaka um 70 innlendar leirtegundir og notað margar þeirra með góðum árangri síðastl. 2 ár. En til þess að fá betur úr skorið um nothæfni þessara leirtegunda sumra, kveður hann þurfa að reyna þær erlendis í þeim vélum, sem notaðar yrðu hér síðar, ef til kæmi. Þyrftu þessar sendingar að vera allstórar, og tilraunirnar þannig mjög kostnaðarsamar.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta starf Guðm. Einarssonar, um að koma hér á fót nýrri innlendri iðngrein, sé bæði svo mikilsvert í eðli sinu og hann hafi þegar sýnt svo mikil afköst á því sviði, að réttmætt sé að styðja hann til að komast þar lengra áleiðis. Mælir því með 2500 kr. styrk til hans í þessu skyni.

17. gr.

Styrkurinn til slysavarna er lækkaður í frumvarpinu um 6000 kr. frá því, sem er í gildandi fjárlögum, eða í 4000 kr. En auk þess hefir Fiskifélagið einnig fellt niður fyrir 1933 6000 kr. fjárveitingu, sem Slysavarnafélagið hefir haft frá því undanfarið. Það er viðurkennt, að starfsemi sú, er hér um ræðir, er mjög þýðingarmikil og að Slysavarnafélaginu hefir tekizt á þeim tíma, sem það hefir starfað, að koma björgunarstarfseminni víðsvegar um land í stórum bætt horf. En eigi félagið að geta haldið nokkuð í horfi, þarf það sýnilega meiri styrk en ætlaður er í frumvarpinu, sérstaklega þar sem það missir styrkinn frá Fiskifélaginu. Vill nefndin því leggja til, að ríkisstyrkurinn verði hækkaður upp í 8000 kr. Hefir félagið samt hálfu minna fé til starfseminnar frá ríkinu og Fiskifélaginu samanlagt en áður, svo vitanlega verður það að draga úr framkvæmdum verulega. En eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hafði, virtist henni þó, að starfsemin mundi geta haldið áfram með sæmilegri aðstöðu, ef þessi tillaga hennar gengur fram.

18. gr.

Nefndin leggur til að veita tveimur prófastsekkjum og einum uppgjafapresti viðbótareftirlaun, eftir tillögum biskups, á sama grundvelli og undanfarið. Fyrir nefndinni lágu allmargar beiðnir um eftirlaun, bæði frá póstum, sem hættir eru póststörfum, og uppgjafaljósmæðrum. Áttu flestar þessar beiðnir sammerkt um það, að þeim fylgdu litlar eða ófullkomnar skýrslur um starfstíma og efnahagsástæður umsækjenda, sem sjálfsagt er að fylgi, glöggar og óyggjandi. Treysti nefndin sér eigi að mæla með umsóknum þessum eins og þær lágu fyrir, og vill benda á, að allar slíkar eftirlaunabeiðnir fyrir unnin störf í þágu þjóðfélagsins ættu að sendast landsstjórninni, með fullnægjandi skýrslum bæði um starfstímann og ástæður umsækjenda, svo snemma, að hún geti lagt tillögur sínar fyrir þingið, ef hún teldi það rétt.

20. gr.

Áætlaðar tekjur af ríkisvélsmiðjunni og ríkisprentsmiðjunni, samtals 65 þús. kr., leggur nefndin til, að renni í ríkissjóð að þessu sinni. Hafa forstjórar þessara stofnana fallizt á, að sú ráðstöfun væri á ger, þó þeir hinsvegar létu í ljós við nefndina, að þeir hefðu talið æskilegt, að rekstrarafganginn mætti nota til aukninga og endurbóta stofnananna sjálfra, sem þá yrði að bíða betri tíma.

Í frumvarpinu er ætluð 65 þús. kr. fjárveiting til bygginga nýrra vita. En eftir þeim gögnum, sem fyrir nefndinni liggja, verður eigi séð, að fjárveitingin sé miðuð við nokkra ákveðna vita.

Nefndinni er að vísu fullljóst, að viða með ströndum landsins vantar vita, sem mjög væri nauðsynlegt að koma upp sem fyrst. En um þessar framkvæmdir telur nefndin, að gilda verði sama lögmálið og um aðrar ýmsar, að úr þeim verði að draga, og sumpart fresta, þar til betur horfir um framlög ríkisins, og leggur því til, að þessi fjárveiting verði færð niður í 50 þús.

22. gr.

Jón Guðmundsson, eigandi gistihússins Valhallar á Þingvöllum, hefir farið þess á leit að fá 9000 kr. lánaeftirgjöf, sem ríkið ábyrgist fyrir hann. Fer hann fram á þetta bæði vegna byggingar á veizlusal á Þingvöllum, er hann kveðst hafa reist eingöngu eftir óskum og fyrirlagi alþingishátíðarnefndarinnar. Og í annan stað kveður hann sig hafa orðið fyrir miklu tjóni við flutning á innbúi sínu í sambandi við hátíðahöldin, er hann telur rétt að fá greitt.

Eftir að hafa kynnt sér málið eftir föngum, og meðal annars fengið umsögn og tillögur forstjóra undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar 1930, vill nefndin mæla með því, að stjórninni sé veitt heimild til að greiða Jóni Guðmundssyni 5000 kr. fyrir þann kostnað, er hann hafði af byggingunni. Og skuli upphæðin greidd af óinnkomnu fé vegna alþingishátíðarinnar.

Í fjárlögunum 1930 var stjórninni heimilað að veita Jóhannesi Jósefssyni 3 ára gjaldfrest á tollgreiðslum af innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavik. Var það gert, og nam skuldin, er greiðslufrestur var gefinn á, kr. 40850,10. Nú leitar nefndur Jóhannes Jósefsson enn af nýju til Alþingis með beiðni um að mega greiða þessa skuld með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, því vegna yfirstandandi kreppu og margháttaðra erfiðleika við gistihúsið sjái hann sér á engan hátt fært að inna hana af höndum á tilsettum gjalddaga. Að athuguðum málavöxtum, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að verða við þessari beiðni, og leggur til, að stjórninni sé heimilað að semja við Jóh. Jósefsson um, að hann megi greiða skuldina á næstu 10 árum með jöfnum afborgunum og 6% vöxtum.

Fyrir 3. umræðu gerir nefndin ráð fyrir að taka til athugunar möguleika til enn frekari útgjaldalækkana.

Alþingi, 31. marz 1932.

Ing. Bjarnarson,	Hannes Jónsson,
form., frsm. síðari hlutans.	fundaskr., frsm. fyrri hluta.
Magnús Guðmundsson.	Pétur Ottesen.
Björn Kristjánsson.	
Lárus Helgason.	Jónas Þorbergsson.

Nd. **294. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Ingólfur Bjarnarson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda.

Hámark hvers láns, sem ábyrgzt er, má nema allt að ⅔ kostnaðar.

Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykkt áætlun og teikningar.

Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda, eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í frystihúsinu og vélum þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrjár aðalástæður eru til framburðar þessa frumvarps.

Úr viðlagasjóði er nú ekki lengur kostur lánsfjár til þess að reisa frystihús. En þaðan fékkst lán, að ráðstöfun Alþingis, til fyrstu frystihúsanna, er reist voru.

Það má telja vist, að innlendar lánsstofnanir geti trauðla veitt nauðsynleg lán, eins og nú er ástatt, sem fullnægi þörfinni.

Þar sem fullséð er, að markaður fyrir saltkjöt erlendis þrengist til stórra muna, er það hin brýnasta þörf, til þess að tryggja sölu á aðalframleiðsluvöru landbúnaðarins, að fjölga frystihúsum á kjötútflutningshöfnunum til muna, þegar á þessu ári.

Skilyrði fyrir ábyrgðinni eru sett hin sömu og giltu á sínum tíma um viðlagasjóðslánin.

Ed. 295. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „skal“ í síðasta málslið greinarinnar komi: má.
2. Við 3. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
3. Við 4. gr.
   a. Greinin orðist þannig:
      Í stað „Burðargjald“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

Alþingi, 31. marz 1932.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, fundaskrifari.	Ingvar Pálmason, frsm.

Ed. 296. Nefndarálit

um frv. til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus.

Frá samgöngumálanefnd.

Það getur ekki orkað tvímælis, að greiða beri fyrir samgöngum að vetrinum til yfir Hellisheiði. Héruðin austan heiðarinnar, sem eru einhver stærstu og beztu landbúnaðarhéruð landsins, geta ekki komizt aðra leið með afurðir sínar til markaðsstaðar eða útflutnings. En eins og kunnugt er, veldur það einatt miklum erfiðleikum að halda uppi ferðum yfir heiðina, vegna snjóalaga að vetri til. Sérstaklega verða þessir samgönguerfiðleikar tilfinnanlegir fyrir mjólkurbúin austan fjalls, sem daglega þurfa að koma afurðum sínum frá sér, og eftir því sem framleiðslan eykst með hinni auknu ræktun þessara sveita, verður þörfin meiri og brýnni fyrir öruggar samgöngur daglega. Nefndin lítur svo á, að vegur sá, sem ráðgerður er í frv. þessu, muni geta að miklu leyti bætt úr þessari sívaxandi vetrarflutningaþörf yfir heiðina og vera sú leiðin til bráða-

birgðaúrlausnar þessa máls, sem ódýrust og þar af leiðandi framkvæmanlegust er á næstunni.

Enda þótt einstakir nefndarmenn telji, að hér sé ekki um fullnaðarlausn þessa máls að ræða með þessu frv., þá telur nefndin það fela í sér svo mikla bót á brýnni þörf, að hún ræður deildinni eindregið til að samþykkja það með þessari

BREYTINGU:

Við fyrirsögn frv. Orðin „í Mosfellssveit“ skulu falla burt.

Alþingi, 1. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Bergur Jónsson, fundaskrifari. Sveinbjörn Högnason, frsm.
Jón A. Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 297. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1931, eru veittar samkvæmt 2.—10. gr. hér á eftir kr. 341035,03.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

	Kr.	Kr.
Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Arnarhváls		12541,16

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1. Greitt fyrir að gegna forsetastörfum í hæstarétti vegna sjúkdómsforfalla L. H. Bjarnasonar	1000,00	
2. Greitt fyrir endurskoðun skipamælinga	1000,00	
3. Greitt fyrir samningu innflutningsskýrslna	2594,75	
		4594,75
Flyt		17135,91

		Kr.	Kr.
	Flutt		17135,91
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
1.	Til landsspítalans:		
	a. Til byggingar ..... kr. 20000,00		
	b. — hitalagnar ..... — 9077,88		
	c. — vegalagningar ..... — 10070,25		
	d. — rekstrar ..... — 75000,00		
		114148,13	
2.	Eftirstöðvar af byggingu á Kleppi	1190,50	
3.	Aðgerðir á Kleppi	1548,83	
4.	Fjósbygging s. st.	26848,89	
			143736,35
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
1.	Íbúðarhús við Kambanesvita	9000,00	
2.	Byggingar á Bakkaseli	19000,00	
3.	Kostnaður við sjóvarnargarð á Siglufirði	1271,73	
4.	Rekstrarkostnaður snjóbila	6084,84	
5.	Póst- og símahús á Selfossi	6470,00	
			41826,57
	6. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:		
1.	Til kirkjumálanefndar	263,80	
2.	Til nýs kirkjugarðs í Reykjavík	28210,00	
3.	Aðgerð á menntaskólahúsinu	5694,20	
4.	Aðgerð á Kirkjustræti 12	1288,40	
5.	Hlöðubygging á Hvanneyri	5330,21	
6.	Styrkur handa læknaefnum til náms á fæðingarstofnunum erlendis	2505,72	
			43292,33
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Til landskjálftamælinga	753,91	
2.	Til Fornritaútgáfunnar (endurveiting)	5000,00	
3.	Styrkur handa Finnboga R. Valdimarssyni, til þjóðréttarnáms	1000,00	
			6753,91
	Flyt		252745,07

		Kr.	Kr.
	Flutt		252745,07
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin i 16. gr. er veitt:		
1.	Skrifstofukostnaður húsameistara	14407,43	
2.	Sjómælingar og hafrannsóknir	27096,98	
3.	Fyrirhleðsla á Prestbakkaá	1849,65	
4.	Kostnaður við laxveiðanefnd	3600,00	
5.	Til Skeiðaáveitunnar	812,05	
6.	Kostnaður við byggingu rafst. á Reykjum i Ölfusi	9893,77	
7.	Til þess að gera Laxfoss og Glanna laxgenga	494,33	
8.	Fyrirhleðsla Þverár i Eyjafirði	1826,50	
9.	Bryggja á Þórshöfn og virkjun Fossár	588,75	
10.	Undirbúningur tryggingarstarfsemi	3600,00	
11.	Kostnaður við raforkunefnd	1591,75	
			65761,21
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin i 18. gr. er veitt:		
1.	Til Ögmundar Sigurðssonar, fyrrv. skólastj.	2800,00	
2.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndal, póstr.	280,00	
3.	— Sigr. Jóhannesdóttur, ekkju sr. Kj. Helgasonar	280,00	
4.	— Bened. Þ. Gröndal, fyrrv. bæjarfógetaskrifara ..	1120,00	
5.	— Ástríðar Petersen, prófastsekkju	70,00	
6.	— Pollý Ólafsson, ekkju Gísla Ólafsson landss.stj ..	280,00	
7.	— séra Jóns Finnssonar	134,75	
8.	— Lárusar Rist, fyrrv. leikfimikennara	210,00	
9.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlends Zakaríassonar, fyrrv. vegaverkstjóra	140,00	
10.	— Þorv. Pálssonar fyrrv. læknis, endurv. kr. 3856,00		
	— sama, styrkur 1931 420,00		
		1276,00	
			9590,75
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin i 19. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við sænska ullarmatið	10000,00	
2.	Keyptar skrifstofuvélar handa gjaldheimtumönnum	2938,00	
			12938,00
	Samtals kr.		341035,03

Athugasemdir við frumvarpið.

Um 2. gr.

Ekki þörf á skýringu.

Um 3. gr.

1. Vegna sjúkdóms varð L. H. Bjarnason, sem þá var forseti Hæstaréttar, að greiða þessa upphæð fyrir að láta gegna fyrir sig forsetastörfum. Þótti ekki rétt að láta þennan kostnað lenda á honum.
2. Enda þótt greiðsla til endurskoðunar skipamælinga eigi stæði á fjárlögum 1931, þótti eigi fært annað en greiða sömu upphæð og áður.
3. Fyrirfarandi ár hefir innheimtumönnum ávalt verið greitt fyrir innheimtu og sendingu innflutningsskýrslna.

Um 4. gr.

1.—4. Þetta er nauðsynlegur byggingar- og aðgerðarkostnaður við nefndar stofnanir.

Um 5. gr.

1. Ekkert íbúðarhús fylgdi Kambanesvita og lá við borð að ábúandi yrði að hröklast burtu og þá húsið, sem var nýlega reist, að seljast til niðurrifs og var því talið óhjákvæmilegt að kaupa húsið handa vitanum.
2. Fjárveiting til byggingar í Bakkaseli var 25000 krónur, en það var alveg ófullnægjandi til þess að reisa þar bæði íbúðarhús og peningahús, sem var nauðsynlegt, þar sem öll hús voru komin að falli. Varð því að verja þessu umfram fjárveitingu.
3. Helmingstillag til viðgerðar sjógarðsins samkv. samningi við bæjarstjórn Siglufjarðar.
4. Kostnaður við snjóbílana er talinn að mestu í 22. gr., bæði við kaup og rekstur bifreiðanna, en þessi upphæð hefir verið veitt gegn væntanlegri aukafjárveitingu og hefir því þótt rétt að setja hana í þessa gr.
5. Þegar póstafgreiðslan í Hraungerði var lögð niður, var nauðsynlegt að útvega póstafgreiðslunni varanlegt húsnæði á Selfossi og er upphæð þessi nokkur hluti af byggingarkostnaði húss þess, sem reist var þar fyrir póst- og símastöð.

Um 6. gr.

1. Eftirstöðvar kostnaðar við kirkjumálanefndina.
2. Þetta er kostnaður við nýja kirkjugarðinn í Fossvogi. Samningar standa nú yfir um að Reykjavíkurbær taki að sér kirkjugarðsmál bæjarins.
3.—4. Nauðsynlegur aðgerðarkostnaður.
5. Þetta eru eftirstöðvar af kostnaði við hlöðubyggingu á Hvanneyri, sem nauðsynleg var talin vegna stórbús, sem rekið er á skólajörðinni.
6. Vegna þess, að ekki hefir enn sem komið er þótt fært að hafa nothæft námsskeið fyrir læknaefni í Landsspítalanum, hefir þessi styrkur verið greiddur eins og áður. En þótt læknaefni þurfi áfram að fara utan á slík

námskeið, er varla nauðsynlegt að halda áfram að greiða styrk til þessa. Er nú í ráði að hætta þessu.

Um 7. gr.

1. Það hefir ekki verið talið rétt að leggja niður notkun landskjálftamælanna, enda yrði að gera ráðstafanir, sem kosta talsvert, til geymslu þeirra og hefir þeim því verið haldið í notkun eins og undanfarið, enda þótt það kostaði þessa upphæð.
2. Upphæðin veitt 1930 en ekki greidd.
3. Þessi upphæð er greidd samkvæmt tillögum utanríkismálanefndar.

Um 8. gr.

1. Störf húsameistara aukast árlega og eykst því skrifstofukostnaður að sama skapi.
2. Þetta er kostnaður sá, sem varð af sjómælingum á Húnaflóa, sem haldið var áfram frá árinu 1930. Var mæld siglingarleiðin fyrir Vatnsnes og innsigling á Kollafjörð, og ýmsa firði á Ströndum.
3. Prestsbakkaá á Ströndum gróf svo mjög undan túni þar, að bæjarhús voru að komast í hættu af landbroti hennar, og varð því að gera allmikið mannvirki til þess að forða frekari skemmdum.
4. Upphæð þessi var greidd Jörundi Brynjólfssyni alþingismanni, formanni nefndar þeirrar, sem skipuð var 7. nóv. 1929, til þess að endurskoða lagafyrirmæli um veiðirétt í ám og vötnum, upp í kostnað við nefndina.
5. Af þessu eru kr. 512,05 kostnaður við nefndina, en kr. 300,00 þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra.
6. Upphæð þessi er eftirstöðvar af byggingarkostnaði rafstöðvar á Reykjum í Ölfusi, sem Reykjahælið á að hálfu á móti Mjólkurbúi Ölfusinga.
7. Í fjárlögum fyrir 1930 var fjárveiting til þessa verks allt að 1000 kr., en var þá ekki notuð. Verkið var ekki unnið fyrr en 1931, og er þetta sá hluti kostnaðarins, sem ríkissjóði mundi hafa borið að borga samkvæmt téðri fjárveitingu.
8. Þetta er síðasti hluti af tillagi ríkissjóðs til þessarar fyrirhleðslu og varð ekki hjá því komizt að leggja hann fram til þess að þetta nauðsynjamál kæmist í framkvæmd.
9. Vitamálastjóra var falið að sjá um bryggjumælingu á Þórshöfn og athuganir á möguleikum til virkjunar á svonefndri Fossá þar við kauptúnið, en rafmagnið átti að nota til þarfa kauptúnsins. Er þetta kostnaður af mælingum, uppdráttum og kostnaðaráætlunum vegna þessara mannvirkja.
10. Þetta var kaup Árna Björnssonar hagfræðings við undirbúning almennra ellitrygginga, samkvæmt ákvæðum þingsályktunar 16. april 1928. Vann hann að starfinu 9 mánuði, frá 1. jan. til 30. sept. 1931.
11. Þetta er hluti af kostnaði við raforkunefnd, sem mun hafa verið greiddur sem óviss útgjöld af 19. gr. fjárlaganna, en sem réttara mun að telja til útgjalda samkvæmt 16. gr.

Um 9. gr.

1.—9. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan 1932 teknar upp í fjárlög.
10. Þetta er greitt samkvæmt samþykki fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis.

Um 10. gr.

1. Þetta er ferðakostnaður og þóknun til manna þeirra, sem fóru með málið fyrir hönd ríkisins.
2. Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 298. Nefndarálit

um frv. til laga um rikisskattanefnd.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á, að skipuð verði ný, launuð þriggja manna nefnd með skrifstofuhaldi og ferðakostnaði, allt á kostnað ríkissjóðs. Ég get ekki fallizt á, að rétt sé að stofna til þessarar gjaldaaukningar á yfirstandandi krepputíma.

Frv. ætlar ríkisskattanefndinni aðallega þrjú verkefni:

1. Leiðbeining fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir, til samræmingar á framkvæmd laganna um tekju- og eignarskatt.
2. Úrskurðarvald í skattamálum og útsvarsmálum, sem nú er hjá fjármálaráðuneytinu og atvinnumálaráðuneytinu.
3. Sjálfstæðan rétt til að breyta ákvörðunum skattanefnda og yfirskattanefnda um skattgjald, þótt ekki hafi verið yfir því kært.

Verkefni 1. tel ég, að framkvæma megi með miklu minni tilkostnaði með því að fjármálaráðuneytið láti hæfan mann vinna að þessu leiðbeiningarstarfi, gegn þóknun, sem auðvitað er heimilt að greiða af fjárveitingunni til aukastarfsmannahalds í ráðuneytunum.

Verkefni 2. tel ég ekki nægilega aðkallandi til þess að stofna til aukinna útgjalda út af því eins og stendur.

Um verkefni 3. tel ég að ákvæði frv. séu alveg óviðunandi, og verður gerð grein fyrir því í framsögu.

Samkvæmt þessu legg ég til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að fjármálaráðuneytið láti án tilfinnanlegs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð veita skattanefndum og yfirskattanefndum nauðsynlegar leiðbeiningar til samræmingar á framkvæmd laganna um tekju- og eignarskatt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. apríl 1932.

Jón Þorláksson.

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvilir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahúsum, hlöðum og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum. Sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð í sveitum utan kauptúna innanstokksmuni og aðra búslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum er félaginu einnig heimilt að taka í ábyrgð innanstokksmuni og búslóð, sem húseigandi á í hinum tryggðu húsum.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verða munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í tvo flokka, og myndast af iðgjöldum til félagsins tveir tryggingarsjóðir, hvor fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.

2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna, hvort sem þær eru í skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance") hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefir í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	Í kauptúnum og kaupstöðum	Í sveitum utan kauptúna.
1. Steinhús	kr. 20000,00	kr. 12000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd	— 15000,00	— 10000,00
3. Önnur hús	— 10000,00	— 8000,00

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambrunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu hvíla á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Ársreikningur Brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. sept. 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, og hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. sömu laga skulu mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna, að greiddum skuldum hinna einstöku sjóða.

23. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

24. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum, ennfremur lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Ed. 300. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Pétur Magnússon.

1. gr.

Úr 33. gr. laganna falli burt orðin: „eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa".

2. gr.

Aftan við 36. gr. laganna bætist: Svo er og kjörseðill ógildur, ef stimplað er yfir auða reitinn fyrir framan nafn fleiri en eins af frambjóðendunum.

3. gr.

Framan við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sá hefir hlotið kosningu, sem hefir fengið flest atkvæði, þegar kjósa skal einn þingmann einungis. Þegar kjósa skal tvo þingmenn samtímis í sama kjördæmi, hefir sá hlotið kosningu, sem fengið hefir flest atkvæði, og sá, sem fengið hefir næstflest atkvæði.

Greinargerð.

Í frv. því til breytinga á stjórnarskránni, sem nú liggur fyrir Alþingi, er farið fram á nokkuð víðtækar breytingar á skipun Alþingis, og verður að setja ný lög um kosningar til Alþingis jafnframt því, sem það stjórnarskrárfrumvarp er samþykkt til fullnustu. En til þess að breytingin komist í kring þarf þó að stofna einu sinni enn til kosninga samkvæmt núgildandi stjórnarskrá og kosningalögum, og er frv. borið fram til þess að nema burt við þær kosningar þann höfuðannmarka, sem nú er á kosningu í tvímenningskjördæmunum, og vísast um þetta til nefndarálits okkar úr milliþinganefndinni í kjördæmamálinu, sem prentað er á þskj. 37, bls. 15—16 og bls. 24. Felst það í frv., að hver kjósandi velur einn þingmann jafnt í tvímenningskjördæmum sem öðrum, og fá þeir tveir kosningu, sem hlotið hafa flest og næstflest atkvæði.

Nd. 301. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Guðbr. Ísberg.

Bjarni Ásgeirsson. Bergur Jónsson.

Nd. 302. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 277 (Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. Á eftir orðunum „taldar eru í“ kemur: 1. og 2. lið.

Ed. 303. Frumvarp

til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall nálægt Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að 1/8 hluta. Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að 3/4 og 1/4 hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum i farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slikar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að til-

kvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1. og 2. lið 1. gr. laga þessara.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Nd. 304. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með, að frumvarpið verði samþykkt. Nefndarmenn eru þó ósammála um ýms atriði frumvarpsins. Áskilja tveir nefndarmanna, þeir MG og PO, sér rétt til þess að bera fram breytingar-

tillögur, auk þeirra, sem eru á þessu þingskjali. Allir nefndarmenn hafa og óbundin atkvæði um nokkur atriði frumvarpsins.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem skipuð var af atvinnumálaráðherra í nóv. 1929 til þess að endurskoða öll lagafyrirmæli um veiði í vötnum og ám og semja síðan frumvarp til laga á þeim grundvelli. Frumvarpið hefir legið fyrir tveimur þingum áður, en ekki náð afgreiðslu. Nefndin hefir varið miklum tíma til þess að kynna sér frumvarpið. Margir menn hafa komið á fundi nefndarinnar til þess að ræða málið, og er ljóst, að viðhorf manna til þessa máls er mjög breytilegt og skoðanir skiptar um, hvernig það skuli leyst.

Höfuðtilgangur frumvarpsins er að hindra það, að um of sé eyddur fiskstofn í ám og vötnum hér á landi. Reynslan hefir leitt í ljós, að veiði hefir víða gengið mjög til þurrðar hin síðari ár, og eru fyrirmæli eldri laga ekki einhlít til þess að hindra rányrkju á þessu sviði. Með frumvarpinu er stefnt að aukinni fiskrækt. Þær leiðir, sem þar eru farnar, eru: Meiri friðun en áður hefir tíðkazt, ýmsar ráðstafanir til þess að auka klakstarfsemi að miklum mun, og einnig ýmsar heimildir um skipulagsbundinn félagsskap þeirra manna, er hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, til þess að vernda þann fiskstofn, sem eftir er, og efla fiskrækt. Þessu verður ekki náð nema að skerða að nokkru veiðirétt ýmissa þeirra, er hlunnindi hafa af veiðiskap nú. En að dómi nefndarinnar er það réttmætt og sjálfsagt, ef það verður til þess, sem vér væntum, að veiði aukist mikið vegna þeirra ráðstafana, sem hér eru gerðar, svo að sú veiðirýrnun, sem í fyrstu mun verða, komi aftur síðar í margföldum mæli sem aukin hlunnindi.

Vér teljum, að með frumv. sé stefnt að því að vernda mjög merkan þátt af náttúrugæðum lands vors gegn rányrkju og eyðingu, og leggjum því til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Skulu helztu efnisbreytingar skýrðar nokkru nánar.

Við 3. gr. höfum vér í fyrsta lagi gert þá brtt., að í stað þess, sem einfaldur meiri hluti þeirra landeigenda, er misst hafa veiðiréttindi fyrir landi sínu, geta krafizt innlausnar samkv. frv., þá leggur nefndin til, að þessu verði breytt í ¾ hluta, þar sem ekki þykir rétt, að einfaldur meiri hl. fái slíkt vald í hendur. Þá þykir og nefndinni ekki rétt, að hægt sé að þvinga þá landeigendur, sem alls ekki óska eftir, eða ef til vill ekki geta innleyst forn veiðiréttindi jarðar sinnar, til þess, enda þótt ¾ hlutar aðila óski þess. Leggur nefndin því til, að innlausnarskyldan í þessum tilfellum hvíli á þeim, er innlausnar kröfðust. Loks leggur nefndin til, að 4. tölul. 3. gr. falli niður, þar sem alls ekki verður á það fallizt, að áliti nefndarinnar, að rétt sé að undanskilja þá aðila, sem þar eru nefndir, fremur en aðra, frá því að láta af hendi veiðiréttindi annara jarða, sé þess krafizt.

Við 12. gr. Nefndin sér ekki, að nauðsyn krefji, að tvöfaldar veiðiskýrslur séu gefnar, bæði af þeim, er veiði stunda, og hinum, sem aflann kaupa. Leggur nefndin því til, að 2. tölul. gr. falli niður, sem skyldar alla, er kaupa lax eða silung, til þess að gefa mánaðarlega skýrslu um kaup sín. Hinar aðrar brtt. við gr. eru aðeins til samræmis við þessa.

Við 14. gr. Nefndin leggur til, að einungis sé bannað að hafa ádrátt í sjó

nær árósum en 500 metra, en vill leyfa, að leggja megi þar silunganet. Þá vill og nefndin, að ákvæði þessarar greinar nái aðeins til þeirra staða, sem lax gengur í, en sér ekki ástæðu til þess að banna mönnum að notfæra sér silungsveiði á þessum stöðum, ef enginn lax gengur um ósana.

Við 16. gr. Nefndin er á einu máli um það, að ástæðulaust sé að banna laxveiði fyrir 1. júní. Í sumum héruðum hefir laxveiði byrjað fyrr, og virðist ekki ástæða til að hindra það. Mælir því nefndin með, að rýmkað sé um þetta, svo að veiði megi hefjast 20. maí í þeim héruðum, sem þess óska. Tveir nefndarmenn vilja skipa málum þessum á annan veg og munu gera frekari grein fyrir því. Þá finnst og nefndinni fulllangt gengið að banna veiði göngusilungs að öllu leyti eftir 15. sept., og leggur því til hvað lagnetaveiði snertir, að veita megi undanþágu frá því ákvæði.

Við 17. gr. Meiri hl. nefndarinnar álítur, að óþarfi sé að friða lax um veiðitímann 60 stundir á viku hverri, og vill færa þetta niður í 48 stundir.

Nefndin álítur óheppilegt, að ádráttur sé leyfður frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 á miðnætti, því að það mun víst, að ádráttarveiði er hættulegust á kvöldin og nóttunni. Nefndin gerir því þá breytingu, að þetta verði fært til þess sem verið hefir áður, að ádráttur sé leyfður frá kl. 9 að morgni til kl. 9 að kvöldi.

Við 48. gr. Nefndin lítur svo á, að kostnaði, sem starfsemi fiskræktarfélags hefir í för með sér, skuli eingöngu jafna niður eftir áætluðu veiðimagni þeirra jarða, sem taka þátt í félagsskapnum, og leggur nefndin því til að fella niður heimildina um, að ¼ kostnaðar megi jafna niður samkvæmt fasteignamati.

Samkvæmt XI. og XII. kafla frumvarpsins er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram allmikið fé, sem notist við framkvæmd laga þessara. Eins og nú er ástatt um fjárhagsástæður ríkissjóðs, sér nefndin ekki, að komið geti til mála að leggja þessi auknu útgjöld á herðar ríkissjóðs nú, og leggur því til, að framkvæmdum samkvæmt þessum köflum frumvarpsins verði að mestu frestað fyrst um sinn.

Ýmsar smærri breytingar hefir nefndin gert við frumvarpið, og verður þeirra nánar getið við framsögu málsins.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir: „*Ós úr stöðuvatni:* ... hefst“ kemur:
   Sjór: Salt vatn utan árósa.
2. Við 2. gr. Í stað „rétti“ í 5. tölul. kemur: afnotarétti.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað „meiri hluta þeirra innlausnar“ í niðurlagi 1. tölul. kemur: ¾ hlutar þeirra innlausnar.
   b. Aftan við 2. tölulið bætist:
   Nú vill landeigandi ekki innleysa veiðirétt fyrir landi sinu, og skulu þá þeir, er innlausnar hafa krafizt, einnig innleysa veiðirétt hans.
   c. 4. tölulíður fellur niður.

4. Við 6. gr. Fyrsta málsl. skal orða svo:
Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil.
5. Við 12. gr.
a. 1. tölul. orðist svo: Hver veiðieigandi skal gefa skýrslu um veiði sína.
b. 2. töluliður fellur niður.
c. Síðasti málsl. 4. tölul., „Þeir, sem skýrslur“ o. s. frv., fellur niður.
6. Við 13. gr.
a. Fyrir „1. apríl 1922“ í 3. tölul. kemur: á árinu 1932.
b. Fyrir „67. og 68. gr.“ í 4. tölul. kemur: 83. og 84. gr.
7. Við 14. gr. 2. tölul. orðist svo:
Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.
8. Við 15. gr. Síðasti málsl. 3. tölul., „Undanþága frá banni ... leiruna“, fellur niður.
9. Við 16. gr.
a. Fyrir „1. júní“ í 1. tölul. kemur: 20. maí.
b. Aftan við 3. tölul. bætist: Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet.
c. Fyrir „sbr. þó 3. málsgr.“ í 6. tölul. kemur: sbr. þó 4. málsgr.
10. Við 17. gr. 1. tölul. orðist svo:
Á veiðitíma þeim, er um getur í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður frá allri veiði, annari en stangarveiði, 48 stundir á viku hverri, frá laugardagsmorgni kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema 4 daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fimm daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.
11. Við 21. gr. 1. tölul.
a. Fyrir „1. júní“ kemur: 20. maí.
b. Síðasti málsl., „Sama gildir ... ár hvert“, fellur niður.
12. Við 25. gr. 3. tölul. fellur niður.
13. Við 48. gr. 2. málsl. 1. tölul., „Þó má, ... í félagsskapnum“, fellur niður.
14. Við 58. gr. Fyrir „2. málsgr. b. lið 1. greinar“ í 5. tölul. kemur: 1. málsgr. b-lið 56. greinar.
15. Við 59. gr. Niðurl. 1. málsgr. 2. tölul., „þar sem veiði .... 10 ár“, fellur niður.
16. Við 60. gr. Fyrir „Er“ í upphafi 3. tölul. kemur: Ef.
17. Við 64. gr. 2. og 3. tölul. skal orða svo:
2. Arðskrá skal lögð undir samþykki fundarins, og er hún því aðeins samþykkt, að hún hljóti ⅔ atkvæða félagsmanna.
3. Nú eru einhverjir félagsmenn óánægðir með arðskrá, og geta þeir þá krafizt mats samkvæmt 83. gr.
18. Við 73. gr. 3. tölul. fellur niður.

19. Við 76. gr. 2. tölul. orðist svo:
Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði.
20. Á eftir XV. kafla frumvarpsins kemur nýr kafli, sem hljóðar svo:

XVI. KAFLI.

Bráðabirgðaákvæði.

94. gr.

1. Ákvæði XI. kafla laga þessara, um stjórn veiðimála og eftirlit, önnur en 1. málsgr. 74. gr., koma ekki til framkvæmda fyrst um sinn, en atvinnumálaráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um það, að sá maður, sem hefir með höndum eftirlit með laxa- og silungaklaki í landinu, komi í stað veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, eftir því sem við getur átt, og hreppstjórar í stað eftirlitsmanna við veiðivötn. Skulu slík reglugerðarákvæði gilda þar til Alþingi kveður öðruvísi á.
2. Ákvæði XII. kafla þessara laga, um styrkveitingar til fiskræktar, koma ekki til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Alþingi, 2. apríl 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr. og frsm.	Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
	Pétur Ottesen, með fyrirvara.	Þorleifur Jónsson.

Nd. **305. Frumvarp**

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um,

að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt, og að Reykjavíkurbær leggi til vatn úr hitaveitu sinni til að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað, með kostnaðarverði.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að ætla svæði undir heimavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Ed. 306. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga mál iðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Vér undirritaðir, sem kosnir höfum verið af efri deild Alþingis til þess að athuga tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga mál iðnaðarins, höfum orðið ásáttir um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Í stað tillgr. kemur:

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Alþingi, 1. apríl 1932.

Magnús Torfason, form.	Ingvar Pálmason, skrifari og frsm.	Jakob Möller, með fyrirvara.

Ed. 307. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri einni

BREYTINGU,

að í stað „4000“ í síðari málsgr. 1. gr. komi: 25000.

Alþingi, 2. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 308. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 309. Breytingartillaga

við frv. til laga um gelding hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „eða héraðslækni“ í niðurlagi annars málsliðar falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarmeðulum.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1935.

Nd. 310. Tillaga

til þingsályktunar um Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta reglugerð Hins almenna menntaskóla í Reykjavík i samræmi við yfirlýstan vilja allra þingflokka i efri deild Alþingis á þingunum 1929 og 1930, þó með þeirri breytingu, að framvegis verði, auk fjögurra ára lærdómsdeildar, starfrækt tveggja ára gagnfræðadeild með óskiptum bekkjum.

Greinargerð.

Á þingunum 1929 og 1930 samþykkti efri deild frv. um það, að framvegis skyldi menntaskólinn starfa í 4 ársdeildum. Eins og nú er, skyldi vera hliðstæð kennsla í mála- og stærðfræðideild skólans. Í bæði skiptin var fullkomið samstarf milli allra flokka um málið, en sökum timaleysis dagaði það uppi á báðum þessum þingum í neðri deild.

Eins og nú er hagað ungmennafræðslunni í landinu, er það miklu hentugra og hagkvæmara, að lærdómsdeild menntaskólans starfi í 4 deildum en 3, því að þá geta ungmenni, sem stundað hafa nám í gagnfræðaskólum kaupstaðanna eða héraðsskólum sveitanna, komizt inn í lærdómsdeildina með dálitlu sérnámi, og meira samræmi og réttlæti myndast þar af leiðandi í afstöðu hinna ýmsu undirbúningsskóla í landinu. Á hinn bóginn virðist 3 ára gagnfræðanám handa þeim, sem ekki ætla sér annað fyrir en að stunda algeng atvinnustörf, vera óþarflega langur tími, og getur jafnvel frekar leitt til þess, að þeir, sem áhugalausir eru um framhaldsnám, láti berast með straumnum, er svo langt er komið, og engin sérstök hindrun á veginum upp i lærdómsdeild.

Óskir hafa komið fram frá Reykvikingum um 2 ára undirbúningsdeild við skólann áfram fyrir börn bæjarbúa, sem ætlað er áframhaldandi nám í skólanum, og er því gert ráð fyrir, að slíkri deild yrði haldið.

Skipulag menntaskólans hefir aldrei verið ákveðið með lögum, heldur reglugerðum, byggðum á yfirlýstum þingvilja. Er hér gert ráð fyrir að fylgja þeirri venju, sem virðist hagkvæmari í framkvæmdinni, um sérstök skipulagsatriði.

Ed. 311. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 279 [Stjórnarskrá].

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við A.
   a. Á undan „Skagafjarðarsýsla“ komi: Gullbringu- og Kjósarsýsla.

b. „Gullbringu- og Kjósarsýsla“ (á eftir Hafnarfjarðarkaupstað) falli niður.
c. Á eftir „Austur-Húnavatnssýsla“ komi: Siglufjarðarkaupstaður.

2. Við C.
Fyrri málsgrein falli niður.

3. Tölurnar „45“ og „32“ í upphafi brtt. breytist eftir atkvæðagreiðslu, og orðin „allt að“ falli niður.

Ed. 312. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sérstakt læknishérað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en telur hinsvegar rétt, að í því verði ákveðin laun læknisins, og flytur því við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Byrjunarlaun læknisins skulu vera kr. 3000,00, en um aldursuppbót fer eftir ákvæðum 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. 2. gr. verður 3. gr.

Alþingi, 2. apríl 1932.

Einar Árnason, form. og frsm.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 313. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir fengið allrækilegan undirbúning, legið fyrir tveim síðustu þingum og þaðan vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings, og er nú borið fram af landlækni. Nefndinni dylst ekki, að frv. þetta muni hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, þar sem það felur í sér það nýmæli, að til taks skuli vera samtals 15 rúm á landinu til afnota fyrir kynsjúkdómssjúklinga, sem flestir munu koma til með að njóta ókeypis sjúkrahús-

vistar. Gert er ráð fyrir 10 rúma deild í Reykjavík, og hafði landlæknir með bréfi, dags. 28. des. f. á., leitað undirtekta bæjarstjórnar Reykjavíkur undir það, að deild fyrir kynsjúkdóma verði höfð í farsóttahúsi bæjarins. Þessu svarar svo borgarstjóri f. h. bæjarstjórnar 10. marz þ. á., á þá leið, að bæjarstjórnin sé fús til samninga um deild fyrir kynsjúkdóma í þessu húsi, gegn hæfilegri greiðslu úr ríkissjóði fyrir vist í sjúkrahúsinu. Má af þessu ráða, að greitt mun þar um sanngjarna samninga.

En þótt nú nefndinni dyljist ekki kostnaðarhlið málsins, dylst henni heldur ekki, að af þessum sjúkdómum stafar þjóðinni veruleg hætta, þar sem sjúkdómstilfellin verða æ fleiri og verri viðfangs með ári hverju. Þannig er talið, að 1930 hafi sjúkdómstilfellin verið full 500, 1925 258 og 1920 182, og sést á þessu, að betur má, ef duga skal, til að hnekkja útbreiðslu þessara þjóðhættulegu sjúkdóma. Vill nefndin að þessu athuguðu leggja það einróma til, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form.	Jón Ólafsson, frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Einar Arnórsson,	Þorleifur Jónsson.	

Nd. 314. Frumvarp

til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sáttanefndarmenn og varasáttarnefndarmenn í Reykjavík skulu kosnir af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, þá er lög þessi öðlast gildi, með hlutfallskosningu og til 3 ára í senn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. 315. Lög

um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli.

2. gr.

Stjórn landsspítalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunarkvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæðingardeildar landsspítalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn, til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkrunarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar. Í hinum ýmsu deildum landsspítalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn. Yfirlæknar annast kennslu við hjúkrunarkvennadeildina án sérstakrar aukaþóknunar.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri en nemi tveimur á hverja fulllærða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum, þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru við námið. Fæðið leggur landsspítalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 1000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.

2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.
5. Þóknun til kennara.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924.

Nd. 316. Frumvarp

til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Erfðaleigulönd samkvæmt lögum þessum eru þau lönd, sem leigð eru íbúum kaupstaða, kauptúna eða sjávarþorpa, eða verzlunar- eða iðnaðarþorpa í sveitum til landbúnaðar, enda geti réttur leigutaka gengið að erfðum og leigutaka heimilt að framselja hann sem eigu sína.

2. gr.

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á til húsalóða í náinni framtíð, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

3. gr.

Nú liggur þjóðjörð eða kirkjujörð að kaupstað, kauptúni eða þorpi, og gilda þá ákvæði 2. gr. um þá jörð, ef bæjar- eða sveitarstjórn krefst þess, enda hafi sveitarfélagið eigi til umráða annað ræktanlegt land, er nægi þörfum sveitarmanna á erfðaleigulöndum, og eigi sé að mun óhaganlegra til afnota fyrir þá.

4. gr.

Nú verður þörfum íbúa kaupstaðarins, kauptúns eða þorps á löndum til erfðaleigu eigi fullnægt með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., og er þá sveitarstjórn heimilt að taka eignarnámi til þessara þarfa óræktað land af landi þeirra jarða, er næstar liggja kaupstaðnum, kauptúninu eða þorpinu, gegn fullu endurgjaldi. Vilji sveitarstjórn eigi gangast fyrir eignarnámi lands í þessu skyni, er landræktarfélagi, er hafi minnst 10 félaga, heimilt eignarnámið. Aldrei má þó taka meira af landi jarðar eignarnámi en svo, að jörðin hafi eftir, að dómi úttektarmanna, nægilegt land til útfærslu túns og nógu mikla hagbeit fyrir búpening. Greini úttektarmenn á, sker eftirlitsmaður Búnaðarfélags Íslands úr.

Um eignarnám þetta fer eftir almennum lögum um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um, að gerður sé skipulagsuppdráttur af löndum þeim, er ætluð eru til erfðaleigu samkvæmt 2.—4. gr., svo og áætlun um framræslu landsins, vegagerð um það og skiptingu þess í skákir. Skiptingu landsins í skákir skal haga þannig, að lagning vega, vatnsæða, rafmagnstauga o. þ. h. um það verði sem kostnaðarminnst. Skákir, sem ætlaðar eru aðallega til grasræktar, skulu eigi vera minni en 2 ha. og skákir, sem einkum eru ætlaðar til garðyrkju eða alifuglarækta, mega eigi vera minni en 3000 m^2.

Uppdrætti þessa og áætlanir gerir Búnaðarfélag Íslands hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn eða landræktarfélagi að kostnaðarlausu og lætur þeim í té eitt eintak af þeim. Eftir þeim skal farið um úthlutun lands og mannvirkjagerð á því, og má eigi frá þeim víkja, nema samþykki Búnaðarfélags Íslands komi til.

Leita skal umsagnar skipulagsnefndar, svo og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, um skipulagsuppdrætti þessa og áætlanir áður en gengið er frá þeim til fullnustu.

6. gr.

Kostnaður við vegagerð um lönd bæjar- eða sveitarfélags, er ætluð eru til erfðaleigu, svo og við aðalframræsluskurði þeirra, greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Nú á landræktarfélag slíkt land, og fer þá um greiðslu þessa kostnaðar eftir því, sem segir í samþykktum félagsins.

7. gr.

Nú er land látið af hendi til erfðaleigu, og skal þá gerður um leiguna skriflegur samningur. Í samningnum skal vera ýtarleg lýsing á landinu, stærð þess og ummerkjun. Samningi þessum skal þinglýsa, og er hann heimild leigutaka fyrir landinu.

8. gr.

Leigan er óuppsegjanleg af hálfu leigusala. Leigutaki getur sagt upp leigunni hvenær sem er, með 6 mánaða fresti til næstu áramóta. Taka skal fram í samningnum, að leigutaka sé heimilt að selja, veðsetja og afhenda með öðrum hætti leigurétt sinn, svo og að réttur hans skuli falla í erfð eftir hann sem aðrar eignir hans.

9. gr.

Leigutaka eru heimil öll afnot landsins til landbúnaðar. Svo er honum heimilt að byggja á landinu íbúðarhús fyrir fjölskyldu sína, svo og útihús þau og peningshús, er nauðsynleg eru vegna búskapar þess, er hann rekur á landinu.

10. gr.

Leigutaka er skylt að rækta landið, þannig og innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í samningnum, og halda því síðan í rækt. Nú er ræktun eigi lokið

svo fljótt sem ákveðið er í samningi, eða land fer síðar í órækt, og fellur þá leigurétturinn niður.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal ákveða leigumála á erfðaleigulöndum. Nú vill leigusali eigi una ákvæðum Búnaðarfélagsins um eftirgjaldið, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.

Leigan skal goldin í peningum 31. des. ár hvert. Leiguréttur leigutaka og mannvirki þau, er hann á á landinu, standa að lögveði fyrir leigunni. Um leið og fasteignamat fer fram ber að endurskoða leigumálann, ef leigusali eða leigutaki krefst þess. Í leigusamningum sé að jafnaði ákveðið, að landið skuli komið í rækt eftir 5 ár, og gilda þau ákvæði einnig um lönd þau, er landræktarfélög hafa tekið eignarnámi.

12. gr.

Leigutaka skal jafnan skylt að láta af hendi meira eða minna af landi sínu, ef almenningsþörf krefst þess, svo og að láta af hendi land til byggingarlóða eftir tilvísun bæjar- eða sveitarstjórnar, ef leigulandið er eign bæjar- eða sveitarfélags. Bætur til leigutaka fyrir land, sem þannig er af hendi látið, skulu miðaðar við sannvirði landsins til landbúnaðar og kostnaðar við ræktun landsins og önnur mannvirki á því.

13. gr.

Nú gengur leiguland kaupum og sölum, og skal þá jafnan bjóða leigusala forkaupsrétt. Nú er vanrækt að bjóða forkaupsréttinn, og á þá leigusali rétt á því, að gerningur sá, sem í bága fer við forkaupsrétt hans, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan árs frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

14. gr.

Ákvæði 7.—12. gr. gilda einnig um erfðaleigu á öðrum löndum en þeim, sem ræðir um í 2. og 4. gr., jafnskjótt og eldri samningar eru endurnýjaðir eða ganga úr gildi.

15. gr.

Ræktunarsjóði skal heimilt að lána fé til ræktunar á erfðaleigulöndum með sömu kjörum og til annarar ræktunar, og gegn veði í landinu. Til veðs skal leiguland metið sem sjálfseign.

16. gr.

Leigutakar erfðaleigulanda skulu njóta styrks til ræktunar og bygginga á erfðaleigulöndum sem búendur á öðrum bændabýlum.

17. gr.

Rétt er leigutökum erfðaleigulanda að stofna með sér félagsskap, er nefnist landræktarfélag, til þess að afla félagsmönnum sínum leigulanda og vinna

að ræktun landanna í samlögum. Samþykktir landræktarfélaga skulu staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu. Landræktarfélögum skal vera heimilt að taka land eignarnámi samkvæmt 4. gr., svo og að taka lán til landkaupa eða ræktunar, áhalda- eða áburðarkaupa og annara félagsþarfa, gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna og veði í leigulöndum þeirra. Gjöld félagsmanna í félagsþarfir skulu tryggð með lögveði í leigurétti félagsmanna og mannvirkjum þeim, er þeir eiga á leigulöndum sínum.

18. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón allra erfðaleigumála í landinu, undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stjórn Búnaðarfélagsins felur jarðræktarráðunaut eða öðrum hæfum starfsmanni sínum eftirlit þetta.

19. gr.

Öll erfðaleigulönd skal skrásetja, og annast sveitarstjórn eða bæjarstjórn um það, þar sem leigutaki er heimilisfastur. Í skránni skal tilgreina stærð landsins, ásigkomulag þess og matsverð, nafn leigutaka og leigusala, leigumála og annað það, er þörf þykir að tilgreina. Leigutökum og leigusölum skal skylt að láta í té allar upplýsingar, er með þarf vegna skrásetningar landanna. Skrár þessar skulu sendar eftirlitsmanni Búnaðarfélagsins, er semur aðalskrá um öll erfðaleigulönd.

20. gr.

Eftirlitsmaður Búnaðarfélagsins skal skyldur til að veita leiðbeiningar um val, útmælingu og ræktun erfðaleigulands. Afhending lands til erfðaleigu samkvæmt 3. gr. og eignarnám lands samkvæmt 4. gr. skal því aðeins fram fara, að eftirlitsmaður mæli með því. Umsagnar eftirlitsmanns skal jafnan leitað um skipulagsuppdrætti þá og áætlanir, sem getur um í 5. gr., svo og um samþykktir landræktarfélaga, áður en þær eru staðfestar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 500 krónum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum er 6. kafli jarðræktarlaga, nr. 43, 20. júní 1923, úr gildi numinn.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 317. Breytingartillaga

við frv. til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á í náinni framtíð til húsalóða, hagbeitar fyrir gripi kaupstaðarbúa eða þorpsbúa eða til jarðræktar í sambandi við búskap, rekinn af bæjar- eða sveitarfélaginu, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

Nd. 318. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er samið af sýslumanninum í Rangárvallasýslu, Björgvini Vigfússyni, og hefir þann höfuðkost, að það stefnir að því, að lýðfræðslan í landinu nái svo að segja undantekningarlaust til allra ungra manna. Í þá átt stefnir einkanlega það ákvæði frv., að skylda alla unga menn 18 ára til að leysa af hendi vinnukvöð, sem þeir fá aðeins greidda með rétti til skólavistar, en ella engu, sé henni afsalað. Þetta myndi að sjálfsögðu mynda það aðhald til skólagöngu, að undantekningar myndu það vera, væri sá réttur eigi notaður. Þá er hér og farið fram á nokkurskonar þegnskyldu, en þó aðeins í þeim fáu tilfellum, sem réttindum til skólavistar væri hafnað.

Það verður nú að líta svo á, að æskilegt sé, að lýðfræðslan verði sem almennust, og hér er bent á þá leið til þess, sem fær og hagkvæm er, að dómi höfundar frv., sem mikið hefir um mál þetta hugsað og ritað. En þar sem um alger nýmæli í skólalöggjöf er hér að ræða, mun reynslan ein geta úr því skorið, hve notadrjúg og raunhæf sú leið er. Frv. þetta fer aðeins fram á heimild til handa þeim sýslum eða bæjum, sem reyna vildu þessa leið með unglingafræðslu sína, og svo er um búið, að heimildina er ekki hægt að nota nema um einhuga ósk sé að ræða frá einhverju sýslu- eða bæjarfélagi. Sé því svo um búið að öðru leyti, að fyrir því sé séð, að fjárhag ríkisins sé eigi bundinn sá baggi, sem hættulegur sé, og fjárveitingavaldið hafi shkt fullkomlega á valdi sínu í hvert sinn, sem og trygging fyrir endurgreiðslu, ef ónothæft reynist, þá verður eigi séð, hver ástæða er til að neita um slíka heimild.

Fyrir því mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við orðin „á kostnað ríkissjóðs“ bætist inn: þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „20 ár“ komi: 40 ár.
   b. Seinni hluti greinarinnar „.... skal það ....“ og greinin út fellur niður, og í staðinn kemur: skal viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá 1/40 hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkv. lögum þessum.

Alþingi, 4. apríl 1932.

Sveinbjörn Högnason, form. og frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr., með fyrirv.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 319. Nefndarálit

um frv. til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leiða í lög aðalatriðin í þessu frv.

Hinsvegar lítur nefndin svo á, að samvinnufélögin séu einkafyrirtæki, og að eðlilegast sé því að þau ráði sjálf, hversu þau haga launakjörum starfsmanna sinna.

Jafnvel þó nefndinni sé kunnugt, að það er föst regla hjá samvinnufélögum, að starfsmenn þeirra mega ekki taka umboðslaun hjá viðskiptamönnum félaganna, þá leggur hún þó á móti að fastbinda þetta í landslögum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Síðari málsgr. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 4. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 320. Frumvarp

til l. um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12, 31. maí 1927, skal orða svo:

Nú hefir kauptún eða þorp 200 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu í sumar. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta fer fram á að rýmka rétt kauptúna til þess að verða sérstakur hreppur. Nú er í sveitarstjórnarlögum ákveðið, að kauptún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Hér er stungið upp á þeirri breytingu einni, að kauptún með 200 íbúa eða fleiri geti krafizt þessa.

Verður nánari grein gerð fyrir málinu við flutning þess".

Nd. 321. Breytingartillaga

við frv. til laga um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Við 2. gr. e.

Í stað orðsins „fyrir" í niðurlagi greinarinnar komi: gegn; orðið „aldrei" falli niður.

Nd. 322. Frumvarp

til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núverandi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þennan kafla, skal það gert.

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Ed. 323. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: Póststjórnin veitir móttöku til umönnunar og skila.

Aftan við liðinn a. 1. í sömu grein bætist: allt að 2000 grömm. Í stað „250 grömm (50 kvint)“ í sömu gr. lið b. komi: 2000 grömm.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Umönnun og skil á póstsendingum, sem getið er um í 2. gr., nær bæði til flutnings milli pósthúsa og útburð þeirra til viðtakenda og til þess að safna þeim saman úr bréfakössum.

Póststjórnin hefir heimild til að ákveða, hvort útburður póstsendinga

megi eiga sér stað á vissu svæði á kostnað póstsjóðs og hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda. Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, svo sem útburð póstsendinga með hraðboða, póstáritun blaða og rita, staðfesting á innihaldi póstsendinga, vátrygging fram yfir áritað verð, útgáfu á skilríkisspjöldum, útbýting á utanáskriftarlausum sendingum, flutning á farþegum og póstbögglum með bílum.

Nánari ákvæði fyrir þessu starfi setur póststjórnin, svo og taxta bæði fyrir þessi störf og innanbæjar- og innansveitarsendingar, staðartaxta, og ennfremur getur hún ákveðið aukagjald fyrir flutning póstsendinga með loftförum.

4. gr.

Í stað „Burðargjald“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

5. gr.

Á eftir 10. lið í 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar sendingar, enda þótt þær eftir eðli sínu ættu að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald.

Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

6. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna skal orða svo:

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd almenn frímerki og þjónustufrímerki, ástimpluð frímerki og ástimplanir frímerkingarvéla, sem póststjórnin tekur gildar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Ed. 324. Lög

um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 325. Þingsályktun

um breyting á erfðalögunum.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til nýrra erfðalaga.

Nd. 326. Viðaukatillaga

við frv. til laga um afnám laga nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Pétri Ottesen.

Á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þangað til sett verða lög um geðveikrahæli skal daggjald í hvorri deild hælisins fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri, vera kr. 1,50.

Nd. 327. Breytingartillaga

við frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Frá Lárusi Helgasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo látandi:

Vegarlagningin skal framkvæmd jafnóðum og fé er til þess veitt í fjárlögum.

Ed. 328. Lög

um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir, í samráði við yfirlækni fæðingardeildar landsspitalans, hver þau skuli vera.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Ed. 329. Frumvarp

til laga um sérstakt læknishérað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu skal vera sérstakt læknishérað.

2. gr.

Byrjunarlaun læknisins skulu vera kr. 3000,00, en um aldursuppbót fer eftir ákvæðum 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júní 1933.

Ed. 330. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svonefndri Skeljavík innan við Hnífsdal.

Stærð landsins má vera 25000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Nd. 331. Breytingartillaga

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 17. gr. Fyrir „60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9“ í 1. málsgr. komi: 72 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagskvölds kl. 9.

Ed. 332. Breytingartillaga

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 2. gr.

Síðasta málslið (þeim skal heimilt .... sala á því) skal orða svo: Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhending sæfingarefnis til geldingamanna.

Ed. 333. Breytingartillögur

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í félaginu öll íbúðarhús utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin; ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús.
2. Við 6. gr. Orðin „í skylduábyrgð" í 1. lið falli niður.
3. Við 20. gr. Framan við greinina bætist:
   Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:
   a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjármálaráðherra samþykkir.
   b. Að öðru leyti í tryggum handhafaverðbréfum, sem fjármálaráðherra samþykkir.
   Heimilt er þó, með samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, að verja af fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.
4. Við 22. gr. Síðari málsgrein orðist þannig:
   Hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, skal mynda tryggingarsjóð sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna.
5. Við 25. gr. Í stað orðanna „ennfremur lög" o. s. frv. til enda greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Frá 15. okt. 1934 falla ennfremur úr gildi lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Nd. 334. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 257.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 4. Nýr liður:

Til Lúðvíks Nordals, læknis á Eyrarbakka, til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu	1000

II. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni:*
Við 12. gr. 16. n. Nýr liður:
Til frú Sigríðar Kjartansdóttur, vegna sjúkleika manns hennar, sr. Jakobs Ó. Lárussonar 3000

III. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 4 (Holtavörðuheiðarvegur)
Framlagið lækki um 20 þús. kr.

IV. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 4 (Holtavörðuheiðarvegur).
Framlagið lækki um 20 þús. kr.

V. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 4 (Holtavörðuheiðarvegur).
Framlagið lækki um 10 þús. kr.

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
a. Við tölul. 8. (Vatnsskarðsvegur).
Fyrir „15000“ kemur 10000
b. Nýr liður á eftir:
Hofsósvegur 5000

VII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
a. Við tölul. 9 (Blönduhlíðarvegur).
Fyrir „10000“ kemur 7000
b. Við tölul. 11 (Ljósavatnsskarðsvegur).
Fyrir „13000“ kemur 10000

VIII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 12. Nýir liðir:
a. Bakkafjarðarvegur 5000
b. Vopnafjarðarvegur 5000
c. Hlíðarvegur 5000
d. Unaósvegur 5000

IX. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a).
Við tölul. 12. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 15000

X. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 12. Nýir liðir:
a. Geithellnavegur, frá Djúpavogi um Geithellnahrepp 6000
b. Breiðdalsvegur og Breiðdalsheiðar 7000

XI. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 257, 25 (13. gr. A. II. a.).
Við tölul. 13. Nýr liður:
Fjallabaksvegur í Landsveit 10000

XII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 14. gr. A. b. 7. Nýr liður:
Til Kvennabrekkusafnaðar í Dalasýslu, vegna sérstakra fjárhagsvandræða safnaðarins út af kirkjubyggingu, í eitt skipti fyrir öll 3000
Til vara 2000

XIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jóns Ág. Gissurarsonar, til framhaldsnáms í Þýzkalandi 1000

XIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. Nýr liður:
Til unglingaskóla á Seyðisfirði 1200

XV. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 15. gr. 18. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms 1000
Til vara 800

XVI. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan tölul. 1:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 1000000
gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði, er nemi helmingi framlags þeirra.

XVII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 16. gr. 12. b. Nýr liður:
Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga 500
Til vara 400

XVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Sveinbirni Högnasyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Styrkur til dýralækninga 1000
Styrkurinn veitist mönnum, er dýralækningar stunda og dýralæknar mæla með, í þeim héruðum, sem erfitt eiga með að ná til dýralækna landsins.

XIX. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 24 (Gamalmennahæli á Seyðisfirði).
Fyrir „800“ kemur 1000

XX. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 18. gr. II. e. 19. Nýr liður:
Til Baldvins B. Bárðdals 300

XXI. Frá *Guðbr. Ísberg* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. f. 21. Nýr liður:
Til Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri 300

XXII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
1. Við 18. gr. II. f. 21. Nýr liður:
Til Torfa Sæmundssonar pósts 300
Til vara 200
2. Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Önnu H. Eiríksdóttur ljósmóður 300
Til vara 200

XXIII. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. k. Nýr liður:
Til Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns í Hrísey, vangoldin dýrtíðaruppbót frá árinu 1928 102

XXIV. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 22. gr. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði allt að 65000 kr. til þátttöku í rekstrarkostnaði útvarpsviðtækja þeirra útvarpsnotenda í landinu, sem ekki eiga kost á raforku. Styrkurinn miðast við útvarpsmóttöku frá Útvarpsstöð Íslands eingöngu og greiðist eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur, þó ekki yfir 40 kr. til hvers útvarpsnotanda.

XXV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 22. gr. Nýr liður:
Að greiða Búnaðarbanka Íslands eftirstöðvar af láni Áslækjarrjómabúsins við viðlagasjóð ásamt áföllnum vöxtum, kr. 4250,00.

XXVI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 22. gr. Nýr liður:
Að gefa Mjólkurfélaginu „Mjöll" eftir 15000 kr. viðlagasjóðslán ásamt ógreiddum vöxtum, enda greiði ríkissjóður viðlagasjóði upphæðina.

XXVII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. Nýir liðir:
a. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. krónum. Lánin skulu tryggð með sjálfsskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ennfremur skal ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting heimildar).
b. Að leggja fram til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði allt að 200 þús. kr., enda sé tryggt, að íslenzkt félag komi þar upp síldarbræðslustöð, er geti unnið úr eigi minnu en 1000 málum síldar á sólarhring. Upphæð þessi skal lögð fram sem hlutafé eða stofnfjárhluti ríkissjóðs í fyrirtækinu. Ennfremur er stjórninni heimilt að gefa eftir inn-

flutningstolla af vélum og efni til verksmiðjubyggingarinnar eða auka framlag sitt sem tollum nemur.

c. Að leggja fram úr ríkissjóði allt að 75 þús. krónur til þess að koma á fót sögunarverksmiðju á Seyðisfirði í helmingafélagi við kaupstaðinn.

Ed. 335. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. nóv. 1887, um aðför.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1932.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari, frsm.	Jón Jónsson.

Ed. 336. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um stofnun fávitahælis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að hér sé um allmikið nauðsynjamál að ræða, en telur hinsvegar ýmsan undirbúning þurfa fram að fara áður en fullnaðarákvörðun sé tekin um stofnun fávitahælisins, enda litlar horfur á, að hægt sé að leggja út í mikinn kostnað í þessu efni að svo komnu.

Nefndin hefir leitað umsagnar landlæknis um málið, og er bréf hans prentað sem fylgiskjal með þessu áliti. Fer skoðun landlæknis mjög í sömu átt eins og álit nefndarinnar.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti fara fram þann undirbúning málsins, sem hún telur nauðsynlegan, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 1. apríl 1932.

Þér hafið sent mér til umsagnar þingsályktunartillögu frú Guðrúnar Lárusdóttur um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að koma upp hæli handa fávitum, svo fljótt sem auðið er.

Ég tel engan vafa á þörfinni fyrir slíkt hæli, sem ég hygg svo brýna, að fátt eða ekkert sé meira aðkallandi af því, sem sambærilegt gæti verið.

Hinsvegar er þetta mál gersamlega óundirbúið, og það svo, að enginn veit einu sinni með vissu tölu fávita í landinu.

Áður en unnt er að leysa úr því, hvernig haga skuli framkvæmdum til að bæta úr þessari nauðsyn, þurfa að hafa farið fram allvíðtækar rannsóknir bæði hér á landi og erlendis, og þar helzt með eiginni sjón þess, er svara skyldi.

Ég tel þetta mál sízt of fljótt fram borið, en óttast, að tillagan, eins og hún er orðuð, hrindi því lítt áleiðis. Mundi meira stoða, ef Alþingi legði fyrir stjórnina að undirbúa málið rækilega á þessu og á hinu næsta ári, og heimilaði nauðsynlegt fé í því skyni.

Vilm. Jónsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 337. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni hefir borizt símskeyti frá prestinum á Auðkúlu, sem jafnframt er prófastur í Húnavatnssýslu, þar sem mælt er með sölu þessa lands, sem hér ræðir um.

Í annan stað hefir nefndin fengið umsögn biskups um málið, og tekur hann fram, að hann sjái engar ástæður til að leggja á móti frv.

Þar sem nefndinni ennfremur er kunnugt, að heimajörðinni Auðkúlu er lítil eftirsjá í þessu landi, leggur hún til, að frv. verði samþykkt.

Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir, að presturinn verði einskis látinn missa í við söluna og að kaupanda verði gert að skyldu að setja upp girðing á milli hins selda lands og heimajarðarinnar.

Alþingi, 7. apríl 1932.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. **338. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrstu málsgr. skal orða svo:
      Landeigandi hefir einn umráð veiði í vötnum í landi sínu.
   b. 3., 4. og 5. málsgr. falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   1. Eigi má veiða lax nema 3 mánuði á hverju ári. Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu í hverju héraði setja fastar reglur um, hvenær veiðitiminn skuli byrja þar og enda.
   2. Sömu aðilar skulu ákveða, á hvaða tíma göngusilung megi veiða. Göngusilung má þó ekki veiða nema 5½ mánuð alls á ári.
   3. Á þeim tíma, sem veiði göngusilungs er leyfileg en laxveiði bönnuð, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.
   4. Á þeim tíma, sem veiði er bönnuð samkv. þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum.
4. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Á veiðitíma þeim, sem ákveðinn verður samkv. næstu grein hér á undan, skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangaveiði, 48 stundir á viku hverri, frá laugardagskvöldi kl. 9 til mánudagskvölds kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa milli kl. 9 að kvöldi og kl. 9 að morgni, og aldrei nema fimm daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags.
5. Við 28. gr.
   a. Í stað „4,5 cm. séu milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
   b. Í stað „⅔ hlutar“ komi: helmingur.
6. Við 29. gr.
   a. Í stað „4,5 cm. milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
   b. 4. málsgr. falli burt.
   c. 5. málsgr. orðist svo:
      Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 2. og 3. málsgr. þessarar greinar og ennfremur sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða tilteknum dráttum hennar.
7. Við 30. gr. Í stað „4,5 cm. séu á milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
8. Við 31. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Ráðherra getur, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr.

Ed. 339. Breytingartillaga

við frv. til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

Frá allsherjarnefnd.

Á undan „25000“ í 2. málsgr. 1. gr. frv. komi: allt að.

Ed. 340. Frumvarp

til laga um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar, sem starfrækt eru fullkomin mjólkurbú, eitt eða fleiri, er annast sölu mjólkur og mjólkurafurða í einum eða fleiri kaupstöðum, og ¾ hlutar fulltrúa þeirra framleiðenda, er að mjólkurbúunum standa, hafa komið sér saman um skipulag á sölu afurða sinna á framleiðslusvæðinu, þá skal kalla saman almennan fulltrúafund allra mjólkurframleiðenda á sölusvæðinu, og má þar vera einn fulltrúi fyrir hverja 25 framleiðendur. Verði skipulag þetta samþykkt þar af ¾ fulltrúa, er atvinnumálaráðherra heimilt að staðfesta um það reglugerð, og er hún þá bindandi fyrir alla aðila.

2. gr.

Í reglugerð þessari má ákveða:

a. Að allir þeir, sem framleiða mjólk til sölu í viðkomandi kaupstöðum, séu háðir ákvæðum meiri hluta stjórnar mjólkurbúa og umboðsmanna annara mjólkurframleiðenda um skipulag, sölu og hlutfallslega aðstöðu til markaðsins.
b. Að öll mjólk og rjómi, sem seld eru í kaupstöðum, skuli hreinsuð og gerilsneydd, að þeirri mjólk undanskilinni, sem seld er sem „barnamjólk“, eftir nánari reglum, sem um það verða settar.
c. Hvernig jafna skuli á milli framleiðenda verði mjólkurinnar á hverju framleiðslusvæði fyrir sig, eftir því hvort hún er seld beint til neyzlu í bæjum eða unnar eru úr henni aðrar afurðir.
d. Að mjólkurstöðvar þær, sem gerilsneyða mjólk, séu skyldar að inna það starf af hendi fyrir aðra en félagsmenn, fyrir hæfilegt gjald, sem ákveða má í reglugerðinni.
e. Að settar séu ákveðnar reglur fyrir því, hvernig mjólkurverð skuli reiknað út, þar sem lagt sé til grundvallar aðalkostnaðarliðir framleiðslunnar á hverjum tíma, og neytendur með því tryggðir gegn því, að framleiðendur geti sett verðið of hátt.

3. gr.

Þegar meiri hluti mjólkurbúa landsins hefir orðið ásáttur um að koma skipulagi á verzlun með mjólk og mjólkurafurðir landsins i heild, bæði á innlendum og erlendum markaði, getur atvinnumálaráðherra gefið sérstaka reglugerð um það efni, þar sem ákveðið er verksvið yfirstjórnar búanna og vald hennar til að skylda búin til þátttöku í hlutfallslegum útflutningi og áhættu við hann.

4. gr.

Ákveða má í reglugerð, að ágreiningsmál, sem upp koma vegna ákvæða reglugerðanna, skuli skjóta til gerðardóms. Gerðardómur sé skipaður 5 mönnum, þar sem hvor aðili nefnir til 2 menn og atvinnumálaráðherra tilnefnir 1 mann. Úrskurðir gerðardóms skulu vera bindandi fyrir aðila, nema mál sé þannig vaxið, að það heyri sérstaklega undir dómstólana.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð sektir fyrir brot á henni.

Nd. 341. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „og búnaðarsamband héraðsins tilnefnir sinn manninn hvort“ komi: eða bæjarstjórn hina 2.
2. Við 16. gr.
   a. Á eftir orðinu „lán“ í 1. málslið komi: allt að 200000 kr.
   b. Síðari málsgr. fellur burt.
3. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ed. 342. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller. fundaskr.	Einar Árnason.

Nd. 343. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Vér undirritaðir mælum með, að frv. sé samþykkt í aðalatriðum. Oss þykir þó ekki rétt að tolla grænmeti umfram það, sem nú er, og sízt svo freklega sem frumv. ætlast til. Ennfremur hafa einstakir nefndarmenn áskilið sér rétt til að bera fram breytingartillögur um fleiri atriði.

Samkv. framansögðu ber meiri hl. nefndarinnar fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. 3. málsgrein:

Orðin „Grænmeti nýtt“ falli niður.

Alþingi, 7. apríl 1932.

H. Stefánsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson. Steingrimur Steinþórsson.

Nd. 344. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed., og ræður nefndin deildinni til að samþykkja það.

Alþingi, 5. apríl 1932.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr. Bernh. Stefánsson,

H. Stefánsson.

Nd. 345. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í félaginu öll íbúðarhús utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin; ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum. Sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð í sveitum utan kauptúna innanstokksmuni og aðra búslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum er félaginu einnig heimilt að taka í ábyrgð innanstokksmuni og búslóð, sem húseigandi á í hinum tryggðu húsum.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verða munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í tvo flokka, og myndast af iðgjöldum til félagsins tveir tryggingarsjóðir, hvor fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna, hvort sem þær eru í skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance“) hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefir í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	Í kauptúnum og kaupstöðum	Í sveitum utan kauptúna.
1. Steinhús	kr. 20000,00	kr. 12000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd	— 15000,00	— 10000,00
3. Önnur hús	— 10000,00	— 8000,00

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sam-

brunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir,

eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu hvíla á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjármálaráðherra samþykkir.
b. Að öðru leyti í tryggum handhafaverðbréfum, sem fjármálaráðherra samþykkir.

Heimilt er þó, með samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, að verja af fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Ársreikningur Brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. sept. 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, skal mynda tryggingarsjóð sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna.

23. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

24. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum.

Frá 15. okt. 1934 falla ennfremur úr gildi lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Ed. 346. Frumvarp

til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja ríkisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa öðrum fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá viðskiptamönnum fyrirtækis þess, er þeir hafa forstöðu fyrir eða starfa við. Tekur þetta til forstöðumanns og starfsmanna vegamála, simamála, póstmála, ríkisverzlana og hverskonar starfsemi, sem rekin er fyrir reikning ríkisins, einnig til banka og sparisjóða. Sama gildir og um forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja bæjar- og sveitarfélaga, svo og borgarstjóra í Reykjavík, bæjarstjóra í öðrum kaupstöðum og oddvita hreppsnefnda og sýslunefnda.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða einföldu fangelsi, og auk þess missi embættis eða sýslunar, ef miklar sakir eru og verkið er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð sakamála, og sektir samkvæmt þeim renna í ríkissjóð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 347. Breytingartillaga

við frv. til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga taka einnig til forstöðumanna og starfsmanna hlutafélaga.

Nd. 348. Nefndarálit

um frv. til laga um birtingu útvarpaðra veðurfregna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

1. Nefndin álítur rétt að ákveða, að veðurfregnum skuli útvarpað, og aðallega frá útvarpsstöðinni, þar sem minni trygging er fyrir því, að þær komi að fullum notum um land allt, ef þeim er útvarpað frá loftskeytastöðinni. Þó treystir nefndin sér ekki til að lögbjóða þetta án undantekninga, sökum hins mikla kostnaðar, sem það hefir í för með sér að setja vélar útvarpsstöðvarinnar á stað vegna næturskeytanna, enda eru hlustendur þá miklu færri en aðra tíma sólarhrings.
2. Nefndinni þótti ástæðulaust að lögfesta nokkuð um það, hvort menn, sem veita skeytum móttöku í hinum ýmsu verstöðvum, skuli eiga tæki sín eða ekki, þar sem vel gæti hugsazt samkomulag um, að hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélög legðu það til sjálf, og greiddu máske lítið eða ekkert annað gjald fyrir birtingu fregnanna. Leggur nefndin því til, að 3. gr. verði niður felld.
3. Kostnað þann, sem leiða kann af birtingu þessara fregna, álítur nefndin ekki geta orðið svo tilfinnanlegan, að hlutaðeigandi sveitarfélögum sé ofvaxið að standa straum af honum, og bætir því ákvæði um þetta við 1. gr. frv. og leggur til, að 4. gr. verði felld.

Nefndin leyfir sér því að bera fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Útvarpa skal veðurskeytum að minnsta kosti fjórum sinnum á sólarhring frá útvarpsstöðinni i Reykjavík. Þó má fela loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.
2. Við 1. gr., er verður 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á stöðum, þar sem útræði er og þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skuli hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík. Þóknun fyrir birtingu veðurskeyta greiðist úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.
3. Við 3. gr. Greinin falli burt.
4. Við 4. gr. Greinin falli burt.

Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

5. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

Alþingi, 7. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.	Bjarni Ásgeirsson, frsm.	Bergur Jónsson.

Nd. 349. Breytingartillaga

við viðaukatillögu við frv. til laga um afnám laga nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis.

Frá Vilmundi Jónssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Tillagan orðist svo:

Þangað til sett verða sérstök geðveikralög skal daggjald á hvorri deild Kleppsspítala sem er fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri, ekki fara fram úr kr. 1.50 á meðan læknar spítalans telja honum vistina þar nauðsynlega.

Nd. 350. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Við 30. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Girðingar mega aldrei ná lengra en í miðja aðalstraumlínu árinnar. Aldrei má girðing ná yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru.
2. Við 83. gr. Á eftir kemur ný grein, sem verður 84. gr., svo hljóðandi:
   Nú rýrna hlunnindi og þar með verðmæti jarðar við framkvæmd þessara laga, og getur þá jarðareigandi krafizt endurmats á jörðinni.
   (Greinatalan breytist samkv. þessu).

Ed. 351. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Georg Takács læknisnemi í Reykjavík, fæddur í Ungverjalandi.

2. Ole Kristian Andreasen vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður en ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borizt umsóknir um veiting íslenzks ríkisborgararéttar frá: Georg Takács læknisnema og Ole Kristian Andreasen vélstjóra, báðum til heimilis í Reykjavík.

Nefndin hefir athugað umsóknir þessar, ásamt fylgiskjölum, og mælir með því, að báðum þessum umsækjendum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Nd. 352. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. 16. n. Nýr liður:
Til Gísla Andréssonar, sjúkrastyrkur 1200

II. Frá *Ólafi Thors* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. b.
Til Jóns Gauta Jónatanssonar, til að lúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi 2000

III. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 15. gr. 18. (Tónlistarskólinn).
Fyrir „1800“ kemur 2500

IV. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
1. Við 16. gr. 12. b.
Til Halldórs Kr. Jónssonar, Brekku í Svarfaðardal, til dýralækninga 600
2. Við 18. gr. II. i. 62. Nýr liður:
Til Guðrúnar Jóhannesdóttur frá Samkomugerði, fyrrverandi ljósmóður 500
Til vara 300

Ed. 353. Lög

um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu í kringum öldubrjótinn í Bolungavík, sem sé

nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi.

2. gr.

Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt.

3. gr.

Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Nd. 354. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

Flutningsm.: Bergur Jónsson, Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr. Aftan af 1. málsgr. 1. gr. falli: Prjónagarn, úr hverju efni sem er.

Ed. 355. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu i hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhending svæfingarefnis til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarmeðulum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi ganga i gildi 1. jan. 1935.

Nd. 356. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svonefndri Skeljavík innan við Hnífsdal.

Stærð landsins má vera allt að 25000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Nd. 357. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefir ekki séð sér fært að mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Enda þótt fúslega við það megi kannast, að fjárhagsörðugleikar steðji nú að ríkissjóði, þá lítur meiri hlutinn svo á, að það fé, sem hér um ræðir, geti ekki skorið þar úr til né frá, en á hinn bóginn byggist starf þessa sjóðs á því, að ekki sé hlaupið í það að skerða tekjur hans, þó að hart sé í ári. Er hætt við því, að ef byrjað er á því, verði það endurtekið síðar, en ef stjórnir sjóðsins eiga að hafa slíkar aðgerðir yfir höfði sér, gerir það þeim ókleift að ráðast í stór verkefni eða gera áætlanir um framtíðina. En það er skoðun vor, að sjóður þessi megi svo bezt að fullu gagni koma, að hann ráðist í slík stórvirki, í stað þess að hlaupa í smærri verk, sem fljótlega verða unnin.

Nefndinni hafa borizt erindi frá Menntamálaráði og stjórn náttúrufræðideildar Menningarsjóðs, svo og frá bandalagi íslenzkra listamanna með rökstuddum andmælum gegn frumvarpinu. Er þar bæði skýrt frá því, sem nú þegar hefir verið unnið fyrir það fé, sem hér er um að ræða, og um fyrirætlanir. Verður nánar frá því skýrt í framsögu.

Alþingi, 8. apríl 1932.

Magnús Jónsson. fundaskr., frsm. meiri hl.

Bernh. Stefánsson.

Ólafur Thors.

Nd. 358. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

Við 1. gr. fyrri málsgr. Fyrir „aðalatvinnu“ komi: atvinnu.

Ed. 359. Nefndarálit

um frumv. til laga um barnavernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir fallizt á að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Upphaf 2. málsl. skal orða svo: Utan Reykjavíkur eru barnaskólastjóri og prestur sjálfkjörnir .... o. s. frv.
   b. Í stað „a. m. k.“ í 3. málsl. kemur: að jafnaði.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Í Reykjavík skipa þó nefndina 7 menn, sem bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningum, og skulu að jafnaði 3 þeirra vera konur. Ennfremur skulu kosnir 3 varamenn.
3. Við 12. gr. Greinina skal orða svo:
   Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.
4. Við 20. gr.
   a. Fyrir „Yfirbarnaverndarnefnd“ kemur: Barnaverndarráð.
   b. Fyrir „7 menn“ kemur: 5 menn.
   c. Fyrir „2 menn“ kemur: 1 mann.
5. Við 21. gr. Fyrir „Nefndarmenn“ kemur: Barnaverndarráðsmenn.

6. Við 22. gr. Fyrir „nefndinni“ kemur: barnaverndarráði.
7. Við 23. gr. Fyrir „yfirbarnaverndarnefndar“ kemur: barnaverndarráðs.
8. Við 24. gr. Fyrir „yfirbarnaverndarnefndar“ kemur: barnaverndarráðs.
9. Við 25. gr.
   a. Upphaf gr. skal orða svo: Ríkisstjórnin sér barnaverndarráði fyrir stað til fundahalda, greiðir því til .... o. s. frv.
   b. Aftan af gr. falla orðin „og auk .... störf sín“.

Alþingi, 8. apríl 1932.

Jón Jónsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr.	Guðrún Lárusdóttir. frsm.

Nd. 360. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 257.

I. Frá *Guðbr. Ísberg.*
Við brtt. 257, 13 (11. gr. A. 8, skrifstofukostn. sýslum.).
Fyrir „90000“ kemur 95000

II. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jónasi Þorbergssyni* og *Héðni Valdimarssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til Guðmundar Karls Péturssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis 2000
Til vara 1500

III. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „72000“ kemur 76600

Nd. 361. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni er það ljóst, að ekki verður hjá því komizt að færa niður útgjöld ríkissjóðs á öllum sviðum og vill því reyna að færa niður styrk þann, sem ríkissjóður hefir að undanförnu innt af hendi til að halda uppi mann-, vöru- og póstflutningum á fjörðum og flóum.

Því er þó ekki að leyna, að á þessu sviði er það næsta erfitt að draga úr útgjöldum ríkissjóðsins, einkum vegna þess, að að undanförnu hefir verið gætt svo mikils sparnaðar á þessu sviði að því er framlag ríkissjóðs snertir, að þau

héruð, sem ekki hafa vegi eða strandferðir annara skipa til að annast fólks- og vöruflutninga, eru svo skuldug orðin vegna sífellds rekstrarhalla á þessum flóaferðum, að full hætta er á, að viðkomandi héruð geti ekki staðið undir kostnaði við ferðirnar, ef styrkurinn er færður niður til mikilla muna. Á þetta einkum við um Djúpbátinn, Flateyjarbátinn og Skaftfelling.

Þessu til stuðnings skal bent á, að á árinu 1931 hefir rekstrarhalli þessara báta orðið sem hér segir:

Djúpbátsins	kr.	18713,04
Flateyjarbátsins	—	5385,09
Skaftfellings	—	1615,43

Skuldir Djúpbátsins *umfram eignir* eru taldar kr. 62303,22, en sé hlutaféð afskrifað, eins og sjálfsagt virðist, þar sem það sýnilega er tapað, þá vantar um 24500 krónur til að félagið eigi fyrir skuldum.

Nefndin er sammála um það, að þær bátaferðir, sem hér um ræðir, séu svo nauðsynlegar íbúum viðkomandi héraða, að þeir geti alls ekki án þeirra verið. Í sumum tilfellum er þar að auki svo ástatt, að póstsjóður yrði að greiða stórar upphæðir til þess að halda uppi póstferðum, ef þessar ferðir legðust niður, svo sem í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nefndin hefir viljað verða við beiðni Grímseyinga um að veita þeim sérstakan styrk til að halda uppi nokkrum ferðum milli eyjar og lands, en jafnframt sé Eyjafjarðarbát ekki skylt að hafa áætlunarferðir fleiri en fimm til eyjarinnar.

Nefndin leggur til, að upphæðin í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1933 13. gr. B. 2. verði hækkuð um 4600 kr. og verði kr. 76600,00. Nefndin ályktar, að styrknum sé skipt þannig:

1.	Borgarnesbátur, enda fari hann minnst 4 ferðir til Breiðafjarðar	20000 kr.
2.	Djúpbáturinn	19000 —
3.	Hornafjarðarbátur	7000 —
4.	Til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu	400 —
5.	Til millilandaskips með viðkomum við Rangársand, Vik, Skaftárós og Hvalsíki	4000 kr.
6.	Rangársandsbátur	800 —
7.	Hvalfjarðarbátur	1000 —
8.	Rauðasandsbátur	400 —
9.	Mýrabátur	400 —
10.	Langeyjarnesbátur	200 —
11.	Lagarfljótsbátur	800 —
12.	Eyjafjarðarbátur, enda fari hann fimm áætlunarferðir til Grímseyjar	11000 —
13.	Grímseyjarbátur	600 —
14.	Stykkishólmsbátur	2000 —
15.	Flateyjarbátur (H. f. Norðri)	8000 —
	Sami upp í kostnað við kaup á mótorvél	1000 —
		Alls 76600 kr.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er veitt úr ríkissjóði í þessu skyni 91 þús. krónur, og er lækkunin, ef fylgt verður tillögum nefndarinnar, 14400 kr

Alþingi, 8. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jón Auðunn Jónsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Sveinbjörn Högnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 362. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 43. Nýr liður:
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á eftirstöðvum af láni Áslækjarrjómabús við viðlagasjóð, ásamt áföllnum vöxtum 6035
Brtt. 334, XXV er jafnframt tekin aftur.

II. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 43. Nýr liður:
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á viðlagasjóðsláni Mjólkurfélagsins Mjallar, ásamt ógreiddum vöxtum 17700
Brtt. 334, XXVI er jafnframt tekin aftur.

Ed. 363. Frumvarp

til laga um verkakaupsveð.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Verkamenn þeir, konur jafnt sem karlar, sem vinna við síldarútgerð, án þess að vera skráðir hásetar á síldveiðiskip, hafa lögveð í öllum síldarafurðum þeim, er á land flytjast hjá atvinnurekanda þeim, er þeir vinna hjá, til tryggingar greiðslu á umsömdu kaupi, hvort sem það er mánaðar-, viku- eða tímakaup eða ákvæðisvinna við verkun síldar.

Lögveð þetta, er nefnist verkakaupsveð, nær til allra síldarafurða, þar með talin ný síld, krydduð, söltuð eða verkuð á annan hátt, einnig til tunna, salts og krydds, sem notað er við síldarútgerð, svo og til þess, sem unnið er úr síld, svo sem lýsis og síldarmjöls.

Lögveðið gengur næst á eftir opinberum gjöldum, sem á veðinu kunna að hvíla, en gengur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldbindingum.

2. gr.

Þegar síldarafurðir, tunnur, salt eða krydd er selt á nauðungaruppboði, þá fellur niður verkakaupsveð í hinu selda, en veðhafi á þá í stað þess veðrétt í kaupverði hins selda, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Nú selur eigandi eða umráðamaður síldar síld eða annað það, sem lögveð hvílir á samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa losað veðið með því að greiða kaup fólksins. Skal hann þá teljast brotlegur við lög þessi og sæta sektum samkv. 8. gr. þeirra. Verkakaupsveð fellur niður þegar vörur þær, sem verkakaupsveð hvílir á, eru seldar í hendur kaupanda.

3. gr.

Nú lætur verkakaupsveðhafi ganga að veði með fjárnámi að undangengnum dómi, og skulu fjárnámsvottar þá meta, hversu mikið af veðinu skuli selja til greiðslu veðkröfunnar. Heimilt er skuldunaut við slíkt fjárnám að segja til um það, að hverju af veðinu skuli fyrst gengið.

4. gr.

Verkakaupsveðréttur fellur niður, ef honum er ekki framfylgt með lögsókn, áður en ár sé liðið frá því að krafan, sem veðið er fyrir, féll í gjalddaga.

5. gr.

Um gildi verkakaupsveðs skal dæmt í máli, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eftir lögum nr. 55 frá 31. maí 1927, ef krafa er um það gerð af kröfuhafa, svo og í öllum öðrum þeim málum, sem höfðuð eru til greiðslu verkakaups, sé þess krafizt í upphafi málssóknar.

6. gr.

Nú ætlar atvinnurekandi að flytja burt af síldarverkunarstöð sinni síldarafurðir, tunnur, salt, krydd eða annað, sem ætla má, að verkakaupsveð hvíli á, og geta þá þeir, er verkakaupsveð hafa í síldarafurðunum, tunnunum, saltinu, kryddinu eða öðru, krafizt kyrrsetningar á því, og þurfa enga tryggingu að setja fyrir kyrrsetningunni. Krefjast má, að staðfestingarmál út af kyrrsetningunni sé rekið að hætti einkalögreglumála eftir ákvæðum 3. gr. laga nr. 55, frá 31. maí 1927.

7. gr.

Samningar þeir á milli atvinnurekenda og verkafólks, sem fara í bága við lög þessi, eða undanþiggja verkakaupsveð, skulu ógildir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum, og skulu mál út af afbrotunum rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta flutti fyrrv. þm. Ak. (Erlingur Friðjónsson) i efri deild 1928, en er séð var, að lögin um síldareinkasölu mundu þá verða afgreidd, mun efri deild hafa litið svo á, að síður væri þörf lagasetningar um þetta efni. Nú má telja víst, að lögin um síldareinkasölu verði afnumin og verkalýðurinn þar með sviptur þeirri vernd og tryggingu, sem þeim var ætlað að veita honum. Er því frv. þetta nú borið fram aftur.

Á Alþingi 1928 fylgdi eftirfarandi greinargerð frumvarpinu:

„Frv. þetta er fram komið vegna hinna mjög alvarlegu vanskila, sem orðið hafa á greiðslu verkakaups hjá sumum atvinnurekendum í síldarútveginum. Hafa svo mikil brögð verið að þessum vanskilum að undanförnu, að þess eru dæmi, að fólk hefir ekki fengið kaup sitt greitt tvö til þrjú ár samfleytt, og hefir því ýmist orðið að líða tilfinnanlegan skort eða leita á náðir hlutaðeigandi sveitarfélags.

Er þetta ástand mjög alvarlegt, ekki einasta fyrir það fólk, sem fær ekki kaup sitt greitt, heldur og fyrir þá atvinnurekendur, sem standa í skilum með kaup fólksins, því þess munu dæmi, að þeir atvinnurekendur, sem ekki hafa staðið í skilum með greiðslu verkakaupsins, hafa orðið til þess að bjóða síldina á útlendum markaði fyrir neðan raunverulegt framleiðsluverð og á þann hátt orðið til þess að spilla fyrir því, að heiðarlegum atvinnurekendum væri kleift að ná því verði, sem síldarútvegurinn þarfnast til þess að hann yrði rekinn án halla.

Kröfur almennings eru orðnar mjög sterkar um það, að úr þessu alvarlega ástandi sé bætt með löggjöf, sem tryggi það, að atvinnurekendur geti ekki skotið sér undan þeirri skyldu að greiða verkakaup þess fólks, sem að framleiðslunni vinnur.

Til dæmis um kröfur fólksins um þetta má benda á tillögu þá, sem samþykkt var á þingmálafundi á Akureyri 2. janúar s. l. með 154 atkv. gegn 30 og sem hér fer á eftir. Mælti einn síldaratvinnurekandinn mjög kröftuglega með tillögunni og benti á hættuna, sem atvinnurekendum stæði af vangreiðslu kaupgjaldsins.

„Fundurinn skorar á Alþingi að fyrirskipa með lögum, og leggja refsingar við, ef út af er brugðið, að útgerðarmenn og aðrir vinnuveitendur í síldarútveginum skuli setja forgangsveð til tryggingar greiðslu á öllu verkakaupi. Skulu veðin því aðeins tekin gild, að þau séu samþykkt af verkalýðsfulltrúum, sem fjórðungsstjórnir verkalýðssambandanna skipa, enda sé hverjum manni óheimilt að ráða til sín fólk að nefndum atvinnuvegi, nema þessu skilyrði sé fullnægt".

Nú hafa íslenzkar skipshafnir sjóveð fyrir kaupi sínu í skipum þeim, sem þær eru á. Virðist því ekki óeðlilegt, að fólk það, sem með vinnu sinni

skapar verðmæti úr sjávarafurðum, sem á land koma, fái með lögum forgangsveð í því verðmæti".

Nd. 364. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga til fisksölufélaga, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á árunum 1932 og 1933, og er ríkisstjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

5. gr. laganna verði þannig:

Nú leigir fisksölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á ísvörðum fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga nr. 37 1931 eru ákveðin fyrirmæli um endurskoðun laganna á þessu þingi.

Fengin reynsla bendir til þess, að breytt skipun um útflutning ísvarins fiskjar sé æskileg og líkleg til góðs árangurs; hafa í 2. gr. frv. verið tekin upp ákvæði um þá skipulagsbreytingu, er næst virðist liggja.

Fyllri greinargerð verður gefin í framsögu.

Ed. 365. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 verður staðfest af Íslands hálfu, skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setja reglur um byggingu og

búnað þeirra skipa, sem samþykktin nær til, og gefa út eða láta gefa út þau skírteini, sem með þarf til þess að framfylgt verði ákvæðum hennar.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt að gera vægari kröfur heldur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt til skipa, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffærni skipsins, ferðhúnað þess né lífsöryggi manna. Eins verður að krefjast þess, að fullnægt verði samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstöku tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúnasamþykktina frá 31. mai 1929 um öryggi mannslífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenzkum skipum, sem ofangreind Lundúnasamþykkt nær til, og gefa út haffæris- og heilsumerkjaskírteini fyrir þau.

4. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúnasamþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

5. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffærni og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er var haldinn alþjóðafundur í London árið 1929, og var á þeim fundi gerður samningur um öryggi mannslífa á sjónum og undirritaður 31. mai 1929 af 18 siglingaþjóðum. Önnur ráðstefna var haldin næstu ár í sömu borg um hleðslumerki skipa, og var samningur þar að lútandi undirritaður 5. júli 1930, og er Ísland einn af samningsaðilunum.

Um fyrri samþykktina hafa íslenzku stjórninni borizt tilmæli frá samningsríkjunum, og þá aðallega frá brezku stjórninni, sem er hinn leiðandi aðili þessara mála, um það, hvort Ísland mundi ekki vilja gerast aðili þessarar samþykktar, og hefir því verið svarað játandi til öryggis íslenzkum skipum, er fara frá Íslandi til annara landa, og til þess að þau geti óhindruð farið ferða sinna.

Frumvarp þetta er komið fram vegna þess, að í báðum áðurnefndum samþykktum er þess krafizt, að stjórnir hlutaðeigandi samningsríkja láti gera nauðsynlegar breytingar á núgildandi löggjöf um þessi mál, svo að hún verði í samræmi við áður nefndar Lundúnasamþykktir frá 31. maí 1929 og 5. júlí 1930.

Ed. 366. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum hefir verið staðfest af Íslands hálfu, gerir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Ísland taki hæfilegan þátt í birtingu veðurfregna til öryggis fyrir sjófarendur.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skal krefjast þess af útgerðarfélögum, er kynnu að hafa íslenzk skip í förum yfir Atlantshafið, að þau tilkynni, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

3. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem lendir í eða verður var við alvarlega hættu fyrir sjófarendur, svo sem stórviðri, hafís, skipsflök o. þ. h., sem hætta getur stafað af, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefir til umráða, tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað í landi, sem til næst.

Skylda má skipstjóra á íslenzkum skipum til að gera veðurathuganir og senda út veðurfregnir, sem telja má nauðsynlegar fyrir sjófarendur.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

Fregnir þær, sem hér ræðir um, skulu sendar íslenzkum yfirvöldum án kostnaðar fyrir hlutaðeigandi skip, sem veðurathuganirnar gerði.

4. gr.

Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa skipi, sem hann hittir og er í neyð statt, eða skipi, sem beðið hefir um hjálp, ef hann getur gert það án þess að stofna skipi sinu, skipshöfn og farþegum i verulega hættu.

Ef skipstjóra er ekki unnt að veita hjálp, ef svo stendur á að ætla má, að hjálp sé ekki tímabær eða nauðsynleg, skal hann þegar í stað tilkynna skipverjum eða skipstjóra hins hjálparþurfandi skips það, ef hægt er. Ennfremur skal skipstjóri rita í skipsdagbókina nákvæma greinargerð fyrir þessari ákvörðun sinni.

5. gr.

Ákveða skal með konunglegri tilskipun, hverjar varúðarreglur skuli viðhafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa.

Þau tákn eða merki, sem ákveðin eru í þessu augnamiði, má ekki nota í neinum öðrum tilgangi.

6. gr.

Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr.

Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum ennfremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1929 var haldin ráðstefna í Lundúnum og samningur um öryggi mannslifa á sjónum undirritaður hinn 31. maí 1929 af 18 siglingaþjóðum. Með því að Ísland mun verða aðili þessa samnings, er nauðsynlegt að fá lagaheimild til þess, að málum þessum verði skipað hér á landi í samræmi við ákvæði téðrar Lundúnasamþykktar.

Nd. **367. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1933.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1933 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.--5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	330000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3. Lestagjald af skipum	40000	
		1170000
4. Aukatekjur	550000	
5. Erfðafjárskattur	45000	
6. Vitagjald	400000	
7. Leyfisbréfagjöld	10000	
8. Stimpilgjald	375000	
9. Skólagjöld	20000	
10. Bifreiðaskattur	100000	
		1500000
11. Útflutningsgjald		800000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13. Tóbakstollur	1000000	
Flyt ...	1500000	3470000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	3470000
14.	Kaffi- og sykurtollur	975000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1300000	
17.	Verðtollur	1100000	
			5075000
18.	Gjald af innlendum tollvörum		150000
	Samtals ...	... ...	8695000

3. gr.

		kr.	kr.
	A.		
I.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1.	Rekstrarhagn. Símans	271500	
2.	— Vineinkasölu	710000	
3.	— Ríkisprentsmiðju	40000	
4.	— Ríkisvélsmiðju	25000	
5.	— Vífilsstaðabús	4000	
6.	— Kleppsbús	3000	
7.	— Tóbakseinkasölu	200000	
	Samtals ...	... ...	1253500
II.	Frá dregst:		
1.	Rekstrarhalli Póstsjóðs	13000	
2.	— Útvarps	27600	
			40600
	Eftir	... ...	1212900
	Sundurliðun.		
	Póstsjóður.		
I.	Tekjur		600000
	Flyt ...	... ...	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	600000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		212000	
2. Póstflutningar		270000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaðnr í Reykjavík, eftir reikningi	30000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíknr	18300		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10700		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	12000		
		131000	
			613000
Fært á 3. gr. A. II. 1		... ...	13000
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	60000		
2. Ritsimastöðin í Reykjavik	157000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsíminn í Reykjavík	380000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsimastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsimastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsimastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Hafnarfirði.	18500		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
12. Símastöðin á Siglufirði	17000		
Flyt ...	845000	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 845000	25000	1750000
13.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
14.	Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl. 83500		
		1048500	
	Uppbót á launum símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum og verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	60000	
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Áframhaldsgjald	25000	
h.	Til kennslu fyrir símamenn	1000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	1500	
j.	Ýms gjöld	6000	
k.	Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	70000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1478500
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	271500
	Eignahreyfingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson		58700
II.	Til viðauka símakerfa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl....		40000
III.	Til nýrra símalína		60000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	158700
	Vineinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýms rekstrarkostnaður	184000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	6000	
			190000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	710000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	17000		
2. Útvarpsstöðin	52000		
3. Útvarpssalur	18000		
4. Útvarpsefni	70000		
5. Skrifstofan...	15000		
6. Viðgerðarstofan	20000		
7. Óviss gjöld	10000		
8. Húsaleiga, hiti o. fl.	25000		
		227000	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		21500	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		29100	
			277600
II. Tekjur			250000
Fært á 3. gr. A. II. tekjuhalli			27600
Eignahreyfingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124040
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			25000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.			3500
4. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		51780	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350 þús.)	21600		
2. Ýms rekstrarkostnaður...	26680		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3500		
		51780	
Samtals ...		... ...	28600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Aðrir vextir...		350195
Samtals ...	... ...	550195

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1933 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		125096.93
2. Dönsk lán, danskar kr. 128395,86 á 122.00		156642,95
3. Ensk lán, £ 46295 - 12 - 0 á 22.15		1034447,57
4. Aðrir vextir		90000,00
Samtals ...	... ...	1406187,45

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4000
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4067
Samtals ...	... ...	233067

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	33375		
b. Til risnu	6000		
		39375	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		90225	
4. Annar kostnaður		50000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		32000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
Flyt ...		217600	

		kr.	kr.
	Flutt ...	217600	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	18000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		19700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		5000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
			245967
II. Hagstofan:			
1. Laun		12250	
2. Pappir, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
3. Prentun eyðublaða.		1500	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		23000	
			53750
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	6000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds...	20000		
		71000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14600	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		5000	
			94600
	Samtals ...	... ...	394317

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	29375	
b. Annar kostnaður, allt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		
		34375
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		142425
3. Laun hreppstjóra..		24000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld	6500	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	1000	
		34700
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 5 skrifara	20000	
b. Laun 6 tollritara...	30000	
c. Aðstoð og aukavinna...	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
e. Innheimtukostnaður	18000	
f. Ýms gjöld, allt að	14000	
		99200
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	25000	
b. Húsaleiga	5000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	3500	
		35900
7. Toll- og löggæzla		70000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		90000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
Flyt ...	... ...	850600

	kr.	kr.
Flutt ...		850600
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa ... ... (Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		13770
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni ... ... (Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		21250
13. Sakamálakostnaður og lögreglumála		30000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... ...	922620
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	45000	
b. Fyrir embættisskeyti	55000	
		100000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		45000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		30000
Samtals B. ...	... ...	206000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		227250
2.	Til skrifstofnkostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		5500
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9750
	Styrkurinn skiptist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa i Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps i Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sléttu-, Grunnavikur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps i Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Nauteyrarhrepps 300 kr., sé héraðið læknislaust. — 22. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 23. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5.	Til Lúðvíks Nordals, læknis á Eyrarbakka, til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu		1000
6.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	500	
	Flyt ...	500	244700

		kr.	kr.
	Flutt ...	500	244700
b.	Styrkur til augnlæknis á Akureyri	800	
c.	Styrkur til lækningaferða kringum landið	800	
			2100
	Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavik til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
7.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavik		800
8.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		500
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er hundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
9.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2000
10.	Til Guðmundar Karls Péturssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis		1500
11.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		47000
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	41000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 79000		
	2. Fæði 68000		
	3. Þvottur og ræsting 32000		
	4. Lyf og umbúðir 17000		
	5. Ljós og hiti 24000		
	6. Viðhald og umbætur 25000		
	7. Skattar 5000		
	8. Ýms gjöld 16500		
	9. Fyrning húsa og áhalda 24000		
		290500	
	C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar, þar í fæði ljósmæðranema	8000	
	Flyt ...	339500	298600

		kr.	kr.
	Flutt ...	339500	298600
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	232000		
2. Tekjur af röntgendeild	45000		
3. Sknrðstofugjald o. fl.	15500		
		292500	
	Mismunur ...	47000	
12. Holdsveikraspítalinn			64590
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7125	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	11400		
2. Viðurværi 35 manna	13700		
3. Klæðnaður	1400		
4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Húsbúnaður og áhöld	1800		
7. Viðhald á húsum	2500		
8. Þvottur og ræsting	1500		
9. Flutningskostnaður	1000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar o. fl.	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	8265		
		57465	
		64590	
13. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			45268
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	12000		
2. Kaup daglaunamanna	750		
3. Matvæli	26000		
4. Fatnaður sjúklinga	3000		
Flyt ...	41750	6125	408458

		kr.	kr.
Flutt ...	41750	6125	408458
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	6000		
9. Þvottur og ræsting...	3500		
10. Flutningskostnaður...	1600		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar m. m....	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	6480		
		74730	
		80855	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 65 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		35587	
Mismunur ...		45268	
II. Nýi spítalinn			52083
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	25000		
2. Kaup daglaunamanna	1500		
3. Matvæli	30000		
4. Fatnaður sjúklinga	2500		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3000		
7. Ljós og hiti	12000		
8. Viðhald og áhöld	3500		
9. Þvottur og ræsting	5500		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Skemmtanir	500		
12. Óviss útgjöld	1500		
13. Fyrning húss og áhalda (sjá 20. gr.)	10958		
		99958	
Flyt ...		106083	460541

		kr.	kr.
	Flutt ...	106083	460541
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		54000	
Mismunur ...		52083	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			410
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6125	
B. Laun aðstoðarlæknis		5200	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Viðurværi..	85000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	10000		
4. Ljós og hiti	31500		
5. Þvottur og ræsting..	7500		
6. Viðhald húsa...	5000		
7. Viðhald véla	3000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	10000		
9. Flutningskostnaður..	4500		
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	9110		
		202610	
Þar frá dragast þessar tekjur:		213935	
Meðgjöf með 105 sjúklingum, 5 kr. á dag	191625		
Meðgjöf með 15 börnum, 4 kr. á dag ...	21900		
		213525	
Mismunur ...		410	
15. Heilsuhælið á Reykjum i Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður			500
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks		9000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði...	14000		
2. Lyf og hjúkrunargögn	1000		
3. Ljós	1000		
Flyt ...	16000	9000	461451

		kr.	kr.
	Flutt ... 16000	9000	461451
4. Þvottur og ræsting...	2000		
5. Viðhald húsa og áhalda	2000		
6. Flutningur og símakostnaður	2000		
7. Óviss gjöld	1500		
8. Fyrning húsa og áhalda	3000		
		26500	
Þar frá dregst:		35500	
Daggjald sjúklinga 7000 legud., 5 kr. á dag		35000	
Mismunur ...		500	
16. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			770
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		5600	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	19200		
2. Fæði...	45000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	3200		
4. Ljós og hiti	9000		
5. Þvottur og ræsting...	2500		
6. Viðhald húsa og véla	4500		
7. Viðhald læknistækja	500		
8. Húsbúnaður og áhöld...	5500		
9. Flutningskostnaður	3900		
10. Yms gjöld	11000		
11. Fyrning húsa og áhalda	7670		
		111970	
Hér frá dregst:		117570	
Daggjald 64 sjúklinga, 5 kr. á dag		116800	
Mismunur ...		770	
17. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Sjúkrahús og sjúkraskýli, sem styrksins vilja verða aðnjótandi, sendi umsóknir um hann fyrir 1. októ-		15000	
Flyt ...		15000	462221

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	462221
	ber, enda fylgi umsóknunum rekstrarreikningar, gerðir eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Styrkupphæðirnar miðast við fjölda legudaga, enda fari tekjur þær, sem sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið hefir af hverjum sjúklingi á legudag, að viðbættum styrknum fyrir hvern legudag, ekki fram úr þeirri upphæð, sem talizt getur sanngjarnt kostnaðarverð á hverjum stað, miðað við sjúkrahúsrekstur í landinu yfirleitt. Það er og skilyrði fyrir styrkveitingu, að sjúklingar þeir, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum eða sjúkraskýlunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		
b.	Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli...	15000	
c.	Bólusetningarkostnaður	3500	
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	1500	
f.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	8000	
g.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
h.	Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	3000	
i.	Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
j.	Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	500	
k.	Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	2000	
l.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
m.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1600	
n.	Til Gísla Andréssonar, sjúkrastyrkur	1200	
o.	Til frú Sigríðar Kjartansdóttur, vegna sjúkleika manns hennar, sr. Jakobs Ó. Lárussonar	3000	
			73100
18.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		80000
	Samtals ...	... ...	615321

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra ...	7125	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings ...	6125	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að ...	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að ...	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alit að ...	13000	
			47250
II.	Þjóðvegir.		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur ... 10000		
	2. Stykkishólmsvegur ... 10000		
	3. Vesturlandsvegur ... 5000		
	4. Holtavörðuheiðarvegur ... 50000		
	5. Geiradalsvegur ... 4000		
	6. Breiðadalsheiðarvegur í Ísafj.s. ... 5000		
	7. Húnavatnssýsluvegur ... 5000		
	8. Vatnsskarðsvegur ... 15000		
	9. Blönduhlíðarvegur ... 10000		
	10. Öxnadalsvegur ... 5000		
	11. Ljósavatnsskarðsvegur ... 13000		
	12. Þistilfjarðarvegur ... 7000		
	13. Brunahraunsvegur ... 6000		
	14. Hreppavegur ... 5000		
		150000	
	b. Viðhald og umbætur ...	500000	
			650000
III.	Til brúargerða ...		60000
IV.	Fjallvegir ...		10000
V.	1. Til áhalda, allt að ...	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna ...	300	
			15300
	Flyt ...	... ...	782550

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	782550
VI. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	30000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
		110000
VII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Biöndu	300	
		900
VIII. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
IX. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
X. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		3000
XI. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júni 1925		4000
XII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		1248
Samtals A. ...	... ...	906948
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... (Þar af fyrning kr. 31600, sjá 20. gr.).	256600	
b. Eimskipafélags Íslands	60000	
c. H/f Skaftfellings	20000	
		336600
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		76600
Samtals B. ...	... ...	413200

	kr.	kr.
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7125	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja i öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6125	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, allt að. ...	10000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
5. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	3500	
		29250
II. Laun vitavarða..		25000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000
V. Til áhaldakaupa		5000
VI. Ýmislegt		25000
VII. Til hafnargerðar á Akranesi		25000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		20000
IX. Til sjómælinga		10000
Fyrning (sjá 20. gr.), ...		89790
Samtals C. ...	... ...	352040

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8125	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10125
Flyt ...	... ...	10125

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	10125
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, tyrir skýrslugerðir	800	
6. Embættiskostnaður presta	60000	
7. Til húsabóta á prestssetrum	24000	
		353220
Samtals A. ...	... ...	363345
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102375	
b. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
c. Til kennslu i söng	800	
d. Til kennslu í bókhaldi	400	
e. Námsstyrkur	15000	
f. Húsaleigustyrkur	9000	
g. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	6000	
h. Til kennsluáhalda læknadeildar	800	
i. Til kennslu i efnafræði	1600	
j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
k. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
l. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
m. Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu	800	
n. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði i París, lokagreiðsla	2500	
o. Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	549	
		153974
Flyt ...	... ...	153974

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	153974
II.	Námsstyrkur erlendis:		
	a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
	b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs	8000	
	Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
			32000
III.	Fræðslumálastjórnin:		
	1. Laun fræðslumálastjóra	7125	
	2. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	800	
	3. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að ...	5000	
			12925
IV.	Menntaskólinn almenni:		
	a. Laun	71750	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 800		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 8000		
	3. Til viðhalds 3000		
	4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að 7000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 1125		
	6. Námsstyrkur 2800		
	7. Læknisþóknun 400		
	8. Til kennslutækja 500		
	9. Ýmisleg gjöld 3500		
	10. Til verðlaunabóka 200		
	11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ... 1000		
	12. Til bókasafnsins Íþöku 200		
	13. Fyrning (sjá 20. gr.) 6515		
		35040	
			106790
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	... ...	305689

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	305689
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		39225	
b. Önnur gjöld:			
1. Til ankakennara og stundakennslu	20000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	500		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur	1000		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds	3000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
9. Fyrning (sjá 20. gr.)	7000		
		49000	
			88225
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		16375	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3500		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld...	200		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	800		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1869		
		14869	
			31244
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1800		
	Flyt ... 3300	13000	425158

		kr.	kr.
Flutt ...	3300	13000	425158
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
5. Fyrning (sjá 20. gr.)	1285		
		7885	
			20885
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8750	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stnndakennslu	1000		
2. Húsnæði	3800		
3. Ljós og hiti	500		
4. Ræsting	600		
5. Til prófhalda	900		
6. Ýms gjöld	500		
		7300	
Við skólana undir liðunum IV.—VIII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			16050
IX. Bændakennsla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	8750		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, allt að 2000			
2. Til kennsluáhalda ... 600			
3. Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 4000			
	10100		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1714		
		22014	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8750		
b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
Flyt ...	10050	22014	462093

		kr.	kr.
Flutt ...	10050	22014	462093
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, allt að	2400		
2. Til kennsluáhalda	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
	10400		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.	1530		
		21980	
			43994

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.

Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.

X. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6500	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1500	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds		1000	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds		1200	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.			
e. Til verklegs framhaldsnáms erlendis		3000	
			13200
Flyt ...		... ...	519287

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	519287
XI.	Verzlunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	5000	
	b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ...	5000	
			10000
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsnæðisstyrkur	5000	
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	18000	
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000	
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna... ...	1000	
			28000
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrknr, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	12000	
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	2000	
			14000
			42000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		360000
	2. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		70000
	3. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að		4000
	4. Til eftirlitskennara		15000
			449000
	Flyt ...	... ...	1020287

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1020287
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	9500		
b. Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	2000		
1. Til kennsluáhalda ... 400			
2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
3. Ýmisleg gjöld 3000			
4. Til viðhalds... 1000			
	8400		
c. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1680		
		21580	
2. Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		70000	
3. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930. ...		50000	
4. Til Gagnfræðaskóla Reykvíkinga		2500	
5. Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		14000	
6. Til bókasafna við unglingaskóla		1600	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum		1600	
			161280
XV. Húsmæðrafræðsla:			
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga		4500	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað. ... ... Styrkir samkvæmt tölul. 1—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		6000	
3. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		4500	
4. Til húsmæðrafræðslu i Vik í Mýrdal.		800	
			15800
	Flyt ...	... ...	1197367

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1197367
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		30975
Þar af fyrning húss kr. 975,00 (sjá 20. gr.).		
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Blindrakennsla:		
1. a. Til kennslu blindra barna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	800	
b. Til blindranáms erlendis	800	
2. Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis	1000	
		2600
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	2400	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	2400	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
		10100
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XX. Til íþróttakennslu		2400
XXI. Til Íþróttasambands Íslands		5000
Samtals B. ...	... ...	1249942

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21575	
b. Launauppbót til 2. bókavarðar, 1000 kr.	1000	
c. Til aðstoðar	3500	
d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	12000	
e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
f. Til þess að semja og gefa út skrá yfir handrit	2400	
g. Til ritaukaskrár	700	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		45335
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6225	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld	1000	
		12225
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	6625	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2500	
c. Til þess að útvega forngripi, allt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12325
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	1800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	6815	
		15115
Flyt		88400

	kr.	kr.
Flutt ...		88400
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	800	
		5800
8. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði		2500
9. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
10. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 4000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		5400
11. Til Fornleifafélagsins		800
12. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
13. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1200
14. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, enda leyfi það, að útvarpað sé án endurgjalds síðustu sýningu hvers leiks...		4000
15. Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
16. Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
17. Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
18. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis		
Flyt ...	... ...	119200

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	119200
	kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		1600
19.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
20.	Til Halldórs Kiljan Laxness, til ritstarfa		1600
21.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		1600
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		1600
23.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa		2000
24.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1200
25.	Til Ólafs Marteinssonar mag. art., til orðtöku og visnasöfnunar		1000
26.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6125	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			7125
27.	Til Odds Oddssonar, til ritstarfa		400
28.	Til Frimanns B. Arngrímssonar, til þess að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt		1200
29.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
30.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning kr. 1295 (sjá 20. gr.).		4295
31.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns sins, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6125	
	b. Til sama, til aðstoðar	1000	
			7125
32.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		1600
33.	Ferðastyrkur til útlanda		3000
	Samtals ...	... ...	160345

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		200000
2.	Til sandgræðslu...		30000
	Þar af 3000 kr. til áveitu og sandgræðslu i Meðallandi.		
3.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		540000
4.	Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		30000
5.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Tillag til teiknistofu og leiðbeininga um húsagerð til sveita	4000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 20000		
	2. Kostnaðartillag 6000		
	3. Hluti af útflutningsgjaldi 50000		
		76000	
			280000
6.	Tillag til verkamannabústaða:		
	a. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 27 1931	70000	
	b. Helmingur af ágóða tóbakseinkasölu	100000	
			170000
7.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra...		3400
8.	Til skógræktar:		
	a. Laun	10600	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	7500	
			18100
9.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	15875	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
			16575
10.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		15000
11.	Til fjárkláðalækninga		2000
	Flyt ...	... ...	1305075

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1305075
12.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavik:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25 % af öllum tekjum stofnunarinnar, 4100 kr. með dýrtíðaruppbót ...	5125	
	b. Til aðstoðar, allt að	4800	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			14625
13.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15550	
	b. Til aðstoðar	16000	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavikur, áhalda o. fl.	9000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11000	
	e. Til loftskeytatækja	600	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting...	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1000	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	1500	
			57650
14.	Til landmælinga...		35000
15.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		70000
16.	Til sama félags, til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		5000
17.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmenn	25000	
	b. Laun 4 ullarmatsmanna	2000	
	c. Laun 6 kjötmatsmanna	4500	
	d. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			39500
18.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	6375	
	b. Til skrifstofukostnaðar, allt að...	6000	
	c. Ferðakostnaður, allt að	2000	
			14375
19.	Til markaðsleitar erlendis		4000
20.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		8000
	Flyt ...	... ...	1553225

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1553225
21.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... Þar af 600 kr. til Geirs Þormars, til þess að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		4000
22.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		650
23.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1500
24.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		500
25.	Til Kvenfélagasambands Íslands		1600
26.	Til sambands norðlenzkra kvenna		400
27.	Til sambands austfirzkra kvenna		400
28.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
29.	Til sambands vestfirzkra kvenna		400
30.	Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu		300
31.	Til Bandalags kvenna		400
32.	Til kvenréttindafélags Íslands		400
33.	Til vörumerkjaskrásetjara		1600
34.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		5000
35.	Til Bandalags skáta		400
36.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
37.	Húsameistari ríkisins:		
	a. Laun	7125	
	b. Skrifstofukostnaður	5000	
			12125
38.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1200
39.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		5000
40.	Til vatnsrennslismælinga		1000
41.	Til Guðm. Einarssonar myndhöggvara, til fullnaðarrannsókna á leirtegundum til postulínsgerðar o. fl. ...		2500
	Samtals ...	... ...	1594000

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga	... ...	650000
	Þar af til Elínar Sigurðardóttur 1200 kr.		
2.	Gjöld samkvæmt 66. og 67. gr. fátækralaga		80000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga		12000
	Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		3000
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		400
6.	Til slysatryggingar samkv. 2. gr. laga nr. 73 1928 ...		18000
7.	Til slysavarna, allt að		8000
	enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		
8.	Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		25000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		50000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		6000
12.	Til Rauðakrossfélags Íslands		500
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		400
14.	Til sjúkrasjóðs Fellsbrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavik		400
17.	Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavik ...		200
18.	Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		400
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drifanda í Vestmannaeyjum		400
20.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar		300
21.	Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri		200
22.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri... ...		300
	Fjárveitingarnar undir 13.—22. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
23.	Til gamalmennahælis á Ísafirði		800
24.	Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
	Samtals ...	.. ...	858900

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	49532,97	
	b. Embættismannaekkjur og börn	18785,15	
	c. Prestsekkjur	6252,33	
	d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	e. — — — — 51 1921	2070,00	
			79140,45
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00		
	3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ... 300,00		
		1305	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	9. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	10. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	11. — Kristínar Jacobson 600		
	12. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	13. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	14. — 2 barna hennar 200		
	15. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	16. — Jenny Forberg 600		
	17. — Ástu Hallgrimsson 600		
	18. — Ástu Einarson 600		
	19. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	20. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	21. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
	Flyt ... 15125	1305	79140,45

		kr.	kr.
	Flutt ... 15125	1305	79140,45
22.	Til Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
23.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju 400		
24.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... 300		
25.	— Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð 700		
26.	— Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju ... 400		
27.	— Súsönnu Friðriksdóttur 500		
28.	— Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar 450		
29.	— Polly Ólafson, ekkju Gísla J. Ólafson 600		
		18975	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
2.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar . 662,25		
3.	— Guttorms Vigfússonar... 600,00		
4.	— Björns Þorlákssonar 208,00		
5.	— Jóns Árnasonar 445,00		
6.	— Þórðar Ólafssonar 370,00		
7.	— Páls Stephensens 355,00		
8.	— Helga P. Hjálmarssonar 475,00		
9.	— Einars Pálssonar 430,00		
10.	— Kristins Daníelssonar 520,00		
11.	— Jóns Finnssonar 385,00		
12.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar 355,00		
13.	— Ólafs prófasts Stephensens ... 550,00		
		6135,25	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Auðar Gísladóttur 300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur 500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
5.	— Guðrúnar Ólafsdóttur... 300,00		
6.	— Guðrúnar Pétursdóttur 300,00		
7.	— Guðrúnar Torfadóttur 300,00		
8.	— Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
9.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 600,00		
	Flutt ... 3200,00	26415,25	79140,45

		kr.	kr.
	Flutt ... 3200,00	26415,25	79140,45
10.	Til Kirstínar Pétursdóttur 300,00		
11.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
12.	— Steinunnar Pétursdóttur 300,00		
13.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300,00		
14.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur 209,20		
15.	— Ingibjargar Magnúsdóttur 157,90		
16.	— Guðfinnu Jensdóttur 183,04		
17.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 181,07		
18.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ... 181,70		
19.	— Þórunnar Bjarnadóttur 155,56		
20.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur 250,00		
21.	— Önnu Stefánsdóttur 200,00		
22.	— Helgu Skúladóttur 227,06		
23.	— Guðríðar Ólafsdóttur 164,26		
24.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 332.00		
25.	— Arndísar Pétursdóttur 137,90		
26.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56		
27.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík 135,37		
28.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg 157,44		
29.	— Kamillu Briem 170,57		
30.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk 300,00		
31.	— Sigríðar Þórðardóttur... ... ... 144.00		
32.	— Sigurlaugar Knudsen 300,00		
33.	— Þóru Jónsdóttur 217,28		
34.	— Margrétar Jónasdóttur 168,64		
35.	— Sigríðar Jónasdóttur 146,71		
36.	— Sigríðar Jóhannesdóttur 300,00		
37.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju 200,00		
38.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju 300,00		
39.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju 300,00		
		9793,26	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur 300		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ... 360		
3.	— Magnúsar Einarssonar 500		
	Flyt ... 1160	36208,51	79140,45

			kr.	kr.
	Flutt ...	1160	36208,51	79140,45
4.	Til Elinar Briem Jónsson	300		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur	450		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur...	400		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150		
8.	— Jóns Strandfelds	150		
9.	— Einars Hávarðssonar	150		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur...	400		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	600		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar	200		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar	2500		
16.	— Cathincu Sigfússon...	600		
17.	— Ragnh. Guðjónsdóttur	300		
18.	— Sigurgarðs Sturlusonar	300		
19.	— Lárusar Rists kennara	600		
			8760	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar...	300		
3.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ...	200		
6.	— Friðriks Möllers	1200		
7.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
8.	— Eliesers Eirikssonar	200		
9.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
10.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
11.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
12.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
13.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
14.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
15.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
16.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
17.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
	Flyt ...	8450	44968,51	79140,45

		kr.	kr.
	Flutt ... 8450	44968,51	79140,45
18.	Til Þórodds Bjarnasonar pósts 600		
19.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300		
20.	— Kristjáns Jónssonar pósts 200		
21.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 600		
22.	— Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri 300		
23.	— Torfa Sæmundssonar pósts 200		
		10650	
g.	Rithöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
3.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
4.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
5.	— Guðmundar Friðjónssonar 1500		
6.	— dr. Helga Péturss 4000		
7.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
8.	— Einars Benediktssonar 4000		
9.	— Stefáns frá Hvítadal 1200		
10.	— Jakobs Thorarensens 1200		
11.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
12.	— Guðmundar Kambans 2000		
13.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu 1000		
14.	— Bríetar Bjarnhéðinsdóttur 1000		
15.	— Herdísar Andrésdóttur 500		
16.	— Ólínu Andrésdóttur 500		
		27900	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300		
6.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200		
7.	— Kristínar Jakobsdóttur 800		
		3400	
	Flyt ...	86918,51	79140,45

			kr.	kr.
		Flutt ...	86918,51	79140,45
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Petreu Jónsdóttur	300		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
3.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbil-ljósmóður	500		
4.	— Þórdísar Simonardóttur júbilljós-móður	500		
5.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
6.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ...	400		
7.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ...	300		
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljós-móður	300		
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljós-móður	200		
14.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
15.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
16.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljós-móðnr	300		
17.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljós-móður	300		
18.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
19.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
20.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
21.	— Guðrúnar Magnúsdóttnr ljósmóður	200		
22.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
23.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
24.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljós-móðnr	200		
25.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
26.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
27.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
28.	— Páls Erlingssonar	1200		
		Flyt ...	9200	86918,51	79140,45

			kr.	kr.
	Flutt ...	9200	86918,51	79140,45
29.	Til Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
30.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
31.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
35.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
36.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær...	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
	Flyt ...	21200	86918,51	79140,45

		kr.	kr.
Flutt ...	21200	86918,51	79140,45
52. Til Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
53. — Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
54. — Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
55. — Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
56. — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
57. — Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
58. — Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
59. — Benedikts Þ. Gröndals	800		
60. — Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ...	600		
61. — Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar...	300		
62. — Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar...	400		
		27000	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000	
			117918,51
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			48264,74
Samtals ...		... ...	245323,70

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 150000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	111100	
2.	— 3. — B.	3500	
3.	— 9. —	4067	
4.	— 10. —	3667	
5.	— 11. —	8020	
6.	— 12. —	69483	
7.	— 13. —	122638	
8.	— 14. —	23117	
9.	— 15. —	8110	
			353702
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur		75000
	Samtals ...	... ...	497702
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
a.	Innlend lán 163943,11		
b.	Dönsk lán, d.kr. 320433,09 á 122.00 390928,37		
c.	Ensk lán, £ 6000—0—0 á 22.15 132900,00		
		687771,48	
	Flyt ...	687771,48	

		kr.	kr.
	Flutt ...	687771,48	
2. Lán ríkisstofnana:			
a. Síminn (sjá 3. gr. A. Út I.)	58700		
b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út)	124040		
		182740,00	
			870511,48
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:			
1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)		4000,00	
2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)		3000,00	
3. Síminn: Ný simakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)		100000,00	
			107000,00
III. Til bygginga nýrra vita			50000,00
IV. Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla			100000,00
V. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna			10000,00
VI. Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)			15000,00
VII. Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)			75000,00
	Samtals ...	... ...	1227511,48

21.

I. Rekstr

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		8695000,0
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1212900	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	28600	
			1241500,0
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		550195,0
5. gr.	Óvissar tekjur		50000,0
	Samtals ...	... ...	10536695,0

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10536695,0
	Aðrar innborganir og fyrningar [1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353702,0
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,0
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,0
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000,0
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000,0
— VI.	Skemmtanaskattur	75000,0
	Greiðslujöfnuður...	337870,6
	Samtals ...	11372267,6

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldu

irlit.
lit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1406187,45
8. gr.	Borðfé konungs		73200,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		233067,00
0. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		394317,00
1. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	922620,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	206000,00	
			1128620,00
2. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		615321,00
3. gr. A.	Vegamál	906948,00	
— B.	Samgöngur á sjó	413200,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	352040,00	
			1672188,00
4. gr. A.	Kirkjumál	363345,00	
— B.	Kennslumál	1249942,00	
			1613287,00
5. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		160345,00
6. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1594000,00
7. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		858900,00
8. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		245323,70
9. gr.	Óviss útgjöld		150000,00
	Rekstrarafgangur		391938,85
	Samtals ...	... ...	10536695,00

lit.

		kr.
	Út:	
.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10144756,15
	Aðrar útborganir:	
0. gr. I.	Afborganir lána	870511,48
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	107000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	50000,00
— IV.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— V.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— VI.	Til menningarsjóðs	15000,00
	Þar af kr. 3000 til menntamálaráðs.	
— VII.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Samtals ...	11372267,63

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1932, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

II. Að greiða af fé því, sem inn kemur vegna alþingishátíðarinnar, til Jóns Guðmundssonar, eiganda gistihússins Valhallar á Þingvelli, 5000 kr. upp i halla þann, er hann hefir orðið fyrir af byggingu vegna alþingishátíðarinnar.

III. Að semja við Jóhannes Jósefsson hóteleiganda um greiðslu á skuld hans við ríkissjóð, að upphæð kr. 40850,10, þannig, að hann greiði skuld þessa með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, ásamt 6% vöxtum, og fari greiðsla afborgana og vaxta fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1. júlí 1932.

IV. Að ganga i ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. krónum. Lánin skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ennfremur skal ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting heimildar).

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1933, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1932 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **368. Frumvarp**

til laga um breyting á skiptalögum, nr. 3, 12. apríl 1878.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Töluliður 3 í b-lið 83. gr. laganna orðist þannig:

Skattar og gjöld til ríkissjóðs, símagjöld, gjöld til sveitar, prests og kirkju, þó eigi yfir lengri tíma en 2 ár á undan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum landssímastjóra G. J. Hlíðdals, og verður að teljast nauðsynleg breyting á fyrirmælum hinna fornu skiptalaga, sem sett voru nær 30 árum áður en firðskeytatæki urðu almenn hérlendis. Eftirfarandi kafli úr bréfi landssímastjóra skýrir bezt þörfina á umræddri lagabreytingu:

„Um lögtaksrétt símagjalda mun ekki vera nokkur efi, enda hefir ráðuneytið fyrir löngu úrskurðað um það atriði. Einnig hafa skiptaráðendur viðurkennt forgangsrétt símagjalda sem annara opinberra gjalda við þrotabúaskipti, þangað til nú að einn af bæjarfógetunum hefir úrskurðað gagnstætt þessu, og við það mun landssíminn tapa talsverðu fé. Að vísu er þessi úrskurður byggður á þeim misskilningi, að símagjöld séu gjöld fyrir í té látna vinnu, og mundi honum því ef til vill verða hrundið af æðri dómstól, en ef fleiri skiptaráðendur gengju inn á þessa braut, þá mundi landssíminn og þar með ríkissjóður óhjákvæmilega verða fyrir allverulegu tjóni árlega, og er því nauðsynlegt, að það verði skýrt ákveðið í skiptalögunum, að símagjöld hafi forgangskröfurétt.

Símagjöld eru gjöld, sem lögð eru eftir opinberri gjaldskrá á þá menn, sem nota tekniskar tilfæringar ríkjanna til símtala eða skeytasendinga. Innanlands eru gjöld þessi ákveðin af hverju einstöku ríki, en landa á milli og til skipa af alþjóðaráðstefnum. Hvert ríki ber ábyrgð á þeim kröfum, sem önnur ríki eða skip þeirra eignast hjá því á þann hátt. Þannig ber Íslandi t. d. að greiða hinum ýmsu ríkjum mestan hluta af gjöldum fyrir öll skeyti til útlanda, og hvar sem íslenzkt skip í siglingum hefir haft loftskeytaviðskipti við loftskeytastöðvar annara landa, þá öðlast þau ríki kröfurétt á íslenzka ríkið fyrir þeim gjöldum, sem þessum viðskiptum fylgja. Oft koma kröfur hinna ýmsu ríkja ekki fyrr en 2—6 mánuðum eftir að skeytaviðskiptin fóru fram, og getur þá auðveldlega farið svo, að viðkomandi firma eða útgerðarfyrirtæki geti ekki greitt eða sé orðið gjaldþrota um það leyti, sem landssíminn krefur gjaldið“.

Nd. 369. Breytingartillögur

við frv. til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Eftir „náinni framtíð“ komi: eða til hagbeitar fyrir kýr og sauðfé kaupstaðarbúa eða þorpsbúa.
2. Við 4. gr. Orðin „Vilji sveitarstjórn .... eignarnámið“ falli burt.
3. Við 5. gr. Fyrir „2 ha.“ komi: 1 ha. — og fyrir „3000 m²“ komi: 1000 m².
4. Við 11. gr. Í stað „hafa tekið eignarnámi“ síðast í greininni komi: taka á leigu.
5. Við 17. gr. Orðin „að taka land .... svo og“ í 3. málsgr. falli burt.

Nd. 370. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Við afgreiðslu málsins í nefndinni var einn nefndarmanna (SvbH) fjarverandi.

Aðrir nefndarmenn eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það var borið fram af hendi stjórnarinnar. Nefndin sér ekki ástæðu til að fjölga upptalningu brúa undir III. lið og leggur því til, að það, sem bætt var inn í liðinn í Ed., verði fellt niður. Undir I. lið d. 8. hefir nafn árinnar misritazt, og er brtt. 1. leiðréttíng á því.

Nefndin ber fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. I. d. 8. Fyrir „Holtsá“ komi: Hólsá.
2. Við 2. gr. III. 2. 3. og 15. liður falli niður.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskrifari.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Nd. 371. Lög

um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svonefndri Skeljavík innan við Hnífsdal.

Stærð landsins má vera allt að 25000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Ed. 372. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Pétur Magnússon.

Við 1. gr. Á eftir „eiga sæti“ í 1. málsgr. komi: allt að 50.

Nd. 373. Nefndarálit

um frumvarp til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands (Þskj. 305).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ræður háttvirtri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt

Alþingi, 11. apríl 1932.

Sveinbjörn Högnason, form.	Einar Arnórsson, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
Bernharð Stefánsson.	H. Stefánsson, með fyrirvara.	

Nd. **374. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 42, 14. júní 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en þó hefir einn nefndarmanna (GÍ) óbundið atkvæði.

Alþingi, 11. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Bergur Jónsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.
Guðbr. Ísberg, með fyrirvara. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. **375. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Ed. **376. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Flm.: Jakob Möller, Einar Árnason.

Síðasta málsgr. tillgr. orðist svo:

Nefndarmenn starfa kauplaust, en nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 377. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir einhuga með því, að háttvirt deild samþykki frumvarp þetta.

Nefndinni er ljóst, að það er hið mesta nauðsynjamál að greiða götu kjötframleiðenda um að koma upp frystihúsum á þeim kjötútflutningshöfnum, sem enn hafa ekki eignazt þau. Eins og nú horfir um sölu saltkjöts er nauðsynlegt, að strax á þessu ári verði hafin sókn um mál þetta, og virðist nefndinni sú leið, sem farin er í frumvarpi þessu, vera helzt til úrræða.

Smávægilegar orðabreytingar höfum vér gert við 2. gr. frumvarpsins.

Vér leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 2. gr.

a. Fyrir „stjórnarráðið“ í 4. málsgr. komi: atvinnumálaráðuneytið.
b. Fyrir „sýslunefnda“ í 5. málsgr. komi: sýslufélaga.
c. Fyrir „frystihúsinu og vélum þess“ í 5. málsgr. komi: frystihúsnm og vélum þeirra.

Alþingi, 11. apríl 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. og frsm. Pétur Ottesen.
Magnús Guðmundsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. 378. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 1. okt. 1919, um greiðslu af ríkisfé til konungs og konungsættar.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfé 60000 kr. á ári í íslenzkum peningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Borðfé konungs og konungsættar hefir nú um alllangt skeið verið greitt í dönskum peningum, eða síðan gengismunur varð á íslenzkum og dönskum gjaldeyri, og hækkar þetta upphæðina í gildandi fjárlögum úr 60000 kr., eins og greiðslan er ákveðin í lögum frá 1919, um 13200 kr., upp í 73200 kr.

Það virðist hafa verið miður ráðið að taka þann hátt upp að greiða konungi Íslands borðfé héðan í dönskum krónum. Auk þess sem slíkt má telja ofrausn, og þá ekki hvað síst á þeim tímum, er öllu þarf að halda sem mest til sparnaðar, þá fer og í alla staði bezt á því, að þjóðhöfðingjanum sé goldið í þeirri myntteiningu, sem þegnar ríkisins eiga við að búa.

Ed. 379. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 372 [Stjórnarskrá].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Tillagan orðist svo:

1. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skipað, að utan Reykjavíkur hafi hver þingflokkur þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Ed. 380. Lög

um breyting á lögum nr. 19, 4. nóv. 1887, um aðför.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgr.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum.

Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsgr., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1931.

Ingvar Pálmason, form. Jakob Möller, fundaskr. og frsm. Einar Árnason.

Nd. 382. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911 (þskj. 165).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður hátv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögunni á þskj. 241, við 1. gr. þess.

Alþingi, 12. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.
Þorleifur Jónsson. Jón Ólafsson.

Ed. 383. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

3. gr.

Þangað til sett verða sérstök geðveikralög skal daggjald á hvorri deild Kleppsspítala sem er fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri, ekki fara fram úr kr. 1.50 á meðan læknar spítalans telja honum vistina þar nauðsynlega.

Nd. 384. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn herklaveiki.

Frá Þorleifi Jónssyni og Lárusi Helgasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Fari gjald þetta fram úr ⅔ kostnaðar við herklavarnir vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í héraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður.

Ed. 385. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þingskjali 359 [Barnavernd].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við brtt. 1. Í stað »Utan Reykjavíkur eru« komi: Utan kaupstaða er.

Ed. 386. Frumvarp

til laga um barnavernd.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri. Í öðrum hreppum skulu skólanefndir vinna störf barnaverndarnefnda og hafa sama rétt sem þær.

2. gr.

Barnaverndarnefnd skipa 5 menn. Utan Reykjavíkur eru barnaskólastjóri og prestur sjálfkjörnir í hana, séu þeir heimilisfastir á staðnum. Að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og séu að jafnaði 2 þeirra konur. Einnig skulu kosnir 2 varamenn. Héraðslækni er skylt að veita nefndinni aðstoð, er hún óskar og því verður við komið.

3. gr.

Í Reykjavík skipa þó nefndina 7 menn, sem bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningum, og skulu að jafnaði 3 þeirra vera konur. Ennfremur skulu kosnir 3 varamenn.

4. gr.

Kjósa skal í barnaverndarnefndir hin sömu ár sem í skólanefndir og til 3 ára í senn; fyrsta kosning gildir út kjörtímabil skólanefndar, það er yfir stendur.

5. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan, sem áður hafa átt sæti í henni, aðrir en sjálfkjörnir menn.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn sér nefndinni fyrir fundarstað, sé þess óskað, og greiðir eftir reikningi útlagðan kostnað. Í Reykjavík ber nefndinni þóknun fyrir starfa sinn, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

6. gr.

Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur nákvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir barnaverndarráði ársskýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 23. gr.).

Varamenn taka sæti í nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki mætt á fundum hennar.

7. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, sem gefið er með eða komið fyrir á heimili vandalausra, eða njóta ekki umsjár annars foreldris síns eða beggja. Þó fellur það eftirlit niður, þar sem nefndinni er kunnugt, að vel fer um börnin. Til eftirlits með uppeldi telst það, að vakað sé yfir sérstökum hæfileikum barna, að þeir fái notið sín við þann undirbúning, sem þau fá undir lífið.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum, sem kunna að vera í umdæmi hennar, eða bæjarfélag hennar eða hreppsfélag ráðstafar einkum börnum hjá.
3. Hún rannsakar kærur og kvartanir, sem henni berast um varhugaverða meðferð á börnum, hvar sem er í umdæmi hennar. Einnig getur hún sjálf átt frumkvæði að slíkri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn

börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slíka aðstoð við uppeldi barna þeirra.
7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir lögregluvaldið. En skylt er lögregluvaldinu að veita henni alla þá aðstoð, er hún beiðist.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

8. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni; yfirheyrir hann þá þau vitni, sem hún og forráðamenn barnsins tilnefna. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

9. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa barni utan heimilis þess:
1. Þegar barnið hefir brotið hin almennu hegningarlög.
2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er hætta búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

10. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 9. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldranna, nema 2 af hverjum 3, 4 af hverjum 5, eða 5 af 7 nefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr

en nefndin leyfir. En málinu mega þeir skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs (sbr. 23. gr.).

11. gr.

Þegar 3 af 5 eða 4 af 7 nefndarmönnum telja rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna, geta þeir borið málið undir barnaverndarráð, og skal hlíta úrskurði þess (sbr. 23. gr.).

12. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.

13. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til barnaverndarráðs úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 23. gr.).

14. gr.

Börnum þeim, sem getur í 9. gr. 1., 2. og 5. staflið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugun á sálarlífi þeirra. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

15. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim. Verði misbrestur á því, greiðist meðlagið úr sveitarsjóði og telst sveitarstyrkur til foreldranna eða framfærslumanna. Ráðstafanir nefndarinnar breyta engu um framfærsluskyldur þeirra.

16. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 9. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust. Sé þagað um glæpsamlegt athæfi gagnvart barni, getur það varðað fangelsi.

17. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

18. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega benda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fáanleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

19. gr.

Brot gegn 10., 13., 16. og 17. gr. laga þessara varða 50—500 kr. sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum, og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

II. KAFLI.

20. gr.

Barnaverndarráð Íslands skipa 5 menn. Prestafélag og Kennarafélag Íslands kýs hvort um sig 1 mann í það og 1 varamann, en kennslumálaráðherra skipar 3, og sé einn þeirra lögfræðingur og annar a. m. k. hinna tveggja kona.

21. gr.

Kjörtímabilið er 4 ár. Skipanir kennslumálaráðherra gilda um sama tíma. Barnaverndarráðsmenn skulu eiga heima í Reykjavík eða nágrenni hennar.

22. gr.

Heimilt er barnaverndarráði að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

23. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 6., 10. og 11. gr.).

24. gr.

Barnahæli geta því aðeins notið styrks af ríkisfé, að þau fái meðmæli barnaverndarráðs.

25. gr.

Ríkisstjórnin sér barnaverndarráði fyrir stað til fundahalda og greiðir því til eftirlitsferða og skrifstofukostnað eftir reikningi.

26. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi þau ákvæði i eftirfarandi lagagreinum, sem fara í bága við þau: Lög nr. 39 frá 16. nóv. 1907, 5. gr., lög nr. 46 frá 27. júní 1921, 33. og 34. gr., lög nr. 43 frá 31. mai 1927, 36.—38. gr., sömuleiðis öll önnur ákvæði í eldri lögum, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Ed. 387. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Ísland, 18. maí 1920.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr.

a. Fyrstu efnismálsgr. skal orða svo:

Landið skal vera eitt kjördæmi. Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum. Skal Alþingi svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Til vara:

Fyrstu efnismálsgr. 1. greinar skal orða svo:

Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum í þessum sex kjördæmum:

1. Reykjavík.
2. Suðvesturlandskjördæmi:
   a. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
   b. Hafnarfjörður,
   c. Borgarfjarðarsýsla,
   d. Mýrasýsla,
   e. Snæfellsnessýsla,
   f. Dalasýsla.
3. Vesturlandskjördæmi:
   a. Barðastrandarsýsla,
   b. Ísafjarðarsýslur,
   c. Ísafjarðarkaupstaður,
   d. Strandasýsla.
4. Norðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Húnavatnssýsla,
   b. Austur-Húnavatnssýsla,
   c. Skagafjarðarsýsla,
   d. Eyjafjarðarsýsla (og Siglufjörður),
   e. Akureyri,
   f. Suður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandskjördæmi:
   a. Norður-Þingeyjarsýsla,

b. Norður-Múlasýsla,
c. Seyðisfjarðarkaupstaður,
d. Suður-Múlasýsla (og Neskaupstaður),
e. Austur-Skaftafellssýsla.

6. Suðurlandskjördæmi:
a. Vestur-Skaftafellssýsla,
b. Vestmannaeyjar,
c. Rangárvallasýsla,
d. Árnessýsla.

Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

b. Aftan við 1. gr. bætist:

Tölu alþingismanna má breyta með lögum.

2. 1. málsgr. 4. gr. skal orða svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs að aldri þegar kosning fer fram og hafa ríkisborgararétt hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Greinargerð.

Í greinargerð stjórnarskrárfrv. á þskj. 37 er þess getið, að einn flm. (JBald) áskilji sér rétt til þess að koma fram með eða fylgja brtt. við 2. og 4. gr. frv. Brtt. hér að framan undir tölulið 2, við 4. gr., er um það að fella niður ákvæðið um fimm ára heimilisfestu í landinu sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

Auk þess eru breytingartillögur við 1. gr. frv., um kjördæmaskiptinguna, sem flutningsm., að gefnu tilefni, þykir rétt að láta koma til atkvæðagreiðslu nú.

Í áðurnefndri greinargerð stjórnarskrárfrv. er þess getið, að undirritaður muni skila sérstöku áliti í milliþinganefndinni í kjördæmaskipunarmálinu, og fylgir það álit prentað sem fylgiskjal með tillögum þessum.

Alþingi, 12. apríl 1932.

Jón Baldvinsson.

Fylgiskjal.

Álit

fulltrúa Alþýðuflokksins í milliþinganefnd, er skipuð var til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og starfaði frá 26. ágúst 1931 til 13. febrúar 1932.

Inngangur.

Allt frá því, að Alþýðuflokkurinn var stofnaður, hefir það verið áhugamál flokksins að fá viðunandi breytingu á kjördæmaskipun landsins.

Eftir þeim lögum, er nú gilda um tilhögun kosninga til Alþingis, getur ráðið tilviljunin ein um það, hvort Alþingi er skipað í samræmi við vilja meiri hluta kjósenda eða ekki.

Hefir þetta einnig verið öðrum ljóst, því á Alþingi 1905 og 1907 gerði þáverandi ráðherra, Hannes Hafstein, tillögur um gagngerða breytingu á kjördæmaskipuninni og færði í greinargerð frumvarpsins og í umræðunum á Alþingi ýtarleg rök fyrir málinu. Veittu ýmsir merkir þingmenn þessu stuðning, en þó strandaði málið þá, og hefir eigi verið tekið upp í heild sinni síðan, öðruvísi en í þingsályktunarformi,[1]) fyrr en með stjórnarskrárfrumvarpi Héðins Valdimarssonar 1927.

Þegar Hannes Hafstein flutti frumvörp sín á þingunum 1905 og 1907, þurfti enga breytingu á stjórnarskránni, þótt kosningatilhöguninni til Alþingis væri breytt. Það var hægt eftir þágildandi stjórnarskrá að gera breytingu á kjördæmaskipuninni með einföldum lögum.

Hefir og aldrei verið gerð jákvæð breyting á stjórnarskránni til að hindra slíka löggjöf, en með afnámi konungkjörinna þingmanna og kosningu landskjörinna alþingismanna í þeirra stað, er gert var með stjórnarskrárbreytingu 1915, koma í stjórnarskránni ákvæði, þar sem talað er um þingmenn kosna hlutbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum, og þingmenn kosna óhlutbundnum kosningum.

---

1) Á Alþingi 1917 flutti Jör. Brynjólfsson, þáv. þm. Reykv., að tilhlutun Alþýðuflokksins tillögu til þál. um nýja kjördæmaskipun, þar sem skorað er á landsstjórnina að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um „réttláta kjördæmaskipun, sem byggð sé á þeim grundvelli, að kjósendatala hvers kjördæmis verði sem jöfnust". Alþt. 1917, A. þskj. 174. — Tillagan var felld í neðri deild með 17 atkv. gegn 2.

Er litið svo á, að frá þeim tíma hindri orðalag stjórnarskrárinnar gagngerða breytingu á kjördæmaskipun landsins, þótt eigi hafi sá verið tilgangurinn með umræddri stjórnarskrárbreytingu.

Eftir 1915 verða eigi lögleiddar breytingar á kjördæmaskipuninni í þá átt, er frumvarp Hannesar Hafsteins gerði ráð fyrir, að skipta landinu í stór kjördæmi og koma á hlutfallskosningum, eins og þá sumpart var komið á og sumpart að komast í framkvæmd hjá ýmsum þjóðum, nema með nokkurri breytingu á orðalagi stjórnarskrárinnar. Og það var slík nauðsynleg breyting, er var til umræðu á Alþingi 1930 og var notuð sem átylla til þingrofsins 14. apríl 1931.

Stjórnarskrármálið á þingi 1923—1927.

Á árunum 1923—1927 komu fram á Alþingi allmörg frumvörp til breytinga á stjórnarskránni. Er hér stuttlega drepið á breytingar þessar eins og flutningsmenn lýstu þeim í aðalatriðum.

Frumvarp Magnúsar Guðmundssonar 1923. (Alþt. C. 1923, bls. 312).

Í frumræðu sinni segist þingmaðurinn frá byrjun hafa verið á móti fjölgun ráðherra og árlegum þingum, en þessar eru aðalbreytingar frumv.

Þorl. Jónsson (f. h. Framsóknarfl.) lýsir fylgi við fækkun þinga þannig: „.... höfum við 4 nefndarmenn getað fylgzt að í því að fækka þingum þannig, að þing verði lögbundið aðeins annaðhvert ár". (Alþt. 1923, C. bls. 331).

Frumv. Jóns Magnússonar 1924: „Fækkun þinga og ráðherra er aðalatriðið, og að því er snertir sparnað, er þingafækkun aðalatriðið". (Alþt. 1924, C. bls. 246).

Jónas Jónsson (Framsóknarfl.): „Hvað þingflokkana snertir, þá veit ég ekki betur en að það hafi verið ég, sem fyrstur kom fram með þá hugmynd á seinni árum að hafa þing annaðhvert ár. Að minnsta kosti kom það fyrst fram í því blaði, sem ég hefi skrifað mikið í, nefnilega Tímanum". (Alþt. 1924, C. bls. 257).

Það er fyrst á Alþingi 1927, að breytingartillögur við stjórnarskrána snerta kjördæmaskipunina. Á því þingi flytur stjórnin (Íhaldsfl.) frv. um breytingar á stjórnarskránni, og eru þar flest sömu aðalatriðin og í stjórnarskrárbreytingunni 1923 og 1924: fækkun þinga.

Auk þessa er í frv. stjórnarinnar farið fram á að lengja kjörtímabil þingmanna í 6 ár úr 4 og láta kosningu á sex landskjörnum alþingismönnum fara fram samtímis kjördæmakosningum, í stað þess að kjósa 3 landskjörna þingmenn á fjögurra ára fresti, eins og nú er gert.

Þetta frv., nokkuð breytt, var samþykkt á Alþingi 1927, en fellt á næsta þingi, að undangengnum kosningum.

Á Alþingi 1927 var af hálfu Alþýðuflokksins (HV) flutt frv. til breytingar á stjórnarskránni, og þar á meðal átti að breyta kjördæmaskipuninni.

Í frv. HV (Alþt. 1927, A. þskj. 26) er lagt til að orða þannig 26. gr. stjórnarskrárinnar:

„Á Alþingi eiga sæti 25 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir hlutbundnum kosn-

ingum um land allt, og sitja allir i einni málstofu. Tölu þeirra má breyta með lögum. Þingmenn skulu kosnir til 4 ára í senn".

Hér kemur fram í fyrsta sinn tillaga, sem veitir öllum landsmönuum jafnan rétt til áhrifa á skipun Alþingis. En eins og flestum tillögum til umbóta á ranglátu fyrirkomulagi, þá var þessari breytingu tekið illa af íhaldssömum þingmönnum, og frv. komst nauðulega til nefndar og var svæft þar.

Hér hafa verið raktar í stuttum dráttum breytingar þær á stjórnarskránni, sem uppi hafa verið á Alþingi á árunum 1923—1928. Verður varla sagt, að full alvara hafi verið á bak við þessar tillögur hjá íhalds- og framsóknarflokknum, og vægast talað ekki allar af heilum hug gerðar, úr því ekki einu sinni þau atriðin komust fram, sem báðir þóttust sammála um. En því er þessara stjórnarskrárbreytinga getið hér, að í lok þessa tímabils kemur fram í frv. HV 1927 heilsteypt tillaga í kjördæmaskipunarmálinu, sem jafnframt lýsir aðalstefnu Alþýðuflokksins í því máli, og er aðdragandi að baráttu þeirri um breytingu á kjördæmaskipun landsins, er nú stendur yfir, og jafnframt er málið rakið af því, að fyrsti þátturinn í breyttri kjördæmaskipun hlýtur að verða breyting á stjórnarskránni.

Loks sýnir þetta stutta yfirlit skýra mynd af því, hvaða breytingar það eru á stjórnarskránni, sem ríkastar eru í huga forkólfa flokkanna, íhalds og framsóknar. Það eru ekki breytingar til að auka rétt kjósendanna í landinu til áhrifa á úrslit þjóðmálanna, heldur þvert á móti heyja þeir kapphlaup um það, hvor þeirra geti flutt rammari íhaldstillögur og fjarlægt og minnkað áhrif þjóðarinnar á þingið, og metast svo um það, hvor þeirra hafi fyrr fundið upp skaðvænlegustu tillögurnar.

Kjördæmaskipunarmálið og stjórnarskrárbreytingar á Alþingi 1930—1931.

Þrír alþingismenn (HV, HG og SÁÓ) báru fram í sameinuðu Alþingi 1930 svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing breytingar á kjördæmaskipuninni, er tryggi kjósendum jafnan rétt til áhrifa á skipun Alþingis hvar sem þeir búa á landinu".

Aðalflutningsmaður þáltill. (HV) sagði, að í orði ríkti á Íslandi „þingræði og lýðstjórnarfyrirkomulag", en grundvöllurinn undir því væri „almennur og jafn kosningaréttur". Lýsti ræðum. síðan með tölum ranglæti því, er væri á kosningatilhöguninni, þar sem m. a. „11 þingmenn í 12 fámennustu kjördæmunum hafa á bak við sig tæp 10 þús. kjósendur í þeim kjördæmum, eða minni kjósendastyrk en Reykjavik ein, en hún hefir aðeins 4 þingmenn". Að lokum lýsti flm. aðferðum til að bæta úr ágöllum ríkjandi fyrirkomulags:

„Ég skal nefna þær þrjár aðferðir, sem helzt koma til álita. Fyrst er það, sem við Alþýðuflokksmenn teljum réttast; það eru hlutfallskosningar um allt land, þá hafa atkvæði allra landsmanna jafnan rétt.

Önnur till. er það, að skipta landinu í fjórðungskjördæmi og að Reykja-

vík ein verði sérstakt kjördæmi. En báðar þessar breyt. mundu heimta breyt. á stjskr., því að hlutfallskosningar eru eftir henni ekki lögleyfðar nema í Rvík.

Þriðji möguleikinn er að skipta landinu í einmenningskjördæmi og hafa nokkra þm. að auki til uppbótar þeim stjórnmálaflokkum, sem fá ekki nógu marga fulltrúa eftir atkvæðafjölda við kosningar". (Alþt. 1930, D. bls. 299—301).

Hér er gerð skýr grein fyrir kröfum Alþýðuflokksins í kjördæmaskipunarmálinu og stefnu flokksins fyrr og síðar.

Málinu var stirðlega tekið af Jóni Þorlákssyni, er talaði af hálfu Sjálfstæðisflokksins, og Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherra, er talaði úr hópi framsóknarmanna. Tillagan varð ekki útrædd.

Fyrir Alþingi 1931 lagði stjórnin fram frv. til breytinga á stjórnarskránni, er fól í sér það tvennt að fækka þingmönnum með algerðu afnámi landskjörsins og rýmka nokkuð kosningarétt til Alþingis (færa aldurstakmarkið niður í 21 ár).

Með atkvæðum þingmanna Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins var í efri deild samþykkt við 2. umræðu sú viðbót við frumvarp stjórnarinnar að heimila með lögum hlutfallskosningar, auk þess sem veittur var kosningaréttur þeim, er sveitarstyrk þiggja.

Samþykkt þessara sjálfsögðu og meinlausu breytinga á frumvarpi stjórnarinnar var af henni notuð sem átylla til þingrofsins 14. apríl 1931, og féll þá niður þetta og mörg önnur mál, er lágu fyrir Alþingi 1931 (vetrarþinginu).

Kosningar þær, er fram fóru í júní 1931, sýndu betur en nokkuð annað, að kröfur Alþýðuflokksins um breytta kjördæmaskipun voru á fullum rökum reistar, þar sem freklega þriðjungur kjósendanna (36%) gat komið að 21 alþingismanni af 36, og hafði þá Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn alls af 42.

Kjördæmamálið var af þeim flokki gert að aðalmáli kosninganna, og þó þeir ynnu „glæsilegan sigur", þá virðist svo, sem þeim hafi þótt umbóta þörf á kosningafyrirkomulaginu. Því eftir öll stóru orðin í kosningabaráttunni var það þó eitt fyrsta verk stjórnarinnar á sumarþinginu að bera fram þingsályktunartillögu um kosningu milliþinganefndar „til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur um það".

Ýmsir munu í upphafi hafa verið vantrúaðir á árangur af þessari tillögu, en ef það er tekið eins og það er talað, þá mátti segja, að framförin væri mikil hjá stjórninni, að koma með slíka tillögu, eftir að hún var nýbúin að rjúfa þingið út af meinlausri breytingu, sem þó fór ekki lengra en það, að hægt var aðeins að tala um breytingar á kjördæmaskipuninni án þess að hreyfa þyrfti hina þungfæru stjórnarskrá.

Orðalagi tillögunnar og tilnefning nefndarmanna var svo nokkuð breytt í þinginu og tillagan samþykkt með atkvæðum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna.

Af hálfu Alþýðuflokksins var því haldið fram, að rétt væri að leggja á þinginu grundvöll undir starf nefndarinnar, en tillaga um það var felld í efri deild.

Þingsályktunartillagan um nefndarskipunina hljóðaði svo, er hún var endanlega samþykkt á þinginu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd

til þess að endurskoða löggjöfina um skipun Alþingis og kjördæmaskipunina og bera fram tillögur þar um. Í nefndina skal 1 maður skipaður samkv. tilnefningu Alþýðuflokksins, 2 samkv. tilnefningu Sjálfstæðisflokksins og 2 samkv. tilnefningu Framsóknarflokksins.

Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði".

Störf milliþinganefndar í kjördæmaskipunarmálinu.

Í nefndina voru skipaðir samkvæmt tilnefningu flokkanna:

Bergur Jónsson alþm., Jón Baldvinsson alþm., Jón Þorláksson alþm., Pétur Magnússon alþm. og Tryggvi Þórhallsson forsætisráðh.

Formaður nefndarinnar var skipaður Bergur Jónsson, en skrifari var kosinn Pétur Magnússon. Í fjarveru formanns frá 11. des. 1931 til 16. jan. 1932 tók Jörundur Brynjólfsson sæti í nefndinni í hans stað og stýrði fundum.

Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn 26. ágúst 1931. Á þeim fundi bar Jón Baldvinsson fram svofellda tillögu:

„Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar starfi sínu, að þingmannatala hinna ýmsu flokka á Alþingi verði jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra".

Eigi var óskað atkvæðagreiðslu um tillöguna á þessum fundi. Næst kom nefndin saman 9. nóvember sama ár. Lágu þá fyrir nefndinni allmikil gögn um skipun þinga í ýmsum löndum Norður- og Vesturálfu, og kynntu nefndarmenn sér gögn þessi eftir föngum og skýrðu á víxl á næstu nefndarfundum frá kosningatilhögun og skipun þinga í ýmsum löndum.

Við umræður þessar kom í ljós, að ekkert þeirra ríkja, sem kallað er að hafi lýðstjórnarfyrirkomulag og almennur kosningaréttur er viðurkenndur í, hefir jafnófullkomna kosningatilhögun og vér Íslendingar búum við, og var á þetta bent í nefndinni af hálfu fulltrúa Alþýðuflokksins og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Hinsvegar vitnuðu fulltrúar Framsóknarflokksins tíðast til Bretlands, þar sem meirihlutakosning er í einstökum kjördæmum eins og hér. En við það er fyrst að athuga, að kjördæmaskipunin í Bretlandi fullnægir ekki þeim kröfum, sem lýðstjórnarfyrirkomulagið gerir um kosningatilhögun, og í öðru lagi er reynt í Bretlandi að draga úr þeim ágalla með því að hafa kjósendatöluna í hinum einstöku kjördæmum sem jafnasta. Gallar brezka kosningafyrirkomulagsins hafa heldur aldrei komið í ljós á sama hátt og hjá okkur, að frekur þriðjungur kjósendanna hafi ráðið kosningu meiri hluta þingmanna; en gallar þess koma eigi að síður fram á þann hátt í síðustu kosningum, að andstöðuflokkar þjóðstjórnarinnar fengu aðeins fá þingsæti, miklu færri en þeim bar eftir atkvæðafjölda við kosningarnar. Er og uppi sterk hreyfing í Bretlandi, sem gengur í þá átt, að koma fram víðtækum breytingum á kjördæmaskipun þar í landi.

Á 8. fundi nefndarinnar, þ. 23. nóv. 1931, kom fram mikilvæg viðurkenning af hálfu framsóknarmanna. Í fundargerðinni segir svo: „Tryggvi Þórhallsson gerði grein fyrir afstöðu sinni til kjördæmaskipunarmálsins. Taldi hann,

að kjördæmaskipun ætti fyrst og fremst að miðast við fólksfjölda, en ýms fleiri atriði, er hann drap á, ættu þó að koma til greina".

En tillögur þær, er síðan hafa fram komið af hálfu Framsóknarflokksins, hafa þó ekki verið í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Á 10. fundi nefndarinnar lét fulltrúi Alþýðuflokksins í ljós þá skoðun sína, að heppilegast væri, að landið yrði eitt kjördæmi og þingmenn kosnir allir í einu með hlutfallskosningu.

Á 11. fundi lagði Jón Þorláksson af hálfu Sjálfstæðisflokksins fram skriflegar tillögur um tilhögun kosninga í einmenningskjördæmum með uppbótarsætum. Tillögum þessum var svo útbýtt fullgerðum á 16. fundi nefndarinnar, 14. desember 1931, og eru þær svo hljóðandi:

„I.

Að nefndin flytji frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni, samhljóða frv. sjálfstæðismanna frá sumarþinginu 1931, sjá Alþt. 1931, sumarþing, A. 39, eða að minnsta kosti frv., sem í öllum verulegum atriðum er í fullu samræmi við frv. á þessu þingskjali.

Stjórnarskrárfrumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi, er saman kemur í febr. 1932, og fái endanlega afgreiðslu á aukaþingi eða reglulegu Alþingi 1933, að afstöðnum nýjum almennum kosningum sumarið 1932.

II.

Að nefndin undirbúi og flytji frv. til laga um kosningar til Alþingis, sem verði lögtekið samtímis og stjórnarskrárbreytingin er samþykkt til fullnustu. Frumvarp þetta til kosningalaga sé byggt á þeim grundvelli, er segir í nýnefndu stjórnarskrárfrv., þ. e. að Alþingi verði svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Um kjördæmaskiptingu og tilhögun kosninga á þessum grundvelli gerum við eftirfarandi tillögur:

1. Skipting landsins í kjördæmi haldist óbreytt sú, sem nú er. Kjördæmin utan Reykjavíkur, sem eru 26 að tölu, kjósi fyrst einn þingmann hvert með meirihlutakosningu (sá kosinn, sem flest fær atkvæði) og þar að auki uppbótarþingmenn, 6 eða fleiri, samkvæmt reglunum í 6. og 7. lið. Með þessu er það tryggt, að þingmannatala þessara kjördæma, sem nú er 32, lækki ekki við breytinguna. Kjördæmið Reykjavík kjósi fyrst 1 þingmenn með hlutfallskosningu eins og nú, og taki auk þess þátt í kjöri uppbótarþingmanna samkvæmt reglunum í 6. og 7. lið.
2. Í framboði getur hver sá maður verið, sem er kjörgengur og fær hæfilega tölu meðmælenda, t. d. 25. Hverjum frambjóðanda er skylt að skýra í framboðinu frá flokksafstöðu sinni, þ. e. hvort hann telst til einhvers viðurkennds landsmálaflokks, eða styður einhvern landsmálaflokk, eða er utan flokka. Tala frambjóðenda af sama flokki er ekki í neinu kjördæmi öðrum takmörkum bundin en þeim, sem leiðir af kjörgengisskilyrðum og meðmælendafjölda.

3. Kjörstjórn hvers kjördæmis býr út kjörseðlana, eftir að öll framboð eru komin. Frambjóðendur úr sama flokki skulu settir saman í reit á kjörseðlinum, og reiturinn greinilega auðkenndur með flokksmerkinu. Þeir skulu settir í stafrófsröð, en þó getur flokksstjórn ákveðið aðra röð. Nafn frambjóðanda, sem styður tiltekinn flokk, skal sett síðast í reit flokksins á kjörseðlinum, aðgreint með striki frá frambjóðendum flokksins, og aftan við nafn hans sett „styður flokkinn“ eða annað þess háttar einkenni. Frambjóðendur utanflokka skulu vera í reit út af fyrir sig á kjörseðlinum.
4. Kjósandi greiðir atkvæði með því að krossa við nafn einhvers eins af frambjóðendunum á kjörseðlinum, **eða** með því að krossa við flokksmerki þess flokks, sem hann vill styðja, og telst þá atkvæðið greitt efsta frambjóðandanum í reit flokksins (í Reykjavík flokkslistanum eftir venjulegum reglum). Sérhvert atkvæði, sem greitt er flokki eða flokksframbjóðanda, telst jafnframt greitt varamanni úr sama flokki eftir reglum, sem um það verða settar.
5. Við talningu atkvæða skal fyrst telja, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern flokk og á hvern frambjóðanda utanflokka. Í Reykjavík er tala kosinna þingmanna af hverjum flokki reiknuð út eftir núgildandi reglum. Í kjördæmum utan Reykjavíkur tilfellur fasta þingsætið þeim flokki eða frambjóðanda utanflokka, sem hefir flest atkvæði. Hafi þingsætið hlotnazt flokki, sem hafði fleiri en einn frambjóðanda í kjöri, er sá af þeim flokksmönnum kosinn, sem hefir þeirra flest atkvæði.
6. Allar atkvæðatölur flokka og frambjóðenda eru tilkynntar landskjörstjórn þegar eftir atkvæðagreiðsluna, og telur hún saman atkvæði hvers flokks og tölu kosinna þingmanna hans úr öllum kjördæmum samanlagt. Svo telur hún og saman í heild atkvæði allra þeirra þingflokka, sem hafa náð sæti við kosninguna, og þeirra frambjóðenda utanflokka, sem hafa náð kosningu. Hinni síðastnefndu tölu skal deila með 42 (sem er lágmarkstala þingmanna eftir þessari tilhögun), en atkvæðatölu hvers flokks skal á sama hátt deilt með þeirri tölu þingmanna (flokksmanna og stuðningsmanna), sem flokkurinn þegar hefir fengið kosna. Hin lægsta af þeim tölum, er koma út við deilinguna, skal jöfnuð í næstu heilu tölu með því að sleppa broti, sem er minna en ½, eða hækka upp í heilan brot, sem er ½ eða meira, og nefnist þessi jafnaða tala **hlutfallstala** kosningarinnar.

   Þar næst er hlutfallstölunni deilt í atkvæðatölur þeirra þingflokka, sem geta komið til greina við úthlutun uppbótarsæta. Þær tölur, sem þá koma út, sýna þingmannatölu þá, sem hver flokkur á tilkall til. Brot, sem nemur ½ eða meira, skal hækkað upp í heilan, en broti, sem er minna en ½, skal sleppt. Þó skal hækka svo mörg hin hæstu af þessum brotum upp í heilan, sem þurfa kynni til þess að ná lágmarkstölu þingmanna, 42. Frá þessum tölum þingmanna skal draga þá tölu þingmanna, sem hver flokkur þegar hefir fengið kosna. Mismunurinn er sú tala uppbótarsæta, sem hver þingflokkur fyrir sig á tilkall til.
7. Kosningu sem hlutfallskosnir þingmenn (í uppbótarsætin) hljóta þeir fram-

bjóðendur innan hvers flokks, sem eigi hafa þegar náð kosningu í kjördæmi, en næstir standa, eftir þessum reglum:

a. Við úthlutun uppbótarsæta skal landinu öllu skipt í þessi 6 umdæmi:
   1. Reykjavík.
   2. Suðvesturland, Gullbringusýsla til og með Dalasýslu.
   3. Vesturland, Barðastrandarsýsla til og með Strandasýslu.
   4. Norðurland, V.-Húnavatnssýsla til og með N.-Þingeyjarsýslu.
   5. Austurland, N.-Múlasýsla til og með A.-Skaftafellssýslu.
   6. Suðurland, V.-Skaftafellss. og Vestmannaeyjar til og með Árnessýslu.

b. Innan hvers þessara umdæma skal reikna út fulltrúalausa atkvæðatölu hvers þess flokks, sem á að fá uppbótarsæti, með því að draga tölu kosinna flokksþingmanna í umdæminu margfaldaða með hlutfallstölu kosningarinnar frá samanlagðri atkvæðatölu flokksins í umdæminu.

c. Þannig fundnum fulltrúalausum atkvæðatölum þessara flokka í hverju umdæmi fyrir sig skal deilt með hlutfallstölunni. Útkoman skal talin í tugabroti með tveim desimölum.

d. Hvert umdæmi skal fá uppbótarsæti fyrir hverja heila einingu í útkomunum samkvæmt c., og ennfremur skal hækka stærstu brotin upp í heilan, annarsvegar svo mörg úr umdæmunum 2. til og með 6., sem þurfa kann til þess að þau til samans fái 6 uppbótarþingsæti hið fæsta, og hinsvegar svo mörg hjá hverjum flokki, sem þarf til þess að hann fái fulla þá tölu uppbótarsæta, sem hann á tilkall til samkvæmt 6. lið.

e. Kosningu sem hlutfallskjörnir þingmenn fá þeir frambjóðendur hvers flokks í hverjum landshluta, sem hafa fengið flest atkvæði innan þess landshluta við kosninguna án þess að ná þar kosningu í hin föstu sæti.

Um ákvörðun varamanna séu settar nánari reglur".

Það er fyrsta tillagan, að nefndin sameinist um að flytja frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, samhljóða frumvarpi sjálfstæðismanna frá sumarþinginu 1931. Er það frumvarp í aðalatriðunum eins og meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að flytja í þingbyrjun 1932.

Í þessum tillögum, sem eru einskonar uppkast að kosningalögum, er gert ráð fyrir því, að kjördæmin haldist eins og þau eru nú, en flokkarnir fái uppbótarsæti, svo að það náist, að hver flokkur á Alþingi hafi þar jafnmarga fulltrúa eins og hann á rétt til eftir atkvæðamagni því, sem hann hefir fengið við almennar kosningar.

Á sama fundi og Sjálfstæðismenn lögðu fram fullgerðar tillögur sínar (14. des.) var af hálfu fulltrúa Framsóknarflokksins lögð fram svohljóðandi:

„Tillaga borin fram innan kjördæmaskiptingarnefndarinnar af fulltrúum Framsóknarflokksins.

Kjördæmaskipunin byggist í aðalatriðum á sama grundvelli og nú er, en stigin verði spor í áttina til þess að jafna ósamræmi það, sem orðið hefir hin síðari ár.

Landskjör verði lagt niður og allir alþingismenn kosnir í einu af sömu kjósendum.

Hinsvegar verði sex þingsætum varið til þess að jafna ósamræmið, sem er á kjördæmaskipuninni, eftir því sem samkomulag verður um.

Fulltrúar Framsóknarflokksins tjá sig reiðubúna til áframhaldandi samstarfs í nefndinni til umræðu og athugunar á eigin tillögum og annara og telja núverandi tíma óhentuga til þess að stofna til stórdeilna um málið, enda leggja þeir áherzlu á, að þjóðinni gefizt kostur á að kynnast og ræða allar tillögur, sem fram koma í málinu".

Báðar þessar tillögur, ásamt tillögunni um að gera allt landið að einu kjördæmi, voru síðan ræddar á næstu fundum, en á 19. fundi nefndarinnar lagði Jón Baldvinsson fram svohljóðandi tillögu:

„Ég hefi af hálfu Alþýðuflokksins stungið upp á þeirri kosningatilhögun á 10. fundi nefndarinnar, 27. nóv. 1931, að alþingismenn séu allir kosnir með hlutfallskosningu í einu lagi um land allt og sama kosningaraðferð viðhöfð og útreikningur á kosningu sé hinn sami og nú er við landskjör. Sú kosningatilhögun fullnægir því, er felst í tillögu minni á fyrsta fundi nefndarinnar og þar er hókuð. Auk þess er þessi kosningaaðferð einföld og þarf ekki að leiða af sér fjölgun alþingismanna.

Við alþingiskosningarnar 1927 voru kjósendur samtals á kjörskrá 46047, en 1931 voru þeir 50485, og eru þeir eigi fleiri en í einu kjördæmi hjá nágrannaþjóðum vorum, þeim hinum fjölmennari. Þessi kosningatilhögun hefir aðallega sætt þeim andmælum í nefndinni, að með því væri Reykjavík og flokksstjórnunum veitt meira vald yfir kosningunni en æskilegt væri. En þar til er því að svara, að flokksstjórnirnar munu ávallt ráða mestu um framboð við kosningar, og Reykjavík fær aðeins hlutfallslega sama vald með þessari kosningatilhögun og aðrir landshlutar.

En þótt ég telji þessa uppástungu heppilega lausn á málinu, hefir mér þó dottið í hug að bera fram aðra uppástungu um kosningatilhögun, en hún er í stuttu máli þessi:

Að landinu sé skipt í sex kjördæmi.

Að alþingismenn og varaþingmenn séu kosnir í þessum sex kjördæmum með hlutfallskosningum.

Að veitt verði uppbótarsæti fyrir afgangsatkvæði hvers flokks, er þau samanlögð úr öllum kjördæmum ná meðaltölu atkvæða þess flokks, er lægsta hefir meðaltölu atkvæða á alþingismann.

Landinu sé skipt í þessi kjördæmi:

1. Reykjavíkurkjördæmi, tala á kjörskránni 1931: 12473.
2. Suðvesturlandskjördæmi:
   a. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
   b. Hafnarfjörður,
   c. Borgarfjarðarsýsla,
   d. Mýrasýsla,
   e. Snæfellsnessýsla,
   f. Dalasýsla.

   Tala á kjörskrá 1931: 8563.

3. Vesturlandskjördæmi:
   a. Barðastrandarsýsla,
   b. Ísafjarðarsýsla,
   c. Ísafjörður,
   d. Strandasýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 5858.
4. Norðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Húnavatnssýsla,
   b. Austur-Húnavatnssýsla,
   c. Skagafjarðarsýsla,
   d. Eyjafjarðarsýsla (og Siglufjörður),
   e. Akureyri,
   f. Suður-Þingeyjarsýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 11262.
5. Austurlandskjördæmi:
   a. Norður-Þingeyjarsýsla.
   b. Norður-Múlasýsla.
   c. Seyðisfjörður.
   d. Suður-Múlasýsla.
   e. Austur-Skaftafellssýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 5698.
6. Suðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Skaftafellssýsla,
   b. Vestmannaeyjar,
   c. Rangárvallasýsla,
   d. Árnessýsla.
   Tala á kjörskrá 1931: 6631.

Ég ætlast til þess, að hvert þessara kjördæma fái þingmannatölu i réttu hlutfalli við kjósendafjölda. En eigi hefi ég í þessum tillögum stungið upp á ákveðinni lágmarkstölu þingmanna, en er viðbúinn að gera uppástungur um það".

Þessi tillaga var tilraun til þess að koma á samkomulagi innan nefndarinnar um viðunandi kosningafyrirkomulag, vegna mótstöðu, er aðaltillaga Alþýðuflokksins sætti í nefndinni.

Í tillögunni er tala þingmanna í kjördæmum eigi ákveðin, en til þess er ætlazt, að hvert þessara 6 kjördæma kjósi jafnmarga þingmenn sem hæfilegt er í samræmi við atkvæðafjölda þann, eða fólksfjölda, sem býr í kjördæminu.

En hvorki þessi tilhögun né heldur sú, að landið sé eitt kjördæmi, þarf að auka tölu þingmanna frá því, sem nú er, en jafnrétti kjósendanna þó tryggt. Sérstaklega er þetta hentugt að því leyti, að það getur aldrei orðið nema lítið brot atkvæða, sem niður félli hjá þingflokkunum við hverjar kosningar.

Þegar tillögur þessar höfðu verið ræddar á nokkrum fundum í nefndinni, þá var álitið, að rétt væri að komast að niðurstöðu um það, hvernig nefndin liti á þessar tillögur og ganga til atkvæða um þær.

Fyrst mundi þá koma til atkvæða sú tillaga, sem um er getið á fyrsta fundi nefndarinnar, og átti að vera grundvöllur undir starfi nefndarinnar.

En á fundi í nefndinni 19. desember fluttu framsóknarmenn breytingartillögu, er hljóðar svo:

„Breytingartillaga við tillögu, er Jón Baldvinsson bar fram á fyrsta fundi nefndarinnar.

Tillagan orðist svo:

Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar fyrir starfi sínu, að kosningum til Alþingis sé svo háttað, að tryggt verði hvorttveggja í aðalatriðum:

a. Sem jafnastur réttur kjósandans til fulltrúavals og áhrifa á Alþingi.
b. Réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa".

Á 20. fundi nefndarinnar, tveim dögum síðar, þann 21. des., fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins svohljóðandi breytingartillögur við áðurnefndar breytingartillögur framsóknarmanna við tillögu Jóns Baldvinssonar:

„1. Orðið „hvorttveggja" í inngangi tillögunnar falli burt, og á undan a.-lið komi nýr liður, sem verði a.-liður, þannig:

Að þingsætatala þingflokkanna verði jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendafjölda þeirra.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

2. Að a.-liður tillögunnar (sem samkv. brtt. 1. á að verða b.-liður) orðist svo:

Sem jafnastur réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis".

Atkvæðagreiðsla um tillögur þessar fór fram á 22. fundi nefndarinnar, 6. janúar 1932, og féllu atkvæði svo, samkv. fundargerðinni:

„Kom fyrst til atkvæða 1. liður í brtt. fulltrúa Sjálfstæðisfl., er fram voru bornar á 20. fundi nefndarinnar, 21. des., og féllu atkvæði þannig:

Já sögðu: Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson, Pétur Magnússon.

Tryggvi Þórhallsson og Jörundur Brynjólfsson greiddu ekki atkvæði.

Þá kom til atkvæða 2. liður í sömu brtt. og féllu atkvæði um hann þannig:

Já sögðu: Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson, Pétur Magnússon.

Nei sagði: Tryggvi Þórhallsson. Jörundur Brynjólfsson greiddi ekki atkv.

Þá kom næst til atkvæða b.-liður (réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa) í brtt. fulltrúa Framsóknarfl., er fram voru bornar á 19. fundi nefndarinnar, 19. des. síðastl.; atkvæði féllu þannig:

Já sögðu: Jón Þorláksson, Pétur Magnússon, Tryggvi Þórhallsson, Jör. Brynjólfsson.

Nei sagði: Jón Baldvinsson".

Breytingartillaga fulltrúa Framsóknarflokksins við tillögu J. Bald. á 1. fundi nefndarinnar kom því næst til atkvæða, og hljóðaði þá svo, eftir að breytingartillögur sjálfstæðismanna höfðu verið samþykktar:

„Nefndin ályktar að leggja það til grundvallar fyrir starfi sínu, að kosningum til Alþingis sé svo háttað, að tryggt verði í aðalatriðum:

a. að þingmannatala þingflokkanna verði jafnan í sem fyllsta samræmi við kjósendatölu þeirra.
b. sem jafnastur réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis.
c. Réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa".

Atkvæði um tillöguna þannig breytta, féllu svo:

„Já sögðu: Jóu Þorláksson, Pétur Magnússon.

Nei sagði: Jón Baldvinsson.

Tryggvi Þórhallsson og Jörundur Brynjólfsson greiddu ekki atkvæði“.

Út af þessari atkvæðagreiðslu urðu alllangar umræður. Um þetta er bókað í fundargerðinni:

„Þar sem ekki fékkst meiri hl. atkvæða fyrir brtt. með áorðnum breytingum, óskaði Jón Þorláksson, að till. Jóns Baldvinsson frá 1. fundi nefndarinnar yrði borin undir atkvæði óbreytt. Formaður lét í ljós, að samkv. því, hvernig atkvæðagreiðsla um till. í heild hefir fallið, hafi ekki náðst samkomulag um grundvöll fyrir starfi nefndarinnar, en taldi hinsvegar ekki ástæðu til að bera till. upp, þar sem höfuðefni hennar hefði náð samþykki meiri hluta nefndarmanna (við atkvgr. um 1. brtt. fulltrúa Sjálfstæðisflokksins).

Pétur Magnússon vakti máls á því, að með því að fulltrúi Alþfl. í nefndinni hefði lýst yfir því, að hann til samkomulags í nefndinni mundi geta sætt sig við þær till. um kosningatilhögun, er fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðu borið fram, og fulltrúar Framsóknarfl. hefðu ekki lýst sig andstæða þeim grundvelli, er þær eru reistar á, og þær þannig væru einu till., er hugsanlegt væri, að samkomulag gæti orðið um, mundi heppilegt að ákveða nefndarmönnum frest til að bera fram brtt. við þessar tillögur. Nefndarmenn féllust á þessa uppástungu og var frestur ákveðinn til laugardags 9. þ. m. kl. 2 e. h.“.

Á næsta fundi, 9. jan. 1932, óskuðu framsóknarmenn eftir tveggja daga fresti til að bera fram tillögur, og var þá haldinn fundur (11. jan.), en eigi voru þeir þá við búnir, en næsta dag (12. jan.) skýrðu fulltrúar Framsóknarflokksins frá því, að þeir hefðu ætlað sér að leggja fram tillögur sínar, en teldu rétt að fresta því, vegna fjarveru eins nefndarmanns.

Á 26. fundi, þ. 13. janúar 1932, báru fulltrúar Framsóknarflokksins fram svo hljóðandi tillögu:

„Landskjörið verði lagt niður. Þingmannatala Reykjavíkur verði 7—8, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla verði tvímenningskjördæmi (eða t. d. G.-K. verði skipt í tvö kjördæmi), Siglufjörður verði sérstakt kjördæmi“.

Út af þessari tillögu er bókað í fundargerðina:

„Af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins lýsti Jón Þorláksson yfir því, að hann skildi framkomu þessara tillagna fulltrúa Framsóknarfl. í sambandi við ákvörðun þá, sem bókuð er í niðurlagi fundargerðar 22. fundar og atkvæðagreiðslunnar á þeim sama fundi, sem augljósan vott þess, að þeir vildu eigi sætta sig við þann grundvöll, sem lagður væri í tillögum fulltrúa Sjálfstæðisfl. Gat hann þess, að Sjálfstæðisfl. teldi þessar breytingar, sem felast í tillögum fulltrúa Framsóknarfl., öldungis ófullnægjandi og taldi gagnslaust að halda áfram umræðum á þeim grundvelli. En jafnframt lýsti hann yfir því, að ef það gæti fremur leitt til samkomulags í nefndinni, mundu fulltrúar Sjálfstæðisfl. geta fallizt á það kosningafyrirkomulag, er stungið er upp á í till. Jóns Baldvinssonar, er fram voru lagðar á 19. fundi nefndarinnar, 19. des. síðastl., um hlutfallskosningu í fleirmenningskjördæmum.

Jón Baldvinsson lét í ljós, að þar sem till. Framsóknarfl. gengju í öfuga átt við tillögur hans á 19. fundi nefndarinnar, þá gæti hann eigi fallizt á þær.

Fulltrúar Framsóknarfl. létu í ljós, að till. þeirra væru fram komnar sem eðlileg afleiðing af þeim umr., er fram fóru á fundi 11. þ. m.".

Á næsta fundi, 16. jan. 1932, lögðu fulltrúar Framsóknarflokksins fram svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Út af yfirlýsingum þeim, sem birtar voru á síðasta nefndarfundi, lýsa fulltrúar Framsóknarflokksins yfir því, að þeir halda fast við það meginatriði, að núverandi kjördæmi fái að halda þeim rétti að eiga sérstaka fulltrúa, og skírskota til meirihlutasamþykktar um það atriði á fundi nefndarinnar 6. þ. m. Þeir geta því alls ekki fallizt á tillögu Jóns Baldvinssonar á 19. fundi nefndarinnar, þar eð sú tilhögun sviptir núverandi kjördæmi þeim rétti.

Tillögur sjálfstæðismanna eru hinsvegar þeim annmörkum háðar í einstökum atriðum, að telja má víst, að þó þær næðu nú samþykki, þá yrði framkvæmdin sú, að frá þeim yrði þegar horfið aftur. En með þeim er lagður til grundvallar réttur kjördæmanna til að eiga sérstaka þingmenn, og telja fulltrúar Framsóknarflokksins sjálfsagt að leita enn á ný þeirrar lausnar málsins á þessum grundvelli, sem líkleg er að verða til frambúðar".

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gáfu svofellda yfirlýsingu:

„Með því að augljóst er af yfirlýsingu framsóknarmanna, að þeir geta ekki fallizt á tillögur sjálfstæðismanna frá 14. des., og sérstaklega ekki á það meginatriði þeirra, að þingflokkarnir fái þingsæti í samræmi við kjósendafjölda, þá telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni þýðingarlaust að halda áfram samvinnu við fulltrúa Framsóknarflokksins, en eru þó fúsir til að koma á sameiginlegan nefndarfund, ef nýjar tillögur koma fram áður en starfstíma nefndarinnar er lokið".

Jón Baldvinsson taldi rétt, að nú væri gengið til atkvæða um framkomnar tillögur.

Hinn setti formaður nefndarinnar óskaði eftir, að atkvæðagreiðslu yrði frestað, þangað til hinn reglulegi formaður nefndarinnar kæmi til bæjarins, er ekki mundi verða síðar en um miðja næstu viku. Féllust allir nefndarmenn á það".

Síðasti fundur nefndarinnar, 13. febrúar 1932,[1]) leiddi eigi til neins samkomulags og heldur eigi fór þar nein atkvæðagreiðsla fram.

Þá tóku þingstörfin við, og málið komst inn á þing í stjórnarskrárbreytingunni, sem fulltrúi Alþýðuflokksins og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í kjördæmanefndinni flytja í efri deild, en það er fyrsta skrefið í áttina til breytingar á kjördæmaskipuninni.

Það hefir þannig ekki orðið neinn árangur af störfum nefndarinnar, enginn sameiginlegur árangur, því að nefndarmenn voru hver með sínar tillögur, og Framsóknarmenn fengust aldrei til þess að gera neinar þær tillögur til breytinga á kosningatilhöguninni, sem voru aðgengilegar fyrir hina flokkana, og

1) Það síðasta, sem gert var í nefndinni, var það, að forsætisráðherra og form. Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorlákssson, hvor af hálfu síns flokks, ákváðu að tala saman um málið daginn eftir (þ. 14. febr.); virðist það samtal eigi hafa borið árangur, að því er enn er séð.

engar slíkar tillögur hafa heldur verið orðaðar frá Framsókn enn þann dag í dag, svo að vitanlegt sé, þegar þetta er skrifað.

Áður en lokið er að segja frá störfum nefndarinnar, þykir rétt að segja frá afstöðu Alþýðuflokksins til tillagna þeirra, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir lagt fram.

Óneitanlega eru stórmiklir gallar á því fyrirkomulagi, sem þeir stinga upp á, sérstaklega það, að láta hin mörgu og smáu kjördæmi haldast, sem hlýtur alltaf að verða tilefni til misréttis.

Aftur á móti var það kostur á tillögunum að hafa uppbótarsætin ótakmörkuð, því þá fékk hver flokkur fulla tölu fulltrúa eins og hann átti rétt á eftir atkvæðamagni því, sem hann hafði fengið við kosningar.

Annað atriði var líka kostur frá sjónarmiði Alþýðuflokksins, og það var sú heimild, að hafa mætti frambjóðanda fyrir fleiri en eitt kjördæmi í senn.

Mátti þannig safna saman atkvæðum úr mörgum samliggjandi héruðum á einn og sama frambjóðanda, án þess að velja þyrfti frambjóðendur til þess að safna fáum atkvæðum í hinum ýmsu kjördæmum.

Hinsvegar er það mála sannast, að frumvarp Sjálfstæðismanna hefir allstóran ókost í augum ýmsra, sem sé þann, að þingmannatalan gæti verið há úr hófi fram.

En eftir þeim útreikningum, sem gerðir hafa verið eftir tvennar síðustu kosningar, þá hefði tala þingmanna samkvæmt þessari tilhögun þó ekki orðið nema 43, og jafnvel framsóknarmenn hafa í sínum uppástungum gert ráð fyrir, að þingmenn yrðu 43.

Af þessum ástæðum, sem lýst er hér og að framan er getið í útdrættinum úr fundargerðinni, þá var af fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni yfir lýst, að hann mundi geta aðhyllzt tillögur sjálfstæðismanna, **ef samkomulag næðist um þær milli allra flokka í nefndinni**, en jafnframt var það skýrt tekið fram, að þær mundu ekki verða lagðar sem grundvöllur undir baráttu Alþýðuflokksins í kjördæmaskipunarmálinu, enda þótt hann teldi þær bót frá því, sem nú er.

Tillögur Alþýðuflokksins.

Fyrsta tillagan um breytingu á kjördæmaskipuninni kom fram í nefndinni á 10. fundi hennar, svo sem áður er getið, þar sem bókað er, að Jón Baldvinsson hafi látið í ljós þá skoðun, „að heppilegast væri, að allt landið yrði eitt kjördæmi og þingmenn kosnir allir í einu með hlutfallskosningu“. Að ekki var lögð fram skrifleg tillaga á fundinum, heldur aðeins bókað þetta álit fulltrúa Alþýðuflokksins, kemur af því, að málið er ákaflega einfalt og auðvelt að átta sig á því, jafnvel þótt til atkvæðagreiðslu hefði komið. En fyrir atkvæðagreiðsluna hafði fulltrúi Alþýðuflokksins búið út tillögu, sem er ekki í fundargerðinni, og er svo:

„Landið skal vera eitt kjördæmi.

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum.

Tölu þingmanna má breyta með lögum. Kjörtímabil þingmanna er 4 ár.

Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtíma, og tekur þá sæti hans varaþingmaður sá, sem í hlut á, það sem eftir er kjörtímans. En varaþingmenn skulu kosnir á sama hátt og alþingismenn og samtímis. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er að því þingi".

Við hlutbundnar kosningar eftir tillögum þessum er til ætlazt, að höfð sé sú aðferð (listakosning), sem nú er notuð við landskjör.

Ef tekin er kjósendatala á öllu landinu, þá sést, að á Íslandi eru eigi fleiri kjósendur en í meðalstóru kjördæmi í nágrannalöndum vorum. Atkvæðafjöldinn veldur því engum erfiðleikum, enda er hér fordæmi fyrir slíkum kosningum, þar sem landskjörið er, þó að kosningaréttur við það hafi verið mjög takmarkaður.

En höfuðkostur slíks fyrirkomulags mundi verða meiri heilbrigði í störfum þingsins, minna tog um fjárveitingar til einstakra héraða án tillits til þess, hvort rétt sé að leggja fé landsins til framkvæmda þar eða ekki. En einn af ókostum við hin mörgu og smáu kjördæmi er það, að þingmönnum finnst sér skylt að bera eitthvað úr býtum fyrir sitt kjördæmi og kjósendur þar. Það hefir leitt til margra óþarfra fjárveitinga, sem betur væri varið til annara framkvæmda, þar sem meira gagn hefði orðið að. Þingmenn mundu frekar líta á, hvað landinu í heild sinni væri fyrir beztu, meira á það, hvað landsmönnum kæmi að sameiginlegu gagni, heldur en það, hvað hentugt þætti til kjörfylgis í litlu kjördæmi.

Á verklegum framkvæmdum í landinu er lítið skipulag. Vegalög eru til, og brúalög eru til. Allir vita, hversu þessi lög eru gegnsýrð af hreppapólitík, og þó það sem verst er, framkvæmdin á þeim er það líka. Stjórnirnar líta hornauga til þess, hvað getur komið sér vel til að tryggja pólitísk yfirráð í vafasömu héraði, og framkvæmdin oft bundin við það, sem kemur sér vel í samkeppninni um kjördæmið, frekar en það, hvað kæmi að almenningsnotum.

En núverandi kjördæmaskipun býður upp á þetta. Og þingmennirnir, sem venjulega eru áhrifamenn í sínu kjördæmi, eru oft forystumenn í togstreitunni fyrir hérað sitt, jafnvel þótt kröfur þeirra séu blóðugur óréttur fyrir önnur héruð og þeir séu miklu færri, sem hlunnindanna njóta, en hinir, sem óréttinn bíða.

Um atvinnumálin og skattamálin, sem skipta mönnum í flokka eftir stéttum, hlýtur alltaf að standa deilan, milli verklýðsstéttarinnar annarsvegar og stéttar atvinnurekenda hinsvegar. Flokkar atvinnurekenda hafa markað stefnuna í löggjöfinni í skattamálum og atvinnumálum, til hagsmuna fyrir sína stétt, og látið þungann af sköttum og ólagið á atvinnuvegum bitna á verklýðsstéttinni. Alþýðan hefir að vísu myndað sterk samtök um land allt, svo að hún getur sótt og varizt í baráttunni um sjálf vinnukjörin.

En vegna ranglátrar kjördæmaskipunar hefir verklýðsstéttin eigi getað haft þau áhrif á löggjöfina, sem henni ber — þótt nokkuð hafi samt á unnizt — eftir atkvæðamagni því, er hún ræður yfir samanlagt á öllu landinu. Það er þess vegna engin tilviljun, að Alþýðuflokkurinn hefir undanfarin 15 ár, og fram að árinu 1931, einn flokka, haldið uppi látlausri baráttu fyrir breyttri kjör-

dæmaskipun, og haft forystuna á sama tíma í baráttunni fyrir rýmkuðum kosningarrétti.

Það hefir verið fundið að tillögunni um að hafa landið allt eitt kjördæmi, að flokksstjórnirnar myndu ráða því, hverjir yrðu í framboði til Alþingis, og að erfiðleikar yrðu á því fyrir frambjóðendur að kynnast þörfum og óskum landsmanna.

Þetta er ekkert annað en fyrirsláttur, því að nú sem stendur eru það flokksstjórnirnar, sem ráða því, hverjir eru í framhoði í hverju kjördæmi. Þetta er ekki eingöngu reynsla hér hjá okkur, það er reynsla allra þeirra þjóða, þar sem lýðstjórnarfyrirkomulagið hefir fest rætur. Það eru hinir „organiseruðu" flokkar eða stjórnir þeirra, sem mestu ráða um það, hverjir verða fulltrúar í hinum einstöku kjördæmum eða hverjir eru settir á lista flokka, ef um hlutfallskosningu er að ræða. Þetta er ekkert óeðlilegt. Bak við flokkana eiga að standa kjósendur þeirra viðsvegar um land, og þeir velja flokksstjórnirnar, eða a. m. k. eiga að gera það. Kjósendurnir hafa því áhrif á það, hverjir eru valdir til að fara með mál flokks síns, og þá einnig áhrif á það, hverjir eru settir fulltrúar í hinum einstöku héruðum eða kjördæmum, auk þess sem að jafnaði mun vera farið eftir því, sem kjósendur í hlutaðeigandi kjördæmum teldu heppilegast eða æsktu eftir. Þetta mundi því ekkert breytast frá því, sem nú er; nú ráða flokksstjórnirnar þessu í samráði við flokksmenn sína. Kjósendur mundu að þessu leyti hafa alveg eins mikil áhrif og nú. Það hefir verið sagt, að kjósendur í kjördæmum settu sjálfir fram fulltrúa sína. Þetta er vitanlega ekki útilokað hér, þó að landið væri eitt kjördæmi. Ef einhver hefði svo mikið traust í héraði sínu, að hann sé talinn sjálfsagður fulltrúi fyrir það, þá er ekkert eðlilegra en að fylgjendur hans hefðu hann í framboði, því að það er ekki nauðsynlegt, þó að landið sé eitt kjördæmi, að heimta það, að sá, sem býður sig fram til þings, hafi meðmælendur úr öllum fjórðungum landsins, þó að slíkt sé nú við landskjörið. Enda munu flestir slíkir menn, sem eitthvað ber á í stjórnmálum og líklegir eru til að ná kosningu, standa þannig í flokki sínum, að líklegt er, að þeir yrðu hafðir í kjöri.

Þá er síðara atriðið, að eigi sé með þessu fyrirkomulagi tryggður nægilegur kunnugleiki á högum og þörfum landsmanna, vegna erfiðleika frambjóðenda á því að sækja fundi viðsvegar um landið. Eigi hefir þetta komið að sök við landskjörið; þá hafa frambjóðendur eigi talið eftir sér að ferðast um landið og halda fundi með kjósendum í flestum kjördæmum. Enda er það eigi nauðsynlegt, að sami frambjóðandinn sæki fundi í hverju héraði landsins. Frambjóðendur yrðu þá, eins og nú, vafalaust úr flestum eða öllum núverandi kjördæmum landsins, svo kunnugleika þyrfti eigi að skorta á þörfum einstakra héraða.

Hinsvegar mundi vafalaust verða samkomulag milli flokkanna um það, að fundir yrðu sem víðast haldnir og frambjóðendum gæfist kostur á að sækja sem flesta þeirra. Mundi það frekar stækka sjóndeildarhring þingmanna og opna augu þeirra fyrir margri nauðsyn landsmanna, sem kjördæmið undir núverandi fyrirkomulagi skyggir á.

Eftir tillögum Alþýðuflokksins þarf ekki að fjölga þingmönnum frá því,

sem nú er. Það getur verið samkomulagsatriði. Það mætti alveg eins fækka þingmönnum eins og fjölga þeim. Um það má ákveða í sjálfum kosningalögunum.

Um önnur atriði, sem snerta sjálfa framkvæmd kosninganna, eru ekki heldur gerðar neinar tillögur, enda má ganga út frá því sem vísu, að náist samkomulag um fyrirkomulag á kjördæmaskipuninni, þá verði einnig auðvelt að ná samkomulagi um tilhögun kosninganna sjálfra.

Það atriði ætti ekki að þurfa að verða deilumál, ef búið er að koma sér saman um aðalmálið.

Um varatillögu Alþýðuflokksins þarf ekki að fjölyrða. Hún er svo greinileg, að hún skýrir sig að öllu leyti sjálf.

Hefir það fyrirkomulag, hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, og verið allmikið rætt opinberlega, bæði fyrr og síðar. Höfðu og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umræðum i nefndinni látið líklega við því að aðhyllast slíkt fyrirkomulag. Enda lýsti Jón Þorlákssón því yfir fyrir hönd fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á 26. fundi nefndarinnar, 13. jan. 1932, að þeir gætu „ef það gæti fremur leitt til samkomulags í nefndinni“, fallizt á það kosningafyrirkomulag, er stungið er upp á í tillögu Jóns Baldvinssonar á 19. fundi nefndarinnar, 19. desember f. á.

Þótt tillögur þessar væru þannig bornar fram sem tilraun til samkomulags í nefndinni, þá telur fulltrúi Alþýðuflokksins í kjördæmaskipunarnefndinni, að einfaldasta og hentugasta lausnin á kjördæmaskipulaginu sé sú, að gera landið að einu kjördæmi, eins og aðaltillaga hans hljóðar um.

Þá er viðurkennt á borði jafnrétti kjósenda til að hafa áhrif á skipun Alþingis, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Þá fellur það niður, sem nú er algengast, að alþingismenn telji sig fulltrúa fyrir tiltekinn fjölda ferhyrningsmilna af meira og minna hrjóstrugu landi, jöklum og eyðisöndum, þá verða þeir fulltrúar þjóðarinnar, fulltrúar fólksins, sem í landinu býr.

Reykjavik, 28. marz 1932.

Jón Baldvinsson.

Nd. **388. Frumvarp**

til laga um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Félagsveiði: Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó i ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

Ós í á: Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlína ár hefst.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Vatn: Ósalt vatn, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum á landi sinu.

2. Nú hefir maður fengið veiðiskirteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

87. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig:

a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 88. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.

88. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

89. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

90. gr.

Brot þau, er ræðir um í 86. gr., a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin í vatn.

91. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

92. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

93. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 86. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgert er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

94. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

Lög nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög.

XVI. KAFLI.

Bráðabirgðaákvæði.

95. gr.

1. Ákvæði XI. kafla laga þessara, um stjórn veiðimála og eftirlit, önnur en 1. málsgr. 74. gr., koma ekki til framkvæmda fyrst um sinn, en atvinnumálaráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um það, að sá maður, sem hefir með höndum eftirlit með laxa- og silungaklaki í landinu, komi í stað veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, eftir því sem við getur átt, og hreppstjórar í stað eftirlitsmanna við veiðivötn. Skulu slík reglugerðarákvæði gilda þar til Alþingi kveður öðruvísi á.

2. Ákvæði XII. kafla þessara laga, um styrkveitingar til fiskræktar, koma ekki til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Nd. 389. Breytingartillaga

við frv. til laga um lækningaleyfi o. s. frv. (þskj. 35).

Frá Vilmundi Jónssyni.

Í stað orðsins „heilbrigðisstjórnin“ í ýmsum föllum hvar sem er í frv. kemur: ráðherra. Í stað „heilbrigðisstjórnarinnar“ í 11. gr. kemur þó: landlæknis, — í stað „heilbrigðisstjórnarinnar“ í 1. málsgr. 13. gr.: ríkisstjórnarinnar, — og í stað „heilbrigðisstjórninni“ í fyrri málsl. 20. gr.: ríkisstjórninni.

Ed. 390. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Frá Halldóri Steinssyni.

Í stað niðurlags greinarinnar („Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði“) komi: Nefndin vinnur kauplaust.

Nd. 391. Breytingartillaga

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr. Fyrir „1935“ komi: 1933.

Ed. 392. Lög

um breyting á lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Ed. 13. april).

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Árin 1932 og 1933 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 393. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhending svæfingarefnis til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarmeðulum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1933.

Nd. 394. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu Reykjatanga í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form. Þorleifur Jónsson, frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.

Jón Ólafsson. Einar Arnórsson, með fyrirvara.

Nd. 395. Nefndarálit

um frumv. til laga um háleiguskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Vér undirritaðir mælum með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (MJ og ÓTh) voru ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. apríl 1932.

H. Stefánsson, form. Steingrímur Steinþórsson, frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. 396. Nefndarálit

um frv. til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa (þskj. 285).

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþykkt þar með samhljóða atkvæðum við allar umræður.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1932.

H. Stefánsson, form. Ólafur Thors, frsm. Magnús Jónsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 397. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. Hefir það fengið þar vandlega athugun og tekið nokkrum breytingum frá því, er það var lagt fyrir, og var afgreitt til neðri deildar með samhljóða atkvæðum. — Leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Magnús Jónsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Steingr. Steinþórsson. Bernh. Stefánsson.

Nd 398. Nefndarálit

um frv. til laga um verðhækkunarskatt (þskj. 149).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að frumvarpið sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Fyrir orðin „síðast var seld fyrir“ komi: var metin að fasteignamati þegar hann eignaðist hana.
2. Við 19. gr. Fyrir „sektarupphæð“ komi: skattaukaupphæð.

Alþingi, 12. apríl 1932.

H. Stefánsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson.

Ed. 399. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Frá Jóni Baldvinssyni og Jóni Jónssyni.

Síðustu málsgr. skal orða svo:

Fyrir störf í nefnd þessari má greiða allt að 300 kr. hverjum nefndarmanni, og auk þess verja allt að 500 kr. í sameiginlegan kostnað við nefndarstörfin. Kaup nefndarmanna og kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 400. Breytingartillaga

við frv. til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum (þskj. 316).

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. gr. Við greinina bætist: Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru þó þær þjóðjarðir og kirkjujarðir, sem um getur í 2. gr. laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og 2. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Nd. 401. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv., og leggur meiri hlutinn með því, að frv. verði samþykkt. Minni hlutinn gerir sennilega grein fyrir áliti sínu.

Alþingi, 12. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Þorleifur Jónsson.

Nd. 402. Frumvarp

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki og að minnsta kosti einn fullfæran loftskeytamann. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1932.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli íslenzkra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip með loftskeytatækjum skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenzkum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé

ætlað til að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenzkum loftskeytastöðvum og á hverju íslenzku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu, og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar i landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun livers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár.

Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 1—10 þús. króna sekt, og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn sæta allt að 5000 kr. sektum. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 300—5000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða að sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, um allt að 3 árum rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðilar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 403. Breytingartillaga

við brtt. á þingskjali 372 [Stjórnarskrá].

Flutningsm.: Jón Jónsson, Magnús Torfason.

Í stað „50“ komi: 45.

Ed. 404. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita félögum, sem stofnuð verða hér á landi með þeim tilgangi að koma í framkvæmd lánum gegn öðrum veðrétti í fasteignum á tilteknum svæðum, á svipuðum grundvelli og tilsvarandi annars veðréttar lánafélög (Hypothekforeninger) erlendis, þau hlunnindi, er greinir í 2. og 3. gr. laga nr. 62, 7. mai 1928, um hlunnindi fyrir lánsfélag, enda staðfesti ráðherra samþykktir félaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ein af orsökunum til húsnæðiseklu og hárrar húsaleigu í kaupstöðum landsins, einkanlega í Reykjavík, er sú, hve erfiðum lánskjörum þeir menn verða að sæta, sem ráðast í húsabyggingar. Af hálfu löggjafarvaldsins hafa að vísu verið gerðar þær ráðstafanir, sem þarf, til þess að opna mönnum aðgang að fyrsta veðréttar lánum með þeim lánskjörum, sem ástand peningamarkaðsins leyfir á hverjum tíma. En þau 1. veðréttar lán, sem veðdeild Landsbankans veitir, gera yfirleitt ekki meira en að borga ⅓ byggingarkostnaðar. Fæstum nægir þetta, og verða þeir því að útvega sér lán gegn 2. veðrétti til viðbótar.

En um slík lán verða menn nú einatt að sæta hreinum okurkjörum, og er brýn þörf á að mynda félög lántakenda til sameiginlegrar útvegunar á lánsfé í þessu skyni, eins og tíðkast annarsstaðar. Slík félög gefa út vaxtabréf til styttri tíma og með nokkru hærri vöxtum en 1. veðréttar bréf. Er það miklu aðgengilegra fyrir banka og sparisjóði, að geta lagt það fé, sem þessar peningastofnanir annars mundu vilja leggja í annars veðréttar lán, í kaup á slíkum vaxtabréfum eftir gangverði þeirra á hverjum tíma. Ennfremur mundi slíkum bréfum skapast nokkur markaður manna á meðal, og gæti þetta nægt til þess að þeir, sem geta boðið algerlega tryggan 2. veðrétt, þyrftu ekki að sæta okurlánum.

Vér teljum sennilegt, að heppilegast mundi reynast að láta slík félög ná yfir takmarkað svæði hvert um sig, t. d. kaupstað eða stærra kauptún með aðliggjandi héraði, og höfum orðað frv. þannig, að þetta yrði mögulegt. En hlunnindi þau, sem átt er við, eru þessi, samkvæmt hinum tilvitnuðu lagagreinum:

„Félagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabréf þess skulu ávallt njóta sama skattfrelsis og skuldabréf ríkisins. Svo á það og rétt til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sjálft sig".

„Um sölu á fasteignum hefir félagið sömu réttindi og veðdeild Landsbankans".

Ed. 405. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um barnavernd.

Flm.: Einar Árnason.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í Reykjavík skal vera barnaverndarnefnd, skipuð 7 mönnum, sem bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu, og skulu að jafnaði 3 þeirra vera konur. Ennfremur skulu kosnir 3 varamenn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að kjósa barnaverndarnefnd, sem skipuð er 5 mönnum. Skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu, og séu að jafnaði 2 þeirra konur. Einnig skulu kosnir 2 varamenn.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Héraðslæknum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skipuð hefir verið barnaverndarnefnd, er skylt að veita hlutaðeigandi nefnd ókeypis þá aðstoð, er hún óskar og við verður komið.
4. Við 4. gr.
   Orðin „fyrsta kosning .... yfir stendur" falli burt.
5. Við 5. gr.
   Orðin „aðrir en sjálfkjörnir menn" falli burt.

6. Við 18. gr. Greinin falli niður.
7. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er kennslumálaráðherra að skipa barnaverndarráð, og á það heimili i Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal 1 skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, 1 samkvæmt tillögu Kennarafélags Íslands, en einn tilnefnir kennslumálaráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára.
8. Við 21. gr. Greinin falli niður.
9. Við 24. gr. Greinin falli niður.

Nd. 406. Nefndarálit

um frv. til laga um rikisútgáfu skólabóka.

Frá menntamálanefnd.

Þar sem frv. þetta fer fram á allmikil framlög úr ríkissjóði um næstu ár og engin knýjandi nauðsyn virðist vera fyrir hendi, að ríkið taki að sér slíka útgáfustarfsemi, en hinsvegar er full þörf á að stemma stigu fyrir því, að skólabækur verði óþarflega dýrar, eða óþarflega oft um þær skipt, þá leggur nefndin til að afgreiða frv. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórn fræðslumálanna hlutist til um það, að skipti skólabóka eigi sér ekki stað umfram það, sem þörf krefur, og að verð þeirra verði svo lágt sem unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1932.

Sveinbj. Högnason, formaður. Bernh. Stefánsson, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
Halldór Stefánsson. Einar Árnórsson.

Ed. 407. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 379 [Stjórnarskrá].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við tillöguna bætist:
eftir því er uppbótarsæti vinnast til. Kjördæmi skulu aldrei færri vera en 25. Fjölga má þeim með lögum.

Nd. 408. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Síminn II. b. 14. (Vextir ..).
   Fyrir „83500“ kemur 90100
2. Við 3. gr. A. Síminn. Eignahreyfingar. Út. II. (Viðauki símakerfa).
   Liðurinn orðist svo:
   Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa, afborgana af húseign á Seyðisfirði o. fl. 60000
3. Við 3. gr. A. Síminn. Eignahreyfingar. Út. III (Nýjar símalínur).
   Aftan við liðinn bætist:
   að því tilskildu, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð.
4. Við 12. gr. 6. a. (Augnlæknir i Reykjavík).
   Fyrir „500“ kemur 800
5. Við 12. gr. 8. (Ólafur Þorsteinsson).
   Fyrir „500“ kemur 800
6. Við 13. gr. A. II. a. 8. (Vatnsskarðsvegur).
   Liðinn skal orða svo:
   8. Hofsósvegur 5000
7. Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýir liðir:
   a. Bakkafjarðarvegur 5000
   b. Geithellnavegur 5000
8. Við 13. gr. B. 1. a. (Ríkisskip).
   Aftan við liðinn kemur aths.:
   enda fari um launagreiðslu til yfirmanna skipanna eftir lögum nr. 63 7. maí 1928.
9. Við 18. gr. e. 18. (Sigurgarður Sturluson).
   Liðurinn fellur burt.
10. Við 18. gr. f. 23. Nýr liður:
    Til Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndal póstafgreiðslumanns 300

Nd. 409. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda.

Hámark hvers láns, sem ábyrgzt er, má nema allt að ⅔ kostnaðar.

Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

Full skilriki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi atvinnumálaráðuneytið samþykkt áætlun og teikningar.

Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslufélaga, eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í frystihúsum og vélum þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 410. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson.

Við 34. gr.

Aftan við kemur ný grein, sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 3. málsgr. 28. gr. og 2. málsgr. 30. gr., þar sem staðhættir myndu að öðrum kosti rýra stórlega eða jafnvel svipta jarðareiganda aðstöðu til veiðinnar.

2. Nú rýrnar við framkvæmd þessara laga laxveiði, sem hefir annaðtveggja verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, sem öðlast gildi árið 1932, eða ráðið að einhverju leyti ákvörðun fasteignaverðs í því mati, sbr. og 13. grein, og skulu þá fyrir missi slíkra laxveiðinytja koma fullar bætur.

3. Um bætur þessar fer á sama hátt og fyrir er mælt í 73. gr. um bætur fyrir missi selveiðinytja.

4. Nú þykir sýnt, að aukast taki lax- og göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 3. málsgr., og fer þá um endurmat og afnám bótanna eftir því, sem fyrir er mælt í 3. málsgr. 73. gr.

(Greinatalan breytist samkv. þessu).

Nd. 411. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Frá Einari Arnórssyni og Jónasi Þorbergssyni.

Við 4. gr. b-lið:

Fyrir »tveimur krónum« komi: einni krónu.

Nd. 412. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 19. mai 1930.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á, að numin sé úr lögum síðasta málsgrein 25. gr. laga nr. 64, frá 19. mai 1930, en í henni er heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að »skipa sérstaka löggæzlumenn, þar sem þörf þykir«. Er löggæzlumönnum þessum ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd áfengislaganna, en þó má fela þeim að hafa á hendi »tollgæzlu og fleiri eftirlitsstörf«.

Í gildandi lögum eru að visu engin almenn ákvæði um tollgæzlu, önnur en þau, sem felast í l. nr. 26 1917, »um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík«, en í 2. gr. þeirra laga segir svo:

»Stofna skal, jafnskjótt og því verður við komið, sérstaka tollgæzlu fyrir Reykjavik, og forstjórn bennar falin lögreglustjóra kaupstaðarins«.

Það mætti því ef til vill segja, að af auknum innflutningi til landsins, vaxandi samgöngum við útlönd og breyttri tollalöggjöf leiddi þörf fyrir ný fyrirmæli um almenna tollgæzlu. En sé svo, verður að telja eðlilegt, að Alþingi ákveði tölu og launakjör nauðsynlegra starfsmanna í því skyni. Hitt er fjarstæða, að fela í áfengislöggjöfinni heimild fyrir einn einstakan ráðherra til að ráðstafa þessu eftir eigin geðþótta.

Minni hl. er því þegar af þessari ástæðu samþykkur frumvarpinu. En auk þess ber grg. frumvarpsins það með sér, að mikinn og áreiðanlega að miklu leyti óþarfan kostnað hefir af þessu leitt. Þar segir, að á árunum 1929 og 1930 hafi verið greitt úr ríkissjóði til aukinnar löggæzlu: í Reykjavík kr. 94553,46 og utan Reykjavíkur kr. 70700,00, eða alls kr. 165253,46, og þótt telja verði liklegt, að ekki verði með öllu létt af ríkissjóði kostnaði af aukinni löggæzlu, og þá aðallega í Reykjavík, þorir minni hl. óhikað að fullyrða, að mikið megi draga úr þessum kostnaði frá því, sem verið hefir undanfarin ár. Einnig af þessum ástæðum er minni hl. frv. samþykkur.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1932.

Magnús Jónsson, fundaskr. Ólafur Thors, frsm.

Nd. 413. Breytingartillaga

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

Við 25. gr. Aftan við greinina bætist:

en brunabótasjóðir samkvæmt 1. gr. þeirra laga verða frá sama tíma

eign sveitarfélaga þeirra, er hlut eiga að máli, og má ekki skerða þá innstæðu án samþykkis sýslunefndar.

Nd. 414. Breytingartillaga

við brtt. við frv. til laga um lækningaleyfi o. fl. á þskj. 250.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Tillagan orðist svo:
Við 1. gr.
Fyrir »Rétt til að fást við lækningar« komi: Rétt til að stunda lækningar.

Nd. 415. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. *Um lækningaleyfi.*

1. gr.

Rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækna hér á landi hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir, eru islenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi með dómi eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu óhæfir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

3. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., ótakmarkað lækningaleyfi og þar með

rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir læknadeild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og læknadeildin og landlæknir mæla með leyfisveitingunni. Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlæknum, nuddurum og öðrum, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og fram er tekið í síðari málsgr. 2. gr.

4. gr.

Læknisefni, sem ekki hefir að fullu lokið námi eða verið veitt lækningaleyfi, má, ef nauðsyn krefur og landlæknir mælir með því, fela um stundarsakir að gegna læknishéraði sem settum héraðslækni eða staðgöngumanni eða aðstoðarmanni héraðslæknis eða annars læknis, eða öðrum ákveðnum læknisstörfum, og hefir hann þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

II. *Um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa.*

6. gr.

Læknum og hverjum þeim, sem hafa lækningaleyfi, takmarkað sem ótakmarkað, ber að gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við, fara nákvæmlega eftir henni og gæta fyllstu samvizkusemi í hverju einu, þar á meðal í því að baka ekki sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum, ónauðsynlegri aðstoð o. s. frv.

7. gr.

Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafizt vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera, vegna fátækrahjálpar, styrkveitinga, trygginga eða þess háttar, og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum. Nú þykir lækni ástæða til vegna ákvæða 10. gr., og má hann þá senda vottorðið landlækni einum sem trúnaðarmál.

Til allra vottorða og umsagna, er læknir gefur út sem læknir, ber hon-

um að vanda sem bezt og segja það eitt, er hann veit sönnur á, hvort sem vottorðin eða umsagnirnar eiga að vera til leiðbeiningar hinu opinbera eða öðrum.

8. gr.

Sérhverjum lækni, öðrum en þeim, sem fyrir elli sakir eða sjúkdóms er hættur störfum, ber í skyndilegum sjúkdóms- eða hættutilfellum, ef hann er nærstaddur og til hans leitað — og ekki því alvarlegri forföll banna — að veita hina fyrstu nauðsynlegu læknishjálp, unz til annarar hjálpar hefir náðst.

9. gr.

Sérhver læknir, sem stundar almennar lækningar í kaupstað eða kauptúni og hefir opna lækningastofu í því skyni, er skyldur til, einnig þó að hann sé ekki embættislæknir, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í kaupstaðnum eða kauptúninu, hvenær sem eftir því er leitað, nema hann sé hindraður af öðrum meira aðkallandi læknisstörfum eða öðrum alvarlegum forföllum.

Nú tekur læknir í kaupstað eða kauptúni þátt í félagsskap um, að læknavörður sé til taks til að gegna sjúkravitjunum innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, enda sé vörðurinn fullnægjandi að dómi landlæknis, og er læknirinn þá ekki skyldur til að gegna læknisvitjunum þann tíma, er vörðurinn situr, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á, að brýn nauðsyn annara krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu.

Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo og til yfirsetukvenna og aðstoðarfólks lækna við læknisstörf.

11. gr.

Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til landlæknis.

12. gr.

Læknum eru óheimilar hverskonar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum

og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlækna og nuddara, svo og til yfirsetukvenna og annara tilsvarandi heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annara en héraðslækna, fer eftir því, sem um semst milli stéttarfélags þeirra og ríkisstjórnarinnar.

Við þá samninga skal miða við gjaldskrá héraðslækna og föst meðallaun þeirra, og skal samið um þá hundraðstölu til hækkunar á gjaldskránni, sem ætla má að hækki greiðslur fyrir áætlað meðalársstarf læknis um álíka upphæð og föst meðallaun héraðslæknis.

Í taxtanum skal ákveða greiðslur fyrir tannlækningar, nuddaðgerðir og aðrar tilsvarandi aðgerðir, sem menn með takmörkuðu lækningaleyfi fremja, og eru þau ákvæði bindandi fyrir tannlækna, nuddara og aðra slíka, en kveðja skal fulltrúa frá stéttarfélagi þeirra til, áður en þeir liðir eru ákveðnir.

Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra.

Nú hefir læknir, annar en héraðslæknir, eða tannlæknir eða nuddari eða aðrir með takmörkuðu lækningaleyfi opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki lægri en meðalhéraðslæknislaun, og ber honum þá að fara eftir gjaldskrá héraðslækna.

Nú næst ekki samningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og semur þá landlæknir gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

14. gr.

Allir læknar og þeir, sem hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga, svo og yfirleitt öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim þær skýrslur viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar. Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Um héraðslækna og aðra lækna, sem hafa laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má auk sektanna kveða svo á, er þeir þrátt fyrir áminningu vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur, að launagreiðslur þeirra verði stöðvaðar, unz skil hafa verið gerð.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til hverskonar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, sjúkrasamlaga, heilsu- og slysatryggingarstofnana og annara tilsvarandi, svo og til tannlækna, lyfsala og lyfjabúða, nuddara, yfirsetukvenna og annara heilbrigðisstarfsmanna.

Í reglugerðinni má ennfremur ákveða, að sektir lækna samkv. þessari

grein renni í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna, en sektir annara heilbrigðisstarfsmanna í tilsvarandi styrktarsjóði þeirra, eftir nánari ákvæðum landlæknis.

III. *Um skottulækningar.*

15. gr.

Hverskonar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar:

1. ef sá, sem ekki hefir lækningaleyfi, býðst til að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, og nær það einnig til lyfsala og aðstoðarfólks þeirra.

2. ef læknir með takmörkuðu lækningaleyfi stundar lækningar fram yfir það, sem leyfi hans er takmarkað við samkvæmt leyfisbréfi hans eða lögum. Nær þetta meðal annars til tannlækna, ef þeir fást við aðrar lækningar en tannlækningar, þar með taldar svæfingar, tannsmiði, ef þeir gefa sig við tannlækningum, nuddara, ef þeir taka fólk til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis, yfirsetukvenna, ef þær fást við svæfingar eða lyfjagjafir fram yfir það, sem þeim er sérstaklega heimilað, o. s. frv.

3. ef læknir, sem ekki hefir sérfræðingsleyfi, kallar sig, auglýsir sig eða gefur á annan hátt í skyn, að hann sé sérfræðingur, og gildir hið sama um sérfræðing, ef hann gefur á sama hátt til kynna, að hann sé sérfræðingur í annari grein en þeirri, sem hann hefir sérfræðingsleyfi fyrir,

4. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ráðleggur eða ávisar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða aðeins til þess að auðga sjálfan sig, eða ef hann ráðleggur mönnum eða framkvæmir að ástæðulausu, nema þá sjálfum sér til ávinnings, læknisaðgerð, annaðhvort við sjúkdómi, sem aðgerðin getur bersýnilega ekki átt við, eða við sjúkdómi, sem engin ástæða er til að gera ráð fyrir, að viðkomandi sé haldinn af,

5. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ávísar til sölu eða selur lyf undir því yfirskini, að þau eigi að fara til lækninga, en vitandi, að þau verði notuð í öðru skyni, svo sem til nautnar eða til útsölu í hagnaðarskyni.

6. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, lætur frá sér vottorð eða umsögn til þess stilaða að gylla í verzlunarskyni lyf, lækningaáhöld eða matvæli, drykki, nautnalyf eða annað, svo að ætla megi, að fólk fyrir það fái skakkar hugmyndir um gildi lyfjanna, lækningaáhaldanna, matvælanna o. s. frv.

7. ef læknir lánar nafn sitt þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir eða takmarkað lækningaleyfi, í því skyni að fólk blekkist til að halda, að sú lækningastarfsemi, sem þeir hafa með höndum, fari fram eftir ráðleggingum, undir eftirliti eða á ábyrgð læknisins. Sama gildir um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, ef þeir lána nafn sitt í tilsvarandi skyni.

16. gr.

Þeim, sem hefir takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki, aðra smitandi sjúkdóma eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli.

Nú hefir viðkomandi orðið þetta á vegna ónógrar læknisþekkingar, og nægir það honum ekki til sýknunar.

17. gr.

Lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar eru bannaðar hér á landi, einnig læknum og lyfsölum. Nær þetta til auglýsinga í blöðum og tímaritum, á sérstökum auglýsingamiðum eða í flugritum og bréfum, á lyfja- og lækningaáhaldaumbúðum, svo og hverskonar annara auglýsingaaðferða, þar með taldar ritgerðir, sem til þess eru stílaðar að gylla í verzlunarskyni sérstök lyf eða lækningaáhöld. Á sama hátt eru bannaðar tilsvarandi auglýsingar um lækningakraft drykkja og matvæla, nautnalyfja og annars.

Ennfremur eru bannaðar gyllandi auglýsingar um sjúkrahús og hverskonar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað, hverskonar sjúklingum sé tekið á móti og með hverjum kjörum.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út af læknum eingöngu fyrir lækna, svo og í auglýsingabréfum til lækna og á umbúðum lyfja og lækningaáhalda, sem eingöngu koma læknum í hendur.

IV. *Um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi.*

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100—10000 kr., sviptingu lækningaleyfis og fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Í sektir skal dæma fyrir minni háttar brot, er ekki telst sannað, að það hafi valdið eða ef það er ekki sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni, hvorki fyrir einstaklinga né þjóðfélagið í heild sinni.

Í hæstu sektir skal dæma, ef um ítrekuð minni háttar brot er að ræða, eða ef sannað telst, að brotið hafi valdið alvarlegu tjóni, eða ef það er sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið í heild sinni. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, á í hlut, má þá jafnframt svipta hann lækningaleyfi.

Lækni og þann, sem lækningaleyfi hefir, má ennfremur svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað, að brotið hafi valdið tjóni, ef það er þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, skottulækningar eða hlutdeild í skottulækningum, lausmælgi um einkamál, sem hann hefir komizt að sem læknir, eða alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum.

Í fangelsi má dæma, ef brotið er þess eðlis, að sannað teljist, að líftjón eða varanlegt heilsutjón hafi hlotizt af, eða að sérstaklega líklegt teljist, að það geti orðið sliks valdandi eða haft víðtækar hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, og heyra þar meðal annars undir brot á 16. gr.

Lækni og þann, sem hefir lækningaleyfi, skal svipta lækningaleyfi fyrir þau brot, sem dæma má í fangelsi fyrir, eða, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem svipta má lækningaleyfi fyrir.

Í fangelsi skal dæma, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem dæma má í fangelsi fyrir.

Lækna og aðra, sem með brotum á lögum þessum gera öðrum skaða, svo að sannað teljist, má auk refsinga dæma til sanngjarnra skaðabóta.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að læknir eða sá, sem lækningaleyfi hefir, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna hann um að bæta hegðun sína.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, eða sé um einhverja óhæfu að ræða viðkomandi læknisstörfum, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

20. gr.

Nú telur landlæknir, að læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafizt var, er hann fékk lækningaleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, sem gerir hann lítt hæfan, óhæfan eða hættulegan við störf sín, enda verði hann ekki án þess fenginn til að hætta þeim, eða vegna drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkunar, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, og skýrir hann þá ríkisstjórninni frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknadeildar háskólans, og ef hún fellst á álit landlæknis, má svipta viðkomandi lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

21. gr.

Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi með dómi eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

V. *Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.*

22. gr.

Ákvæði þessara laga um veitingu lækningaleyfis ná ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin

ganga í gildi. Þeir læknar, sem þá hafa fengið leyfi Læknafélags Íslands til að kalla sig sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi, og lög nr. 36, 14. júní 1929, um viðauka við þau lög, eru úr gildi numin, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Nd. 416. Breytingartillaga

við frv. til laga um lækningaleyfi o. s. frv. (þskj. 35).

Frá Einari Arnórssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 2. og 21. gr. Orðin »með dómi eða á annan hátt« falli niður úr báðum greinunum.

Ed. 417. Breytingartillaga

við frv. til laga um barnavernd.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 23. gr. 4.

Fyrir »(sbr. 6., 10. og 11. gr.)« komi: (sbr. 6., 10., 11. og 13. gr.).

Nd. 418. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Einari Arnórssyni.*

1. Við 10. gr. III. 1. c. (Kostn. við sendiherraemb. í Khöfn).
   Fyrir »25000« koma 6000
2. Við 10. gr. III. 2. (Meðferð utanríkismála).
   Fyrir »14600« koma 12000

3. Við 10. gr. 3. (Ríkisráðskostnaður).
Fyrir »4000« koma 1000

II. Frá *Pétri Ottesen* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 11. gr. 7. (Toll- og löggæzla).
Fyrir »70000« kemur... 30000

III. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
Orðin í 21. lið aths. (Nauteyrarhreppur):
»sé héraðið læknislaust« falli niður.

IV. Frá *Sveinbirni Högnasyni, Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 4. (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir »50000« kemur... 20000

V. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 6. (Breiðadalsheiðarvegur).
Fyrir »5000« kemur 16000

VI. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 10. (Öxnadalsvegur).
Fyrir »5000« kemur 10000
Til vara... 8000

VII. Frá *Sveinbirni Högnasyni, Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssgni* og *Jóni Ólafssgni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýir liðir:
a. Fjallabaksvegur... 10000
b. Jökuldalshliðarvegur... 5000
c. Unaóssvegur... 5000
d. Breiðdalsvegur 5000
e. Vopnafjarðarvegur 5000

VIII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýir liðir:
a. Snæfellingabraut 10000
b. Jökuldalsvegur 50000
c. Fjarðarheiðarvegur 14000
d. Suðurlandsbraut 100000
2. Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
Fyrir »60000« kemur... 100000

IX. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
a. Fyrir »10000« kemur... 15000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 5000 kr. til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi.

X. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*

Við 13. gr. A. IX. Nýr liður:

Vöruflutningastyrkur til hafnleysishéraða á Suðurlandi 20000

Styrkurinn greiðist því aðeins, ef frumv. það um skatt af bifreiðum o. fl, er nú liggur fyrir þinginu, verður að lögum. Um úthlutun styrksins til hinna einstöku héraða fer eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

XI. Frá *Pétri Ottesen* og *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 13. gr. B. 1. a. Liðinn skal orða svo:

a. Ríkissjóðs, enda sé aðeins 1 skip í förum 231600

(Þar af fyrning kr. 31600, sjá 20. gr.).

XII. Frá *Lárusi Helgasyni.*

Við 13. gr. B. 1. c. (Skaftfellingur).

Fyrir »20000« kemur... 24000

XIII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*

Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).

Fyrir »20000« kemur... 70000

XIV. Frá *Ólafi Thors* og *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:

Til Jóns Blöndals, til lokanáms í hagfræði 1200

XV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:

Til Jóns Ág. Gissurarsonar, til framhaldsnáms í Þýzkalandi 800

XVI. Frá *Héðni Valdimarssyni.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:

a. Til Ingólfs Þorsteinssonar, til þess að nema vélaverkfræði við háskóla erlendis 1200

Til vara 1000

b. Til Trausta Einarssonar, til að ljúka námi í stjörnufræði, stærðfræði og eðlisfræði 1200

Til vara... 1000

XVII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:

Til Ágústs Sigurðssonar frá Lundi, til háskólanáms í Norðurlandamálum 1000

XVIII. Frá *Einari Arnórssyni.*

Við 15. gr. 9. (Bókmenntafélagið).

Athugasemdin falli burt.

Til vara: Liðurinn orðist svo:

Til Hins íslenzka Bókmenntafélags 1500

XIX. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til frú Soffíu Guðlaugsdóttur, til sjálfstæðra leiksýninga í Reykjavík og víðar 1500
Til vara... 1200

XX. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Bergi Jónssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Jóns Leifs tónskálds 1500

XXI. Frá *Einari Arnórssyni* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Skáksambands Íslands 1500

XXII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Helga Guðmundssonar, til þjóðsagnasöfnunar ... 500
Til vara... 300

XXIII. Frá *Pétri Ottesen* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 33. (Ferðastyrkur til útlanda).
Liðurinn fellur niður.

XXIV. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan tölul. 1:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 500000
gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði, er nemi helmingi framlags þeirra.

XXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 5. Nýr liður:
Til framhaldslagningar ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, gegn 1/3 framlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja ... 6000

XXVI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 16. gr. 13. Nýr liður:
Til Árna Friðrikssonar fiskifræðings, til styrktar útgáfu rits hans um skarkolaveiði Íslendinga og dragnótina... ... 1200
Til vara 1000

XXVII. Frá *Pétri Ottesen* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 14. (Landmælingar).
Liðurinn fellur niður.

XXVIII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til byggingar skipasmíðastöðvar í Reykjavík, 1/3 kostnaðar, allt að 130000
gegn tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ og Reykjavíkurhöfn.

XXIX. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Viðbótarstyrkur til laxastiga í Lagarfljóti 2000
Til vara 1600

XXX. Frá *Einari Arnórssyni.*
Við 16. gr. 20. (Erindrekstur í Miðjarðarhafslöndum).
a. Fyrir »8000« koma 6000
b. Nýr liður á eftir:
Til erindreka í Stóra-Bretlandi, er hafi aðsetur í London 24000

XXXI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til Sigrúnar Kjartansdóttur, til þess að setja á stofn innlenda hanzkagerð 2000

XXXII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á eftirstöðvum af láni Áslækjarrjómabús við viðlagasjóð, ásamt áföllnum vöxtum 5500

XXXIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu upp í viðlagasjóðslán mjólkurfélagsins Mjallar 12000

XXXIV. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 17. gr. 2. Nýr liður:
Til þátttöku í rekstrarkostnaði útvarpsviðtækja þeirra útvarpsnotenda í landinu, sem ekki eiga kost á raforku, allt að 65000
Styrkurinn miðast við útvarpsmóttöku frá útvarpsstöð Íslands eingöngu og greiðist eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur, þó ekki yfir 40 kr. til hvers útvarpsnotanda.

XXXV. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 17. gr. 11 (Stórstúka Íslands).
Fyrir »6000« kemur 10000

XXXVI. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 17. gr. 11. Nýr liður:
Til sambands bindindisfélaga í skólum landsins ... 3000

XXXVII. Frá *Vilmundi Jónssyni.*
Við 17. gr. 23 (Gamalmennahæli á Ísafirði).
Fyrir »800« kemur 1000

XXXVIII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 7 (Guðmundur Björnsson).
Fyrir »150« kemur 200

XXXIX. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 18. gr. II. e. 19. Nýr liður:
Til Baldvins B. Bárðdals fyrrv. kennara 250

XL. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 18. gr. f. 23. Nýir liðir:
a. Til Jóns Jónssonar pósts, Galtarholti 300
b. — Guðjóns Kjartanssonar pósts 200

XLI. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. i. 25. Nýr liður:
Til Guðrúnar Jóhannesdóttur frá Samkomugerði, fyrrv. ljósmóður 400

XLII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 18. gr. II. i. 25. Nýr liður:
Til Önnu H. Eiríksdóttur ljósmóður 300
Til vara... 200

XLIII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 20. gr. Út III (Nýir vitar).
Fyrir »50000« kemur 90000

XLIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. IV. Aftan við fyrsta málslið bætist:
enda séu þau fiskiskip, er smíðuð kunna að verða samkvæmt þessari heimild, smíðuð hér á landi.

XLV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að skipa 3 menn til að athuga ástand Flóaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum við ríkissjóð vegna áveitunnar og mjólkurbús Flóamanna. Skal ríkisstjórnin, að fengnu áliti þeirrar nefndar, leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um lausn þessara mála.

XLVI. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýir liðir:
a. Að leggja fram til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði allt að 200 þús. kr., enda sé tryggt, að íslenzkt félag komi þar upp síldarbræðslustöð, er geti unnið úr eigi minnu en 1000 málum síldar á sólarhring. Upphæð þessi skal lögð fram sem hlutafé eða stofnfjárhluti ríkissjóðs í fyrirtækinu. Ennfremur er stjórninni heimilt að gefa eftir innflutningstolla af vélum og efni til verksmiðjubyggingarinnar eða auka framlag sitt sem tollum nemur.
b. Að leggja fram úr ríkissjóði allt að 75 þús. krónur til þess aðkoma á fót sögunarverksmiðju á Seyðisfirði í helmingafélagi við kaupstaðinn.

XLVII. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar:

a. Til stofnkostnaðar allt að 24 þús. kr. lán, er endurgreiðist á ekki skemmri tíma en 15 árum.
b. Allt að 50 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp á hverju ári.

XLVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu.

XLIX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að lána Eiríki Leifssyni allt að 20 þús. kr., eða ábyrgjast fyrir hann lán allt að jafnhárri upphæð, til starfrækslu innlendrar skógerðar, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið greiðist með jöfnum afborgunum og 6 % ársvöxtum á 10 árum.

L. Frá *Bergi Jónssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýir liðir:

a. Að veita Reykhóla- og Gufudalshreppum í Austur-Barðastrandarsýslu 12 þús. kr. lán, sem endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 6 % ársvöxtum á 20 árum, til þess að standast skuldaþunga vegna læknisbústaðar á Reykhólum.
b. Að veita Flateyjarlæknishéraði í Austur-Barðastrandarsýslu 4 þús. kr. lán, sem endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 6 % ársvöxtum á 10 árum, til þess að standast skuldaþunga vegna kaupa á læknisbústað í Flatey.

LI. Frá *Ólafi Thors.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að láta niður falla áskilið framlag á móti ríkissjóðstillagi til Kjósarvegar árin 1930 og 1931.

LII Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að kaupa jörðina Miðhús í Gnúpverjahreppi af dr. phil. Helga Péturss fyrir sjö þúsund krónur.

LIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að ¼ kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

Ed. **419. Lög**

um ríkisskattanefnd.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Ríkisskattanefnd skipa þrir menn og 2 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er fjármálaráðherra ákveður.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í nefndina og ákveður formann hennar. Skulu nefndarmenn skipaðir til 6 ára þannig, að einn nefndarmaður fer frá annaðhvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði og annar á sjávarútvegi og viðskiptum.

3. gr.

Ríkisskattanefnd hefir aðsetur í Reykjavík. Skal nefndinni ætlað rúm í húsnæði Skattstofu Reykjavíkur. Skattstjórinn í Reykjavík skal vera ráðunautur nefndarinnar og aðstoða hana að því leyti, sem starf hans leyfir og eigi kemur í bága við endurskoðun og úrskurði nefndarinnar um hans eigin verk.

4. gr.

Störf ríkisskattanefndar eru þessi:

1. Að úrskurða kærur út af úrskurðum yfirskattanefnda um álagningu tekju- og eignarskatts og útsvara. Séu kærur um tekju- og eignarskatt ásamt öllum nauðsynlegum gögnum komnar til nefndarinnar eigi síðar en í júlílok. Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurð á kærur þessar fyrir októberlok, og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilunum úrslitin tafarlaust.

   Kærur um útsvör séu komnar til nefndarinnar eigi síðar en 2 mánuðum eftir dagsetningu úrskurða yfirskattanefnda.
2. Að hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum.

Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar um eignar- og tekjuskatt er fullnaðarúrskurður, nema um dómstólamál sé að ræða samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Úrskurður nefndarinnar um útsvarskæru er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

5. gr.

Yfirskattanefndum ber að senda ríkisskattanefnd skattskrá ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, jafnskjótt og þær hafa lokið störfum.

6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til upplýsinga frá einstaklingum og stofnunum og skattanefndir samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og ennfremur hefir nefndin ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna.

7. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa gerðabók og rita í hana úrskurði og aðrar ákvarðanir.

8. gr.

Um skilyrði og skyldu til setu í ríkisskattanefnd, um þagnarskyldu nefndarmanna og um þátttöku þeirra í úrskurðum, er varða þá sjálfa eða venzlamenn þeirra, gilda sömu ákvæði og um skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn samkvæmt gildandi skattalögum, og sömuleiðis um viðurlög, ef út af er brugðið. Þeir menn, sem ríkisskattanefnd kynni að kveðja sér til aðstoðar um störf samkvæmt 6. gr., skulu sömu skyldum háðir um drengskaparvottorð og þagnarskyldu sem skattanefndamenn.

9. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Nefndarálit

um frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt með brtt. þeirri við fyrstu gr., sem prentuð er á þskj. 184, og breytingum þeim, sem getur hér á eftir. Þess skal þó getið, að lagt var til í nefndinni að fella niður ákvæði 6. gr. um það, að héraðslæknirinn í Reykjavík fái 1½ héraðslæknislaun. Munu sumir nefndarmenn fylgja slíkri brtt., ef fram kemur, en 2 nefndarmenn (EA og BJ) hafa óbundin atkvæði um það atriði.

Brtt. nefndarinnar eru flestar aðeins um formsatriði. Við 5. gr. er þó sú efnisbreyting, að lagt er til, að fellt verði niður ákvæði um það, að héraðslæknir Rvíkur skuli veita forstöðu heilbrigðismálaskrifstofu í Reykjavík, ef stofnuð yrði. Virðist nefndinni kaupstaðurinn eigi að hafa óbundnar hendur um það, hverjum verði veitt forstaðan, ef til kemur. Í samræmi við þetta er brtt. við 6. gr.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Landlæknir er ráðunautur ráðherra í öllu o. s. frv.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins »heilbrigðisstjórnarinnar« í 1. og 4. mgr. og »heilbrigðisstjórnin« í 5. mgr. komi: ráðherra.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins »heilbrigðisstjórnarinnar« í 1. mgr. komi: ráðherra.
   b. 2. mgr. falli niður.
   c. Í stað orðsins »heilbrigðisstjórnina« í 3. mgr., sem verður 2. mgr., komi: stjórnarvöld.
4. Við 6. gr. Aftan af greininni falli orðin »auk 600 kr. ..... Reykjavíkur«.

Alþingi, 14. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr.
Þorleifur Jónsson. Jón Ólafsson. Einar Arnórsson.

Nd. 421. Nefndarálit

um frv. til laga breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1931.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 2. málsgr. Aftan við orðin »7 kílómetra frá pósthúsi« komi: nema innan sveitar sé.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki, og á-stimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin tekur gildar.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Sveinbjörn Högnason, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson. Jón A. Jónsson.

Ed. 422. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Jakob Möller, fundaskrifari. Einar Árnason.

Ed. 423. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Jakob Möller, fundaskrifari. Einar Árnason.

Nd. 424. Breytingartillögur

við frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Flm.: Halldór Stefánsson.

I. 1. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórnin leitar samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að bærinn leggi Háskóla Íslands 8—10 hektara af landi til kvaðalausrar eignar á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt, og ennfremur, að bærinn leggi til vatn úr hitaveitu sinni, með kostnaðarverði, til að hita væntanlega höfuðbyggingu háskólans á lóðinni og væntanlega stúdentabústaði.

II. 2. gr. frv. orðist svo:

Að uppfylltum skilyrðum 1. greinar skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi skipulagsuppdrátt af byggingum og annari tilhögun á landi háskólans, ásamt teikningu og kostnaðaráætlun að háskólabyggingunni. Má á uppdrættinum ætla lóð fyrir heimavistarhús fyrir stúdenta og kennaraefni.

III. 3. gr. frv. orðist svo:

Stærð háskólabyggingarinnar skal miða við fyrirsjáanlega þörf á næstu áratugum og haga henni þannig, að unnt sé að auka hana eftir þörfum. Heimilt er að ætla húsrúm í höfuðbyggingunni fyrir kennslu í uppeldisfræðum, ef það álízt hentara og ódýrara en sérstök bygging.

Nd. 425. Frumvarp

til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd).

1. gr.

Þeir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu eða útgerð báta, sem eru 30 brúttó smálestir að stærð samtals eða minna, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum þessara laga.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefnir formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina 2. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem lög þessi heimila. Beiðninni skal fylgja:

a) Afrit af síðustu skattskýrslu.
b) Skrá yfir ábyrgðir beiðanda.
c) Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum skuldunauts síðan skattskýrsla var gefin.
d) Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar og vaxtakjör.

4. gr.

Nú hefir skilanefnd borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hún þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, enda er aðför gegn skuldunaut og ábyrgðarmönnum hans óheimil fyrir þeim skuldum, sem lög þessi ná til, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur skuldunaut eða ábyrgðarmönnum hans, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd.

5. gr.

Skilanefnd skal, svo fljótt sem ástæður leyfa, taka gjaldfrestsbeiðni til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanefnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem skuldunautur er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanefnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanefndir.

6. gr.

Þegar skilanefnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanefnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki 3 skilanefndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig skuldunaut, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest til handa skuldunaut. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur skuldunautur eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins, og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.
2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.
3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sinar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
   a) Á fasteignum gildandi fasteignamat.
   b) Á bústofni, búshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts 3 síðustu árin.
   c) Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að skuldunautur falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða skuldunaut lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánum.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að skuldunautur hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytzt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

15. gr.

Nú sannast það, að skuldunautur notar frest, sem hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna í sviksamlegum tilgangi, og varðar það refsingu eftir 26. kap. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess fellur úrskurður skilanefndar úr gildi þegar er brot er sannað.

16. gr.

Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 200000 kr., til greiðslu á þeim, ef ekki er til þess veitt fé í fjárlögum. Þetta lán telst veitt þeim skuldunautum, sem greiðslufrest fengu, er tryggt með lögveði næst á eftir þeirri skuld, sem afborgunin er hluti af, og endurgreiðist ríkissjóði á þann hátt og með þeim vöxtum, að ríkissjóður sé skaðlaus af.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1933.

Nd. 426. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist:
Sama er um útgerðarsamvinnufélög sjómanna og verkafólks.

Ed. 427. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 2. lið komi 4 nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Peter Adolf Aage Edvard Jensen, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
b. Anders Christian Carl Julius Höyer, garðyrkjumaður í Hveradölum, fæddur í Danmörku.
c. Hans Jakob Hansen, bakarameistari í Stykkishólmi, fæddur í Danmörku.
d. Engely Hellum Lynge Andersen, mótorviðgerðamaður á Akureyri, fæddur í Danmörku.

Nd. 428. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Nefndarmenn starfa kauplaust, en nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 429. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 50 þjóðkjörnir fulltrúar. Alþingi skal svo skip-

að, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Kjósa skal varaþingmenn á sama hátt og samtímis og þingmenn eru kosnir. Ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur varaþingmaður sæti hans, það sem eftir er kjörtímans. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, eða það sem eftir er af því þingi.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í hyrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Nd. **430. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Síminn. Eignahreyfingar. Út III. (Nýjar símalínur).
Fyrir »60000« kemur 100000

II. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Síminn. Eignahreyfingar. Út III. (Nýjar símalínur).
a. Fyrir »60000« kemur 100000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 40 þús. kr. til símalínu frá Sandeyri til Hesteyrar.
Til vara:
a. Fyrir »60000« kemur 72500
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12500 kr. til símalínu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík.

III. Frá *Ólafi Thors, Bergi Jónssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jóns Gauta Jónatanssonar, til að lúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi 1800

IV. Frá *Héðni Valdimarssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 29. Nýr liður:
Til Stefáns Árnasonar frá Steinsstöðum, til ritstarfa ... 400
Til vara 300

V. Frá *Jóni A. Jónssyni, Haraldi Guðmundssyni, Bergi Jónssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 17. gr. 1. (Berklasjúklingar)
Aftan við aths. bætist: og til Guðrúnar Böðvarsdóttur 1200 kr.

VI. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 18. gr. f. 23. Nýr liður:
Til Björns Jónssonar pósts 200

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að láta falla niður áskilið framlag til varðskipsins Þórs fyrir árin 1930 og 1932.

Nd. 431. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðast þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengjunni frá vesturtakmörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og til Geldinganess að austan, að undanskildum Grafarvogi og netlögum fyrir landi Grafar og Keldna. Sjávarmegin nær Reykjavíkurhöfn að netlögum eyja þeirra, er að henni liggja og eigi eru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Svo tekur og Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsgr. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

Þar sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 432. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Héðni Valdimarssyni.

1. **Aftan við 2. gr. frumvarpsins bætast 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:**
   a. **(3. gr.). 6. grein orðist þannig:**

   Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

b. (4. gr.). 7. grein orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

c. (5. gr.). 8. grein orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

2. 3. grein frumvarpsins verður 6. grein þess.

3. 4. grein frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 22 frá 22. okt. 1912.

Nd. 433. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta, sem komið er frá efri deild, fer fram á, að algerð friðun skírdagskvölds verði lögákveðin, eins og nú er um aðrar stórhátíðir kristninnar. Frv. hafði vegna einhvers misskilnings farið til menntamálanefndar og hún gefið út álit um það, áður en uppvíst varð um þann misskilning. Nefndin styður það álit menntamálanefndar, að samþykkja beri frumvarpið.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form., með fyrirvara.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm.	Þorleifur Jónsson.

Nd. **434. Frumvarp**

til laga um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti, hið þriðja, í læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana, sem fyrir eru við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta var allsherjarnefnd sent frá dómsmálaráðuneytinu og er flutt að ósk þess. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Það hefir lengi þótt varla vansalaust, að önnur aðalnámsgrein læknisfræðinnar, lyflæknisfræðin, hefir verið kennd að kalla má í hjáverkum. Ástæðan til þess, að ekki hefir hingað til verið hafizt handa í þessu efni, mun sú, að ekki varð fyllilega bætt úr þessu, nema stór og góður spítali væri fenginn. Nú er landsspítalinn kominn á stofn, og má þetta þá ekki dragast lengur. Annars visast til umnæla yfirlæknisins Jóns H. Sigurðssonar, sem hefir haft á hendi kennsluna í nefndri námsgrein, í bréfkafla þeim, sem prentaður er hér á eftir og háskólaráðið hefir fallizt alveg á. Ummælin eru á þessa leið:

„Frá því að ég varð héraðslæknir í Reykjavík haustið 1911 hefi ég auk annara starfa héraðslækna haft á hendi kennslu í öðrum aðalhelming praktiskrar læknastarfsemi í lyflæknisfræðinni, varið til þess 8—12 tímum á viku (5 tímar munnleg kennsla, 3—5½ tími verkleg kennsla) og fengið mjög lágt kaup fyrir þetta starf, framan af 800 kr. á ári, síðar hækkað í 1500 krónur. Kennslugrein þessi er mjög umfangsmikil og erfið, framfarir og breytingar á henni verið gífurlega miklar einmitt síðustu 20—25 árin, svo það er eitt ærið verk fyrir mann að fylgjast með í því helzta, sem við bætist og breytist. Þetta hefi ég reynt að gera eftir mætti, þótt lítill tími hafi unnizt til þess.

Læknadeild háskólans hefir alltaf verið mjög óánægð með þessa tilhögun: að kennsla í aðalgrein læknisvísinda væri þannig höfð út undan og sem viðbótarstarf við embætti, sem eitt út af fyrir sig gefur ærið starf, og hefir hún mörgum sinnum bent Alþingi á hina brýnu þörf að breyta þessu, en deildin hefir þó aldrei sótt málið af verulegu kappi, vegna þess að skortur var á

sjúkrahúsi, þar sem verkleg kennsla stúdenta gæti farið fram. Nú er þetta fengið, er landsspítalinn er tekinn til starfa, og verður því að lagasetja um embætti þetta á næsta þingi.

Ég vonast til þess, að stjórn og Alþingi láti þetta ekki dragast lengur, því það er ekki skammlaust og þekkist hvergi í heimi, að háskólanafn sé notað um stofnun, sem ekki hefir einn einasta fastan kennara í annari aðalgrein læknisvísinda, og það einmitt þeirri, sem hefir mesta þýðingu fyrir allan almenning".

Verði nefndur yfirlæknir skipaður í hið nýja prófessorsembætti, er ætlazt til, að hann hafi laun sem prófessor, er hefir náð fullri aldursuppbót".

Ed. 435. Breytingartillögur

við frv. til laga um barnavernd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 10. gr. Síðasti málsliður 2. málsgr. falli niður, en í staðinn komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt 7. og 9. gr. má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.
2. Við 12. gr. Á eftir orðunum »og er« í síðasta málslið bætist: honum.

Nd. 436. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 17. gr.
   a. Fyrir orðin í 1. málsgr. »aldrei nema fjóra daga í viku hverri, frá mánudegi til fimmtudags« komi: aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags.
   b. Fyrir »fimm daga« í niðurlagi 1. málsgr. komi: fjóra daga.
2. Við 33. gr. Aftan við greinina bætist: Þó getur ráðherra, eftir tillögu veiðimálastjóra, veitt heimild til að leggja veiðivélar út í miðja kvísl, ef ekki er lagt nema í eina.

Nd. 437. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 410. [Lax- og silungsveiði].

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Aftan við orðið »ákvæðum« í 1. efnismálsgr. komi: 3. málsgr. 27. gr.

Nd. **438. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað átt samleið um mál þetta. Minni hluti nefndarinnar (MJ og ÓTh) vill ekki, að frumvarpið nái fram að ganga, en vér undirritaðir mælum með, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Vér lítum svo á, að á tímum eins og nú ganga yfir okkar þjóð, þegar mikill hluti landsmanna verður að neita sér um annað en allra brýnustu lífsnauðsynjar, þá sé sjálfsagt að leggja skatt á alla óhófseyðslu, og þá ekki síst skemmtanir.

Vér getum þó ekki fallizt á, að skattur sé lagður á skemmtanir í kauptúnum, sem hafa 500—1500 íbúa, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Með lögum um skemmtanaskatt frá 1918 er sveitarfélögum gefin heimild til þess að leggja allt að 20% skatt á skemmtanir. Þessa heimild hafa sum sveitarfélög notað, og er ekki óliklegt, að fleiri vilji taka það ráð upp nú. Vill meiri hl. nefndarinnar ekki taka þennan tekjustofn af sveitarfélögum þessum.

Þar sem fjárveitinganefnd neðri deildar hefir með frumvarpi sínu um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga lagt til, að tekjur samkvæmt lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1927 falli til ríkissjóðs til ársloka 1933, leggjum vér til, að samhljóða ákvæði í þessu frumvarpi falli niður.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin verður 1. grein.
3. Við 3. gr. (sem verður 2. gr.). Greinina skal orða svo:
   Hækkun á skattinum samkvæmt 1. gr. rennur í ríkissjóð.
4. Við 4. gr. Greinin verður 3. gr.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Halldór Stefánsson, form.	Steingr. Steinþórsson, frsm.	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. **439. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 19. maí 1930.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. fjárhagsn. hefir eigi getað fallizt á, að rétt sé að samþykkja frv. þetta. Telur hann, að sama ástæða a. m. k. sé til sérstaks eftirlits um gæzlu áfengislaganna sem var í upphafi, þegar heimild til gæzlunnar var ákveðin, og að þá sé hagsýnilegt að fela þeim mönnum, sem til gæzlunnar eru settir, að hafa einnig almenna tollgæzlu. Má og færa sterkar líkur fyrir því, að tolltekjur ríkissjóðs hafi að stórum mun betur innheimzt vegna hinnar auknu tollgæzlu.

Greinargerð frumvarpsins gefur ástæðu til að ætla, að hin aukna tollgæzla á síðustu árum sé eingöngu byggð á heimild þeirri, sem frv. leggur til að afnema. Þetta er talsvert villandi, sem og sést af tilvitnun minni hlutans í nefndaráliti sínu til laganna nr. 26 frá 1917. Meiri hl. hins tilfærða kostnaðar í greinargerð frv. hefir orðið vegna þeirrar tollgæzlu, sem sett hefir verið á stofn á grundvelli heimildarinnar frá 1917, en þá heimild gerir frv. enga tillögu um að afnema, enda væri það jafnóhagsýnilegt og að afnema heimildina í lögunum frá 1930.

Löggæzlumenn utan Reykjavíkur eftir heimildinni frá 1930 eru sex, einn í Hafnarfirði, einn í Vestmannaeyjum, einn á Austurlandi, tveir á Norðurlandi og einn á Vestfjörðum. Virðast þeir vart færri geta verið til þess að sæmilega geti heitið séð fyrir gæzlunni.

Nefndin leitaði álits tollstjórans í Reykjavík um frv. Hafði fjárveitinganefnd þegar áður leitað umsagnar hans um tollgæzluna í Reykjavík, og sendi hann fjárhagsnefnd í eftirriti samhljóða álit og hann hafði gefið fjárveitinganefnd þegar áður. Gefur álit tollstjórans mikilsverðar upplýsingar um verkefni og árangur tollgæzlunnar, og birtum vér það sem fylgiskjal með áliti voru.

Alþingi, 16. apríl 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson.	Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal.

Tollstjórinn í Reykjavík.

15. marz 1932.

Háttvirtur formaður fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis hefir beðið mig um áætlun um kostnað við tollgæzluna í Reykjavík fyrir árið 1933, svo og skýrslu um tollgæzluna, starfsvið hennar, störf og fyrirkomulag.

Ég vil út af þessu láta nefndinni í té eftirfarandi ummæli um þetta efni.

Verkefni tollgæzlunnar.

Tollgæzla er, sem kunnugt er, til þess sett að tryggja það, að ríkissjóður fái þau aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld, sem lögákveðin eru, svo og jafnframt að veita þeim mönnum, sem tollana greiða skilvíslega og með fullri samvizkusemi, vernd gegn því, að öðrum takist að ná sér í sömu vörur án þess að greiða af þeim lögboðin gjöld. Sömuleiðis til að sjá um, að varningur sá, sem bannaður kann að vera innflutningur á, sé ekki fluttur inn í landið, og til þess að lögum þeim og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um skip og siglingar, flutning og farþega, sé hlýtt, og hlutaðeigandi skip fái þá vernd og öryggi, sem þau eiga kröfu á, ef þau fullnægja þeim kröfum, sem settar eru. Eftir því sem siglingar eru meiri og gjöld þau og kvaðir, sem á flutningi og farþegum hvíla, eru víðtækari, verður tollgæzlan að vera fullkomnari, svo það öryggi náist fyrir alla hlutaðeigendur, sem talið er nauðsynlegt hverju þjóðfélagi.

Hér á landi er svo ástatt, að megnið af tekjum ríkissjóðs er tollar af innfluttum og útfluttum vörum. Sérstaklega hvíla háir aðflutningstollar á því nær öllum vörum, sem til landsins flytjast, og á sumum vörum svo háir, að tollurinn eða tollarnir nema meiru en andvirði vörunnar. Hingað til Reykjavíkur mun vera fluttur vel helmingur allrar vöru, sem til landsins kemur, og margar hæst tolluðu vörutegundirnar aðallega hingað, og liggur því í hlutarins eðli, að hér þurfi gæzlan að vera svo örugg, að nokkurn veginn sé tryggt, að vörur svo nokkru nemi sleppi ekki undan tollgreiðslu, og að tryggt sé, að vara sú, sem gjalda á af, sé eigi af hendi látin fyrr en tollarnir eru greiddir. Skal þá getið hinna helztu laga, sem tollgæzlan sérstaklega verður að hafa vakandi auga á, að séu ekki brotin.

Samkvæmt áfengislögunum er bannað að flytja nokkurn áfengan vökva til landsins, nema þann, sem undanþeginn er lögunum, en á þeim drykkjum hefir ríkið tekið einkasölu. Það ætti nú hverjum einum að liggja í augum uppi, að þar sem jafnmikil skipakoma er og hér er í Reykjavík, og mörg þeirra hafa meira og minna af áfengi innanborðs, sum talsvert mikið sem skipsforða, þá myndu þessi lög verða mjög að vettugi virt hér í margmenninu, ef eigi væri sæmilega örugg gæzla með skipum þeim, er hingað koma, og sú gæzla þarf að vera óslitin bæði dag og nótt. Væri ekki svo, myndi bráðlega sjá missmíði á svo um munaði, og þá sennilega tekjur þær, sem ríkið nú fær af áfengisverzluninni, rýrna að mun.

Lög um aðflutningsgjald, eða tolllög, eru nefnd lögin um innflutningstoll af kaffi, kaffibæti, sykri, sírópi, te, kakaódufti, súkkulaði, brjóstsykri, átsúkkulaði og áfengi, öli og sódavatni, tóbaki, vindlum og vindlingum. Hvert eitt einasta skip, sem hafnar leitar, hefir meira og minna af ofangreindum vörum meðferðis sem skipsforða. Allar þessar vörur eru með háum tolli, og er hætt við því, ef eftirlitið væri mjög ófullkomið, að þá myndi ekki líða á löngu áður en talsverð verzlun tækist í skipunum með vörur þessar, enda mun áður en gæzlan hófst hafa kveðið þó nokkuð að slíkri verzlun, þó að hún sé nú, sökum gæzlunnar, horfin úr sögunni hér í Reykjavík. Þó var minni freisting

til þess áður, því tollurinn var þá miklu lægri en nú, er hann af sumum tegundum, t. d. tóbaksvörum, er orðinn mun hærri en innkaupsverð vörunnar.

Vörutollurinn er sem kunnugt er þungatollur og hvílir á flestum vörum, er til landsins flytjast, nema tollvörum, sem fyrr getur. Hvert einasta skip, sem kemur, hefir einnig talsvert af þessum vörum meðferðis sem skipsforða, og er sama um það að segja og tollvörurnar.

Verðtollur hvílir á fjölda vörutegunda, flestum, sem vörutollur er á, og á sumum vörunum mjög hár, og eru margar þeirra mjög litlar fyrirferðar og ber því lítið á, þótt talsvert sé af þeim. Öll skip hafa mikið af verðtollsvörum sem skipsforða, og auk þess hafa farþegar og skipshafnir oft þó nokkuð meðferðis af slíkum varningi. Er sama að segja um hættu þá, er stafaði af ónógu eftirliti, um þessar vörur sem áður er sagt um tollvörurnar, enda hafa talsverðar upphæðir innheimzt af slíkum varningi síðan gæzlan hófst, sem og af tolli og vörutolli, og verður vikið að því síðar.

Sem kunnugt er kemur hingað árlega fjöldi farandsala frá útlöndum. Til þess að mega gera vörur sínar falar hér á löglegan hátt, er þeim gert að skyldu að leysa leyfisbréf gegn álitlegu gjaldi til rikissjóðs. Margir af þessum mönnum hafa eigi alllítið meðferðis í fari sínu af varningi, og það oft dýrum vörum, sem innflutningsgjöld ber að greiða af. Tollgæzlan sér um, að farandsalar bæði fullnægi skilyrðum laganna um að mega selja og innheimtir tolla þá, er þeim ber að greiða af varningi þeim, er þeir hafa meðferðis. Væri tollgæzlan lítilfjörleg, myndi mest af þessum varningi sleppa undan tollgreiðslu og leyfisbréfagjöldin ekki nást nema endrum og eins.

Öll íslenzk fiskiskip, er selja afla sinn í útlöndum, eru skyld að greiða útflutningsgjald. Þessi skip hafa engin útflutningsskjöl, og verður því að hafa sérstaklega eftirlit með því, að skip þessi sleppi ekki við það að greiða útflutningsgjald. Þetta eftirlit framkvæmir tollgæzlan og sér um að ná yfirlýsingum af skipstjórum skipanna um aflasölu erlendis. Má gera ráð fyrir því, að erfitt yrði oft að ná þessum gjöldum, ef eigi væri stöðug gæzla, því skipin hafa oft afarlitla viðstöðu hér. Ennfremur hefir tollgæzlan eftirlit og umsjón með því, að erlend fiskiskip, er hingað koma, athafni sig ekki svo hér, að komi í bága við ákvæði laganna um fiskiveiðar útlendra hér við land, svo og sérstaklega eftirlit með því, að ríkissjóður fái þau aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld, sem honum ber, af vistum og öðrum nauðsynjum, er skip fá úr öðrum skipum, og af afla, sem fluttur er milli skipa, í þeim tilfellum, sem slíkur flutningur á milli skipa á annað borð er heimilaður lögum samkvæmt.

Auk gæzlu framangreindra laga, sem svo að segja öll koma daglega til framkvæmda við tollgæzluna, má nefna ýms önnur lög, sem tollgæzlan hefir eftirlit með, að ekki séu brotin, svo sem lög um sóttvarnir gagnvart útlöndum, lög um, að gin- og klaufaveiki berist ekki til landsins, og önnur lagaákvæði gegn því, að húsdýrasjúkdómar berist hingað, lög um einkasölur á áfengi, tóbaki o. fl., að þau séu ekki brotin með innflutningi annara, yfir höfuð lögin um samgöngur og verzlun við útlönd. Nú má sérstaklega nefna ákvæðin um bann gegn því, að óþarfur varningur sé fluttur til landsins. Loks má geta þess, að tollgæzlan hefir eftirlit með því, að ýms ákvæði siglingalaganna, siglingaat-

vinnulaganna, laganna um skrásetning skipa og merking fiskiskipa séu ekki brotin.

Eins og sést á öllu því, er hér á undan er ritað, hefir tollgæzlan mikla löggæzlu á höndum og margra laga að gæta, en fyrst og fremst er hún nauðsynlegt aðstoðarlið út á við fyrir tollskrifstofuna, til þess að inn náist öll innflutnings- og útflutningsgjöld, sem lögum samkvæmt á að innheimta fyrir ríkissjóð.

Um stofnun og vöxt tollgæzlu í Reykjavík og fyrirkomulag hennar nú.

Með lögum um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík 26. okt. 1917 var ákveðið, að stofna skyldi sérstaka tollgæzlu fyrir Reykjavík og hún lögð undir lögreglustjórann, sem þá var jafnframt tollstjóri. Með lögunum um skipting lögreglustjóraembættisins 7. maí 1928 var tollgæzlan lögð undir tollstjórann, eins og leiddi af blutarins eðli. Tollgæzlan í Reykjavík hefir því um langt áraskeið verið lögskipuð ríkisstofnun.

Skal því næst skýrt nokkuð frá vexti og viðgangi tollgæzlunnar hér undanfarið tímabil, og loks frá fyrirkomulagi hennar nú.

Frá 1. apríl 1918 fram á árið 1920 var einum af skrifstofumönnum lögreglu- og tollskrifstofunnar falið að hafa eftirlitið út á við, með aðstoð lögregluþjóna kaupstaðarins. Byggðist það bæði á því, að samkvæmt 20. gr. áfengisbannlaganna 30. júlí 1909 var bæjarstjórnum gert að skyldu að aðstoða við varnir gegn innflutningi áfengis, en þó studdist notkun lögregluþjónanna við tollgæzluna sérstaklega við það, að samfara tollgæzlunni verður að fara gæzla ýmsra annara laga en tolllaga, og hefir hér á undan verið skýrt frá því, hver þau löggæzlustörf eru. Þetta fyrirkomulag var til nokkurra bóta til að byrja með, enda hafði þá bærinn á því tímabili fjölgað lögregluþjónum að mun, og svo bættist það við, að meðan heimsstríðið stóð og fyrst eftir það voru samgöngur við útlönd mjög takmarkaðar og allur vöruflutningur hingað nákvæmlega rannsakaður af stjórnarvöldum þeirra ríkja, sem vörurnar komu frá. Þá ber og þess að gæta, að tollarnir voru þá ennþá tiltölulega lágir, svo síður var hætta á, að reynt væri að komast undan þeim, svo var tollflokkunin miklu einfaldari og eingöngu þyngdartollar.

Þegar kom fram á árið 1920, kom það í ljós, að þessi tollgæzla var ófullnægjandi, enda var þá með nýjum lögum farið að hækka tollana að miklum mun og gera tollflokkunina miklu margbrotnari en áður, koma á verðtolli og gera mikinn mun á tollum hinna ýmsu vörutegunda, bæði að því er verðtoll og þungatoll snerti. Þurfti þá iðulega að fá aukamenn til aðstoðar við tollgæzluna, og í byrjun ársins 1921 voru fastráðnir 2 tollþjónar, hafði annar gæzlu að degi, hinn að nóttu, en vinna skrifstofumannsins við tollgæzluna og aðstoð lögregluþjónanna hélt áfram eins og áður, og oft varð að taka aukahjálp, þegar eitthvað sérstaklegt kom fyrir. Þá var og orðið óhjákvæmilegt að fá varðstofu á hafnarbakkanum með geymslurúmi fyrir vörur, sem þurfti að rannsaka, fyrir farþegaflutning og vörur, sem tollgæzlan fann í skipunum og á engum skipsskjölum voru. Þetta húsrúm var leigt

í geymsluhúsi hafnarsjóðs, og er svo enn; þó hefir húsnæðið verið umbætt mikið síðan 1921. Í ársbyrjun 1923 var bætt við 1 tollþjóni, og þegar kom fram á árið 1924, var enn 1 tollþjónn ráðinn í viðbót, og á árinu 1925 enn 1 tollþjónn til. Voru þá hinir föstu tollþjónar orðnir 5 að tölu. Þegar kom fram á árið 1926, eftir að austurhafnarbakkinn og bryggjur þar voru fullgerðar, kom það í ljós, að tollgæzlan þurfti að hafa húsrúm nokkurt þar til sömu afnota og húsrúm það á vesturhafnarbakkanum, sem áður er getið, og var þá slíkt húsrúm leigt þar í geymsluhúsi fiskiveiðafélags eins. Þessu húsnæði var sagt upp fyrir rúmu ári síðan, og er nú leigt fyrir tollstöðina á austurhafnarbakkanum í húsum hlutafélagsins Kol & Salt, en sá húsakostur er og má vera miklu minni en í tollstöðinni á vesturhafnarbakkanum, sem er aðalbækistöð tollgæzluliðsins. Allt til þessa hafði tollgæzluliðið notið sömu aðstoðar frá lögregluþjónum bæjarins eins og byrjað hafði verið með 1918, en eftir því sem fram í sótti kom það betur og betur í ljós, að æskilegt var, að hægt væri að losa lögregluþjónana við þessi störf til aðstoðar tollgæzlunni. Fyrst og fremst vantaði lögregluþjónana þá þekking á tolllöggjöfinni og öðrum ákvæðum viðkomandi tollgæzlunni, sem tollþjónarnir höfðu aflað sér, og svo voru tollgæzlustörfin að mörgu leyti frábrugðin aðalstarfi lögregluþjónanna. Þar við bættist það, að oft þurfti að kalla lögregluþjónana frá þessu aðstoðarstarfi til að sinna öðrum óhjákvæmilegum störfum, og það oft er verst gegndi fyrir tollgæzluna. Lögregluliðið sjálft var orðið of fáliðað eftir vexti bæjarins, svo að í engu mátti missa það frá sjálfri bæjarþjónustunni, og var því á öndverðu árinu 1927 horfið að því að losa lögregluliðið við umgetin störf til aðstoðar tollgæzlunni, enda hafði stjórn bæjarins látið óskir um það í ljós við lögreglustjóra, sem þá var jafnframt tollstjóri. Frá þeim tíma hafa tollþjónarnir einir annazt tollgæzluna með tollritara þeim frá skrifstofunni, er að framan getur, sem verkstjóra undir yfirstjórn tollstjórans. Á öndverðu árinu 1928 var 3 tollþjónum bætt við og 1 tollþjóni í ársbyrjun 1930. Var þessi aukning nauðsynleg til þess að gæzlan væri viðunandi, störfunum annað og hægt að hafa tollvaktirnar samfelldar bæði dag og nótt, sem er óhjákvæmilegt.

Nú skal vikið að fyrirkomulagi tollgæzlunnar eins og hún er nú. Eins og að framan greinir, er tollgæzluliðið nú 9 tollþjónar og 1 tollritari sem verkstjóri undir stjórn tollstjóra.

Vegna þess að höfuðnauðsyn er á því, að gæzlan sé samfleytt allan sólarhringinn, en mennirnir svona fáir, þá verður vinnutíminn að vera mjög langur, eða 10—12 tímar á dag og 9 tímar á nóttu. Hefir víst engin tollgæzla svo langan vinnutíma, og engir starfsmenn okkar ríkis hafa nú orðið slíkan vinnutíma.

Til þess að gæzlan verði samfelld verður að skipta liðinu niður í *vaktir*, og er þeim þannig skipað og hafa þau störf, sem greinir hér á eftir.

Morgunvakt hefst kl. 6 árdegis dag hvern. Þá mæta 2 tollþjónar og leysa af næturvaktina. Þessir 2 verða að annast allt, sem gera þarf, afgreiða þau skip, sem koma, líta eftir þeim skipum, sem komið hafa, o. s. frv. *Bakkavaktin* hefst kl. 8 árdegis hvern dag, og mæta þá 2 tollþjónar. Þeir halda vörð á hafnarbökkunum og hafa stöðuga gát á öllum skipum, sem við bólvirkin liggja, allt

frá kolagarði og að Örfiriseyjargarði. Vakta því allt, sem fer úr og í skipin, og eru á verði allan daginn til kl. 6 að kvöldi, að frádregnum matmálstíma til skiptis.

Dagvaktin hefst kl. 9 árdegis, og mætir þá 1 tollþjónn. Sameinast þá við morgunvaktina, og verða þá 3 saman og nefnist dagvakt. Eru þeir á vakt allir til kl. 6 eftir hádegi, en þá fara morgunvaktmennirnir heim, en dagvaktarmaðurinn heldur áfram til kl. 9 síðdegis, er næturvaktin mætir.

Skipavakt hefst kl. 9 árdegis. Þá mætir 1 tollþjónn. Hann tekur við skipaafgreiðslunni af morgunvaktinni og er á vakt til kl. 9 að kveldi, er næturvaktin mætir. Skipavaktmaður annast afgreiðslu skipa að deginum.

Pakkhúsvakt hefst kl. 7 að morgni. Þá mætir 1 tollþjónn og er á vakt til kl. 6 síðdegis, og lengur, ef geymsluhúsin eru lengur opin.

Næturvaktin hefst kl. 9 að kvöldi, og mæta þá 2 tollþjónar og eru til kl. 6 að morgni, er morgunvaktin mætir.

Á sunnudögum hafa 2 tollþjónar vakt til skiptis, varir hún frá kl. 6 að morgni til kl. 9 að kvöldi. Næturvakt á helgum er sama og á rúmhelgum.

Starfið er framkvæmt þannig:

Farið er um borð í hvert skip, þegar það kemur á ytri höfnina. Skipið er stöðvað þar og gengið eftir þeim skjölum og skilríkjum, er farminn snerta. Séð er um, að upp sé gefið á þar til gerð eyðublöð forði skipsins og forði skipshafnar af bannvörum og tollvörum. Því, sem upp er gefið, er svo safnað saman og sett undir innsigli. Sé um heila skipsfarma að ræða, eru lestarlúkur skipsins einnig innsiglaðar og eigi opnaðar fyrr en tollur er greiddur. Sé um farþegaskip að ræða, verður auk þess að skoða farangur allra farþega, áður en skipið leggst að bólvirkinu.

Þegar eftir að afgreiðsla og innsiglun hefir farið fram, er hafin leit í skipunum. Leitin er framkvæmd af dagvaktinni, eða venjulega 3 mönnum; þó verður, ef um stór skip er að ræða, að taka annan bakkavaktarmanninn með í leitina, því ella myndi leitin taka allt of langan tíma, einkum ef um mörg skip er að ræða, sem oft er.

Allt, sem upp hefir verið gefið af tollvörum og bannvörum og undir innsigli hefir verið látið, er síðan talið nákvæmlega af tollritara og tollþjóni og ritað vottorð um það á skrá þá, er skipið hefir fengið við afgreiðsluna, en kært yfir, ef eigi ber saman því, sem undir innsigli á að vera, og skránum. Öll þessi störf eru tímafrek. Afgreiðsla venjulegs farmskips, sem ekki flytur farþega, tekur varla minna en 1—1½ tíma eftir stærð. Leit í slíkum skipum tekur oft marga klukkutíma. Afgreiðsla farþegaskips tekur oft mjög langan tíma, ef farþegar eru margir og hafa mikinn farangur, sem þeir taka með sér í land um leið og þeir sjálfir fara. Allur annar farangur er fluttur í tollbúðina og rannsakaður þar, áður en hann er afhentur. Leit í slíkum skipum tekur oft mjög langan tíma og er varla framkvæmanleg af minna en 4 mönnum, og helzt fleiri, ef um mikla tilfærslu á vörum eða kolum er að ræða, er oft kemur fyrir.

Í vörugeymsluhúsunum við höfnina er stöðugt vakt, sem lítur eftir, að engar vörur séu afhentar fyrr en greiðsla hefir farið fram og heimild frá tollstjóra liggur fyrir um, að afhenda megi vöruna hans vegna. Þá er einnig litið

eftir, hvort nokkuð kemur í geymsluhúsin eða á hafnarbakkana af vörum, sem bannaður er innflutningur á, og rannsakaðar vörur, er líklegt þykir, að eitthvað sé athugavert við, annaðhvort óleyfilegt innihald, eða t. d. pakkað í hálm o. s. frv. Oft þarf einnig að rannsaka vörusendingar og bera nákvæmlega saman við innkaupsreikninga, til að ganga úr skugga um, hvort þeir skýri rétt frá innihaldi. Yfirleitt er leitazt við að hafa sem allra nákvæmast eftirlit með öllu, er fram fer, bæði við skipin, uppskipunina og í geymsluhúsunum.

Mörg hérlend fiskiskip koma frá útlöndum með talsvert af varningi, bæði til sinnar eigin útgerðar og annara. Skip þessi hafa engin skírteini um vörur þær, er þau flytja, og verður því tollþjónn að standa stöðugt við og rita upp það, sem í land fer, og innheimta síðan aðflutningsgjöldin af því.

Af framanskráðu ætti að vera ljóst, að engin leið er að komast af með færri menn við tollgæzluna hér í bænum en nú eru, og má þó enginn verða veikur eða forfallast, og vinnutími svo langur, að engir starfsmenn hins opinbera hafa því líkan.

Kostnaðaráætlun fyrir árið 1933.

Árið 1930 var kostnaður við tollgæzluna hér kr. 52579,23.

Sama ár innheimti tollgæzlan aðflutningsgjöld kr. *24808,27* af vörum, sem ekki voru á neinum skipsskjölum, en kom fram við eftirlit tollgæzlunnar og rannsóknir í skipunum sjálfum, í fórum skipsmanna, farþegaflutningi o. s. frv. Á sama ári féllu til, samkvæmt skýrslu lögreglustjórans í Reykjavik, sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, sem komust upp við rannsóknir og eftirlit tollgæzlunnar, samtals kr. *18275,00*. Er þessir 2 tekjuliðir, samtals kr. 43083,27, eru dregnir frá framangreindum kostnaði, kr. 52579,23, verða eftir af kostnaðinum kr. *9495,96*.

Árið 1931 var kostnaður við tollgæzluna hér kr. 52555,02. Sama ár innheimti tollgæzlan kr. *23142,84* af vörum á sama veg og segir hér á undan, og á því ári urðu, samkvæmt skýrslu lögreglustjórans í Reykjavík, sektir fyrir brot, sem tollgæzlan kom upp, kr. *22190,00*. Þegar þessir 2 tekjuliðir, kr. 45332,84, eru dregnir frá kostnaðinum, kr. 52555,02, verður eftir af kostnaðinum það ár kr. *7222,18*.

Því hefir verið skotið fram, að ráðlegt væri að spara ríkissjóði útgjöld með því að leggja niður eða að minnsta kosti rýra tollgæzluna frá því, sem hún nú er. Þetta hlýtur að vera byggt á ókunnugleika. Eins og sést af því, sem á undan segir, er það tiltölulega lítið af kostnaðinum, sem ekki kemur beinlínis og áþreifanlega inn aftur. En það verður af þeim, sem til þekkja, að teljast, að þessar nefndu áþreifanlegu tekjur séu litlar í samanburði við þær tekjur eða þann hag, sem ríkissjóði berst fyrir starf tollgæzlunnar við það, að hún útilokar freistinguna til þess að reyna að komast hjá því að greiða þá tolla, eða tolla í þeim flokki, sem lögin krefja, er þeir mega ávallt búast við, að slík undanbrögð eða tilraunir til þeirra komist upp við gæzluna, og sumir fengið að reyna það. Þar við bætist starf tollgæzlunnar fyrir ríkið við

eftirlit með, að önnur lög, sem ekki eru tekjulög, séu ekki brotin, en um það hefir verið rætt hér á undan.

Skal svo vikið að áætlun um kostnað við tollgæzluna í Reykjavík á árinu 1933.

1. Tollþjónarnir eru, eins og að framan greinir, nú 9 að tölu og hafa 350 kr. í laun á mánuði, eða 4200 kr. á ári hver, og verður það samtals kr. 37800,00. Þennan lið kostnaðarins er ómögulegt að lækka. Eins og rök eru leidd að hér á undan, mega tollþjónarnir ekki vera færri, og verða að hafa 12 klukkutíma vinnutíma til þess að komast yfir störfin. Tollþjónarnir geta ekki komizt af með lægri laun en þetta, enda er vinnutími þeirra óvenjulangur. Launin eru ekki hærri en almennir vinnumenn við höfnina hér hafa nú og hafa haft, þegar reiknað er eftir tímakaupgjaldi vinnumannanna. Og starf tollmannanna er þó miklu vandasamara og til þess þarf valda menn, bæði að ráðvendni, framgöngu og reglusemi. Mörg af störfum tollþjónanna eru engu síður erfið og lýjandi en störf almennra erfiðismanna. Má þar til sérstaklega nefna leitirnar í skipunum, að þurfa oft tímum saman, þegar mörg skip ber að í einu, að rannsaka og skríða í gegnum kjölrúm, vélarrúm, kolarúm og önnur smáhólf í skipunum, en það eru helztu geymslurúm fyrir áfengi og aðrar vörur, sem hættast er við, að smyglað sé. Til þessara starfa þarf fullfríska menn á bezta aldri. Eru tollþjónarnir oft mjög þreyttir eftir slíka daga. Þennan kostnaðarlið má því ekki áætla lægra en kr. *37800,00*.

2. Húsrúmið fyrir tollbúðirnar á hafnarbakkanum er, eins og að framan getur, tekið á leigu. Er ársleigan fyrir tollbúðina á vestur-hafnarbakkanum kr. 2520,00, en ársleigan fyrir tollbúðina á austur-hafnarbakkanum kr. 1200,00, eða samtals kr. 3720,00. Til ljósa og hita og ræstingar á tollbúðunum má eftir undanfarandi reynslu ekki áætla lægra en kr. 1600,00, enda er þar við að gæta, að starfað er allan sólarhringinn í tollbúðunum. Þessi kostnaðarliður verður því kr. *5320,00*.

3. Einkennisbúningur er og hefir verið lagður tollþjónunum til í þjónustunni. Er slíkur búningur alveg nauðsynlegur fyrir þá í gæzlustarfi þeirra, svo menn af búningnum geti séð, að þeir hafi opinberan starfsmann fyrir sér, er þeim sé skylt að hlýða. Hver tollþjónn fær ein föt, eina regnkápu og eina einkennishúfu á ári hverju, en einkennisyfirfrakka annaðhvert ár. Við leitir í skipum, og enda líka við vöruskoðun og flokkun í tollbúðunum, verða tollþjónarnir að hafa sérstök slitföt (overalls), því einkennisfötin myndu strax annars eyðileggjast við slíka vinnu, og þessi slitföt vilja fljótt ganga úr sér og skemmast. Eftir undanfarinni reynslu má áætla, að kostnaður við umræddan fatnað verði kr. 525,00 á hvern tollþjón. Verður því þessi útgjaldaliður fyrir 9 tollþjóna kr. *4725,00*.

4. Til ýmislegra útgjalda við tollgæzluna hefir ávallt gengið nokkur fjárhæð, svo sem til áhalda og tækja við leitir í skipum og rannsókn á vörum, innsiglanir á vörum og rúmum og lestaropum í skipum. Og svo sérstaklega til aukaaðstoðar, sem oft verður að grípa til, þegar tollþjónarnir komast ekki yfir það, sem gera þarf, svo sem tilfærslu vara í lestum og kolaboxum, við leitir í skipum o. fl. Tollþjónarnir fá og hafa fengið 10 daga frí á hverju

sumri, og má það ekki minna vera, er tekið er tillit til þeirra langa daglega vinnutima og helgidagavinnu. Þetta verða 90 dagar fyrir þá alla 9 samanlagt. Af því gæzlan má engan mann missa, svo hún geti verið í lagi og eftir settum reglum, þá verður að taka aukamann fyrir þann, sem burtu er, og kostar það í öllu falli yfir 1000 kr. Til allra þessara nefndu ýmislegu gjalda er ekki hægt að áætla minna en kr. *2600,00.*

Eftir framanrituðu verður þá áætlunin um kostnað við tollgæzluna í Reykjavík um árið 1933 þessi:

Samkvæmt	1.	tölulið	.....	kr. 37800,00
—	2.	—	.....	— 5320,00
—	3.	—	.....	— 4725,00
—	4.	—	.....	— 2600,00
			Samtals	kr. 50445,00

Jón Hermannsson
(sign).

Nd. 440. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 418.

I. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við brtt. 418, IV. (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir »20000« kemur 30000

II. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til að ljúka við nppdrætti og áætlanir af mælingum þeim, sem framkvæmdar hafa verið á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 7000
Til vara 5000

III. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Jónasi Þorbergssyni.*
1. Við 17. gr. 23. (Gamalmennahæli á Ísafirði).
Fyrir »á Ísafirði« kemur: á Seyðisfirði.
2. Við 17. gr. 24. (Gamalmennahæli á Seyðisfirði).
Fyrir »á Seyðisfirði« kemur: á Ísafirði.

IV. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að fela stjórn Búnaðarbankans að selja hin dönsku ríkisskuldabréf, sem viðlagasjóður á og eru nú að tryggingu fyrir veðdeild Landsbankans, enda greiðist skuld viðlagasjóðs við ríkissjóð af andvirði hinna seldu bréfa. Verði heimild þessi notuð, gefur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkis-

sjóðs út tryggingarbréf fyrir jafnhárri fjárhæð og fengizt hefir fyrir hin dönsku ríkisskuldabréf og leggur það að tryggingu handa viðkomandi veðdeildarflokkum, enda er viðlagasjóður í bakábyrgð gagnvart ríkissjóði. Þegar viðskiptum þessara veðdeildarflokka er lokið, skal tryggingarbréfið afhent fjármálaráðherra til ónýtingar.

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að taka á leigu á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á innlendum kartöflum, sem ætlaðar eru til sölu hér á landi, og lána hann aftur íslenzkum kartöflufram leiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur, gegn hæfilegum leigumála, er stjórnin ákveður.

Ed. **441. Nefndarálit**

við frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir því sem föng hafa verið til. Er frv. undirbúið af vegamálastjóra, og fylgdi því mjög ýtarleg greinargerð á vetrarþinginu 1931, ásamt skýrslu um rannsóknir á þessu svæði, áætlunum um framkvæmd verksins og kostnað allan. Verða mannvirki þessi stórfelld og fjárfrek, sem vænta má, en þar sem nú er búið að meira eða minna leyti að ráða bót á samgönguerfiðleikum þeim, er stórvötn landsins hafa hingað til valdið, að þessum vötnum undanskildum, þá virðist nú vera orðið tímabært að setja lög um framkvæmd þessara mannvirkja og byrja á hinum nauðsynlegustu mannvirkjum, sérstaklega þar sem nú er hafinn undirbúningur um allverulegar framkvæmdir á komandi sumri. Leggur því samgöngumálanefnd til, að frv. verði samþykkt með þeirri einu

BREYTINGU

við 10. gr., að í stað »1. og 2. lið« komi: 1. til 4. lið.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Páll Hermannsson,	H. Steinsson,	Ingvar Pálmason,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Ed. 442. Nefndarálit

um frv. til laga um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Frá samgöngumálanefnd.

Eftir að hafa rætt frv. þetta allýtarlega við vegamálastjóra, fellst meiri hl. nefndarinnar á að mæla með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. apríl 1932.

Páll Hermannsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	H. Steinsson, fundaskr., með fyrirvara.

Ed. 443. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrir »2 ár« í 1. gr. frumvarpsins komi: 1 ár.

Ed. 444. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Nd. 445. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna atvinnuskorts í verstöðvum austanlands.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Til ársloka 1934 er ríkisstjórninni heimilt að veita samvinnufélögum sjómanna og verkafólks í verstöðvunum Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaup-

stað og Eskifirði, eða sveitar- og bæjarstjórnum þessara staða, lán til þess að kaupa saltfisk, sem veiddur hefir verið frá öðrum verstöðvum landsins, en ella mundi seldur verða óverkaður úr landi. Lán þessi mega nema allt að 90% af gangverði saltfiskjarins á þeim tíma, er fiskurinn er keyptur, og eigi fara fram úr 600000 kr. á ári. Lánin veitist gegn veði í fiskinum og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. Skal stjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

Flutning á fiskinum til verkunarstöðva annist strandferðaskip ríkissjóðs gegn ⅓ af venjulegu flutningsgjaldi.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni til ársloka 1934 að leyfa nokkrum útlendum veiðiskipum að landsetja saltfisk til sölu eða verkunar í verstöðvum austanlands, eftir tillögum bæjar- og sveitarstjórna, er hlut eiga að máli, enda njóti innlendir menn vinnu og verkunarlauna allra við fiskinn. Til sama tíma og með sömu skilyrðum er ríkisstjórninni einnig heimilt að leyfa eigendum þeirra skipa, er landsetja saltfisk eftir þessari grein, að leggja á land hæfilegan forða af kolum og salti í þarfir skipanna á afgreiðslustöðum meðan þau landsetja fiskinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir útgerð tilfinnanlega brugðizt í verstöðvum austanlands og af því leitt, ásamt verðhruni afurðanna, hnignun útgerðar og atvinnubrest, enda hefir vöntun síldarbræðslu og annara iðjutækja hamlað fullkominni nýtingu sjávarafurða og þeirrar stórfelldu síldargengdar, sem verið hefir á Austfjörðum langan undanfarinn tíma.

Margt af því fólki, sem fest hefir byggð við sjóinn, verður af þessum sökum ósjálfbjarga, ef ekki tekst að skapa því atvinnuskilyrði í svip, með því að flutningur þess til sveitanna, þar sem landkostir þó eru yfirgnæfandi, ef notaðir væru, getur eigi orðið svo fljótt, sem þörfin krefur.

Vitað er, að allmikið af óverkuðum saltfiski er sent til sölu úr landi, og lenda verkunarlaun þess fiskjar að mestu leyti í höndum útlendinga. Virðist því liggja næst, þegar atvinnubrestur er hér í landi, að gera ráðstafanir til þess, að verkunarlaun fiskjarins falli innlendum mönnum í skaut.

Með frv. þessu er því tilraun gerð til að færa saltfiskjarsöluna í eðlilegt horf og stöðva það verðmæti í landinu, sem ella hlýtur að týnast landsmönnum.

Fé til fiskikaupa og flutnings fiskjarins á vettvang verður eigi fengið nema með opinberum ráðstöfunum, þegar í hlut eiga efnalausir menn, en eftir frv. þessu eiga lánveitingar til kaupanna að vera áhættulausar, ef hyggilega er um lánin búið, veð tekið í fiskinum og lánsupphæð fer ekki fram úr 90 hundraðshlutum af saltfisksverði.

Kaup og verkun á saltfiski úr erlendum veiðiskipum er eigi að sama skapi haldkvæm aðferð til atvinnubóta sem innlendu kaupin, en þó tiltækilegt ráð. Slík fiskikaup hafa undanfarin ár lítil verið, en mundu að skaðlausu geta aukizt, án þess að spilla markaðshorfum fyrir ísl. fisk. Að vísu munu ýmsir líta svo á, að með lögfestu leyfi til landsetningar á fiski úr erlendum skipum væri veiktur sá varnargarður um innlenda hagsmuni, er mynda átti með fiskveiðalöggjöfinni frá 1922, en hvorttveggja er, að sá varnargarður hefir frá upphafi rofinn verið með ýmiskonar undanþágum fyrir útlendinga, svo sem til rekstrar bræðslustöðva, síldarkaupa og fiskimjölsvinnslu á ýmsum stöðum, enda vitanlegt, að innlendra hagsmuna getur oft verið bezt gætt með hyggilegum undanþágum frá þeirri löggjöf.

Nd. 446. Frumvarp

til laga um barnavernd.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri. Í öðrum hreppum skulu skólanefndir vinna störf barnaverndarnefnda og hafa sama rétt sem þær.

2. gr.

Barnaverndarnefnd skipa 5 menn. Utan Reykjavíkur eru barnaskólastjóri og prestur sjálfkjörnir í hana, séu þeir heimilisfastir á staðnum. Að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og séu að jafnaði 2 þeirra konur. Einnig skulu kosnir 2 varamenn. Héraðslækni er skylt að veita nefndinni aðstoð, er hún óskar og því verður við komið.

3. gr.

Í Reykjavík skipa þó nefndina 7 menn, sem bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningum, og skulu að jafnaði 3 þeirra vera konur. Ennfremur skulu kosnir 3 varamenn.

4. gr.

Kjósa skal í barnaverndarnefndir hin sömu ár sem í skólanefndir og til 3 ára í senn; fyrsta kosning gildir út kjörtímabil skólanefndar, það er yfir stendur.

5. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan, sem áður hafa átt sæti í henni, aðrir en sjálfkjörnir menn.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn sér nefndinni fyrir fundarstað, sé þess óskað, og greiðir eftir reikningi útlagðan kostnað. Í Reykjavík ber nefndinni þóknun fyrir starfa sinn, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

6. gr.

Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur nákvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir barnaverndarráði ársskýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 22. gr.).

Varamenn taka sæti í nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki mætt á fundum hennar.

7. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, sem gefið er með eða komið fyrir á heimili vandalausra, eða njóta ekki umsjár annars foreldris síns eða beggja. Þó fellur það eftirlit niður, þar sem nefndinni er kunnugt, að vel fer um börnin. Til eftirlits með uppeldi telst það, að vakað sé yfir sérstökum hæfileikum barna, að þeir fái notið sín við þann undirbúning, sem þau fá undir lífið.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum, sem kunna að vera í umdæmi hennar, eða bæjarfélag hennar eða hreppsfélag ráðstafar einkum börnum hjá.
3. Hún rannsakar kærur og kvartanir, sem henni berast um varhugaverða meðferð á börnum, hvar sem er í umdæmi hennar. Einnig getur hún sjálf átt frumkvæði að slíkri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slíka aðstoð við uppeldi barna þeirra.
7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir lögregluvaldið. En skylt er lögregluvaldinu að veita henni alla þá aðstoð, er hún beiðist.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

8. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni; yfirheyrir hann þá þau vitni, sem hún og forráðamenn barnsins tilnefna. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

9. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa barni utan heimilis þess:

1. Þegar barnið hefir brotið hin almennu hegningarlög.
2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er bætta búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

10. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 9. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldranna, nema 2 af hverjum 3, 4 af hverjum 5, eða 5 af 7 nefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr en nefndin leyfir.

Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt 7. og 9. gr. má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

11. gr.

Þegar 3 af 5 eða 4 af 7 nefndarmönnum telja rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna, geta þeir borið málið undir barnaverndarráðs, og skal hlíta úrskurði þess (sbr. 22. gr.).

12. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.

13. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til barnaverndarráðs úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 22. gr.).

14. gr.

Börnum þeim, sem getur í 9. gr. 1., 2. og 5. staflið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugun á sálarlífi þeirra. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

15. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim. Verði misbrestur á því, greiðist meðlagið úr sveitarsjóði og telst sveitarstyrkur til foreldranna eða framfærslumanna. Ráðstafanir nefndarinnar breyta engu um framfærsluskyldur þeirra.

16. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 9. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust. Sé þagað um glæpsamlegt athæfi gagnvart barni, getur það varðað fangelsi.

17. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

18. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega benda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fáanleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

19. gr.

Brot gegn 10., 13., 16. og 17. gr. laga þessara varða 50—500 kr. sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum, og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

II. KAFLI.

20. gr.

Heimilt er kennslumálaráðherra að skipa barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal 1 skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, 1 samkvæmt tillögu Kennarafélags Íslands, en einn tilnefnir kennslumálaráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára.

21. gr.

Heimilt er barnaverndarráði að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

22. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 6., 10., 11. og 13. gr.).

23. gr.

Ríkisstjórnin sér barnaverndarráði fyrir stað til fundahalda og greiðir því til eftirlitsferða og skrifstofukostnað eftir reikningi.

24. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi þau ákvæði í eftirfarandi lagagreinum, sem fara í bága við þau: Lög nr. 39 frá 16. nóv. 1907, 5. gr., lög nr. 46 frá 27. júní 1921, 33. og 34. gr., lög nr. 43 frá 31. maí 1927, 36.—38. gr., sömuleiðis öll önnur ákvæði í eldri lögum, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Ed. 447. Nefndarálit

um frv. til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1932.

Jón Jónsson,	Páll Hermannsson,	Guðrún Lárusdóttir.
form.	fundaskrifari og frsm.	

Nd. 448. Tillaga

til þingsályktunar um fækkun opinberra starfsmanna, launagreiðslur þeirra o. fl.

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Pétri Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að fækka svo sem frekast er unnt starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana.
2. Að fella niður svo sem frekast verður við komið greiðslu fyrir aukavinnu úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum.
3. Að færa laun opinberra starfsmanna, sem launalög ná ekki til, í samræmi við hliðstæða flokka launalaganna, eftir því, sem við verður komið, og eins fljótt og samningar leyfa.
4. Að leita samninga við Eimskipafélag Íslands um að taka að sér útgerðarstjórn skipa ríkisins og leggja niður Skipaútgerð ríkisins, ef viðunanlegir samningar nást.

Greinargerð.

Það er með öllu óþarft að benda á hinar erfiðu ástæður ríkissjóðs. Það er svo kunnugt mál, að ekki mun um það verða deilt. En af þessu leiðir, að gjöld ríkissjóðs verður að minnka svo sem frekast eru föng á. Nú er það og kunnugra en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hefir aukizt mikið starfsmannahópur hins opinbera. Víst er og það, að í sumum tilfellum er ekki fylgt fyrirmælum um launaupphæðir. Einnig er það kunnugt, að ýmsir hinna opinberu starfsmanna, sem ekki taka laun eftir launalögum, eru hlutfallslega miklu hærra launaðir en þeir, sem laun taka eftir launalögum.

Allt þetta verður að lagfæra. Hér er um beint misrétti að ræða, og væri því sjálfsagt að lagfæra þetta, þótt ekki stæði svo á, að nauðsyn ríkissjóðs krefðist þess.

Að því, sem hér hefir lauslega verið bent á, lúta 3 fyrstu liðir tillögunnar.

Um 4. lið till. er rétt að minna á, að vitanlega verður útgerð hinna íslenzku skipa því ódýrari hlutfallslega, sem fleiri eru undir sömu stjórn, ef um svipað starfssvið skipanna er að ræða. Það sýnist því auðsætt, að verulegur sparnaður verði að þeirri sameiningu, sem hér er ráðgerð, og sýnist það ekki þurfa frekari rökstuðnings.

Annars mun till. í heild verða rökstudd nánar í framsögu.

Nd. 449. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 410 [Lax- og silungsveiði].

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Aftan við 1. málsgr. bætist: Þó mega girðingar eða veiðivélar aldrei ná lengra en í miðja aðalstraumlínu ár, og aldrei lengra en í miðja á.

Nd. **450. Nefndarálit**

um frv. til laga um síldarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir haft til meðferðar frv. það um síldarmat, er sjávarútvegsnefnd Ed. flytur á þessu þingi. Telur hún, að á því þurfi miklar breytingar að gera, svo að það geti orðið síldarútveginum til þess gagns, sem til er ætlazt.

Í frv. er aðaláherzlan lögð á mat á nýveiddri síld, og ber það að því leyti, og mörgu öðru, keim af þeirri tilhögun, sem komið var á með einkasölunni, sem nú er niður lögð.

Reynslan bendir samt í þá átt, að slíkt mat er hvergi nærri nægilega tryggilegt til þess að öryggi fáist fyrir því, að síldin sé góð og vönduð vara þegar hún er flutt á skipsfjöl til útflutnings. Geymslu síldarinnar er oft svo ábótavant og fleiri ástæður stuðla að því, að síld, þótt góð sé við söltun, getur verið orðin mjög vafasöm verzlunarvara þegar hún er flutt út.

Nú er matinu auðvitað ætlað að vera trygging kaupandanum fyrir því, að varan sé eins góð og hún er sögð af seljanda, og ber þá að sjálfsögðu að haga mati á vörunni þannig, að þessi trygging sé sem bezt.

Matið á hinni nýveiddu síld, eða söltunarmatið, sem svo er kallað, er líka miklu kostnaðarsamara en mat það, er fram fer við afskipun, eða útflutningsmatið, en söltunarmat verður ávallt ótryggt, eins og áður segir.

Er nú svo komið, að matsvottorð íslenzkra matsmanna eru að engu höfð af útlendum síldarkaupendum, og er því hin mesta nauðsyn þess, að lög þau um síldarmat, sem nú verða afgreidd, séu þannig úr garði gerð, að til bóta geti staðið álit síldarkaupenda á íslenzku mati.

Nefndin hefir því álitið rétt að gera söltunarmat ekki að skyldu, en leggur hinsvegar til, að lögleitt sé útflutningsmat á síldinni, eins og á sér stað með aðrar afurðir landsmanna. Skyldumat þetta vill nefndin láta ná til allrar síldar, sem flutt er út í lagarheldum tunnum, ef síldin hefir legið 20 daga eða lengur í salti, en sú síld, sem metast skal verkuð, verður að hafa legið að minnsta kosti þann tíma í salti, eins og kunnugt er. Þesskonar mat er líka að sögn tíðkað í nágrannalöndum vorum, þar sem síld er veidd og flutt úr landi, t. d. Noregi og Skotlandi. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að mikið kunni að verða flutt út af síld, er ekki hefir legið umræddan tíma í salti, og er sú síld vitanlega ekki matsskyld.

Frv. gerir ráð fyrir 4 yfirsíldarmatsmönnum, hverjum í sínum landsfjórðungi, en nefndin leggur til, að aðeins einn yfirsíldarmatsmaður sé skipaður fyrir allt landið, og honum þá svo borgað, að hann geti haft yfirumsjón matsins fyrir aðalstarf. Virðist oss, að hér sé frekar til þess efnt, að hæfur maður fáist til starfans en ella myndi, og er þó ódýrara fyrir ríkissjóð það fyrirkomulag, er nefndin vill hafa, heldur en það, sem frv. fer fram á.

Þá gerir nefndin og ráð fyrir, að með þeirri tilhögun matsins, sem hún leggur til að höfð verði, þurfi ekki eins marga undirmatsmenn og áður hafa verið, og ætti þá að vera auðveldara að hafa hæfa menn til þeirra starfa, en á það leggur nefndin mikla áherzlu.

Þó nefndin vilji ekki gera skylt að meta nýveidda síld, álítur hún þó rétt, sérstaklega ef ágreiningur ris milli kaupanda og seljanda um gæði sildarinnar eða söltunarhæfi, að leyft sé, að slíkur ágreiningur sé lagður undir úrskurð matsmanns. Þá þykir og rétt, að þeir, er flytja út síld, sem ekki er orðin yfir 20 daga saltlegin, eigi heimtingu á, ef þeir óska þess, að fá umsögn matsmanns um ásigkomulag sildarinnar þegar hún var söltuð, og gerir nefndin ráð fyrir þessu i breytingartillögum sínum.

Nefndin vill gera matsmenn ábyrga fyrir röngu eða hlutdrægu mati, ef á þá sannast, og er það í samræmi við það, er gildir um fiskimatsmenn samkvæmt fiskimatslögunum.

Þá álitur nefndin rétt, að yfirsíldarmatsmaðurinn ferðist, auk þeirra ferða, er hann fer milli veiðistöðva innanlands, líka til markaðslandanna, til að kynna sér óskir kaupenda um verkun síldarinnar og annað, er að gagni má koma.

Ferðir yfirmatsmannsins allar eiga að vera á kostnað ríkissjóðs, og að því, er utanlandsferðir hans snertir, þá ætlast nefndin til, að þær séu því aðeins farnar, að atvinnumálaráðherra samþykki.

Að því er snertir meðferð og merkingu tunnanna, svo og útbúnað farmskírteina, eru tillögur nefndarinnar svipaðar ákvæðum frumvarpsins.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Öll síld, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur i salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó síld, sem flutt er út í dósum eða smálátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri síld, eða ágreiningur ris milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Yfirsíldarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum síldarsaltenda og síldarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með síldarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur símakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra i hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af síldareiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsíldarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Yfirsíldarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem síld er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat síldar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til síldarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á síld og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr ríkissjóði.

Yfirsíldarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi síldar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður síldarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir síld, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á síld í þeim tunnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

Síldartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmenn gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsíldarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Þegar síld hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum

yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri síld, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er síld, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En hafi síld verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá síld votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Allri síld, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsildarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði síldarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd í tunnu og hver sé meðaltala síldа í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitazt við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi síldarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Yfirsíldarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnumálaráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um það, að farmskírteini yfir metna síld séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskírteinunum.

7. Við 7. og 8. gr. Greinarnar falla niður. Í stað þeirra kemur svolátandi 7. gr.:

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. Við 10. gr. Greinin verður 8. gr.

9. Við 11. gr. Greinin verður 9. gr.

Alþingi, 16. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Guðbr. Ísberg.

Bjarni Ásgeirsson. Bergur Jónsson.

Ed. **451. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 427 [Veiting ríkisborgararéttar].

Frá Jakob Möller.

Á eftir d-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Rasmus Reinhold Andersson, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.

Nd. **452. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 418.

I. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 15. gr. 14. (Leikfélag Reykjavíkur).
Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Af þessari fjárveitingu ganga 1000 kr. til frú Soffíu Guðlaugsdóttur til sjálfstæðra leiksýninga, ef ekki næst samkomulag um samstarf milli hennar og leikfélagsins.

II. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 418, XXXV. (Við 17. gr. 11. Stórstúkan).
Breytingartillöguna skal orða svo:
Liðinn skal orða svo:
Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi... 10000
Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.

III. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að taka ábyrgð á 40000 kr. láni fyrir Fisksölusamband Austfjarða vegna tekjuhalla af tilraunum til útflutnings á kældum fiski 1931, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

Ed. **453. Nefndarálit**

um frv. til laga um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta nákvæmlega og leitað um það upplýsinga hjá þeim mönnum hér, sem ætla má, að þessum efnum séu kunnugastir, svo sem dýralækni, hrossakynbótaráðunaut Búnaðarfél. Ísl. og forstjóra útflutningsdeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

Jafnvel þótt tillögum þessara manna beri eigi að öllu saman, verður þó af áliti þeirra ljóst, að þeir eru sammála um þær staðreyndir, að markaður fyrir íslenzk hross hefir að undanförnu smaþrengzt, og er nú svo komið, að hann er ekki teljandi, og að litlar líkur eru fyrir því, að eftirspurn eftir íslenzkum hrossum aukist að nokkrum verulegum mun, ef samskonar söluaðferð verður viðhöfð áfram.

Þetta er einnig álit landbúnaðarnefndar, og vill hún því beina frv. inn á þá braut, að það — ef að lögum verður — stuðli að því, að framvegis verði flutt á erlendan markað betri hross en áður og betur með farin.

Að því marki eiga breytingartillögur nefndarinnar að stefna.

Vér leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. 2. málsl. («Tvævetur hross« o. s. frv.) falli burt.
   b. Í stað »tvævetur« í 3. málsl. komi: 3 vetra.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Á timabilinu 15. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innlfóðurs ekki skemur en 1 mánuð. Þó þarf leyfi atvinnumálaráðherra til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip.
3. Við 2. gr. Á eftir 2. málsl. komi nýr málsl., þannig:
   Skoðunarmenn semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð, og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð.
4. Við 3. gr. Fyrir »(sbr. 2. gr.)« komi: (sbr. 3. gr.).
5. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, glaseygð, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.
6. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. 3. málsl. 3. gr.
7. Við 8. gr.
   a. Fyrir orðin »samkvæmt 7. gr.« komi: samkvæmt 8. gr.
   b. Fyrir »50—1000« komi: 50—3000.
   Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 18. apríl 1932.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 454. Frumvarp

til laga um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 388, með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.

17. gr. hljóðar svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fjóra daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

33. gr. hljóðar svo:

Nú rennur á í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sjálfstæð á. Þó getur ráðherra, eftir tillögu veiðimálastjóra, veitt heimild til að leggja veiðivélar út í miðja kvísl, ef ekki er lagt nema í eina.

Nd. 455. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leitað álits skilanefndar Síldareinkasölu Íslands um það, svo og upplýsinga um ýms atriði því viðvikjandi. Af þeim upplýsingum er nefndinni orðið það ljóst, að kröfum millisíldareigenda verður eigi haldið utan við bú Síldareinkasölunnar sem því ó-

viðkomandi, nema breytt sé orðalagi »bráðabirgðalaga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands«. En meiri hluti nefndarinnar er sammála um, að heppilegast sé að sneiða hjá breytingum á bráðabirgðalögunum með því að leggja til, að samþykkt verði sérstakt lagafrumvarp, líkt og það, sem hér um ræðir, til leiðréttingar á þeirri harðdrægni, er eigendur þeirrar millisíldar, er í frv. greinir, voru beittir með ákvæðum bráðabirgðalaganna, á þann veg, að andvirði einnar sendingar norðlenzkrar millisíldar, 390 tn., veiddrar að mestu eða öllu eftir 15. nóvember, og 36 tn. millisíldar frá Austfjörðum, veiddrar og seldrar á sama tíma, lenti í búi Síldareinkasölunnar, þar sem hinsvegar eigendur allrar annarar millisíldar, er á haustinu veiddist, eins þeirrar síldar, er Síldareinkasalan að öðru leyti hafði til sölumeðferðar, hafa fengið fullt verð fyrir sína síld.

Er meiri hluti nefndarinnar sammála um, að þetta þurfi að leiðrétta, en telur réttara, að það sé gert í heimildarlagaformi, og hefir samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1 (BJ) að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða úr búi Síldareinkasölu Íslands í »likvidation« ógreitt andvirði millisíldar frá síðasta hausti, að frádregnum sölukostnaði, og fella samtímis niður jafnháa upphæð af forgangskröfum (tollkröfum) ríkissjóðs í bú Síldareinkasölunnar, sem téðu andvirði nemur, svo eigi sé gengið á hlut annara skuldheimtumanna hennar.

Alþingi, 18. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form.	Guðbr. Ísberg, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 456. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   a. Þeir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum þessara laga.
   b. Orðin »og bátaútvegs« í síðari málsgr. falli niður.

2. Við 10. gr. 4. b. Orðin »bátum, veiðarfærum« falli niður.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um gjaldfrest bænda.

Nd. 457. Breytingartillögur

við frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »fullkomin loftskeytatæki« komi: eða firðtalstæki.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Bannað er að nota loftskeytatæki til þess að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.
   Landssimastjóri skal hafa eftirlit með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.
3. Við 3. gr. Í stað »dómsmálaráðuneytinu« komi: landssímastjóra.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Sérhver loftskeytastöð á landinu skal í lok hvers mánaðar senda landssímastjóra afrit af öllum þeim skeytum, er farið hafa milli hennar og íslenzkra veiðiskipa í þeim mánuði.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú verður útgerðarstjóri sannur að sök um brot gegn 3. gr., og varðar það sektum frá 1000—10000 krónum, og ábyrgist útgerð skipsins greiðslu, en auk þess skal hver sá, er sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, sæta sektum, allt að 5000 kr. fyrir 1. brot, en allt að 10000 fyrir ítrekað brot.
   Gerist skipstjóri sekur um ítrekað brot á þessum fyrirmælum, missir hann rétt til skipstjórnar fyrir fullt og allt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nú verður útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi sannur að sök um að hafa notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal hann þá sviptur rétti allt að 3 árum til loftskeytasendinga milli lands og veiðiskips, nema undir eftirliti lögreglustjóra, er ræður þá orðalagi og formi slíkra skeyta.

Nd. 458. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 418 [Fjárlög].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við XLVIII. Aftan við till. hætist: (Endurveiting).

Nd. 459. Breytingartillögur

við frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú er um að ræða embættisþjónustu fyrir héraðslækni vegna brottvistar í þarfir alþjóðar, og er þá jafnan skylt að veita slíka undanþágu, ef læknadeild háskólans telur staðgöngumanninn hæfan til starfsins.
2. Við 13. gr.
   a. Fyrir »stéttarfélags« í 1. málsgr. kemur: félagsskapar.
   b. Fyrir »stéttarfélag« í 3. málsgr. kemur: félagsskap.
3. Við 17. gr. Orðin »drykkja og matvæla« í 3. málsl. 1. málsgr. falla niður.
4. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Smáskammtalæknar, sem aðeins stunda meðalalækningar, eru undanþegnir ákvæðum þessara laga að öðru leyti en því, að svipta má þá lækningarétti sínum og refsa þeim samkv. IV. kafla laga þessara, ef þeir verða sannir að sök um verknað, er valda mundi sviptingu lækningaleyfis samkvæmt lögum þessum.

Ed. **460. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1933.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1933 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.--5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	330000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1170000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	45000	
6.	Vitagjald	400000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	375000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	100000	
			1500000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13.	Tóbakstollur	1000000	
	Flyt ...	1500000	3470000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	3470000
14. Kaffi- og sykurtollur		975000	
15. Annað aðflutningsgjald		200000	
16. Vörutollur		1300000	
17. Verðtollur		1100000	
			5075000
18. Gjald af innlendum tollvörum			150000
	Samtals ...	... ...	8695000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
I. Tekjur af rekstri ríkisstofnana ern áætlaðar:		
1. Rekstrarhagn. Símans	264900	
2. — Vínínkasölu	710000	
3. — Ríkisprentsmiðju	40000	
4. — Ríkisvélsmiðju	25000	
5. — Vífilsstaðabús	4000	
6. — Kleppsbús	3000	
7. — Tóbakseinkasölu	200000	
Samtals ...	... ...	1246900
II. Frá dregst:		
1. Rekstrarhalli Póstsjóðs	13000	
2. — Útvarps	27600	
		40600
Eftir	... ...	1206300
Sundurliðun.		
Póstsjóður.		
I. Tekjur		600000
Flyt ...	... ...	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	600000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		212000	
2. Póstflutningar		270000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður i Reykjavík, eftir reikningi	30000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	18300		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10700		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	12000		
		131000	
			613000
Fært á 3. gr. A. II. 1		... ...	13000
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	60000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	157000		
3. Loftskeytastöðin i Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsíminn í Reykjavík	380000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsímastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Hafnarfirði.	18500		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
12. Símastöðin á Siglufirði	17000		
Flyt ...	845000	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 845000	25000	1750000
13.	Til annara simastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
14.	Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl. 90100		
		1055100	
31.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
35.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
36.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
	Flyt ...	12700	86968,51	79140,45

			kr.	kr.
	Flutt ...	12700	86968,51	79140,45
38.	Til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær...	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
52.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
53.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
54.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
55.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
56.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
57.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
58.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
59.	— Benedikts Þ. Gröndals	800		
60.	— Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ...	600		
61.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar...	300		
	Flyt ...	26600	86968,51	79140,45

	kr.	kr.
Flutt ... 26600	86968,51	79140,45
62. Til Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar 400		
	27000	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000	
		117968.51
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar i I. og II. a.—i. ...		48277,24
Samtals ...	... ...	245386,20

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 150000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn.		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	111100	
2. — 3. — B.	3500	
3. — 9. —	4067	
4. — 10. —	3667	
5. — 11. —	8020	
6. — 12. —	69483	
7. — 13. —	122638	
8. — 14. —	23117	
9. — 15. —	8110	
		353702
Flyt ...	... ...	353702

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	353702
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
V.	Tekjur Menningarsjóðs		15000
VI.	Skemmtanaskattur		75000
	Samtals ...	... ...	497702
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 163943,11		
	b. Dönsk lán, d.kr. 320433,09 á 122.00 390928 37		
	c. Ensk lán, £ 6000—0—0 á 22.15 132900,00		
		687771,48	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Síminn (sjá 3. gr. A. Út I.) 58700		
	b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út) 124040		
		182740,00	
			870511,48
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)	4000.00	
	2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)	3000.00	
	3. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)	120000.00	
			127000,00
III.	Til bygginga nýrra vita		50000,00
IV.	Framlag til Landsbankans, 19. greiðsla		100000,00
V.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000,00
VI.	Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)		15000,00
VII.	Til Þjóðleikhúss (sjá 20. gr. Inn VI)		75000,00
	Samtals ...	... ...	1247511,48

2

I. Reks

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		8695000
3. gr. A.	Tekjur at rekstri ríkisstofnana	1206300	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	28600	
			1234900
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur...		550195
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals ...	... ...	10530095

II. Sj

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10530095
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	353702
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	15000
— VI.	Skemmtanaskattur	75000
	Greiðslujöfnuður...	425833
	Samtals ...	11453630

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöl

lit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
gr.	Vextir		1406187,45
gr.	Borðlé konungs		73200,00
gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		233067,00
gr.	Til ríkisstjórnarinnar		394317,00
gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	922620,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	206000,00	
			1128620,00
gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		615921,00
gr. A.	Vegamál	931948,00	
— B.	Samgöngur á sjó	417200,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	352040,00	
			1701188,00
gr. A.	Kirkjumál	363345,00	
— B.	Kennslumál	1252942,00	
			1616287,00
gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		163345,00
gr.	Til verklegra fyrirtækja		1615500,00
gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		863100,00
gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		245386,20
gr.	Óviss útgjöld		150000,00
	Rekstrarafgangur		323976,35
	Samtals ...	... ...	10530095,00

it.

		kr.
	Út:	
—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10206118,65
	Aðrar útborganir:	
). gr. I.	Afborganir lána	870511,48
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	127000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	50000,00
— IV.	Framlag til Landsbankans	100000,00
— V.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— VI.	Til menningarsjóðs ... ... Þar af kr. 3000 til menntamálaráðs.	15000,00
— VII.	Til þjóðleikhúss	75000,00
	Samtals ...	11453630,13

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands isl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1932, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

II. Að greiða af fé því, sem inn kemur vegna alþingishátíðarinnar, til Jóns Guðmundssonar, eiganda gistihússins Valhallar á Þingvelli, 5000 kr. upp í halla þann, er hann hefir orðið fyrir af byggingu vegna alþingishátíðarinnar.

III. Að semja við Jóhannes Jósefsson hóteleiganda um greiðslu á skuld hans við ríkissjóð, að upphæð kr. 40850,10, þannig, að hann greiði skuld þessa með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, ásamt 6% vöxtum, og fari greiðsla afborgana og vaxta fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1. júlí 1932.

IV. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. krónum, enda séu þau fiskiskip, er smíðuð kunna að verða samkvæmt þessari heimild, smíðuð hér á landi. Lánin skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ennfremur skal ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting heimildar).

V. Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, til stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 24 þús. kr. lán, er endurgreiðist á ekki skemmri tíma en 15 árum.

VI. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn ábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í skipinu. (Endurveiting).

VII. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Flóaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum við ríkissjóð vegna áveitunnar og mjólkurbús Flóamanna. Skal ríkisstjórnin, að fengnu áliti þeirrar nefndar, leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um lausn þessara mála.

VIII. Að láta niður falla áskilið framlag á móti ríkissjóðstillagi til Kjósarvegar árin 1930 og 1931.

IX. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að $^1/_4$ kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

X. Að fela stjórn Búnaðarbankans að selja hin dönsku ríkisskuldabréf, sem viðlagasjóður á og eru nú að tryggingu fyrir veðdeild Landsbankans, enda greiðist skuld viðlagasjóðs við ríkissjóð af andvirði hinna seldu bréfa. Verði heimild þessi notuð, gefur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs út tryggingarbréf fyrir jafnhárri fjárhæð og fengizt hefir fyrir hin dönsku ríkisskuldabréf og leggur það að tryggingu handa viðkomandi veðdeildarflokkum, enda er viðlagasjóður í bakábyrgð gagnvart ríkissjóði. Þegar viðskiptum þessara veðdeildarflokka er lokið, skal tryggingarbréfið afhent fjármálaráðherra til ónýtingar.

XI. Að taka á leigu á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á innlendum kartöflum, sem ætlaðar eru til sölu hér á landi, og lána hann aftur íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenzkar kartöflur, gegn hæfilegum leigumála, er stjórnin ákveður.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1933, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu regln og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1932 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 461. Breytingartillaga

við frv. til l. um geldingu hesta og nauta.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 4. gr. Í stað »1933« komi: 1935.

Ed. 462. Frumvarp

til laga um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búnaðarfélagi Íslands kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíðarhreppi innan Rangárvallasýslu fyrir fjögur þúsund krónur, frá fardögum 1932 að telja.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðuneytisins og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Búnaðarfélag Íslands hefir um nokkur ár rekið tilraunastöð á Mið-Sámsstöðum og lagt þar mikið í kostnað. Þykir því sjálfsagt að verða við tilmælum félagsins um að fá jörðina til eignar. Til skýringar er eftirfarandi bréfkafli frá félaginu:

„Aðalverkefni tilraunastöðvarinnar skyldi vera grasfræræktaf af innlendum stofni, og auk þess kornræktartilraunir, og þær hafa fram að þessu verið aðalviðfangsefni stöðvarinnar, meðan verið er að undirbúa landið til grasfræræktar, og hafa borið góðan árangur.

Tún jarðarinnar var ekki — og gat ekki verið — fallið til þeirrar tilraunastarfsemi, sem framundan var. Varð því að taka nýtt land til ræktunar, og eru það um 10 ha., sem nú er búið að brjóta og taka í þjónustu tilraunastarfseminnar.

Bæjarhús voru hrörleg og voru þau endurbætt til stórra muna 1927, en þó ekki svo, að til frambúðar geti verið. Nokkuð hefir verið slétlað í túninu, nýræktarlandið þurrkað með framræslu, meiri hluti landsins umgirtur, auk inngirðinga, og hlöður byggðar yfir uppskeruna. Verður yfirlit um þessar framkvæmdir þannig:

A. Jarðabætur:

1. Opnir skurðir fullgerðir 1450 m. = 2175 m³, er gerir	272	dagsv.
2. Lokræsi 550 m.	31	—
3. Netgirðingar 4200 m.	1050	—
4. Nýrækt 10 ha.	2500	—
5. Þúfnasléttun 1⅙ ha.	233	—
Alls	4086	dagsv.

B. Húsabyggingar:

1. Stofuhús 12 x 6½ al., og		
2. Eldhús 7x2½ al.	kr.	2500.00
3. Kornhlaða 12x7,5, veggh æð 3,5 m. krossreist, og		
4. Kornhlaða 12x20, veggh æð 4,2 krossreist	—	18500.00
Samtals kr.		21000.00

Jarðabæturnar eru hér lagðar í dagsverk eftir gildandi reglum, og húsin talin á því verði, sem þau eru metin af virðingarmönnum Búnaðarbankans. En kostnaðarverð þeirra er um kr. 28000,00.

Og sé jarðabótadagsverk 6 krónur, eins og Búnaðarbankinn gerir þegar hann veitir lán úr Ræktunarsjóði til jarðabóta, þá hafa þær kostað 24516,00.

Eru það því alls kr. 52516,00, sem félagið hefir kostað til jarðabóta og bygginga á jörðinni, síðan það fékk hana til ábúðar.

Vegna þessara framkvæmda tók félagið 15000 kr. ræktunarsjóðslán 19. des. 1930, gegn afgjaldskvöð, að þar til fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. En styrk samkv. jarðræktarlögunum fyrir unnar jarðabætur hefir félagið engan fengið, en hann nemur 1 kr. á dagsverkið.

Sjálf er jörðin, eftir núgildandi fasteignamati, virt á kr. 2800,00 og hús á jörðinni kr. 1100,00. En jarðarhús þau, er félagið tók við, voru virt aðeins kr. 200.00. Hitt eru leiguliðahús, sem félagið hefir keypt. Er því eign kirkjunnar í jörðinni eftir þessu aðeins krónur 3000,00, enda er landstærðin alls, tún, engi og beitiland, aðeins 100 ha., eða sem næst því. Auk þess fylgja jörðinni 2 kýr og 1½ ásauðarkúgildi, sem eftir reglum um framtal til skatts gerir 2 x 200,00 plús 9 x 20,00, eða alls kr. 580,00.

Af framansögðu er ljóst, að það verðmæti, sem nú er bundið í og við jörðina, er að langmestu leyti til orðið fyrir starfsemi Búnaðarfélagsins, og þess eign. Þó eru þær framkvæmdir, sem að framan eru taldar, aðeins byrjun á þeim framkvæmdum, sem félagið vill og þarf að gera þarna í framtíðinni, og hugmyndin er að taka til ræktunar svo fljótt sem ástæður leyfa allt land jarðarinnar fyrir neðan tún, en það er um 33 ha., og það er mjög aðkallandi að byggja þegar á næstu árum við þjóðveginn íbúðarhús, sem samsvarar og fullnægir tilraunastarfseminni í bráð og lengd. Smækkar þá hlutur kirkjujarðasjóðs í jarðeigninni hlutfallslega meira og meira, eftir því sem fyrirhuguðum framkvæmdum félagsins miðar áfram, og verður hverfandi lítill.

Af þessum ástæðum og m. a. til þess að félagið geti veðsett jörðina fyrir byggingarláni, sem það þarf að fá, telur það sér nauðsynlegt að fá jörðina til fullrar eignar. Þess vegna var á síðasta Búnaðarþingi samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi ályktun:

„Að fela stjórn félagsins að fara þess á leit við þing og stjórn, að Búnaðarfélag Íslands fái kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíð til fullrar eignar og óskertra afnota fyrir tilraunastöð þá, er félagið rekur þar nú“.“

Ed. 463. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 13, 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 65. gr. fátækralaganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ríkissjóður að greiða sveitarstyrk erlendis með þurfamanni,

sem á framfærslusveit hér á landi, eða kostnað við flutning hans og fjölskyldu hans frá útlöndum, og á hann þá rétt til endurgjalds hjá framfærslusveit þurfalingsins á þeirri upphæð, er hann hefir þannig lagt fram. Á þetta jafnt við um þá þurfalinga, sem fengið hafa slíkan styrk hjá fátækrastjórn á þeim stað erlendis, þar sem þeir voru staddir er styrkurinn var veittur, sem um þá menn, sem fengið hafa styrk hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í fjárlögum til styrktar nauðstöddum Íslendingum erlendis, en sá styrkur telst sveitarstyrkur, ef hann er eigi endurgreiddur af styrkþega innan mánaðar frá veitingu hans.

Sama gildir, ef slíkur framfærslustyrkur eða flutningskostnaður er greiddur á annan hátt úr ríkissjóði.

2. gr.

66. gr. orðist þannig:

Oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórna ber fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert að senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um fátækraframfæri í hreppum eða kaupstöðum fyrir umliðið ár í því formi, sem ráðuneytið ákveður. Ennfremur ber þeim samtímis að senda ráðuneytinu nákvæma tölu íbúa hreppsins eða kaupstaðarins í árslok eða á þeim tíma, sem manntal var síðast tekið á árinu af presti eða öðrum hlutaðeigandi embættismanni. Ber þeim að útvega skýrslu hlutaðeigandi embættismanns og láta hana fylgja.

Sýslumenn skulu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá, og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt bar að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

3. gr.

67. gr. orðist þannig:

Samkvæmt skýrslum þeim, sem getur um í greininni næst hér á undan, skal ráðuneytið finna, hversu mikil fátækraútgjöld hafa síðastliðið ár komið að meðaltali á hvern mann á landinu, á hvert hundrað króna skattskyldra tekna, á hvert hundrað króna skuldlausra eigna og á hvert fasteignamatshundrað.

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að ⅓ hluta við mannfjölda, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og að ⅙ við fasteignamat, og greiðast þá ⅔ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði.

Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 krónur.

4. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fúlgu vegna sveitarstyrks, sem þurfalingi þess hefir verið veittur af hinu síðartalda fyrr en á ár-

inu 1932, og skal þá ráðuneytið rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr ríkissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekara en það, sem vanta kann á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Kostnað þann, sem áfallinn er samkvæmt 66. og 67. gr. fátækralaganna, ber að greiða úr ríkissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag ríkissjóðs samkvæmt 3. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins og er flutt óbreytt eins og það kom frá því, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðasta Alþingi var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframfærslunni kemur misjafnlega niður".

Tilgangurinn með þingsályktun þessari virðist ekki vera sá, að gerðar séu gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni með tilliti til sveitfesti eða sveitfestitíma, heldur aðeins að greitt sé úr fjárhagsvandræðum þeirra hreppa, sem harðast verða úti vegna þess hve sveitarþyngslin eru misjafnlega mikil. Fyrir tveim síðustu þingum hefir legið frumvarp, sem fer fram á, að allt landið verði gert að einu framfærsluhéraði, þannig að hver maður fái styrk í sinni dvalarsveit, en samanlögðum fátækraútgjöldum allra sveitarfélaga verði eftir á jafnað niður á öll sveitarfélög, svo sveitarþyngslin komi jafnt niður á þau öll. En þetta frumvarp hefir í hvorugt skiptið komizt lengra en til 1. umræðu og sofnað í nefnd í bæði skiptin. Svo gagngerðar breytingar á fátækralögunum virðast því ekki hafa fylgi þingsins. Það mundi heldur varla verða æskilegt að koma á svo fullkomnum jöfnuði á sveitarþyngslum allra sveitarfélaga í landinu sem frumvarpið fer fram á, því að við það mundi hverfa sú hvöt, sem sveitarfélögin hafa til þess að halda fátækraútgjöldunum í skefjum, hvert innan sinna vébanda, en útgjöld þessi eru orðin svo mikil í heild sinni, að nauðsyn er til þess, að öll sveitarfélög gæti fyllstu varkárni og hagsýni í þeim efnum. Hinsvegar mætti jafna sveitarþyngslin að mjög miklu leyti með því að ákveða, að hvert sveitarfélag skyldi sjálft bera aðeins nokkurn hluta af fátækraútgjöldum sínum, t. d. ⅓, en hinum ⅔ yrði jafnað niður á öll sveitarfélög á landinu, þannig

að þau sveitarfélög, sem væru fyrir neðan meðaltal, greiddu í viðbót, sem rynni til þeirra, sem væru fyrir ofan meðaltalið. Sá hlutinn, sem sveitarfélögin aldrei fengju endurgoldinn, ætti að vera nægileg hvöt fyrir þau til þess að gæta fullrar hagsýni í styrkveitingum. En þar sem þessi niðurjöfnun ásamt innheimtu gjalda frá fjölda sveitarfélaga mundi kosta mjög mikið starf, þykir þó viðurhlutamikið að bæta því ofan á öll þau skuldaskipti, sem nú eiga sér stað milli sveitarfélaganna út af veittum sveitarstyrk, því að það yrði til þess að gera fátækralöggjöfina enn þá margbrotnari heldur en hún er. Öðru máli væri að gegna, ef jafnframt yrði horfið að því ráði, að hver maður skyldi eiga framfærslu í dvalarsveit sinni, því að þar með hyrfu úr sögunni allir hinir erfiðu og kostnaðarsömu millireikningar milli sveitarfélaganna, auk þess sem það kæmi í veg fyrir alla sveitarflutninga og mundi að líkindum leiða til meiri hagsýni um styrkveitingar, þar sem sveitarfélagið sjálft yrði að bera allverulegan hluta af öllum sveitarstyrk, sem það veitir, og hefir því ekki tilefni til að sýna óhæfilega rausn á kostnað annara sveitarfélaga. En þar sem vafasamt þykir, að þingið vilji gera svo gagngerða breytingu á fátækralögunum að svo stöddu, þá hefir ekki þótt tiltækilegt að stinga upp á sliku. Hinsvegar væri lítil eða engin bót ráðin á ójöfnuði sveitarþyngslanna, þótt horfið væri að því ráði, að hver maður skyldi eiga framfærslu í dvalarsveit sinni, ef ekki væru jafnframt gerðar ákvarðanir um, að miklum hluta af fátækragjöldunum yrði jafnað niður á öll sveitarfélög eftir sanngjörnum hlutföllum.

En það er til leið, sem fara má til þess að bæta úr fjárhagsvandræðum þeirra hreppa, sem mest sveitarþyngsli hafa, leið, sem ætla má, að þingið muni vilja fallast á nú, þar sem hún ekki útheimtir neina gagngerða breytingu á fátækralögunum, en stendur þó ekki að neinu leyti í vegi fyrir því, að gagngerðari breytingar verði gerðar á fátækralögunum síðar. Með því að velja þá leið er leitast við að fullnægja þingsályktuninni án þess að stinga upp á öðrum breytingum, sem þó kynnu að teljast æskilegar.

Í 66. gr. fátækralaganna er svo ákveðið, að ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 100 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Ennfremur er í 67. gr. sömu laga tilsvarandi ákvæði um allan sveitarstyrk, sem veittur er erlendis mönnum, sem framfærslusveit eiga hér á landi, og auk þess er þar ákveðið, að ríkissjóður beri allan kostnað við flutning þurfamanna og skylduliðs þeirra frá útlöndum. Þessi ríkissjóðsstyrkur veitist algerlega án tillits til þess, hvort sveitarfélagið, sem í hlut á, hefir mikil eða lítil sveitarþyngsli, og verður því í ýmsum tilfellum til þess að auka ójöfnuð þann, sem á sér stað að því leyti meðal sveitarfélaganna, þegar sveitarfélög, sem hafa lítil eða engin sveitarþyngsli að öðru leyti, verða þessa ríkissjóðsstyrks aðnjótandi. Þessi styrkur hefir á síðustu árum numið rúmlega 80 þúsund krónum, og það má líklega gera ráð fyrir, að hann fari heldur vaxandi. Með því að breyta þessum styrk þannig, að hann sé ekki bundinn við sjúkrahúsvist eða þær ástæður, sem um er fjallað í 67. gr., heldur að hann renni til þeirra sveitarfélaga, sem hafa mest

sveitarþyngsli, og í hlutfalli við sveitarþyngsli þeirra, má bæta töluvert úr fjárhagsörðugleikum þeirra sveitarfélaga, sem mesta hafa þörfina á hjálp vegna sveitarþyngsla, án þess að ríkissjóði séu bundnir með því neinir nýir baggar, og fyrir því er stungið upp á slíkri breytingu í frumvarpi því, sem hér birtist.

Þau sveitarfélög, sem nú njóta sjúkrastyrks eða styrks samkvæmt 67. gr. fátækralaganna úr ríkissjóði, verða samkvæmt því sjálf að bera þann kostnað, nema sveitarþyngsli þeirra verði við það verulega meiri en gerist í öðrum sveitum, því að þá geta þau orðið aðnjótandi ríkissjóðsstyrksins, og þeim mun hærri styrks, sem fátækraútgjöld þeirra fara meira fram úr því, sem almennt gerist. Hlýtur öllum að liggja í augum uppi, hve sanngjörn sú breyting er.

Það getur orðið nokkurt álitamál, við hvað miða beri sveitarþyngslin, þegar ákveða skal, hvar þau séu mest, og hvaða sveitarfélögum því beri styrkur úr ríkissjóði. Virðist sjálfsagt að nota til þess fleiri en einn mælikvarða, því að með því móti geta þeir nokkuð bætt hver annan upp og minna borið á ófullkomleika hvers einstaks mælikvarða.

Í meðfylgjandi skýrslu er yfirlit yfir fátækraútgjöld allra sveitarfélaga á landinu árið 1930, ennfremur um mannfjölda þeirra í árslok sama ár, skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir samkvæmt skattskrá 1930 og fasteignamat, sem fasteignaskattur var greiddur af sama ár. Ennfremur er sýnt, hve fátækraútgjöldin eru mikil í hverjum hreppi og kaupstað, miðað við mannfjölda, 100 kr. skattskyldar tekjur, 100 kr. skuldlausa eign og fasteignamatshundrað. Sýnir skýrslan því með mismunandi mælikvörðum, hve misjafnlega sveitarþyngslin koma niður á sveitarfélögin. Að vísu er hér einungis um eitt ár að ræða, og upphæð fátækraútgjaldanna getur í einstökum hreppum breytzt nokkuð frá ári til árs, einkum vegna endurgreiðslna til eða frá öðrum hreppum. En það mun þó vera hrein undantekning, ef fátækraútgjöld einhvers hrepps eru mjög há eitt ár, en mjög lág næsta ár. Sýnir skýrslan ljóslega, að mikill munur er á sveitarþyngslunum í hinum einstöku hreppum og kaupstöðum, en niðurstaðan verður nokkuð misjöfn, eftir því við hvað er miðað. Þó fylgjast allir mælikvarðarnir nokkurn veginn að, svo að það er fremur sjaldgæft, að fyrir sama sveitarfélag séu sum meðaltölin mjög há, en önnur mjög lág.

Sömu mælikvarðarnir, sem notaðir eru í skýrslunni, hafa verið teknir upp í frumvarpið, þannig að mannfjöldi, tekjur og eign eru látin ráða sínum þriðjungnum hvert, þó þannig, að eignin er að hálfu miðuð við skuldlausar eignir samkvæmt skattskrá, en að hálfu við fasteignamat. Aðrir mælikvarðar hefðu líka ef til vill verið fullt eins nothæfir og þessir, svo sem tala verkfærra karlmanna í stað mannfjölda, þar sem hún sýnir öllu betur útsvarsmöguleika sveitarinnar, og ennfremur allar tekjur og eignir hreppsbúa í stað skattskyldra tekna og eigna, því að sú skattskylda er miðuð við ríkisskatt, en sveitirnar geta einnig lagt útsvör á aðrar tekjur og eignir. Þessir mælikvarðar hafa þó ekki verið notaðir í skýrslunni, vegna þess að þær tölur eru ekki fáanlegar nú, nema úr sveitunum, og um seinni tölurnar (tekjur og eignir) er óvíst, hvort þær eru fáanlegar úr öllum sýslum, en í kaupstöðunum liggja þessar tölur ekki fyrir og það kostar töluverða fyrirhöfn að fá þær upp (rannsókn á framtölum þeirra manna, sem ekki ná skatti, eða áætlanir um tekjur þeirra og eignir). En ger-

legt væri að fá þær upp, ef slíkt þætti æskilegra. Hinsvegar virðist tala gjaldenda sveitarútsvars ekki vera heppilegur mælikvarði, því að sveitarstjórn hefir á valdi sínu að stækka eða minnka hann töluvert eftir vild, eftir því hvort teknir eru með margir smágjaldendur eða þeim sleppt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ef fátækraútgjöld sveitarfélags fer meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að ½ hluta við mannfjölda, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir skattgreiðenda og ⅙ hluta við fasteignamat, þá greiðast ⅔ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði. Fyrir árið 1930 mundi sú upphæð, sem samkvæmt frumvarpinu hefði átt að greiða úr ríkissjóði, hafa numið svipaðri upphæð eins og greidd var sveitarfélögunum í sjúkrastyrk og samkvæmt 67. gr. fátækralaganna, svo að fyrir ríkissjóðinn hefði útkoman verið lík, en fyrir sveitarfélögin hefði munurinn verið sá, að einungis þau sveitarfélög, sem tiltölulega mest sveitarþyngsli höfðu, hefðu fengið ríkissjóðsstyrk, og þau mestan þar, sem sveitarþyngslin voru mest. Hefðu yfir 60 sveitarfélög, er mest sveitarþyngsli höfðu, fengið ríkissjóðsstyrk samkvæmt reglum frumvarpsins allverulegan, allt upp í 8500 kr. (Neskaupstaður) og 6700 kr. (Gerðahreppur), en önnur minni og sum mjög lítinn. Ef styrksupphæðin samkvæmt reglunum yrði minni en 100 kr., virðist hún að skaðlausu mega falla niður.

Við það að miða styrkupphæðina við meðalsveitarþyngsli á hverjum tíma, en ekki við fasta upphæð (miðað við mannfjölda o. s. frv.), vinnst það, að styrkupphæðin fer ekki upp úr öllu valdi við það, að fátækraútgjöldin vaxa yfirleitt (svo sem vegna breytinga á peningagildinu), né heldur lækkar stórlega við breytingu í hina áttina. En auðvitað getur styrksupphæðin breytzt nokkuð frá ári til árs. Minnst verður hún þegar flestir hreppar eru nálægt meðaltalinu eða þegar sveitarþyngslin eru jöfnust, en meiri þegar margir hreppar fara langt fram úr meðaltalinu eða þegar sveitarþyngslin eru mjög ójöfn. En þá er líka styrkþörfin meiri heldur en þegar sveitarþyngslin eru jafnari.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Það virðist engin sérstök ástæða til, að ríkissjóður greiði endanlega kostnað þann, sem um ræðir í 67. gr. fátækralaganna, fremur en annan kostnað við þurfamannaframfærslu, enda kemur það ekki verr niður á sveitarfélögum hér, þó þau þurfi að endurgreiða slíkan styrk en annan þurfamannastyrk, ef hann nemur ekki svo miklu, að fátækraútgjöld hreppsins í heild verði við það hærri en góðu hófi gegnir. Þykir því rétt að fella burt þessa skyldu ríkissjóðs til að greiða endanlega kostnað þann, sem hér ræðir um.

Það hefir kveðið talsvert að því á undanförnum árum, að sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hafi veitt mönnum, sem voru félausir erlendis, styrk nokkurn til dvalar þar og heimfarar. Sömuleiðis hafa danskir konsúlar í ýmsum löndum stundum veitt íslenzkum mönnum, sem verið hafa í nauðum staddir, styrk til dvalar og heimferðar. Þessir styrkir hafa ekki verið veittir í því formi,

sem gert er ráð fyrir í fátækralögunum að hafa skuli á um veiting sveitarstyrks, og hefir því verið erfitt um innheimtu á slíkum styrksupphæðum hjá framfærslusveit styrkþega, ef hann hefir ekki endurborgað styrkinn sjálfur. Menn þeir, sem slíka styrki fá, eru oft ýmsir slæpingar og ferðalangar, sem eigi er ástæða til að sleppi við það, að styrkurinn sé skoðaður sem sveitarstyrkur, og þykir því rétt að setja ákvæði um það, að slíkan styrk skuli jafnan telja sveitarstyrk, ef styrkþegi endurgreiðir hann ekki innan eins mánaðar frá veitingu hans.

Um 2. gr.

Það veldur að sjálfsögðu hlutaðeigandi embættis- og sýslumönnum nokkurri fyrirhöfn að útvega skýrslur þær, sem um ræðir í greininni, en hjá því verður ekki komizt til þess að séð verði, hver er fátækraframfærslukostnaður í hinum ýmsu sveitum landsins.

Um 3. gr.

Um þessa grein er nægilega rætt í athugasemdunum hér að framan. VI. kafli fátækralaganna, eins og hann er nú, er með frumvarpi þessu felldur niður, en í hans stað kæmi sá sérstaki styrkur úr ríkissjóði, sem hér ræðir um, til handa þeim sveitarfélögum, sem verða harðast úti vegna mikils fátækrakostnaðar, miðað við mannfjölda og gjaldþol.

Um 4. gr.

Ýms sveitarfélög hafa eigi getað endurgreitt sveitarstyrk, sem veittur hefir verið þurfalingum þeirra af öðrum sveitarfélögum á undanförnum árum, og hafa safnazt saman sumsstaðar stórar fúlgur, sem sum sveitarfélög skulda öðrum, jafnvel svo stórar, að engar líkur eru til, að greiddar verði. Þykir því nauðsyn á því, að slík sveitarfélög fái styrk úr ríkissjóði til þess að komast á réttan kjöl, og virðist ekki annað fært en að fela atvinnumálaráðuneytinu að kveða á um það, að hversu miklu leyti ríkissjóður skuli hlaupa undir bagga með þeim.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að lögin séu látin ganga þegar í gildi, þannig að burt falli frá staðfestingu þeirra skylda ríkissjóðs til að greiða endanlega sjúkrakostnað þurfalinga og annan kostnað samkvæmt 66. og 67. gr. fátækralaganna. Það er vafalaust, að sá kostnaður, sem samkvæmt núgildandi ákvæðum þannig verður greiddur fyrir fyrri hluta ársins 1932, nemur mikilli upphæð, og að þess vegna kostnaður sá, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, að honum meðtöldum, verður mun hærri en síðar ætti að verða“.

Fylgiskjal.

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930.

	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eign-arhdr.
I. Kaupstaðir									
Reykjavík	472035	28052	27045650	52048200	575496	16,83	1,75	0,91	0,82
Hafnarfjörður	63567	3552	2074750	4328300	60746	17,90	3,06	1,47	1,05
Ísafjörður	47524	2411	1241250	1710900	41934	19,71	3,83	2,78	1,13
Siglufjörður	23813	2021	951100	1295900	48833	11,78	2,50	1,83	0,49
Akureyri	43439	3966	2735100	7359200	65524	10,95	1,59	0,59	0,66
Seyðisfjörður	18208	914	389100	690000	20579	19,92	4,68	2,64	0,82
Nes í Norðfirði	28650	1126	408250	1874100	11507	25,44	7,02	1,53	2,49
Vestmannaeyjar	45830	3380	997250	4372700	72024	13,56	4,60	1,05	0,64
Samtals	743066	45422	35842450	73679300	896643	16,36	2,07	1,01	0,83
II. Hreppar									
Gullbringusýsla									
Grindavíkur	5137	510	90000	349900	4120	10,07	5,71	1,47	1,25
Hafna	1898	150	33050	172000	953	12,65	5,74	1,10	1,99
Miðnes	5596	499	146600	264800	6771	11,21	3,82	2,11	0,83
Gerða	13553	402	57800	119800	3838	33,71	23,45	11,31	3,53
Keflavíkur	16560	978	391900	670200	14021	16,93	4,23	2,47	1,18
Vatnsleysustrandar	5046	294	34950	132600	2792	17,16	14,44	3,81	1,81
Garða	7512	213	85200	187100	3157	35,27	8,82	4,01	2,38
Bessastaða	4491	153	35050	243300	2741	29,35	12,82	1,85	1,64
Samtals	59793	3199	874550	2139700	38393	18,69	6,84	2,79	1,56
Kjósarsýsla									
Seltjarnarnes	15233	985	572550	1850500	20798	15,46	2,66	0,82	0,73
Mosfells	4128	343	192500	197900	10922	12,03	2,14	2,09	0,38
Kjalarnes	1441	227	62750	337700	5121	6,35	2,30	0,43	0,28
Kjósar	2744	316	66700	478100	4355	8,68	4,11	0,57	0,63
Samtals	23546	1871	894500	2864200	41196	12,58	2,63	0,82	0,57
Borgarfjarðarsýsla									
Strandar	2680	178	19600	118400	1600	15,06	13,67	2,26	1,67
Skilmanna	»	98	13100	50600	923	»	»	»	»
Innri-Akranes	2733	168	18050	71300	1061	16,27	15,14	3,83	2,58
Ytri-Akranes	19208	1262	588750	1055700	18137	15,22	3,26	1,82	1,06
Leirár- og Mela	1762	161	12350	107100	1552	10,94	14,27	1,65	1,14
Andakíls	1679	182	67700	365200	3473	9,22	2,48	0,46	0,48
Skorradals	2376	130	22750	114700	1060	18,28	10,44	2,07	2,24
Lundarreykjadals	1007	126	11650	110700	1154	7,99	8,64	0,91	0,87
Reykholtsdals	540	192	53600	374800	1731	2,81	1,01	0,14	0,31
Hálsa	200	103	17800	186200	912	1,94	1,12	0,11	0,22
Samtals	32185	2600	825350	2554700	31603	12,38	3,90	1,26	1,02

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eignarhdr.
Mýrasýsla									
Hvítársíðu	2518	131	15900	200100	854	19,22	15,84	1,26	2,95
Þverárhlíðar	930	125	17700	172700	640	7,44	5,25	0,54	1,45
Norðurárdals	1139	142	23600	82400	727	8,02	4,83	1,38	1,57
Stafholtstungna	1611	260	47700	331200	1905	6,20	3,38	0,49	0,85
Borgar	1356	264	40700	244500	2308	5,14	3,33	0,55	0,59
Borgarnes	36	432	131900	277700	7573	0,08	0,03	0,01	0,00
Álftanes	1816	199	34150	264700	1565	9,13	5,32	0,69	1,16
Hraun	2448	256	49450	221000	1823	9,56	4,95	1,11	1,34
Samtals	11854	1809	361100	1794300	17395	6,55	3,28	0,66	0,68
Snæfellsnessýsla									
Kolbeinsstaða	1364	226	25200	100700	1037	6,04	5,41	1,35	1,32
Eyja	755	105	20450	71400	733	7,19	3,69	1,06	1,03
Miklaholts	3150	172	38800	120200	906	18,31	8,12	3,14	3,48
Staðarsveit	1215	232	30500	103400	1365	5,23	3,98	1,18	0,89
Breiðavíkur	804	247	12800	55600	856	3,26	6,28	1,45	0,94
Nes utan Ennis	4768	616	50250	90000	3737	7,74	9,49	5,30	1,28
Ólafsvíkur	4726	439	36200	78400	2343	10,77	13,06	6,03	2,02
Fróðár	500	149	4150	29100	612	3,36	12,05	1,72	0,82
Eyrarsveit	3700	410	22950	78100	1819	9,02	16,12	4,74	2,03
Stykkishólms	8680	600	147200	269400	6299	14,47	5,90	3,22	1,38
Helgafellssveit	4707	204	13600	39000	1222	23,07	34,61	1,21	3,85
Skógastrandar	700	182	14150	99100	1515	3,85	4,95	0,71	0,46
Samtals	35069	3582	416250	1134400	22444	9,79	6,42	3,09	1,56
Dalasýsla									
Hörðudals	227	139	25350	183200	977	1,63	0,90	0,12	0,23
Miðdala	2600	238	19350	103800	1555	10,92	13,44	2,50	1,67
Haukadals	235	169	14250	95700	723	1,39	1,65	0,25	0,33
Laxárdals	4016	271	53650	160800	2172	14,82	7,49	2,50	1,85
Hvamms	»	158	40050	224500	1065	»	»	»	»
Fellsstrandar	563	159	18550	52400	1204	3,54	3,04	1,07	0,47
Klofnings	163	109	11950	44900	959	1,49	1,36	0,36	0,17
Skarðs	1121	145	10500	86400	1355	7,73	10,68	1,30	0,83
Saurbæjar	2593	257	20100	62600	1658	10,09	12,90	4,14	1,56
Samtals	11518	1645	213750	1014300	11668	7,00	5,39	1,03	0,99
A.-Barðastrandarsýsla									
Geiradals	420	93	16550	88300	546	4,52	2,54	0,48	0,77
Reykhóla	1006	263	42450	125400	1522	3,83	2,37	0,80	0,66
Gufudals	2110	151	5400	17800	604	13,97	39.08	11,85	3,49
Múla	371	129	13350	51500	673	2,88	2,78	0,72	0,55
Flateyjar	4037	313	42550	205100	2961	12,90	9,49	1,97	1,36
Samtals	7944	949	120300	488100	6306	8,37	6,60	1,63	1,26
V.-Barðastrandarsýsla									
Barðastrandar	1929	346	17250	113200	1171	5,58	11,18	1,70	1,65
Rauðasands	3611	334	45700	95600	2290	10,81	7,90	3,78	1,58
Patreks	4754	606	220600	273500	5706	7,84	2,16	1,74	0,83

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eign-arhdr.
V.-Barðastrandarsýsla (frh.)									
Tálknafjarðar	1990	293	43800	25500	1044	6,79	4,54	7,80	1,91
Dala	352	207	22300	91100	989	1,70	1,58	0,39	0,36
Suðurfjarða	5117	457	107000	187900	3120	11,20	4,78	2,72	1,64
Samtals	17753	2243	456650	786800	14320	7,91	3,89	2,26	1,24
Vestur-Ísafjarðarsýsla									
Auðkúlu	1489	204	16800	59500	1103	7,30	8,86	2,50	1,35
Þingeyrar	2943	725	136200	198800	5021	4,06	2,16	1,48	0,59
Mýra	480	335	53800	97900	1693	1,43	0,89	0,49	0,28
Mosvalla	1047	262	27800	26400	1703	4,00	3,77	3,97	0,61
Flateyrar	2089	397	150300	85300	6657	5,26	1,39	2,45	0,31
Suðureyrar	2344	444	131900	86500	2960	5,28	1,78	2,71	0,79
Samtals	10392	2367	516800	554400	19137	4,39	2,01	1,87	0,54
Norður-Ísafjarðarsýsla									
Hóls	5246	814	254200	233400	6657	6,46	2,06	2,25	0,79
Eyrar	5654	553	153450	140300	5316	10,22	3,68	4,03	1,06
Súðavíkur	5590	467	99650	96000	3727	11,97	5,61	5,82	1,50
Øgur	1426	244	63200	318800	1756	5,84	2,26	0,45	0,81
Reykjarfjarðar	731	156	27950	121400	1450	4,69	2,62	0,60	0,50
Nauteyrar	352	184	38900	202100	2330	1,91	0,90	0,17	0,15
Snæfjalla	1881	147	10900	87200	1270	12,80	17,26	2,16	1,48
Grunnavíkur	2234	254	12600	57900	1285	8,80	17,73	3,86	1,74
Sléttu	700	486	56550	222000	4936	1,44	1,24	0,32	0,14
Samtals	23814	3305	717400	1479100	28727	7,21	3,32	1,61	0,83
Strandasýsla									
Árnes	747	443	34700	126400	1981	1,69	2,15	0,59	0,38
Kaldrananes	3148	383	28150	106200	1240	8,22	11,18	2,96	2,54
Hrófbergs	823	353	75250	335700	956	2,33	1,09	0,25	0,86
Kirkjubóls	1137	169	15550	81300	858	6,73	7,31	1,40	1,33
Fells	390	100	13400	68100	856	3,90	2,91	0,57	0,46
Óspakseyrar	434	99	10800	92600	423	4,38	4,02	0,47	1,03
Bæjar	3673	311	78350	159500	1512	11,81	4,69	2,30	2,43
Samtals	10352	1858	256200	969800	7826	5,57	4,04	1,07	1,32
Vestur-Húnavatnssýsla									
Staðar	750	160	34050	60700	981	4,69	2,20	1,24	0,76
Fremri-Torfustaða	1294	221	29900	210300	1493	5,86	4,33	0,62	0,87
Ytri-Torfustaða	952	256	69700	230400	1617	3,72	1,37	0,41	0,59
Kirkjuhvamms	3577	495	134300	483600	2962	7,23	2,66	0,74	1,21
Þverár	1645	287	54800	393900	1932	5,73	3,00	0,42	0,85
Þorkelshóls	1330	261	67550	250300	1477	5,10	1,97	0,53	0,90
Samtals	9548	1680	390300	1629200	10462	5,68	2,45	0,59	0,91

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eign-arhdr.
Austur-Húnavatnss.									
Ás	627	236	65150	368500	1949	2,66	0,96	0,17	0,32
Sveinsstaða	5012	161	49100	219200	1587	31,13	10,21	2,29	3,16
Torfalækjar	1993	179	41800	270300	1362	11,13	4,77	0,74	1,46
Blönduós	3669	276	46200	108000	2100	13,29	7,94	3,40	1,75
Svínavatns	500	228	64400	354200	1707	2,19	0,78	0,14	0,29
Bólstaðarhlíðar	1152	252	64750	355200	2003	4,57	1,78	0 32	0,58
Engihlíðar	160	289	65950	409700	2326	0,55	0,24	0,04	0,07
Vindhælis	5048	685	147100	396200	3493	7,37	3,43	1,27	1,45
Samtals	18161	2306	544450	2481300	16527	7,88	3,34	0,73	1,10
Skagafjarðarsýsla									
Skefilsstaða	842	174	38350	233100	1533	4,84	2,20	0,36	0,55
Skarðs	559	145	25050	102300	952	3,86	2,23	0,55	0,59
Sauðárkróks	8443	782	189450	643800	5840	10,80	4,46	1,31	1,45
Staðar	260	202	18750	184500	1280	1,29	1,39	0,14	0,20
Seilu	995	261	47300	266200	1929	3,81	2,10	0,27	0,52
Lýtingsstaða	1998	376	57000	456800	3426	5,31	3,51	0,44	0,58
Akra	1964	421	41550	328400	3489	4,67	4,73	0,60	0,56
Rípur	350	127	19150	233300	961	2,76	1,83	0,15	0,36
Viðvíkur	»	185	24900	256200	1310	»	»	»	»
Hóla	1402	173	27650	155900	1284	8,10	5,07	0,90	1,09
Hofs	4160	567	50400	188800	2613	7,34	8,25	2,20	1,59
Fells	393	128	7300	66100	777	3,07	5,38	0,59	0,51
Haganes	2087	236	16900	103100	1338	8,84	12,35	2,02	1,56
Holts	1877	237	23400	103100	1911	7,92	8,02	1,82	0,98
Samtals	25330	4014	587150	3321600	28643	6,31	4,31	0,76	0,88
Eyjafjarðarsýsla									
Grímseyjar	634	125	17950	15700	214	5,07	3,53	4,04	2,96
Ólafsfjarðar	4907	716	142550	363200	4383	6,85	3,44	1,35	1,12
Svarfaðardals	3707	1057	130050	633600	5651	3,51	2,85	0,59	0,66
Arskógs	4397	643	90050	217200	3921	6,84	4,88	2,02	1,12
Arnarnes	3744	425	56150	313700	4628	8,81	6,67	1,19	0,81
Skriðu	2997	201	23400	268200	1763	14,91	12,81	1,12	1,70
Öxnadals	1597	138	10950	66000	891	11,57	14,58	2,42	1,79
Glæsibæjar	13565	798	163450	801600	10097	17,00	8,30	1,69	1,34
Hrafnagils	2457	280	68450	537400	3025	8,77	3,59	0,46	0,81
Saurbæjar	3655	466	62400	357400	2942	7,84	5,86	1,02	1,24
Öngulsstaða	6587	408	83300	582800	5376	16,14	7,91	1,13	1,23
Samtals	48247	5257	848700	4156800	42891	9,18	5,68	1,16	1,12
Suður-Þingeyjarsýsla									
Svalbarðsstrandar	[1] 1463	241	54100	236200	2453	6,07	2,70	0,62	0,60
Grýtubakka	2134	528	81600	242300	3884	4,04	2,62	0,88	0,55
Flateyjar	478	139	22600	26000	847	3,44	1,84	1,84	0,56
Háls	919	301	35750	110000	1897	3,05	2,57	0,84	0,48
Ljósavatns	1526	300	23200	127600	1709	5,09	6,58	1,20	0,89
Bárðdæla	1832	184	23650	196700	1288	9,96	7,75	0,93	1,42
Skútustaða	1683	380	43200	358000	2037	4,43	3,90	0,47	0,83

[1] Árið 1929. Reikningur ókominn fyrir 1930.

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eign-arhdr.
Suður-Þingeyjarsýsla (frh.)									
Reykdæla	5087	367	57550	195300	2155	13,86	8,84	2,60	2,36
Aðaldæla	1490	361	43100	238400	2121	4,13	3,46	0,62	0,70
Húsavíkur	8162	871	325550	399400	7793	9,37	2,51	2,01	1,05
Tjörnes	2182	233	43700	202900	2527	9,36	4,99	1,08	0,86
Samtals	26956	3905	754000	2332800	28711	6,90	3,58	1,16	0,94
Norður-Þingeyjarsýsla									
Keldunes	1005	233	33400	128300	1519	4,31	3,01	0,78	0,66
Öxarfjarðar	786	187	41250	218200	1163	4,20	1,91	0,36	0,67
Fjalla	393	65	19250	72300	604	6,05	2,04	0,54	0,65
Presthóla	1720	550	78700	618200	6017	3,13	2,19	0,28	0,29
Svalbarðs	50	267	31550	156300	1418	0,19	0,16	0,03	0,04
Sauðanes	[1] 4610	494	117750	358900	5218	9,33	3,91	1,28	0,88
Samtals	8564	1796	321900	1552300	15939	4,77	2,66	0,55	0,54
Norður-Múlasýsla									
Skeggjastaða	2770	287	63650	233800	2828	9,65	4,35	1,18	0,98
Vopnafjarðar	11538	754	111100	337300	5571	15,30	10,39	3.42	2,07
Jökuldals	704	202	72950	201600	1510	3,49	0,97	0,35	0,47
Hlíðar	886	137	29000	17300	981	6,47	3,06	5,12	0,90
Tungu	1511	221	48050	160300	1510	6,84	3,14	0,94	1,00
Fella	»	195	47800	287000	1701	»	»	»	»
Fljótsdals	2768	260	70450	264500	1474	10,65	3,97	1,05	1,88
Hjaltastaða	3313	219	39300	19300	1443	15,13	8,43	17,17	2,30
Borgarfjarðar	3483	325	59600	160600	2590	10,72	5,84	2,17	1,34
Loðmundarfjarðar	400	76	2550	90800	708	5,26	15,69	0,44	0,57
Seyðisfjarðar	816	171	42850	236900	1817	4,77	1,90	0,34	0,45
Samtals	28189	2847	587300	2009400	22133	9,90	4,80	1,40	1,27
Suður-Múlasýsla									
Skriðdals	573	156	18350	53800	980	3,67	3,12	1,07	0,58
Valla	845	219	50400	219300	2436	3,86	1,68	0,39	0,35
Eiða	2396	172	42950	108000	1041	13,93	5,58	2,22	2,30
Mjóafjarðar	1693	183	34700	177800	1948	9,25	4,88	0,95	0,87
Norðfjarðar	2418	224	23150	75100	1618	10,79	10,44	3,22	1,49
Helgustaða	1559	219	23300	107800	1505	7,12	6,69	1,45	1,04
Eskifjarðar	9532	758	187850	237600	9455	12,58	5,07	4,01	1,01
Reyðarfjarðar	7605	479	82400	295700	5483½	15,88	9,23	2,57	1,39
Fáskrúðsfjarðar	7755	371	15750	71000	3006	20,90	49,24	10,92	2,58
Búða	7600	632	129600	254900	5361	12,03	5,86	2,98	1,42
Stöðvar	2676	178	14700	179800	1367	15,03	18,20	1,49	1,96
Breiðdals	3278	332	26150	153200	2285½	9,87	12,54	2,14	1,43
Berunes	2140	153	11700	93600	819	13,99	18,29	2,29	2,61
Geithellna	3326	432	77350	309200	4328	7,70	4,30	1,08	0,77
Samtals	53396	4508	738350	2336800	41633	11,84	7,23	2,29	1,28

[1] Árið 1928. Reikningar ókomnir fyrir 1929 og 1930.

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra-útgjöld kr.	Mann-fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast-eigna-mat hdr.	Fátækraútgjöld á mann	Fátækraútgjöld á 100 kr. skattsk. tekjur	Fátækraútgjöld á 100 kr. skuldl. eign	Fátækraútgjöld á fast-eignarhdr.
Austur-Skaftafellssýsla									
Bæjar	439	404	22600	112300	919	1,09	1,94	0,39	0,48
Nesja	1026	379	66000	238100	5827	2,71	1,55	0,43	0,18
Mýra	201	192	13500	68400	979	1,05	1,49	0,29	0,21
Borgarhafnar	»	182	8600	55400	792	»	»	»	»
Hofs	»	193	25100	125100	866	»	»	»	»
Samtals	1666	1150	135800	599300	9383	1,45	1,23	0,28	0,18
Vestur-Skaftafellssýsla									
Hörgslands	2646	283	65150	314600	1642	9,35	4,06	0,84	1,61
Kirkjubæjar	1150	222	56350	219100	1881	5,18	2,04	0,52	0,61
Leiðvalla	245	236	28950	91600	839	1,04	0,85	0,27	0,29
Álftavers	210	108	16850	34100	548	1,94	1,25	0,62	0,38
Skaftártungu	1286	110	15550	91200	724	11,69	8,27	1,41	1,78
Hvamms	4078	554	143450	515800	4829	7,36	2,84	0,79	0,84
Dyrhóla	4300	265	48950	119600	1893	16,23	8,78	3,50	2,27
Samtals	13915	1778	375250	1386000	12356	7,83	3,71	1,00	1,12
Rangárvallasýsla									
Austur-Eyjafjalla	2087	315	32950	151700	2215	6,63	6,33	1,38	0,94
Vestur-Eyjafjalla	2813	464	36500	179900	3213	6,06	7,71	1,56	0,88
Austur-Landeyja	1969	364	67300	253200	2568	5,41	2,93	0,78	0,77
Vestur-Landeyja	4034	330	37950	255600	2201	12,22	10,63	1,58	1,83
Fljótshlíðar	334	417	57800	288600	3409	0,80	0,58	0,12	0,10
Hvol	982	215	31900	200800	1856	4,57	3,08	0,49	0,53
Rangárvalla	2179	314	52550	256100	2903	6,94	4,15	0,85	0,75
Landmanna	1495	263	36150	383200	1748	5,68	4,14	0,39	0,85
Holta	2208	300	44350	222700	1882	7,36	4,98	0,99	1,17
Ása	8281	601	87050	334200	4037	13,78	9,51	2,48	2,05
Samtals	26382	3583	484500	2526000	26032	7,36	5,45	1,04	1,01
Árnessýsla									
Gaulverjabæjar	2094	354	38800	112800	2186	5,91	5,40	1,86	0,96
Stokkseyrar	5024	687	135200	317700	5971	7,31	3,72	1,58	0,84
Eyrarbakka	7548	647	133050	175400	9280	11,67	5,67	4,30	0,81
Sandvíkur	1533	213	80650	288200	3175	7,20	1,90	0,53	0,48
Hraungerðis	1163	259	71150	314100	2347	4,49	1,63	0,37	0,50
Villingaholts	1430	286	18100	134600	2329	5,00	7,90	1,06	0,61
Skeiða	1092	286	33400	42400	1902	3,82	3,27	2,58	0,57
Gnúpverja	879	234	45250	248400	2087	3,76	1,94	0,35	0,42
Hrunamanna	[1] 9225	402	69800	295700	2992	22,95	13,22	3,12	3,08
Biskupstungna	[2] 3049	412	104350	334400	3278	7,40	2,92	0,91	0,93
Laugardals	530	152	27600	177000	1131	3,49	1,92	0,30	0,47
Grímsnes	2978	332	62600	295800	3302	8,97	4,76	1,01	0,90
Þingvalla	300	111	27600	132600	1007	2,70	1,09	0,23	0,30
Grafnings	»	82	11200	73400	866	»	»	»	»
Ölfus	4081	396	52600	294800	4652	10,31	7,76	1,38	0,88
Selvogs	849	100	14150	54100	580	8,49	6,00	1,57	1,46
Samtals	41775	4953	925500	3291400	47085	8,43	4,51	1,27	0,89
Hreppar samtals	546349	63205	12346050	43402700	540810	8,64	4,43	1,26	1,01
Allt landið	1289415	108627	48188500	117082000	1437453	11,87	2,68	1,10	0,90

[1] Árið 1928. Reikningar ókomnir fyrir 1929 og 1930. [2] Árið 1929. Reikningur ókominn fyrir 1930.

Nd. 464. Frumvarp

til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki" í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913, komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 1 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Sþ. 465. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhending svæfingarefnis til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarmeðulum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1935.

Nd. 466. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Halldór Stefánsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Seyðisfirði og sannar, að hann eða það hafi til þess nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, ef bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar mælir með beiðninni, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins. Ennfremur skal stjórninni heimilt að veita verksmiðjueigandanum leyfi til þess að kaupa síld af erlendum veiðiskipum í næstu 10 ár handa verksmiðjunni, að svo miklu leyti sem eigi er unnt að tryggja henni nægilegt síldarmagn frá innlendum skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Alþingi hefir nú með öllu synjað um fjárframlag til þess að koma upp innlendri síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði. Virðist því engin ástæða til að meina erlendum mönnum, sem kynnu að vilja leggja fram fé til stofnunar slíks fyrirtækis, að taka upp þennan atvinnurekstur þar eystra. Af því myndi leiða: 1) aukning atvinnu í bænum, en þar er nú stórkostlegur atvinnubrestur, 2) bætt afkomuskilyrði fyrir sjávarútveginn á Austfjörðum, sem nú er aðþrengdur mjög og getur nær engin not haft af hinum miklu og tíðu síldargöngum, og 3) auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Nd. 467. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga (þskj. 258).

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. 1. Aftan við liðinn bætist: enda neyti ríkisstjórnin heimildar samkvæmt l. nr. 31 frá 14. júní 1929, 53. gr.
2. Við 1. gr. 2. Í stað orðanna »renna í ríkissjóð til ársloka 1933« kemur: renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

3. Við 1. gr. 3. Liðurinn falli burt.
4. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Nd. 468. Lög

um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

1. gr.

Bú Síldareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanefnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanefnd kemur í stað stjórnar einkasölunnar, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi einkasölunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennað eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óseldrar síldar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt, og má í reglugerð þessari víkja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Síld sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á síldinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar

síldar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar síldar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölunnar í sambandi við samninga um sölu á síld, sem gerðir hafa verið af einkasölunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanefndar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar síldar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda að svo miklu leyti, sem samrímanlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búsins, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, svo og lög nr. 60, 9. sept. 1931, um breyting á þeim lögum.

Nd. 469. Lög

um breyting á lögum nr. 42, 14. júní 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

1. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1929 orðist þannig:

Nú verður meira framboð af síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það, svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn verksmiðjunnar til þriggja ára í senn. Gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórn verksmiðjunnar kýs sér formann úr sínum flokki, ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn, ákveður starfssvið hans og laun. Hún hefir á hendi sölu afurða verksmiðjunnar með ráði framkvæmdarstjóra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til eins árs í senn og ákveður þóknun fyrir störf þeirra.

Nd. 470. Lög

um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleigurétti), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta réttþafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Nd. 471. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps, en minni hlutinn (JJós og GÍ) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1932.

Guðbr. Ísberg, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Ed. 472. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Eftir 3. umr. í N.).d

Samhljóða þskj. 415, með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir, eru islenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til

handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu óhæfir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði i störfum sínum.

21. gr. hljóðar svo:

Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

Nd. 473. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá Vilmundi Jónssyni og Héðni Valdimarssyni.

1. Framan við frumvarpsgr. bætist ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á stórhátíðum, þ. e. á aðfangadagskvöld, jóladag, páskadag og hvítasunnudag, er íslenzkum togurum bannað að vera að veiðum. Skulu þeir þá daga liggja i höfn og þar, sem þeir eiga heima, þegar því verður við komið.
2. Frumvarpsgreinin verður 2. gr.

Nd. 474. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum i landhelgi.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 1. gr. fyrstu málsgr. Í stað »1. marz til 31. júlí« komi: 1. febr. til 31. maí.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til 1. febrúar 1934.

Nd. 475. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 16. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú lenda aðrar lánsstofnanir, þar með talin verzlunarfyrirtæki, svo sem

kaupfélög og kaupmenn, í greiðsluörðugleikum, að öllu eða nokkru leyti vegna ákvæða þessara laga, og verða bú þeirra þá ekki tekin til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum meðan lög þessi eru í gildi, ef skattframtöl þeirra eða efnahagsreikningar sýna, að þau eða þeir eigi fyrir skuldum.

Nd. 476. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Heimilt er sýslunefnd Rangárvallasýslu að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslumar, að allir ungir menn verkfærir, á aldrinum 18 ára, vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir sýslufélagsins 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nú lízt sýslunefndinni að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ef ⅔ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er sýslunefndin ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hætti sýslunefndin að starfrækja skólann með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslan endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá 1/40 hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkv. lögum þessum.
5. Við 5. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Með reglugerð, er sýslunefndin semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.
   b. Orðin „eða bæjarsjóð“ í 3. málsgr. falli burt.
6. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til l. um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Nd. **477. Frumvarp**

til laga um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará i Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá i Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.
14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Hólsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá i Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
3. Blanda hjá Löngumýri.
4. Eyjafjarðará á Stíflu.
5. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
6. Skjálfandafljót í Köldukinn.
7. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
8. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
9. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
10. Jökulsá í Fljótsdal.
11. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
12. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
13. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
   1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta.
   2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., ¾ hlutar kostnaðar.

c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Nd. 478. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Flm.: Sveinbjörn Högnason og Bergur Jónsson.

Við 2. gr. III. kafli fellur niður.

Nd. 479. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Við 2. gr. III. 1. Nýir liðir:
a. Miðá á Skógarstrandarleið í Dalasýslu.
b. Hörðudalsá á Skógarstrandarleið í Dalasýslu.

Nd. 480. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga (þskj. 258).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. gr. 3. tölulið. Aftan við töluliðinn bætist:
að svo miklu leyti sem þær fara fram úr 200 þús. krónum.

Nd. 481. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á skiptalögum, nr. 3, 12. apríl 1878.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Töluliður 3. í b-lið 83. gr. laganna orðist þannig:
Skattar og gjöld til ríkissjóðs, þar á meðal símagjöld og afnotagjöld ríkisútvarps, gjöld til o. s. frv.

Ed. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rækilega kynnt sér þetta mál, m. a. rætt það við vegamálastjóra. Einnig við þingmann Hafnarfjarðarkaupstaðar, flutningsm. frv.

Vegamálastjóri hefir sent nefndinni ýtarlega skýrslu og kostnaðaráætlun um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Fer hér á eftir útdráttur hans sjálfs úr þeirri skýrslu:

„Nýr vegur myndi liggja af Suðurlandsbraut skammt vestan við Elliðaárbrýr, og er hann að lengd 9,76 km., en samtals er leið þessi milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar 13,8 km., en núverandi vegur er aðeins 10,2 km.

Kostnaðaráætlun er gerð um 5,5 m. breiðan veg með slitlagi af ýmsri gerð, og er hún þannig:

1.	Púkkaður, með slitlagi úr möl (malarvegur)	kr.	318000.00
2.	———„——— bikblöndu	—	514000.00
3.	———„——— biksteypu	—	806000.00
4.	———„——— járnbentri steinsteypu	—	953000.00

Sjálfur vegurinn undir slitlagið er áætlaður að kosta 270 þús. kr. Er það því slitlagið, sem mestu ræður um kostnaðinn, en því vandaðra, sem slitlagið er, því ódýrara verður árlegt viðhald vegarins; hinsvegar koma hér á móti vextir og afborganir af kostnaði, sem vitanlega hækka í réttu hlutfalli við kostnaðinn. Þá ber og réttilega að taka til greina, að flutningskostnaður er þeim mun lægri, sem vegurinn er betri. Veltur því mjög á umferðinni, hve miklu má kosta til slitlagsins frá almennu fjárhagssjónarmiði. Lítil umferð verður að una við óvandaðan veg, en mikil umferð réttlætir, að lagt sé fé í vandað og dýrt slitlag. Samkvæmt erlendri reynslu má telja að þessu leyti hagkvæmt að notast við malarslitlagið, sem er ódýrast þar til umferðin er orðin um 500 bifreiðar á dag, þar sem sæmilega góð aðstaða er að ná í slitmöl, eins og telja má að sé á þessari leið. Hinsvegar verður vandað slitlag nokkru dýrara hér á landi og vextir eru hér hærri en víða í öðrum löndum. Má því naumast vænta, að hagkvæmt sé að gera hér á landi vandað slitlag fyrir minni umferð en talið er erlendis.

Samkvæmt talningu, er nokkrum sinnum hefir verið gerð á umferð um Hafnarfjarðarveg, síðast haustið 1930, má telja, að daglega hafi þá farið um hann að meðaltali 300 bifreiðar. Síðan hefir umferðin vaxið nokkuð og er samkvæmt talningu nú síðustu daga líklega hátt á 400 bifreiðar að meðaltali. Þarf því umferð enn að vaxa nokkuð áður en fjárhagslega verður talið hagkvæmt að kosta til vandaðs slitlags. En umferðin er sívaxandi og verður þessa því ekki langt að bíða. Jafnframt því, sem lagður yrði vandaður vegur til Hafnarfjarðar, eða áður, þarf að leggja vandað slitlag á þann kafla Suðurlandsbrautar, sem leið þessi liggur um og er rúmir 3 km. á lengd. Myndi það kosta frá 80—220 þús. kr., eftir því hve til þess er vandað, en umferð um þann kafla er nú nálægt því helmingi meiri en um Hafnarfjarðarveg, og er því þegar komið að því, að hagkvæmt væri og mjög æskilegt að geta endurbætt þennan kafla þannig, en verður vitanlega enn frekar nauðsyn, ef Hafnarfjarðarumferðin bætist á hann.

Vegna þess hve nýja leiðin til Hafnarfjarðar er miklu lengri en núverandi vegur (3,6 km.), getur ekki verið hagkvæmt að leggja í þá breytingu, nema nýi vegurinn verði svo miklu betri, að flutningsgjöld þurfi ekki að hækka, og helzt lækki nokkuð, þrátt fyrir hve miklu lengri hann er. En það geta þau ekki gert nema lengri vegurinn, og sérstaklega slitlagið, sé þeim mun sléttara, eða eins og hér stendur á annaðhvort malbikað eða steypt. Þó að vísu þessi nýja leið yrði nokkru hallaminni en núverandi vegur, þá er langt frá því, að svo verulegur sparnaður yrði fyrir bifreiðarnar, að nokkru nemi móts við muninn á

vegarlengdum. Af þessari ástæðu getur því ekki verið réttmætt að leggja nýjan malarveg þessa leið, heldur yrði vegurinn að vera með vönduðu slitlagi.

Þessi leið hefir þann kost, að hún styttir leiðina milli Hafnarfjarðar og austursveitanna um 3,5 km., en umferð þessa leið eða flutningaþörf er ekki svo mikil, að um þá þörf muni verulega í þessu sambandi, enda hægt með að stytta leiðina ámóta mikið með ódýrum vegi t. d. úr Fossvogi um Breiðholtsmýri á væntanlegan Útvarpsstöðvarveg, og sá vegur verður lagður hvort eð er, þá er færist út nýrækt og bygging um þessar slóðir.

Umbætur á núverandi Hafnarfjarðarvegi.

Þegar ákveðið var 1917 að byrja að leggja nýjan veg til Hafnarfjarðar horfði mál þetta mjög öðruvísi við en nú. Þá var vegurinn til Hafnarfjarðar allur að heita má ópúkkaður og gamlar fúnar timburbrýr á öllum lækjum. Síðan hefir mestur hluti vegarins verið púkkaður og víða breikkaður og allar brýrnar endurbyggðar úr járnbentri steypu. Samtals hefir verið kostað til umbóta og viðhalds veginum síðan 1917 freklega 150 þús. kr. Er hann því orðinn nú allur annar og betri vegur en þá. Þá hafa og bifreiðarnar tekið þeim umbótum, að brekkurnar á veginum eru umferðinni lítið sem ekki til tafar lengur.

Ég vil þó engan veginn halda því fram, að vegurinn fullnægi nú þeirri miklu umferð, sem um hann er. En ég tel, að með bættu viðhaldi og nokkrum frekari umbótum geti vegurinn orðið svo góður, að frá fjárhagslegu sjónarmiði verði eftir öllum atvikum réttara að taka þann kost frekar en leggja fé í nýja kostnaðarsama vegagerð.

Það, sem hér kemur sérstaklega til greina, er kostnaðarsamanburður á núverandi vegi með nokkrum eða miklum umbótum, bættu viðhaldi, og á nýjum vegi með vönduðu slitlagi.

Nauðsynlegustu umbætur hafa verið áætlaðar að kosta um 50 þús. kr., og myndu þær nægja meðan veginum yrði haldið við sem malarvegi. En ef gera á veginn hæfan undir vandað slitlag, þarf enn að kosta til hans 80—100 þús. kr. Af núverandi leið er 8,27 km. þjóðvegur, en tæpir 2 km. eru innan kaupstaðarlóða Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Með því að reikna með sama einingarverði á slitlaginu og fyrr var gert, fæst eftirfarandi kostnaðaráætlun:

1.	Vegurinn endurbættur með slitlagi úr bikblöndu	kr. 357000.00
2.	————„———— biksteypu	— 605000.00
3.	————„———— járnbentri steinsteypu	— 729000.00

Munurinn á þessum tveim áætlunum um nýja veginn og núverandi veg er þannig frá 157—224 þús. kr., sem lægra er áætlað að endurbæta og fullkomna núverandi veg en að gera nýjan veg.

Með þeim umbótum, sem hér hafa verið áætlaðar á núverandi vegi, verða brýr allar breikkaðar, svo að jafnbreiðar verði veginum (5,5 m.), ennfremur lagfærðar krappar bugður og nokkrar bröttustu brekkurnar.

Þegar nú er tekið tillit til, hve miklu ódýrara er að fullkomna núverandi veg þannig, að flutningskostnaður verði þeim mun minni um hann, sem hann er styttri en nýja leiðin, og að jafnframt má vinna að þessum endurbótum smátt

og smátt og þannig dreifa kostnaðinum á mörg ár, en nýja veginn yrði að fullgera á tiltölulega stuttum tíma, þá verður hvorki talið rétt eða hagkvæmt frá fjárhagssjónarmiði að leggja nýjan veg til Hafnarfjarðar, heldur ber að nota núverandi veg og gera á honum ýmsar endurbætur eftir því, sem umferðin vex".

Samgöngumálanefnd fellst á ástæður og tillögur vegamálastjóra, þær er að framan greinir, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. apríl 1932.

Páll Hermannsson, form., frsm.	H. Steinsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Nd. 483. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: Póststjórnin veitir móttöku til umönnunar og skila.

Aftan við liðinn a. 1. í sömu grein bætist: allt að 2000 grömm. Í stað „250 grömm (50 kvint)" í sömu gr. lið b. komi: 2000 grömm.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Umönnun og skil á póstsendingum, sem getið er um í 2. gr., nær bæði til flutnings milli pósthúsa og útburð þeirra til viðtakenda og til þess að safna þeim saman úr bréfakössum.

Póststjórnin hefir heimild til að ákveða, hvort útburður póstsendinga megi eiga sér stað á vissu svæði á kostnað póstsjóðs og hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda. Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi nema innan sveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, svo sem útburð póstsendinga með hraðboða, póstáritun blaða og rita, staðfesting á innihaldi póstsendinga, vátrygging fram yfir áritað verð, útgáfu á skil-

ríkisspjöldum, útbýting á utanáskriftarlausum sendingum, flutning á farþegum og póstbögglum með bílum.

Nánari ákvæði fyrir þessu starfi setur póststjórnin, svo og taxta bæði fyrir þessi störf og innanbæjar- og innansveitarsendingar, staðartaxta, og ennfremur getur hún ákveðið aukagjald fyrir flutning póstsendinga með loftförum.

4. gr.

Í stað „Burðargjald“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

5. gr.

Á eftir 10. lið í 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar sendingar, enda þótt þær eftir eðli sínu ættu að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald.

Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

6. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna skal orða svo:

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki, og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin tekur gildar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Ed. 484. Frumvarp

til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall nálægt Ossabæ.

3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að 1/8 hluta. Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að 3/4 og 1/4 hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dóm-

kveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í

sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1.—4. lið 1. gr. laga þessara.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Nd. 485. Frumvarp

til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 49 læknishéruð, þau er hér segir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.

2. *Hafnarfjarðarhérað:* Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

Semja skal við einn lækni í Reykjavík um, að hann gegni sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og í Reykjavíkurhéraði utan kaupstaðarins, enda fari hann eftir taxta héraðslækna. Til þessa má verja fé eftir því sem áætlað er í fjárlögum.

3. *Skipaskagahérað:* Ytri-Akraneshreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Akranesi.

4. *Borgarfjarðarhérað:* Skorradalshreppur, Andakílshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum.

5. *Borgarneshérað:* Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.

6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík.

7. *Stykkishólmshérað:* Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafells-

hreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.

8. *Dalahérað:* Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar. Læknissetur í Búðardal.

9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum.

10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.

11. *Patreksfjarðarhérað:* Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur á Patreksfirði.

12. *Bíldudalshérað:* Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur á Bíldudal.

13. *Þingeyrarhérað:* Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

14. *Flateyrarhérað:* Ingjaldssandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

15. *Hólshérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungavík.

16. *Ísafjarðarhérað:* Eyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Læknissetur á Ísafirði.

17. *Ögurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ögri.

Íbúar í Álftafirði í Súðavíkurhreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Ísafjarðarhéraði.

18. *Hesteyrarhérað:* Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur á Hesteyri.

19. *Reykjarfjarðarhérað:* Árneshreppur og nyrzti hluti Kaldrananeshrepps að Kallbakskleif. Læknissetur í Árnesi.

20. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

21. *Miðfjarðarhérað:* Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu. Læknissetur á Hvammstanga.

22. *Blönduóshérað:* Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.

23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókshreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.

25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður. Læknissetur á Siglufirði.

26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarhreppur. Læknissetur í Ólafsfirði.

27. *Svarfdælahérað:* Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hrísey. Læknissetur í Dalvík.

28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshrepp-

ur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur. Svalbarðsstrandarhreppur, Háls- og Illugastaðasóknir í Hálshreppi. Læknissetur á Akureyri.

29. *Höfðahverfishérað:* Grýtubakkahreppur og Draflastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur í Grenivík.

30. *Reykdælahérað:* Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Læknissetur á Breiðamýri.

31. *Húsavíkurhérað:* Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað. Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Húsavikurhreppur, Flateyjarhreppur og Grímsey. Læknissetur á Húsavík.

32. *Öxarfjarðarhérað:* Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri.

33. *Þistilfjarðarhérað:* Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.

34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði.

35. *Hróarstunguhérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur á Hjaltastað.

36. *Fljótsdalshérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur. Læknissetur á Brekku.

37. *Seyðisfjarðarhérað:* Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

38. *Norðfjarðarhérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað.

39. *Reyðarfjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.

40. *Fáskrúðsfjarðarhérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, og Stöðvarhreppur. Læknissetur á Fáskrúðsfirði.

41. *Berufjarðarhérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.

42. *Hornafjarðarhérað:* Austur-Skaftafellssýsla. Læknissetur í Höfn.

43. *Síðuhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftaversshreppur og Skaftártunguhreppur. Læknissetur á Breiðabólsstað á Síðu.

44. *Mýrdalshérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vik.

45. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjar: Læknissetur í Vestmannaeyjum.

46. *Rangárhérað:* Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur-Eyjafjallahreppi. Læknissetur á Stórólfshvoli.

47. *Eyrarbakkahérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkur-

hreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

48. *Grímsneshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur í Laugarási.

49. *Keflavíkurhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslæknum að sitja um stundarsakir annarsstaðar en á hinum lögskipuðu læknissetrum.

2. gr.

Konungur skipar landlækni og héraðslækna í öll þau héruð, sem talin eru í 1. gr.

3. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra í öllu, sem viðkemur heilbrigðismálum. Hann hefir eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í landinu, en einkum héraðslæknum og öðrum opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Ráðherra setur landlækni erindisbréf, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf landlæknis á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

4. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu, annast lyfjasölu, þar sem ekki er sérstök lyfjabúð, og eru skyldir að gegna aðkallandi sjúkravitjunum hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklingsins eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma læknisstarfi þeirra. Þeir mega veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en viðtækari sjúkrahússtörfum mega þeir ekki gegna nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Landlæknir setur héraðslæknum erindisbréf, sem ráðherra staðfestir, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf héraðslækna á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

5. gr.

Héraðslæknirinn í Reykjavíkurhéraði sinnir ekki sjúkravitjunum nema eftir fyrirmælum ráðherra, en gegnir að öðru leyti héraðslæknisstörfum í bænum.

Hann aðstoðar stjórnarvöld við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er og heimilt að vera yfirlæknir við farsóttarhús Reykjavíkur eða tilsvarandi stofnun, sem bærinn kann að reka, en óheimilt að gegna viðtækari sjúkrahússtörfum.

6. gr.

Landlæknir og héraðslæknar hafa laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Héraðslæknirinn í Reykjavík skal þó hafa hálf önnur héraðslæknislaun.

7. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir flutningi ókeypis, og svo beina leið sem hægt er frá og til heimilis hans. Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

8. gr.

Læknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

9. gr.

Lög nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, og lög nr. 45, 27. júní 1921, öll um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, og síðasta málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, eru úr gildi numin.

10. gr.

Ákvæði laga þessara um Reykjavíkurhérað ganga í gildi þegar það hérað verður næst laust. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52, 22. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavík, en bæjarlæknirinn verður héraðslæknir.

Nd. 486. Viðaukatillögur

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá fjárveitinganefnd.

Aftan við 1. gr. komi 3 nýir liðir, svo hljóðandi:

5. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.

6. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. mai 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
7. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. mai 1930, fellur burt til ársloka 1933.

Nd. 487. Viðaukatillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Á árinu 1933 skal helmingur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. mai 1928, um Menningarsjóð, renna í ríkissjóð.

Ed. 488. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Engely Hellum Lynge, mótorviðgerðamaður á Akureyri, fæddur í Danmörku.
2. Andersson, Rasmus Reinhold, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
3. Andreasen, Ole Kristian, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Björn Pétursson, verkamaður á Mýrum í Skagafjarðarsýslu, fæddur á Íslandi.
5. Hansen, Hans Jakob, bakarameistari í Stykkishólmi, fæddur í Danmörku.
6. Höyer, Anders Christian Carl Julius, garðyrkjumaður í Hveradölum, fæddur í Danmörku.
7. Jacobsen, Johan Jentoft Bek, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
8. Jensen, Peter Adolf Aage Edvard, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Takács, Georg, læknisnemi í Reykjavík, fæddur í Ungverjalandi.

Ed. 489. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, fundaskr. og frsm.

Ed. **490. Frumvarp**

til laga um Jöfnunarsjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögbundnum og óhjákvæmilegum útgjöldum, skal leggja það, sem afgangs er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði tekjuhalli á rekstrarreikningi ríkissjóðs meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, ef fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Nefndin hefir haft til meðferðar frv. á þskj. 147 um Jöfnunarsjóð ríkisins, samhljóða frv., er flutt var í Nd. á síðasta þingi. Við meðferðina gerbreyttist það frv. að efni, og fyrirsögnin breyttist einnig, svo að í rauninni varð úr því nýtt frv. Hefir nefndin orðið sammála um að flytja nú þetta frv. óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd. á sumarþinginu 1931, og vísast um ástæður til umræðna þeirra, er fram fóru um málið á því þingi.

Nd. 491. Breytingartillögur

við frv. til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Orðin »og að Reykjavíkurbær leggi til vatn« o. s. frv. til enda greinarinnar falli niður.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:
   Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu bæjarins, til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.

Ed. 492. Frumvarp

til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu eða útgerð báta, sem eru 30 brúttó smálestir að stærð samtals eða minna, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum þessara laga.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefnir formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina 2. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sina, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem lög þessi heimila. Beiðninni skal fylgja:

a) Afrit af síðustu skattskýrslu.
b) Skrá yfir ábyrgðir beiðanda.

c) Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum skuldunauts síðan skattskýrsla var gefin.
d) Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar og vaxtakjör.

4. gr.

Nú hefir skilanefnd borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hún þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, enda er aðför gegn skuldunaut og ábyrgðarmönnum hans óheimil fyrir þeim skuldum, sem lög þessi ná til, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur skuldunaut eða ábyrgðarmönnum hans, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd.

5. gr.

Skilanefnd skal, svo fljótt sem ástæður leyfa, taka gjaldfrestsbeiðni til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanefnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem skuldunautur er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanefnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanefndir.

6. gr.

Þegar skilanefnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanefnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki 3 skilanefndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig skuldunaut, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest til handa skuldunaut. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur skuldunautur eða skuldheimtumaður áfrýjað til

atvinnumálaráðuneytisins, og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru hindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.
2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.
3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
   a) Á fasteignum gildandi fasteignamat.
   b) Á bústofni, búshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts 3 síðustu árin.
   c) Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að skuldunautur falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða skuldunaut lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánum.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að skuldunautur hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytzt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

15. gr.

Nú sannast það, að skuldunautur notar frest, sem hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna í sviksamlegum tilgangi, og varðar það refsingu eftir 26. kap. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess fellur úrskurður skilanefndar úr gildi þegar er brot er sannað.

16. gr.

Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 200000 kr., til greiðslu á þeim, ef ekki er til þess veitt fé í fjárlögum. Þetta lán telst veitt þeim skuldunautum, sem greiðslufrest fengu, er tryggt með lögveði næst á eftir þeirri skuld, sem afborgunin er hluti af, og endurgreiðist ríkissjóði á þann hátt og með þeim vöxtum, að ríkissjóður sé skaðlaus af.

Nú lenda aðrar lánsstofnanir, þar með talin verzlunarfyrirtæki, svo sem kaupfélög og kaupmenn, í greiðsluörðugleikum, að öllu eða nokkru leyti vegna ákvæða þessara laga, og verða bú þeirra þá ekki tekin til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum meðan lög þessi eru í gildi, ef skattframtöl þeirra eða efnahagsreikningar sýna, að þau eða þeir eigi fyrir skuldum.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1933.

Ed. 493. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 345, með þeirri breytingu, að 25. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum.

Frá 15. okt. 1934 falla ennfremur úr gildi lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar, en brunabótasjóðir samkvæmt 1. gr. þeirra laga verða frá sama tíma eign sveitarfélaga þeirra, er hlut eiga að máli, og má ekki skerða þá innstæðu án samþykkis sýslunefndar.

Ed. 494. Nefndarálit

um frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hefi eigi getað fallizt á, að þetta frv. yrði gert að lögum, m. a. af því, að ég tel, að löggjöf um þetta yrði að byggjast á öðrum grundvelli að því er notkun fjárins snertir en þeim, sem lagður er í frv.

Í sjálfu sér er ég því ekki mótfallinn, að skattur sé lagður á benzín til bifreiða, ef það er gert i því ákveðna augnamiði að koma vegum þeim, sem bifreiðarnar nota, i nýtízku horf, gera á þeim fullkomið, varanlegt og ryklaust slitlag. Hefir þessi leið verið farin annarsstaðar. En frv. þetta ætlar mikinn meiri hluta fjárins til þess almenna viðhalds á þjóðvegum, sem ríkissjóður kostar nú, og það er sama sem að þetta verði almennur tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Til þess að löggjöf um þetta gæti orðið viðunanleg, að mínum dómi, þyrfti einkum að gera skil fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Eftir því, sem vegakerfi landsins enn er háttað, eru bifreiðar komnar í notkun á nokkrum stöðum, sem eru algerlega einangraðir frá því, þar á meðal í kaupstöðunum Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði, Neskaupstað og Vestmannaeyjum. Mér virðist rétt að láta sérstaka sjóði til varanlegra umbóta á götum og vegum þessara einangruðu staða fá öll gjöld af bifreiðum í hverju umdæmi fyrir sig, þangað til þeir kynnu að komast í samband við hið almenna vegakerfi.

2. Mikill þorri þeirra bifreiða, sem fara um þjóðvegakerfi landsins, er skrásettur í kaupstöðum og verzlunarstöðum þeim, sem njóta sambands við vegakerfið. Þörfin á því að koma vegum í nýtízku horf með malbikun eða biksteypu er langmest í kaupstöðum og verzlunarstöðum, af því að þar er umferðin mest, slitið á vegunum mest og rykið til mestra óþæginda og heilsutjóns. Ég tel því, að við skiptingu fjárins yrði að ætla þessum stöðum ríflegan hluta, að minnsta kosti á meðan þeir eru að koma götum sínum og vegum í viðunandi horf. En til þess að leggja fram ákveðnar tillögur um slíka skiptingu, þarf sérstaka rannsókn á umferð, tölu skrásettra bifreiða og vegafjárþörf þessara staða.

3. Að því er þjóðvegina snertir legg ég áherzlu á, að sem allra mestur hluti af því fé, sem til þeirra ætti að renna eftir þessari löggjöf, gangi til þess að gera varanlegt og ryklaust slitlag á þeim þjóðvegarköflum, sem mest eru notaðir af bifreiðum.

Eins og eðlilegt er, hefir risið megn mótstaða gegn þessum skatti frá þeim mönnum, sem stunda bifreiðaflutning sem atvinnu. Þeir telja það ranglátt að skattleggja þessa sérstöku tegund af samgöngum jafnframt því, sem nærfellt allar aðrar samgöngur í landinu njóta beinna fjárframlaga úr ríkissjóði. Ég tel þessa mótbáru réttmæta, meðan löggjöfinni er ekki þannig hagað, að sú atvinnugrein, sem á að bera skattinn, njóti sérstaks hagnaðar af notkun þess fjár. Sé fénu varið sem næst eingöngu til að koma upp nútíma-

hæfum bifreiðavegum í stað ófullnægjandi malarvega, tel ég, að báðir hafi haginn — bifreiðarnar fá nauðsynlega vegabót og viðhaldið léttist á ríkissjóði.

Þar sem málið hefir ekki ennþá fengið þann undirbúning, sem þarf út frá því sjónarmiði, sem hér er greint, legg ég til, að því verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 22. apríl 1932.

Jón Þorláksson.

Nd. 495. Nefndarálit

við frv. til laga um verðhækkunarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu mun vera ætlazt til þess, að verðhækkun fasteigna skiptist í tvo flokka, annarsvegar verðhækkun, sem eigandinn hefir sjálfur valdið og því er ekki rétt að skattleggja, og hinsvegar verðhækkun, sem hann hefir ekki valdið og því sé rétt að taka nokkurn hluta af til opinberra þarfa.

Þessi skipting næst þó ekki með frumvarpinu nema að litlu leyti. Þar er aðeins tekið tillit til þess, sem eigandinn hefir beinlínis valdið. En auk þess valda eigendur oft verðhækkun eigna óbeinlínis með öðrum aðgerðum, og eiga fullan rétt á arði þeim, sem af því leiðir, eins og þeir verða að bera hallann, ef illa tekst.

Þó að ekki sé ávallt hægt að rekja verðhækkun fasteigna til aðgerða eiganda, er alls ekki hægt að fullyrða, að hún stafi af framkvæmdum þess opinbera. Þar sem bæir vaxa, er það mjög oft vegna rekstrar einstakra manna, og jafnvel það, sem framkvæmt er í nafni þess opinbera, er borið uppi af þeim sömu mönnum að mestu leyti.

Þá má enn benda á verðhækkun, sem stafar af allt öðrum ástæðum, t. d. við það, að verðmæti skapast, sem ekki voru kunn áður. Má nefna sem dæmi fossa, sem menn hafa ekki vitað, að verðmæti væri í, eða efni í jörðu verður verðmætt vegna uppgötvana. Hefir jafnan verið viðurkenndur réttur landeiganda til slíkra verðmæta.

Minni hlutanum er ekki heldur kunnugt um, að löggjöf í þessa átt sé til annarsstaðar. Þar, sem einhverskonar verðhækkunarskattur hefir verið lagður á eða heimilaður, er hann jafnan miðaður við ákveðnar aðgerðir þess opinbera. Þannig er t. d. um verðhækkunarskatt út af járnbrautarlagningu, hafnargerð eða skipulagsbreytingu á bæjum, og munu þeir þó oftast heimilaðir sveitar- og bæjarfélögum og innan mjög þröngra takmarka. En meginmunurinn er sá, að miðað er við beinar og alveg ákveðnar aðgerðir þess opinbera. Er á því geysimunur eða stefnu þessa frumvarps, sem veitir aðeins undanþágu frá skattinum þar, sem um beinar og ákveðnar aðgerðir eigandans er að ræða.

Þá má næst minnast á verðhækkunarskatt þennan almennt. Hann er miðaður algerlega við verð, talið í krónum, þ. e. í verðmæli, sem jafnan er breytingum háður, og þeim oft stórkostlegum. Þetta veldur því, að vel getur svo farið, að verðhækkunarskattur verði krafinn af »verðhækkun«, sem er það aðeins í orði kveðnu. Breytist verðgildi peninganna verulega í þá átt, að gjaldeyririnn rýrni að verðmæti, getur meira að segja farið svo, að skattskyld verðhækkun í krónum sé raunverulega verðlækkun. Grundvöllur frumvarpsins er því eins ótryggur og frekast er unnt. Á hinn bóginn hafa flutningsmenn lýst því yfir, að þeir hafi ekki getað fundið annan grundvöll til þess að byggja þessa löggjöf á, og er það í rauninni yfirlýsing um, að þessi löggjöf sé ófær.

Um ýmsa augljósa smiðagalla á frumvarpinu hirðir minni hlutinn ekki að ræða, þar sem hann, samkvæmt framansögðu, hlýtur að leggja til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. apríl 1932.

Magnús Jónsson, fundaskr., frsm. Ólafur Thors.

Ed. 496. Frumvarp

til laga um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr

Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en 3 vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

2. gr

Á tímabilinu 15. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innifóðurs ekki skemur en 1 mánuð. Þó þarf leyfi atvinnumálaráðherra til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip.

3. gr.

Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður

banna, að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Skoðunarmenn semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð, og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

4. gr.

Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.), er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

5. gr.

Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, glaseygð, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanni) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. málsl. 3. gr.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa, sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það, hvernig eftirlitinu skuli hagað, og annað það, er þurfa þykir vegna útflutningsins.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 8. gr., varða sektum frá 50—3000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 47, 3. nóv. 1915, og lög nr. 34, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum.

Ed. 497. Lög

um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

1. gr.

Sáttanefndarmenn og varasáttarnefndarmenn í Reykjavík skulu kosnir af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, þá er lög þessi öðlast gildi, með hlutfallskosningu og til 3 ára í senn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.

Ed. 498. Tillaga

til þingsályktunar um ákvörðun á tölu starfsmanna við starfrækslugreinir og stofnanir ríkisins.

Frá minni hluta ríkisgjaldanefndar (JónÞ).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa tafarlaust og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um tölu starfsmanna árið 1933 við sérhverja starfrækslugrein ríkisins og ríkisstofnun.

Greinargerð.

Í flestum greinum ríkisstarfrækslunnar er starfsmannahald stærsti kostnaðarliðurinn, og til þess að fjárveitingarvaldið hafi full tök á þeim útgjöldum, þarf að ákveða bæði laun starfsfólksins, sem ávallt verða í mismunandi flokkum, og tölu starfsmanna í hverjum launaflokki. Hér á landi er sem stendur komið of mikið los á hvorttveggja, bæði ákvörðun launanna fyrir mismunandi flokka starfsmanna og ákvörðun starfsmannafjöldans í hverjum flokki. Sumir starfsmenn taka að vísu laun eftir launalögum frá 1919, en þau ná ekki til þess mikla fjölda af starfsmönnum í nýjum starfrækslugreinum og stofnunum, sem hafa myndazt síðan. Hefir ákvörðun þeirra starfslauna dregizt úr höndum löggjafarvaldsins og í hendur ráðherranna og forstöðumanna starfsgreina og stofnana langt umfram það, sem rétt er. Þetta atriði verður ekki leiðrétt nema með setningu nýrra almennra launalaga, og vænti ég, að ríkisstjórnin sinni því máli svo fljótt sem unnt er, án þess að um það sé gerð sérstök ályktun. Um hitt atriðið, tölu starfsmanna, hefir ekki verið venja hér á landi að ákveða með laga-

setningu. En þetta er venja annarsstaðar, og eru t. d. í Danmörku árlega sett lög um þetta, sem einskonar fylgilög við fjárlögin. Legg ég til, að sama venja sé upp tekin hér, og tel, að þetta mundi talsvert stuðla að því að gera áætlanir fjárlaganna um kostnað við starfsmannahald ábyggilegri en þær reynast nú, og vera nauðsynlegt aðhald fyrir framkvæmdarvaldið gegn fjölgun starfsmanna.

Tillaga þessi náði ekki samþykki hinna annara nefndarmanna og er því flutt af minni hluta nefndarinnar (JónÞ).

Nd. 499. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 487 [Bráðabirgðabreyting nokkurra laga].

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Upphaf till. orðist svo:
Á árunum 1932 og 1933 o. s. frv.

Ed. 500. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
4. Framkvæmd laga nr. 63, 8. sept. 1931, um hýsing prestssetra, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 15, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
6. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
7. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
8. Á árunum 1932 og 1933 skal helmingur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 501. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. 16. Á undan »Eyrarhreppur« kemur: Súðavíkurhreppur.
2. Við 1. gr. 17.
   a. »Súðavíkurhreppur« falli niður.
   b. Fyrir »Læknissetur í Ögri« kemur: Læknissetrið skal ákveðið með atkvæðagreiðslu héraðsbúa, þeirra er kosningarrétt hafa í sveitarstjórnarmálum.
   c. 2. málsgr. (»Íbúar í Álftafirði ... Ísafjarðarhéraði«) falli niður.

Nd. 502. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 450 [Síldarmat].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 7. Ný grein á eftir:

Þeir, sem verka síld til útflutnings, skulu í lok hverrar viku tilkynna yfirmatsmanni í umdæminu tölu þeirra tunna, er þeir hafa verkað, og á hvern hátt síldin er verkuð.

Nd. 503. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 17 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um mál þetta hefir eigi fengizt samkvæði nefndarmanna. Minni hl. (JJós og GÍ) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og niður felldur flugmálaskattur af síld með öllu. Meiri hluti telur aftur, eins og málinu er nú komið, ógerlegt að fella þetta gjald niður, nema svo væri, að fyrirhuguðum flugferðum yrði jafnframt tryggð með öðrum hætti álíka upphæð og flugmálaskatti nemur. Því hefir oft verið haldið fram, og með nokkrum rétti, að flugskattur eftir l. nr. 17 1930 kæmi óeðlilega hart niður á síldveiðamönnum og að þeim standi eigi nær en öðrum landsmönnum að kosta flugferðir. Um nytsemi flugferða fyrir síldveiðamenn og réttmæti gjaldsins má lengi deila, en óneitanlegt er það, að flugferðir á tveim síðustu árum hafa þó að mestu lotið að síldarleit, beint eða óbeint, og þótt ekki verði árangur þeirrar síldarleitar

til verðs metinn, þá er af leitaruppdráttum o. fl. ljóst, að veiðileit með flugvélum er mjög líkleg til að verða bæði síldveiðamönnum og öðrum, sem veiði stunda, að liði, einkum þegar frekari reynsla er fengin. Hinsvegar má þess einnig geta, að kostnaður af innlendum flugferðum hefir að þessu lent að meira leyti á ríkissjóði og fórnfúsum hluthöfum Flugfélags Íslands en á síldveiðamönnum, enda alveg óskoðað mál, hvaða atvinnugrein fórnar mestu á altari alþjóðar og þiggur minnst. Samanburður í þeim efnum mundi leiða út í öfgar einar og á hér ekki við. Hér verður að líta á aðrar og veigameiri ástæður, sem eiga að ákveða meðferð þessa máls.

Nú hefir Flugfélag Íslands, vegna fjárskorts, orðið að hætta störfum, eftir að hafa haldið uppi tilraunaflugi og síldarleit með ærnum kostnaði um nokkur undanfarin ár, keypt 3 flugvélar og lagt mikið fé til byggingar flughöfn, flugskála og annara tækja, er rekstur flugvéla útheimtir. Til að fullnægja útlendum lánardrottnum að nokkru, er því félaginu sá kostur ger að afhenda vélarnar og aðrar eignir með mjög niðursettu verði, jafnframt og starfsemi þess fellur niður og þau hreyfanlegu flugtæki eru á brautu flutt.

Hinsvegar hafa nú þau tíðindi gerzt, eins og kunnugt er, að vestræna flugfélagið Transamerican Airlines Corporation hefir fengið sérleyfi til millilandaflugs með viðkomum hérlendis, en félag þetta hefir gefið fyrirheit um að kaupa flugvélar þær, sem Flugfélag Íslands hefir notað, og halda uppi flugferðum hér á sumri komanda, ef um kaup vélanna semdi og flugmálaskatturinn eftir umræddum lögum væri því tryggður. Hefir félagið nýlega tilkynnt, að fulltrúi þess kæmi hingað bráðlega til samninga og undirbúnings þeim innlendu flugferðum.

Meiri hluti nefndarinnar álítur því ekki tímabært að samþykkja frumvarpið, en leggur til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að flugmálaskattur eftir lögum nr. 17 1930 hefir engin úrslitaáhrif um afkomu síldveiðanna hér á landi, en hinsvegar sterkar líkur fyrir því, að hagfelldir samningar takist um framhald þess innlenda flugs, ef flugskatturinn helzt óbreyttur, telur deildin eigi rétt að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.	Bergur Jónsson.

Nd. 504. Nefndarálit

um frumvarp til laga um greiðslu söltunarlauna úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hefir ekki náðst samkomulag í nefndinni. Minni hluti (JJós og GÍ) vill fylgja frv. lítt eða ekki breyttu, en meiri hluti telur það ekki til samþykktar fallið eða fært að gripa inn í skipti þrotabúsins með þeim ívilnunum til handa einstökum skuldheimtumönnum, sem frv. ræðir um, og það því síður, sem þeir skuldheimtumenn hafa fengið meiri hluta fjárheimtunnar greiddan, þótt aðrir skuldheimtumenn með hliðstæðar kröfur hafi ekkert fengið.

Vér lítum auk þess svo á, að forgangskröfuréttur síldarsaltendanna sé engan veginn skýlaus eða að ríkissjóði beri að fella niður forgangskröfur sínar að opinberum gjöldum til hagsmuna fyrir skuldheimtumenn þá, er ætla má, að beri tiltölulega betri hlut frá borði en flestir aðrir kröfuhafar í búinu. Hitt mætti álíta sanni nær, þegar lokið væri rannsókn og skiptum þrotabúsins og sýnt, að einstakir skuldheimtumenn hefðu beðið mikinn halla af viðskiptunum, að leita einhverra uppbóta fyrir þá, sem skarðastan hlut hefðu borið frá borði, og myndi slík fjárkrafa þá eðlilega verða að koma fram eins og beiðni um styrk vegna tjóns eða óhappa.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að mál þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem enn þá er eigi upplýst um greiðsluhalla í þrotabúi Síldareinkasölu Íslands eða kunnugt orðið, hverjir skiptavinir hennar muni harðast verða úti við gjaldþrotaskiptin, telur deildin eigi hlýða að veita með lagaboði einstökum skuldheimtumönnum sérréttindi til skuldheimtu úr búinu eða að ræða frv. þetta frekar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson. Bergur Jónsson.

Nd. 505. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. A. III. Aftan við liðinn koma nýir töluliðir:

17. Hvannadalsá.
18. Selá.
19. Unaðsdalsá.

20. Botnsá.
21. Laugardalsá.
22. Kleyfaá.
23. Eyrardalsá.

Nd. 506. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Á eftir II. B. 1. kemur nýr liður:
Frá verzlunarlóð Bolungavíkur að Hnífsdal.

Nd. 507. Breytingartillaga

við frv. til laga um skipun læknishéraða o. s. frv.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 10. gr. Aftan við greinina bætist: Að öðru leyti ganga lögin i gildi 1. jan. 1933.

Ed. 508. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 23. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 509. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 510. Lög

um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimi- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til íþrótta- eða leikfimikennslu við ríkisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi. Sama er um leikfimi- og íþróttakennara, sem eru fastir starfsmenn íþróttafélaga eða ungmennafélaga.

2. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur reglur um leikfimi- og íþróttakennslu, þar sem höfð er full hliðsjón af mismunandi aðstöðu hinna ýmsu skóla og kröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar.

3. gr.

Prófnefnd 3 manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, dæmir um kunnáttu þeirra manna, sem vilja starfa sem íþrótta- eða leikfimikennarar samkvæmt 1. gr. Leggur nefndin úrskurð á, hvort þeir skuli ganga undir próf að öllu leyti eða í einstökum greinum, eða hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Prófnefndin skal skipuð til 3 ára í senn, og fær hún þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við ríkisskólana. Rétt er prófnefnd að kveðja sér til aðstoðar, er henni þykir þess þörf, tvo sérfróða menn, og hafa þeir þá atkvæðisrétt sem hinir reglulegu nefndarmenn.

Ed. 511. Lög

um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núverandi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vegamótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þennan kafla, skal það gert.

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Ed. 512. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Flm.: Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.

1. gr.

Leggja skal viðbótar-tekju- og eignarskatt á skattþegna landsins eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Til grundvallar fyrir skattaálagningu samkv. 1. gr. ber að leggja skattskyldar tekjur árið 1931 og 1932 og eignir í lok sömu ára samkvæmt ákvörðunum skattanefnda (skattstjóra) eða yfirskattanefnda árið 1932 og 1933, með þeim breytingum, sem leiðir af ákvæðum 6. gr. þessara laga um persónufrádrátt.

3. gr.

Tekjuskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., reiknast af skattskyldum tekjum samkvæmt lögum þessum þannig:

Af	2000	kr.	greiðist	kr.	40	og	5%	af	afgangi,	að	3000	
—	3000	—	—	—	90	—	7	—	—	—	4000	
—	4000	—	—	—	160	—	9	—	—	—	5000	
—	5000	—	—	—	250	—	11	—	—	—	6000	
—	6000	—	—	—	360	—	13	—	—	—	7000	
—	7000	—	—	—	490	—	15	—	—	—	8000	
—	8000	—	—	—	640	—	17	—	—	—	9000	
—	9000	—	—	—	810	—	18	—	—	—	10000	
—	10000	—	—	—	990	—	19	—	—	—	12000	
—	12000	—	—	—	1370	—	20	—	—	—	14000	
—	14000	—	—	—	1770	—	21	—	—	—	16000	
—	16000	—	—	—	2190	—	22	—	—	—	18000	
—	18000	—	—	—	2630	—	23	—	—	—	20000	
—	20000	—	—	—	3090	—	24	—	—	—	25000	
—	25000	—	—	—	4290	—	26	—	—	—	30000	
—	30000	—	—	—	5590	—	28	—	—	—	35000	
—	35000	—	—	—	6990	—	30	—	—	—	40000	
—	40000	—	—	—	8490	—	32	—	—	—	45000	
—	45000	—	—	—	10090	—	34	—	—	—	50000	
—	50000	—	—	—	11790	—	36	—	—	því, sem þar er fram yfir.		

4. gr.

Tekjuskattur samkv. lögum þessum sé lagður á alla skattþegna, félög sem einstaklinga. Á félög skal þó aldrei leggja hærri skatt samkvæmt lögum þessum en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74, 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

5. gr.

Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggst á allar skattskyldar eignir og skal vera 100% af þeim eignarskatti, sem lagður verður á þær eignir árið 1932 og 1933 samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921.

6. gr.

Áður en fundnar eru skattskyldar tekjur samkv. lögum þessum, ber að draga frá beinum tekjum skattþegna, eins og þær verða ákveðnar árið 1932 og 1933 af skattanefndum (skattstjóra) eða yfirskattanefndum, sem hér segir:

a) Fyrir einstakling: 1000 kr.
b) Fyrir hjón: 1800 kr.
c) Fyrir börn og aðra skylduómaga, sem um ræðir í 13. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921: 600 kr. fyrir hvern.

7. gr.

Skattanefndir (skattstjóri) annast um álagningu skatts samkv. lögum þessum. Um kærur út af skattálagningu samkvæmt þeim gilda ákvæði laga nr. 74, 27. júní 1921, um þau efni.

8. gr.

Innheimtu skatts þess, sem á lagður er samkv. lögum þessum, annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1933.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir verulegri hækkun á tekju- og eignarskatti. Er hækkuninni þannig fyrir komið, að hún kemur meira niður á einhleypum mönnum en fjölskyldumönnum, vegna þess, að persónufrádrátturinn við ákvörðun viðbótarskatts er settur hærri en samkvæmt núgildandi skattalögum. Eins og skattstiginn í frumvarpinu og ákvæði um persónufrádrátt bera með sér, kemur viðbótarskatturinn ekki til greina nema um sæmilegar tekjur sé að ræða. Einhleypir eiga að greiða viðbótarskatt samkvæmt frumvarpinu, ef þeir hafa minnst 3000 kr. hreinar tekjur, en sá, sem hefir 5 manna fjölskyldu og þar yfir, á að greiða skatt samkvæmt því, ef hann hefir minnst 5600 kr. í hreinar tekjur.

Viðbótarskattur af þessum tekjum nemur samkvæmt frumvarpinu kr. 40.00. Fer viðbótarskattur síðan hlutfallslega hækkandi, eftir því sem um hærri tekjur er að ræða. Fer hér á eftir tafla, er sýnir skattgreiðslur af tekjum manna, ef frumvarp þetta öðlast samþykki. Er í töflu þessari m. a. sýnt, hve miklu viðbótarskatturinn samkvæmt frumvarpinu og skattur samkvæmt núgildandi skattalögum nema samtals, og einnig hvað þeir verða samanlagt að hundraðatali af skattskyldum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi:

Nto. tekjur	Fjölsk.	Skattsk. tekjur skv. núg. lögum	Skattsk. tekjur skv. frumv.	Skattur skv. núg. lögum	Viðbótarsk. skv. frumv.	Skattur alls	Skattur alls % af skattsk. tekjum samkv. frumv.
3000	1	2500	2000	32	40	72	3,60
5600	5	3100	2000	45	40	85	4,25
5000	1	4500	4000	92	160	252	6,30
7600	5	5100	4000	117	160	277	6,92
7000	1	6500	6000	192	360	552	9,20
9600	5	7100	6000	229	360	589	9,81
9000	1	8500	8000	332	640	972	12,15
11600	5	9100	8000	381	640	1021	12,76
11000	1	10500	10000	512	990	1502	15,02
13600	5	11100	10000	573	990	1563	15,63

Nto. tekjur	Fjölsk.	Skattsk. tekjur skv. núg. lögum	Skattsk. tekjur skv. frumv.	Skattur skv. núg. lögum	Viðbótarsk. skv. frumv.	Skattur alls	Skattur alls % af skattsk. tekjum samkv. frumv.
13000	1	12500	12000	732	1370	2102	17,51
15600	5	13100	12000	805	1370	2175	18,12
15000	1	14500	14000	992	1770	2762	19,87
17600	5	15100	14000	1077	1770	2847	20,33
17000	1	16500	16000	1302	2190	3492	21,88
19600	5	17100	16000	1389	2190	3579	22,36
19000	1	18500	18000	1632	2630	4262	23,67
21600	5	19100	18000	1741	2630	4371	24,31
21000	1	20500	20000	2009,50	3090	5099,50	25,49
23600	5	21100	20000	2126,50	3090	5216,50	26,82
26000	1	25500	25000	2987	4290	7277	28,92
28600	5	26100	25000	3107	4290	7297	29,58
31000	1	30500	30000	3992	5590	9582	31,94
33600	5	31100	30000	4118	5590	9708	32,36
36000	1	35500	35000	5047	6990	12037	34,39
38600	5	36100	35000	5179	6990	12169	34,76
41000	1	40500	40000	6152	8490	14642	36,65
43600	5	41100	40000	6290	8490	14780	36,95
51000	1	50500	50000	8457	11790	20247	44,81
53600	5	51100	50000	8601	11790	20391	47,82

Í frumvarpinu er og gert ráð fyrir, að eignarskatturinn verði hækkaður um 100% frá því, sem nú er. Eignarskatturinn er nú mjög lágur. Þannig eru nú greiddar í eignarskatt af 50 þús. kr. skuldlausri eign 71 kr., og 100 þús. kr. eign 221 kr. Samkvæmt frumvarpinu mundi bera að greiða 142 kr. af 50 þús. og 442 kr. af 100 þús. kr. eign skuldlausri. Geta slíkt eigi talizt háar greiðslur af slíkum eignum.

Ýmsum erfiðleikum er bundið að komast að raun um, hve miklu skattauki samkv. frumvarpi þessu muni nema. Veldur því hvorttveggja, að breytt er um persónufrádrátt frá núgildandi skattalögum, og þó frekar, að eigi verður miðað við skatttekjur manna undanfarin ár, sökum breytinga þeirra á tekjum manna og fjárhagsástæðum yfirleitt, sem orðið hafa á síðastliðnu ári og enn eru eigi til yfirlitsskýrslur um. Ef miðað er við reynslu undanfarinna ára og þá mestu lækkun, sem orðið hefir á tekju- og eignarskatti frá ári til árs, og ríflega gert fyrir innheimtuvanhöldum, eða um helmingi meira en meðalvanhöld hafa verið síðan núgildandi tekju- og eignarskattslög komu í gildi, ætti tekjuskatturinn, sem álagður er, samkv. gildandi skattalögum á árinu 1932, að reynast innheimtur ca. 720 þús. kr. og eignarskatturinn ca. 180 þús. kr., eða samtals um 900 þús. kr. Ef þessi áætlun er síðan lögð til grundvallar við áætlun um það, hve viðbótarskatturinn muni nema miklu innheimtur, þá mun nærri lagi að áætla viðbótartekjuskattinn samkv. frumvarpinu að meðaltali 160% af tekjuskattinum samkv. núgildandi lögum. Skattstiginn í frumvarpinu er að vísu frá 135%—190% hærri en núgildandi skattstigi, og m. a. s. 190% á þeim tekjum, sem líklegar eru til

þess að gefa mikinn skatt. En hér vegur á móti, að töluvert af núverandi skattgreiðendum losnar við að greiða viðbótarskatt við hækkun persónufrádráttar. Að öllu athuguðu virðist því eigi óvarlegt að reikna með 160% hækkun, eða um 1150 þús. kr. Eignarskatturinn hækkar um 100%, eða um 180 þús. kr., samkv. áætlun um eignarskattinn 1932 hér að framan. Tekjuauki af þessu frumvarpi virðist því eigi óvarlega áætlaður 1330 þús. kr.

Þar sem um verulega hækkun á tekju- og eignarskatti er að ræða samkv. þessu frumvarpi, þótti rétt að setja í frumvarpið heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skattinum, og einnig heimild fyrir hana til þess að ákveða, að haldið skuli eftir hluta af launum manna upp í skattgreiðslur. Geta ákvæði þessi orðið til mikils gagns bæði fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur.

Nd. 513. Frumvarp

til laga um síldarmat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll síld, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur í salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó síld, sem flutt er út í dósum eða smáílátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri síld, eða ágreiningur rís milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum síldarsaltenda og síldarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með síldarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur símakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra í hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af síldareiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsíldarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

3. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem síld er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat síldar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til síldarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á síld og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr ríkissjóði.

Yfirsíldarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi síldar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður síldarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

4. gr.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir síld, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á síld í þeim tunnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

Síldartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmann gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsíldarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

5. gr.

Þegar síld hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum

yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri síld, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er síld, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En hafi síld verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá síld votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

6. gr.

Allri síld, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði síldarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd í tunnu og hver sé meðaltala síldа í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitazt við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi síldarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Yfirsíldarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnumálaráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um það, að farmskírteini yfir metna síld séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskírteinunum.

7. gr.

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 514. Breytingartillaga

frv. til l. um síldarmat.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein:

Þeir, sem verka síld til útflutnings, skulu í lok hverrar viku tilkynna yfirmatsmanni í umdæminu tölu þeirra tunna, er þeir hafa verkað, og á hvern hátt síldin er verkuð.

(Greinatala breytist samkv. því.)

Ed. 515. Frumvarp

til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 3. umr. í Nd).

Samhljóða þskj. 485, með þeirri breytingu, að 10. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laga þessara um Reykjavíkurhérað ganga í gildi þegar það hérað verður næst laust. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52, 22. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavík, en bæjarlæknirinn verður héraðslæknir. Að öðru leyti ganga lögin í gildi 1. jan. 1933.

Nd. 516. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

Frá Magnúsi Jónssyni, Steingr. Steinþórssyni og Héðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »vel og samvizkusamlega, geta . . .« komi: fengið inngöngu í vélgæzludeild vélstjóraskólans (sbr. 2. gr. laga um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, nr. 43, 3. nóv. 1915).
   Það, sem eftir er greinarinnar, falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 517. Breytingartillögur

við frv. til laga um útflutning hrossa.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Tveir síðustu málsliðir greinarinnar orðist svo: Þó getur atvinnumálaráðherra, með sérstöku leyfi í hvert sinn, veitt undanþágu, ef

nauðsyn ber til, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna frá því þau eru keypt, þar til þau eru látin í skip.

2. Við 3. gr. Þriðji málsliður falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, svo og um aldur og stærð þeirra, ef þess er óskað af útflytjanda.

Nd. 518. Frumvarp

til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Útvarpa skal veðurskeytum að minnsta kosti fjórum sinnum á sólarhring frá útvarpsstöðinni í Reykjavík. Þó má fela loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík. Þóknun fyrir birtingu veðurskeyta greiðist úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað, þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Nd. 519. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Engely Hellum Lynge, mótorviðgerðamaður á Akureyri, fæddur í Danmörku.
2. Andersson, Rasmus Reinhold, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
3. Andreasen, Ole Kristian, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Björn Pétursson, verkamaður á Mýrum í Skagafjarðarsýslu, fæddur á Íslandi.
5. Hansen, Hans Jakob, bakarameistari í Stykkishólmi, fæddur í Danmörku.
6. Höyer, Anders Christian Carl Julius, garðyrkjumaður í Hveradölum, fæddur í Danmörku.
7. Jacobsen, Johan Jentoft Bek, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
8. Jensen, Peter Adolf Aage Edvard, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Takács, Georg, læknisnemi í Reykjavík, fæddur í Ungverjalandi.

Nd. 520. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr.

Fyrir »að netalögum eyja þeirra« kemur: miðja vegu milli lands og eyja þeirra.

Ed. 521. Breytingartillögur

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr.

a. Við a.-lið. Fyrir »4« komi: 3.

b. Við c. 1. Fyrir »6 — sex« komi: 8 — átta.

c. Við c. 2. Fyrir »12 — tólf« komi: 16 — sextán.

Nd. 522. Þingsályktun

um Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta reglugerð Hins almenna menntaskóla í Reykjavík í samræmi við yfirlýstan vilja allra þingflokka í efri deild Alþingis á þingunum 1929 og 1930, þó með þeirri breytingu, að framvegis verði, auk fjögurra ára lærdómsdeildar, starfrækt tveggja ára gagnfræðadeild með óskiptum bekkjum.

Nd. 523. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr. og á eftir henni komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.

b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má, að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.
e. Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi tvær nýjar greinar, er verða 9. og 10. gr., svo hljóðandi:

a. Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Ráðherra getur einnig falið honum eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum reglugerða um varnir gegn útvarpstruflunum, um loftnet fyrir útvarpstæki o. fl.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

b. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Skal gjald þetta miðast við stærð rafala í orkuveri, og má eigi nema meiru en einni krónu af hverju kílówatti málraun þeirra. Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjalds þessa, og má taka það lögtaki.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

5. gr.

7., 8. og 9. gr. laganna verði 11., 12. og 13. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 7, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 524. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu söltunarlauna úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar hefir afgreitt frumvarpið með rökstuddri dagskrá. Minni hlutinn (JJós og GÍ) vill samþykkja frumvarpið óbreytt af efni til, en telur hinsvegar rétt að gera þá breytingu á frumv., að færa það í heimildarlagaform, og breyta auk þess að nokkru orðalagi 1. gr., og leggur því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða síldarsaltendum frá síðastliðnu sumri söltunarlaun þau, er þeir eiga þar inni, enda sé jafnframt felld niður jafnhá upphæð af forgangskröfum (tollkröfum) ríkissjóðs í bú síldareinkasölunnar.

Alþingi, 25. apríl 1932.

Guðbr. Ísberg, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Nd. 525. Nefndarálit

um frv. til laga um sauðfjármörk.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl., þeir MG og PO, leggur á móti frumvarpinu, en meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Meiri hl. álítur, að ekki verði hjá því komizt að fyrirbyggja sem fyrst þann glundroða, sem sammerkingar valda víða á landinu, en sá glundroði fer sívaxandi, sem kunnugt er, eftir því sem samgöngur fara batnandi milli hinna ýmsu héraða landsins, sem áður voru í þessu falli afskorin hvert frá öðru, og eftir því sem mörkum fjölgar. Nefndin álítur, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni verða mikil bót í þessu efni og eigi því að afgreiða. Hinsvegar lítur hún svo á, að rétt sé að

fresta framkvæmd málsins nokkuð, bæði með tilliti til fjárhagsörðugleika yfirstandandi tima, og sömuleiðis til hins, að sumar sýslur hafa nýlega prentað markaskrár sínar, og virðist því rétt að gefa þeim nokkurn frest áður samskonar útgjöld verða lögð á þær á ný.

Aðrar breytingar mun nægja að skýra í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra skipar 2 menn í markadóm. Auk þeirra er sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands sjálfkjörinn formaður markadóms og um leið markavörður.
   Markadómur skal úrskurð gefa meðal annars um rétt manna til að halda sauðfjármarki, er þeir hafa áður haft, eða er í gildandi markaskrá, þegar um sammerkingar eða námerkingar er að ræða, þar, sem lög þessi leggja bann við. Ennfremur veitir hann heimild til að taka upp nýtt mark eða flytja mark milli héraða. Útlagðan kostnað dómsins skal greiða úr ríkissjóði, eftir reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Draga skal fénað þannig, að fyrst ræður sýslubrennimark, þá hreppsbrennimark og síðast eyrnamark. Sé kind hornmörkuð eða brennimerkt öðrum en þeim, er eyrnamarkið á, skal hún þeim dregin, er á horn- eða brennimarkið. Beri hornmarki og brennimarki ekki saman, skal brennimarkið ráða. Frá þessu skal því aðeins vikja, að annað sannist réttara.
3. Við 14. gr. Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, skal vera eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, sem kostnað ber af fjallleitum og réttahaldi, þar sem það finnst, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó skal óskilafé, ef það er merkt hreppsbrennimarki, vera eign þess sveitarfélags, er brennimarkið á.
4. Við 15. gr.
   a. Fyrir orðin »Akureyringa og Siglfirðinga« í annari málsgrein greinarinnar komi: markaeigenda á Akureyri og Siglufirði.
   b. Fyrir »Vestmannaeyjasýslu« í fjórðu málsgrein greinarinnar komi: Vestmannaeyjakaupstaðar.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er markadómi að banna öll mikil særingarmörk. Afeyrt er engum heimilt að nota.
6. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1935.

Alþingi, 25. apríl 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. meiri hl.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Þorleifur Jónsson.

Ed. 526. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (þskj. 463).

Frá Jóni Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný gr.:
21. gr. fátækralaganna orðist þannig:
Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalizt 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 2 árum.
(Greinatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.)

Nd. 527. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 100000 sterlingspund, eða tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er borið fram í samráði við bankastjórn Landsbankans og samkvæmt svo hljóðandi bréfi frá bankaráðinu:

„Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands, sem haldinn var í gær, bar formaður upp svo hljóðandi tillögu:

„Þar sem í ráði mun vera, að ríkisstjórnin leiti heimildar Alþingis um ábyrgð á allt að £100000.00 bráðabirgðaláni handa Landsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands og ríkissjóði, samkvæmt viljyrði um lánveitingu frá Barclays Bank, Ltd., þá lýsir bankastjórn Landsbankans yfir því, að þó hún skoði þessa lánsheimild réttmæta tryggingarráðstöfun, þá ætlist hún ekki til þess að Landsbankinn noti neitt af þessu lánsfé, og lætur þá skoðun jafnframt í ljósi, að all-

ar nýjar bráðabirgðalántökur á yfirstandandi tíma séu stórhættulegar og til þeirra megi ekki grípa, nema einhverjir ófyrirsjáanlegir atburðir geri það óhjákvæmilegt".

Þessi tillaga var samþykkt með samhljóða atkvæðum bankaráðsmannanna og bankastjóranna.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.

Formaður Bankaráðs Landsbanka Íslands.

Jón Árnason".

Nd. 528. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar samþykkt voru lögin um ábyrgð á innstæðufé hjá Útvegsbanka Íslands h/f, var Alþingi það kunnugt, að allmikið fé hafði verið tekið út úr bankanum, fram yfir það, sem eðlilegt var. Þótt sú úttekt hafi stöðvazt jafnskjótt og ábyrgðin var samþykkt og heldur hafi aukizt innlánsfé síðan, þá er það ekki nema brot af því, er út hafði verið tekið frá því bankinn hóf starfsemi sína.

Þegar þar við bætist hin mikla skuldaaukning við bankann vegna verðfalls á íslenzkum afurðum árin 1930 og 1931, þá má það vera hverjum auðsætt, að bankinn getur eigi af eigin rammleik sinnt nauðsynlegum lánbeiðnum viðskiptamanna sinna á yfirstandandi útgerðartímabili.

Er því farið fram á það í frv., að ríkisstjórninni sé gefin heimild til þess að ábyrgjast allt að 100 þúsund sterlingspunda lán handa Útvegsbanka Íslands h/f, til þess að hann geti greitt úr brýnustu þörfum viðskiptamanna sinna.

Bankaráð Útvegsbankans ritaði fjármálaráðherra, 2. apríl, svo hljóðandi bréf um málið:

„Eins og hv. fjármálaráðherra er kunnugt af viðtali við oss, er meginhlutinn af fé því, 150000 sterlingspund, er tekið var með ábyrgð ríkissjóðs handa Útvegsbankanum á síðastliðnu ári, fast í útlánum bankans, sem stafar fyrst og fremst af hinum miklu erfiðleikum, sem atvinnuvegir landsmanna eiga við að búa, og í öðru lagi af því, að fé hefir verið tekið út úr bankanum frekar en eðlilegt er, allt fram til 25. febrúar, að sú úttekt stöðvaðist, þegar ríkissjóður tók ábyrgð á innstæðum í bankanum. Þar að auki gekk nokkur hluti hins nýja láns til þess að greiða fasta skuld hjá Hambrosbanka, en það var skilyrði fyrir lánveitingunni, að sú skuld yrði þá greidd.

Í vetur hefir bankinn því ekki að neinu verulegu leyti getað veitt lán til útgerðarinnar, en nú fer sá tími í hönd, sem mest er þörf á rekstursfé.

Oss telst svo til, að í Vestmannaeyjum þurfi að veita lán, er eigi nemi minna en 700 til 800 þús. krónur og til útgerðarinnar hér í Reykjavík og annarsstaðar eigi lægri fjárhæð en 1200 til 1500 þús. krónur, þar sem vér búumst við, að veita þurfi, að venju, lán til verkunar á fiskinum að meira eða minna leyti.

Hér er aðeins átt við lán vegna viðskiptamanna Útvegsbankans og oss hefir skilizt, að eigi geti verið um nein veruleg endurkaup að ræða frá Landsbankanum á þessu ári, og teljum vér því brýna nauðsyn á því, að útvegað sé nýtt lánsfé í því skyni, er að ofan getur, teljum vér fullvíst, að það muni ekki fást nema með ábyrgð ríkissjóðs.

Fyrir því leyfum vér oss fyrir hönd Útvegsbanka Íslands h/f að snúa oss til yðar, hv. fjármálaráðherra, og fara þess á leit, að þér beitið yður fyrir því, að heimild verði gefin af Alþingi handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast allt að 100 þús. sterlingspunda rekstrarlán handa Útvegsbanka Íslands h/f.

Þótt lán þetta fengist, mundum vér þó eigi taka það fyrr en vér höfum fengið loforð um slík afborgunarkjör á skuldum hjá aðal-lánardrottnum bankans, að öruggt sé, að ekkert af þessu nýja láni festist, heldur geti haldið áfram sem hreint rekstrarlán, er greiðist að fullu árlega.

Með mikilli virðingu, Fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h/f.

(Sign.) Sv. Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Magnús Torfason, Lárus Fjeldsted, Eggert Claessen“.

Ed. 529. Frumvarp

til laga um síldarmat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll síld, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal

vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur í salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó síld, sem flutt er út í dósum eða smáílátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri síld, eða ágreiningur rís milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum síldarsaltenda og síldarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með síldarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur símakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra í hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af síldareiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsíldarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

3. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem síld er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat síldar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til síldarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á síld og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr ríkissjóði.

Yfirsíldarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi síldar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður síldarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

4. gr.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir síld, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á síld í þeim tunnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

Síldartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmenn gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsíldarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

5. gr.

Þegar síld hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri síld, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er síld, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En hafi síld verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá síld votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

6. gr.

Allri síld, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði síldarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd í tunnu og hver sé meðaltala síldа í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitazt við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi síldarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Yfirsíldarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnumálaráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða um-

boðsmenn þeirra sjá um það, að farmskírteini yfir metna síld séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskírteinunum.

7. gr.

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. gr.

Þeir, sem verka síld til útflutnings, skulu í lok hverrar viku tilkynna yfirmatsmanni í umdæminu tölu þeirra tunna, er þeir hafa verkað, og á hvern hátt síldin er verkuð.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 530. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um ákvörðun á tölu starfsmanna við starfrækslugreinir og stofnanir ríkisins.

Frá meiri hluta ríkisgjaldanefndar.

Tillögugreinin orðist svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa frv. til laga um tölu starfsmanna við sérhverja starfrækslugrein ríkisins og ríkisstofnun og láta fylgja frv. til fjárlaga framvegis.

Ed. 531. Lög

um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja i félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús i smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í félaginu öll íbúðarhús utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin; ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum. Sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð í sveitum utan kauptúna innanstokksmuni og aðra búslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum er félaginu einnig heimilt að taka í ábyrgð innanstokksmuni og búslóð, sem húseigandi á í hinum tryggðu húsum.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið i ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verða munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í tvo flokka, og myndast af iðgjöldum til félagsins tveir tryggingarsjóðir, hvor fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna, hvort sem þær eru i skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance“) hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefir í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	Í kauptúnum og kaupstöðum	Í sveitum utan kauptúna.
1. Steinhús	kr. 20000,00	kr. 12000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd	— 15000,00	— 10000,00
3. Önnur hús	— 10000,00	— 8000,00

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sam-

brunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Vátryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir,

eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu hvíla á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjármálaráðherra samþykkir.

b. Að öðru leyti í tryggum handhafaverðbréfum, sem fjármálaráðherra samþykkir.

Heimilt er þó, með samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, að verja af fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Ársreikningur Brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. sept. 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, skal mynda tryggingarsjóð sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna.

23. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

24. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum.

Frá 15. okt. 1934 falla ennfremur úr gildi lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar, en brunabótasjóðir samkvæmt 1. gr. þeirra laga verða frá sama tíma eign sveitarfélaga þeirra, er hlut eiga að máli, og má ekki skerða þá innstæðu án samþykkis sýslunefndar.

Nd. **532. Lög**

um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl).

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall nálægt Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinu hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að 1/8 hluta. Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að 3/4 og 1/4 hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðs-

dómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa

verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1.—4. lið 1. gr. laga þessara.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Nd. 533. Lög

um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl).

1. gr.

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi taugakerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.

2. gr.

Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störf-

um. Ef ríkisstjórnin hefir verkfræðing með sérmenntun í rafmagnsfræði í þjónustu sinni, skal hann einnig vera vegamálastjóra til aðstoðar við rannsóknir þessar án sérstaks endurgjalds.

3. gr.

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir atvinnumálaráðuneytið. Ráðherra er heimilt að skipa fimm manna raforkumálanefnd ríkisstjórninni til aðstoðar í þessum efnum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, tilnefndir hver af sínum þingflokki, þeim sem nú eru, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að áskildu samþykki rafmagnsstjórnar kaupstaðarins, og hinn fimmti skrifstofustjóri eða fulltrúi úr ráðuneyti atvinnu- og samgöngumála, og er hann formaður nefndarinnar. Bresti tilnefningu eða samþykki einhvers framangreindra aðilja, velur ráðherra mann í þess stað.

Raforkumálanefndin starfar kauplaust, og skal verkefni hennar vera að undirbúa tillögur og lagafrumvörp þessum málum viðvíkjandi, sem koma eiga fyrir Alþingi. Atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóri láta nefndinni í té aðstoð eftir þörfum án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 534. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að ætla svæði undir heimavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu bæjarins, til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.

Nd. 535. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavikurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr. Eftir »í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur« kemur: Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þó lengra nái frá landi en netalög, enda eru þau skip, sem afgreidd eru í Viðey, ekki gjaldskyld til Reykjavíkurhafnar.

Ed. 536. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, annar (JónJ) þó með nokkrum breytingartillögum, er hann mun bera fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 1932.

Einar Árnason,	Jón Jónsson,
form. og frsm.	fundaskr.

Ed. 537. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Flm.: Pétur Magnússon og Jón Jónsson.

1. Við 8. gr.

Á eftir 3. lið komi svolátandi nýr liður, og liðatala breytist samkv. því:

4. Hafa sýnt það, með því að greiða fyrstir dómsatkvæði í 4 málum, og sé að minnsta kosti eitt þeirra einkamál, að þeir séu hæfir til að skipa sæti í dóminum.

2. Við 21. gr.
   Eftir 1. málslið 1. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Í dómi ber að ákveða þeim sanngjarna þóknun fyrir málflutninginn.
3. Við 24. gr.
   Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal, ef fimmtardómur leggur það til, svipta o. s. frv.
4. Við 35. gr.
   Upphaf gr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra er skylt að veita leyfi til áfrýjunar, ef málsaðili eða umboðsmaður hans óskar þess, þótt frestur o. s. frv.
5. Við 49. gr.
   Í stað »þingfesta« komi: málflutningur á fram að fara.

Nd. 538. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald (þskj. 221).

Frá fjárhagsnefnd.

Það væri réttmætt nú í hinni hörðu kreppu atvinnuveganna, að létta eða fella niður útflutningsgjald af íslenzkum framleiðsluvörum, þ. á. m. sildarafurðum. En eins og ástæður eru um þörf ríkissjóðs til tekna, þá er þó ekki hægt að gera það, nema að afla tekna í staðinn, en til þess er ekki bent á nokkra leið í þessu frv. Og eins og horfur eru á um úrlausn tollamála, sem liggja fyrir þessu þingi, þá verður því síður séð, að tekjuþörf ríkissjóðs leyfi lækkun á þessum tolli, né öðrum, sem á hvíla.

Af framantöldum ástæðum sér nefndin ekki fært að mæla með, að frv. verði samþykkt, en leggur til, að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. apríl 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.
	Steingr. Steinþórsson.	

Nd. 539. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 15, 14. júní 1929, um útflutningsgjald af síld o. fl. (þskj. 222).

Frá fjárhagsnefnd.

Þetta frv. stendur í sambandi við frv. á þskj. 221, um breytingu á útflutningsgjaldslögunum. Með tilvísun til þess, sem um það frv. er sagt í nál.

fjhn. á þskj. 538, leggur nefndin til, að þetta frv. fái sömu afgreiðslu og sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. apríl 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Magnús Jónsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.
	Steingr. Steinþórsson.	

Sþ. **540. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn áfengisbruggun og öðrum áfengislagabrotum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Ingvar Pálmason, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að útrýma áfengisbruggun í landinu, og leggja fyrir lögreglustjóra landsins að framfylgja áfengislögunum til hins ýtrasta og láta þá menn, sem uppvísir verða að brotum gegn þeim, tafarlaust sæta refsingu eins og lög standa til.

Ed. **541. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að breyting sú, sem frv. fer fram á að gera á núgildandi lögum, geti verið varhugaverð, með því hún geti orðið til að ýta undir skiptingu hreppa í allt of smá sveitarfélög, sem þá þyldu illa áföll, sem alltaf geta komið fyrir einstök sveitarfélög. Hinsvegar er það síður en svo útilokað með núgildandi löggjöf, að kauptún þau, er hér ræðir um, geti orðið sérstök sveitarfélög, ef ástæður eru þannig, að það sé æskilegt, því að 3. gr. sveitarstjórnarlaganna heimilar það, en tryggir aðeins betur, að ekki sá rasað fyrir ráð fram um stofnun óstarfhæfra sveitarfélaga.

Nefndin leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 26. apríl 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 542. Breytingartillaga

við frv. til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði ársins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

Ed. 543. Breytingartillaga

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. gr. III. 12.

Í stað liðarins komi:

12. Hvítá í Árnessýslu hjá Kiðjabergi.

Greinargerð.

Árnesingar leggja mun meiri áherzlu á að fá brú yfir Hvítá hjá Kiðjabergi en Iðu, enda talið, að bjargast megi við kláfferju til læknisvitjana í Laugarás.

Nd. 544. Frumvarp

til laga um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd Rangárvallasýslu að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslunnar, að allir ungir menn verkfærir, á aldrinum 18 ára, vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir sýslufélagsins 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa

tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

2. gr.

Nú lizt sýslunefndinni að starfrækja lýðskóla með sliku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef ⅔ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal i sýslunni útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er sýslunefndin ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslunefndin að starfrækja skólann með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tima, að skólahúsið var fullgert, skal sýslan endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá 1/40 hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er sýslunefndin semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna i sýslusjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

Ed. 545. Frumvarp

til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði árs-

ins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík. Þóknun fyrir birtingu veðurskeyta greiðist úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Ed. 546. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 5. gr. 1. málslið bætist: og gilda til 31. des. 1935.

Ed. 547. Breytingartillögur

við frv. til laga um brúargerðir.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Við 2. gr. Á eftir A. III. 1. komi 2 nýir liðir:

a. Staðará í Staðarsveit.

b. Vatnsholtsá í Staðarsveit.

Nd. **548. Tillaga**

til þingsályktunar um meðferð lánsfjár og starfsfjár.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um meðferð lánsfjár og starfsfjár bæjarfélaga, stofnana og atvinnufyrirtækja, þar sem ríkissjóður á hagsmuna sinna að gæta og þar sem stofnanir eða fyrirtæki eru rekin að meira eða minna leyti á ábyrgð ríkisins.

Löggjöf þessi skal miða til þess:

1) Að færa launagreiðslur bæjarfélaga og stofnana, þar sem ríkissjóður hefir hagsmuna að gæta, til samræmis við launagreiðslur fyrir hliðstæð störf við stofnanir ríkisins og til hæfis fjárhagslegri getu þjóðarinnar.
2) Að setja skilyrði fyrir lánveitingum úr bönkum, er ríkissjóður ábyrgist, og skulu skilyrðin miða til þess:
   a. Að koma til leiðar hagkvæmara og kostnaðarminna skipulagi í stjórn útgerðar og verzlunar í landinu.
   b. Að koma til leiðar hlutaskiptum í útgerð, þar sem henni verður við komið.

Greinargerð.

Alþingi hefir með skipun þingnefndar, sem ætlazt mun vera til, að starfi einnig milli þinga, gert ráðstöfun til þess, að leitazt verði fyrir um sparnað í rekstri ríkisins og stofnana þess.

Nú hefir ríkið hagsmuna og fjár síns að gæta víðar í þjóðfélaginu heldur en í rekstri þeirra stofnana, sem starfa beinlínis á vegum þess.

Ríkið stendur þegar í miklum ábyrgðum fyrir ýms bæjar- og sýslufélög án þess að hafa eða gera sér far um að hafa íhlutun um það, hvernig fjárhagsmálum þeirra er stjórnað.

Ríkið leggur árlega fram mikið fé og gengur í miklar ábyrgðir fyrir einstök félög og stofnanir, þar sem um áhættusaman atvinnurekstur er að ræða (Eimskipafélag Íslands, útgerðar- og samvinnufélög o. fl.), án þess að gera sér far um minnstu íhlutun um meðferð á starfsfé þessara stofnana.

Bankar landsins starfa nú allir á ábyrgð ríkisins. Á síðastliðnum tug ára mun beint tap á starfsfé þessara stofnana nema nálægt 35 milljónum króna. Hefir ríkið á þessu tímabili bundizt gífurlegum ábyrgðum og beinum fjárframlögum, til þess að forða bönkunum frá fjárskorti og jafnvel hruni.

Þrátt fyrir það, að ýmsar stofnanir þjóðfélagsins starfa þannig að mjög miklu leyti með fé ríkisins, og í raun réttri á ábyrgð þess, hefir ríkið engar ráðstafanir gert til þess að stilla í hóf launagreiðslum við þessar stofnanir og meðferð starfsfjár þeirra í daglegri starfrækslu. Munu þessar stofnanir ekki hafa

af sjálfshvötum gert slíkar ráðstafanir. Enda er það kunnugt, að launakjör svonefndra starfsmanna ríkisins flestra eru lítt sambærileg við launakjör manna við ýmsar þær stofnanir, sem starfa með fé þess að einhverju leyti og að miklu leyti á ábyrgð þess, og sem ættu, eigi síður en sjálfar ríkisstofnanirnar, að sníða sér stakk eftir vexti þjóðarinnar og fjárhagslegri getu. Þannig hafa sumir bankastjórar tvöföld laun til móts við hæstlaunuðu embættismenn ríkisins, og forstjórar sumra stofnana annara viðlíka há laun. Munu og starfsmannalaun í slíkum stofnunum að öðru leyti vera sniðin að nokkru til hlutfalls við þessi gífurlega háu forstjóralaun.

Með tillögunni er farið fram á það, að með lögum verði launagreiðslum í stofnunum, sem eru að miklu leyti handbendi ríkissjóðs, stillt til hófs og samræmis við launagreiðslur fyrir hliðstæð störf í stofnunum ríkisins. Liggur í augum uppi, að gífurlegur mismunur á launagreiðslum í þessum stofnunum og ríkisstofnunum er bæði ranglátur og mjög skaðlegur ríkisstofnununum, þar sem hann gerir þeim örðugt fyrir um að hafa í þjónustu sinni góða starfskrafta og að fá störfin unnin með trúmennsku og starfsgleði. Loks eru slíkar launagreiðslur í ósamræmi við fjárhagslegar ástæður stofnana þjóðarinnar og þjóðarinnar allrar.

Samkvæmt 2. tölulið tillögunnar er gert ráð fyrir, að með lögum verði sett skilyrði fyrir lánveitingum úr bönkunum. Um nokkrar starfsdeildir bankanna (veðdeildir, Byggingar- og landnámssjóð, Ræktunarsjóð) eru þegar með lögum settar ákveðnar reglur og skilyrði fyrir lánveitingum. Hinsvegar votta hin gífurlegu fjártöp bankanna á undanförnum árum um það, að tryggingum gegn lánveitingum þeirra hefir verið meira en lítið áfátt. Enda mun það vera á almanna vitorði, að mestur hluti af lánum bankanna til þess atvinnurekstrar, sem er háður mestri áhættu, hafa verið veitt gegn ónógri og jafnvel engri tryggingu.

Samkvæmt undangenginni reynslu má telja, að mestur hluti af sjávarútgerð landsins sé í raun réttri rekinn á ábyrgð ríkisins, að því leyti sem hún starfar mestmegnis með fé bankanna. Fjártöp útgerðarfyrirtækjanna koma niður á bönkunum. Og þegar bankarnir síðan komast í fjárhagsörðugleika, verður ríkið að hlaupa undir bagga og leggja fram stórfé og ábyrgðir.

Það verður að teljast algerlega ósamrýmanlegt við heilbrigða skynsemi og gætni í stjórn fjármála af hendi ríkisins, að afhenda þannig gífurlega mikla fjármuni í hendur ýmsum stofnunum og áhættufyrirtækjum í landinu án minnstu íhlutunar um meðferð slíks lánsfjár og starfsfjár. Meðan slíkt eftirlitsleysi ríkir og sú óspilunarsemi, sem því verður jafnan samfara, halda fjármunir bankanna og þar með allrar þjóðarinnar áfram að renna út í sandinn.

Haldbezta trygging lánsfjár og starfsfjár verður sú, að fénu sé jafnan beitt með hófsemi og fyrirhyggju. Tillagan gerir ráð fyrir, að með skilyrðum fyrir lánveitingum verði leitazt við að hafa áhrif á stjórn atvinnurekstrar, sérstaklega sjávarútgerðarinnar. Það er kunnugt, að óhóflega miklu fé er varið til útgerðarstjórnar togaraflotans. Togarar í landinu munu vera 38. Þessum flota er stjórnað af 19 skrifstofum; þó eru framkvæmdarstjórar fleiri en skrif-

stofurnar, eða 24. Af þessu mætti verða ljóst, að óeðlilega miklu fé sé varið til þess að stjórna þessum atvinnurekstri, sem þó á við mikla örðugleika að stríða.

Í öðru lagi er í tillögunni gert ráð fyrir, að með skilyrðum fyrir lánveitingum verði leitazt við að koma á hlutaskiptum í sjávarútgerð, þar sem þeim verður komið við. Hingað til hefir við flest hin stærri útgerðarfyrirtæki ráðið blint handahóf um kaupgreiðslur, þar sem kaupgjaldið er ákveðið **fyrirfram**, áður en vitað verður um niðurstöðu atvinnurekstrarins á hverjum tíma. Sú skoðun er nú mjög að ryðja sér til rúms, að kaupgjaldi við útgerðarfyrirtækin eigi að ráða „sannvirði vinnunnar“ á hverjum tíma. Sjá allir heilvita menn, að sannvirði vinnunnar verður ekki fundið fyrirfram, heldur verður að leita þess eftir á, þ. e. með hlutaskiptum. Jafnframt slíkri tilhögun yrðu að koma tryggingarsjóðir bak við atvinnuvegina, sem bæru atvinnufyrirtækin og verkalýðinn yfir örðugleikatímabilin.

Nánar í framsögu.

Ed. 549. Lög

um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl).

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: Póststjórnin veitir móttöku til umönnunar og skila.

Aftan við liðinn a. 1. í sömu grein bætist: allt að 2000 grömm. Í stað „250 grömm (50 kvint)“ í sömu gr. lið b. komi: 2000 grömm.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Umönnun og skil á póstsendingum, sem getið er um í 2. gr., nær bæði til flutnings milli pósthúsa og útburð þeirra til viðtakenda og til þess að safna þeim saman úr bréfakössum.

Póststjórnin hefir heimild til að ákveða, hvort útburður póstsendinga megi eiga sér stað á vissu svæði á kostnað póstsjóðs og hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda. Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi nema innan sveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar,

svo sem útburð póstsendinga með hraðboða, póstáritun blaða og rita, staðfesting á innihaldi póstsendinga, vátrygging fram yfir áritað verð, útgáfu á skilríkisspjöldum, útbýting á utanáskriftarlausum sendingum, flutning á farþegum og póstbögglum með bílum.

Nánari ákvæði fyrir þessu starfi setur póststjórnin, svo og taxta bæði fyrir þessi störf og innanbæjar- og innansveitarsendingar, staðartaxta, og ennfremur getur hún ákveðið aukagjald fyrir flutning póstsendinga með loftförum.

4. gr.

Í stað „Burðargjald“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

5. gr.

Á eftir 10. lið í 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar sendingar, enda þótt þær eftir eðli sínu ættu að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald.

Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

6. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna skal orða svo:

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki, og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin tekur gildar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Ed. 550. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað »febrúarmánaðar« á tveim stöðum komi: marzmánaðar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags samkv. skýrslum þeim, er í 2. gr. getur, meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að 1/8 hluta við tölu þeirra karla og kvenna, er

greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, að 1/8 hluta við skattskyldar tekjur, að 1/6 hluta við skuldlausar eignir og að 1/6 hluta við fasteignamat, og greiðast þá 2/3 hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði. Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 kr.

Ed. 551. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 550 [Fátækralög].

Frá Pétri Magnússyni og Einari Árnasyni.

Við 2. brtt. Orðin »meira en 20%« falli burt.

Ed. 552. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 550 [Fátækralög].

Frá Jóni Jónssyni og Einari Árnasyni.

Við 2. Í stað »1/3« á fyrri staðnum komi: 1/6 — og í stað »1/6« á fyrri staðnum komi: 1/3.

Ed. 553. Breytingartillögur

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

1. Á eftir fyrsta lið 2. gr. komi nýr liður:
   Sjúklingar skulu eiga aðgang að þeim sjúkrarúmum, sem samið hefir verið um í þessu skyni, eftir tilvísun þess læknis, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á staðnum, án tillits til heimilisfangs þeirra. Sá læknir má og vísa þangað kynsjúkdómasjúklingum, er greiða sjálfir legukostnað sinn, eftir því sem rúm leyfir.
2. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):
   Ákvæði 5. og 6. gr. ná aðeins til sjálfra kynsjúkdómanna, en ekki til eftirstöðva þeirra eða fylgikvilla, nema að því leyti, sem þeir kunna að vera samfara hinum upphaflega sjúkdómi á smitandi stigi.
3. 3. gr. verður 4. gr.
4. Á eftir 3. gr. frv., sem verður 4. gr., komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 16 1923 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 554. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 535 [Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað].

Frá Jóni Ólafssyni.

Orðin »enda eru þau skip« og tillgr. út falli niður.

Nd. 555. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú greiða bæjar- eða sveitarfélög starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót en greidd er starfsmönnum ríkisins, og skulu þá kennarar, sem starfa eftir lögum þessum, njóta jafnhárrar dýrtíðaruppbótar, enda greiðist mismunurinn af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú samræming á launakjörum barnakennara og annara starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga, sem hér er farið fram á, má ekki lengur dragast úr hömlu. Nánar í framsögu.

Nd. 556. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. Niðurlag fyrri málsgr., á eftir orðunum „fengið hjá lögreglustjóra“, falli niður, en í þess stað komi: skírteini, er veiti þeim samskonar réttindi til vélgæzlu á gufuskipum, sem þeir hafa haft samkv. bráðabirgðaskírteini í samtals 2 ár eða lengur. Líti lögreglustjóri svo á, að vafasamt sé, hve viðtækan rétt til vélgæzlu umsækjandi megi öðlast samkvæmt framansögðu, sker atvinnumálaráðherra úr.

b. Önnur málsgr. greinarinnar falli niður.

Nd. **557. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. málsgrein 2. gr. laganna orðist þannig:

Auk þessa styrks fær hvert sjúkrasamlag greitt úr ríkissjóði eftir á, samkvæmt ársreikningi þess, upphæð, sem nemur ¼ hluta af sjúkrahússkostnaði, þó aldrei meira en kr. 1.50 á legudag hvern.

2. gr.

Á eftir c-lið 2. tölul. 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gift kona getur ekki orðið hluttækur félagi í sjúkrasamlagi, ef maður hennar hefir hærri tekjur en hér greinir.

2. tölul. d. í sömu grein orðist þannig:

Eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meira en 10 þús. kr., ef um einstakling er að ræða, en ef hjón eru, 15 þús. kr.

5. tölul. sömu greinar orðist þannig:

Réttindi hluttækra samlagsmanna skulu vera: læknishjálp, sjúkrahússvist og lyf, samkvæmt því, sem nánar er tekið fram í samþykktum hvers samlags. En jafnan skal þó hver félagi greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Sjúkrasamlög skulu veita félögum sínum kost á að tryggja sér dagpeninga, sem þó mega ekki vera hærri en nemi ⅔ af venjulegum tekjum hlutaðeiganda. Dagpeningagreiðslur falla niður, ef sjúklingur hefir tekjur sínar óskertar.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr. svo hljóðandi:

a. (4. gr.). Komi það fyrir, að umsækjandi í sjúkrasamlagi hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar, t. d. um aldur, heilsufar, tekjur eða eignir, er hann skyldur að endurgreiða allt, er samlagið hefir þurft að greiða vegna hans.

Ef tekjur eða eignir hluttæks samlagsmanns fara yfir hámark það, sem ákveðið er í 2. gr., c- og d-liðum, er hann skyldur til að tilkynna það stjórn samlagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því honum er kunnugt um breytinguna. Geri hann það ekki, er hann skyldur að endurgreiða samlaginu allan þann kostnað, er það hefir greitt vegna hans frá þeim tíma, er hann hætti að fullnægja framangreindum skilyrðum. Ekki eiga menn þeir, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr., neina kröfu um endurgreiðslu á neinu af því fé, er þeir hafa greitt í samlagssjóð.

b. (5. gr.). Nú nær sjúkrasamlag ekki viðunandi samningum við þá, er það þarf að semja við. Er þá stjórnarráðinu heimilt að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist. Skal þá að loknu reikningsári greiða samlagsmönnum sjálfum upp í sjúkrakostnað þeirra, samkvæmt kvittuðum sundurliðuðum reikningum frá læknum, lyfjabúðum eða sjúkrahúsum, eftir því sem fjárhagur samlagsins leyfir, þó aldrei meira en ⅔ af upphæð reikninganna.

Nú kemur það fyrir, að stjórn sjúkrasamlags sér það, að útgjöld þessi verða svo mikil, að hætta er á því, að samlagið komist í fjárþrot. Skal hún þá kalla saman aukafund í samlaginu, og ráðstafar hann, á hvern hátt ráða skuli fram úr málinu. Er þá heimilt samkvæmt ályktun þessa fundar, hvenær sem er á reikningsárinu:

1) Að hækka iðgjöld samlagsmanna, svo sem þurfa þykir.
2) Að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist.

Ákvarðanir slíkra funda öðlast þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af stjórnarráði Íslands, og hefir það vald til að breyta þeim, ef nauðsynlegt þykir.

4. gr.

4. og 5. gr. laganna verða 6. og 7. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim og í lögum nr. 28, 14. júní 1929, 1. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög, nr. 81, 28. nóv. 1919, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu fylgdi eftirfarandi erindi og greinargerð frá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Nefndin hafði sent landlækni frv. til umsagnar og upplýsinga í málinu og lætur prenta álit hans og skýringar sem fylgiskjal með frv.

„Reykjavík, 23. febrúar 1932.

Vér leyfum oss hér með að senda hinni háttvirtu allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hjálagt frumvarp um breytingu á lögum um sjúkrasamlög, í þeirri von, að nefndin sjái sér fært að flytja það á þessu þingi, sem nú situr að störfum.

Vér teljum mjög nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði að lögum, vegna

þess, að það getur orðið til eflingar fyrir starfsemi sjúkrasamlaganna hér á landi. Vér gerum einnig fastlega ráð fyrir því, að allir telji þá starfsemi til hinna mestu heilla fyrir þjóðina, bæði fjárhagslega og menningarlega.

Ákvæði núgildandi laga um sjúkrasamlög eru flest síðan 1915 og 1917 — einstaka yngri. Það virðist því ekki vera ólíklegt, að þörf sé orðin á breytingum og viðaukum. — 1917 var t. d. daggjald í sjúkrahúsi aðeins 2 kr.

Meðfylgjandi frumvarp er samið með hliðsjón af reynslu þeirri, er fengizt hefir af starfsemi Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem er elzta almenna sjúkrasamlagið hér á landi.

Um einstakar greinar frumvarpsins leyfum vér oss að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Þar er farið fram á að hækka að mun styrk þann, er samlögin njóta frá ríkissjóði. Er þar — ásamt fjárþörf samlaganna — stuðzt við lög Dana um sjúkrasamlög, en þeir munu vera sú þjóð, sem mesta hefir reynsluna og þekkinguna í þessum efnum. En auk þessa styrks munu dönsku samlögin fá greitt úr ríkissjóði 15% af lyfjakostnaði og 15% af læknakostnaði. Þar að auki njóta samlögin ýmsra mikilla hlunninda við sjúkrahús ríkisins.

Um 2. gr.

Breytingar á c- og d-liðum 2. tölul. 3. gr. eru aðallega til að taka af allan efa um þessi atriði.

Breytingin á 5. tölul. sömu gr. snertir aðallega dagpeninga trygginganna. Vér teljum miklu heppilegra, að samlagsmenn eigi kost á að tryggja sér dagpeninga, en séu hinsvegar ekki skyldir til þess, eins og núgildandi lög virðast ætlast til. Sjúkrasamlögin hér á landi eru svo fjárvana og starfsemi þeirra yfirleitt svo skammt á veg komin ennþá, að þau geta ekki veitt dagpeningatryggingar, sem verulega munar um. Auk þess mun það vera reynsla erlendra sjúkrasamlaga, að dagpeningatryggingin sé sú grein starfseminnar, sem krefjist einna mestrar varúðar.

Um 3. gr.

a. Um þennan hluta þarf ekki að fjölyrða. Það er nauðsynlegt að hafa einhver viðurlög við röngum upplýsingum og vanrækslu á að gefa réttar upplýsingar. Vér teljum, að viðurlögin geti ekki mildari verið en hér er gert ráð fyrir.

b. Þar er gert ráð fyrir neyðarráðstöfunum, ef vandræði steðja að sjúkrasamlagi. Núgildandi lög telja aðeins skyldur samlaganna um að veita læknishjálp, sjúkrahúsvist og lyf að ¾ hlutum. Samlögin virðast vera nauðbeygð til þess að ganga að þeim skilmálum, er læknar, sjúkrahús og lyfjabúðir setja um viðskipti sín við þau. Þessi aðstaða getur orðið samlögunum stórhættuleg, því vegna hennar hafa þau raunverulega engan möguleika til þess að semja um þessi viðskipti sín, frekar en fyrrnefndir aðilar góðfúslega leyfa þeim.

Svipað er að segja um aðstöðu stjórnar í sjúkrasamlagi. Hún hefir ekki vald til að gera neinar gildandi ráðstafanir, þótt hún sjái á miðju reikningsári, að útgjöldin séu að vaxa samlaginu svo yfir höfuð, að til fjárskorts

geti komið. Vér teljum því nauðsynlegt, að þessar fyrrnefndu neyðarráðstafanir verði lögheimilaðar. Ákvæðið um staðfestingu stjórnarráðsins hlýtur að tryggja það, að þessum ákvæðum verði ekki beitt að ástæðulausu.

Um 5. gr.

Stjórnartíðindin fyrir 1919 eru nú ófáanleg, og þá um leið lögin um sjúkrasamlög. Það má því telja nauðsynlegt, að lögin verði nú gefin út í heild.

Eins og vér höfum tekið fram hér að framan, væntum vér þess, að háttvirt allsherjarnefnd og háttvirtir alþingismenn yfirleitt sjái, að hér er menningarstarfsemi að verki, og væntum vér þess því, að þeir leggi henni þann liðsauka, sem henni er nauðsynlegur, svo að hún geti haldið áfram. Ef háttvirt Alþingi aftur á móti daufheyrist við óskum um fjárhagslegan stuðning, er ekki annað sýnna en að stórlega muni draga úr starfsemi sjúkrasamlaganna, svo að þau verði jafnvel að hætta störfum.

Vér trúum ekki að óreyndu, að til þess þurfi að koma.

Virðingarfyllst.

F.h. Sjúkrasamlags Reykjavíkur.

Jón Pálsson, p. t. form. Guðgeir Jónsson, p. t. ritari.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis".

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN. Reykjavík, 14. apríl 1932.

Hér með aftur frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Nefndinni til leiðbeiningar um það, hvern kostnað ákvæði 1. greinar frumvarpsins mundu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, læt ég henni í té meðfylgjandi skýrslu um dagpeningagreiðslur, sængurkvennakostnað og sjúkrahúsakostnað lögskráðra sjúkrasamlaga í landinu síðastliðin 5 ár.

Eins og skýrslan ber með sér, hefir þessi kostnaður orðið samtals:

		Þar af hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur:
1927	kr. 37619,77	kr. 28332,90
1928	— 43128,99	— 31027,90
1929	— 49586,62	— 40537,63
1930	— 56110,01	— 42479,00
1931	— 88484,26	— 75543,00
Samtals	kr. 274929,65	kr. 217920,43

Endurgreiðslur úr ríkissjóði upp í þennan kostnað samkvæmt gildandi lögum hafa numið hin sömu ár:

		Þar af til S. R.
1927	kr. 2200,10	kr. 1620,75
1928	— 2864,20	— 1885,50
1929	— 2908,57	— 2254,50
1930	— 3497,24	— 2699,15
1931	— 4000,00 (ca.)	— 3024,75
Samtals	kr. 15470,11	kr. 11484,65

Samkvæmt 1. grein þessa frumvarps mundu endurgreiðslur hafa numið, að öðru óbreyttu, sem hér segir:

		Þar af til S. R.
1927	kr. 9429,94	kr. 7083,23
1928	— 10782,25	— 7756,98
1929	— 12396,66	— 10134,41
1930	— 14027,50	— 10619,75
1931	— 22121,07	— 18885,75
Samtals	kr. 68757,42	kr. 54480,12

En ef sjúkrasamlögunum yrðu veitt þau hlunnindi, sem hér er farið fram á, má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að þeim mundi fjölga mjög verulega, og þau, sem fyrir eru, bæta við meðlimatölu sína, og að sama skapi mundu þá þessi útgjöld ríkissjóðs aukast.

Hin stórkostlega aukning kostnaðar sjúkrasamlaganna 1931 kemur öll niður á Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og mun nær eingöngu vera vegna sjúkrahúsaukningarinnar í bænum, er landsspítalinn tók til starfa. Áður hefir bærinn búið við sjúkrahússkort, sem landsspítalinn hefir bætt úr. Með því að ekki eru líkur til, að sjúkrahúsrúm aukist hér á næstunni svo neinu nemi, verður ekki gert ráð fyrir tilsvarandi kostnaðarauka hin næstu ár.

Eins og nú er búið að sjúkrasamlögum hér á landi, sér fólk sér of lítinn hag í að ganga í þau, til þess að þau eflist að nokkrum mun. Þó að lög hafi verið til um sjúkrasamlög síðan 1911, eru þau enn ekki orðin nema 9 alls í landinu, og raunar aðeins eitt, sem nokkuð kveður að, þ. e. Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Á 5 árum hefir aðeins 1 samlag verið stofnað, og það með örfáum meðlimum.

Meðlimatala allra samlaga í landinu hefir numið hin síðustu 5 ár:

		Þar af S. R.
1927	3070	2161
1928	3487	2514
1929	4108	3006
1930	4796	3599
1931	5300 ca.	4033

og getur ekki heitið um neina aukningu að ræða, þegar frá er skilið Sjúkrasamlag Reykjavíkur.

Fyrir því hafa verið sett lög um sjúkrasamlög og ákveðið að styrkja þau með fjárframlögum úr ríkissjóði, að löggjafarvaldið vill ýta undir þá starfsemi, enda mun það sameiginlegt álit allra síðaðra þjóða, að þau beinu útgjöld, sem ríki og sveitarfélög leggja fram til þess að sjúkrasamlög geti þrifizt og staðið föstum fótum, svari margfaldlega kostnaði.

Danir, sem standa flestum þjóðum framar að ýmiskonar félagslegri menningu, sýna það ekki sízt í því, hvernig þeir búa að sjúkrasamlögum sínum. Enda sér þess stað og er mikið á munurinn þar og hér. Þar eru allt að 70% þjóðarinnar skráðir í sjúkrasamlög, en hér á landi aðeins ca. 5%.

Hér fer á eftir samanburður á ríkisstyrk til sjúkrasamlaga í Danmörku og hér á landi:

	Í Danmörku:	Á Íslandi:
Styrkur fyrir hvern samlagsmann	kr. 2,00	kr. 2,00
Endurgreiðslur:		
Af dagpeningum	¼	0
— sængurkvennakostnaði	¼	0
— sjúkrahúskostnaði	¼	¼ *
— lyfjakostnaði	15%	0
— lækniskostnaði	15%	0

Auk þessa hafa dönsku sjúkrasamlögin stórkostlega óbeina styrki frá ríki og sveitarfélögum á þann hátt, að daggjöld sjúkrahúsa þeirra eru víðast ekki nema brot af hinum raunverulega kostnaði, og þar á ofan fá samlögin mjög mikinn afslátt af þeim gjöldum, jafnvel allt að ¾ hlutum. Á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn greiða þannig sjúkrasamlögin fyrir meðlimi sína eina 60 aura á dag.

Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa hér á landi eru hinsvegar svo naumir, að þau verða að miða daggjöldin nokkurn veginn við allan rekstrarkostnaðinn. Og sjúkrasamlögin fá síðan engan eða mjög óverulegan afslátt fyrir meðlimi sína.

Þegar upphaflega var ákveðið (1917) að endurgreiða sjúkrasamlögunum ¼ sjúkrahúskostnaðar, mun tilætlunin áreiðanlega hafa verið sú, að fjórði hlutinn yrði í raun og veru endurgreiddur. Mun 75 aura hámarkið þá hafa verið mjög nærri lagi, eða jafnvel ríflega til tekið. Síðan hafa daggjöldin að minnsta kosti tvöfaldazt, auk þess sem það hefir mikið færzt í vöxt, að menn noti sjúkrahús. Annar styrkur til sjúkrasamlaga, kr. 2,00 (2,25) fyrir hvern samlagsmann, hefir haldizt óbreyttur síðan 1915. Og má raunar segja, að styrkur til sjúkrasamlaga hafi, fyrir hið breytta verðlag, farið stórkostlega lækkandi á þessu tímabili, og mun slíkt ekki eiga neinar hliðstæður.

Loks set ég hér, nefndinni til athugunar, samanburð í hundraðstölum á sundurliðuðum tekjum og gjöldum dönsku sjúkrasamlaganna og Sjúkrasamlags Reykjavíkur á síðustu 5—6 árum:

---

*) Hámark 0,75 á samlagsmann.

Tekjur:	Dönsk samlög:	S. R.:
Iðgjöld	61,9%	74,7%
Ríkisstyrkur	30,1—	5,9—
Sveitarstyrkur	2,4—	10,5—
Ýmislegt	5,6—	8,9—
	100,0%	100,0%
Gjöld:		
Dagpeningar	17,6%	4,5%
Sængurkvennakostnaður	2,2—	2,2—
Sjúkrahúskostnaður	16,4—	27,3—
Læknishjálp	39,1—	43,9—
Lyf	10,1—	16,0—
Stjórnarkostnaður	9,8—	4,2—
Ýmislegt	4,8—	1,9—
	100,0%	100,0%

Ég geri ráð fyrir, að nefndinni sé ljóst af því, sem hér að framan er greint, að viðgangur sjúkrasamlaganna er enginn í landinu, enda sé ekki við því að búast, á meðan ríkið styður ekki betur þá starfsemi en það hefir gert til þessa.

Hér í Reykjavík hefir öll viðleitni verið höfð til þess að halda uppi öflugu sjúkrasamlagi, en eins og nefndinni er kunnugt, liggur nú við borð, að það verði að hætta störfum, nema því komi veruleg hjálp, og þar á meðal frá ríkissjóði. En ef Sjúkrasamlag Reykjavíkur á að leggjast niður, er það allt að því dauðadómur yfir allri sjúkrasamlagastarfsemi í landinu. Alþingi hefir áreiðanlega mjög alvarlegum skyldum að gegna í þessu efni.

Önnur ákvæði frumvarpsins en þau, sem rædd hafa verið hér að framan, þurfa ekki sérstakra skýringa. Er þar aðallega um tryggingarráðstafanir að ræða fyrir sjúkrasamlögin, sem þeim eru einkum nauðsynlegar meðan þau standa á svo völtum fótum fjárhagslega sem nú er raun á.

Vilm. Jónsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Skýrsla um dagpeningagreiðslur, sængurkvennakostnað og sjúkrahúsakostnað sjúkrasamlaga árin 1927—1931.

	Dagpeningar	Sængurkvenna-kostnaður	Sjúkrahúsa-kostnaður	Samtals
1927				
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	3541,00	2040,00	22751,90	28332,90
— prentara í Reykjavík	2044,00	»	»	2044,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps	939,50	210,00	2475,30	3624,80
— Akraness	147,50	100,00	476,00	723,50
— Sauðárkróks	134,00	80,00	558,77	772,77
— Siglufjarðar	207,00	20,00	27,45	254,45
— Akureyrar	122,00	»	470,35	592,35
— Seyðisfjarðar	288,00	45,00	942,00	1275,00
Samtals	7423,00	2495,00	27701,77	37619,77
1928				
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	4635,50	2340,00	24052,40	31027,90
— prentara í Reykjavík	2336,00	»	661,50	2997,50
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps	801,50	280,00	3305,75	4387,25
— Akraness	319,75	40,00	1382,10	1741,85
— Sauðárkróks	45,00	120,00	282,50	447,50
— Siglufjarðar	26,00	50,00	1504,05	1580,05
— Akureyrar	22,00	»	226,35	248,35
— Seyðisfjarðar	122,25	105,00	471,34	698,59
Samtals	8308,00	2935,00	31885,99	43128,99
1929				
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	6230,50	2880,00	31427,13	40537,63
— prentara í Reykjavík	1580,00	»	1063,00	2643,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps	1031,00	320,00	2618,10	3969,10
— Akraness	51,00	90,00	761,89	902,89
— Sauðárkróks	92,50	80,00	512,00	684,50
— Siglufjarðar	»	30,00	30,00	60,00
— Akureyrar	»	»	246,00	246,00
— Seyðisfjarðar	170,25	135,00	238,25	543,50
Samtals	9155,25	3535,00	36896,37	49586,62
1930				
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	6503,00	3540,00	32436,00	42479,00
— prentara í Reykjavík	3298,00	»	828,25	4126,25
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps	1084,00	280,00	3735,80	5099,80
— Akraness	288,00	40,00	422,40	750,40
— Sauðárkróks	23,50	80,00	259,05	362,55
— Siglufjarðar	269,50	40,00	1737,61	2047,11
— Akureyrar	»	»	350,00	350,00
— Seyðisfjarðar	411,00	90,00	363,90	864,90
— Fljótshlíðar	»	30,00	»	30,00
Samtals	11877,00	4100,00	40133,01	56110,01
1931				
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	7723,00	2820,00	65000,00	75543,00
— prentara í Reykjavík	1462,00	»	593,00	2055,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps	1096,00	380,00	3726,35	5202,35
— Akraness	»	90,00	1896,26	1986,26
— Sauðárkróks	95,00	100,00	279,50	474,50
— Siglufjarðar	133,00	60,00	858,30	1051,30
— Akureyrar	»	»	836,55	836,55
— Seyðisfjarðar	216,00	120,00	891,30	1227,30
— Fljótshlíðar	»	30,00	78,00	108,00
Samtals	10725,00	3600,00	74159,26	88484,26

Nd. 558. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

1. gr. laganna orðast þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengjunni frá vesturtil austurtakmarka lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Sjávarmegin skal höfnin ná miðja vega til eyja þeirra, er að henni liggja og eigi eru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þó nær höfnin að netlögum Engeyjar. Svo tekur og Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

Nd. 559. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin taldi rétt að bera þetta mál undir stjórn bankanna, og hafa henni borizt svör þeirra. Á þeim svörum er auðsætt, að bankarnir telja sig ekki hafa haft neitt verulegt gagn af starfi eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum. Bankaráð Landsbanka Íslands skírskotar í svari sínu til samþykktar, sem gerð var um þetta mál í bankaráðinu 7. okt. 1930 og hljóðar svo:

„Undir því skipulagi, sem komið er á stjórn Landsbankans og endurskoðun, með lögum nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, telur bankaráðið ástæðulaust, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða hafi nokkurt eftirlit með Landsbankanum, svo og að bankinn endurgreiði ríkissjóði nokkuð af launum eftirlitsmannsins.

Nú, með því að bankaráðinu er ekki kunnugt um, að eftirlitsmaðurinn hafi nokkurt eftirlit rækt í Landsbankanum 2—3 síðustu árin, hefir það ástæðu til að ætla, að eftirlit hans þar sé óþarft, og því leyfir bankaráðið sér að leggja til við fjármálaráðherrann, að hann hlutist til um, að sú breyting verði gerð á lögum nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, að Landsbankinn sé þar undanskilinn, nema gera megi það með reglugerð í skjóli 2. gr. laganna, og verði það þá gert".

Í svipaðan streng tekur fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h/f, og hefir það farið fram á, „að bankinn verði undanþeginn þeirri kvöð, að greiða hluta af launum eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum, enda telur bankinn sig ekki skyldan til slíkrar greiðslu".

Stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur fram, „að hún hafi enga aðstöðu haft til þess að dæma um gagnsemi starfs þessa“.

Þrátt fyrir þessi svör bankanna verður nefndin að líta svo á, að ekki beri að hrapa að því að afnema það eftirlit með bönkum og sparisjóðum, sem lög nr. 48, 20. júní 1923, ákveða, án þess nokkuð komi í staðinn. Nefndin ber að vísu engar brigður á þau ummæli bankaráðanna, að bankarnir hafi haft lítið gagn af starfi eftirlitsmannsins, en hún telur, að not bankanna sjálfra af þessu starfi sé ekki aðalatriðið í málinu, heldur öryggi almennings.

Raddir hafa heyrzt um það, og má jafnvel skilja á svörum bankaráðanna, að starf þetta hafi verið slælega rækt undanfarið. En þó svo kynni að vera, er það engin sönnun þess, að starfið sé óþarft, heldur bendir til, að um það þurfi að bæta. Í þessu sambandi má geta þess, að eftirlitsmanninum hefir enn ekkert erindisbréf verið sett, og er líklegt, að það sé að einhverju leyti orsök þess, hvað á þykir skorta um starf hans. Virðist vera auðvelt að bæta úr því atriði.

Eins og bankamálum vorum er nú háttað, má heita, að ríkið beri ábyrgð á allri bankastarfsemi í landinu og á því afarmikið í hættu í því efni. Þá á og almenningur mikið í hættu, þar sem er allt sparifé landsmanna. Það virðist því vera sjálfsagt og bein skylda, að ríkisvaldið hafi eftirlit með peningastofnunum landsins. Hitt er annað mál, hvernig því eftirliti verði bezt og haganlegast fyrir komið. Slíkt eftirlit er að sjálfsögðu sett vegna öryggis almennings, eins og áður segir, og ríkisins sjálfs. Bankarnir og aðrar peningastofnanir njóta svo mikils stuðnings og hlunninda hjá ríkinu, að ekki er nema sanngjarnt og eðlilegt, að þessar stofnanir kosti eftirlitið, þó það sé ekki sett fyrst og fremst **þeirra sjálfra vegna,** heldur vegna almennings.

Nefndin er því þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin hafi eða láti hafa eftirlit með lánsstofnunum landsins. En hvort til þess þurfi að halda því embætti, sem hér um ræðir, treystir nefndin sér ekki til að segja um að svo stöddu. Vera má, að þessu megi koma fyrir á ódýrari hátt heldur en nú er, og væri það auðvitað æskilegt.

Nefndin telur nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað rækilegar en enn er orðið. Þá athugun stendur stjórnin bezt að vígi að gera. Vill nefndin því ráða til, að stjórninni verði falið að athuga málið og væntir þess, að hún leggi tillögur sínar þar um fyrir næsta þing, ef ástæða þykir til breytinga. Telur nefndin þá leið varlegri heldur en að hrapa nú að afgreiðslu þessa máls, litt athugaðs.

Einn nefndarmanna (ÓTh) var veikur, þegar nefndin afgreiddi þetta mál, og hefir því ekki tekið neinn þátt í afgreiðslu þess.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að þessu máli verði

vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 27. apríl 1932.

H. Stefánsson, form.	Magnús Jónsson, fundaskr., með fyrirv.	Bernh. Stefánsson. frsm.
	Steingr. Steinþórsson.	

Nd. 560. Nefndarálit

um frumv. til laga um sauðfjármörk. (Þskj. 71).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Þótt minni hlutinn játi, að betri skipun gæti verið á markamálum landsins en nú er og geti því verið réttmætt að setja heildarlög um þau efni, þá virðist honum þó ekki rétt að skipa slíku með lögum án þess að leita áður álits og tillagna héraðsstjórna, sem frá öndverðu hafa haft með höndum alla skipun og framkvæmd þessara mála, og leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta er þess eðlis, að rétt virðist, áður en sett ern lög um þetta efni, að ríkisstjórnin beri málið undir héraðsstjórnir landsins og leiti álits þeirra og tillagna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1932.

Magnús Guðmundsson, frsm. minni hl. Pétur Ottesen,

Ed. 561. Frumvarp

til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Erfðaleigulönd samkvæmt lögum þessum eru þau lönd, sem leigð eru íbúum kaupstaða, kauptúna eða sjávarþorpa, eða verzlunar- eða iðnaðarþorpa í sveitum til landbúnaðar, enda geti réttur leigutaka gengið að erfðum og leigutaka heimilt að framselja hann sem eigu sína.

2. gr.

Nú á kaupstaður eða annað sveitarfélag, sem kauptún eða sjávarþorp, iðnaðar- eða verzlunarþorp er í, land, sem hæft er til ræktunar og eigi eru líkur til, að halda þurfi á til húsalóða í náinni framtíð eða til hagbeitar fyrir kýr og sauðfé kaupstaðarbúa eða þorpsbúa, og skal það þá selt á erfðaleigu þeim íbúum bæjar- eða sveitarfélagsins, er þess óska, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

3. gr.

Nú liggur þjóðjörð eða kirkjujörð að kaupstað, kauptúni eða þorpi, og gilda þá ákvæði 2. gr. um þá jörð, ef bæjar- eða sveitarstjórn krefst þess, enda hafi sveitarfélagið eigi til umráða annað ræktanlegt land, er nægi þörfum sveitarmanna á erfðaleigulöndum, og eigi sé að mun óhaganlegra til afnota fyrir þá.

4. gr.

Nú verður þörfum íbúa kaupstaðarins, kauptúns eða þorps á löndum til erfðaleigu eigi fullnægt með þeim hætti, er segir i 2. og 3. gr., og er þá sveitarstjórn heimilt að taka eignarnámi til þessara þarfa óræktað land af landi þeirra jarða, er næstar liggja kaupstaðnum, kauptúninu eða þorpinu, gegn fullu endurgjaldi. Aldrei má þó taka meira af landi jarðar eignarnámi en svo, að jörðin hafi eftir, að dómi úttektarmanna, nægilegt land til útfærslu túns og nógu mikla hagbeit fyrir búpening. Greini úttektarmenn á, sker eftirlitsmaður Búnaðarfélags Íslands úr.

Um eignarnám þetta fer eftir almennum lögum um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um, að gerður sé skipulagsuppdráttur af löndum þeim, er ætluð eru til erfðaleigu samkvæmt 2.—4. gr., svo og áætlun um framræslu landsins, vegagerð um það og skiptingu þess í skákir. Skiptingu landsins í skákir skal haga þannig, að lagning vega, vatnsæða, rafmagnstauga o. þ. h. um það verði sem kostnaðarminnst. Skákir, sem ætlaðar eru aðallega til grasræktar, skulu eigi vera minni en 1 ha. og skákir, sem einkum eru ætlaðar til garðyrkju eða alifuglaræktar, mega eigi vera minni en 1000 m^2.

Uppdrætti þessa og áætlanir gerir Búnaðarfélag Íslands hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn eða landræktarfélagi að kostnaðarlausu og lætur þeim í té eitt eintak af þeim. Eftir þeim skal farið um úthlutun lands og mannvirkjagerð á því, og má eigi frá þeim víkja, nema samþykki Búnaðarfélags Íslands komi til.

Leita skal umsagnar skipulagsnefndar, svo og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, um skipulagsuppdrætti þessa og áætlanir áður en gengið er frá þeim til fullnustu.

6. gr.

Kostnaður við vegagerð um lönd bæjar- eða sveitarfélags, er ætluð eru til erfðaleigu, svo og við aðalframræsluskurði þeirra, greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Nú á landræktarfélag slíkt land, og fer þá um greiðslu þessa kostnaðar eftir því, sem segir i samþykktum félagsins.

7. gr.

Nú er land látið af hendi til erfðaleigu, og skal þá gerður um leiguna skriflegur samningur. Í samningnum skal vera ýtarleg lýsing á landinu, stærð þess og ummerkjun. Samningi þessum skal þinglýsa, og er hann heimild leigutaka fyrir landinu.

8. gr.

Leigan er óuppsegjanleg af hálfu leigusala. Leigutaki getur sagt upp leigunni hvenær sem er, með 6 mánaða fresti til næstu áramóta. Taka skal fram í samningnum, að leigutaka sé heimilt að selja, veðsetja og afhenda með öðrum hætti leigurétt sinn, svo og að réttur hans skuli falla í erfð eftir hann sem aðrar eignir hans.

9. gr.

Leigutaka eru heimil öll afnot landsins til landbúnaðar. Svo er honum heimilt að byggja á landinu íbúðarhús fyrir fjölskyldu sína, svo og útihús þau og peningshús, er nauðsynleg eru vegna búskapar þess, er hann rekur á landinu.

10. gr.

Leigutaka er skylt að rækta landið, þannig og innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í samningnum, og halda því síðan í rækt. Nú er ræktun eigi lokið svo fljótt sem ákveðið er í samningi, eða land fer síðar í órækt, og fellur þá leigurétturinn niður.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal ákveða leigumála á erfðaleigulöndum. Nú vill leigusali eigi una ákvæðum Búnaðarfélagsins um eftirgjaldið, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.

Leigan skal goldin í peningum 31. des. ár hvert. Leiguréttur leigutaka og mannvirki þau, er hann á á landinu, standa að lögveði fyrir leigunni. Um leið og fasteignamat fer fram ber að endurskoða leigumálann, ef leigusali eða leigutaki krefst þess. Í leigusamningum sé að jafnaði ákveðið, að landið skuli komið í rækt eftir 5 ár, og gilda þau ákvæði einnig um lönd þau, er landræktarfélög taka á leigu.

12. gr.

Leigutaka skal jafnan skylt að láta af hendi meira eða minna af landi sínu, ef almenningsþörf krefst þess, svo og að láta af hendi land til byggingarlóða eftir tilvísun bæjar- eða sveitarstjórnar, ef leigulandið er eign bæjar- eða sveitarfélags. Bætur til leigutaka fyrir land, sem þannig er af hendi látið, skulu miðaðar við sannvirði landsins til landbúnaðar og kostnaðar við ræktun landsins og önnur mannvirki á því.

13. gr.

Nú gengur leiguland kaupum og sölum, og skal þá jafnan bjóða leigusala forkaupsrétt. Nú er vanrækt að bjóða forkaupsréttinn, og á þá leigusali rétt á því, að gerningur sá, sem í bága fer við forkaupsrétt hans, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan árs frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

14. gr.

Ákvæði 7.—12. gr. gilda einnig um erfðaleigu á öðrum löndum en þeim, sem ræðir um í 2. og 4. gr., jafnskjótt og eldri samningar eru endurnýjaðir eða ganga úr gildi.

15. gr.

Ræktunarsjóði skal heimilt að lána fé til ræktunar á erfðaleigulöndum með sömu kjörum og til annarar ræktunar, og gegn veði í landinu. Til veðs skal leiguland metið sem sjálfseign.

16. gr.

Leigutakar erfðaleigulanda skulu njóta styrks til ræktunar og bygginga á erfðaleigulöndum sem búendur á öðrum bændabýlum.

17. gr.

Rétt er leigutökum erfðaleigulanda að stofna með sér félagsskap, er nefnist landræktarfélag, til þess að afla félagsmönnum sínum leigulanda og vinna að ræktun landanna í samlögum. Samþykktir landræktarfélaga skulu staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu. Landræktarfélögum skal vera heimilt að taka lán til landkaupa eða ræktunar, áhalda- eða áburðarkaupa og annara félagsþarfa, gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna og veði í leigulöndum þeirra. Gjöld félagsmanna í félagsþarfir skulu tryggð með lögveði í leigurétti félagsmanna og mannvirkjum þeim, er þeir eiga á leigulöndum sínum.

18. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón allra erfðaleigumála í landinu, undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stjórn Búnaðarfélagsins felur jarðræktarráðunaut eða öðrum hæfum starfsmanni sínum eftirlit þetta.

19. gr.

Öll erfðaleigulönd skal skrásetja, og annast sveitarstjórn eða bæjarstjórn um það, þar sem leigutaki er heimilisfastur. Í skránni skal tilgreina stærð landsins, ásigkomulag þess og matsverð, nafn leigutaka og leigusala, leigumála og annað það, er þörf þykir að tilgreina. Leigutökum og leigusölum skal skylt að láta í té allar upplýsingar, er með þarf vegna skrásetningar landanna. Skrár þessar skulu sendar eftirlitsmanni Búnaðarfélagsins, er semur aðalskrá um öll erfðaleigulönd.

20. gr.

Eftirlitsmaður Búnaðarfélagsins skal skyldur til að veita leiðbeiningar um val, útmælingu og ræktun erfðaleigulands. Afhending lands til erfðaleigu samkvæmt 3. gr. og eignarnám lands samkvæmt 4. gr. skal því aðeins fram fara, að eftirlitsmaður mæli með því. Umsagnar eftirlitsmanns skal jafnan leitað um skipulagsuppdrætti þá og áætlanir, sem getur um í 5. gr., svo og um samþykktir landræktarfélaga, áður en þær eru staðfestar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 500 krónum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum er 6. kafli jarðræktarlaga, nr. 43, 20. júní 1923, úr gildi numinn.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 562. Þingsályktun

um ákvörðun á tölu starfsmanna við starfrækslugreinir og stofnanir ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa frv. til laga um tölu starfsmanna við sérhverja starfrækslugrein ríkisins og ríkisstofnun og láta fylgja frv. til fjárlaga framvegis.

Nd. 563. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan umdæmisins, að öll ungmenni, konur sem karlar, skuli stunda verklegt eða bóklegt nám einn til tvo vetur einhvern tíma á aldrinum 15—19 ára, og sé nemendum gefinn kostur á að greiða fæðiskostnað og kennslu í innanhéraðsskóla með því að vinna ákveðinn tíma kauplaust, að öðru en fæði, í þágu sýslu- eða bæjarfélagsins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að fyrirskipa ungmennanám og starfrækja lýðskóla með því fyrirkomulagi, er í 1. gr. segir, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ef ⅔ hlutar kjósenda, er þátt taka í atkvæðagreiðslu samkv. 2. gr., samþykkja námsskyldu ungmenna og starfrækslu lýðskóla samkv. 1. gr., þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er hæfi áætlaðri nemendatölu héraðsins, byggt á kostnað ríkissjóðs, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, á þeim stað, er hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála fellst á.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hættir sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja lýðskóla, er reistur hefir verið samkv. 3. gr., áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, er skólahúsið var fullgert, og skal þá hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða ríkissjóði byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal draga frá $\frac{1}{40}$ hluta þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkv. lögum þessum.
5. Við 5. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Með reglugerð, er hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur, og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal setja ákvæði um stjórn og rekstur skólans, tilhögun námsins og vinnunnar og annað það, er þörf er á samkv. lögum þessum.
   b. Aftan við greinina bætist ný grein, 6. gr., svo látandi:
      Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.
6. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með námsskyldu og vinnuréttindum ungmenna.

Ed. 564. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 513 [Brúargerðir].

Frá Jóni Þorlákssyni.

Fyrir orðin: „Í stað liðarins komi: 12. Hvítá í Árnessýslu hjá Kiðjabergi“ komi: Nýr liður: Hvítá í Árnessýslu nálægt Kiðjabergi.
(Liðatalan breytist eftir því).

Nd. 565. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.

9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.
14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Hólsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.

3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
8. Skjálfandafljót í Köldukinn.
9. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
10. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
11. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
12. Jökulsá í Fljótsdal.
13. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
14. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
15. Hvítá í Árnessýslu nálægt Kiðjabergi.
16. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði, gegn $\frac{1}{3}$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:

1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr $\frac{2}{3}$ hlutum í $\frac{3}{4}$ hluta.

2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., ¾ hlutar kostnaðar.

c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 566. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna (16. gr. laganna frá 1915) bætist:

Þeir menn, sem gegnt hafa vélstjórastörfum samkvæmt bráðabirgðaskírteinum þeim, sem um ræðir í 3. málsgr. þessarar greinar, 5 ár eða lengur og hafa vottorð vélstjóra þess og skipstjóra, sem þeir hafa unnið hjá, um að þeir hafi gegnt starfinu vel og samvizkusamlega, geta til ársloka 1935 fengið hjá löggreglustjóra skírteini, er veiti þeim samskonar réttindi til vélgæzlu á gufuskipum, sem þeir hafa haft samkv. bráðabirgðaskírteini í samtals 2 ár eða lengur.

Líti lögreglustjóri svo á, að vafasamt sé, hve viðtækan rétt til vélgæzlu umsækjandi megi öðlast samkvæmt framansögðu, sker atvinnumálaráðherra úr.

2. gr.

Nú æskir maður, sem hefir gegnt vélstjórastörfum samkvæmt bráðabirgðaskírteini lengur en 3 ár, inntöku í vélstjóraskólann, og skal þá heimilt að stytta smíðanámstíma þann, sem krafizt er í 4. gr. laga nr. 37, 3. nóv. 1915, til inntöku í skólann þannig, að í stað smíðanámstímans komi tvöfaldur vélstjórnartími, þó svo, að smíðanámstími hans verði jafnan að minnsta kosti 12 mánuðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 567. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Breytingin, er frv. gerir á lögum um tannlækningar frá 1929, er sú, að dómsmálaráðherra er heimilt, með nánar tilteknum skilyrðum, að veita þeim mönnum, er hafa lokið tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn, þar sem enginn tannlæknir er.

Nefndin aðhyllist þessa viðbót við lögin og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1932.

Bergur Jónsson,	**Sveinbjörn Högnason,**	**Þorleifur Jónsson,**
form.	**fundaskr.**	**frsm.**
	Jón Ólafsson.	

Ed. 568. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist þannig:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalizt 2 ár samfleytt bú-

andi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 2 árum.

2. gr.

Aftan við 65. gr. fátækralaganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ríkissjóður að greiða sveitarstyrk erlendis með þurfamanni, sem á framfærslusveit hér á landi, eða kostnað við flutning hans og fjölskyldu hans frá útlöndum, og á hann þá rétt til endurgjalds hjá framfærslusveit þurfalingsins á þeirri upphæð, er hann hefir þannig lagt fram. Á þetta jafnt við um þá þurfalinga, sem fengið hafa slíkan styrk hjá fátækrastjórn á þeim stað erlendis, þar sem þeir voru staddir er styrkurinn var veittur, sem um þá menn, sem fengið hafa styrk hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í fjárlögum til styrktar nauðstöddum Íslendingum erlendis, en sá styrkur telst sveitarstyrkur, ef hann er eigi endurgreiddur af styrkþega innan mánaðar frá veitingu hans.

Sama gildir, ef slíkur framfærslustyrkur eða flutningskostnaður er greiddur á annan hátt úr ríkissjóði.

3. gr.

66. gr. orðist þannig:

Oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórna ber fyrir lok marzmánaðar ár hvert að senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um fátækraframfæri í hreppum eða kaupstöðum fyrir umliðið ár í því formi, sem ráðuneytið ákveður. Ennfremur ber þeim samtímis að senda ráðuneytinu nákvæma tölu íbúa hreppsins eða kaupstaðarins í árslok eða á þeim tíma, sem manntal var síðast tekið á árinu af presti eða öðrum hlutaðeigandi embættismanni. Ber þeim að útvega skýrslu hlutaðeigandi embættismanns og láta hana fylgja.

Sýslumenn skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá, og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt bar að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

4. gr.

67. gr. orðist þannig:

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags samkv. skýrslum þeim, er í 3. gr. getur, fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að $\frac{1}{3}$ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, er greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, að $\frac{1}{3}$ hluta við skattskyldar tekjur, að $\frac{1}{6}$ hluta við skuldlausar eignir og að $\frac{1}{6}$ hluta við fasteignamat, og greiðast þá $\frac{2}{3}$ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði. Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 kr.

5. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fúlgu vegna sveitarstyrks, sem þurfalingi þess hefir verið veittur af hinu síðartalda fyrr en á árinu 1932, og skal þá ráðuneytið rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr ríkissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekara en það, sem vanta kann á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1935. Kostnað þann, sem áfallinn er samkv. 66. og 67. gr. fátækralaganna, ber að greiða úr ríkissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.

Nd. 569. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka síldarbræðslu á Raufarhöfn.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

2 nefndarmenn (BKr og BÁ) vilja fylgja frv. óbreyttu, 2 (JJós og GÍ) vilja eigi atkvæði greiða um málið, en undirritaður leggur til, að því verði vísað til stjórnarinnar til frekari athugunar í sambandi við önnur skyld atvinnumál.

Við meðferð þessa máls kom það þegar í ljós, að mikinn og dýran útbúnað skortir til rekstrar verksmiðju þeirrar á Raufarhöfn, sem hér ræðir um, enda hefir hún af vanefnum verið rekin undanfarið og með neikvæðum árangri. Virðist því minni ástæða til að ráðast í leigu og rekstur verksmiðjunnar, sem staðhættir torvelda mjög starfið á þessum stað, en fullkomnar síldarbræðslur eru svo nærri, að til þeirra má oftast ná að sumarlagi. Hinsvegar verður að játa, að fengin reynsla af síldarbræðslu ríkisins á Siglufirði — þar sem öll skilyrði eru þó betri — gefi eigi hvöt til aukins rekstrar þar, sem þörfin er lítil fyrir bræðslu og staðhættir erfiðlegir.

Stuðningsmenn frv. halda því fram, að með því að um heimild til rekstrar verksmiðju sé að ræða, en eigi skyldu, þá saki ekkert að lögfesta fyrirmæli frv.

Slíkar ástæður verður að telja harla hæpnar, enda óvenjulegt og jafnvel ótilhlýðilegt að setja heimildarlög um þær framkvæmdir af hendi ríkisstjórnar, sem fyrirsjáanlegt er og vitað, að engar geta orðið á þeim tíma, sem til framkvæmda er ætlaður.

Lögfesting frv., eins og viðhorfið er á þessum tíma, mundi aðeins verða til þess að vekja táldrægar atvinnuvonir nokkurra manna á vettvangi og þannig fremur til ógagns verða en ávinnings. Hitt mætti fremur að liði koma, að ríkisstjórnin léti rannsaka þetta mál í sambandi við þær almennu atvinnuhorfur í verstöðvum landsins og hliðstæð fyrirtæki í öðrum héruðum landsins.

Alþingi, 26. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson.

Ed. 570. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eins og ég áður hefi gert grein fyrir, tel ég flest nýmæli frv. ganga í öfuga átt. Hefði mér því verið næst skapi að leggja til, að frv. yrði fellt. Þrátt fyrir það hefi ég ráðizt í að bera fram breytingartillögur við það, í þeirri von, að frv. fáist fært í réttara horf. Nokkrar brtt. hefi ég flutt á þskj. 537, ásamt háttv. 3. landsk. (JónJ), en að öðru leyti fara brtt. mínar hér á eftir. Skilyrði fyrir, að ég geti gefið frv. atkvæði, er, að brtt. þessar verði í höfuðatriðum samþykktar.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Æðsti dómstóll ríkisins nefnist hæstiréttur.
   Verði tillagan samþykkt, breytist í samræmi við það alstaðar í frv. orðin „fimmtardómur, fimmtardómari og fimmtardómsritari“.
2. Við 2. gr. Fyrri málsgr. falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Hæstarétt skipa fimm dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi, til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Eigi má dóm setja með færri dómendum en fimm.
   Ef autt verður sæti forseta, skal sá dómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.
   Ef autt verður sæti dómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.
   Færi svo, að fleiri þyrfti varadómara en kennara lagadeildar, til þess að rétturinn yrði fullskipaður, setur dómsmálaráðherra dómara til bráðabirgða.

5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr.
   a. Orðin „dómari í hæstarétti“ í 2. tölulið falli burt.
   b. Síðari málsgr. 3. tölul. falli burt.
8. Við 14. gr. Greinin falli burt.
9. Við 17. gr. Síðasta málsgr. falli burt.
10. Við 21. gr. Síðasti málsl. falli burt.
11. Við 25.—27. gr. Greinarnar falli burt.
12. Við 37. gr. Orðin „eða í hæstarétti — öðluðust gildi“ falli niður.
13. Við 39. gr. Greinin orðist þannig:

    Reglur þær, er hingað til hafa gilt um málshöfðun fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, haldist óbreyttar.
14. Við 43. gr. Í stað orðanna „áður gilti um hæstarétt“ komi: hingað til hefir gilt.
15. Við 64. gr. Greinin falli burt.
16. Við 65. gr. Greinin falli burt.
17. Við 66. gr. Greinin falli burt.
18. Við 68. gr. Greinin orðist þannig:

    Nú er landsyfirdómi eða einstökum yfirdómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðningu matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstiréttur í staðinn.

    Þrír hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.
19. Við fyrirsögn frv. Í stað „fimmtardóm“ komi: hæstarétt.

Alþingi, 28. apríl 1932.

Pétur Magnússon.

Ed. **571. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Einar Árnason.

Ed. 572. Breytingartillögur

við frv. til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Á stöðum, þar sem útræði er og sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem .....

b. Síðasti málsl. greinarinnar orðist þannig:
Þóknun fyrir birtingu veðurfregna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

Nd. 573. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka síldarbræðslu á Raufarhöfn.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og vilja tveir nefndarmenn (BKr og BÁ) samþykkja það óbreytt. Tveir nefndarmenn (JJós og GÍ) hafa óbundin atkvæði, en einn (SvÓ) skilar sérstöku nefndaráliti.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Björn Kristjánsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Guðbr. Ísberg, með fyrirvara.
	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. 574. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm.	Jón Ólafsson.
	Þorleifur Jónsson.	

Nd. 575. Nefndarálit

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Þorleifur Jónsson.
Jón Ólafsson.

Nd. 576. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Jón Ólafsson.
Þorleifur Jónsson.

Ed. 577. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

Einar Árnason, form. Jón Jónsson, fundaskrifari. Pétur Magnússon, framsögum.

Nd. 578. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 535 [Hafnarlög Reykjavíkur].

Frá Héðni Valdimarssyni.

Aftan við brtt. bætist: vegna þeirrar afgreiðslu.

Ed. 579. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðast þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengjunni frá vesturtakmörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og til Geldinganess að austan, að undanskildum Grafarvogi og netlögum fyrir landi Grafar og Keldna. Sjávarmegin nær Reykjavíkurhöfn að netlögum eyja þeirra, er að henni liggja og eigi eru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netalög. Svo tekur og Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsgr. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

6. grein orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

4. gr.

7. grein orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

5. gr.

8. grein orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

6. gr.

Þar, sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 22 frá 22. okt. 1912.

Nd. 580. Frumvarp

til laga um bann við okri.

Flm.: Bergur Jónsson, Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningum, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 6 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef peningalán er tryggt með fasteignaveði eða á annan öruggan hátt, skal eftirleiðis vera frjálst að taka sömu vexti og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

3. gr.

Ef peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði né á annan öruggan hátt, má taka vexti, er séu allt að tveimur af hundraði hærri en útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar reikna skal hámarksvexti samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal í þeim útreikningi taka tillit til kostnaðar við lántöku, affalla, afsláttar af lánsupphæðinni og þess háttar, sem allt skal reiknað sem vextir af lánsupphæðinni.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt og unz hann greiðir skuld sína, að greiði í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum. Þó mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir algengu eða umsömdu vextir af slíkum lánum eru hækkaðir.

Hærri dráttarvexti en 1 af hundraði á ári má ekki taka.

6. gr.

Ef samið er um hærri vexti eða dráttarvexti en greint er í lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og ef hærri vextir eða dráttarvextir hafa verið teknir, ber lánssala að endurgreiða skuldara þá upphæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, er lánar peninga gegn hærri vöxtum eða dráttarvöxtum en greinir í lögum þessum, og sá, er útvegar slík peningalán, skal sæta sektum, er aldrei séu lægri en fjórfaldur og aldrei hærri en tuttugu og fimmfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið eða áskilinn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febrúar 1890, um vexti.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt fyrir tilmæli lögreglustjórans í Reykjavík. Ástæðurnar til þess eru þær, sem flestum landsmönnum er kunnugt um, að okurháir vextir af peningum fara óðum í vöxt manna á meðal. Þess eru nú á seinni árum mýmörg dæmi, að þeir, sem eru í kröggum, eru svo ofurseldir okrurunum, að þeir verða að greiða á annað hundrað í ársvexti. Að teknir séu 6 af hundraði og 30—50 af hundraði í afföll af skuldabréfum með tryggu veði í fasteign, er orðið talsvert algengt nú upp á síðkastið.

Öllum mun nú vera ljóst, hve stórkostleg áhrif þetta okur hefir í þjóðlífinu. Þeir, sem okurlánin taka, eru næstum alltaf í neyð. Þeir vonast flestir að geta bjargað sér úr neyðinni og örðugleikunum með láni, þótt óhagstætt sé, en reynsla flestra eða næstum allra mun eðlilega verða sú, að lánið bjargar þeim ekki, heldur þvert á móti. Ástæðan er ofureðlileg, eða sem sagt sú, að engir atvinnuvegir í landinu, hvort sem er verzlun, leiga á húseignum eða annað, er svo arðvænleg, að hún gefi svipaðan arð og okrarinn heimtar, og þess vegna hlýtur niðurstaða lántakandans einatt að verða sívaxandi tap. En áður en lántakandinn

gefur upp á bátinn til fulls, reynir hann þó að ná sér niðri á viðskiptamönnum sínum og vinna þar upp hina háu vexti með hærri húsaleigu, háu vöruverði o. s. frv. Okurvextirnir hafa því stórkostleg áhrif í þá átt að hækka verðlagið í landinu og gera það óheilbrigt.

Fyrir þá einstaklinga, sem neyðast til að taka peninga að láni með okurvöxtum, er það næstum alltaf viss eyðilegging, og fyrir þjóðfélagið veldur það tjóni af ástæðum, sem að framan er greint. Sá eini, sem græðir, er okrarinn.

Þau peningalán, sem tekin eru með hærri ársvöxtum en 10%, virðist því fullkomin ástæða til fyrir þjóðfélagið að banna, því eftir að vextir eru orðnir hærri, geta þau lán alls ekki talizt til þeirrar heilbrigðu peningaverzlunar, sem þjóðfélagið getur viðurkennt sem eðlilega og réttmæta.

Að framfylgja þessum lögum mun mega telja tiltölulega auðvelt.

Nd. 581. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um veitingasölu, gistihúshald o. fl., nr. 21 frá 15. júní 1926.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Það er brot á lögum þessum, að farþegar á millilandaskipum hafi næturgistingu á skipsfjöl eða að þeim sé þar veittur matur eða drykkur á höfnum, þar sem þau snúa við í hverri ferð, enda sé gistihús á staðnum, er geti tekið við farþegum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Það hefir nokkuð tíðkazt að undanförnu, að farþegar á erlendum millilandaskipum hafa búið í skipunum á meðan þau hafa dvalið hér í höfn, enda þótt kostur hafi verið gistingar á fullkomnu gistihúsi í landi. Hefir jafnvel eitt af gufuskipafélögunum auglýst þetta í leiðarvísi á ensku, sem það hefir gefið út um ferðalög hingað til lands. Þar sem þetta mun óvíða tíðkast, og hér er um óeðlilega samkeppni við gistihús hér að ræða, þykir rétt að banna þetta með lögum.

Ed. 582. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

1. gr.

Aðfararhæfir dómar, sem gengið hafa í einhverju samningslandanna í einkamálum, skulu einnig vera bindandi í hinum ríkjunum. Sama er um dóma í sakamálum að því er þeir varða bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið.

Með dómi er átt við úrlausn réttarins um kröfu þá eða réttaratriði, sem málið er um.

2. gr.

Í samningi þessum teljast jafnsettir aðfararhæfum dómum:

1) úrskurðir yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) í Finnlandi eða Svíþjóð um greiðsluskyldu í málum, þar sem krafan styðst við skuldabréf eða annað skriflegt sönnunargagn (lagsökningsmål), enda sé frestur til málsskots (besvär) liðinn;
2) sætt, gerð fyrir sáttanefnd eða rétti;
3) aðfararhæfir úrskurðir, sem felldir eru í einkamálum, annaðhvort í dóminum eða sérstaklega, um bætur fyrir málskostnað eða um þóknun til votta eða sérfróðra manna.

3. gr.

Útivistardómur, sem í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefir verið felldur yfir stefndum fyrir fyrsta dómsstigi og „tredskodom", eða annar dómur, sem í Finnlandi eða Svíþjóð hefir verið felldur fyrir fyrsta dómsstigi gegn stefndum, sem ekki mætti, skal því aðeins vera bindandi í hinum ríkjunum, að svo standi á sem nú segir:

1) að stefndur hafi, þegar stefna, sáttafyrirkall eða fyrirkall til yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) var birt, átt heimilisfang eða skráð firma í því ríki, þar sem dómurinn er dæmdur, eða stjórn sú, sem kemur fram fyrir stefnda, hafi þá átt heima í því ríki, eða fyrirkallið verið birt umboðsmanni, sem stefndum lögum samkvæmt var skylt að hafa í þessu ríki; eða
2) að gert hafi verið óbrigðanlegt samkomulag um, að málið skuli rekið fyrir þeim rétti, sem uppkvað dóminn; eða
3) að dómurinn sé um bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið og framinn hefir verið í því ríki, þar sem dómurinn var dæmdur, enda sé stefna birt stefnda sjálfum, meðan hann dvelur í því ríki.

Sama er um útivistardóm, sem á hærra dómsstigi er felldur gegn stefnda, ef dómurinn hefir og verið útivistardómur á fyrsta dómsstigi.

4. gr.

Krefjast má, að dómum, úrskurðum og sættargerðum, sem samkvæmt 1.—3. gr. eru bindandi utan þess ríkis, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn er felldur eða sættin gerð, og hægt er að fullnægja í því ríki, verði fullnægt í hinum ríkjunum.

5. gr.

Beiðni um aðför á að senda: í Danmörku og á Íslandi fógeta, í Finnlandi og Svíþjóð yfiraðfararvaldsmanni (överexekutor), og í Noregi aðfarardómstól (namsretten).

6. gr.

Beiðni um aðför eftir dómi eða úrskurði skal fylgja:

1) dómurinn eða úrskurðurinn í frumriti eða útskrift, staðfestri af hlutaðeigandi yfirvaldi;
2) vottorð um, að dómurinn eða úrskurðurinn sé þess eðlis, sem segir í 1. eða 2. grein, og að hann sé aðfararhæfur og megi fullnægja honum í því ríki, þar sem hann er uppkveðinn;
3) dómi, sem um ræðir í 3. grein, vottorð, er sýni, að dómurinn hafi gildi samkvæmt þeirri grein.

Beiðni um fullnægju sættar skal fylgja útskrift af sættargerðinni, staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi, svo og vottorð um, að sættin sé gerð fyrir sáttanefnd eða rétti og að henni megi fullnægja í því ríki, þar sem hún var gerð.

Skjölum, sem rituð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

7. gr.

Vottorð þau, sem getur um í 6. gr., gefa: í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Noregi dómsmálaráðuneytið, í Svíþjóð fylkisstjórn (länsstyrelse).

8. gr.

Ákvörðun um, hvort framkvæma skuli fullnægju samkvæmt þessum samningi, er tekin án þess að gagnaðili sé til kvaddur; þegar sérstaklega stendur á, má þó gefa honum tækifæri til að bera fram ástæður sínar.

9. gr.

Aðför fer í hverju ríki fram samkvæmt þar gildandi lögum án tillits til þess, sem dómurinn, úrskurðurinn eða sættin kann að kveða á um þvingunarráðstafanir.

10. gr.

Ákvæðin í þessum samningi um réttargildi dóma breyta að engu leyti 22. gr. í samningi frá 6. febrúar 1931, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, og leiða ekki af sér, að dómar eða úrskurðir um slík mál fái gildi í öðrum tilfellum en þar er ákveðið. Fullnægju dómsúrskurða, sem gildi hafa samkvæmt nefndri grein, má krefjast samkvæmt 4. til 9. gr. þessa samnings.

Nú hefir í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi verið dæmdur dómur, þar sem beitt er ákvæðum löggjafarinnar um fjármál hjóna, og skal þá samningur þessi ekki ná til dómsins í Finnlandi eða Svíþjóð, ef þar hefði átt að gera út um deiluatriðið samkvæmt eldri hjúskaparlöggjöf landsins.

Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sátta um meðlagsskyldu í sifjamálum, og breytir að engu leyti samningnum frá 10. febrúar 1931 um innheimtu meðlaga.

Eigi breytir samningurinn heldur að neinu leyti ákvæðum þeim, sem í öðrum samningum felast um gildi eða fullnægju dóma og annara úrskurða.

11. gr.

Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sætta um:

1) frændsemi, erfðarétt, ábyrgð erfingja á skuldum, skipti dánarbúa, meðferð þrotabúa, nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, eða riftingu réttargernings við gjaldþrot.
2) eignarrétt eða annan rétt yfir fasteign í einhverju hinna ríkjanna, skyldu til að gera ráðstafanir um slík réttindi, eða afleiðingar af vanrækslu skyldunnar;
3) skatta og gjöld til ríkis eða sveitar- eða bæjarfélags, eða önnur mál opinbers réttar, jafnvel þótt dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp í sama formi sem venja er um einkamál.

Samningurinn nær ekki til úrskurða, sem fellt hafa sérstakir dómstólar í atvinnudeilum.

12. gr.

Af samningnum leiðir ekki skylda til að viðurkenna eða fullnægja dómi, úrskurði eða sætt, þegar augljóst er, að það mundi vera ósamrýmanlegt réttarskipulagi landsins.

13. gr.

Samningurinn nær ekki til dóma né úrskurða, sem upp hafa verið kveðnir, né sætta, sem gerðar hafa verið, áður en samningurinn gekk í gildi.

14. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum komið fyrir til geymslu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, svo fljótt sem auðið er.

Milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt samninginn, gengur hann í gildi hinn 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, er fullgildingarskjölum að minnsta kosti þriggja ríkjanna hefir verið komið fyrir til geymslu. Gagnvart ríkjum, er síðar fullgilda, gengur samningurinn í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, að fullgildingarskjalinu var komið fyrir til geymslu.

Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp gagnvart sérhverju hinna ríkjanna með 1 árs uppsagnarfresti, svo að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan, og sett þar við innsigli sín.

Gert í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Ed. 583. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925 [Laun embættismanna].

Flutningsm.: Magnús Torfason, Guðm. Ólafsson, Jón Jónsson, Einar Árnason, Jónas Jónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Síðari málsgr. lagagreinarinnar skal orða svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af ⅔ launanna eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó eigi frekar en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 3000 kr. fyrir þá, sem eigi hafa menn á skyldaframfæri, og 4200 kr. fyrir þá, sem hafa menn á skyldaframfæri. Uppbótin greiðist samtímis launum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932, og falla þá úr gildi lög nr. 62, 8. sept. 1931.

Greinargerð.

Hag landsmanna er svo komið, að allir, sem betur mega, verða að sýna sjálfsafneitun og taka sinn þátt í atburðum til að fleyta þjóðarbúinu yfir kreppuna.

Nd. 584. Tillaga

til þingsályktunar um sölu veiðarfæra.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um sölu á veiðarfærum, svo sem fiskilínum, tunnum, netum, nótum o. fl.

Greinargerð.

Það hefir oft borið við, að hingað til lands hafa flutzt veiðarfæri, einkum fiskilínur, síldarnet og hringnætur, sem eru af svo lélegu efni gerð, að stórgölluð eða jafnvel ónýt hafa reynzt.

Á síðastliðnu hausti voru óvenjumikil brögð að þessu, einkum hér á Suðurlandi, svo að stórtjón hefir orðið að fyrir bátaútveginn.

Nánar í framsögu.

Nd. 585. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um að mæla með frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 29. apríl 1932.

B. Kristjánsson.

Nd. **586. Frumvarp**

til laga um sauðfjármörk.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum, sem á sauðfjármark, að fá það lögskráð. Lögskráð teljast sauðfjármörk, sem prentuð eru í gildandi markaskrá þess héraðs, sem markeigandi á lögheimili í.

Nú er nýtt mark tekið upp, eftir að prentun markaskrár hlutaðeigandi héraðs fór fram, eða lögskráð mark í öðru héraði er flutt milli héraða og notkun þess leyfð af markadómi, og skal þá markavörður annast birtingu þess í Lögbirtingablaðinu. Þau mörk, sem þannig eru birt í Lögbirtingablaðinu, teljast lögskráð, unz næst er prentuð markaskrá fyrir það hérað, sem markeigandi á lögheimili í.

2. gr.

Öll sauðfjármörk skal lögskrá, og má eigi nota önnur mörk, sbr. þó 13. gr.

3. gr.

Mörk eru tvennskonar, eyrnamörk, sem sett eru á eyru sauðfjár (og líka má setja á horn sem hornmörk) og brennimörk, sem brennd eru á horn sauðfjár. Brennimörk má líka setja á merki, sem fest eru í eyru sauðfjár, enda sé lögskráð brennimark á merkinu.

4. gr.

Hver sauðfjáreigandi skal sjá um mörkun á fé sínu.

5. gr.

Mark, sem er lögskráð samkvæmt lögum þessum, er eign þess, sem skrifaður er fyrir því, og er öllum öðrum óheimilt að taka það upp eða nota, nema með hans leyfi, eða leyfi markadóms. En um það leyfi fer eftir ákvæðum 6. og 16. gr.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 2 menn í markadóm. Auk þeirra er sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands sjálfkjörinn formaður markadóms og um leið markavörður.

Markadómur skal úrskurð gefa meðal annars um rétt manna til að halda sauðfjármarki, er þeir hafa áður haft, eða er í gildandi markaskrá, þegar um sammerkingar eða námerkingar er að ræða, þar, sem lög þessi leggja bann við. Ennfremur veitir hann heimild til að taka upp nýtt mark eða flytja mark milli héraða. Útlagðan kostnað dómsins skal greiða úr ríkissjóði, eftir reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Markavörður sér um prentun allra markaskráa landsins. Skal hann gæta þess, að sammerkingar eigi sér ekki stað umfram það, sem lög þessi heimila. Þegar prenta skal markaskrá, skal markadómur úrskurða, þar sem sammerking er ekki heimil eftir lögum þessum, hver af þeim, er sammerkt á, hefir mestan rétt til að halda áfram sauðfjármarki sínu.

Sá telst hafa ríkari rétt til eignar og nota á sauðfjármarki í sama héraði eða á samgangnasvæði, sem hefir fengið það að erfðum, heldur en sá, er tekur upp mark, kaupir mark eða flytur það að. Og sá, er mark á í héraði, hefir rétt á að halda því fyrir marki, sem flutt er inn í héraðið, hvað sem aldri markanna líður eða hvernig sem uppruna þeirra er háttað.

Ef tveir eða fleiri eiga sammerkt innan eða utan héraðs, og eins er ástatt um uppruna þeirra í eigu þess eða þeirra, er skrifast fyrir þeim, skal aldur markanna ráða, eftir því er upplýsist um hann, og hefir þá elzta markið mestan rétt. Keypt mark innan héraðs, sem áður hefir verið notað, hefir fyllri rétt en nýupptekið mark, þó keypt sé.

8. gr.

Í hverri sýslu skal vera einn maður kosinn af sýslunefnd, er safnar mörkunum, markasafnari, áður en markaskrá verður prentuð. Árið áður en prenta skal markaskrá fyrir sýslu, þar með talin þau bæjarfélög, sem samkvæmt lögum þessum er fyrirskipað að prenta sauðfjármörk sín í sýslumarkaskrá, skulu oddvitar, hver í sínum hreppi, safna sauðfjármörkum og veita markagjaldi móttöku, sbr. 9. gr. Að söfnun markanna lokinni skulu þeir senda markasafnara mörkin ásamt markagjaldi, í síðasta lagi fyrir lok októbermánaðar. Markasafnari skal raða mörkunum og hlutast til um, að innan sýslu eða þess héraðs, er hann á að safna fyrir, eigi sér ekki stað sammerkingar. Fyrir áramót hin næstu skal hann hafa sent markaverði mörkin og markagjaldið.

Fyrir vinnu sína fær markasafnari 20% af markagjaldi sýslunnar eða héraðsins.

9. gr.

Hver sá, er lögskrá vill mark sitt í markaskrá, skal sjá um, að það komist til oddvita haustið sem markasöfnun fer fram, í síðasta lagi fyrir 15. október. Fyrir prentun marks í markaskrá skal greiða 1 kr., eigi sami maður ekki fleiri en 2 mörk, en 5 kr. skal greiða fyrir það þriðja, 10 kr. fyrir það fjórða, og þannig hækkandi áfram um 5 kr. fyrir hvert mark. Markagjöld þessi skal markaeigandi senda til oddvita með markinu, þegar markasöfnun fer fram. Fyrir skrásetningu brennimarks greiðist ekkert gjald. Nú vill maður taka upp mark milli prentunar markaskráa, eða flytja mark milli héraða, og skal hann þá senda það ásamt markagjaldi til markavarðar, sem sér um birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, ef notkun þess er heimil samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Nú neitar markadómur manni að taka upp eða halda marki, og skal hann þá benda hlutaðeiganda á mark (eða mörk) sem líkast því, er óskað var eftir.

11. gr.

Sýslu- og hreppsbrennimörk skal sauðfjáreigendum skylt að auðkenna með fé sitt, og skal það ætíð sett á vinstra horn, ef fé er hyrnt, en ella skal það sett á merki, sem sett er í vinstra eyra. Hver sýsla skal auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, en hreppur með tölumerki.

Brennimark eiganda skal setja á hægra horn eða á merki, er fest er í hægra eyra, ef kind er kollótt. Brennimark sýslu og eiganda má þó setja á sama horn, og á hvort hornið sem er, ef kind er einhyrnd. Brennimörk skal lögskrá, og má ekki fleiri en einn í sömu sýslu hafa sama einkabrennimark.

12. gr.

Draga skal fénað þannig, að fyrst ræður sýslubrennimark, þá hreppsbrennimark og síðast eyrnamark. Sé kind hornmörkuð eða brennimerkt öðrum en þeim, er eyrnamarkið á, skal hún þeim dregin, er á horn- eða brennimarkið. Beri hornmarki og brennimarki ekki saman, skal brennimarkið ráða. Frá þessu skal því aðeins víkja, að annað sannist réttara.

13. gr.

Heimilt er mönnum að marka annað búfé sitt undir lögskráð sauðfjármörk sín. Sömuleiðis er mönnum heimilt að nota sérstök eyrnamörk á annað búfé sitt, en lögskrá skal þau þó á sama hátt og sauðfjármörk, og gilda um þau, eftir því sem við á, sömu reglur og tekið er fram í lögum þessum um sauðfjármörk.

14. gr.

Ef fé er ómarkað, eða markið óglöggt, svo eigi verði úr ráðið, þá helgar ær eignarrétt að lambi. Nú er slíku eigi fyrir að fara, og getur þá sá helgað sér kindina, sem færir sönnur á eignarrétt sinn með tveimur óvilhöllum vottum.

Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, skal vera eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, sem kostnað ber af fjallleitum og réttahaldi, þar sem það finnst, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó skal óskilafé, ef það er merkt hreppsbrennimarki, vera eign þess sveitarfélags, er brennimarkið á.

15. gr.

Á næstu 5 árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal prenta allar markaskrár landsins, og skal það gert eins og hér segir:

Fyrsta árið skal prenta markaskrár Borgarfjarðar-, Mýra-, Barðastrandar-, Rangárvalla-, Eyjafjarðar- og Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Eyjafjarðarsýslu skal prenta sauðfjármörk markaeigenda á Akureyri og Siglufirði.

Annað árið skal prenta markaskrár Húnavatns-, V.-Ísafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Húnavatnssýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Rangárvallasýslu. Í markaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrá Barðastrandarsýslu. Í marka-

skrá Suður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðarsýslu.

Þriðja árið skal prenta markaskrá Árnes-, N.-Ísafjarðar- (þar með talinn Ísafjarðarkaupstaður), Snæfellsnes-, Hnappadals-, Norður-Þingeyjarsýslu og Vestmannaeyjakaupstaðar. Í markaskrá Árnessýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Rangárvalla- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu.

Fjórða árið skal prenta markaskrá fyrir Dalasýslu, Múlasýslur báðar með Norðfirði og Seyðisfirði og Skagafjarðarsýslu. Í markaskrá Dalasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals-, Barðastrandar- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu. Í markaskrá Suður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Múlasýslu eða Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Skagafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðar-, Húnavatns-, Árnes-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslu.

Fimmta árið skal prenta markaskrá fyrir Strandasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu (þar með talin Reykjavík og Hafnarfjörður). Í markaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Árnes-, Rangárvalla-, Húnavatns-, Borgarfjarðar- eða Mýrasýslu. Í markaskrá Strandasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Mýra-, Borgarfjarðar-, Dala-, Barðastrandar-, Norður-Ísafjarðar- eða Húnavatnssýslu.

Markaskrár landsins skal prenta 5. hvert ár í þeirri röð, er að ofan getur.

Ákvæði þessarar greinar um bann gegn prentun marka ná þó ekki til þeirra marka, sem flutt eru héraða milli með leyfi markadóms, sbr. 1. gr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um bann við sammerkingum milli hinna einstöku sýslna og héraða, getur markadómur veitt undanþágu frá banni þessu, þar sem svo stendur á, að fullvíst má telja, að engar sauðfjársamgöngur eigi sér stað.

17. gr.

Skylt er markadómi að banna öll mikil særingarmörk. Afeyrt er engum heimilt að nota.

18. gr.

Tekjur þær, er inn koma fyrir lögskráningu marka, renna í ríkissjóð, enda ber hann kostnaðinn af prentuninni og samningu markaskráa og birtingu marka í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari ákvæði um prentun markaskráa, gerð og heiti marka. Í reglugerðinni má og banna að nota ýmsar benjar, er valdið geta námerkingum og misdrætti á sauðfé.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum frá 5—100 kr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 47.—50. kap. í Landsleigubálki Jónsbókar, svo og öll eldri lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1935.

Nd. 587. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að rannsaka fjárhagsástand og afkomuhorfur á Austfjörðum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera skýrslu um fjárhagsástand og afkomuhorfur á Austfjörðum og benda á ráð til viðreisnar atvinnuvegum þar. Við skipun nefndarinnar skal Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands gefinn kostur á að tilnefna sinn manninn hvor í nefndina. Skylt er embættismönnum og starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana, sveitar- og bæjarstjórnum, skattanefndum, bönkum, sparisjóðum og forstöðumönnum og eigendum atvinnu- og verzlunarfyrirtækja að láta nefndinni í té allar þær skýrslur og upplýsingar, er hún æskir og þeir geta í té látið. Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja skýrslu hennar og tillögur fyrir það. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 588. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 10. gr. komi ný (11.) grein:
Kennarar, sem taldir eru í 9. gr. stafl. b. og d., fái auk þeirra launa,

sem þar eru talin, húsaleigufé, 50% af leigu eftir meðalíbúð, þrjú herbergi auk eldhúss, á þeim stað, sem þeir kenna. Verði ekki samkomulag um húsaleigufé þetta, skal leigan metin af þrem mönnum. Skipi hreppsnefnd eða bæjarstjórn einn þeirra, kennarinn eða kennararnir annan, og stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þriðja manninn, og verður úrskurði þeirra eigi áfrýjað.

Nd. 589. Breytingartillögur

við till. til þingsályktunar um fækkun prestsembætta.

I. Frá *Bergi Jónssyni.*

Orðin »Til mikilla muna« o. s. frv. til enda greinarinnar falli niður.

II. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Orðin í niðurlagi tillgr. »enda leggi stjórnin« o. s. frv. til enda greinarinnar falli niður.

Nd. 590. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

5. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Stjórnarráðið skal semja fyrirfram til hálfs eða heils árs í senn við þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá stjórnarráðinu heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsvarandi sjúkrahúsi.

Ed. 591. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 8. gr. Síðustu málsgr. greinarinnar skal orða svo:
   Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldómaraembætti, og taka veitinguna til meðferðar á ráðherrafundi, og gerir síðan forseti ráðuneytisins tillögu um hana til konungs.
   Þegar veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal forseti ráðuneytisins, eftir að málið hefir verið til meðferðar á ráðherrafundi, einnig gera tillögu um lausnarveitinguna til konungs.
2. Við 69. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Ed. 592. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

Við 4. gr.
Fyrir orðin „er í 3. gr. getur“ komi: er í 66. gr. getur.

Ed. 593. Lög

um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að ætla svæði undir heimavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu bæjarins, til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.

Nd. 594. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 1. minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þrennt, eftir flokkum. Við undirritaðir viljum fá frv. samþ. óbreytt eins og það var afgreitt frá hv. Ed. Til rökstuðnings þessu vísum við til þeirra gagna, sem þegar hafa komið fram í málinu, og er ekki ástæða til að taka neitt upp af því hér.

Alþingi, 30. apríl 1932.

Magnús Guðmundsson, frsm. Magnús Jónsson.

Nd. 595. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 2. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin er klofin í þrennt.

Tillögur Framsóknarflokksins, sem meiri hluti nefndarinnar ber fram og komu fram í efri deild fyrst, álít ég að öllu leyti óviðunandi. Eins og frv. liggur nú fyrir eftir 3. umr. í efri deild, er þingmannatalan takmörkuð við 50, og var þetta samþykkt af sjálfstæðis- og framsóknarmönnum í efri deild. Þetta ákvæði tel ég ósamrýmanlegt við það ákvæði, að Alþingi skuli svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsætatölu í samræmi við atkvæðatölu hans við kosningar. Jafnvel ráð Sjálfstæðisflokksins til þess, ef þörf krefur, að ná réttum hlutföllum með því að löggilda minnihlutakosningu í sumum kjördæm-

um, er ósamrýmanlegt við ein- og tvímenningskjördæmi og meirihlutakjör í þeim, enda óframkvæmanlegt í reynd, og er þar með horfið frá hinum fyrra grundvelli. Tel ég því rétt að ákveða nánar í stjórnarskránni kjördæmaskipulagið, svo að ekki verði um villzt um framkvæmd þess, og þingmannatala þingflokka fari eftir kjósendatölu þeirra. Flyt ég því fyrir hönd Alþýðuflokksins sömu breytingartillögur við frv. sem 2. landsk. (JBald) flutti við 3. umr. í efri deild.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

a. Fyrstu efnismálsgr. skal orða svo:

Landið skal vera eitt kjördæmi. Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum. Skal Alþingi svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Til vara:

Fyrstu efnismálsgr. 1. greinar skal orða svo:

Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum í þessum sex kjördæmum:

1. Reykjavík.
2. Suðvesturlandskjördæmi:
   a. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
   b. Hafnarfjörður,
   c. Borgarfjarðarsýsla,
   d. Mýrasýsla,
   e. Snæfellsnessýsla,
   f. Dalasýsla.
3. Vesturlandskjördæmi:
   a. Barðastrandarsýsla,
   b. Ísafjarðarsýslur,
   c. Ísafjarðarkaupstaður,
   d. Strandasýsla.
4. Norðurlandskjördæmi:
   a. Vestur-Húnavatnssýsla,
   b. Austur-Húnavatnssýsla,
   c. Skagafjarðarsýsla,
   d. Eyjafjarðarsýsla (og Siglufjörður).
   e. Akureyri,
   f. Suður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandskjördæmi:
   a. Norður-Þingeyjarsýsla,
   b. Norður-Múlasýsla,
   c. Seyðisfjarðarkaupstaður,

d. Suður-Múlasýsla (og Neskaupstaður),
e. Austur-Skaftafellssýsla.

6. Suðurlandskjördæmi:
a. Vestur-Skaftafellssýsla,
b. Vestmannaeyjar,
c. Rangárvallasýsla,
d. Árnessýsla.

Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

b. Aftan við 1. gr. bætist:

Tölu alþingismanna má breyta með lögum.

2. 1. málsgr. 4. gr. skal svo orða:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs að aldri þegar kosning fer fram og hafa ríkisborgararétt hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Alþingi, 30. apríl 1932.

Héðinn Valdimarsson.

Nd. 596. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

I.	Við 3. gr.	3.	(Innflutningsskýrslur.) Fyrir »2594,75« komi...	... 4055,00
II.	— 4. —	4.	(Fjósbygging á Kleppi.) Fyrir »26848,89« komi	... 27889,59
III.	— 5. —	2.	(Bygging á Bakkaseli.) Fyrir »19000,00« komi	... 19438,00
IV.	— 5. —	5.	Tveir nýir liðir:	
			Aðgerð á gestaskála á Ytri-Kotum	429,74
			Aðgerð íbúðarhúss í Fornahvammi	1575,92
V.	— 6. —	2.	(Kirkjugarður í Rvík.) Fyrir »28210,00« komi	... 29410,00
VI.	— 8. —	10.	(Tryggingarstarfsemi.) Fyrir »3600,00« komi ...	... 4100,00
VII.	— 8. —	11.	Nýr liður:	
			Kostnaður við verðrannsóknarnefnd	600,00

Alþingi, 30. apríl 1932.

Ing. Bjarnarson, form. — Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm. — Lárus Helgason. — Pétur Ottesen, með fyrirvara.

Magnús Guðmundsson, með fyrirvara. — B. Kristjánsson. — Jónas Þorbergsson.

Ed. **597. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.	A. 9. (Landhelgisgæzla). Athugasemdin orðist svo: gegn allt að 250000 kr. framlagi úr landhelgissjóði.		
2.	— 12. —	17. b. (Læknisbústaðir).		
		a. Fyrir »15000« kemur		8000
		b. Nýr liður:		
		Til þess að kaupa ferðaröntgentæki...		3500
3.	— 12. —	17. h. (Likn).		
		Fyrir »3000« kemur		4000
4.	— 13. —	A. VI. 1. (Akfærir sýsluvegir).		
		Fyrir »30000« kemur		25000
5.	— 13. —	B. 1. a. (Ríkisskip). Athugasemdin orðist svo: enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á.		
6.	— 13. —	B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).		
		a. Fyrir »60000« kemur		210000
		b. Svo hljóðandi athugasemd bætist við: enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á.		
7.	— 14. —	B. IV. b. 11. (Kostnaður við skólastjórn).		
		Fyrir »1000« kemur		1500
8.	— 14. —	B. XIII. 4. (Eftirlitskennarar). Nýr liður:		
		Utanfararstyrkur handa barnakennurum		1500
9.	— 14. —	B. XVII. (Blindrakennsla). Liðurinn orðist svo:		
		Til Blindravinafélags Íslands...		2600
10.	— 15. —	1. c. (Til aðstoðar).		
		Fyrir »3500« kemur		3800
11.	— 15. —	12. (Sögufélagið). Nýr liður:		
		Til Snorrabókasafns í Reykholti		500
12.	— 15. —	14. (Leikfélag Reykjavíkur).		
		a. Athugasemdin fellur burt.		
		b. Nýr liður:		
		Til frú Soffíu Guðlaugsdóttur, til sjálfstæðra leiksýninga		1000
13.	— 15. —	20. (Halldór Kiljan Laxness).		
		Fyrir »1600« kemur		1000

14. Við 15. gr. 22. (Þórbergur Þórðarson).
Liðurinn fellur burt.
15. — 15. — 27. (Skáksamband).
Liðurinn fellur burt.
16. — 16. — 3. (Gjöld samkv. jarðræktarlögum).
Fyrir 540000« kemur... 450000
17. — 16. — 7. (Verkamannabústaðir). Nýr liður:
Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að 30000
18. — 16. — 8. (Garðyrkjufélag). Nýir liðir:
a. Til veiði- og loðdýrafélags Íslands 500
b. Til Ársæls Árnasonar, til innflutnings á grænlenzkum hérum 500
19. — 16. — 19. b. (Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra).
Fyrir »6000« kemur 7000
20. — 16. — 20. (Markaðsleit).
Liðurinn fellur burt.
21. — 16. — 22. (Samb. ísl. heimilisiðnaðarfélaga).
Athugasemdin fellur burt.
22. — 16. — 25. (Kvenfél. Hvammshr. í Vík).
Liðurinn fellur burt.
23. — 16. — 27.—33. (Samb. norðl. kvenna — kvenréttindafél. Ísl.).
Liðirnir falla burt.
24. — 16. — 39. (Þórður Flóventsson).
Liðurinn fellur burt.
25. — 17. — 13.—22. (Slysatr.sjóður Dagsbr. — sjúkrasj. verkam. á Þingeyri).
Liðirnir falla burt.
26. — 17. — 23. og 24. (Gamalm.hæli á Ísaf. og Seyðisf.).
Liðirnir falla burt.
27. — 18. — d. 39. Nýr liður:
Til Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur 300
28. — 18. — f. 23. (Torfi Sæmundsson). Liðurinn orðist svo:
Til Jóns Jónssonar, Galtarholti, fyrrv. pósts 300
29. — 22. — I. (Samb. ísl. samvinnufélaga).
Liðurinn fellur burt.
30. — 22. — IV. (Samvinnufél. á Seyðisfirði).
Liðurinn fellur burt.

Ed. **598. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 3. gr. Fyrir »Synodalréttinn« komi: Kirkjudóminn (Synodaldóminn).
2. — 5. — 2. málsgr. Orðið »heldur« falli niður.

3. Við 9. gr. 2. lið. Fyrir »ákærða« komi: ákærðs.
4. — 11. — Fyrir »Rétturinn« komi: Dómurinn.
5. — 13. — 4. lið. Fyrir »verið gefin út« komi: verið tekin út.
6. — 16. — 4. málsgr. Málsgr. orðist svo:
   Dómur skal að jafnaði eigi sitja lengur um sinn en 8 stundir samfleytt.
7. — 17. gr. Fyrir »til« í niðurlagi gr. komi: á.
8. — 24. gr. 1. málsgr. 3. málsl. Málsl. orðist svo:
   Þegar svo ber að, skal málaflutningsmaður afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi, og skal leyfið geymt þar, þangað til hann kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við dóminn, og skal honum þá afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.
9. Við 28. gr. 1. lið.
   a. Upphaf liðsins orðist svo:
      Stefnur skal taka út í nafni dómsins o. s. frv.
   b. Fyrir »réttinum« komi: dóminum.
10. Við 34. gr. Fyrir »rétti í fimmtardómi« komi: dómi.
11. — 44. — Fyrir »gera« komi: taka saman.
12. — 54. — Fyrir »réttarins« komi: dómsins.
13. — 56. — Fyrir »hvaða« komi: hver.
14. — 63. — Fyrir »réttarins« komi: dómsins.
15. — 67. — Við greinina bætist: og samrýmt verður lögum þessum.

Nd. 599. Nefndarálit

um frv. til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skuli undanþegið innflutningstollum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1932.

Bernh. Stefánsson, frsm. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 600. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, framlengist fyrir árin 1933 og 1934.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni Eimskipafélags Íslands. Mun sízt vera minni ástæða til að framlengja þessi lög nú heldur en áður hefir verið.

Ed. 601. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögur þær um styrk til flóabátaferða, sem samþykktar voru í neðri deild, og getur að mestu leyti fallizt á þær.

Styrkur til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu hefir verið lækkaður úr 2100 kr. í núgildandi fjárlögum niður í 400 kr. og styrkur til Stykkishólmsbáts úr 3000 kr. í 2000 kr. Nefndin lítur svo á, að hér sé um of mikla niðurfærslu að ræða, borið saman við styrk til annara flóaferða, og leggur því til, að þessir styrkir verði hækkaðir, hinn fyrrtaldi um 800 kr. og hinn síðartaldi um 600 kr.

Samkvæmt þessum tillögum flytur nefndin breytingartillögu við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og leggur til, að upphæðin til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum verði hækkuð um 1400 kr.

Alþingi, 2. maí 1932.

Páll Hermannsson, form. H. Steinsson, fundaskr., frsm. Ingvar Pálmason.

Nd. 602. Breytingartillaga

við brtt. á þskj, 590 [Berklavarnir].

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við b.

a. Fyrir »Stjórnarráðið« komi: Ráðherra.

b. Fyrir »stjórnarráðinu« komi: ráðherra.

Ed. 603. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

5. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Ráðherra skal semja fyrirfram til hálfs eða heils árs í senn við þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá ráðherra heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsvarandi sjúkrahúsi.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafnframt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 604. Breytingartillögur

við frv. til l. um brúargerðir.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Við 2. gr. III.

2., 3. og 15. tölul. falli niður.

Ed. 605. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. 1. gr. frv. skal orða svo:
   3. gr. laganna orðist svo:
   Dómsmálaráðherra eða sá, er hefir á hendi útgerðarstjórn varðskipanna, gerir starfssamning við skipstjóra og vélstjóra og semur um kaup þeirra og kjör.
2. 2. gr. frv. skal orða svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Vélameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, sem ekki eru taldir í 3. gr. Allir skipverjar skulu skráðir í skiprúm eftir fyrirmælum sjómannalaganna (l. nr. 41, 19. maí 1930) um lögskráningu sjómanna, enda gildi fyrirmæli þeirra laga um réttindi og skyldur skipverja yfirleitt.
3. 4. gr. skal orða svo:
   Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:
   Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, ef skipið er búið björgunartækjum, annars 33⅓%. Hinn hluti björgunarlauna rennur í landhelgissjóð. Við skiptingu björgunarlauna skal fyrst taka 30% af fjárhæð þeirri, er kemur til skipta, og skiptist það jafnt milli þeirra, er lagt hafa sig í mesta hættu við björgunina. 70% björgunarlauna, er til skipta kemur, skiptist milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup þeirra.

Nd. 606. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi

lyfjaskrá, enda sé landlækni send skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, er hann fer með sem trúnaðarmál.

Þar, sem sérfræðingar eru fyrir hendi, er rétt að semja við þá um að hafa þessar ókeypis lækningar með höndum í stað héraðslækna.

2. gr.

6. grein laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja í sjúkrahús sjúkling með kynsjúkdóm, og telur sá læknir, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á þeim stað, að sjúklingurinn þarfnist ókeypis sjúkrahúsvistar, og greiðir þá ríkissjóður sjúkrahúskostnaðinn í þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Semja skal við sjúkrahús í Reykjavík um, að allt að 10 rúm séu jafnan til taks fyrir sjúklinga með kynsjúkdómum, og um greiðslur fyrir þá sjúklinga, er fá þar vist á kostnað ríkissjóðs. Á sama hátt skal samið um eitt sjúkrarúm fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða: Á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Sjúklingar skulu eiga aðgang að þeim sjúkrarúmum, sem samið hefir verið um í þessu skyni, eftir tilvísun þess læknis, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á staðnum, án tillits til heimilisfangs þeirra. Sá læknir má og vísa þangað kynsjúkdómasjúklingum, er greiða sjálfir legukostnað sinn, eftir því sem rúm leyfir.

Þar, sem samið hefir verið við sérfræðinga, skulu þeir skyldir að aðstoða sjúkrahúslækna við meðferð þessara sjúklinga í sjúkrahúsunum eða stunda þá að öllu leyti, ef krafizt verður.

Um sjúklinga þá, sem liggja í sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs, ber að senda landlækni skýrslu (sbr. 5. gr.) áður en greiðslur fara fram.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Ákvæði 5. og 6. gr. ná aðeins til sjálfra kynsjúkdómanna, en ekki til eftirstöðva þeirra eða fylgikvilla, nema að því leyti, sem þeir kunna að vera samfara hinum upphaflega sjúkdómi á smitandi stigi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 16 1923 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 607. Breytingartillaga

við till. til þál. um sölu veiðarfæra (þskj. 584).

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

Í stað orðsins »sölu« komi: einkasölu, — bæði í tillgr. og fyrirsögn.

Ed. 608. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Kirkjudóminn (Synodaldóminn) skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

II. KAFLI.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál. Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, velja kennarar lagadeildar háskólans einhvern úr sínum hópi til að skipa það.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn. Þó má veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi dómaraefni sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við yfirréttinn, hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

   Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardóm, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir, er þeir fá veitingu fyrir dómaraembætti.

   Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardóm eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.

4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldómaraembætti, og taka veitinguna til meðferðar á ráðherrafundi, og gerir síðan forseti ráðuneytisins tillögu um hana til konungs.

Þegar veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal forseti ráðuneytisins, eftir að málið hefir verið til meðferðar á ráðherrafundi, einnig gera tillögu um lausnarveitinguna til konungs.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

III. KAFLI.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Dómurinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið tekin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

IV. KAFLI.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

14. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

15. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Dómur skal að jafnaði eigi sitja lengur um sinn en 8 stundir samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

V. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt á að flytja mál fyrir fimmtardómi.

17. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

18. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

19. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

20. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

21. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

22. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

23. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 16. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar svo ber að, skal málaflutningsmaður afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi, og skal leyfið geymt þar, þangað til hann kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við dóminn, og skal honum þá afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

24. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

25. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórninni er skylt að ákveða þóknanir málaflutningsmanna, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Þó er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir dómstólana.

26. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að bera sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

VI. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

27. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal taka út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er dóminum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.
2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

28. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað

til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

VII. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

29. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

30. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

31. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 30. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

32. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

33. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 32. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt

áfrýjunarfrestur samkvæmt 32. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 32. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 33. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

35. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

37. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

39. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 32. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

VIII. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undir-

dómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

41. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

42. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

43. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra taka saman ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

44. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

45. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

46. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 45. gr. segir.

47. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

48. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en málflutningur á fram að fara. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

49. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

IX. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

50. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá að jafnaði eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

51. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein

fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

52. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

53. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali dómsins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 52. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

54. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

55. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hver dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatriði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

X. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

58. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

59. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

60. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

XI. KAFLI.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

61. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

62. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

XII. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

63. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

64. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

65. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XIII. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

66. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið og samrýmt verður lögum þessum.

67. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

68. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Ed. **609. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

Þegar fjárlagafrumvarpið að þessu sinni kom frá háttvirtri neðri deild og var vísað til þessarar nefndar, var það með kr. 425833,13 tekjuhalla, og mun þó fjárveitinganefnd neðri deildar hafa haft áhuga á því og lagt mikla vinnu í að reyna að hafa sem hagstæðastan greiðslujöfnuð á því þegar það færi frá deildinni, þó að það ekki tækist betur en þetta, og þó hlýtur neðri deild að hafa verið það ljóst þegar hún afgreiddi frumvarpið, að óhjásneiðanlegt var að hækka stórkostlega að minnsta kosti einn gjaldalið þess. Enda flytur nú fjárveitinganefnd neðri deildar frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, sem, ef samþykkt verður, mun nokkurn veginn jafna þann greiðsluhalla, sem nú er á frumvarpinu.

Nefndinni er það ljóst, að ekki verður hjá því komizt að hækka suma gjaldaliði frumvarpsins, og flytur því nokkrar breytingartillögur í þá átt,

og þó að þær séu flestar um smáar fjárupphæðir, þá nema þær þó samtals kr. 189600,00. Aftur á móti flytur nefndin tillögur um niðurfærslu gjalda, sem samtals nema 120700 kr. Er því hækkun umfram lækkun samkv. tillögum nefndarinnar 68900 kr. Tekjuhallinn alls á frumvarpinu samkv. tillögum nefndarinnar verður því kr. 494733,13.

Þennan greiðsluhalla mætti að vísu jafna með því að fella niður þær verklegar framkvæmdir, sem nú eru í frumvarpinu, að mestu eða öllu leyti, en það treystir nefndin sér ekki að leggja til að svo komnu.

Um aðra gjaldaliði — sem að langmestu leyti eru lögbundnir — getur naumast verið að tala að lækka, og þá liði, sem ólögbundnir eru auk hinna verklegu framkvæmda, telur nefndin vonlaust, að hægt sé að fá samkomulag um að lækka eða fella niður. Þó mun nefndin, þegar hún sér, hvernig deildin tekur þessum breytingartillögum hennar, athuga nákvæmlega til þriðju umræðu, hvort hún sér sér fært að gera fleiri breytingartillögur.

Við tekjubálk frumvarpsins hefir nefndin enn ekki gert neinar breytingartillögur, enda lítur hún svo á, að þar séu flestir liðir svo varlega áætlaðir, að naumast geti komið til þess, að þær áætlanir ekki standist.

Þá skulu athugaðar nokkru nánar helztu breytingartillögur nefndarinnar við hinar einstöku greinar frumvarpsins.

11. gr.

Samkvæmt undanfarandi reynslu um kostnað við landhelgisgæzlu hyggur nefndin, að upphæð sú, er til hennar er ætluð í frumv., muni reynast of lág. Hinsvegar hefir nefndin fengið upplýsingar um það, að landhelgisjóður muni geta lagt fram hærri upphæð en gert er ráð fyrir í frumv., og leggur því til, að liðurinn hækki um 50000 kr.

12. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert nokkrar breytingartillögur, og er það að mestu eftir tillögum landlæknis og í samráði við hann. Nefndin telur sjálfsagt, að ekki verði byggðir neinir læknisbústaðir eða sjúkraskýli árið 1933, enda litlar líkur til, eins og nú lítur út með fjárhagshorfur, að nokkurt hérað treysti sér til að leggja fram fé til þeirra hluta. Hinsvegar vildi nefndin ekki fella liðinn alveg niður, ef svo kynni að standa á í árslok 1932, að ekki væri greitt að fullu tillag ríkissjóðs til þeirra bygginga, sem þá væru reistar.

Nefndin leggur til, að tekinn verði upp aftur styrkur til utanferða héraðslækna, eins og stóð í frumvarpi stjórnarinnar. — Ennfremur leggur hún til, að styrkurinn til hjúkrunarfélagsins „Líknar“ verði hækkaður um 1000 kr. Það félag virðist inna af hendi mikið og mannúðarríkt starf, og telur nefndin naumast fært að lækka þann styrk frá því, sem er í núgildandi fjárlögum.

Þá hefir nefndin lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, 3500 kr. til kaupa á ferðaröntgentækjum, sem landlæknir telur sérstaklega brýna nauðsyn á.

13. gr.

Fyrir nefndinni lá erindi frá Eimskipafélagi Íslands, þar sem félagið fer fram á 300 þús. kr. styrk á næsta ári. Í frumvarpinu eru ætlaðar 60 þús. kr. til fél., en í gildandi fjárlögum eru því ætlaðar 210 þús., þegar með er talin heimildin í 22. gr., sem sennilega verður notuð, ef fé verður fyrir hendi. Það er nokkurnveginn vissa fyrir, að yfirstandandi ár verður tilfinnanlega tekjurýrt fyrir fél., og gera má ráð fyrir, að næsta ár verði það einnig. Fél. mun því verða í mikilli fjárþröng, ef styrkurinn verður ekki hækkaður frá því, sem hann er í frumvarpinu. Hinsvegar sér nefndin enga leið til að veita alla þá upphæð, sem farið er fram á, en leggur til, að veittar verði 210 þús. í 13. gr. Jafnframt vill nefndin láta þess getið, og leggur áherzlu á, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að lækka árlegan rekstrarkostnað félagsins, og er sú athugasemd, sem hún leggur til að fylgi fjárveitingunni, bending í þá átt.

Í sambandi við C. VIII. (bryggjugerðir og lendingarbætur) vill nefndin taka það fram, að hún ætlast til, að af þeim lið gangi 3500 kr. til bryggjugerðar á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

14. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn B. IV. b. 11. verði hækkaður um 500 krónur. Að vísu verður að telja, að rektor skólans hafi vel sæmileg laun, en aftur verður að líta á það, að honum er skylt að hafa umsjón á öllum eignum skólans úti og inni allt árið, og er því starfið meira bindandi en flestra annara kennara, og mun þessi upphæð upphaflega hafa verið ákveðin sem þóknun fyrir þá umsjón.

Sömuleiðis leggur nefndin til, að tekinn verði upp aftur 1500 kr. styrkur til utanferða barnakennara, eins og stóð í fjárlagafrumv. stjórnarinnar.

Þá leggur nefndin ennfremur til, að liðurinn B. XVII. (blindrakennsla) verði orðaður eins og tillagan greinir. Fyrir skömmu hefir verið stofnað hér blindravinafélag, og telur það nú þegar allmarga meðlimi. Í stjórn þess eru auk annara þeir karlar og konur, sem undanfarið hafa fengizt við blindrakennslu hér og hafa borið hag blindra mjög fyrir brjósti. Það virðist því svo, að styrk þeim, sem veittur er til blindrakennslu, verði heppilegast ráðstafað með því móti að láta félag þetta fá hann til umráða.

15. gr.

Laun aðstoðarmannsins við Landsbókasafnið hafa verið lækkuð um 1000 kr. Er það allmiklu meiri lækkun en hjá öðrum hliðstæðum starfsmönnum. Nefndinni er kunnugt um, að hér er um að ræða mjög fátækan fjölskyldumann, og leggur því til, að lækkunin sé færð í samræmi við aðrar launalækkanir í frumvarpinu.

Þá hefir nefndin lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, 500 kr. til Snorrabókasafns í Reykholti. Ýmsir héraðsmenn þar hafa áhuga á þessu máli, og þegar er fengin von um allverulegan stuðning frá útlöndum. Virðist því vel viðeigandi, að Alþingi styðji að því að koma upp safni þessu, sem væntanlega verður í framtíðinni óbrotgjarn minnisvarði þessa merkilega manns.

Það er af ásettu ráði, að nefndin leggur til, að þetta bókasafn verði ekki sett í sömu röð og önnur bókasöfn, sem styrks njóta, af því að það er töluvert annars eðlis en þau bókasöfn, sem nú eru til hér á landi, þar sem það á að innihalda einungis rit Snorra Sturlusonar sjálfs og bækur þær, sem um þau og hann hafa verið og verða ritaðar, eða minnast hans að einhverju leyti.

Neðri deild hefir sett athugasemd við styrkveitingu til Leikfélags Reykjavíkur. Þessa athugasemd leggur nefndin til að fella niður, af því að hún veit ekki um, hvort samkomulag það, sem athugasemdin ræðir um, muni nást, en vill hinsvegar ekki rýra styrkinn til leikfélagsins. Leggur hún því til að taka frú Soffíu Guðlaugsdóttur upp á sjálfstæðum lið, þar sem neðri deild hefir með samþykkt athugasemdarinnar sýnt, að hún vill styðja fjárveitingu til þessarar konu.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Halldórs Kiljan Laxness til ritstarfa verði lækkaður niður í 1000 kr. Þó að ýmsir telji mann þennan mjög efnilegan rithöfund, þá er nefndinni það kunnugt, að hann hefir nú á hendi önnur störf, og getur því væntanlega ekki sinnt ritstörfum nema með ígripum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um ritstörf Þórbergs Þórðarsonar, og leggur því nefndin til, að styrkur til hans verði felldur niður. Sömuleiðis gerir hún tillögur um, að felldur verði niður styrkur til Skáksambands Íslands.

16. gr.

Nefndin telur óefað, að vegna aðþrengjandi fjárhagsörðugleika, þá hljóti jarðræktarframkvæmdir að stórminnka, og telur því sæmilega varlegt að áætla útgjöld samkv. jarðræktarlögum 450000 kr., en til frekari tryggingar hyggst hún að flytja tillögu um bráðabirgðabreytingu á jarðræktarlögunum, þess efnis, að lækka hámark styrks til einstaklinga.

Aftur á móti telur nefndin bráðnauðsynlegt að verja nokkurri upphæð vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, þó að þar verði skemmra gengið en verið hefir, og hugsar nefndin það helzt á þann hátt, að áburðurinn verði seldur með sannvirði á þeim höfnum landsins, sem bezta aðstöðu hafa, og með sama verði á öllum öðrum höfnum, sem skip Eimskipafélagsins og strandferðaskipin koma á.

Þá leggur nefndin til, að tveir nýir liðir verði teknir upp: Til veiði- og loðdýrafélags Íslands, og til innflutnings á grænlenzkum hérum, og væntir nefndin þess, að starfsemi þessi geti orðið landsmönnum til hagsbóta í framtíðinni.

Loks hefir nefndin lagt til, að nokkrir liðir verði felldir burt af þessari grein, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

17. gr.

Nefndin leggur til, að 12 síðustu liðir þessarar greinar falli burt, og verður gerð grein fyrir því í framsögu.

18. gr.

Við 2. umr. fjárlaganna í neðri deild var bætt inn í frumvarpið eftirlaunum til tveggja pósta. En þar sem þessi deild hefir undanfarið viljað fylgja

þeirri reglu að veita eftirlaun aðeins þeim póstum, sem um lengri tíma hafa haft póstflutninga um lengri leiðir á milli héraða, en alls ekki innanhéraðspóstum, þá leggur nefndin til, að Torfi Sæmundsson verði felldur burt af frumvarpinu, en í hans stað verði tekinn upp Jón Jónsson, fyrrverandi póstur í Galtarholti.

Um þessi atriði verður nánar talað í framsögu, sem og gerð grein fyrir þeim breytingartillögum, sem ekki eru hér nefndar.

Alþingi, 2. maí 1932.

Jón Jónsson, formaður.	Páll Hermannsson, fundaskrifari.	Einar Árnason, frsm.
	Bj. Snæbjörnsson.	H. Steinsson.

Ed. 610. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá Jakob Möller.

Við 1. gr.

Í stað orðanna »2 árum« í niðurlagi greinarinnar komi: 10 árum.

Ed. 611. Nefndarálit

um frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er öll á því máli, að rétt sé að samþykkja þetta frv. í aðalatriðum. Einn nefndarmaður (PM) hefir þó sérstöðu um 13. gr.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum »svo sem tannlæknum« komi: samkvæmt tannlækningalögum.
2. Við 7. gr. Síðasti málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
   Heimilt er lækni að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef honum þykir ástæða til vegna ákvæða 10. gr.
3. Við 13. gr. Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
   Í gjaldskránni skal ákveða greiðslur o. s. frv.
4. Við 16. gr. Úr greininni falli orðin »eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir«.

Alþingi, 3. maí 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. **612. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 10. gr. I. 1. b. (Risnufé ráðherra).
Fyrir „6000“ kemur 4000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar 1500
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

III. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 12. gr. 17. o. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 2000
Til vara 1500

IV. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „76600“ kemur 78000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingabætur).
Fyrir „20000“ kemur 70000
2. Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Ingólfs Þorsteinssonar, til þess að nema vélaverkfræði við háskóla erlendis 1200

VI. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til að lúka vélfræðinámi í Þýzkalandi 1000

VII. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 14. gr. B. II. d. Nýir liðir:
a. Til Jóns Gissurarsonar, til verzlunarfræðináms í þýzkum háskóla 1200
b. Til Yngva Pálssonar, til vélaverkfræðináms 1200
c. Til Sigurðar Schram, til tannlæknanáms 1200
2. Við 14. gr. B. XII. 1. b. (Kvennaskólinn í Reykjavík).
Fyrir „18000“ kemur 21000

VIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til frú Bjargar C. Þorlákssonar, til þess að leiðbeina íslenzkum konum í næringarefnafræði og blöndun matvæla 3000
Til vara 2000

IX. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*

1. Við 15. gr. 7. c. Nýr liður:
   Til Bókasafns Hafnarfjarðar 1000
2. Við 15. gr. 13. Nýr liður:
   Til útgáfu allt að 20 arka af Þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar að 1200

X. Frá *Páli Hermannssyni.*

Við 15. gr. 21. (Jón Leifs). Liðurinn fellur burt.

XI. Frá *Jakob Möller.*

Við 15. gr. 26. Nýr liður:
   Til Þórhalls Þorgilssonar kennara í rómönskum málum, til þess að gefa út handhæga orðabók í ítölsku 2000
   Til vara 1500

XII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 15. gr. 31. Nýr liður:
   Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu 1800
2. Við 16. gr. Nýr liður á undan tölul. 1.
   Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 500000
   gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði, er nemi helmingi framlags þeirra.

XIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 16. gr. 24. (Halldóra Bjarnadóttir).

a. Fyrir „1500“ komi 1700
b. Nýir liðir á eftir:
   1. Til Sigrúnar Kjartansdóttur, til þess að koma á fót hanzkagerð úr íslenzku efni 2000
      Til vara 1500
   2. Til Guðrúnar Finnsdóttur 500
      Til vara 300

XIV. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 16. gr. 37. Nýr liður:
   Til Fiskiræktarfélagsins Blöndu, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að 500

XV. Frá *Jakob Möller.*

Við 17. gr. 22. Nýr liður:
   Til Elliheimilisins Grundar í Reykjavík 5000

XVI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 18. gr. II. b. 29. Nýr liður:
   Til Margrétar Lárusdóttur læknisekkju 500
   Til vara 400

XVII. Frá *Pétri Magnússyni.*

Við 18. gr. II. f. 23. Nýr liður:
   Til Guðjóns Kjartanssonar pósts 250

XVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 18. gr. II. h. 7. Nýr liður:

Til Maríu Guðlaugsson, ekkju Jónasar Guðlaugssonar skálds 1200

Til vara 1000

XIX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 22. gr. V. Nýir liðir:

a. Að taka ábyrgð á 40000 kr. láni fyrir Fisksölusamband Austfjarða, vegna tekjuhalla af tilraunum til útflutnings á kældum fiski 1931, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

b. Að leggja fram til að reisa síldarbræðslustöð á Austfjörðum allt að 200 þús. kr., enda sé tryggt, að íslenzkt félag komi þar upp síldarbræðslustöð, er geti unnið úr allt að 1000 málum síldar á sólarhring. Upphæð þessi skal lögð fram sem hlutafé eða stofnfjárhluti ríkissjóðs í fyrirtækinu.

XX. Frá *Magnúsi Torfasyni.*

Við 22. gr. VII. Við bætist: Sömu menn athugi fjárhagsástæður Mjólkurbús Ölfusinga og sendi stjórninni skýrslu þar um.

Nd. 613. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr.

Aðra málsgrein skal orða svo:

Á eftir orðunum »Garn allskonar« í B-flokki sömu greinar skal koma: annað en prjónagarn.

Ed. 614. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum »er í 3. gr. getur« komi: meira en 15 %.
2. Við 6. gr. Í stað 1. málsl. greinarinnar komi:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði 1. gr. eigi til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1933.

Nd. 615. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála og hefir klofnað í þrennt, eftir flokkum. Vér undirritaðir getum eigi samþykkt 1. gr. frv. eins og hún nú er, né heldur brtt. hv. 2. minni hl. á þskj. 595. Teljum vér, að með hvortveggja tilhöguninni sé eingöngu lögð áherzla á þá einu grundvallarreglu fyrir kjördæmaskipun, að flokkar hafi þingsæti að tiltölu við atkvæðamagn, en ekki tekið tillit til annars, sem sjálfsagt er að taka tillit til, þegar velja á hina skynsamlegustu og hagkvæmustu kjördæmaskipun, svo sem nauðsynjar héraða landsins til þess að hafa nægilegt fulltrúaval á Alþingi, svo og persónulegt valfrelsi kjósendanna.

Vér leggjum til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem greinir hér á eftir, og eru þær samhljóða brtt. flokksbræðra vorra í hv. Ed. Að öðru leyti gerum vér eigi tillögur til breytinga á frv. við þessa umræðu.

Samkvæmt framanrituðu leggjum vér til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir með leynilegum kosningum.

A. 32 þingmenn skulu kosnir með óhlutbundnum kosningum, og þeir eða sá kosinn, sem flest fær atkvæði, í þessum kjördæmum:

Tvímenningskjördæmi:

Skagafjarðarsýsla,
Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður,
Norður-Múlasýsla,
Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður,
Rangárvallasýsla,
Árnessýsla.

Einmenningskjördæmi:

Hafnarfjarðarkaupstaður,
Gullbringu- og Kjósarsýsla,
Borgarfjarðarsýsla,
Mýrasýsla,

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
Dalasýsla,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla,
Vestur-Ísafjarðarsýsla,
Ísafjarðarkaupstaður,
Norður-Ísafjarðarsýsla,
Strandasýsla,
Vestur-Húnavatnssýsla,
Austur-Húnavatnssýsla,
Akureyrarkaupstaður,
Suður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Þingeyjarsýsla,
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Austur-Skaftafellssýsla,
Vestur-Skaftafellssýsla,
Vestmannaeyjar.

Ákveða má með lögum að skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

B. 8 þingmenn skulu kosnir með hlutbundnum kosningum í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis.

Ef þingmaður Reykjavíkur deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur sæti varaþingmaður hans, það sem eftir er kjörtímans.

C. Ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þá þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmálaflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum. Um úthlutun þingsætanna skal miða við samanlagða kjósendatölu stjórnmálaflokkanna við kosningarnar í hlutfalli við tölu kosinna þingmanna í þeim kjördæmum. Varamaður landskjörins þingmanns tekur sæti eftir sömu reglu og gildir um varamenn Reykjavíkurþingmanna.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

Alþingi, 3. maí 1932.

Bergur Jónsson, form., frsm.
Hannes Jónsson, fundaskr.
Steingr. Steinþórsson.
Bjarni Ásgeirsson.

Ed. **616. Breytingartillögur**

við frv. til laga um síldarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð, sykursöltuð eða kryddsöltuð hér á landi eða hér við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna, og skal söltun síldarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Öll síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanna frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sé bituð smátt eða meðfarin á sérstaka iðnaðarvísu, alveg frábrugðna venjulegri söltun.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir aðsetur á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr ríkissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna síldarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna, og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum yfirmatsmanna í hvívetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og greiðir það síldareigandi, en sá, er síldina verkar, ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. Við 3. gr.

a. Á undan gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Áður en síldveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sér eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi, og skulu yfirmatsmenn sjá um, að hvert síldveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skipti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni síldarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta síldina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin er þegar hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 10. gr.

b. Greinin orðist þannig:

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, og skal flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyrr en matsmaður hefir skoðað hana.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur þar um. Skal í reglugerðinni svo vera fyrir mælt, að sérhverjum, sem salta vill síld, skuli gert að skyldu að flokka nákvæmlega eftir stærð og gæðum að minnsta kosti 15% af allri þeirri síld, er hann lætur salta til útflutnings af framleiðslu ársins 1932, og er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að fyrirskipa aukningu á slíkri stærðar- og gæðaaðgreiningu árlega næstu þrjú ár um allt að 15% hvert ár.

Meðan á söltun stendur ber matsmanni að gæta þess vandlega, að það af síldinni, sem flokka skal nákvæmlega eftir stærð og gæðum, blandist ekki saman við það, sem flokkað er aðeins eftir gæðum. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur, ekki fyrirskipana matsmanna, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafizt þess, að honum sé vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minnsta lagi.

4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Undir matsskylda síld má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum, þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu.

Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Nú hefir síldarmatsmaður grun um, að síld hafi skemmzt eftir sölt-

un, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sé mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu síld.

6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Nú vill eigandi eða umráðamaður síldar senda hana til útlanda, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur þess þörf, og skal slík skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef síldin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

7. Við 7. gr.

a. Greinin orðist þannig:

Allri síld, sem send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað ferminguna, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að síldarfarmskírteini séu rituð á fyrirskipuð eyðublöð, og fylgi matsvottorð hverri síldarsendingu, sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskírteinið.

b. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnumálaráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjanda hennar.

Greinatala frv. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. 617. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um það, að styðja beri að því að gera sem flestum kleift að eignast húsnæði til eigin þarfa með sem hagfelldustum kjörum. Telur hún, að frv. þetta geti hjálpað slíkri viðleitni að allverulegu leyti. Um ein-

stök atriði og breytingar, sem fram kunna að verða bornar, hafa nefndarmenn óbundin atkvæði.

Nefndin ræður deildinni til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Á milli orðanna „félagsmaður“ og „í stofnsjóð“ komi: á ári.
2. Við 6. gr. Í stað „tveggja til fimm herbergja“ komi: tveggja til fjögurra herbergja.

Alþingi, 3. maí 1932.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm. Einar Arnórsson, með fyrirvara.
Þorleifur Jónsson. Jón Ólafsson.

Ed. 618. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

I. Frá *Jóni Jónssyni.*

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sér áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sér sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 3 árin áður en lögin komu í gildi sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sér þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 1 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara.

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 3. gr. Fyrir orðin „nákvæma tölu íbúa“ og áfram til enda málsgreinarinnar komi: skýrslu um tölu þeirra karla og kvenna, er greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, staðfesta af hreppstjóra eða lögreglustjóra.

Nd. 619. Frumvarp

til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði ársins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa

veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík.

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Nd. 620. Breytingartillaga

við till. til þál. á þskj. 428. (Milliþinganefnd í iðjumálum og iðnaðar).

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Orðin „Nefndarmenn starfa kauplaust, en“ í upphafi síðustu málsgreinar falli niður.

Nd. 621. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefnd-

ina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 622. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið algerlega sammála um afgreiðslu máls þessa. 4 af 5 nefndarmönnum vilja samþykkja frv. með breytingum og nokkrum viðauka, en einn nefndarmanna (BKr) vill enga tilslökun á gildandi lögum um bann gegn dragnótaveiðum.

Meiri hlutinn vill láta samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „1. marz til 31. júlí“ í fyrstu málsgrein komi: 1. janúar til 15. júlí.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

   Á eftir 1. málsgr. 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt sem hér um ræðir gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

Alþingi, 28. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Guðbr. Ísberg. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. 623. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 2. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Fimmtardómur tekur við störfum hæstaréttar.
2. Við 63. gr. Orðin „ef þeir óska þess“ falli burt.

Nd. 624. Þingsályktun

um fækkun prestsembætta.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um nýja skipun prestakalla, þannig, að prestsembættum verði fækkað.

Ed. 625. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 610 [Fátækralög].

Frá Halldóri Steinssyni.

Í stað „10 árum“ komi: 4 árum.

Nd. 626. Lög

um brúargerðir.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svínadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlíð.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
8. Selfljót í Hjaltastaðaþinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.

14. Hofsá í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Hólsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpá í Fljótshverfi.
21. Kolgríma í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfandafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.

3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
8. Skjálfandafljót í Köldukinn.
9. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
10. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
11. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
12. Jökulsá í Fljótsdal.
13. Hvítá í Árnessýslu norðan Bláfells.
14. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.
15. Hvítá í Árnessýslu nálægt Kiðjabergi.
16. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, gegn ⅓ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
   1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta.
   2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., ¾ hlutar kostnaðar.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr ríkissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 627. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 597.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 14000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. II. b. Í stað liðanna b, c og d komi nýr liður, er orðist svo:
b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs 8000
Þar af til
1. Jóns Blöndals, til lokanáms í hagfræði, 1200 kr.
2. Jóns Gauta Jónatanssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi, 1800 kr.
Að öðru leyti má veita styrkinn konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.

III. Frá *Jóni Jónssyni.*
1. Við 18. gr. II. e. 7. Nýr liður:
Til Baldvins B. Bárðdals 200
2. Við brtt. 597, 28. (Við 18. gr. II. f. 23).
Tillöguna skal orða svo:

a. Liðurinn falli niður.
b. Nýr liður á eftir:
Til Jóns Jónssonar í Galtarholti, fyrrv. pósts 200

Nd. 628. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1931, eru veittar samkvæmt 2.—10. gr. hér á eftir kr. 348279,64.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:	Kr.	Kr.
Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Arnarhváls		12541,16

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Greitt fyrir að gegna forsetastörfum í hæstarétti vegna sjúkdómsforfalla L. H. Bjarnasonar	1000,00	
2.	Greitt fyrir endurskoðun skipamælinga	1000,00	
3.	Greitt fyrir samningu innflutningsskýrslna	4055,00	
			6055,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til landsspítalans:			
	a. Til byggingar	kr.	20000,00	
	b. — hitalagnar	—	9077,88	
	c. — vegalagningar	—	10070,25	
	d. — rekstrar	—	75000,00	
				114148,13
2.	Eftirstöðvar af byggingu á Kleppi			1190,50
3.	Aðgerðir á Kleppi			1548,83
4.	Fjósbygging s. st.			27889,59
				144777,05

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Íbúðarhús við Kambanesvita	9000,00	
2.	Byggingar á Bakkaseli	19438,00	
	Flyt	28438,00	163373,21

		Kr.	Kr.
	Flutt	28438,00	163373,21
3.	Kostnaður við sjóvarnargarð á Siglufirði	1271,73	
4.	Rekstrarkostnaður snjóbila	6084,84	
5.	Póst- og símahús á Selfossi	6470,00	
6.	Aðgerð á gestaskála á Ytri-Kotum	429,71	
7.	Aðgerð íbúðarhúss í Fornahvammi	1575,92	
			44270,23

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til kirkjumálanefndar	263,80	
2.	Til nýs kirkjugarðs í Reykjavík	29410,00	
3.	Aðgerð á menntaskólahúsinu	5694,20	
4.	Aðgerð á Kirkjustræti 12	1288,40	
5.	Hlöðubygging á Hvanneyri	5330,21	
6.	Styrkur handa læknaefnum til náms á fæðingarstofnunum erlendis	2505,72	
			44492,33

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Til landskjálftamælinga	753,91	
2.	Til Fornritaútgáfunnar (endurveiting)	5000,00	
3.	Styrkur handa Finnboga R. Valdimarssyni, til þjóðréttarnáms	1000,00	
			6753,91

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Skrifstofukostnaður húsameistara	14407,43	
2.	Sjómælingar og hafrannsóknir	27096,98	
3.	Fyrirhleðsla á Prestbakkaá	1849,65	
4.	Kostnaður við laxveiðanefnd	3600,00	
5.	Til Skeiðaáveitunnar	812,05	
6.	Kostnaður við byggingu rafst. á Reykjum í Ölfusi	9893,77	
7.	Til þess að gera Laxfoss og Glanna laxgenga	494,33	
8.	Fyrirhleðsla Þverár í Eyjafirði	1826,50	
9.	Bryggja á Þórshöfn og virkjun Fossár	588,75	
10.	Undirbúningur tryggingarstarfsemi	4100,00	
11.	Kostnaður við raforkunefnd	1591,75	
12.	Kostnaður við verðrannsóknarnefnd	600,00	
			66861,21
	Flyt		325750.89

		Kr.	Kr.
	Flutt		325750,89
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1.	Til Ögmundar Sigurðssonar, fyrrv. skólastj.	2800,00	
2.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals, póstritara	280,00	
3.	— Sigr. Jóhannesdóttur, ekkju sr. Kj. Helgasonar ..	280,00	
4.	— Bened. Þ. Gröndals, fyrrv. bæjarfógetaskrifara	1120,00	
5.	— Ástríðar Petersen, prófastsekkju	70,00	
6.	— Polly Ólafson, ekkju Gísla Ólafsonar landsímastj.	280,00	
7.	— séra Jóns Finnssonar	134,75	
8.	— Lárusar Rists, fyrrv. leikfimikennara	210,00	
9.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlends Zakaríassonar, fyrrv. vegaverkstjóra	140,00	
10.	— Þorv. Pálssonar fyrrv. læknis, endurv. kr. 3856,00		
	— sama, styrkur 1930 ..... — 420,00		
		4276,00	
			9590,75
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við sænska ullarmatið	10000,00	
2.	Keyptar skrifstofuvélar handa gjaldheimtumönnum	2938,00	
			12938,00
		Samtals kr.	348279,64

Nd. 629. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Öll er nefndin sammála um það, að hlynna beri að auknum útflutningi á ísvörðum fiski og að bátaútveginum sé hin brýnasta nauðsyn að geta notið hans. Hinsvegar er nokkur ágreiningur í nefndinni um aðferðir til að bæta úr þeirri nauðsyn og ryðja braut fyrir almennari útflutning kælifiskjar en verið hefir. Meiri hluti nefndarinnar (BÁ, BKr og SvÓ) hallast að þeirri stefnu, sem frv. markar og lögin frá 8. sept. 1931. Minni hlutinn (JJós og GÍ), sem undirritar álit þetta með fyrirvara, áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. og lítur svo á, að íhlutun ríkisvaldsins um útflutninginn eigi aðeins að ná til ábyrgðar á skipaleigu fyrir útflutningsfélög, sem í framkvæmd-

ir ráðast, og skapa þeim þannig vildari leigusamninga, en sé að öðru leyti eigi nauðsynleg. Mun stefnu- og skoðanamunur þessi hjá meiri og minni hluta skýrast frekar við umræður.

Alþingi, 3. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., með fyrirv.	Guðbr. Ísberg, með fyrirv.
B. Kristjánsson.	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. **630. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Guðbrandi Ísberg.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Síðasta málsgr. 1. gr. laganna fellur burt.
2. Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   4. gr. laganna fellur burt.
3. Við 2. gr. Í stað „200 þús. kr.“ komi: 400 þús. kr.

Ed. **631. Lög**

um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti, hið þriðja, í læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana, sem fyrir eru við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 632. Lög

um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Afgreidd frá Nd. 4. mai).

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus.

Nd. 633. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. mai 1927.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist þannig:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir islenzkan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalizt 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 4 árum.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sér áður en lög þessi ganga i gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sér sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 3 árin áður en lögin komu i gildi sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sér þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 1 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Aftan við 65. gr. fátækralaganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ríkissjóður að greiða sveitarstyrk erlendis með þurfamanni, sem á framfærslusveit hér á landi, eða kostnað við flutning hans og fjölskyldu hans frá útlöndum, og á hann þá rétt til endurgjalds hjá framfærslusveit þurfalingsins á þeirri upphæð, er hann hefir þannig lagt fram. Á þetta jafnt við um þá

þurfalinga, sem fengið hafa slíkan styrk hjá fátækrastjórn á þeim stað erlendis, þar sem þeir voru staddir er styrkurinn var veittur, sem um þá menn, sem fengið hafa styrk hjá sendiherra Íslands i Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er i fjárlögum til styrktar nauðstöddum Íslendingum erlendis, en sá styrkur telst sveitarstyrkur, ef hann er eigi endurgreiddur af styrkþega innan mánaðar frá veitingu hans.

Sama gildir, ef slíkur framfærslustyrkur eða flutningskostnaður er greiddur á annan hátt úr ríkissjóði.

3. gr.

66. gr. orðist þannig:

Oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórna ber fyrir lok marzmánaðar ár hvert að senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um fátækraframfæri í hreppum eða kaupstöðum fyrir umliðið ár i því formi, sem ráðuneytið ákveður. Ennfremur ber þeim samtímis að senda ráðuneytinu skýrslu um tölu þeirrra karla og kvenna, er greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, staðfesta af hreppstjóra eða lögreglustjóra.

Sýslumenn skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá, og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt bar að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

4. gr.

67. gr. orðist þannig:

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags samkv. skýrslum þeim, er í 66. gr. getur, meira en 15% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, er greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og að ⅙ hluta við fasteignamat, og greiðast þá ⅔ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði. Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 kr.

5. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fúlgu vegna sveitarstyrks, sem þurfalingi þess hefir verið veittur af hinu síðartalda fyrr en á árinu 1932, og skal þá ráðuneytið rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr ríkissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekara en það, sem vanta kann á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal

bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði 1. gr. eigi til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1933. Kostnað þann, sem áfallinn er samkv. 66. og 67. gr. fátækralaganna, ber að greiða úr ríkissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.

Nd. 634. Tillaga

til þingsályktunar um húsaleigustyrk úr ríkissjóði handa gagnfræðaskólum.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Guðbrandur Ísberg, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að greiða gagnfræðaskólum landsins húsaleigustyrk, sem nemi ⅔ sanngjarnrar húsaleigu eftir það húsnæði, er þeir nota, unz komið hefir verið upp húsnæði fyrir þá með tilskildum styrk úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Gagnfræðaskólarnir í landinu eru nær allir húsnæðislausir og verða að bjargast við ófullkomin leigð húsakynni, sem þó kosta ærið fé. Má gera ráð fyrir því, að svo verði áfram, með því að ríkissjóður mun ekki vera talinn við því búinn að leggja fram tilskilið fé (⅔ hluta) til gagnfræðaskólabygginga. Á meðan svo er virðist sanngjarnt, að ríkissjóður leggi fram húsaleigustyrk í sömu hlutföllum.

Nd. 635. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við frvgr. bætist nýr 10. liður, svo hljóðandi:

10. Sverre Alexander Tynes, húsasmiður á Siglufirði, fæddur í Noregi.

Ed. 636. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

Frá minni hluta ríkisgjaldanefndar (Jóni Þorlákssyni).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að leita samninga við Eimskipafélag Íslands um, að félagið taki að sér fyrir eiginn reikning strandferðirnar við Ísland og reki þær í sem haganlegustu samstarfi við siglingar millilandaskipanna, gegn hæfilegu framlagi úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Árið 1931 hefir kostnaðurinn við *strandferðir ríkissjóðs* orðið þessi:

	Gjöld	Tekjur	Halli
Esjan, rekstrarreikn.	453940,88	227607,00	226333,88
Súðin, do.	386374,58	176024,38	210350,20
Útgerðarstjórn, skrifstofukostnaður m. m. ..	46143,92	4867,38	41276,54
Samtals	886459,38	408498,76	477960,62

Beinn tilkostnaður ríkissjóðs hefir þannig orðið sem næst 478 þús. kr., en í fjárlögum voru áætlaðar til þessara strandferða 209 þús. kr. Umframeyðslan hefir orðið 278 þús. kr.

Undanfarin 4 ár hafði hallinn á strandferðum ríkissjóðs orðið þessi:

1927	kr. 224543,18
1928	— 160018,43
1929	— 182292,67
1930	— 268304,68

— eða að meðaltali tæp 209 þús. kr. árlega. Hækkunin 1930 stafar af rekstri Súðarinnar $1\frac{5}{4}$ til ársloka það ár. Sé rekstur Esju tekinn einn út af fyrir sig, verða meðalgjöldin nál. 190 þús. kr. árlega.

Þessi mikla hækkun á gjöldunum 1931 er ekki kreppufyrirbrigði nema að litlu leyti. Aðallega stafar hún af því, að strandferðirnar eru nú reknar með tveim skipum, í stað eins áður. Við kostnaðinn ætti að bæta vöxtum af verði skipanna og fyrningarkostnaði öll árin, en það er ekki gert hér. Það er engin von um, að þessi skip skili ríkissjóði af rekstrartekjum neinu af því fé, sem kostað hefir verið til að eignast þau, heldur má líta svo á, að það hafi verið lagt fram til strandferða aukalega, eða umfram nefndan árlegan tekjuhalla. Esjan kostaði um 878 þús. kr. (byggð 1922 til 1923) og Súðin virðist með endurbótum hafa kostað um 250 þús. kr. (keypt 1930). Þessar rúml. 1100 þús. kr. hefir ríkissjóður því lagt fram til strandferða umfram hina árlegu rekstrarhalla.

Auk þessa rekur Eimskipafélag Íslands strandsiglingar með millilanda-

skipum sínum. Útbýtt hefir verið meðal þingmanna skýrslu um sérstakan tilkostnað félagsins af strandsiglingum árin 1929 og 1930, frá þriggja manna nefnd, sem þeir eiga sæti í Jörundur Brynjólfsson alþm., Brynjólfur Stefánsson skrifstofustjóri í Sjóvátryggingarfél. Ísl. og Vigfús Einarsson skrifstofustj. í atvinnumálaráðuneytinu. Er aðalniðurstaðan úr skýrslu þeirra þessi: Flutningar félagsins til *aðalhafnanna* (þ. e. Reykjavíkur með Faxaflóahöfnum, Ísafjarðar, Siglufjarðar, Akureyrar með Eyjafirði, Seyðisfjarðar og Vestmannaeyja) hafa gefið um 545 þús. kr. *tekjuafgang* árið 1929 og um 340 þús. kr. tekjuafgang árið 1930. En flutningarnir til annara landshluta (sem jafnframt eru strandsiglingar) hafa verið reknir með *tapi* bæði árin, og nemur það tap um 663 þús. kr. árið 1929, en um 929 þús. kr. árið 1930, eða að meðaltali 796 þús. kr. um árið. Skýrslan nær ekki yfir árið 1931, en sé gengið út frá, að útkoman sé þá svipuð, verður samanlagður halli af strandsiglingum ríkissjóðs og Eimskipafélags og af flutningum hins síðarnefnda milli smáhafnanna og útlanda um 1274 þús. kr., eða full 1¼ millj. kr., auk vaxta og fyrningar af strandferðaskipum ríkissjóðs. Af þessum halla ber ríkissjóður beinlínis (með tekjuhalla á eigin ferðum og framlögum til Eimskips) um 623 þús. kr., en Eimskipafélagið afganginn, 651 þús. kr.

Tölur þessar geta að sjálfsögðu breytzt eitthvað frá ári til árs, en þær sýna til fulls, að brýn þörf er að reyna að koma þessum tilkostnaði niður, án þess að þrengja um of kosti smáhafnanna. Fyrsta skilyrðið fyrir þessu sýnist vera það, að allar þessar siglingar lúti einni stjórn og séu eitt fyrirtæki fjárhagslega, til þess að unnt sé að leggja ferðaáætlanir millilandasiglinga og strandsiglinga sem eina heild. Eins og stendur er ekkert samband milli ferðaáætlana Eimskips og strandferðaskipanna, og afleiðingin er óreglulegar ferðir og viðkomur hjá báðum. Ef allar siglingarnar eru reknar sem eitt fyrirtæki, er unnt að haga ferðunum að öllu leyti frá því sjónarmiði, að réttmætum óskum og þörfum skiptavinanna sé fullnægt með sem minnstum tilkostnaði. Hér er ekki unnt að fara neitt út í uppástungur um tilhögun þessara ferða í einstökum atriðum, en rétt er að hafa það fyrir augum, að þarfir smáhafnanna eru þrennskonar, þ. e.: 1) Samband sín í milli. 2) Samband við aðalhafnir innanlands, og þá einkum við Reykjavík, og 3) Samband við útlönd. Skipsviðkoma á smáhöfn er langsamlega mest virði, ef hún leysir þessi þrjú verkefni öll í einu, þ. e. ef smáhöfnin fær viðkomu millilandaskips, sem hefir viðkomu í Reykjavík í sömu ferðinni. Viðkoma strandferðaskips getur aldrei gert fyllilega sama gagn, en verður þó haganlegri, ef strandferðin stendur í sem beinustu sambandi við millilandaviðkomu í Reykjavík eða á nálægri aðalhöfn.

Gengið er út frá því, að samningarnir verði teknir upp á þeim grundvelli, að núverandi strandferðaskip ríkissjóðs gangi yfir í eigu Eimskipafélagsins. Þetta er nauðsynlegt m. a. til þess, að Eimskip sé frjálst að því að útvega hentugri skip, ef svo ber undir, og þá selja núverandi strandferðaskip. Það er mjög greinilegt, að „Esjan“ hefir ekki verið hentugt skip, og meðfram þess vegna hefir hinn árlegi rekstrarhalli hennar orðið svo mikill. Lestarúm skipsins er allt of lítið, ekki nema 21520 ensk ten.fet, og rúmar þá í mesta lagi 180 smálestir af almennum varningi. Farþegarúm skipsins er aftur tiltölulega stórt,

Samt hefir þetta litla lestarúm gefið meiri tekjur á rekstrarreikningi skipsins heldur en farþegarúmið öll árin, sem skipið hefir siglt, nema eitt. Að meðaltali í 9 ár nema tekjurnar af farmgjöldum h. u. b. 141 þús. kr. og tekjurnar af farþegaflutningum 121 þús. kr. yfir árið. Það er alkunnugt, að stöðug vöntun hefir verið á farmrúmi fyrir vörur á þeim tímum, þegar nokkurt fjör er í viðskiptum. Ef skipið hefði verið þeim mun stærra, að það hefði rúmað svo sem 100 smálestum meira af vörum, með óbreyttu farþegarúmi, þá hefði það ekki haft í för með sér merkjanlega aukningu á rekstrarkostnaði, en afkoman orðið mun betri. Ef Eimskipafélagið tekur þessar siglingar, er nauðsynlegt, að það hafi nokkuð frjálsar hendur um að breyta til, svo að skipin verði á hverjum tíma svo hentug sem kostur er.

Sjálfsagt mætti með hentugu samstarfi strandsiglinga og millilandasiglinga fækka viðkomum á smáhöfnum eitthvað frá því, sem nú er samanlagt hjá Eimskip og Ríkisskip, án þess að verulegur hagi hlytist af fyrir smáhafnirnar. Í því skyni væri fyrst og fremst sjálfsagt að samræma áætlanir flóabátanna og smærri strandskipanna sem bezt við áætlanir aðalskipanna, þannig að ferðir flóabáta yrðu allajafna miðaðar við skipkomu á næstu aðalhöfn. Árið 1931 hefir Eimskip haft 915 viðkomur á samtals 73 innlendum höfnum utan Reykjavíkur, en strandferðaskip ríkissjóðs samtals 1253 viðkomur á 65 höfnum utan Reykjavíkur. Með fullkominni samræmingu á siglingunum á einni hendi má efalaust fækka þessum viðkomum í heild töluvert að skaðlausu, og að minnsta kosti verður nokkur fækkun óhjákvæmileg af sparnaðarástæðum.

Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, var beinlínis gert ráð fyrir því, að það tæki að sér strandferðirnar á þeim grundvelli, að ríkissjóður legði fram andvirði strandferðaskipa, sem yrðu eign félagsins, og greiddi félaginu síðan árlegt strandferðatillag sem um semdist. Þetta fórst fyrir, af því að stríðsvandræðin skullu yfir áður en lokið var samningum um bygging strandbátanna. Tillagan felur það í sér, að nú verði gerð tilraun til að ná samkomulagi um svipaða tilhögun og þá var hugsað.

Fram er komin í þinginu tillaga um að fela Eimskipafélagi Íslands útgerðarstjórn strandskipanna. Sú tillaga er réttmæt, það sem hún nær, en sú viðtækari skipulagsbreyting, sem hér er farið fram á, virðist þó nauðsynleg, til þess að ná verulegri niðurfærslu á siglingakostnaðinum. Þegar Skipaútgerð ríkisins var stofnsett, hafði Eimskip boðizt til að taka útgerðarstjórn Esju fyrir 21600 kr. á ári. Síðastliðið ár hefir þessi kostnaður orðið í höndum Skipaútgerðar ríkisins, að því er séð verður, um 39 þús. kr. fyrir bæði skipin. Sé þessum kostnaði skipt milli Esju og Súðarinnar í hlutfalli við heildarútgjöld skipanna, kemur sem næst alveg sama upphæðin í hlut Esju og sú, sem Eimskip bauð, milli 21 og 22 þús. kr. En sá er munur á, að í höndum Eimskips mundi mikill meiri hluti upphæðarinnar verða að fjárhagslegum ávinning fyrir félagið, af því að fólkshald þess þyrfti örlítið að aukast við þessa viðbót á útgerðarstjórninni, en hjá Skipaafgreiðslu ríkisins fer öll upphæðin beinlínis í tilkostnað.

Ed. 637. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 14. gr. A. b. 4. (Framlag til prestlaunasjóðs).

a. Fyrir „260000“ kemur 261000

b. Við liðinn kemur aths.:

Stjórninni er heimilt að greiða síra Einari Thorlacius í Saurbæ 1000 kr. úr prestlaunasjóði fyrir að vinna að undirbúningi og fjársöfnun til Hallgrímskirkju, ef hann lætur af prestsskap vorið 1932.

Nd. 638. Breytingartillögur

við frv. til laga um barnavernd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum landsins. Utan kaupstaða vinna skólanefndir störf barnaverndarnefnda og hafa að því leyti réttindi þeirra og skyldur.

2. 2. og 3. gr. verði ein (2.) gr., svo hljóðandi (enda breytist greinatala og tilvitnanir eftir því):

Bæjarstjórn kýs barnaverndarnefnd með hlutfallskosningum, í Reykjavík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Um kjörgengi í nefndirnar fer með sama hætti sem um kjörgengi í bæjarstjórn. Að jafnaði skulu vera 2—3 konur í hverri nefnd. Ennfremur skal kjósa með sama hætti varamenn í nefndina, 3 í Reykjavík og 2 í öðrum kaupstöðum. Starfsmönnum ríkis og kaupstaða er skylt að veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, og eftir því sem við verður komið.

3. 4. gr. (sem verður 3. gr.) skal orða svo:

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami sem bæjarstjórna. Fyrsta kosning gildir þó aðeins þar til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan kosningu, er átt hafa sæti í nefndinni allt síðasta kjörtímabilið.

Bæjarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfunum úr bæjarsjóði.

5. Við 7. gr.

a. 1. tölul. orðist svo:

Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, svo og

vanþroska eða veikra unglinga fyrir ofan þann aldur, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.

b. 2. tölul. orðist svo:

Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum í umdæmi sínu, svo og með meðferð barna úr kaupstaðnum, sem komið hefir verið fyrir á slíkum stofnunum utan umdæmis hennar.

c. 3. tölul. orðist svo:

Hún rannsakar kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna eða unglinga (sbr. 1. tölul.) í umdæmi hennar. Einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slíkri rannsókn.

d. Í 9. tölul.: Milli „undir“ og „lögregluvaldið“ komi: dóms- og.

e. Síðari málsl. 9. tölul. („En skylt“ o. s. frv.) falli niður.

6. Við 8. gr. Setningin „yfirheyrir .... tilnefna“ falli niður.

7. Við 9. gr.

a. Upphafið orðist svo:

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling (sbr. 7. gr. 1. tölul.) skuli taka af heimili þess og ráðstafa því annarsstaðar.

b. 1. tölul. orðist svo:

Þegar barn undir 16 ára aldri hefir brotið almenn hegningarlög.

8. Við 10. gr. 1. málsgr. Á eftir „2 af hverjum 3“ komi: skólanefndarmanna (sbr. 1. gr.), og fyrir „nefndarmönnum“ komi: barnaverndarnefndarmönnum.

9. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Þegar meiri hluti skólanefndar (sbr. 1. gr.) eða barnaverndarnefndar telur o. s. frv.

10. Við 14. gr. Fyrir „sálarlífi þeirra“ komi: þeim.

11. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim, þó eigi yfir meðalmeðgjöf, þar sem barninu er komið fyrir, nema lögreglustjóri telji aðilja, að undangenginni rannsókn á efnum aðilja og ástæðum hans, færan um að greiða meira. Að því leyti, sem framfærslumaður greiðir eigi meðlag, eða hluta þess, samkvæmt framanskráðu, geldur sveitarsjóður eða bæjar það, og telst þá það af meðlaginu, sem aðilja var skylt að greiða, sveitarstyrkur til hans. Nú semur barnaverndarnefnd um hærra meðlag með barni en meðalmeðlag, og þarf þá samþykki viðkomandi fátækrastjórnar til þess að bæjar- eða sveitarfélagi verði skylt að greiða hærra meðlag en sem því nemur.

Kostnaður við nauðsynlegan flutning barns greiðist af framfærslumanni, og ef hann þrýtur, af bæjarsjóði eða sveitar.

12. Við 16. gr. Síðari málsl. falli burt.

13. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn 7. gr. 10. tölul., 10. gr. 2. málsgr., 12., 13., 16. og 17. gr. varða sektum, allt að 500 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Mál vegna brota þeirra, er hér segir, fara að hætti almennra lögreglumála.

14. Við 20. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ráðherra skipar barnaverndarráð o. s. frv.
15. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður af barnaverndarráði greiðist úr ríkissjóði.
16. Við 24. gr. Hún orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er í bága fara við lög þessi.

Nd. 639. Nefndarálit

um frv. til laga um barnavernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum á þskj. 638, og verður nánari grein fyrir þeim gerð í framsögu.

Alþingi, 4. maí 1932.

Sveinbjörn Högnason, form. Einar Arnórsson, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Halldór Stefánsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 640. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stimplaðar skulu samkv. A-flokki 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 5, 3. apríl 1928, eftirtaldar vörur: Egg og eggjaduft. Niðursoðin mjólk, mjólkurduft.

Í stað orðanna: „Garn allskonar“ í B-flokki sömu greinar skal koma: Garn, annað en það, sem verðtollur er á samkv. A-flokki.

Orðin í B-flokki: „Niðursoðin mjólk“ skulu falla burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 641. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

Frá Bergi Jónssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. falli burt.

Nd. 642. Frumvarp

til laga um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða úr búi Síldareinkasölu Íslands í „likvidation“ ógreitt andvirði millisíldar frá síðasta hausti, að frádregnum sölukostnaði, og fella samtímis niður jafnháa upphæð af forgangskröfum (tollkröfum) ríkissjóðs í bú Síldareinkasölunnar, sem téðu andvirði nemur, svo eigi sé gengið á hlut annara skuldheimtumanna hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Ed. 643. Nefndarálit

um frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega, eftir því sem tími hefir unnizt til, og rætt málið ýtarlega við rektor Pálma Hannesson, sem sennilega hefir mesta þekkingu hérlendra manna í þessu efni, enda átt mikinn þátt í samningu frumvarpsins.

Því miður hefir nefndin ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Minni hl. (PM) vill gera á frv. allverulegar breytingar.

Meiri hl. nefndarinnar lítur aftur svo á, að lax- og silungsveiði sé svo mikilvæg atvinnugrein fyrir fjölmarga landsbúa og að mörg ákvæði frv. séu svo bráðnauðsynleg til að tryggja hana og efla, að ekki sé áhorfsmál að samþykkja frv. Hinsvegar skal það játað, að nokkur missmíði eru á frv. og sum

ákvæði þess eru verð nánari athugunar, en þar sem væntanlega er komið að þinglausnum, er ekki hættandi á að gera breytingar, enda er þeirra ekki brýn þörf þegar í stað.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1932.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. 644. Lög

um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá, enda sé landlækni send skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, er hann fer með sem trúnaðarmál.

Þar, sem sérfræðingar eru fyrir hendi, er rétt að semja við þá um að hafa þessar ókeypis lækningar með höndum í stað héraðslækna.

2. gr.

6. grein laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja í sjúkrahús sjúkling með kynsjúkdóm, og telur sá læknir, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á þeim stað, að sjúklingurinn þarfnist ókeypis sjúkrahúsvistar, og greiðir þá ríkissjóður sjúkrahúskostnaðinn í þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Semja skal við sjúkrahús i Reykjavik um, að allt að 10 rúm séu jafnan til taks fyrir sjúklinga með kynsjúkdómum, og um greiðslur fyrir þá sjúklinga, er fá þar vist á kostnað ríkissjóðs. Á sama hátt skal samið um eitt sjúkrarúm fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða: Á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Sjúklingar skulu eiga aðgang að þeim sjúkrarúmum, sem samið hefir verið um í þessu skyni, eftir tilvísun þess læknis, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á staðnum, án tillits til heimilisfangs þeirra. Sá

læknir má og vísa þangað kynsjúkdómasjúklingum, er greiða sjálfir legukostnað sinn, eftir því sem rúm leyfir.

Þar, sem samið hefir verið við sérfræðinga, skulu þeir skyldir að aðstoða sjúkrahúslækna við meðferð þessara sjúklinga í sjúkrahúsunum eða stunda þá að öllu leyti, ef krafizt verður.

Um sjúklinga þá, sem liggja í sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs, ber að senda landlækni skýrslu (sbr. 5. gr.) áður en greiðslur fara fram.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Ákvæði 5. og 6. gr. ná aðeins til sjálfra kynsjúkdómanna, en ekki til eftirstöðva þeirra eða fylgikvilla, nema að því leyti, sem þeir kunna að vera samfara hinum upphaflega sjúkdómi á smitandi stigi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 16 1923 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 645. Frumvarp

til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 12 milljónir króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu láni, ef fæst og kjör verða að teljast aðgengileg, á að greiða upp að fullu enska lánið frá 1921, nú að eftirstöðvum £ 431450:-:-, og bráðabirgðalán hjá Barclays Bank Ltd. í London, £ 67500:-:-, er notað var á sínum tíma til þess að kaupa fyrir hluti í Útvegsbanka Íslands h/f. Hér er því ekki um nýja lántöku að ræða, heldur aðeins breyting á eldri lánum, er teljast verða að vera með óhagkvæmum kjörum fyrir landið.

Nd. 646. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (þeir BÁ, StgrS og ÞorlJ) vill samþ. frumvarpið. Minni hl. (PO og MG) leggur á móti því. MG álítur ekki rétt að samþykkja þessa lagabreytingu fyrr en almennt samkomulag næst um hana á þinginu. Einn nefndarmaður (PO) var fjarstaddur þegar nefndarálitið var undirskrifað.

Alþingi, 6. maí 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Magnús Guðmundsson.
	Þorleifur Jónsson.	

Ed. 647. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 637 [Fjárlög].

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Aftan við till. bætist: enda sé prestakallið með óskertu prestssetri veitt frá næstu fardögum.

Nd. 648. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Á Landsbanka Íslands hvílir aðalþunginn bæði um gjaldeyrisþörf landsins erlendis og um fjárþörf landsmanna til atvinnurekstrar síns. Nefndin telur því réttmætt, að þingið gefi þá ábyrgðarheimild, sem fram á er farið í frumvarpinu.

Nefndin er fyllilega samþykk því áliti, sem fram kemur í greinargerð með frv., að gæta beri fyllstu varúðar um lántökur erlendis og að ekki beri að nota heimildina nema í fyllstu nauðsyn.

Nefndin miðar afstöðu sína til málsins við þörfina á yfirstandandi tíma, en þykir ekki ástæða til að gefa almenna heimild, sem nota mætti frá ári til árs, án þess að leita heimildar þingsins á ný. Vill nefndin gera breyting á orðun frv. í samræmi við þetta álit sitt.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „í senn“ falli aftan af frumvarpsgreininni.

Alþingi, 6. maí 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Magnús Jónsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson,
	Steingr. Steinþórsson.	

Nd. 649. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir með leynilegum kosningum.

A. 32 þingmenn skulu kosnir með óhlutbundnum kosningum, og þeir eða sá kosinn, sem flest fær atkvæði, í þessum kjördæmum:

Tvímenningskjördæmi:
Skagafjarðarsýsla,
Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður,
Norður-Múlasýsla,
Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður,
Rangárvallasýsla,
Árnessýsla.

Einmenningskjördæmi:
Hafnarfjarðarkaupstaður,
Gullbringu- og Kjósarsýsla,
Borgarfjarðarsýsla,
Mýrasýsla,

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
Dalasýsla,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla,
Vestur-Ísafjarðarsýsla,
Ísafjarðarkaupstaður,
Norður-Ísafjarðarsýsla,
Strandasýsla,
Vestur-Húnavatnssýsla,
Austur-Húnavatnssýsla,
Akureyrarkaupstaður,
Suður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Þingeyjarsýsla,
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Austur-Skaftafellssýsla,
Vestur-Skaftafellssýsla,
Vestmannaeyjar.

Ákveða má með lögum að skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtimans.

B. 8 þingmenn skulu kosnir með hlutbundnum kosningum í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis.

Ef þingmaður Reykjavíkur deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur sæti varaþingmaður hans, það sem eftir er kjörtímans.

C. Ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þá þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmálaflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum. Um úthlutun þingsætanna skal miða við samanlagða kjósendatölu stjórnmálaflokkanna við kosningarnar í hlutfalli við tölu kosinna þingmanna í þeim kjördæmum. Varamaður landskjörins þingmanns tekur sæti eftir sömu reglu og gildir um varamenn Reykjavikurþingmanna.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga í efri deild, úr flokki þingmanna í byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Nd. 650. Breytingartillögur

við frv. á þskj. 466 [Síldarbræðsluverksmiðja á Seyðisfirði].

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Eftir greininni komi ný grein, 2. gr., svo látandi:
   Árið 1932 skal ríkisstjórninni vera heimilt að veita nokkrum erlendum síldveiðiskipum leyfi til að landsetja og láta verka afla sinn eða hluta hans innan lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar, ef bæjarstjórn kaupstaðarins mælir með því og tryggt er, að innlent verkafólk njóti vinnu allrar og verkunarlauna við síldina.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. 651. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Í stað „Stjórnarráði Íslands“ komi: Ráðherra.

Alþingi, 6. mai 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Magnús Guðmundsson, frsm.

Þorleifur Jónsson. Pétur Ottesen.

Nd. 652. Breytingartillaga

við frv. til laga um Jöfnunarsjóð.

Flm.: Hannes Jónsson.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

Nd. 653. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin vill mæla með frv. þessu þannig breyttu, að verksmiðjuna megi reisa hvort heldur er á Seyðisfirði eða annarsstaðar á Austfjörðum, en getur hins vegar ekki fallizt á að veita slíkri verksmiðju fyrirfram leyfi til að kaupa síld af erlendum veiðiskipum. Slíkt er bæði þvert ofan í gildandi lög, og með því væri sennilega torveldað, að íslenzkir útgerðarmenn fengju nokkur skipti við verksmiðjuna.

Nefndin mælir því með því, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

Alþingi, 6. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Guðbr. Ísberg,

B. Kristjánsson. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. **654. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1933 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.--5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	330000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1170000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	45000	
6.	Vitagjald	400000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	375000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	100000	
			1500000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13.	Tóbakstollur	1000000	
	Flyt ...	1500000	3470000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	3470000
14. Kaffi- og sykurtollur		975000	
15. Annað aðflutningsgjald		200000	
16. Vörutollur		1300000	
17. Verðtollur		1100000	
			5075000
18. Gjald af innlendum tollvörum			150000
	Samtals ...	... ...	8695000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
I. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagn. Símans	264900	
2. — Víneinkasölu	710000	
3. — Ríkisprentsmiðju	40000	
4. — Ríkisvélsmiðju	25000	
5. — Vífilsstaðabús	4000	
6. — Kleppsbús	3000	
7. — Tóbakseinkasölu	200000	
Samtals ...	... ...	1246900
II. Frá dregst:		
1. Rekstrarhalli Póstsjóðs	13000	
2. — Útvarps	27600	
		40600
Eftir	... ...	1206300
Sundurliðun.		
Póstsjóður.		
I. Tekjur		600000
Flyt ...	... ...	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	600000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		212000	
2. Póstflutningar		270000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	30000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíknr	18300		
c. Húsaleiga utan Reykjavíknr á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10700		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	12000		
		131000	
			613000
Fært á 3. gr. A. II. 1		... ...	13000
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasima i sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	60000		
2. Ritsimastöðin i Reykjavik	157000		
3. Loftskeytastöðin i Reykjavik.	31000		
4. Bæjarsiminn i Reykjavík	380000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsímastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Hafnarfirði.	18500		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
12. Simastöðin á Siglufirði	17000		
Flyt ...	845000	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 845000	25000	1750000
13.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
14.	Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl. 90100		
		1055100	
	Uppbót á launum símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum og verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	60000	
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Áframhaldsgjald	25000	
h.	Til kennslu fyrir símamenn	1000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	1500	
j.	Ýms gjöld	6000	
k.	Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	70000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1485100
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	264900
	Eignahreyfingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson		58700
II.	Til viðauka simakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa, afborgana af húseign á Seyðisfirði o. fl.		60000
III.	Til nýrra símalína ... ... að því tilskildu, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð.		60000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	178700
	Víneinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýms rekstrarkostnaður	184000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	6000	190000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	710000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	17000		
2. Útvarpsstöðin	52000		
3. Útvarpssalur	18000		
4. Útvarpsefni	70000		
5. Skrifstofan...	15000		
6. Viðgerðarstofan	20000		
7. Óviss gjöld	10000		
8. Húsaleiga, hiti o. fl.	25000		
		227000	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		21500	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		29100	
			277600
II. Tekjur			250000
Fært á 3. gr. A. II. tekjuhalli		... ...	27600
Eignahreyfingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124040
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			25000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.			3500
4. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		51780	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350 þús.)	21600		
2. Ýms rekstrarkostnaður...	26680		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3500		
		51780	
Samtals ...		... ...	28600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Aðrir vextir...		350195
Samtals ...	... ...	550195

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1933 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		125096,93
2. Dönsk lán, danskar kr. 128395.86 á 122.00		156642,95
3. Ensk lán, £ 46295 - 12 - 0 á 22.15		1034447,57
4. Aðrir vextir		90000,00
Samtals ...	... ...	1406187,45

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar rikisreikninga		4000
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4067
Samtals ...	... ...	233067

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, rikisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	33375		
b. Til risnu	6000		
		39375	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		90225	
4. Annar kostnaður		50000	
5. Fyrir að gegna rikisféhirðisstörfum		32000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi rikisbókara.			
Flyt ...		217600	

		kr.	kr.
	Flutt ...	217600	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	18000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		19700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		5000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
			245967
II. Hagstofan:			
1. Laun		12250	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
3. Prentun eyðublaða.		1500	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		23000	
			53750
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	6000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds...	20000		
		71000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14600	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		5000	
			94600
	Samtals ...	... ...	394317

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun.	29375	
b. Annar kostnaður, allt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		
		34375
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		142425
3. Laun hreppstjóra..		24000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins i Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld	6500	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	1000	
		34700
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 5 skrifara	20000	
b. Laun 6 tollritara...	30000	
c. Aðstoð og aukavinna...	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
e. Innheimtukostnaður	18000	
f. Ýms gjöld, allt að	14000	
		99200
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	25000	
b. Húsaleiga	5000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	3500	
		3590
7. Toll- og löggæzla		70000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		90000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 250000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
Flyt ...	... ...	850600

	kr.	kr.
Flutt ...		850600
11. Til hegningarhússins í Reykjavik og viðhaldskostnaður fangelsa		13770
(Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		21250
(Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		
13. Sakamálakostnaður og lögreglumála		30000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... ...	922620
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	45000	
b. Fyrir embættisskeyti	55000	
		100000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		45000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		30000
Samtals B. ...	... ...	206000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		227250
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		5500
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9750
Flyt ...	... ...	242500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	242500
Styrkurinn skiptist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Nauteyrarhrepps 300 kr. — 22. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 23. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavik, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5. Til Lúðviks Nordals, læknis á Eyrarbakka, til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu		1000
6. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	800	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	800	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	800	
		2400
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavik, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eski-		
Flyt ...	... ...	247100

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	247100
	fjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
7.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
8.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
9.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2000
10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		1500
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
11.	Til Guðmundar Karls Péturssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis		1500
12.	Landsspitalinn:		
	Rekstrarkostnaður		47000
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	41000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 79000		
	2. Fæði 68000		
	3. Þvottur og ræsting 32000		
	4. Lyf og umbúðir 17000		
	5. Ljós og hiti 24000		
	6. Viðhald og umbætur 25000		
	7. Skattar 5000		
	8. Ýms gjöld 16500		
	9. Fyrning húsa og áhalda 24000		
		290500	
	C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar, þar í fæði ljósmæðranema	8000	
	Flyt ...	339500	300700

		kr.	kr.
	Flutt ...	339500	300700
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	232000		
2. Tekjur af röntgendeild	45000		
3. Skurðstofugjald o. fl.	15500		
		292500	
	Mismunur ...	47000	
13. Holdsveikraspitalinn			64590
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7125	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	11400		
2. Viðurværi 35 manna	13700		
3. Klæðnaður	1400		
4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Húsbúnaður og áhöld	1800		
7. Viðhald á húsum	2500		
8. Þvottur og ræsting	1500		
9. Flutningskostnaður	1000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar o. fl.	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	8265		
		57465	
		64590	
14. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			45268
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Lann læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	12000		
2. Kaup daglaunamanna	750		
3. Matvæli	26000		
4. Fatnaður sjúklinga	3000		
Flyt ...	41750	6125	410558

		kr.	kr.
Flutt ...	41750	6125	410558
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	6000		
9. Þvottur og ræsting...	3500		
10. Flutningskostnaður...	1600		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar m. m....	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	6480		
		74730	
		80855	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 65 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		35587	
Mismunur ...		45268	
II. Nýi spítalinn			52083
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	25000		
2. Kaup daglaunamanna	1500		
3. Matvæli	30000		
4. Fatnaður sjúklinga	2500		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3000		
7. Ljós og hiti	12000		
8. Viðhald og áhöld	3500		
9. Þvottur og ræsting	5500		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Skemmtanir	500		
12. Óviss útgjöld	1500		
13. Fyrning húss og áhalda (sjá 20. gr.)	10958		
		99958	
Flyt ...		106083	462641

		kr.	kr.
	Flutt ...	106083	462641
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		54000	
	Mismunur ...	52083	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			410
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6125	
B. Laun aðstoðarlæknis		5200	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Viðurværi..	85000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	10000		
4. Ljós og hiti	31500		
5. Þvottur og ræsting..	7500		
6. Viðhald húsa...	5000		
7. Viðhald véla	3000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	10000		
9. Flutningskostnaður..	4500		
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	9110		
		202610	
Þar frá dragast þessar tekjur:		213935	
Meðgjöf með 105 sjúklingum, 5 kr. á dag	191625		
Meðgjöf með 15 börnum, 4 kr. á dag ...	21900		
		213525	
	Mismunur ...	410	
16. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður			500
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks		9000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði...	14000		
2. Lyf og hjúkrunargögn	1000		
3. Ljós	1000		
	Flyt ... 16000	9000	463551

		kr.	kr.
	Flutt ... 16000	9000	463551
4. Þvottur og ræsting...	2000		
5. Viðhald húsa og áhalda	2000		
6. Flutningur og símakostnaður	2000		
7. Óviss gjöld	1500		
8. Fyrning húsa og áhalda	3000		
		26500	
Þar frá dregst:		35500	
Daggjald sjúklinga 7000 legud., 5 kr. á dag		35000	
Mismunur ...		500	
17. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			770
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		5600	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	19200		
2. Fæði...	45000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	3200		
4. Ljós og hiti	9000		
5. Þvottur og ræsting...	2500		
6. Viðhald húsa og véla	4500		
7. Viðhald læknistækja	500		
8. Húsbúnaður og áhöld...	5500		
9. Flutningskostnaður	3900		
10. Yms gjöld	11000		
11. Fyrning húsa og áhalda	7670		
		111970	
Hér frá dregst:		117570	
Daggjald 64 sjúklinga, 5 kr. á dag		116800	
Mismunur ...		770	
18. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Sjúkrahús og sjúkraskýli, sem styrksins vilja verða aðnjótandi, sendi umsóknir um hann fyrir 1. október, enda fylgi umsóknunum rekstrarreikningar, gerðir eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.		15000	
Flyt ...		15000	464321

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	464321
	Styrkupphæðirnar miðast við fjölda legudaga, enda fari tekjur þær, sem sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið hefir af hverjum sjúklingi á legudag, að viðbættum styrknum fyrir hvern legudag, ekki fram úr þeirri upphæð, sem talizt getur sanngjarnt kostnaðarverð á hverjum stað, miðað við sjúkrahúsrekstur i landinu yfirleitt. Það er og skilyrði fyrir styrkveitingu, að sjúklingar þeir, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum eða sjúkraskýlunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		
b.	Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli...	8000	
c.	Til þess að kaupa ferðaröntgentæki	3500	
d.	Bólusetningarkostnaður	3500	
e.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
f.	Gjöld samkv. 25. gr. i lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	1500	
g.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	8000	
h.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
i.	Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavikur ...	4000	
j.	Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
k.	Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	500	
l.	Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	2000	
m.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
n.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1600	
o.	Til Gisla Andréssonar, sjúkrastyrkur	1200	
p.	Til frú Sigríðar Kjartansdóttur, vegna sjúkleika manns hennar, sr. Jakobs Ó. Lárussonar	3000	
q.	Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1500	
			72100
19.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		80000
	Samtals ...	... ...	616421

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra...	7125	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6125	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	13000	
II.	Þjóðvegir.		47250
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur... 10000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	3. Vesturlandsvegur 5000		
	4. Holtavörðuheiðarvegur 30000		
	5. Geiradalsvegur 4000		
	6. Breiðadalsheiðarvegur i Ísafj.s. ... 5000		
	7. Húnavatnssýsluvegur 5000		
	8. Hofsósvegur 5000		
	9. Blönduhlíðarvegur 10000		
	10. Öxnadalsvegur 5000		
	11. Ljósavatnsskarðsvegur 13000		
	12. Þistilfjarðarvegur 7000		
	13. Bakkafjarðarvegur 5000		
	14. Jökuldalshlíðarvegur... 5000		
	15. Breiðdalsvegur 5000		
	16. Geithellnavegur 5000		
	17. Brunahraunsvegur 6000		
	18. Fjallabaksvegur 10000		
	19. Hreppavegur 5000		
		150000	
	b. Viðhald og umbætur	500000	
			650000
III.	Til brúargerða		60000
IV.	Fjallvegir		15000
	Þar af 5000 kr. til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi.		
V.	1. Til áhalda, allt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
	Flyt ...	... ...	787550

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	787550
VI. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setnr.	25000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
		105000
VII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
VIII. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
IX. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
X. Vöruflutningastyrknr til hafnleysishéraða á Suðurlandi Styrkurinn greiðist því aðeins, ef frumv. það um skatt af bifreiðum o. fl., er nú liggur fyrir þinginu, verðnr að lögum. Um úthlutun styrksins til hinna einstöku héraða fer eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.		20000
XI. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjnm við þjóðbraut.		3000
XII. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		4000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		1248
Samtals A. ...	... ...	926948
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á. (Þar af fyrning kr. 31600, sjá 20. gr.).	256600	
b. Eimskipafélags Íslands	60000	
c. H/f Skaftfellings	24000	
		340600
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		78000
Samtals B. ...	... ...	418600

	kr.	kr.
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7125	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6125	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, allt að. ...	10000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
5. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	3500	
		29250
II. Laun vitavarða..		25000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000
V. Til áhaldakaupa		5000
VI. Ýmislegt		25000
VII. Til hafnargerðar á Akranesi		25000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/8 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		20000
IX. Til sjómælinga		10000
Fyrning (sjá 20. gr.), ...		89790
Samtals C. ...	... ...	352040

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8125	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10125
Flyt ...	... ...	10125

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	10125
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs... ... ... Stjórninni er heimilt að greiða síra Einari Thorlacius í Saurbæ 1000 kr. úr prestlaunasjóði fyrir að vinna að undirbúningi og fjársöfnun til Hallgrímskirkju, ef hann lætur af prestsskap vorið 1932, enda sé prestakallið með óskertu prestssetri veitt frá næstu fardögum.	261000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavik, fyrir skýrslugerðir	800	
6. Embættiskostnaður presta	60000	
7. Til húsabóta á prestssetrum	24000	
		354220
Samtals A. ...	... ...	364345
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102375	
b. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
c. Til kennslu í söng	800	
d. Til kennslu í bókhaldi	400	
e. Námsstyrkur	15000	
f. Húsaleigustyrkur	9000	
g. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	6000	
h. Til kennsluáhalda læknadeildar	800	
i. Til kennslu i efnafræði	1600	
j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
k. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
l. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
Flyt ...	150125	

		kr.	kr.
	Flutt ...	150125	
m.	Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu	800	
n.	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, lokagreiðsla	2500	
o.	Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	549	
			153974
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	8000	
c.	Til Jóns Blöndals, til lokanáms í hagfræði ...	1200	
d.	Til Jóns Gauta Jónatanssonar, til að lúka námi í rafmagnsfræði i Þýzkalandi	1800	
e.	Til Ingólfs Þorsteinssonar, til þess að nema vélaverkfræði við háskóla erlendis	1200	
f.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til að lúka vélfræðinámi i Þýzkalandi	1000	
g.	Til Yngva Pálssonar, til vélaverkfræðináms ...	1200	
			38400
III.	Fræðslumálastjórnin:		
1.	Laun fræðslumálastjóra	7125	
2.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	800	
3.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að ...	5000	
			12925
IV.	Menntaskólinn almenni:		
a.	Laun	71750	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans 800		
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 8000		
3.	Til viðhalds 3000		
4.	Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að 7000		
5.	Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 1125		
6.	Námsstyrkur 2800		
7.	Læknisþóknun 400		
	Flyt ... 23125	71750	205299

		kr.	kr.
Flutt ...	23125	71750	205299
8. Til kennslutækja	500		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	1500		
12. Til bókasafnsins Íþöku	200		
13. Fyrning (sjá 20. gr.)	6515		
		35540	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleignstyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			107290
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		39225	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	20000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	500		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	1000		
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds	3000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
9. Fyrning (sjá 20. gr.)	7000		
		49000	
VI. Kennaraskólinn:			88225
a. Laun		16375	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3500		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld...	200		
4. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	2500		
5. Til viðhalds	800		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1869		
		14869	31244
Flyt ...		... ...	432058

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	432058
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1800		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
5. Fyrning (sjá 20. gr.)	1285		
		7885	
VIII. Vélstjóraskólinn:			20885
a. Laun		8750	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	3800		
3. Ljós og hiti	500		
4. Ræsting	600		
5. Til prófhalda	900		
6. Ýms gjöld	500		
		7300	
Við skólana undir liðunum IV.—VIII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			16050
IX. Bændakennsla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	8750		
b. Til smiða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, allt að	2000		
2. Til kennsluáhalda ...	600		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	3500		
4. Ýmisleg gjöld	4000		
	10100		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1714		
		22014	
	Flyt ...	22014	468993

		kr.	kr.
	Flutt ...	22014	468993
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8750		
b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, allt að 2400			
2. Til kennsluáhalda 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 3500			
	10400		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.	1530		
		21980	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43994
X. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavik, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6500	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1500	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds		1000	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds		1200	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.			
e. Til verklegs framhaldsnáms erlendis		3000	
			13200
	Flyt ...	... ...	526187

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	526187
XI.	Verzlunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	5000	
	b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ...	5000	
			10000
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavik:		
	a. Húsnæðisstyrkur	5000	
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	18000	
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000	
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna... ...	1000	
			28000
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	12000	
Ennfremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að leyfa ekki veitingar áfengra drykkja í veitingasölum gistihúss eftir kl. 9 að kvöldi.

Sþ. 666. Breytingartillaga

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd Nd.

Við 4. gr. Fyrir „1935“ komi: 1933.

Sþ. 667. Breytingartillaga

við frv. til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

Síðari málsgr. 2. gr. orðist svo:

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

Nd. 668. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm (þskj. 608).

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „nefnist fimmtardómur“ kemur: sem nú heitir hæstiréttur, heitir hér eftir landsdómur.
   b. Alstaðar í lögum þessum, þar sem nefndur er „fimmtardómur“ eða samsetningar af því orði, kemur í tilsvarandi falli og tölu: landsdómur (og samsetningar af því orði).
2. Við 2. gr. Fyrri málsl. fellur niður.
3. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

   Landsdóm skipa fimm dómarar, er konungur skipar (sbr. 8. gr.), en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi, til ekki skemmri tíma en eins árs í senn, og varaforseta til jafnlangs tíma.
4. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

   Eigi má dóm setja með færri dómurum en fimm.

   Ef autt verður sæti dómara, skipa kennarar lagadeildar það, eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

   Verði sæti forseta autt, skipar varaforseti það, en ella sá af dómurunum, sem lengst hefir gegnt embætti í landsdómi.

   Fari svo, að fleiri þurfi varadómara en kennara lagadeildar til þess

að dómurinn sé fullskipaður, setur dómsmálaráðherra dómara í því máli.

5. Við 6. gr. Greinin fellur niður.
6. Við 7. gr. Greinin fellur niður.
7. Við 8. gr.
   a. Orðin „fullskipaður 5 dómendum“ í tölulið 1. falla niður.
   b. Orðin „dómari í hæstarétti“ í tölulið 2. falla niður.
   c. Síðari málsgr. töluliðs 3. fellur niður.
   d. Í tveim síðustu málsgreinum koma í stað orðanna „aðaldómara fimmtardóms“, „aðaldómaraembætti“ og „aðaldómara“ orðin: landsdóms, dómaraembætti og dómara.
8. Við 12. gr. Fyrir „synodalréttinn“ í niðurlagi greinarinnar kemur: kirkjudóminn.
9. Við 16. gr.
   a. Orðin „fullskipaður 5 dómendum“ í tölulið 1. falla niður.
   b. Orðin „Öll þau mál ... af hendi leyst“ í tölulið 3. falla niður.
   c. Síðasta málsgrein fellur niður.
10. Við 24. gr. Greinin fellur niður.
11. Við 25. gr. Greinin fellur niður.
12. Við 26. gr. Greinin fellur niður.
13. Við 28. gr. Í stað „synodalréttarmálum“ í upphafi greinarinnar kemur: kirkjudómsmálum.
14. Við 34. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
    Dómsmálaráðherra skal veita leyfi til áfrýjunar, ef málsaðili eða umboðsmaður hans óskar þess, þótt frestur sé liðinn o. s. frv.
15. Við 42. gr. Í stað orðanna „áður gilti um hæstarétt“ kemur: hingað til hefir gilt.
16. Við XII. kafla, 63.—65. gr. Greinarnar ásamt fyrirsögn kaflans falla niður.
17. Við 67. gr. Greinina skal orða svo:
    Dómarar í landsdómi, þeir þrír, sem elztir eru að embættisaldri, eiga sæti í fimmtardómi, en fimmtardómur skal hér eftir vera nafn á dómstóli þeim, sem í lögum nr. 11, 20. okt. 1905, er nefndur landsdómur.
18. Greinatala frv. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.
19. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „fimmtardóm“ kemur: landsdóm.

Nd. **669. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svínadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Ed. 670. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stimplaðar skulu samkv. A-flokki 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 5, 3. apríl 1928, eftirtaldar vörur: Egg og eggjaduft. Niðursoðin mjólk, mjólkurduft. Orðin í B-flokki: „Niðursoðin mjólk“ skulu falla burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 671. Lög

um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

1. gr.

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki“ í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913, komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 1 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Nd. 672. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt

fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 673. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 663, við frv. til laga um Jöfnunarsjóð.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. brtt. Í stað orðanna „í sjóði og bönkum nemur meiru en 3 milljónum króna“ komi: samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna.
2. Við 2. brtt. Í stað orðanna „3 milljónir“ komi: 4 milljónir.

Ed. 674. Breytingartillaga

við frv. til l. um lækningaleyfi o. s. frv.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 13. gr. 3. málsgr.

Í stað orðanna »sem menn með takmörkuðu lækningaleyfi fremja« komi: manna með takmörkuðu lækningaleyfi.

Ed. 675. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. *Um lækningaleyfi.*

1. gr.

Rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækna hér á landi hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir, eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu óhæfir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

3. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., ótakmarkað lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir læknadeild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og læknadeildin og landlæknir mæla með leyfisveitingunni. Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlæknum samkvæmt tannlækningalögum, nuddurum og öðrum, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og fram er tekið í síðari málsgr. 2. gr.

4. gr.

Læknisefni, sem ekki hefir að fullu lokið námi eða verið veitt lækningaleyfi, má, ef nauðsyn krefur og landlæknir mælir með því, fela um stundarsakir að gegna læknishéraði sem settum héraðslækni eða staðgöngumanni eða aðstoðarmanni héraðslæknis eða annars læknis, eða öðrum ákveðnum læknisstörfum, og hefir hann þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

II. *Um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa.*

6. gr.

Læknum og hverjum þeim, sem hafa lækningaleyfi, takmarkað sem ótakmarkað, ber að gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við, fara nákvæmlega eftir henni og gæta fyllstu samvizkusemi í hverju einu, þar á meðal í því að baka ekki sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum, ónauðsynlegri aðstoð o. s. frv.

7. gr.

Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafizt vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera, vegna fátækrahjálpar, styrkveitinga, trygginga eða þess háttar, og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum. Heimilt er lækni að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef honum þykir ástæða til vegna ákvæða 10. gr.

Til allra vottorða og umsagna, er læknir gefur út sem læknir, ber honum að vanda sem bezt og segja það eitt, er hann veit sönnur á, hvort sem vottorðin eða umsagnirnar eiga að vera til leiðbeiningar hinu opinbera eða öðrum.

8. gr.

Sérhverjum lækni, öðrum en þeim, sem fyrir elli sakir eða sjúkdóms er hættur störfum, ber í skyndilegum sjúkdóms- eða hættutilfellum, ef hann er nærstaddur og til hans leitað — og ekki því alvarlegri forföll banna — að veita hina fyrstu nauðsynlegu læknishjálp, unz til annarar hjálpar hefir náðst.

9. gr.

Sérhver læknir, sem stundar almennar lækningar í kaupstað eða kauptúni og hefir opna lækningastofu í því skyni, er skyldur til, einnig þó að hann sé ekki embættislæknir, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í kaupstaðnum eða kauptúninu, hvenær sem eftir því er leitað, nema hann sé hindraður af öðrum meira aðkallandi læknisstörfum eða öðrum alvarlegum forföllum.

Nú tekur læknir í kaupstað eða kauptúni þátt í félagsskap um, að læknavörður sé til taks til að gegna sjúkravitjunum innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, enda sé vörðurinn fullnægjandi að dómi landlæknis, og er læknirinn þá ekki skyldur til að gegna læknisvitjunum þann tíma, er vörðurinn situr, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti

sönnur á, að brýn nauðsyn annara krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu.

Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

Nú er lækni gert að bera vitni í sílkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo og til yfirsetukvenna og aðstoðarfólks lækna við læknisstörf.

11. gr.

Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til landlæknis.

12. gr.

Læknum eru óheimilar hverskonar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlækna og nuddara, svo og til yfirsetukvenna og annara tilsvarandi heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annara en héraðslækna, fer eftir því, sem um semst milli stéttarfélags þeirra og ríkisstjórnarinnar.

Við þá samninga skal miða við gjaldskrá héraðslækna og föst meðallaun þeirra, og skal samið um þá hundraðstölu til hækkunar á gjaldskránni, sem ætla má að hækki greiðslur fyrir áætlað meðalársstarf læknis um álíka upphæð og föst meðallaun héraðslæknis.

Í gjaldskránni skal ákveða greiðslur fyrir tannlækningar, nuddaðgerðir og aðrar tilsvarandi aðgerðir manna með takmörkuðu lækningaleyfi, og eru þau ákvæði bindandi fyrir tannlækna, nuddara og aðra slíka, en kveðja skal fulltrúa frá stéttarfélagi þeirra til, áður en þeir liðir eru ákveðnir.

Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra.

Nú hefir læknir, annar en héraðslæknir, eða tannlæknir eða nuddari eða aðrir með takmörkuðu lækningaleyfi opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða

bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki lægri en meðalhéraðslæknislaun, og ber honum þá að fara eftir gjaldskrá héraðslækna.

Nú nást ekki samningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og semur þá landlæknir gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

14. gr.

Allir læknar og þeir, sem hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga, svo og yfirleitt öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim þær skýrslur viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar. Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Um héraðslækna og aðra lækna, sem hafa laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má auk sektanna kveða svo á, er þeir þrátt fyrir áminningu vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur, að launagreiðslur þeirra verði stöðvaðar, unz skil hafa verið gerð.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til hverskonar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, sjúkrasamlaga, heilsu- og slysatryggingarstofnana og annara tilsvarandi, svo og til tannlækna, lyfsala og lyfjabúða, nuddara, yfirsetukvenna og annara heilbrigðisstarfsmanna.

Í reglugerðinni má ennfremur ákveða, að sektir lækna samkv. þessari grein renni í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna, en sektir annara heilbrigðisstarfsmanna í tilsvarandi styrktarsjóði þeirra, eftir nánari ákvæðum landlæknis.

III. *Um skottulækningar.*

15. gr.

Hverskonar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar:

1. ef sá, sem ekki hefir lækningaleyfi, býðst til að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, og nær það einnig til lyfsala og aðstoðarfólks þeirra.

2. ef læknir með takmörkuðu lækningaleyfi stundar lækningar fram yfir það, sem leyfi hans er takmarkað við samkvæmt leyfisbréfi hans eða lögum. Nær þetta meðal annars til tannlækna, ef þeir fást við aðrar lækningar en tannlækningar, þar með taldar svæfingar, tannsmíði, ef þeir gefa sig við tannlækningum, nuddara, ef þeir taka fólk til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis, yfirsetukvenna, ef þær fást við svæfingar eða lyfjagjafir fram yfir það, sem þeim er sérstaklega heimilað, o. s. frv.

3. ef læknir, sem ekki hefir sérfræðingsleyfi, kallar sig, auglýsir sig eða gefur á annan hátt í skyn, að hann sé sérfræðingur, og gildir hið sama um sér-

fræðing, ef hann gefur á sama hátt til kynna, að hann sé sérfræðingur í annari grein en þeirri, sem hann hefir sérfræðingsleyfi fyrir,

4. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ráðleggur eða ávísar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða aðeins til þess að auðga sjálfan sig, eða ef hann ráðleggur mönnum eða framkvæmir að ástæðulausu, nema þá sjálfum sér til ávinnings, læknisaðgerð, annaðhvort við sjúkdómi, sem aðgerðin getur bersýnilega ekki átt við, eða við sjúkdómi, sem engin ástæða er til að gera ráð fyrir, að viðkomandi sé haldinn af,

5. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, ávísar til sölu eða selur lyf undir því yfirskini, að þau eigi að fara til lækninga, en vitandi, að þau verði notuð í öðru skyni, svo sem til nautnar eða til útsölu í hagnaðarskyni.

6. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, lætur frá sér vottorð eða umsögn til þess stílaða að gylla í verzlunarskyni lyf, lækningaáhöld eða matvæli, drykki, nautnalyf eða annað, svo að ætla megi, að fólk fyrir það fái skakkar hugmyndir um gildi lyfjanna, lækningaáhaldanna, matvælanna o. s. frv.

7. ef læknir lánar nafn sitt þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir eða takmarkað lækningaleyfi, í því skyni að fólk blekkist til að halda, að sú lækningastarfsemi, sem þeir hafa með höndum, fari fram eftir ráðleggingum, undir eftirliti eða á ábyrgð læknisins. Sama gildir um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, ef þeir lána nafn sitt í tilsvarandi skyni.

16. gr.

Þeim, sem hefir takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki eða aðra smitandi sjúkdóma, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli.

Nú hefir viðkomandi orðið þetta á vegna ónógrar læknisþekkingar, og nægir það honum ekki til sýknunar.

17. gr.

Lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar eru bannaðar hér á landi, einnig læknum og lyfsölum. Nær þetta til auglýsinga í blöðum og tímaritum, á sérstökum auglýsingamiðum eða í flugritum og bréfum, á lyfja- og lækningaáhaldaumbúðum, svo og hverskonar annara auglýsingaaðferða, þar með taldar ritgerðir, sem til þess eru stílaðar að gylla í verzlunarskyni sérstök lyf eða lækningaáhöld. Á sama hátt eru bannaðar tilsvarandi auglýsingar um lækningakraft drykkja og matvæla, nautnalyfja og annars.

Ennfremur eru bannaðar gyllandi auglýsingar um sjúkrahús og hverskonar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað, hverskonar sjúklingum sé tekið á móti og með hverjum kjörum.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út af læknum eingöngu fyrir lækna, svo og í auglýsingabréfum til lækna og á umbúðum lyfja og lækningaáhalda, sem eingöngu koma læknum í hendur.

IV. *Um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi.*

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100—10000 kr., sviptingu lækningaleyfis og fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Í sektir skal dæma fyrir minni háttar brot, er ekki telst sannað, að það hafi valdið eða ef það er ekki sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni, hvorki fyrir einstaklinga né þjóðfélagið í heild sinni.

Í hæstu sektir skal dæma, ef um ítrekuð minni háttar brot er að ræða, eða ef sannað telst, að brotið hafi valdið alvarlegu tjóni, eða ef það er sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið í heild sinni. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, á í hlut, má þá jafnframt svipta hann lækningaleyfi.

Lækni og þann, sem lækningaleyfi hefir, má ennfremur svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað, að brotið hafi valdið tjóni, ef það er þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, skottulækningar eða hlutdeild í skottulækningum, lausmælgi um einkamál, sem hann hefir komizt að sem læknir, eða alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum.

Í fangelsi má dæma, ef brotið er þess eðlis, að sannað teljist, að líftjón eða varanlegt heilsutjón hafi hlotizt af, eða að sérstaklega líklegt teljist, að það geti orðið slíks valdandi eða haft viðtækar hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, og heyra þar meðal annars undir brot á 16. gr.

Lækni og þann, sem hefir lækningaleyfi, skal svipta lækningaleyfi fyrir þau brot, sem dæma má í fangelsi fyrir, eða, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem svipta má lækningaleyfi fyrir.

Í fangelsi skal dæma, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem dæma má í fangelsi fyrir.

Lækna og aðra, sem með brotum á lögum þessum gera öðrum skaða, svo að sannað teljist, má auk refsinga dæma til sanngjarnra skaðabóta.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að læknir eða sá, sem lækningaleyfi hefir, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna hann um að bæta hegðun sína.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, eða sé um einhverja óhæfu að ræða viðkomandi læknisstörfum, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

20. gr.

Nú telur landlæknir, að læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefir, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafizt var, er hann fékk lækningaleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, sem gerir hann lítt hæfan, óhæfan eða hættulegan við störf sín, enda verði hann ekki án þess fenginn til að hætta þeim, eða vegna drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkunar, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, og skýrir hann þá ríkisstjórninni frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknadeildar háskólans, og ef hún fellst á álit landlæknis, má svipta viðkomandi lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

21. gr.

Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

V. *Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.*

22. gr.

Ákvæði þessara laga um veitingu lækningaleyfis ná ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi. Þeir læknar, sem þá hafa fengið leyfi Læknafélags Íslands til að kalla sig sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi, og lög nr. 36, 14. júní 1929, um viðauka við þau lög, eru úr gildi numin, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Nd. 676. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flm.: Halldór Stefánsson og Sveinn Ólafsson.

I. Á eftir 5. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (6. gr.). Við 33. gr. stjórnarskrárinnar. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Breyta má þessu með lögum.

b. (7. gr.). Við 38. gr. stjórnarskrárinnar. Síðari málsgr. greinarinnar orðist svo:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

c. (8. gr.). Við 4. gr. stjórnarskrárinnar. Greinin orðist svo:

Ekkert lagafrumv., að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

d. (9. gr.). Við 41. gr. stjórnarskrárinnar. Þriðja málsgr. greinarinnar orðist svo:

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum um einstök mál og málsatriði. Þó þarf $^3/_5$ hluta greiddra atkvæða til samþykkis þeirra einstakra fjárveitinga, sem hljóða um persónulegar styrkveitingar. Eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumv. til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

II. 6. gr. frumvarpsins verði 10. grein.

Ed. 677. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 1. gr. 16. lið. Liðurinn orðist þannig:
   Ísafjarðarhérað: Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður og Súðavíkurhreppur. Læknissetur á Ísafirði.
2. Við 1. gr. 17. lið. Liðurinn orðist þannig:
   Vatnsfjarðarhérað: Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Læknissetur í Vatnsfirði.

Ed. 678. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipun læknishéraða o. s. frv.

Frá Jóni Jónssyni og Pétri Magnússyni.

Við 1. gr.

a. Aftan við fyrri málslið 27. málsgr. komi: og Grýtubakkahreppur.
b. Í stað orðanna Háls- og Illugastaðasóknir í Hálshreppi í 28. málsgr. komi: Hálshreppur.
c. 29. málsgr. falli niður.

Sþ. 679. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 665 (Áfengisbruggun o. fl.).

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Aftan við brtt. bætist:
ef sennilegt þykir, að sú breyting frá núverandi tilhögun komi til leiðar hóflegri nautn áfengis.

Nd. 680. Breytingartillögur

við frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Jörð nefnist í lögum þessum hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamatsbók.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Jarðir má því aðeins sameina, að þær séu hver um sig ekki lífvænleg býli, og því aðeins, að úttektarmenn telji sameiningu nauðsynlega og Búnaðarfélag Íslands samþykki hana.
   Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, nema úttektarmenn mæli með og Búnaðarfélag Íslands samþykki, sbr. þó 3. gr.
   Ákvæði þetta nær þó ekki til ábúðar þeirra jarða, sem öðlast hafði gildi í síðasta lagi í fardögum 1931.
   Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis Búnaðarfélags Íslands um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal skyldur að byggja hana sæmilegum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna.
   Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz. Skal hann þá bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn ákveðnu eftirgjaldi. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni næsta ár sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, enda samþykki landsdrottinn þá byggingu. Ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum til landsdrottins. Sama gildir um ábúðarrétt þeirra manna, sem sveitarstjórn leigir jörðina, og ákveðið er í lögum þessum.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. Skulu húsin vera hæfilega stór til þess að nytja megi jörðina, jafnvel þó ræktun aukist nokkuð. Leita má álits héraðslæknis um bæjarhús.
Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur, að mati úttektarmanna.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra. Leiguliðabótin má þó aldrei vera hærri en 1% af steinbyggingum og 2% af byggingum úr öðru efni. Hún skal að hálfu greidd landsdrottni um leið og landsskuld ár hvert, en að hálfu má leiguliðabótin standa vaxtalaust hjá leiguliða, en skal afhendast landsdrottni þegar leiguliðaskipti verða eða þegar endurbyggja þarf.
7. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki fyrnist um skör fram.
8. Við 13. gr., sem verður 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Skyldir eru úttektarmenn, hvenær sem landsdrottinn eða leiguliði krefst þess, o. s. frv.
9. Við 14. gr. Greinin fellur niður.
10. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Nú á fráfarandi hús á jörðu, sem eru henni nauðsynleg, að dómi úttektarmanna. Skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs, og er þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem metið er.
Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að selja öðrum þau til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.
11. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Séu hús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En falið getur landsdrottinn leiguliða að annast vátryggingu fyrir sína hönd.
12. Á undan 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn samþykki annað, sbr. þó 3. gr.
13. Við 20. gr. Á eftir orðunum „eða byggingarefnis“ komi: er hann hefir aflað á þeirri jörð.

14. Við 21. gr.
    a. Í stað orðsins „áburð“ komi: búfjáráburð.
    b. Upphaf síðari málsgreinar orðist svo:
    Ef eggver eða selalátur fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra o. s. frv.
15. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
    Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra, eftir skattmati, og skila þeim fullgildum við brottför.
16. Við 23. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
    Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl.
17. Við 24. gr. Aftan við 1. málsl. bætist: nema landsdrottinn leyfi.
18. Við 25. gr. Síðari málsl. orðist svo: Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.
19. Við 28. gr. Orðin „af jörð“ í fyrstu málsgr. falli niður.
20. Við 29. gr.
    a. Tilvitnanir í 1. og 2. tölul. breytast. Í stað „sbr. 18. gr.“ komi: sbr. 19. gr. Í stað „sbr. 24. gr.“ komi: sbr. 25. gr.
    b. Þrír síðustu málsliðir orðist svo:
    3. Situr illa jörð, svo að hún fari í órækt, hús eða mannvirki spillist, sbr. 26. gr.
    4. Hefir ekki greitt jarðargjöld innan missiris frá gjalddaga, sbr. 27. gr.
    5. Vanrækir að inna af höndum jarðabætur eða annað, sem tilskilið er í byggingarbréfi, meira en eitt ár, sbr. 39. gr.
21. Við 31. gr. Annar málsl. greinarinnar, „Má landsdrottinn“ o. s. frv., falli niður.
22. Við 33. gr. Þrír síðustu málsliðir orðist svo:
    Leiguliði leggur til sem svarar leiguliðabót af húsinu, að því leyti, sem hún er eigi áður greidd, svo og allt innlent efni, og annast alla efnisflutninga innanlands. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerðina.
23. Við 36. gr. Greinin falli niður.
24. Við 37. gr. Greinin falli niður.
25. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
    Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa ⅔ rekans og leiguliði ⅓. Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur, og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, ef sérstakt rekaitak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu vera eign leiguliða.
26. Við 39. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum o. s. frv.

27. Við 44. gr. Í stað „sbr. 41. og 42. gr.“ komi: sbr. 39. og 40. gr. Í stað „samkvæmt 15. og 16. gr.“ komi: samkvæmt 14. og 15. gr.
28. Við 45. gr. Í stað „6 mánuðir“ komi: 1 ár.
29. Við 49. gr. Í stað „15. gr.“ í niðurlagi greinarinnar komi: 14. gr.
30. Við 54. gr. Í stað „49. gr.“ í niðurlagi greinarinnar komi: 47. gr
31. Við 55. gr. Greinin falli niður.
32. Við 56. gr. Greinin falli niður.
33. Við 57. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt, eftir að lög þessi öðlast gildi.

34. Við 58. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1, 12. jan. 1874, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

(Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu).

Nd. 681. Nefndarálit

um frumvarp til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum á þingskjali 680. Nefndarmenn eru þó ekki sammála um öll ákvæði frumvarpsins og áskilja sér rétt til þess að bera fram frekari breytingartillögur. Undirnefnd var skipuð í málið, sem starfaði að athugun þess. Auk þess hefir nefndin haldið marga fundi. Hefir að nokkru verið stuðzt við brtt. landbúnaðarnefndar frá vetrarþingi 1931.

Skal hér farið nokkrum orðum um helztu efnisbreytingar samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Fjórar fyrstu greinar frumvarpsins hafa verið samdar um og dálitlar efnisbreytingar gerðar um leið. Nefndinni finnst eðlilegt, að í ábúðarlögum sé skilgreint, hvað jörð sé. Hefst fyrsta grein þess vegna með þeirri skýringu. Nefndin telur, að ekki beri að sameina jarðir, nema um svo léleg býli sé að ræða, að þau hvert um sig geti ekki framfleytt fjölskyldu. Leggur nefndin því til, að auk þess sem úttektarmenn veiti leyfi til þess, verði einnig að fá samþykki Búnaðarfélags Íslands, sem nefndinni virðist eðlilegast, að hafi æðsta úrskurðarvald í þessum málum. Nefndin telur rétt og sjálfsagt, að sterkar hömlur séu á það lagðar, að sami maður hafi samtímis ábúð á fleiri jörðum, en sér hinsvegar ekki, að fært sé að banna það í öllum tilfellum, og leggur því til, að slíkt

sé lagt undir úrskurð Búnaðarfélags Íslands. Nefndin telur, að í 2. gr. frv. sé sveitarstjórnum gefið um of vald yfir eignar- og umráðarétti landsdrottna, þar sem sveitarstjórnum er gefin heimild til þess að skipta leigujörðum og byggja á þeim, og er þá landsdrottinn skyldur til þess að kaupa þær byggingar. Nefndin leggur því til, að þau ákvæði séu numin burt.

Hin fornu ákvæði um, að jarðir skuli boðnar upp, ef enginn leigjandi fæst, telur nefndin lítils virði nú, en leggur til, að í þess stað sé landsdrottni skylt að auglýsa leigujörð til ábúðar, ef hún fæst ekki byggð á annan hátt. Ef jörðin fæst ekki byggð að heldur, telur nefndin rétt, að landsdrottinn fái að ráðstafa henni um eitt ár eins og honum sýnist, og séu engar frekari hömlur á hann lagðar um það.

Nefndin getur ekki fallizt á, að unnt sé að veita landsdrottni lausn frá að halda uppi öllum lögskilum af jörð, þótt hann hafi hennar engin not. Til lögskila telst t. d. smölun heimalands, sem verður að inna af höndum, en hitt telur nefndin rétt, að í þeim tilfellum þurfi hann ekki að greiða opinber gjöld af jörðinni, og leggur því til, að breytt verði í samræmi við þetta.

Við II. kafla frumvarpsins hefir nefndin engar tillögur gert til breytinga.

III. kafla frumvarpsins, um hús á leigujörðum og skyldur landsdrottins, leggur nefndin til, að breytt sé allmikið. Samkvæmt frumvarpinu er fyrningarskyldan að öllu leyti lögð á herðar landsdrottins. Þótt skylda þessi hafi að fornu hvílt á landeigendum að mestu leyti og ýms rök megi færa því til stuðnings, getur nefndin þó ekki fallizt á, að svo sé gert. Ef svo er frá þessu gengið, verður landsdrottinn að tryggja sér eðlilegt fyrningargjald með hærra jarðarafgjaldi, svo að óvíst er, að það yrði nokkur verulegur styrkur fyrir leiguliða, þótt svo væri látið heita að nafni til, að fyrningarskyldan hvíldi á landsdrottni. En hinsvegar getur nefndin alls ekki fallizt á að hverfa að þeirri reglu, sem gilt hefir um álag. Enda er hin sögulega þróun þeirrar aðferðar ekki þannig, að ástæða sé til þess fyrir okkur að hafa hana í heiðri. Álagsskyldan er mjög óeðlileg og kemur ranglátlega niður. Leiguliði veit aldrei, hvernig hann stendur gagnvart þeirri kvöð, þar sem álagið er fyrst metið eftir á af úttektarmönnum. Þá kemur það og mjög misjafnt niður á leiguliða. Meðan húsin eru nýleg er oft metið mjög lítið álag, en þegar þau fara að fyrnast, skellur aðalþungi þess yfir, stundum á tiltölulega fáum árum, og verður þá sá leiguliði, sem þá situr jörðina, að bera aðalþunga þess, þótt hann ef til vill hafi ekki notið húsanna meðan þau voru ný og viðhaldið þess vegna minnst. Nefndin leggur því til, að í stað álags skuli leiguliði greiða fyrningargjald eða leiguliðabót, sem sé ákveðin fyrirfram af úttektarmönnum. Telur nefndin hæfilegt að setja hámark þess 1% af kostnaðarverði steinbygginga og 2% af timbur- og torfbyggingum, en ætlast til þess, að úttektarmenn geti hreyft leiguliðabótina til innan þessa hámarks. Þá leggur nefndin og til, að hálf leiguliðabótin megi standa vaxtalaus hjá leiguliða, en helmingur greiðist landsdrottni um leið og landsskuld. Þess skal getið, að í nefndinni hafa komið fram tillögur um að ráðstafa leiguliðabótinni á annan veg en hér er gert, og áskilur nefndin sér rétt til þess að bera fram brtt. um það við 3. umr.

Nefndin telur ástæðulaust að skylda úttektarmenn til þess að skoða hús á leigujörðum fimmta hvert ár. Þar sem landsdrottinn er í nábýli við leiguliða og eftirlit þar af leiðandi auðvelt af hans hendi, og ef um engan ágreining er að ræða milli landsdrottins og leiguliða, virðist ekki þörf á að lögskipa slíka skoðun. Telur nefndin nægilegt, að hvor aðili um sig, landsdrottinn og leiguliði, geti krafizt skoðunar þegar þeir óska.

Þá leggur nefndin til, að 14. gr. falli burt. Telur hún tæpast fært að gera úttektarmenn skaðabótaskylda eins og þar er til ætlazt, enda ekki fremur ástæða til að beita svo hörðum ákvæðum gagnvart þeim en ýmsum öðrum embættis- og starfsmönnum, sem hliðstæðum trúnaðarstörfum gegna.

Þá leggur nefndin til, að 17. gr. sé breytt nokkuð. Virðist ástæðulaust að skylda menn fremur til þess að tryggja gegn eldsvoða á leigujörðum en öðrum jörðum, og telur nefndin því rétt að nema þau ákvæði greinarinnar burt.

Við IV. kafla frumvarpsins eru nokkrar brtt., en fáar þeirra raska efni þess í verulegum atriðum. Sú helzta er, að nefndin leggur til, að kafli þessi hefjist á nýrri grein, þar sem leiguliði er skyldaður til þess að hafa lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn samþykki annað. Sá siður hefir tíðkazt allmjög undanfarið í sumum sveitum, að bú eru rekin á jörðum, en búandinn situr í öðru sveitarfélagi. Ef svo fer um margar jarðir innan sama sveitarfélags, missir sveitarfélagið svo mikils í af tekjustofnum, að stórvandræði geta af hlotizt. Þykir því rétt að gefa sveitarstjórnum íhlutun um það, hvort leiguliðum skuli heimilt að hafa lögheimili annarsstaðar en á ábúðarjörð sinni.

Í 21. gr., þar sem fráfarandi er skyldaður til að flytja áburð á tún, þykir réttara að orða það búfjáráburð, svo að ekki orki tvímælis, að tilbúinn áburður komist ekki undir þetta ákvæði.

Í 24. gr. er leiguliða bannað að byggja öðrum af leigujörð sinni. Álítur nefndin ekki rétt að leggja fortakslaust bann við þessu, og telur hættulaust að leyfa leiguliða að byggja af leigujörð sinni, ef landsdrottinn leggur samþykki sitt þar á. Er því lagt til, að breytt verði til samræmis við það.

Aðrar breytingar við IV. kafla eru aðeins orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

Ákvæði 33. gr. um það, hvernig landsdrottinn og leiguliði skuli gera hús í sameiningu, ef þau eyðileggjast af ófyrirsjáanlegum atvikum, þykja nefndinni of óákveðin; mundu svo óljós ákvæði um framlag leiguliða verða oft og tíðum að deiluefni. Leggur nefndin því til, að hlutur leiguliða í húsagerðinni verði ákveðinn eins og brtt. greinir.

Nefndin leggur til, að 36. gr. verði felld burt. Gætu hrekkvísir menn misnotað sér ákvæði hennar með því að bjóða óeðlilega háa leigu og láta síðan færa hana niður á næsta ári, er þeir hefðu tryggt sér lífstíðarábúð á jörðinni.

Við VII. kafla, um reka á leigujörðum, leggur nefndin til, að gerðar séu nokkrar breytingar. Miða þær að því, að ákveðin skipti skuli vera á viðarreka og hvalreka milli landsdrottins og leiguliða, þannig að leiguliði fái ⅓ af hvorutveggja, en landsdrottinn ⅔.

Nefndin leggur til, að síðasta kafla frumv., ákvæðum um stundarsakir,

verði breytt smám saman, eftir því sem byggingartími á hinum einstöku leigujörðum rennur út.

Nánar verður gerð grein fyrir breytingartillögum við framsögu málsins.

Alþingi, 9. maí 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Þorleifur Jónsson.

Magnús Guðmundsson, með fyrirv. Pétur Ottesen, með fyrirv.

Nd. 682. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Öll síld, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur í salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó síld, sem flutt er út í dósum eða smáílátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri síld, eða ágreiningur rís milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Yfirsíldarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum síldarsaltenda og síldarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með síldarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur simakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra í hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af síldareiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast

ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsíldarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Yfirsíldarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem síld er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat síldar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til síldarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á síld og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr ríkissjóði.

Yfirsíldarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi síldar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður síldarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir síld, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á síld í þeim tunnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

Síldartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmenn gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsíldarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Þegar síld hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri síld, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er síld, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En

hafi síld verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá síld votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Allri síld, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði síldarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd i tunnu og hver sé meðaltala sílda í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitazt við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi síldarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er i hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Yfirsíldarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnumálaráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um það, að farmskírteini yfir metna síld séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskírteinunum.

7. Við 7., 8., og 9. gr. Greinarnar falla niður. Í stað þeirra kemur svolátandi 7. gr.:

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið i reglugerð. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. 10., 11. og 12. gr. verða 8., 9. og 10. gr.

Nd. 683. Frumvarp

til laga um barnavernd.

(Eftir 2. umr. i Nd).

I. KAFLI.

1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera i öllum kaupstöðum landsins. Utan kaupstaða vinna skólanefndir störf barnaverndarnefnda og hafa að því leyti réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs barnaverndarnefnd með hlutfallskosningum, í Reykjavík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Um kjörgengi í nefndirnar fer með sama hætti sem um kjörgengi í bæjarstjórn. Að jafnaði skulu vera 2—3 konur í hverri nefnd. Ennfremur skal kjósa með sama hætti varamenn í nefndina, 3 í Reykjavík og 2 í öðrum kaupstöðum. Starfsmönnum ríkis og kaupstaða er skylt að veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, og eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami sem bæjarstjórna. Fyrsta kosning gildir þó aðeins þar til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

4. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan kosningu, er átt hafa sæti i nefndinni allt síðasta kjörtímabilið.

Bæjarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfunum úr bæjarsjóði.

5. gr.

Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur nákvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir barnaverndarráði ársskýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 21. gr.).

Varamenn taka sæti i nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki mætt á fundum hennar.

6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, svo og vanþroska eða veikra unglinga fyrir ofan þann aldur, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum í umdæmi sínu, svo og með meðferð barna úr kaupstaðnum, sem komið hefir verið fyrir á slíkum stofnunum utan umdæmis hennar.
3. Hún rannsakar kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna eða unglinga (sbr. 1. tölul.) í umdæmi hennar. Einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slikri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slika aðstoð við uppeldi barna þeirra.

7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir dóms- og lögregluvaldið.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

7. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

8. gr.

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling (sbr. 6. gr. 1. tölul.) skuli taka af heimili þess og ráðstafa því annarsstaðar:

1. Þegar barn undir 16 ára aldri hefir brotið almenn hegningarlög.
2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er hætta búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

9. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 8. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldranna, nema 2 af hverjum 3 skólanefndarmanna (sbr. 1. gr.), 4 af hverjum 5 eða 5 af 7 barnaverndarnefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr en nefndin leyfir.

Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt 6. og 8. gr. má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

10. gr.

Þegar meiri hluti skólanefndar (sbr. 1. gr.) eða barnaverndarnefndar telur rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna,

geta þeir borið málið undir barnaverndarráð, og skal hlíta úrskurði þess (sbr. 21. gr.).

11. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.

12. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til barnaverndarráðs úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 21. gr.).

13. gr.

Börnum þeim, sem getur í 8. gr. 1., 2. og 5. tölulið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugunum á þeim. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

14. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim, þó eigi yfir meðalmeðgjöf, þar sem barninu er komið fyrir, nema lögreglustjóri telji aðilja, að undangenginni rannsókn á efnum aðilja og ástæðum hans, færan um að greiða meira. Að því leyti, sem framfærslumaður greiðir eigi meðlag, eða hluta þess, samkvæmt framanskráðu, geldur sveitarsjóður eða bæjar það, og telst þá það af meðlaginu, sem aðilja var skylt að greiða, sveitarstyrkur til hans. Nú semur barnaverndarnefnd um hærra meðlag með barni en meðalmeðlag, og þarf þá samþykki viðkomandi fátækrastjórnar til þess að bæjar- eða sveitarfélagi verði skylt að greiða hærra meðlag en sem því nemur.

Kostnaður við nauðsynlegan flutning barns greiðist af framfærslumanni, og ef hann þrýtur, af bæjarsjóði eða sveitar.

15. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 8. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust.

16. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

17. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega benda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fáanleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

18. gr.

Brot gegn 6. gr. 10. tölul., 9. gr. 2. málsgr., 11., 12., 15. og 16. gr. varða sektum, allt að 500 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Mál vegna brota þeirra, er hér segir, fara að hætti almennra lögreglumála.

II. KAFLI.

19. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal 1 skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, 1 samkvæmt tillögu Kennarafélags Íslands, en einn tilnefnir kennslumálaráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára.

20. gr.

Heimilt er barnaverndarráði að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

21. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 5., 9., 10. og 12. gr.).

22. gr.

Kostnaður af barnaverndarráði greiðist úr ríkissjóði.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er í bága fara við lög þessi.

Ed. 684. Breytingartillögur

við frv. til laga um lækningaleyfi o. s. frv.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Pétur Magnússon.

1. Við 13. gr.
   a. 4. málsgr. falli burt.
   b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: Skal eftir henni farið í öllum viðskiptum læknis við ríki, bæjar-, sýslu- og sveitarfélög, svo og ef ágreiningur verður milli læknis og sjúklings um greiðslu fyrir læknishjálp.
2. Við 15. gr. 4. málsgr. falli niður.

Ed. 685. Breytingartillaga

við till. til þál. um strandferðir.

Frá Jóni Jónssyni.

Tillögugreinina skal orða svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að íhuga í samráði við Eimskipafélag Íslands, á hvern hátt megi reka strandferðir við Ísland, svo að þær verði sem kostnaðarminnstar og þó sem haganlegastar fyrir landsbúa.

Nd. 686. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 8. gr. Tvær síðustu málsgreinar greinarinnar skal orða svo:
   Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldómaraembætti. Veitinguna skal taka til meðferðar á ráðherrafundi áður en tillaga er gerð um hana til konungs.

Þegar veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal sömuleiðis taka málið til meðferðar á ráðherrafundi.

2. Við 12. gr. Í stað orðsins „synodalréttinn“ í niðurlagi greinarinnar komi: kirkjudóminn.
3. Á eftir III. kafla komi nýr IV. kafli, svo látandi:

IV. KAFLI.

Um launakjör.

14. gr.

Laun fastra dómara í fimmtardómi skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð, skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurunum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

4. Við 68. gr. Fyrir „1. júlí“ í 1. málsgr. kemur: 1. sept.

(Greinatala og kaflatala breytist samkv. atkvgr.).

Sþ. 687. Lög

um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Afgreidd frá Sþ. 10. maí).

1. gr.

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði ársins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík.

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó

ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- og bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Nd. 688. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1932.

Halldór Stefánsson, form. Magnús Jónsson, fundaskr., Bernh. Stefánsson. frsm. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 689. Frumvarp

til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Friða má samkvæmt lögum þessum staði, jarðmyndanir, dýralíf eða gróður, sem friðunarnefnd telur nauðsynlegt, að eigi sé spillt, vegna fegurðar þeirra eða sérkenna, eða vegna náttúrufræðilegs eða sögulegs gildis þeirra.

2. gr.

Friðunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Velur stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags 2 menn í nefndina, stjórn Ferðafélags Íslands 1, og fornminja-

vörður er sjálfkjörinn í nefndina, en fimmta nefndarmanninn skipar kennslumálaráðuneytið. Nefndarmenn skulu valdir til 4 ára í senn, en af nefndarmönnum þeim, er fyrst verða valdir, skulu þó 2 ganga úr nefndinni eftir hlutkesti eftir 2 ár.

Hætti félög þau, er velja eiga menn í friðunarnefnd, störfum sínum, annaðhvort eða bæði, skipar kennslumálaráðherra, þar til öðruvísi verður ákveðið, menn í friðunarnefnd í stað þeirra manna, er félög þessi skyldu velja í nefndina.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum.

3. gr.

Nú ákveður friðunarnefnd að friða einhvern stað skv. 1. gr., og semur hún þá frumvarp til samþykktar um friðunina, áætlun um framkvæmd hennar og kostnað þann, er hún hafi í för með sér, og sendir hana þeim aðilja eða aðiljum, sem vænta má, að beri kostnaðinn við friðunina skv. 8. gr.

4. gr.

Í samþykktum nefndarinnar um friðun skal skýrt kveðið á um það, hvað friðað sé og með hverjum hætti, hversu víðtæk friðunin skuli vera og hversu staðir þeir, sem friðaðir eru, skuli auðkenndir og afmarkaðir.

5. gr.

Samþykktir sínar um friðun skal nefndin senda kennslumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum samþykktin koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttar manna, endursendir hann nefndinni samþykktina án staðfestingar og að tilgreindum ástæðum fyrir synjun staðfestingarinnar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, sér um birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtingablaðinu og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfesta friðunarsamþykkt má eigi fella úr gildi né breyta henni á annan hátt en heimilað var, þegar hún var stofnuð.

6. gr.

Nú er hætta á, að spillt verði stað, dýralífi, gróðri eða öðru, er nefndin telur ástæðu til að friða, og getur nefndin þá bannað þær aðgerðir, þar til úrskurðað er, hvort það, sem um er að ræða, skuli friðað eða eigi.

7. gr.

Nú þykir líklegt, að friðun hafi í för með sér skerðingu á réttindum einstaklings, félags eða stofnunar, og skal þá friðunarnefnd, áður en hún tekur ákvörðun um friðunina, skýra hlutaðeigandi réttarhafa frá áformi sínu og leita samkomulags við hann um friðunina. Náist eigi samkomulag, má nefndin krefjast þess, að eignarnám fari fram, eftir því sem með þarf, til þess að friðuninni verði á komið. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir almennum reglum laga.

8. gr.

Eignarnám samkv. 7. gr. má því aðeins fara fram, að fyrir hendi sé nægilegt fé til þess að greiða bætur þær, er metnar kunna að verða fyrir eignarnámið, svo og fé til þess, er framkvæma þarf, til þess að friðunin komi að gagni og trygging fyrir því, að kostnaður við friðunina, ef einhver er, verði greiddur framvegis, hvort sem féð er lagt fram úr ríkissjóði, af bæjar- eða sveitarfélögum eða öðrum, sem gangast vilja fyrir friðun þeirri, sem um er að ræða. Réttindi þau, er eignarnámi eru tekin, verða við eignarnámið eign þess, er fé hefir lagt fram til bótagreiðslunnar, en sæta þeirri meðferð, er ákveðin verður í friðunarsamþykkt nefndarinnar.

9. gr.

Friðunarnefnd getur, með samþykki kennslumálaráðherra, veitt vísindastofnunum og mönnum, sem fást við vísindarannsóknir og þurfa að halda á sýnishornum af jarðtegundum, steinum, bergtegundum, jurtum eða dýrum, sem friðuð eru samkv. lögum þessum, undanþágu frá þeirri friðun. Þess skal þó jafnan gæta, að þær undanþágur séu svo takmarkaðar, að friðun skerðist eigi meir en brýn þörf vísindarannsóknanna krefur.

Undanþágur þær, er ræðir um í 7. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, skulu hér eftir eigi veittar, nema með samþykki friðunarnefndar.

10. gr.

Hið íslenzka náttúrufræðifélag skal eitt hafa rétt til að láta merkja íslenzka villifugla. Stjórn félagsins getur þó leyft öðrum að merkja villifugla, enda fari þeir eftir þeim fyrirmælum um merkinguna, sem hún setur þeim.

11. gr.

Bannað er að setja upp auglýsingar á víðavangi eða meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, svo og að letra auglýsingar á steina eða þesshättar meðfram slíkum vegum, nema með leyfi friðunarnefndar.

12. gr.

Eftir tillögum friðunarnefndar getur heilbrigðismálaráðherra sett reglur um hreinlæti á opinberum gistingarstöðum og um þrifalega umgengni utanhúss á stöðum, sem í þjóðbraut liggja.

13. gr.

Öllum er skylt að hafa þrifalega umgengni á áningarstöðum eða tjaldstöðum, og má þar eigi skilja eftir rusl eða annað, sem til óþrifa sé.

14. gr.

Kostnaður við starf friðunarnefndar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum, eða samþykktum eða reglum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, allt að 2000 kr., er renni í ríkissjóð. Nú er unnt að bæta að nokkru eða öllu úr spjöllum þeim, sem gerð eru með brotum þessum, og má þá dæma hinn seka til að greiða að nokkru eða öllu leyti kostnaðinn við þær umbætur.

16. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem ræðir um í 15. gr., skal farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Hér á landi eru margir staðir, sem merkilegir eru sakir sérkennilegrar landslagsfegurðar, gróðrar eða dýralífs, og jarðmyndanir, sem veitt geta mikilsverða fræðslu um myndunarsögu landsins. Ýmsir slíkir staðir liggja nú undir skemmdum af manna völdum, oft gersamlega að óþörfu, og væri það tjón, sem oft er óbætanlegt, að láta þetta viðgangast. Eins og nú er háttað löggjöf vorri, er hægt að vernda sérstakar fornminjar, svo sem fornar rústir og þess háttar, en sjálfa staðina er ekki hægt að vernda gegn skemmdum. Má þar til nefna hina fornu þingstaði, sem óhæfa er að eyðileggja með jarðraski. Hafa margar þjóðir fyrir löngu sett lög til verndar slíkum merkisstöðum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er að mestu leyti samið af nefnd, sem skipuð var fyrir forgöngu Náttúrufræðifélagsins í vetur, og sátu í þeirri nefnd fulltrúar frá ýmsum þeim félögum, sem sérstaklega láta sér annt um náttúru landsins, fegurð þess og sögulegar minjar.

Um einstakar greinar frumvarpsins er naumast ástæða til að rita. Þó skal þetta fram tekið:

Um 7. og 8. gr. Oftast mun reynslan verða sú, að hægt er að friða þá staði, sem hér er um að ræða, án þess að það fari í bág við hagsmuni nokkurs manns. En þó getur út af þessu brugðið, og við það er eignarnámsheimildin miðuð. Er þó leitazt við að setja skorður við því, að eignarnáms sé krafizt nema tryggt sé það fé, sem þarf til friðunarinnar.

Um 9. gr. Rétt þykir og jafnvel nauðsyn að takmarka mjög undanþágur þær, sem veittar hafa verið frá l. nr. 59 1913 vegna misbrúkunar. Segja fróðir menn, að horfur séu á, að sumar tegundir fugla geti jafnvel útrýmzt, ef svo heldur áfram.

Um 10. gr. Það er nú farið að tíðkast svo mikið, að hinir og þessir menn merki fugla, að þetta veldur stórmiklum ruglingi. Er nauðsynlegt að koma í veg fyrir þetta, til þess að þær merkingar, sem raunverulega eru gerðar til rannsókna á ferðalögum fugla, komi að tilætluðum notum.

Ed. 690. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Að norðanverðu tekur höfnin yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, að netlögum Engeyjar og Viðeyjar. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netlög.
   Að sunnanverðu tekur Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.
2. Við 3. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist: Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Alþingi, 10. maí 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Sþ. 691. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

Flm.: Jakob Möller, Einar Árnason, Halldór Steinsson.

Framan við síðustu málsgrein tillögugreinarinnar komi:
Nefndarmenn starfa kauplaust.

Ed. 692. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt. Um ástæður vísast til greinargerðar frumvarpsins. Einn nefndarmanna (IP) er á móti frv.

Alþingi, 10. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskrifari, frsm.	Einar Árnason.

Ed. 693. Lög

um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra til allt að 6 ára í senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn samningsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun.

2. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Um þá starfssamninga, sem skipstjóri og vélameistari gera við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum hinna almennu sjólaga.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 20—25% til skipshafnar varðskipsins, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup hvers þeirra. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

Nd. 694. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að

100000 sterlingspund, eða tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 695. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 696. Frumvarp

til laga um Jöfnunarsjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé ríkissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af handbæru fé ríkissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs, að fengnu samþykki fjárhagsnefnda Alþingis.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 697. Þingsályktun

um strandferðir.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að íhuga í samráði við Eimskipafélag Íslands, á hvern hátt megi reka strandferðir við Ísland, svo að þær verði sem kostnaðarminnstar og þó sem haganlegastar fyrir landsbúa.

Nd. 698. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir „Hóls“ í 2. málsgr. 12. gr. laganna komi: Ögur, — og í stað „Nauteyrar“ í sömu málsgr. sömu gr. komi: Ólafsfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Í lagafrv. um skipun læknishéraða, sem má heita komið í gegnum þingið, er gert ráð fyrir, að stofnað verði nýtt læknishérað, Ólafsfjarðarhérað. Verður ekki komizt hjá að ákveða því embætti laun, og fer hezt á að bæta héraðinu inn í launalögin á viðeigandi stað. Eftir stærðinni heyrir það til 3. launaflokks. Í sama frv. er gert ráð fyrir, að Nauteyrarhérað verði stækkað verulega og heiti síðan Ögurhérað. Eftir það má héraðið teljast til 2. launaflokks, og er hér gert ráð fyrir því.

Nd. 699. Nefndarálit

um frv. til laga um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var lagt fyrir þá deild af ríkisstjórninni. — Efri deild hefir nokkuð breytt ýmsum ákvæðum í hinu upphaflega frv., þar á meðal bannaður útflutningur að vetrarlagi og mjög takmarkaður útflutningur á tvævetrum hrossum. — Þótt nefndin sé eigi ánægð með einstök atriði frv., ber hún þó eigi fram tillögu til breytinga að þessu sinni, en við 3. umr. mun nefndin taka nánar til athugunar, hvort eigi sé rétt að rýmka ákvæði 1. gr. um útflutning á tvævetrum hrossum.

Alþingi, 9. maí 1932.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Þorleifur Jónsson, frsm.
Pétur Ottesen. Magnús Guðmundsson.

Ed. 700. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta gerir aðallega þær breytingar á núgildandi löggjöf:

a. að sjúkrasamlag er leyst undan þeirri skyldu að greiða allt að ⅔ meðlagskostnaðar með félögum siuum, sem dvelja á berklahælum.
b. að hverju sýslufélagi er gert að skyldu að borga 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann héraðsins upp í berklavarnakostnað landsins, hvort sem nokkur maður úr héraðinu er á berklahæli eða ekki.
c. að nánari ákvæði eru sett um rétt sjúklinga til ókeypis vistar á berklahæli eða sjúkrahúsi. Jafnframt er svo gefinn eftir áfallinn og ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaga.

Þar sem sjúkrasamlögin hafa aldrei getað innt af hendi greiðslur til berklavarna samkv. núgildandi lögum og eru nú yfirleitt í fjárþröng, og í annan stað virðist lítil sanngirni mæla með því, að þeir menn, sem í samlögum eru, þurfi fremur að greiða berklavarnakostnað en aðrir landsbúar, þá virðist frv. réttmætt að því er tekur til sjúkrasamlaganna.

Hinsvegar virðast þau sýslufélög, sem hafa fáa berklasjúklinga, engu

síður þola að taka þátt í hinum sameiginlega kostnaði landsins, og því ástæðulaust að ívilna þeim frekar öðrum sýslufélögum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 701. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Einar Arnórsson.

Aftan við 1. gr. komi:

Með láni þessu skal greiða upp að fullu enska lánið frá 1921 og bráðabirgðalán hjá Barclay's Bank Ltd. í London, er notað var á sinum tíma til þess að kaupa fyrir hluti í Útvegsbanka Íslands h/f.

Ed. 702. Nefndarálit

um frv. til l. um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir ekki orðið sammála.

Tveir nefndarmanna (JónJ og PH) vilja, að frv. verði samþ., en einn (PM) er því mótfallinn.

Alþingi, 11. maí 1932.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Jónsson.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.

Nd. 703. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1930.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég tel meðferð ríkisstjórnarinnar á mörgum liðum fjárlaga fyrir árið 1930 svo vítaverða, að ekki sé verjandi, að Alþingi veiti henni kvittun fyrir þeirri ráðsmennsku með því að samþykkja landsreikning þann, er frá þeirri

fjármeðferð skýrir. Þessi vítaverða meðferð fjármálanna er með allmismunandi móti. Sumpart er fé greitt án heimilda, sumpart langt um heimildir fram o. s. frv., og þarf því að grípa til ýmislegra ráðstafana gegn þeim ráðherrum, sem hér eiga hlut að máli, ef Alþingi vill ekki bregðast þeirri meginskyldu sinni að hafa vakandi auga á meðferð opinbers fjár. Á hinn bóginn vil ég sjá, hvernig málinu verður tekið við 2. umr., áður en ég geri frekari tillögur um einstök atriði.

Alþingi, 11. maí 1932.

Magnús Jónsson,
fundaskr.

Nd. 704. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Í samræmi við nefndarálit mitt um frv. til l. um samþykkt á LR. 1930 legg ég til, að frumvarp þetta verði fellt. Um frekari tillögur bíð ég átekta, þar til séð er um meðferð málsins við 2. umr.

Alþingi, 11. maí 1932.

Magnús Jónsson,
fundaskr.

Nd. 705. Nefndarálit

um frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1930.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir borið frumvarpið saman við landsreikninginn, og ber þar ekkert á milli.

Um afstöðu til frumvarpsins hefir nefndin ekki orðið ásátt. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið sé samþykkt, en minni hl. (MJ) mun ætla að leggja til, að það verði fellt. — Einn nefndarmanna (ÓTh) hefir ekki tekið þátt í athugun frumvarpsins vegna forfalla.

Ágreiningnum um afstöðu til frumvarpsins þarf ekki að lýsa. Hann hefir komið fram í umræðum og deilum utan þings sem innan á undanförnum tímum.

Um athugasemdir yfirskoðunarmanna, svör stjórnarinnar og tillögur yfirskoðunarmanna til úrskurðar vísar meiri hl. til sjálfs landsreikningsins. Telur hann, að fallast megi á tillögur yfirskoðunarmanna til úrskurðar, það sem þær ná. Um nokkur atriði, sem yfirskoðunarmenn hafa gert aths. um, hafa þeir engar sérstakar tillögur gert til úrskurðar, aðeins vísað þeim til aðgerða Alþingis, en það eru aths. 17., 27., 29., 32., 35. og 40. stafl. a. og b. Út af aths. 27. og 29. má telja, að sé komin fram sérstök tillaga í þinginu (sjá þskj. 46, frv. um breyt. á áfengislögum, nr. 64, 19. maí 1930), og verður þá tekin afstaða til þeirra aths. í sambandi við afgreiðslu þess máls. Um 17., 32. og 40. a. og b. þykir meiri hl., að telja megi, að sé upplýst og megi við svo búið standa. Þá er eftir aðeins 35. aths., um byggingarkostnað Laugarvatnsskóla. Einn yfirskoðunarmanna (MG) hefir gert framhaldsaths. um þennan lið og ráðgerir að gera síðar tillögu um, hvað gera skuli út af málinu. Reikningar yfir byggingarkostnað skólans eru ekki enn endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun og virðast ekki vera hreint upp gerðir, hvorki um stofnkostnaðinn sjálfan eða um áskilið helmingsframlag annarsstaðar frá en úr ríkissjóði. — Telur meiri hl., að samþykkja verði reikninginn eigi að síður, með þeim fyrirvara, að sérstök ályktun muni verða gerð um þetta atriði, þegar yfirskoðunarmaður (MG) ber fram hina sérstöku fyrirhuguðu tillögu sína.

Alþingi, 11. maí 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson.	Steingr. Steinþórsson.

Nd. 706. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir borið frumvarpið saman við tillögu yfirskoðunarmanna landsreikningsins (67. till.) um leitun aukafjárveitingar, og hefir tillaga yfirskoðunarmanna að öllu verið tekin til greina í frumvarpinu.

Um afstöðu til frumvarpsins hefir nefndin ekki orðið ásátt. Meiri hlutinn mælir með samþykkt þess, en minni hl. (MJ) mun leggja til, að það verði fellt. Einn nefndarmanna (ÓTh) hefir ekki átt þátt í afgreiðslu málsins sökum forfalla.

Alþingi, 11. maí 1932.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson.	Steingr. Steinþórsson.

Ed. 707. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

2. gr.

Árið 1932 skal ríkisstjórninni vera heimilt að veita nokkrum erlendum síldveiðiskipum leyfi til að landsetja og láta verka afla sinn eða hluta hans innan lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar, ef bæjarstjórn kaupstaðarins mælir með því og tryggt er, að innlent verkafólk njóti vinnu allrar og verkunarlauna við síldina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 708. Frumvarp

til laga um síldarmat.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Öll síld, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur í salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó síld, sem flutt er út í dósum eða smáílátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri síld, eða ágreiningur rís milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum síldarsaltenda og síldarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með síldarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur símakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra í hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af síldareiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsíldarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

3. gr.

Yfirsíldarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem síld er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat síldar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til síldarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á síld og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr ríkissjóði.

Yfirsíldarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi síldar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður síldarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur, og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

4. gr.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir síld, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á síld í þeim tunnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

Síldartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmenn gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsíldarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

5. gr.

Þegar síld hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram skoðun á síldinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri síld, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er síld, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En hafi síld verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá síld votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

6. gr.

Allri síld, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsíldarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri síldarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði síldarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd í tunnu og hver sé meðaltala síldа í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitazt við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi síldarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Yfirsíldarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnumálaráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um það, að farmskírteini yfir metna síld séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskírteinunum.

7. gr.

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, sbr. 4. gr. Enn-

fremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. gr.

Þeir, sem verka síld til útflutnings, skulu í lok hverrar viku tilkynna yfirmatsmanni í umdæminu tölu þeirra tunna, er þeir hafa verkað, og á hvern hátt síldin er verkuð.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 709. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Engely Hellum Lynge, mótorviðgerðamaður á Akureyri, fæddur í Danmörku.
2. Andersson, Rasmus Reinhold, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
3. Andreasen, Ole Kristian, vélstjóri í Reykjavik, fæddur i Noregi.
4. Björn Pétursson, verkamaður á Mýrum í Skagafjarðarsýslu, fæddur á Íslandi.
5. Hansen, Hans Jakob, bakarameistari í Stykkishólmi, fæddur í Danmörku.
6. Höyer, Anders Christian Carl Julius, garðyrkjumaður í Hveradölum, fæddur í Danmörku.
7. Jacobsen, Johan Jentoft Bek, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
8. Jensen, Peter Adolf Aage Edvard, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Takács, Georg, læknisnemi í Reykjavík, fæddur í Ungverjalandi.
10. Tynes, Sverre Alexander, húsasmiður á Siglufirði, fæddur í Noregi.

Ed. 710. Lög

um sölu á Reykjatanga í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði hinn svonefnda Reykjatanga í Hrútafirði.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 31, 20. október 1905, um sölu þjóðjarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 711. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (PM) hefir þó áskilið sér rétt til að koma fram með breytingartillögu.

Alþingi, 11. maí 1932.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. 712. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um Grænlandsmál.

Frá Pétri Ottesen.

Hvað hefir ríkisstjórnin aðhafzt vegna ályktunar Alþingis 20. ágúst 1931 um gæzlu hagsmuna Íslands út af Grænlandsmálum?

Nd. 713. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir á nokkrum fundum haft frv. þetta til meðferðar, ásamt framkomnum breytingartillögum við það. Einnig hefir hún aflað sér skýrslna og upplýsinga frá vegamálastjóra og kvatt hann tvisvar til viðtals.

Nefndin telur að vísu tímabært að endurskoða vegalögin frá 1924 og gera á þeim verulegar breytingar, bæði að efni og formi, en álítur hinsvegar frumvarpið með viðaukatillögum þess ófullnægjandi undirstöðu slíkrar endurskoðunar, enda hnígur álit vegamálastjóra mjög í sömu átt. Hann hefir skýrt nefndinni frá því, að hann hafi með höndum undirbúning og tillögur að heildarskipun vegakerfisins, sem hann væntir að geta lagt fyrir næsta þing með fyllri greinargerð, mælingum og kostnaðaráætlunum en nú er kostur að birta.

Þar sem nú er mjög á þing liðið og vonlaust um afgreiðslu málsins að þessu sinni, en líkur allar lúta að því, að það geti legið fyrir næsta þingi vandlega undirbúið, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Ing. Bjarnarson, fundaskrifari. Sveinbjörn Högnason.
Jóhann Þ. Jósefsson. Jón A. Jónsson.

Sþ. 714. Tillaga

til þingsályktunar um almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um áfengislöggjöfina.

Flm.: Bergur Jónsson, Einar Arnórsson, Jón Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að láta fram fara atkvæðagreiðslu almennra alþingiskjósenda í sambandi við næstu almennar alþingiskosningar, og þó eigi síðar en 15. okt. 1932, um það:

1. Hvort kjósandi telji rétt að nema úr lögum bann það, er nú gildir, um innflutning áfengra drykkja, og
2. Hvort kjósandi telji þá eigi rétt að setja reglur um meðferð áfengis, innflutning, sölu og veitingar o. fl., til tryggingar gegn misbrúkun áfengis.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd Nd. hefir fengið til meðferðar frumvarp, þar sem ætlazt er til þess, að flytja megi hverskonar áfengi og að ríkið hafi eitt á hendi innflutning þess og heildsölu, en sala almennt og veitingar verði ýmsum takmörkunum háðar. Eins og kunnugt er, var leitað atkvæða alþingiskjósenda 1908, áður en bannlögin voru sett í öndverðu. Því þykir flutningsmönnum þessarar tillögu ófallið að afnema, án þess að sama meðferð sé á málinu höfð, bann það, er enn gildir um innflutning nokkurra áfengistegunda. Þess vegna þykir rétt að skora nú á ráðuneytið að spyrja alþingiskjósendur lands-

ins um vilja þeirra í þessu efni, líkt og gert var 1908. Einn flutningsmanna (BJ) telur þó, að mátt hefði gera þær breytingar, sem hér greinir, án þess að leita atkvæða kjósenda, en með því að ekki er þess að vænta, að frumvarp það, er hann hefir borið fram á þessu þingi ásamt fleiri þingmönnum, geti fengið afgreiðslu nú, getur hann fallizt á að fara þá leið, sem í tillögunni segir. Nánara í framsögu.

Ed. 715. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Að norðanverðu tekur höfnin yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, að netlögum Engeyjar og Viðeyjar. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netlög.

Að sunnanverðu tekur Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsgr. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

4. gr.

7. gr. orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

5. gr.

8. gr. orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

6. gr.

Þar, sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 22 frá 22. okt. 1912.

Ed. 716. Nefndarálit

um frv. til laga um sauðfjármörk.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. Fyrir „20%“ komi: 15%.
2. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Sauðfjáreigendum skal skylt að auðkenna fé sitt sýslu- og hreppsbrennimarki, og skal það ætið o. s. frv.
3. Við 14. gr. Fyrri málsgrein orðist þannig:
   Ær helgar eignarrétt að lambi, nema annað sannist með vottum. Ef

fé er ómarkað eða mark óglöggt, getur sá helgað sér kind, er færir sönnur á eignarrétt sinn með tveimur óvilhöllum vottum.

Alþingi, 12. maí 1932.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson.

Ed. 717. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi o. fl.

Frá Einari Árnasyni.

Við 2. gr. Fyrir orðin „lögsagnarumdæmis .... mælir með því“ komi: lögsagnarumdæma Siglufjarðar- og Seyðisfjarðarkaupstaða, ef hlutaðeigandi bæjarstjórnir mæla með því.

Ed. 718. Nefndarálit

um frumvarp til laga um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, frsm.	Jakob Möller, fundaskr.

Sþ. 719. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð, sykursöltuð eða kryddsöltuð hér á landi eða hér við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna, og skal söltun síldarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Öll síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanna frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sé bituð smátt eða meðfarin á sérstaka iðnaðarvísu, alveg frábrugðna venjulegri söltun.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir aðsetur á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr ríkissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr ríkissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna síldarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna, og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum yfirmatsmanna í hvívetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og greiðir það síldareigandi, en sá, er síldina verkar, ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. Við 3. gr.

a. Á undan gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Áður en síldveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sér eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi, og skulu yfirmatsmenn sjá um, að hvert síldveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skipti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni síldarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta síldina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin er þegar

hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 11. gr.

b. Greinin orðist þannig:

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, og skal flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyrr en matsmaður hefir skoðað hana.

Alla síld, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur þar um. Skal í reglugerðinni svo vera fyrir mælt, að sérhverjum, sem salta vill síld, skuli gert að skyldu að flokka nákvæmlega eftir stærð og gæðum að minnsta kosti 15% af allri þeirri síld, er hann lætur salta til útflutnings af framleiðslu ársins 1932, og er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að fyrirskipa aukningu á slíkri stærðar- og gæðaaðgreiningu árlega næstu þrjú ár um allt að 15% hvert ár.

Meðan á söltun stendur ber matsmanni að gæta þess vandlega, að það af síldinni, sem flokka skal nákvæmlega eftir stærð og gæðum, blandist ekki saman við það, sem flokkað er aðeins eftir gæðum. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur, ekki fyrirskipana matsmanna, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafizt þess, að honum sé vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minnsta lagi.

4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Undir matsskylda síld má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum, þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu.

Gamlar eða notaðar síldartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir síld til útflutnings nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsíldarmatsmanns.

5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Nú hefir síldarmatsmaður grun um, að síld hafi skemmzt eftir söltun, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sé mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu síld.

6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Nú vill eigandi eða umráðamaður síldar senda hana til útlanda, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðnn á síldinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur þess þörf, og skal slík skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef síldin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

7. Við 7. gr.
   a. Greinin orðist þannig:

Allri síld, sem send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsildarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskírteini þau, er fylgja hverri sildarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað ferminguna, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang síldarinnar í skipinu. Atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskírteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að síldarfarmskirteini séu rituð á fyrirskipuð eyðublöð, og fylgi matsvottorð hverri sildarsendingu, sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskírteinið.

   b. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Alla matsskylda síld, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnumálaráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hverrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki síldar eftir stærð, shr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er sildina verkar, og útflytjanda hennar.

Greinatala frv. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Sþ. 720. Breytingartillaga

við till. til þál. um viðskiptasamninga við erlend ríki.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Till.gr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga, í samráði við utanríkismálanefnd, við erlend ríki um sölu íslenzkra afurða og ívilnanir um tollkjör.

Nd. 721. Nefndarálit

um till. til þál. um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Það er ljóst, að samfara því höfuðverkefni varðskipanna að verja landhelgina fyrir ágangi botnvörpunga og annara veiðiskipa, er það eðlilegt og sjálfsagt, að varðskipin aðstoði fiskibáta og skip, eftir því sem því verður við

komið. Þessi hjálp, eða björgunar- og eftirlitsstarfið, hefir frá upphafi verið ætlað varðskipunum samhliða strandgæzlunni. Það hófst með Þór hinum eldra með góðum árangri, og öðrum þræði hafa hin varðskipin, Óðinn og Ægir, hlaupið undir bagga í þessu efni. Nefndin er þeirrar skoðunar, að björgunar- og eftirlitsstarfið fari vel saman við landhelgigæzluna, og að svo beri að stilla til, að varðskipin geti rækt bæði þessi verkefni svo vel sem unnt er, og þess vegna megi ekki taka þau frá þessum störfum, nema brýna nauðsyn beri til.

Eins og vitanlegt er, er varðskipinu Þór sérstaklega ætlað að annast björgunar- og eftirlitsstarf við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð, eins og gamli Þór gerði áður, og er Vestmannaeyingum gert að greiða ákveðið gjald árlega, 15000 kr., í notum þessarar gæzlu. Af skýrslum, er lágu fyrir nefndinni frá Vestmannaeyjum, bæði frá björgunarfélaginu og bæjarstjórninni, er svo að sjá, sem Vestmannaeyingar hafi orðið fyrir eigi alllitlum vonbrigðum að því er snertir björgunar- og eftirlitsstarfsemi Þórs og hinna varðskipanna í seinni tíð. Virðist vera orðin mikil breyting á frá því, sem áður var, að því er nefndinni er skýrt frá. Nefndinni finnst full ástæða til að taka það fram, að hún sér ekki annað en að einmitt nú ættu varðskipin jafnvel betur en áður að geta sinnt hinum innlenda bátaflota, þar sem almennt mun talið, að ásækni togara í landhelgina sé mun minni nú orðið en áður var. Fyrir því ætti varðskipunum að vinnast miklu betri tími til björgunar- og eftirlitsstarfsemi nú en ella.

Með tillögu þeirri, er hér liggur fyrir, er farið fram á það, að varðskipinu Þór sé falið björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á svæðinu frá Skaga norðanlands til Tjörness á tímabilinu frá 1. sept. til 31. okt., og vestanlands frá Horni til Látrabjargs frá 1. nóv. til 31. des., auk alls janúarmánaðar ár hvert. Nefndin efast ekki um, að á umgetnum fiskisvæðum sé þörf á eftirliti með fiskibátum á því tímabili, er um ræðir í tillögunni. Hinsvegar er það vitað, að til dæmis að því er janúarmánuð snertir getur verið nauðsynlegt, að Þór sé við Vestmannaeyjar, og að öðru leyti eru á ýmsum tímum uppi kröfur um eftirlit varðskipanna með fiskibátum, bæði við Faxaflóa og annarsstaðar, til dæmis við Austurland, á ýmsum tímum árs. Það verður að vera verkefni ráðuneytisins, í samráði við þá, er beztan kunnugleika hafa í þessum efnum, að ákveða starfssvið varðskipanna og þá um leið afskipti þeirra af eftirliti með fiskibátum í hinum ýmsu verstöðvum. Þykir nefndinni rétt, að stofnanir t. d. eins og Slysavarnafélag Íslands og Fiskifélag Íslands séu í ráðum með stjórninni að því er björgunar- og eftirlitsstarfið snertir.

Nefndin álítur, með þessum forsendum, að rétt sé að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar, í því trausti, að hún geri allt, sem unnt er, til að sinna framkomnum óskum landsmanna um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum, þar sem þess er mest þörf.

Alþingi, 12. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Björn Kristjánsson.

Guðbr. Ísberg. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. 722. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, fundaskr. og frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. 723. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Einar Árnason, fundaskr.

Ed. 724. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá menntamálanefnd.

Meiri hluti nefndarinnar (JónJ og PH) mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna (GL) hefir óbundið atkvæði.

Alþingi, 12. maí 1932.

Jón Jónsson, form., frsm.	Páll Hermannsson, fundaskr., með fyrirv.	Guðrún Lárusdóttir.

Ed. 725. Lög

um Jöfnunarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

1. gr.

Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé ríkissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af handbæru fé ríkissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs, að fengnu samþykki fjárhagsnefnda Alþingis.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 726. Lög

um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svínadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Nd. 727. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á fyrirmæli frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Guðbr. Ísberg, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.
B. Kristjánsson. Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 728. Nefndarálit

um frv. til laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin lítur á ráðstafanir þær til öryggis sjófarendum, sem frv. miðar að, sjálfsagðar og aðkallandi og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form. Guðbr. Ísberg, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.
B. Kristjánsson. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. **729. Lög**

um barnavernd.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

I. KAFLI.

1. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í öllum kaupstöðum landsins. Utan kaupstaða vinna skólanefndir störf barnaverndarnefnda og hafa að því leyti réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs barnaverndarnefnd með hlutfallskosningum, í Reykjavík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Um kjörgengi í nefndirnar fer með sama hætti sem um kjörgengi í bæjarstjórn. Að jafnaði skulu vera 2—3 konur í hverri nefnd. Ennfremur skal kjósa með sama hætti varamenn í nefndina, 3 í Reykjavík og 2 í öðrum kaupstöðum. Starfsmönnum ríkis og kaupstaða er skylt að veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, og eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami sem bæjarstjórna. Fyrsta kosning gildir þó aðeins þar til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

4. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta þeir skorazt undan kosningu, er átt hafa sæti í nefndinni allt síðasta kjörtímabilið.

Bæjarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfunum úr bæjarsjóði.

5. gr.

Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara, er heldur nákvæma fundabók um öll störf nefndarinnar og sendir barnaverndarráði ársskýrslu um þau fyrir miðjan febrúar hvert ár (sbr. 21. gr.).

Varamenn taka sæti í nefndinni, þegar einhverjir aðalmenn geta ekki mætt á fundum hennar.

6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Hún hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, svo og vanþroska eða veikra unglinga fyrir ofan þann aldur, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.
2. Hún hefir og eftirlit með barnahælum og dagheimilum í umdæmi sinu,

svo og með meðferð barna úr kaupstaðnum, sem komið hefir verið fyrir á slíkum stofnunum utan umdæmis hennar.
3. Hún rannsakar kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna eða unglinga (sbr. 1. tölul.) í umdæmi hennar. Einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slíkri rannsókn.
4. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn börnum þeim, sem þurfa þykir, góðan samastað, um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum.
5. Hún stuðlar að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu erindi um slík efni og veittar leiðbeiningar þeim, er þeirra óska eða þarfnast þeirra.
6. Hún veitir þeim, er þess óska, leiðbeiningar eða aðra slíka aðstoð við uppeldi barna þeirra.
7. Hún getur sett barni sérstakan eftirlitsmann, ef þörf krefur.
8. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
9. Hún hefir vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars bera undir dóms- og lögregluvaldið.
10. Þar, sem kvikmyndahús starfa, er nefndinni skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd, áður en hún er sýnd börnum; og er eigendum kvikmyndahúss skylt að sýna nefndinni hana á undan almenningi, ef hún óskar þess. Telji meiri hluti nefndar mynd skaðlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að hún verði sýnd börnum.

7. gr.

Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni. Sú rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum, enda hvílir jafnan á nefndarmönnum full þagnarskylda gagnvart almenningi.

8. gr.

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling (sbr. 6. gr. 1. tölul.) skuli taka af heimili þess og ráðstafa því annarsstaðar:
1. Þegar barn undir 16 ára aldri hefir brotið almenn hegningarlög.
2. Þegar það er svo ódælt, að bersýnilegt þykir, að foreldrar þess eða húsbændur ráði ekki við það.
3. Þegar drykkjuskapur, illindi eða annað siðleysi hefir spillt heimilinu svo, að velferð barnsins er hætta búin.
4. Þegar barninu er misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði, eða heimilisástæðurnar eru þannig, að leitt geti til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því er ekki séð fyrir lögskipuðu námi.
5. Þegar barnið er ekki heilt á sál eða líkama, og heimili þess getur ekki veitt því þá hjúkrun og uppeldi, sem það þarfnast.

9. gr.

Ráðstafanir þær, sem getur í 8. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldranna, nema 2 af hverjum 3 skólanefndarmanna (sbr. 1. gr.), 4 af hverjum 5 eða 5 af 7 barnaverndarnefndarmönnum séu sammála um þær, enda hafi nefndin áður gert foreldrunum viðvart.

Ráðstafanir nefndarinnar koma til framkvæmda þegar í stað, og er foreldrum barnsins eða forráðamönnum óheimilt að flytja það aftur til sín, fyrr en nefndin leyfir.

Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt 6. og 8. gr. má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

10. gr.

Þegar meiri hluti skólanefndar (sbr. 1. gr.) eða barnaverndarnefndar telur rétt að taka barn af heimili þess gegn vilja foreldra eða forráðamanna, geta þeir borið málið undir barnaverndarráð, og skal hlíta úrskurði þess (sbr. 21. gr.).

11. gr.

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, þar sem börn eru, spillir heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn, en beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt.

12. gr.

Komist nefndin að raun um, að húsráðendur, sem hafa tökubarn, vanræki uppeldi þess, eða fari illa með það, þá er henni ekki aðeins heimilt að taka barnið frá þeim, heldur einnig — þegar miklar sakir eru — að banna þeim að taka vandalaus börn framvegis.

Þessi ákvæði ná og til barnahæla og annara stofnana, er taka börn til fósturs. En heimilt er bæði þeim og fyrrgreindum húsráðendum að skjóta til barnaverndarráðs úrskurði, er sviptir þau rétti til að taka önnur vandalaus börn (sbr. 21. gr.).

13. gr.

Börnum þeim, sem getur í 8. gr. 1., 2. og 5. tölulið, ber nefndinni, ef unnt er, að koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem völ er á sérfræðiathugunum á þeim. Sé um fávita að ræða eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt sem það verður reist.

14. gr.

Foreldrar eða framfærslumenn eru skyldir að gefa með börnum sínum þangað, sem nefndin ráðstafar þeim, þó eigi yfir meðalmeðgjöf, þar sem barninu er komið fyrir, nema lögreglustjóri telji aðilja, að undangenginni rannsókn á efnum aðilja og ástæðum hans, færan um að greiða meira. Að því leyti, sem framfærslumaður greiðir eigi meðlag, eða hluta þess, samkvæmt framanskráðu, geldur sveitarsjóður eða bæjar það, og telst þá það af meðlaginu, sem aðilja var skylt að greiða, sveitarstyrkur til hans. Nú semur barnaverndarnefnd um hærra meðlag með barni en meðalmeðlag, og þarf þá samþykki viðkomandi fátækrastjórnar til þess að bæjar- eða sveitarfélagi verði skylt að greiða hærra meðlag en sem því nemur.

Kostnaður við nauðsynlegan flutning barns greiðist af framfærslumanni, og ef hann þrýtur, af bæjarsjóði eða sveitar.

15. gr.

Sérhverjum þeim, sem kunnugt er um börn eða heimili, sem getið er um í 8. gr. þessara laga, er skylt að tilkynna það nefndinni tafarlaust.

16. gr.

Nefndarmenn eða umboðsmenn þeirra hafa jafnan rétt á að koma á þau heimili eða hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það.

17. gr.

Nefndirnar styðja hver aðra eftir því sem kostur er á. Sérstaklega henda nefndir í sveitum kaupstaðanefndum á góð sveitaheimili, sem fáanleg væru til að taka börn úr kaupstöðum.

18. gr.

Brot gegn 6. gr. 10. tölul., 9. gr. 2. málsgr., 11., 12., 15. og 16. gr. varða sektum, allt að 500 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Mál vegna brota þeirra, er hér segir, fara að hætti almennra lögreglumála.

II. KAFLI.

19. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal 1 skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, 1 samkvæmt tillögu Kennarafélags Íslands, en einn tilnefnir kennslumálaráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára.

20. gr.

Heimilt er barnaverndarráði að kjósa sér fulltrúa í fjarlægum héruðum eða kaupstöðum, ef kennslumálaráðherra samþykkir.

21. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að taka á móti ársskýrslum allra nefndanna og gefa út stuttan útdrátt úr þeim annaðhvert ár.
3. Að hafa eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna.
4. Að leggja úrskurð á þau mál, sem undir hana eru borin (sbr. 5., 9., 10. og 12. gr.).

22. gr.

Kostnaður af barnaverndarráði greiðist úr ríkissjóði.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er í bága fara við lög þessi.

Ed. 730. Lög

um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 49 læknishéruð, þau er hér segir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.

2. *Hafnarfjarðarhérað:* Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

Semja skal við einn lækni í Reykjavík um, að hann gegni sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og í Reykjavíkurhéraði utan kaupstaðarins, enda fari hann eftir taxta héraðslækna. Til þessa má verja fé eftir því sem áætlað er í fjárlögum.

3. *Skipaskagahérað:* Ytri-Akraneshreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Akranesi.

4. *Borgarfjarðarhérað:* Skorradalshreppur, Andakílshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum.

5. *Borgarneshérað:* Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.

6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík.

7. *Stykkishólmshérað:* Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafellshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.

8. *Dalahérað:* Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar. Læknissetur í Búðardal.

9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum.

10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.

11. *Patreksfjarðarhérað:* Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur á Patreksfirði.

12. *Bíldudalshérað:* Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur á Bíldudal.

13. *Þingeyrarhérað:* Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

14. *Flateyrarhérað:* Ingjaldssandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

15. *Hólshérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungavík.

16. *Ísafjarðarhérað:* Eyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Læknissetur á Ísafirði.

17. *Ögurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ögri.

Íbúar í Álftafirði í Súðavíkurhreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Ísafjarðarhéraði.

18. *Hesteyrarhérað:* Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur á Hesteyri.

19. *Reykjarfjarðarhérað:* Árneshreppur og nyrzti hluti Kaldrananeshrepps að Kallbakskleif. Læknissetur í Árnesi.

20. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

21. *Miðfjarðarhérað:* Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu. Læknissetur á Hvammstanga.

22. *Blönduóshérað:* Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.

23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókshreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.

25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður. Læknissetur á Siglufirði.

26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarhreppur. Læknissetur í Ólafsfirði.

27. *Svarfdælahérað:* Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hrísey. Læknissetur í Dalvík.

28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur. Svalbarðsstrandarhreppur, Háls- og Illugastaðasóknir í Hálshreppi. Læknissetur á Akureyri.

29. *Höfðahverfishérað:* Grýtubakkahreppur og Draflastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur í Grenivík.

30. *Reykdælahérað:* Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Læknissetur á Breiðamýri.

31. *Húsavíkurhérað:* Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað. Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur, Flateyjarhreppur og Grímsey. Læknissetur á Húsavík.

32. *Öxarfjarðarhérað:* Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri.

33. *Þistilfjarðarhérað:* Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.

34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði.

35. *Hróarstunguhérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur á Hjaltastað.

36. *Fljótsdalshérað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur. Læknissetur á Brekku.

37. *Seyðisfjarðarhérað:* Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

38. *Norðfjarðarhérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað.

39. *Reyðarfjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.

40. *Fáskrúðsfjarðarhérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, og Stöðvarhreppur. Læknissetur á Fáskrúðsfirði.

41. *Berufjarðarhérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.

42. *Hornafjarðarhérað:* Austur-Skaftafellssýsla. Læknissetur í Höfn.

43. *Síðuhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur. Læknissetur á Breiðabólsstað á Síðu.

44. *Mýrdalshérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík.

45. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjar: Læknissetur í Vestmannaeyjum.

46. *Rangárhérað:* Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur-Eyjafjallahreppi. Læknissetur á Stórólfshvoli.

47. *Eyrarbakkahérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

48. *Grímsneshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur í Laugarási.

49. *Keflavíkurhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Keflavíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslæknum að sitja um stundarsakir annarsstaðar en á hinum lögskipuðu læknissetrum.

2. gr.

Konungur skipar landlækni og héraðslækna í öll þau héruð, sem talin eru í 1. gr.

3. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra í öllu, sem viðkemur heilbrigðismálum. Hann hefir eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í landinu, en einkum héraðslæknum og öðrum opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Ráðherra setur landlækni erindisbréf, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf landlæknis á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

4. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu, annast lyfjasölu, þar sem ekki er sérstök lyfjabúð, og eru skyldir að gegna aðkallandi sjúkravitjunum hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklingsins eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma læknisstarfi þeirra. Þeir

mega veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en viðtækari sjúkrahússtörfum mega þeir ekki gegna nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Landlæknir setur héraðslæknum erindisbréf, sem ráðherra staðfestir, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf héraðslækna á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

5. gr.

Héraðslæknirinn í Reykjavíkurhéraði sinnir ekki sjúkravitjunum nema eftir fyrirmælum ráðherra, en gegnir að öðru leyti héraðslæknisstörfum í bænum.

Hann aðstoðar stjórnarvöld við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er og heimilt að vera yfirlæknir við farsóttarhús Reykjavíkur eða tilsvarandi stofnun, sem bærinn kann að reka, en óheimilt að gegna viðtækari sjúkrahússtörfum.

6. gr.

Landlæknir og héraðslæknar hafa laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Héraðslæknirinn í Reykjavík skal þó hafa hálf önnur héraðslæknislaun.

7. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir flutningi ókeypis, og svo beina leið sem hægt er frá og til heimilis hans. Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

8. gr.

Læknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

9. gr.

Lög nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, og lög nr. 45, 27. júní 1921, öll um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, og síðasta málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, eru úr gildi numin.

10. gr.

Ákvæði laga þessara um Reykjavíkurhérað ganga í gildi þegar það hérað verður næst laust. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52, 22. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavík, en bæjarlæknirinn verður héraðslæknir. Að öðru leyti ganga lögin í gildi 1. jan. 1933.

Ed. 731. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 2. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: enda hafa allir kjötframleiðendur á félagssvæðinu hlutfallslega jafnan aðgang að frystihúsinu.

Ed. 732. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. mai 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, fundaskr., frsm.

Ed. 733. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36 7. mai 1928 [Gengisviðauki].

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. mai 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, fundaskr., frsm.

Ed. 734. Tillaga

til þál. um leigu á landi Garðakirkju á Álftanesi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leigja Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heimajarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi jarðarinnar.

Greinargerð.

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Garðakirkju var vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá.

En þótt málinu væri þannig vísað frá, þá fól rökstudda dagskráin í sér ákorun til ríkisstjórnarinnar um að leggja „fyrir næsta þing heimild um sölu á Garðakirkjulandi til Hafnarfjarðarkaupstaðar". Má því ganga út frá því vísu, að slík heimild verði samþykkt á næsta þingi.

En þessi ársdráttur á málinu þýðir, að Hafnarfjarðarkaupstaður getur eigi á þessu sumri látið bæjarbúa fá land til ræktunar, en það er þó mjög nauðsynlegt, vegna hins mikla atvinnuleysis, sem nú er í Hafnarfirði, eins og raunar annarsstaðar, og má því engu tækifæri sleppa, þar sem hægt er að taka upp arðvænlegt verk.

Er þessi þingsályktunartillaga fram borin í því skyni, að ríkisstjórnin geti nú á þessu sumri leigt Hafnarfjarðarkaupstað landið, svo það megi nú strax taka það til ræktunar.

Eftir undirtektum um málið ætti það að vera nokkurn veginn víst, að veitt verði á næsta þingi heimild sú um sölu á landi þessu, er nú var farið fram á, og ætti því ríkisstjórninni að vera óhætt að selja Hafnarfjarðarkaupstað landið á leigu.

Ed. 735. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 2. gr. Aftan við 3. lið bætist: nema öðruvísi semjist.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú er innlausnar eigi krafizt innan þriggja ára frá því lög þessi ganga í gildi, og fellur þá innlausnarréttur niður.

3. Við 16. gr.
   a. Í stað „15. september“ í 1. málsgr. komi: 15. ágúst.
      Til vara: 1. september.
   b. Í stað „3“ í 2. málsgr. komi: 2.
   c. Í stað „15. september“ í 3. málsgr. komi: 15. ágúst.
      Til vara: 1. september.
4. Við 18. gr. 3. lið. Í stað orðanna „enda séu .... gereyðingu“ komi: enda hagi svo til, að friðun sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir stórkostlega rýrnun eða gereyðingu fiskistofns árinnar.
5. Við 23. gr. 3. lið. Aftan við „fiskur verði“ í 2. málsl. komi: eigi.
6. Við 30. gr. 2. lið. Liðurinn orðist þannig:
   Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd ár, óss eða leiru, miðað við smástraumsfjöruborð, og aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár.
7. Við 59. gr. 1. lið. Í stað „samþykkt“ komi: undirbúin.
8. Við 62. gr. Í stað „boða skal .... umboðsmenn þeirra“ komi: á fundinum mæta.
9. Við 82. gr. Síðasti málsliður falli niður.

Nd. **736. Frumvarp**

til ábúðarlaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð nefnist í lögum þessum hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamatsbók.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær séu hver um sig ekki lifvænleg býli, og því aðeins, að úttektarmenn telji sameiningu nauðsynlega og Búnaðarfélag Íslands samþykki hana.

Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, nema úttektarmenn mæli með og Búnaðarfélag Íslands samþykki, sbr. þó 3. gr.

Ákvæði þetta nær þó ekki til ábúðar þeirra jarða, sem ödlazt hafði gildi í síðasta lagi í fardögum 1931.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis Búnaðarfélags Íslands um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið.

3. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal skyldur að byggja hana sæmilegum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz. Skal hann þá bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn ákveðnu eftirgjaldi. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni næsta ár sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

4. gr.

Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, enda samþykki landsdrottinn þá byggingu. Ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum til landsdrottins. Sama gildir um ábúðarrétt þeirra manna, sem sveitarstjórn leigir jörðina, og ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 23. gr.

Ennfremur skal nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkvæmt lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rétt sinn til ábúðar.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörðu, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið um samið. Ef úttektarmenn telja, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt

var, ella bæta honum allan skaða, er hann bíður af því að komast ekki að jörð, hvorttveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skulu leigðar æfilangt, og hefir ekkja ábúanda rétt manns síns jafnt fyrir það, þótt hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, barni, fósturbarni eða barnabarni til eignar og ábúðar, nema landsdrottinn hafi skuldbundið sig til annars í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til eignar og ábúðar samkv. 9. gr. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. Skulu húsin vera hæfilega stór til þess að nytja megi jörðina, jafnvel þó ræktun aukist nokkuð. Leita má álits héraðslæknis um bæjarhús.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur, að mati úttektarmanna.

12. gr.

Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra. Leiguliðabótin má þó aldrei vera hærri en 1% af steinbyggingum og 2% af byggingum úr öðru efni. Hún skal að hálfu greidd landsdrottni um leið og landsskuld ár hvert, en að hálfu má leiguliðabótin standa vaxtalaust hjá leiguliða, en skal afhendast landsdrottni þegar leiguliðaskipti verða eða þegar endurbyggja þarf.

13. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki fyrnist um skör fram.

14. gr.

Skyldir eru úttektarmenn, hvenær sem landsdrottinn eða leiguliði krefst þess, að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sérstaklega athuga, hvernig gengið hefir verið um húsin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rétti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörðu, sem eru henni nauðsynleg, að dómi úttektarmanna. Skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs, og er þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem metið er.

Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að selja öðrum þau til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna húsagerðarinnar, ella sparisjóðsvöxtum.

Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að gera þau. En þá skal jafnan draga frá kostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

17. gr.

Séu hús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En falið getur landsdrottinn leiguliða að annast vátryggingu fyrir sína hönd.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn samþykki annað, sbr. þó 3. gr.

19. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

20. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

21. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

22. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, hæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Ef eggver eða selalátur fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

23. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra, eftir skattmati, og skila þeim fullgildum við brottför.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leignliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

25. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni nema landsdrottinn leyfi. Ekki má hann heldur ljá öðrum neitt af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgir, nema það sé í skiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Þó er honum heimilt að láta í té nokkrar jarðarnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Hann má og eigi selja áburð af jörð, sem henni má að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burt hey, er hann hefir aflað á jörðinni, nema því aðeins, að hann fái aftur jafngildi í heyi, beit eða áburði, eða hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef leiguliði brýtur gegn þessu, varðar það útbyggingu, og bæti hann jafnframt landsdrottni skemmdir á jörð.

26. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, svo að tún og engi fara í órækt eða hús og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

27. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Eindagi á jarðargjöldum er fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, og hefir hann þá fyrirgert ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé ekki byggt út af jörðinni.

28. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

29. gr.

Þá er landsdrottinn byggir út leiguliða, sem brotið hefir ábúðarrétt sinn samkvæmt lögum þessum, skal hann það gert hafa fyrir jól, og skal leiguliði fara frá jörð i næstu fardögum.

Úthygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

30. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og getur landsdrottinn byggt honum út, ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 19. gr.
2. Byggir öðrum af jörð eða lánar ólöglega hlunnindi eða landsnytjar, sbr. 25. gr.
3. Situr illa jörð, svo að hún fari i órækt, hús eða mannvirki spillist, sbr. 26. gr.
4. Hefir ekki greitt jarðargjöld innan missiris frá gjalddaga, sbr. 27. gr.
5. Vanrækir að inna af höndum jarðabætur eða annað, sem tilskilið er í byggingarbréfi, meira en eitt ár, sbr. 40. gr.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það bréflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

32. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

33. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 28. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

34. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í samein-

ingu. Leiguliði leggur til sem svarar leiguliðabót af húsinu, að því leyti, sem hún er eigi áður greidd, svo og allt innlent efni, og annast alla efnisflutninga innanlands. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerðina.

35. gr.

Markaskrár landsins skal prenta 5. hvert ár í þeirri röð, er að ofan getur.

Ákvæði þessarar greinar um bann gegn prentun marka ná þó ekki til þeirra marka, sem flutt eru héraða milli með leyfi markadóms, sbr. 1. gr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um bann við sammerkingum milli hinna einstöku sýslna og héraða, getur markadómur veitt undanþágu frá hanni þessu, þar sem svo stendur á, að fullvíst má telja, að engar sauðfjársamgöngur eigi sér stað.

17. gr.

Skylt er markadómi að banna öll mikil særingarmörk. Afeyrt er engum heimilt að nota.

18. gr.

Tekjur þær, er inn koma fyrir lögskráningu marka, renna í ríkissjóð, enda ber hann kostnaðinn af prentuninni og samningu markaskráa og birtingu marka í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari ákvæði um prentun markaskráa, gerð og heiti marka. Í reglugerðinni má og banna að nota ýmsar benjar, er valdið geta námerkingum og misdrætti á sauðfé.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum frá 5—100 kr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 47.—50. kap. í Landsleigubálki Jónsbókar, svo og öll eldri lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1935.

Nd. 741. Frumvarp

til laga um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅓ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Eftir það greiðir félagsmaður á ári í stofnsjóð fjárhæð, sem nemur 1% af kostnaðarverði húsnæðis þess, sem hann hefir

eignazt frá félaginu. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Þá skulu félagsmenn árlega leggja fram fé í rekstrarsjóð, sem eigi nemi minnu en 1‰ og eigi meiru en 2‰ af kostnaðarverði húsnæðis þess, er byggt hefir verið af félaginu. Er þessum sjóði ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, með sameiginlegri ábyrgð félagsmanna að baktryggingu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hvert um sig hljóðar á fjárhæðir, er fjármálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

7. gr.

Nú ákveður felagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi þegar kaupin fóru fram verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endur-

bóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

13. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 742. Lög

um afnám laga nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Lög nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands, eru úr gildi numin.

2. gr.

Flugmálasjóður Íslands verður eign ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Ed. 743. Lög

um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

5. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Ráðherra skal semja fyrirfram til hálfs eða heils árs í senn við þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá ráðherra heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsvarandi sjúkrahúsi.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafnframt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 744. Lög

um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Meginmál laganna samhljóða þskj. 675.

Ed. 745. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, framlengist fyrir árin 1933 og 1934.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 746. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Að norðanverðu tekur höfnin yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, að netlögum Engeyjar og Viðeyjar. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netlög.

Að sunnanverðu tekur Reykjavíkurhöfn yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsgr. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

4. gr.

7. gr. orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

5. gr.

8. gr. orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

6. gr.

Þar, sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 22 frá 22. okt. 1912.

Sþ. 747. Breytingartillögur

við till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um áfengislöggjöfina.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Jakob Möller.

1. Við 1. málsgr. Í stað orðanna „í sambandi við .... 15. okt. 1932“ komi: á árinu 1933.
2. Við 2. málsgr. (1. lið). Málsgr. orðist svo: Hvort kjósandi telji rétt að leyfa innflutning sterkra áfengra drykkja, svo sem: brennivín, whisky, koniak, romm o. þ. h.
3. Við 3. málsgr. (2. lið). Málsgreinin falli burt.

Sþ. 748. Breytingartillaga

við tillögu á þskj. 714 (atkvgr. um áfengislöggjöfina).

Frá Ingvari Pálmasyni, Jóni Jónssyni.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að láta fram fara á árinu 1933 atkvæðagreiðslu almennra alþingiskjósenda um eftirfarandi spurningar:

1. Vill kjósandinn algert aðflutningsbann á áfengi, hverju nafni sem nefnist?
2. Vill kjósandinn una við núgildandi áfengislöggjöf með þeim umbótum, sem hægt væri að gera á henni án þess að afnema Spánarsamninginn?
3. Vill kjósandinn, að leyfður verði innflutningur á sterkum drykkjum, svo sem brennivíni, whisky, koníaki, rommi og öðrum þesskonar drykkjum?

Ed. 749. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 735 [Lax- og silungsveiði].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. till. bætist: og atvinnumálaráðherra samþykki.

Nd. 750. Lög

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr

Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en 3 vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

2. gr

Á tímabilinu 15. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innifóðurs ekki skemur en 1 mánuð. Þó þarf leyfi atvinnumálaráðherra til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip.

3. gr.

Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður banna, að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Skoðunarmenn semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð, og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

4. gr.

Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.), er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

5. gr.

Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, glaseygð, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanni) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. málsl. 3. gr.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa, sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það, hvernig eftirlitinu skuli hagað, og annað það, er þurfa þykir vegna útflutningsins.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 8. gr., varða sektum frá 50—3000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 47, 3. nóv. 1915, og lög nr. 34, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum.

Nd. 751. Lög

um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita félögum, sem stofnuð verða hér á landi með þeim tilgangi að koma í framkvæmd lánum gegn öðrum veðrétti í fasteignum á tilteknum svæðum, á svipuðum grundvelli og tilsvarandi annars veðréttar lánafélög (Hypothekforeninger) erlendis, þau hlunnindi, er greinir í 2. og 3. gr. laga nr. 62, 7. maí 1928, um hlunnindi fyrir lánsfélag, enda staðfesti ráðherra samþykktir félaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 752. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda.

Hámark hvers láns, sem ábyrgzt er, má nema allt að ⅔ kostnaðar.

Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi atvinnumálaráðuneytið samþykkt áætlun og teikningar.

Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslufélaga, eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í frystihúsum og vélum þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 753. Lög

um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

1. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða úr búi Síldareinkasölu Íslands í „likvidation“ ógreitt andvirði millisíldar frá síðasta hausti, að frádregnum sölukostnaði, og fella samtímis niður jafnháa upphæð af forgangskröfum (tollkröfum) ríkissjóðs í bú Síldareinkasölunnar, sem téðu andvirði nemur, svo eigi sé gengið á hlut annara skuldheimtumanna hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Ed. 754. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 16. gr. Síðari málsgrein falli burt.

Sþ. 755. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefndina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Nefndarmenn starfa kauplaust. Nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 756. Breytingartillögur

við frv. til ábúðarlaga.

Flm.: Halldór Stefánsson.

I. Við 3. gr. Fyrir orðið „sæmilegum“ komi: hæfum.
II. Við 9. gr. Orðin „eignar og“ falli burt.
III. Við 12. gr. Niðurlag greinarinnar (síðasta málsgr.) orðist svo:

Leiguliðauppbót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist Endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og atvinnumálaráðuneytis. Hver jörð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar. Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari reglur um sjóðinn.

IV. Við 13. gr. Fyrir orðin „um skör fram“ komi: umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna.
V. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Eigi má leiguliði byggja öðrum leiguliðaafnot eða húsmennskuafnot af leigujörð sinni nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða lands-

nytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum og að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Ennfremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefir aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess í öllum tilfellum, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar ekki rýrni eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar.

VI. Við 30. gr. Töluliður 2 orðist svo:

Byggir leiguliðaafnot eða húsmennskuafnot af jörðinni eða skiptir á jarðarnytjum eða jarðarafurðum, svo að jarðarnytjar rýrni varanlega eða spillist, sbr. 25. gr.

Ed. 757. Breytingartillögur

við frv. til l. um lax- og silungsveiði og við brtt. á þskj. 735.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 1. brtt. á þskj. 735. Aftan við till. hætist: og veiðimálastjóri samþykki.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Nú er innlausnar eigi krafizt innan tíu ára frá því lög þessi ganga í gildi, og fellur þá innlausnarrétturinn niður.
3. Við 28. gr. 3.
   a. Aftan af málsgreininni falli: „sbr. 68. gr.“.
   b. Við málsgr. bætist: Slík net mega aldrei ná yfir meira en ¼ hluta óss eða leiru.
4. Við 30. gr. 1. Aftan af síðasta málsl. falli: „sbr. þó 68. gr.“.

Nd. 758. Breytingartillögur

við frumvarp til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Jörð nefnist í lögum þessum hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda fleyti býlið 6 kúgildum hið minnsta.
2. Við 3. gr. Í stað „skal“ í 2. málsgrein komi: og skal.
3. Við 15. gr. Í stað „skal“ í 1. málsgrein komi: og skal.
4. Við 16. gr.
   a. Í stað „skal“ í 1. málsgrein komi: og skal.
   b. Orðin „hvort heldur“ í síðustu málsgrein falli niður.

5. Við 33. gr. Í stað „sbr. 28. gr.“ komi: sbr. 29. gr.
6. Við 50. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
      Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað þeim sé áfátt sem fullgildum jarðarhúsum, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefir verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir.
   b. Í stað „i löggildu standi“ í síðustu málsgr. komi: fullgild.

Ed. **759. Lög**

um afnám laga nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Lög nr. 33, 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

3. gr.

Þangað til sett verða sérstök geðveikralög skal daggjald á hvorri deild Kleppsspítala sem er fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri, ekki fara fram úr kr. 1.50 á meðan læknar spítalans telja honum vistina þar nauðsynlega.

Nd. **760. Breytingartillögur**

við frv. til ábúðarlaga (þskj. 736).

Flm.: Einar Arnórsson.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „og Búnaðarfélag Íslands telji hana nauðsynlega“ falli burt.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, nema úttektarmenn leyfi, sbr. þó 3. gr.
   c. Í 3. málsgr. komi í stað „Búnaðarfélag Íslands“: úttektarmenn.
2. Við 3. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Ef enginn hefir not jarðarinnar, er landsdrottni óskylt að greiða af henni opinbera skatta eða skyldur eða önnur lögskil.
3. Við 6. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Um ábúðarsamning fer eftir lögum þessum um öll þau atriði, sem eigi greinir í byggingarbréfi.

4. Við 9. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Allar jarðir skal byggja æfilangt, og hefir ekkja landseta ábúðarréttinn, þar til hún giftist af nýju.
5. Við 10. gr. Orðin „til eignar“ í 1. málslið falli niður.
6. Við 16. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svolátandi:
   Ákvæði 1. málsgr. gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefir lagt til nægileg peningshús, sem enn eru að dómi úttektarmanna í nothæfu ástandi, en verða nú eigi notuð að fullu vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni.
7. Við 17. gr. 2. málsl. falli burt.
8. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Jarðarafgjöld öll skal greiða eftir á ár hvert fyrir veturnætur. Nú greiðir leiguliði eigi jarðargjöld að fullu fyrir næstu jól eftir eindaga, og getur þá landsdrottinn byggt honum út, enda sé útbygging birt í síðasta lagi 15. janúar næstan á eftir.
9. Við 29. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Hvarvetna þess er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.
10. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
    Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, sbr. þó 1. tölul., ef hann:
    1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 19. gr.
    2. Brýtur fyrirmæli 25. gr.
    3. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
    4. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 27. gr.
    5. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.
11. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
    Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðilja krafizt þess, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð, með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður.
12. Við 37. gr. Í síðasta málsl., milli orðanna „vera“ og „skulu“, komi: þá.
13. Við 41. gr. Fyrir orðið „gerð“ í niðurlagi 2. málsgr. komi: mati.
14. Við 44. gr. Við greinina bætist: í næstu fardögum að ársfrestinum liðnum.
15. Við 46. gr. Fyrir „nákominn aðilja“ komi: svo nákominn aðilja, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans.
16. Við 51. gr.
    a. Fyrir „fjárnám“ komi: lögtak.
    b. Orðin í niðurlagi greinarinnar „nema .... samið“ falli burt.

Nd. **761. Breytingartillaga**

við 6. brtt. á þskj. 758.

Frá Einari Arnórssyni.

Við a.-lið:

Fyrir orðin „hvað þeim sé áfátt sem fullgildum jarðarhúsum“ komi: hvað á skorti til þess að þau séu fullgild jarðarhús.

Ed. **762. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Einar Árnason, fundaskr., frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **763. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Frá allsherjarnefnd.

Aðalákvæði þessa frumvarps eru:

1. Þar, sem einstakir menn eða félög starfrækja raforkuver til almenningsþarfa, skal ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi héraðs- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.
2. Ráðherra skipar eftirlitsmann með öllum raforkuvirkjum í landinu.
3. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald, er nemi allt að einni krónu af málraun rafala í orkuveri.

Stjórn ríkisútvarpsins og forstjóri rafmagnsveitu Reykjavíkur telja brýna þörf á að lögfesta þær öryggisráðstafanir, er í frumvarpinu felast, gegn brunahættu af völdum rafmagns, svo og til varnar truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta.

Nefndin fellst á réttmæti frumvarpsins og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. mai 1932.

Einar Árnason, form., frsm.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Ed. 764. Breytingartillaga

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 16. gr. 1. lið.

Aftan við liðinn bætist: Stangarveiði er þó heimil eftir þann tíma, sbr. næstu málsgr.

Nd. 765. Breytingartillaga

við frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 12. gr. Í stað „1%“ og „2%“ í 3. málsgr. komi: ½% og 1%.

Ed. 766. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: Ákvæði laga þessara um gjaldfrest taka eigi til skulda, er stafa af ógreiddu verkakaupi eða ógreiddum aflahlut.

Nd. 767. Lög

um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

1. gr.

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 verður staðfest af Íslands hálfu, skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setja reglur um byggingu og búnað þeirra skipa, sem samþykktin nær til, og gefa út eða láta gefa út þau skírteini, sem með þarf til þess að framfylgt verði ákvæðum hennar.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt að gera vægari kröfur heldur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt til skipa, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffærni skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Eins verður að krefjast þess, að fullnægt verði samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstöku tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúnasamþykktina frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenzkum skipum, sem ofangreind Lundúnasamþykkt nær til, og gefa út haffæris- og heilsumerkjaskírteini fyrir þau.

4. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúnasamþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

5. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffærni og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 768. Lög

um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

1. gr.

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum hefir verið staðfest af Íslands hálfu, gerir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Ísland taki hæfilegan þátt í birtingu veðurfregna til öryggis fyrir sjófarendur.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skal krefjast þess af útgerðarfélögum, er kynnu að hafa íslenzk skip í förum yfir Atlantshafið, að þau tilkynni, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

3. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem lendir í eða verður var við alvarlega hættu fyrir sjófarendur, svo sem stórviðri, hafís, skipsflök o. þ. h., sem hætta getur stafað af, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefir til umráða, tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað í landi, sem til næst.

Skylda má skipstjóra á íslenzkum skipum til að gera veðurathuganir og senda út veðurfregnir, sem telja má nauðsynlegar fyrir sjófarendur.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

Fregnir þær, sem hér ræðir um, skulu sendar íslenzkum yfirvöldum án kostnaðar fyrir hlutaðeigandi skip, sem veðurathuganirnar gerði.

4. gr.

Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa skipi, sem hann hittir og er í neyð statt, eða skipi, sem beðið hefir um hjálp, ef hann getur gert það án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn og farþegum í verulega hættu.

Ef skipstjóra er ekki unnt að veita hjálp, ef svo stendur á að ætla má, að hjálp sé ekki tímabær eða nauðsynleg, skal hann þegar í stað tilkynna skipverjum eða skipstjóra hins hjálparþurfandi skips það, ef hægt er. Ennfremur skal skipstjóri rita í skipsdagbókina nákvæma greinargerð fyrir þessari ákvörðun sinni.

5. gr.

Ákveða skal með konunglegri tilskipun, hverjar varúðarreglur skuli viðhafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa.

Þau tákn eða merki, sem ákveðin eru í þessu augnamiði, má ekki nota í neinum öðrum tilgangi.

6. gr.

Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr.

Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum ennfremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **769. Breytingartillaga**

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 34. gr.

Orðin »og annast alla efnisflutninga innanlands« í 2. málslið falli burt.

Ed. **770. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að fimm hundruð þúsund sterlingspund eða tilsvarandi upphæð í öðrum gjaldeyri, til endurgreiðslu á eftirstöðvum íslenzka ríkislánsins frá 1921 og á bráðabirgðaláni frá 1930 hjá Barclays Bank Ltd.

Nd. **771. Breytingartillaga**

við frv. til ábúðarlaga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson og Bernh. Stefánsson.

Við 36. gr. Við greinina bætist:

Nú telur annarhvor aðila leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum og lagt málið í gerð, ef samkomulag ekki fæst.

Ed. **772. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði og við brtt. á þskj. 735.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 3. gr. Aftan við 2. málsgrein bætist: Þó er því aðeins hægt að krefjast innlausnar á veiðirétti, að veiðifélag sé stofnað til að hagnýta veiðina.

II. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við brtt. 735, 2. Á eftir brtt. komi:
Til vara: Nú er innlausnar eigi krafizt innan 5 ára o. s. frv.

III. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við brtt. 735, 4. Fyrir „stórkostlega“ komi: verulega.

Nd. **773. Frumvarp**

til laga um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Félagsveiði: Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

Ós í á: Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlína ár hefst.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Vatn: Ósalt vatn, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeigandi er einum heimil veiði í vötnum á landi sínu.

2. Nú hefir maður fengið veiðiskírteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni, nema öðruvísi semjist og atvinnumálaráðherra samþykki.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsgr. 55. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér afnotarétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsgr., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi. Nú vill landeigandi

ekki innleysa veiðirétt fyrir landi sínu, og skulu þá þeir, er innlausnar hafa krafizt, einnig innleysa veiðirétt hans. Þó er því aðeins hægt að krefjast innlausnar á veiðirétti, að veiðifélag sé stofnað til að hagnýta veiðina. Nú er innlausnar eigi krafizt innan fimm ára frá því er lög þessi ganga í gildi, og fellur þá innlausnarréttur niður.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 83. og 85. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Nú hefir dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsgr.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 1. og 2. málsgr.)

III. KAFLI.

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.

2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu þess.
b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatninu og frá hvaða jörðum hafi verið stunduð veiði.
c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu.
f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
g. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefir með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal gefa skýrslu um veiði sína.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal veiðimálastjóri sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti

fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

IV. KAFLI.

Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annara fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefir laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi á árinu 1932, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis.

4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsgr., að ætla megi, að áliti veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 83. og 85. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.

4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsgr., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Stangarveiði er þó heimil eftir þann tíma, sbr. næstu málsgr.

2. Á tímabili því, er getur í 1. málsgr., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangarveiði, nema 3 mánuði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, ákvæði um það, hvenær veiðitími þessi skuli standa í hverju fiskihverfi. Skylt er að leita álits hlutaðeigandi fiskiræktarfélaga eða sýslunefnda um þetta efni.

3. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september ár hvert. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet.

4. Á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsgr.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fjóra daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

Hinsvegar getur nefndin ekki mælt með, að heimild sú, er um ræðir í 2. gr., verði veitt, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 2. gr. frv. falli niður.
2. Aftan af fyrirsögn frv. falli „o. fl.“.

Alþingi, 20. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Einar Árnason, með fyrirvara.

Nd. 780. Breytingartillaga

við frumvarp til ábúðarlaga.

Frá Einari Arnórssyni.

Við 9. gr. Á eftir „barni“ komi: stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni.

Nd. 781. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 771 (Ábúðarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

Niðurlag málsgr. »og lagt málið í gerð, ef samkomulag ekki næst« falli niður.

Ed. 782. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin getur ekki mælt með því, að þetta frv. verði samþykkt. Hinsvegar telur nefndin rétt, að komið verði á fót námsskeiði því við vélstjóraskólann, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laga nr. 43 frá 3. nóv. 1915, og að mönnum þeim, sem frumvarpið fjallar um, gefist þannig færi á því að öðlast vélgæzluréttindi, án þess að allt of miklar kröfur til bóklegs náms og langrar skólavistar séu til þeirra gerðar.

Nefndin leggur því til, að frumvarpinu verði visað til stjórnarinnar, í því trausti, að undið verði að því hið bráðasta að koma á fót vélgæzlunámsskeiði við vélstjóraskólann samkvæmt fyrrgreindum lögum. — Nánar í framsögu.

Alþingi, 20. maí 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskrifari og frsm.	Einar Árnason.

Ed. **783. Frumvarp**

til laga um kirkjugarða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar á hver maður rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefir átt lögheimili eða óskað legstaðar. Sjóreknir menn og drukknaðir eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar í sókn, er þeir eru fyrst fluttir til byggða.

2. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Nú óskar bæjarstjórn eða hreppsnefnd að taka að sér umsjón kirkjugarðs og fjárhald, og getur ráðherra heimilað það, að fengnum tillögum biskups og sóknarnefndar, enda hvíla þá á bæjarstjórn eða hreppsnefnd hinar sömu skyldur sem á sóknarnefnd eftir lögum þessum.

3. gr.

1. Skylt er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðsstæði eða grafreit, svo og hleðslu- eða steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó svo, að kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, haldist óbreyttar.
2. Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitar- eða bæjarfélagið kosta framræslu eða uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og vatn standi ekki í gröfum.
3. Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitar- eða bæjarfélag veg frá kirkju að kirkjugarði og heldur honum akfærum. Ennfremur leggur sveitar- eða bæjarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstiga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.
4. Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitar- eða bæjarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðri í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af honum stafað.
5. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag, eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti, sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.
6. Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkv. lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

7. Rétt er sóknarnefnd, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2. og 3. lið þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd þeirra að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs mann til að endurskoða reikninginn, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Sveitar- eða bæjarstjórn greiðir síðan reikninginn innan mánaðar frá því endurskoðnn hefir farið fram.

4. gr.

Sóknarmönnum er skylt að koma upp og halda við fjárheldri og viðeigandi girðingu um kirkjugarð sinn, með steinlímdu hliði og vandaðri grind, sem hægt er að tvílæsa.

5. gr.

Þegar girða þarf grafreit, gamlan eða nýjan, gerir lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur ályktun um fyrirkomulag girðingar og efni hennar. Girðing skal vera úr vel hlöðnu grjóti, steinsteypu eða öðru sæmilegu efni, að dómi prófasts.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju; skal þá vera klukka í sálubliði eða líkhúsi til hringingar.

6. gr.

Sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins við girðingu grafreita, samkvæmt því, er fyrir er mælt í lögum þessum. Að verkinu loknu gerir sóknarnefnd reikning yfir kostnaðinn og sætir hann úrskurði héraðsfundar.

7. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur tekur ákvarðanir um, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, enda komi samþykki prófasts til.

Nú sýnir söfnuður vanrækslu í þessu efni, skipar prófastur þá fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, telji hann garðinn eigi lengur greftrunarhæfan. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og fá vottorð hans um, að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt heilbrigðisreglum. Síðan skal hún gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum kirkjugarði, eða viðbót. Skulu þar markaðir aðalgangstigar ekki mjórri en 1½ m. og aðrir stigar ekki mjórri en 1¼ m. og öllu skipulagi garðsins vel fyrir komið. Mælikvarði uppdrátta þessara skal vera 1 á móti 200.

Sendir síðan sóknarnefnd uppdrætti þessa, ásamt vottorði héraðslæknis, biskupi til staðfestingar, ásamt umsögn sóknarprests og prófasts.

Vilji biskup ekki samþykkja uppdrætti þessa, ber hann málið undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, er leggur á það úrskurð, að fengnu áliti sérfróðs manns um skipulag kirkjugarða.

Nú vill ráðuneytið ekki samþykkja uppdrátt, og lætur það þá sérfróðan mann gera nýjan skipulagsuppdrátt í 3 eintökum og sendir biskupi.

Geymir síðan biskup uppdráttinn, en sóknarprestur og sóknarnefnd hvorn hinna.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu, innan árs frá því, er lög þessi öðlast gildi, láta gera uppdrættti að kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar, að dómi prófasts. Skal mælikvarði uppdrátta þessara vera hinn sami sem að nýjum görðum. Þar skal marka fyrir legsteinum og að minnsta kosti öllum nýjustu leiðum.

Kallar prófastur eftir uppdráttum þessum í tæka tíð og sendir biskupi.

Lætur kirkjustjórnin þá sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig skipulagi hvers kirkjugarðs verði bezt fyrir komið til frambúðar og gera uppdrætti þar að lútandi. Og fer um þá síðan sem um uppdrætti að nýjum görðum.

9. gr.

Sóknarnefndir skulu annast um, að greftrun sé hagað samkvæmt staðfestum uppdrætti, enda er ekki heimilt að taka gröf annarsstaðar í kirkjugarði en þar, sem sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar leyfir.

Bannað er að taka gröf innan kirkju.

Jafnóðum og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett. En nafn hins jarðaða og greftrunardag ber að setja á legstaðaskrá, er fylgja skal uppdrættinum.

Sóknarprestur skal a. m. k. einu sinni á ári tölusetja á uppdrætti sínum ný leiði samkvæmt uppdrætti sóknarnefndar.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að a. m. k. fullur meter sé frá kistuloki á grafarbarm. Skyldur er sá, er gröf lætur taka, að ganga vel frá legstaðnum svo fljótt, sem við verður komið, og færa burt úr garðinum grjót og mold, ef ekki er allt látið aftur ofan í gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur sóknarnefnd, eða umboðsmaður hennar, gera verkið á kostnað hlutaðeiganda.

11. gr.

1. Sóknarnefnd er skylt að annast um, að allar götur og gangstígar garðsins séu snyrtilegar og vel við haldið. Skal hún sjá um, að garðurinn sé sleginn, en þó með varúð, og að skepnur komist þar alls ekki inn.
2. Hlutaðeigendum ber að annast um, að legstaðir séu jafnan vel og smekklega hirtir.
3. Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar samkvæmt 2. lið, skal sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar halda leiðum við og hreinsa af þeim illgresi á kostnað þeirra hlutaðeigenda, er til næst, en ella á kostnað kirkjugarðsins.
4. Hlutaðeigendum er skylt að halda við girðingum og legsteinum á leiðum. En sé það vanrækt þrátt fyrir aðvörun sóknarnefndar, er henni heimilt að láta slétta yfir legstaðinn og flytja ónýtar eða óviðeigandi girðingar burt, en setja slíka legsteina í skipulega röð á þeim stað í garðinum, er prófastur telur bezt fara á.

12. gr.

Rétt er sóknarnefnd að banna grafkapellur í kirkjugörðum, nema í sérstökum röðum og gegn gjaldi, sem ákveða má í reglugerð. Henni er og heimilt að setja reglur um fyrirkomulag girðinga um leiði, svo að sem bezt samræmi verði í garðinum.

Þar, sem líkbrennsla fer fram, en menn vilja þó geyma duftker með bálfararleifum í kirkjugarði, getur sóknarnefnd ákveðið, að kerin skuli grafin í sérstökum röðum, eða geymd í grafkapellum, er bæjarstjórn eða bálfararfélög reisa innan kirkjugarðs í því skyni. Hefir þá sóknarnefnd allar hinar sömu skyldur til eftirlits með viðhaldi grafkapellu og varðveizlu bálfararleifa sem með einstökum leiðum í kirkjugarði.

13. gr.

1. Sóknarnefnd er heimilt, með samþykki safnaðarfundar, að ráða sérstakan umsjónarmann kirkjugarðs og greiða honum þóknun fyrir starf sitt.
2. Hefir umsjónarmaður þá allt eftirlit með kirkjugarðinum á hendi, undir yfirumsjón sóknarnefndar og á ábyrgð hennar, og gefur hún honum erindisbréf.
3. Sóknarnefnd getur falið umsjónarmanninum að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.
4. Einnig getur sóknarnefnd falið umsjónarmanni árlegt viðhald legstaða fyrir einstaka menn, er þess óska, og setur hún honum þá gjaldskrá.
5. Í kaupstöðum getur lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur veitt sóknarnefndinni, fyrir hönd kirkjugarðsins, einkaheimild til að nota líkvagna við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

14. gr.

Sóknarnefndir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekkvíslega prýddir, með blómplöntum þeim, er bezt þola veðráttufar landsins. Ber þeim í því skyni að sjá um, eða fela manni innan sóknar fyrir sína hönd að annast fyrir þá, er þess óska, útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum.

15. gr.

Skógræktarstjórn landsins skal skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða að innanverðu og meðfram gangstígum innan garðs. Skulu trjáplöntur þessar látnar ókeypis.

Ræktunarstöðvum, sem styrktar eru af almannafé, er skylt að láta sóknarnefndum, eða umboðsmönnum þeirra, í té blóma- og trjáplöntur til gróðursetningar á leiðum gegn vægu gjaldi.

16. gr.

Nú er í einhverju prestakalli fullur ⅓ hluti íbúa í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir safnaðarstjórn og prest, eða forstöðumann, er hlotið hefir staðfestingu ráðherra. Skulu þá sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar og safnaðarstjórn slíks safnaðar kjósa hvor úr sínum hópi sérstaka kirkjugarðsstjórn. Skipa hana

5 menn, og á hvor safnaðanna þar fulltrúa eftir mannfjölda í hvorum þeirra fyrir sig. Sbr. þó 38. gr.

Hefir kirkjugarðsstjórnin þá á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarðsins.

Legstaðasjóðir.

17. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði í hverri sókn.

18. gr.

Í legstaðasjóð geta menn lagt fé, sem ávaxtast þar til viðhalds legstaðar þess, er hlutaðeigandi óskar.

19. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir yfirstjórn prófasts, og er henni skylt að ávaxta innlögin í Söfnunarsjóði Íslands, þannig, að hver legstaður hafi sérstaka viðskiptabók.

Stofnandi hvers sjóðs skal í samráði við sóknarnefnd setja fyrirmæli um, hvernig verja skuli útborguðu vaxtafé til viðhalds og endurnýjunar legstaðnum, og er sóknarnefnd þá skylt að sjá um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

Niðurlagðir kirkjugarðar.

20. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður. Skal sóknarnefnd þá boða til almenns safnaðarfundar og auglýsa í fundarboðinu umræðuefni fundarins og tillögur sinar um það. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með $\frac{2}{3}$ atkvæða atkvæðisbærra manna á lögmætum eða ályktunarfærum safnaðarfundi, ef samþykki prófasts og biskups kemur til.

21. gr.

Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir meðal fornleifa, og sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið um, að friðhelgi þeirra sé lýst á þingi.

22. gr.

Sóknarnefnd lætur gera griphelda girðingu um niðurlagðan kirkjugarð og heldur henni við á kostnað sóknarkirkjugarðsins, á meðan vel sést til leiða í kirkjugarðinum. Næstu 20 ár eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður má þar jarða einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar, en skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja hæfilega fjárupphæð í legstaðasjóð, honum til viðhalds.

23. gr.

Nú eru liðin meira en 20 ár frá því er kirkjugarður var lagður niður, og vill meiri hluti atkvæðishærra manna á lögmætum safnaðarfundi slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Skal það þá heimilt, ef ráðuneytið samþykkir, að fengnum tillögum biskups og fornmenjavarðar.

Eru þá öll minnismerki í garðinum á ábyrgð vandamanna hinna látnu, en heimilt er þeim að halda slíkum legstöðum óhögguðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, er óviðurkvæmilegt er, að dómi prófasts. Ekki má þar neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragreftri eða skurðagerð, fyrr en 100 ár eru liðin frá því, er þar var síðast jarðað. Þó getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar liðin eru 60 ár.

Nú hefir ráðuneytið leyft að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð. Getur það þá mælt svo fyrir, að þau minnismerki, sem þar eru og enginn hirðir um, séu flutt til sóknarkirkjugarðsins á kostnað hans, og komið þar fyrir í garðinum í skipulegri röð, á þeim stað, er prófastur telur bezt fara.

24. gr.

Prófastur felur sóknarpresti að gera skrá yfir alla legsteina og minnismerki í niðurlögðum kirkjugörðum, og skal þar öllum merkilegum eða fornum legsteinum lýst sérstaklega. Skrá þessa sendir prófastur biskupi. Leitar kirkjustjórnin þá álits fornmenjavarðar, og skal síðan með þá legsteina fara svo sem hún mælir fyrir um.

25. gr.

Nú brýtur sjór eða vatnsfall gamlan kirkjugarð eða hann eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, og skal þá sóknarnefnd tafarlaust gera prófasti og fornmenjaverði viðvart, enda ber henni eftir samráði við þá að gera svo fljótt sem verða má, á kostnað kirkjugarðs sóknarinnar, þær ráðstafanir, er þyrfa þykir.

Um líkhús o. fl.

26. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, ef safnaðarfundur samþykkir, að láta reisa líkhús við kirkju eða í kirkjugarði, á kostnað kirkjugarðsins. Ennfremur verkamannaskýli í kirkjugarði, eða við hann, með nauðsynlegum þægindum fyrir starfsmenn kirkjugarðsins.

27. gr.

Áður en sóknarnefnd framkvæmir verkið skal hún tilkynna það prófasti, en hann aftur kirkjustjórninni. Felur hún þá húsameistara að gera uppdrátt

að byggingunni, og skal síðan fara eftir þeim uppdrætti, eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

28. gr.

Líkhús skal vera úr steinsteypu og með steinsteyptu gólfi, eða öðru jafnhentugu til sótthreinsunar, að dómi héraðslæknis. Skulu veggir og gólf vandlega sléttuð og séð fyrir nægilegri loftræslu. Í líkhúsi og verkamannaskýli skal vera vatnsveita og frárennsli, ef við verður komið.

Um fjárhag kirkjugarða.

29. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu samþykki safnaðar- og héraðsfundar, að taka upp legkaup í sókn sinni, með samþykkt, er ráðuneytið staðfestir.

Sóknarnefndin innheimtir þá legkaupið gegn 6% innheimtulaunum.

30. gr.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefndin gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefndin þá jafna því, er á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, sbr. þó ákvæði 38. gr.

Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar.

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum, eða innheimtumönnum sveitarsjóða, er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun.

31. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir í lögum þessum.

32. gr.

Um reikningshald kirkjugarðs- og legstaðasjóðs, svo og hvenær reikning skuli senda prófasti, og um ábyrgð sóknarnefndar, gilda sömu ákvæði sem um reikningshald safnaðarkirkna.

Um heimagrafreiti.

33. gr.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreit á jörð sinni fyrir sig og vandamenn sína, og sendir hann þá beiðni um það til biskups.

Beiðninni skal fylgja uppdráttur af reitnum með fyrirhugaðri girðingu ásamt vottorði hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um það, að staður sé vel valinn.

35. gr.

Biskup leggur síðan beiðnina, ásamt fylgiskjölum, fyrir ráðuneytið ásamt tillögum sínum, og getur ráðherra veitt umsækjanda leyfið, ef hann fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Setur hæfilegt veð fyrir því, að hann reisi í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt uppdrætti.
b. Leggur hæfilega upphæð í sjóð til viðhalds grafreitnum, eigi minna en 150 kr. Skal féð varðveitt og ávaxtað í legstaðasjóði sóknarkirkjugarðsins og sóknarnefnd hafa á hendi eftirlit reitsins, nema stofnandi hafi aðra skipun gert um fjárfar og eftirlit með skipulagsskrá.
c. Greiðir hundraðsgjald í kirkjugarðssjóð, sbr. 30. gr.

36. gr.

Prófasti er skylt að hafa eftirlit með heimagrafreitum á yfirreiðum sínum.

Um grafreiti utanþjóðkirkjumanna.

37. gr.

Heimilt er viðurkenndum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar að taka upp sérstakan grafreit, með samþykki ráðuneytisins.

Setur ráðuneytið þá safnaðarstjórninni allar hinar sömu reglur um skipulag, umgengni og viðhald slíkra grafreita sem sóknarnefndum þjóðkirkjusafnaða, að því er við á. Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir að greiða hundraðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar, meðan þeir halda reitnum sómasamlega við og fylgja settum reglum.

Um reglugerð, samþykktir o. fl.

38. gr.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða í samráði við biskup. Skal þar setja nánari ákvæði og leiðbeiningar um ýmis atriði, er snerta kirkjugarða, svo sem um umgengni þeirra, útmælingu legstaða, ættargrafreiti, tilhögun á greftri o. fl. þess háttar.

39. gr.

Sóknarnefndum er heimilt, með leyfi safnaðar- og héraðsfundar, að setja nánari ákvæði um kirkjugarð og greftrun í samþykkt, er ráðherra staðfestir,

samkvæmt tillögum biskups. Má þar setja ákvæði um legkaup, gjald fyrir grafkapellur og um gerð þeirra, lokunartíma kirkjugarða i kaupstöðum og það annað, sem nauðsynlegt þykir að haga eftir staðháttum.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—500 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa kann út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, lög nr. 29, 15. júni 1926, um líkhús. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

42. gr.

Meðan verið er að koma lögum þessum í framkvæmd er ráðuneytinu heimilt að taka sérfróðan mann sér til aðstoðar, til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Nd. 784. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um húsaleigustyrk úr ríkissjóði handa gagnfræðaskólum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

Þó aðeins að svo miklu leyti, sem þeir þurfa að leigja húsnæði af öðrum en viðkomandi bæjarsjóði.

Ed. 785. Þingsályktun

um leigu á landi Garðakirkju á Álftanesi.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leigja Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heimajarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi jarðarinnar.

Nd. **786. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 760 [Ábúðarlög].

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 4. brtt. Á eftir »æfilangt« komi: nema leiguliði óski annars eða nauðsyn beri til að ráðstafa jörð um tiltekinn tíma.

Ed. **787. Frumvarp**

til ábúðarlaga.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð nefnist í lögum þessum hvert það sveitabýli, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda fleyti býlið 6 kúgildum hið minnsta.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær séu hver um sig ekki lifvænleg býli, og því aðeins, að úttektarmenn telji sameiningu nauðsynlega.

Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, nema úttektarmenn leyfi, sbr. þó 3. gr.

Ákvæði þetta nær þó ekki til ábúðar þeirra jarða, sem öðlazt hafði gildi í síðasta lagi i fardögum 1931.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið.

3. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn ákveðnu eftirgjaldi. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni næsta ár sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

4. gr.

Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, enda samþykki landsdrottinn þá byggingu. Ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum til landsdrottins. Sama gildir um ábúðarrétt þeirra manna, sem sveitarstjórn leigir jörðina, og ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 23. gr.

Um ábúðarsamning fer eftir lögum þessum um öll þau atriði, sem eigi greinir í byggingarbréfi.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörðu, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið um samið. Ef úttektarmenn telja, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæta honum allan skaða, er hann bíður af því að komast ekki að jörð, hvorttveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja æfilangt, og hefir ekkja landseta ábúðarréttinn, þar til hún giftist af nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barnabarni til ábúðar, nema landsdrottinn hafi skuldbundið sig til ann-

ars í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. Skulu húsin vera hæfilega stór til þess að nytja megi jörðina, jafnvel þó ræktun aukist nokkuð. Leita má álits héraðslæknis um bæjarhús.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur, að mati úttektarmanna.

12. gr.

Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra. Leiguliðabótin má þó aldrei vera hærri en ½% af steinbyggingum og 1% af byggingum úr öðru efni. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiðast í sérstakan sjóð, er nefnist Endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og atvinnumálaráðuneytis. Hver jörð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar. Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari reglur um sjóðinn.

13. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki fyrnist umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna.

14. gr.

Skyldir eru úttektarmenn, hvenær sem landsdrottinn eða leiguliði krefst þess, að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sérstaklega athuga, hvernig gengið hefir verið um húsin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rétti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörðu, sem eru henni nauðsynleg, að dómi úttektarmanna, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs, og er þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem metið er.

Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að selja öðrum þau til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna húsagerðarinnar, ella sparisjóðsvöxtum.

Sama gildir, ef endurnýja þarf bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að gera þau. En þá skal jafnan draga frá kostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefir lagt til nægileg peningshús, sem enn eru að dómi úttektarmanna í nothæfu ástandi, en verða nú eigi notuð að fullu vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni.

17. gr.

Séu hús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En falið getur landsdrottinn leiguliða að annast vátryggingu fyrir sína hönd.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn samþykki annað, sbr. þó 3. gr.

19. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af

sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

20. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

21. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

22. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Ef eggver eða selalátur fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

23. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra, eftir skattmati, og skila þeim fullgildum við brottför.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot áhúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

25. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum leiguliðaafnot eða húsmennskuafnot af leigujörð sinni nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunnjörð hans þarf með. Heimilt er honum og að láta í té nokkrar landsnytjar heiminda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem ilismönnum, sem vinna að búi hans. Ennfremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefir aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess í öllum tilfellum, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar ekki rýrni eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar.

26. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, svo að tún og engi fara í órækt eða hús og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

27. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Jarðarafgjöld öll skal greiða eftir á ár hvert fyrir veturnætur. Nú greiðir leiguliði eigi jarðargjöld að fullu fyrir uæstu jól eftir eindaga, og getur þá landsdrottinn byggt honum út, enda sé útbygging birt í síðasta lagi 15. janúar næstan á eftir.

28. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

29. gr.

Hvarvetna þess er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvisi sé mælt í lögum þessum.

Útbygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

30. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, sbr. þó 1. tölul., ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 19. gr.
2. Brýtur fyrirmæli 25. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
4. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 27. gr.

5. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það bréflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

32. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

33. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 29. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sina ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

34. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leiguliði leggur til sem svarar leiguliðabót af húsinu, að því leyti, sem hún er eigi áður greidd, svo og allt innlent efni. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerðina.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári án mjög mikils kostnaðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar hálfu ársafgjaldi af jörðinni. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklum hluta eftirgjalds nemi árlega um ákveðinn tíma, og er landsdrottni skylt að setja niður eftirgjald, er nemi að minnsta kosti ⅔ af skemmdunum eins og þær eru metnar árlega, hlutfallslega við eftirgjaldið.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðargjöldum fyrir sérstakar ástæður.

36. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðilja krafizt þess, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð, með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður. Nú telur annarhvor aðila leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa ⅔ rekans og leiguliði ⅓. Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur, og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, ef sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer eftir ákvæðum, er fram séu tekin í byggingarbréfi.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

Allt, sem áður hefir fylgt leiguliðanotum á sjávarjörð, svo sem sölvatekja, kúfisktekja o. þ. h., má ekki undanskilja leiguliðanotum.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu eftir því sem úttektarmenn meta. Heimilt er leiguliða þess utan að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, án samþykkis landsdrottins, ef þær eru að mati þeirra manna, sem umsjón hafa með mælingum á jarðabótum, sem styrktar eru af ríkisfé, vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig, að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina.

41. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar þeim vöxtum, er landsdrottinn verður að greiða af láni því, er hann kann að taka vegna hennar, ella sparisjóðsvöxtum.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti þeirra manna, er mælingar hafa á jarðabótum, er styrktar eru af ríkisfé, er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina.

43. gr.

Krafa sú, sem leiguliði á á landsdrottin, sbr. 40. og 41. gr., og fyrir jarðarhúsabyggingar á jörðinni samkvæmt 15. og 16. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins næst eftir þær forgangskröfur, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta á jörðinni, er landsdrottinn á og gerðar hafa verið eftir að síðasta fasteignamat fór fram, enda sé honum gefinn greiðslufrestur ekki skemmri en 1 ár, en leiguliði neitar að kaupa, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og skal víkja fyrir hinum nýja eiganda í næstu fardögum að ársfrestinum liðnum.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara fyrir 20. júní.

Gera skal viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti mætt þar og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn eftir tillögum sveitarstjórnar. Varamaður er við úttektir í forföllum annarshvors aðalmanns, ef annarhvor úttektarmaður er svo nákominn aðilja, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, eða ef úttektarmenn greinir á.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Ef þeir deyja eða hætta við starfann á þeim tíma, skal á sama hátt skipa í stað þeirra. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins yngri en 60 ára eru skyldir að taka við útnefningu.

Þeir úttektarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættis- eða sýslunarmanna, skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparvottorð um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64 frá

14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.

2. Fyrir virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 4 krónur, auk ferðakostnaðar, sem lög nr. 64 frá 14. nóv. 1917 ákveða, og greiðist af þeim, er krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 15. gr., að hálfu hvor.

49. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða og skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 14. gr. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðiljar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðiljar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64 14. nóv. 1917.

50. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefir verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir.

Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og nákvæmlega kynnast öllum jarðarnytjum og meta, hvort jörð er sæmilega setin.

51. gr.

Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi þær bætur til viðtakanda, er honum kann að hafa verið gert að greiða, nema samkomulag verði milli viðtakanda og fráfaranda um greiðslu á þeim. En ef ekki verður samkomulag og fráfarandi greiðir ekki bæturnar, getur viðtakandi krafizt þess, að úttektarmenn geri þegar lögtak þeim til lúkningar í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á. Nú fær viðtakandi ekki bætur greiddar að fullu, þótt hann hafi að lögum krafizt þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar.

52. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðiljar koma sér saman um að æskja skipta á.

53. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, getur hann krafizt yfirúttektar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga úttekt á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

XI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt, eftir að lög þessi öðlast gildi.

55. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1 12. jan. 1884, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ed. 788. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 11. gr. B. 4. Nýr liður:
Til ríkisskattanefndar 5000

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 12. gr. 18. m. Nýr liður:
Til Sigurðar Sigurðssonar frá Húnstöðum, til þess að ljúka framhaldsnámi í læknisfræði 2000

III. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 12. gr. 18. q. Nýr liður:
Til Guðbjarts J. Sigurjónssonar, til dvalar á fávitahæli 1500

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Fyrir »60000« kemur... 250000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 10000

VI. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Ágústs Sigurðssonar, til tungumálanáms 1200

VII. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Jóns Gissurarsonar, til verzlunarfræðináms í þýzkum háskóla 1000

VIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 14. gr. B. XV. 3 (Ósk).
Fyrir »4500« kemur 6000

IX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 13. Nýr liður:
Til Bókmenntafélags jafnaðarmanna 1200

X. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 15. gr. 13. Nýr liður:
Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn þreföldu framlagi annarsstaðar að 800

XI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
1. Við 15. gr. 22 (Halldór K. Laxness).
Fyrir »1600« kemur 1000
2. Við 15. gr. 24 (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »1600« kemur 1000

XII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 28. Nýr liður:
Til Þórhalls Þorgilssonar, til útgáfu kennslubókar í ítölsku, fyrri greiðsla 1000

XIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 15. gr. 31. Nýr liður:
Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðaldamenningarsögu 1500
2. Við 16. gr. Nýr liður á undan tölul. 1.
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 400000
gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði, er nemi helmingi framlags þeirra.

XIV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
1. Við 16. gr. 2. Nýr liður:
Til að ljúka við uppdrætti og áætlanir af mælingum þeim, sem framkvæmdar hafa verið á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 5000
2. Við 16. gr. 13. b. Nýr liður:
Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga 300

XV. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til ráðningarstofu kvenna í Reykjavík 2000

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 17. gr. 11. Nýr liður:
Til gesta- og sjómannahæla Hjálpræðishersins:

a. í Reykjavik	1000
b. í Hafnarfirði	500
c. á Ísafirði	500
d. á Siglufirði	500
e. á Akureyri	500
f. á Seyðisfirði	500
	3500

XVII. Frá *Jakob Möller.*
Við 17. gr. 23. Nýr liður:
Til Elliheimilisins »Grundar« í Reykjavik 5000

XVIII. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 18. gr. II. d. 38. (Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja).
Fyrir »300« kemur 500

XIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. f. 2. (Böðvar Jónsson póstur).
Fyrir »300« kemur 400

XX. Frá *þjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. f. 24. Nýr liður:
Til Jóns Jónssonar í Galtarholti, fyrrv. pósts 200

XXI. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 18. gr. II. g. 8 (Einar Benediktsson).
Fyrir »4000« kemur 5000

XXII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. g. 12 (Guðm. Kamban).
Fyrir »2000« kemur 1000

XXIII. Frá *Einari Arnasyni.*
Við 18. gr. II. i. 25. Nýr liður:
Til Guðrúnar Jóhannesdóttur ljósmóður 300

XXIV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 18. gr. II. i. 54. Nýr liður:
Til Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala 300

XXV. Frá *Einari Arnasyni.*
1. Við 22. gr. III. (Tunnuverksmiðja Siglufjarðar). Aftan við liðinn bætist: og allt að 50 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp árlega.
2. Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að veita Ingólfi G. S. Espholín allt að 20 þús. kr. styrk, þó ekki yfir helming stofnkostnaðar, til að koma á fót verksmiðju til frystingar á skyri til útflutnings, enda sé fyrirtækið stofnað og starfrækt í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Ed. **789. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **790. Lög**

um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí).

Meginmál laganna samhljóða frv. á þskj. 773.

Ed. **791. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga til fisksölufélaga, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 100 þús. kr. á árunum 1932 og 1933, og er ríkisstjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

5. gr. laganna verði þannig:

Nú leigir fisksölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á ísvörðum fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.

Ed. 792. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 793. Þingsályktun

um greiðslu fyrir ljóslækningar styrkhæfra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí).

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr ríkissjóði, eins og gert var til ársloka 1929, kostnað við ljóslækningar berklaveikra sjúklinga, sem samkvæmt berklavarnalögunum eru úrskurðaðir af stjórnarráðinu hæfir til ókeypis læknishjálpar. Greiðslan skal fara eftir samningi, sem landlæknir gerir frá ári til árs við ljóslækningastofur, enda séu þær viðurkenndar af yfirlækni ljóslækningadeildar landsspítalans og landlækni.

Ed. 794. Breytingartillaga

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 8. gr. Tvær síðustu málsgreinarnar orðist svo:
Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldómaraem-

bætti, og skal síðan gera tillögu til konungs um veitinguna samkvæmt ályktun ráðherrafundar.

Er veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal ályktun um það sömuleiðis gerð á ráðherrafundi.

Ed. 795. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

I. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir »9750« kemur 9900
b. Í aths. bætist nýr liður á eftir 21.:
Til Reykjarfjarðarhrepps 150 kr.

II. Frá *Jóni Jónssyni.*
1. Við 12. gr. 5. (Lúðvik Nordal).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 14. gr. B. II. b. (Námsst. skv. ákvörðun menntamálaráðs).
Liðurinn fellur niður.

III. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Leifs Ásgeirssonar, til lokanáms í stærðfræði í Þýzkalandi 1000

IV. Frá *Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Húsmæðrafræðsla á Hallormsst.).
Fyrir »6000« kemur 7500

V. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til útgáfu þýzk-íslenzkrar orðabókar, fyrri greiðsla af tveim 2500
Til vara 2000

VI. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 16. gr. 13 b. Nýr liður:
Til Halldórs Kr. Jónssonar, til dýralækninga 300

VII. Frá *Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til laxastiga í Lagarfljóti 700

VIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvikur 300

IX. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að endurgreiða Boga Brynjólfssyni sýslumanni úr

lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, ef hann lætur af embætti og afsalar sér rétti til eftirlauna.

Ed. 796. Lög

um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí).

1. gr.

Á eftir „Hóls“ í 2. málsgr. 12. gr. laganna komi: Ögur, — og í stað „Nauteyrar“ í sömu málsgr. sömu gr. komi: Ólafsfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Ed. 797. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí).

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr. og á eftir henni komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má, að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.
e. Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi tvær nýjar greinar, er verða 9. og 10. gr., svo hljóðandi:

a. Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Ráðherra getur einnig falið honum eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum reglugerða um varnir gegn útvarpstruflunum, um loftnet fyrir útvarpstæki o. fl.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

b. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Skal gjald þetta miðast við stærð rafala í orkuveri, og má eigi nema meiru en

einni krónu af hverju kílówatti málraun þeirra. Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjalds þessa, og má taka það lögtaki.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

5. gr.

7., 8. og 9. gr. laganna verði 11., 12. og 13. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 7, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 798. Lög

um kirkjugarða.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí).

Meginmál laganna samhljóða frv. á þskj. 783.

Nd. 799. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að í frv. felist nokkur bót á ástandi því, sem nú er á fátækraframfærslunni, og að það geti hjálpað þeim hreppum, sem verst eru staddir nú í þeim efnum. Hinsvegar telur hann enga ástæðu til að nema burt þá hjálp, sem hingað til hefir verið veitt af ríkinu, enda þótt í hlut eigi stundum bæjar- eða sveitarfélög, sem hafa hlutfallslega létta fátækraframfærslu. — Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 3. gr. Í stað „66. gr. orðist þannig“ komi: Á eftir 67. gr. komi ný grein, 68. gr., er orðist þannig.

3. Við 4. gr. Í stað „67. gr. orðist þannig“ komi: á eftir 69. gr. komi ný gr., er orðist þannig.

(Önnur greinatala frv. breytist skv. því).

Alþingi, 21. maí 1932.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm.	Þorleifur Jónsson.

Ed. 800. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933.

Frá dómsmálaráðherra.

I. Við 15. gr. 23. Nýr liður:
Til Gunnlaugs Blöndals málara 1200

II. Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á viðlagasjóðsláni Stefáns skálds frá Hvítadal 8000

Ed. 801. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. maí 1932.

Einar Árnason, form.	Jón Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, framsögum.

Ed. **802. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1933.

(Eftir atkvgr. um brtt. við 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1933 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.--5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	330000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1170000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	45000	
6.	Vitagjald	400000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	375000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	100000	
			1500000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13.	Tóbakstollur	1000000	
	Flyt ...	1500000	3470000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	3470000
14. Kaffi- og sykurtollur		975000	
15. Annað aðflutningsgjald		200000	
16. Vörutollur		1300000	
17. Verðtollur		1100000	
			5075000
18. Gjald af innlendum tollvörum			150000
	Samtals ...	... ...	8695000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
I. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagn. Símans	264900	
2. — Vineinkasölu	710000	
3. — Ríkisprentsmiðju	40000	
4. — Ríkisvélsmiðju	25000	
5. — Vífilsstaðabús	4000	
6. — Kleppsbús	3000	
7. — Tóbakseinkasölu	200000	
Samtals ...	... ...	1246900
II. Frá dregst:		
1. Rekstrarhalli Póstsjóðs	13000	
2. — Útvarps	27600	
		40600
Eftir	... ...	1206300
Sundurliðun.		
Póstsjóður.		
I. Tekjur		600000
Flyt ...	... ...	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	600000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		212000	
2. Póstflutningar		270000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	30000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	18300		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10700		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	12000		
		131000	
			613000
Fært á 3. gr. A. II. 1		... ...	13000
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasima í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	60000		
2. Ritsimastöðin i Reykjavík	157000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsiminn i Reykjavík	380000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsimastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Hafnarfirði.	18500		
11. Simastöðin i Vestmannaeyjum	23500		
12. Simastöðin á Siglufirði	17000		
Flyt ...	845000	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 845000	25000	1750000
13.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
14.	Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl. 90100		
		1055100	
	Uppbót á launum símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum og verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	60000	
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Áframhaldsgjald	25000	
h.	Til kennslu fyrir símamenn	1000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	1500	
j.	Ýms gjöld	6000	
k.	Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	70000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1485100
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	264900
	Eignahreyfingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson		58700
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa, afborgana af húseign á Seyðisfirði o. fl.		60000
III.	Til nýrra símalína ... ... að því tilskildu, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð.		60000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	178700
	Vínein kasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýms rekstrarkostnaður	184000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	6000	190000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	710000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	17000		
2. Útvarpsstöðin	52000		
3. Útvarpssalur	18000		
4. Útvarpsefni	70000		
5. Skrifstofan	15000		
6. Viðgerðarstofan	20000		
7. Óviss gjöld	10000		
8. Húsaleiga, hiti o. fl.	25000		
		227000	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		21500	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		29100	
			277600
II. Tekjur			250000
Fært á 3. gr. A. II. tekjuhalli			27600
Eignahreyfingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124040
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs			25000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar			3500
4. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		51780	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350 þús.)	21600		
2. Ýms rekstrarkostnaður...	26680		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3500		
		51780	
Samtals ...		... ...	28600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Aðrir vextir..		350195
Samtals ...	... ...	550195

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Arið 1933 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		125096,93
2. Dönsk lán, danskar kr. 128395.86 á 122.00		156642,95
3. Ensk lán, £ 46295 - 12 - 0 á 22.15		1034447,57
4. Aðrir vextir		90000,00
Samtals ...	... ...	1406187,45

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		73200

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4000
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		4067
Samtals ...	... ...	233067

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	33375		
b. Til risnu	6000		
		39375	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		90225	
4. Annar kostnaður		50000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		32000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
Flyt ...		217600	

		kr.	kr.
	Flutt ...	217600	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	18000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		19700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		5000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		3667	
			245967
II. Hagstofan:			
1. Laun		12250	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		12000	
3. Prentun eyðublaða.		1500	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		23000	
			53750
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs i Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	6000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds...	20000		
		71000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		14600	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		5000	
			94600
	Samtals ...	... ...	394317

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	29375	
b. Annar kostnaður, allt að	5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.		
		34375
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		142425
3. Laun hreppstjóra..		24000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld	6500	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	1000	
		34700
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 5 skrifara	20000	
b. Laun 6 tollritara...	30000	
c. Aðstoð og aukavinna	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	7200	
e. Innheimtukostnaður	18000	
f. Ýms gjöld, allt að	14000	
		99200
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	25000	
b. Húsaleiga	5000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Yms gjöld	3500	
		3590
7. Toll- og löggæzla		70000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		90000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 250000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
Flyt ...	... ...	850600

	kr.	kr.
Flutt ...		850600
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa ... ... (Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		13770
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni ... ... (Þar af fyrning kr. 6250, sjá 20. gr.).		21250
13. Sakamálakostnaður og lögreglumála		30000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... ...	922620
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	45000	
b. Fyrir embættisskeyti	55000	
		100000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		45000
5. Til ríkisskattanefndar		5000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		30000
Samtals B. ...	... ...	211000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		227250
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		5500
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9900
Flyt ...	... ...	242650

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	242650
Styrkurinn skiptist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sléttu-, Grunnavikur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Nauteyrarhrepps 300 kr. — 22. Til Reykjarfjarðarhrepps 150 kr. — 23. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 24. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5. Til Lúðviks Nordals, læknis á Eyrarbakka, til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu		1000
6. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	800	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	800	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	800	
		2400
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eski-		
Flyt ...	... ...	247250

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	247250
	fjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
7.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
8.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
9.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2000
10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		1500
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
11.	Til Guðmundar Karls Péturssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis		1500
12.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		47000
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	41000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 79000		
	2. Fæði 68000		
	3. Þvottur og ræsting 32000		
	4. Lyf og umbúðir 17000		
	5. Ljós og hiti 24000		
	6. Viðhald og umbætur 25000		
	7. Skattar 5000		
	8. Ýms gjöld 16500		
	9. Fyrning húsa og áhalda 24000		
		290500	
	C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar, þar í fæði ljósmæðranema	8000	
	Flyt ...	339500	300850

		kr.	kr.
	Flutt ...	339500	300850
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	232000		
2. Tekjur af röntgendeild	45000		
3. Skurðstofugjald o. fl.	15500		
		292500	
	Mismunur ...	47000	
13. Holdsveikraspítlainn			64590
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7125	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	11400		
2. Viðurværi 35 manna	13700		
3. Klæðnaður	1400		
4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Húsbúnaður og áhöld	1800		
7. Viðhald á húsum	2500		
8. Þvottur og ræsting	1500		
9. Flutningskostnaður	1000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar o. fl.	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	8265		
		57465	
		64590	
14. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			45268
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	12000		
2. Kaup daglaunamanna	750		
3. Matvæli	26000		
4. Fatnaður sjúklinga	3000		
Flyt ...	41750	6125	410708

		kr.	kr.
Flutt ...	41750	6125	410708
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	6000		
9. Þvottur og ræsting...	3500		
10. Flutningskostnaður...	1600		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar m. m....	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	6480		
		74730	
		80855	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 65 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		35587	
Mismunur ...		45268	
II. Nýi spítalinn			52083
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6125	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna fastra	25000		
2. Kaup daglaunamanna	1500		
3. Matvæli	30000		
4. Fatnaður sjúklinga	2500		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3000		
7. Ljós og hiti	12000		
8. Viðhald og áhöld	3500		
9. Þvottur og ræsting	5500		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Skemmtanir	500		
12. Óviss útgjöld	1500		
13. Fyrning húss og áhalda (sjá 20. gr.)	10958		
		99958	
Flyt ...		106083	462791

		kr.	kr.
	Flutt ...	106083	462791
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		54000	
Mismunur ...		52083	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			410
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6125	
B. Laun aðstoðarlæknis		5200	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Viðurværi..	85000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	10000		
4. Ljós og hiti	31500		
5. Þvottur og ræsting..	7500		
6. Viðhald húsa...	5000		
7. Viðhald véla	3000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	10000		
9. Flutningskostnaður..	4500		
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	9110		
		202610	
Þar frá dragast þessar tekjur:		213935	
Meðgjöf með 105 sjúklingum, 5 kr. á dag	191625		
Meðgjöf með 15 börnum, 4 kr. á dag ...	21900		
		213525	
Mismunur ...		410	
16. Heilsuhælið á Reykjum i Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður			500
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks		9000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði...	14000		
2. Lyf og hjúkrunargögn	1000		
3. Ljós	1000		
Flyt ...	16000	9000	463701

		kr.	kr.
Flutt ...	16000	9000	463701
4. Þvottur og ræsting...	2000		
5. Viðhald húsa og áhalda	2000		
6. Flutningur og símakostnaður	2000		
7. Óviss gjöld	1500		
8. Fyrning húsa og áhalda	3000		
		26500	
Þar frá dregst:		35500	
Daggjald sjúklinga 7000 legud., 5 kr. á dag		35000	
Mismunur ...		500	
17. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			770
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		5600	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	19200		
2. Fæði...	45000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	3200		
4. Ljós og hiti	9000		
5. Þvottur og ræsting...	2500		
6. Viðhald húsa og véla	4500		
7. Viðhald læknistækja	500		
8. Húsbúnaður og áhöld...	5500		
9. Flutningskostnaður	3900		
10. Yms gjöld	11000		
11. Fyrning húsa og áhalda	7670		
		111970	
Hér frá dregst:		117570	
Daggjald 64 sjúklinga, 5 kr. á dag		116800	
Mismunur ...		770	
18. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Sjúkrahús og sjúkraskýli, sem styrksins vilja verða aðnjótandi, sendi umsóknir um hann fyrir 1. október, enda fylgi umsóknunum rekstrarreikningar, gerðir eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.		15000	
Flyt ...		15000	464471

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	464471
	Styrkupphæðirnar miðast við fjölda legudaga, enda fari tekjur þær, sem sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið hefir af hverjum sjúklingi á legudag, að viðbættum styrknum fyrir hvern legudag, ekki fram úr þeirri upphæð, sem talizt getur sanngjarnt kostnaðarverð á hverjum stað, miðað við sjúkrahúsrekstur í landinu yfirleitt. Það er og skilyrði fyrir styrkveitingu, að sjúklingar þeir, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum eða sjúkraskýlunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		
b.	Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli...	8000	
c.	Til þess að kaupa ferðaröntgentæki	3500	
d.	Bólusetningarkostnaður	3500	
e.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
f.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	1500	
g.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	8000	
h.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
i.	Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
j.	Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
k.	Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	500	
l.	Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	2000	
m.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
n.	Til Sigurðar Sigurðssonar frá Húnstöðum, til þess að ljúka framhaldsnámi í læknisfræði	2000	
o.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1600	
p.	Til Gísla Andréssonar, sjúkrastyrkur	1200	
q.	Til frú Sigríðar Kjartansdóttur, vegna sjúkleika manns hennar, sr. Jakobs Ó. Lárnssonar	3000	
r.	Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1500	
			74100
19.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		80000
	Samtals ...	... ...	618571

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			kr.	kr.
	A.			
	Vegamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	1. Laun vegamálastjóra ...		7125	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings ...		6125	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að ...		5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að ...		16000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að ...		13000	
II.	Þjóðvegir.			47250
	a. Til nýrra akvega:			
	1. Kjósarvegur ...	10000		
	2. Stykkishólmsvegur ...	10000		
	3. Vesturlandsvegur ...	5000		
	4. Holtavörðuheiðarvegur ...	30000		
	5. Geiradalsvegur ...	4000		
	6. Breiðadalsheiðarvegur i Ísafj.s. ...	5000		
	7. Húnavatnssýsluvegur ...	5000		
	8. Hofsósvegur ...	5000		
	9. Blönduhlíðarvegur ...	10000		
	10. Öxnadalsvegur ...	5000		
	11. Ljósavatnsskarðsvegur ...	13000		
	12. Þistilfjarðarvegur ...	7000		
	13. Bakkafjarðarvegur ...	5000		
	14. Jökuldalshlíðarvegur ...	5000		
	15. Breiðdalsvegur ...	5000		
	16. Geithellnavegur ...	5000		
	17. Brunahraunsvegur ...	6000		
	18. Fjallabaksvegur ...	10000		
	19. Hreppavegur ...	5000		
			150000	
	b. Viðhald og umbætur ...		500000	
				650000
III.	Til brúargerða ...			60000
IV.	Fjallvegir ...			15000
	Þar af 5000 kr. til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi.			
V.	1. Til áhalda, allt að ...		15000	
	2. Til bókasafns verkamanna ...		300	
				15300
		Flyt ...	... ...	787550

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	787550
VI. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	25000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
		105000
VII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
VIII. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
IX. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
X. Vöruflutningastyrkur til hafnleysishéraða á Suðurlandi Styrkurinn greiðist því aðeins, ef frumv. það um skatt af bifreiðum o. fl., er nú liggur fyrir þinginu, verður að lögum. Um úthlutun styrksins til hinna einstöku héraða fer eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur.		20000
XI. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		3000
XII. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		4000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		1248
Samtals A. ...	... ...	926948
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á. (Þar af fyrning kr. 31600, sjá 20. gr.).	256600	
b. Eimskipafélags Íslands	250000	
c. H/f Skaftfellings	24000	
		530600
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		78000
Samtals B. ...	... ...	608600

C. Vitamál og hafnargerðir.	kr.	kr.
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7125	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6125	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, allt að. ...	10000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
5. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	3500	
		29250
II. Laun vitavarða..		25000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000
V. Til áhaldakaupa		5000
VI. Ýmislegt		25000
VII. Til hafnargerðar á Akranesi		25000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/8 kostnaðar, gegn 7/8 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		20000
IX. Til sjómælinga		10000
Fyrning (sjá 20. gr.), ...		89790
Samtals C. ...	... ...	352040

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

A. Kirkjumál.	kr.	kr.
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8125	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10125
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
Flyt ...	420	10125

	kr.	kr.
Flutt ..	420	10125
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	261000	
Stjórninni er heimilt að greiða síra Einari Thorlacius í Saurbæ 1000 kr. úr prestlaunasjóði fyrir að vinna að undirbúningi og fjársöfnun til Hallgrímskirkju, ef hann lætur af prestsskap vorið 1932, enda sé prestakallið með óskertu prestssetri veitt frá næstu fardögum.		
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	800	
6. Embættiskostnaður presta	60000	
7. Til húsabóta á prestssetrum	24000	
		354220
Samtals A. ...	... ...	364345
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	102375	
b. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
c. Til kennslu i söng	800	
d. Til kennslu í bókhaldi	400	
e. Námsstyrkur	15000	
f. Húsaleigustyrkur	9000	
g. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	6000	
h. Til kennsluáhalda læknadeildar	800	
i. Til kennslu í efnafræði	1600	
j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
k. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar 4000		
auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
l. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
m. Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu	800	
n. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í Paris, lokagreiðsla	2500	
o. Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	549	
		153974
Flyt ...	... ...	153974

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	153974
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta i erlendum háskólum ...	24000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs	8000	
	Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
c.	Til Jóns Blöndals, til lokanáms í hagfræði ...	1200	
d.	Til Jóns Gauta Jónatanssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði i Þýzkalandi	1800	
e.	Til Ingólfs Þorsteinssonar, til þess að nema vélaverkfræði við háskóla erlendis	1200	
f.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til að ljúka vélfræðinámi í Þýzkalandi	1000	
g.	Til Yngva Pálssonar, til vélaverkfræðináms ...	1200	
h.	Til Jóns Gissurarsonar, til verzlunarfræðináms í þýzkum háskóla	1000	
i.	Til Leifs Ásgeirssonar, til lokanáms í stærðfræði í Þýzkalandi	1000	
			40400
III.	Fræðslumálastjórnin:		
1.	Laun fræðslumálastjóra	7125	
2.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	800	
3.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að ...	5000	
			12925
IV.	Menntaskólinn almenni:		
a.	Laun	71750	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans 800		
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 8000		
3.	Til viðhalds 3000		
4.	Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að 7000		
5.	Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 1125		
6.	Námsstyrkur 2800		
7.	Læknisþóknun 400		
8.	Til kennslutækja 500		
9.	Ýmisleg gjöld 3500		
	Flyt ... 27125	71750	207299

		kr.	kr.
Flutt ...	27125	71750	207299
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	1500		
12. Til bókasafnsins Íþöku	200		
13. Fyrning (sjá 20. gr.)	6515		
		35540	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			107290
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		39225	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	20000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	500		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	1000		
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds	3000		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
9. Fyrning (sjá 20. gr.)	7000		
		49000	
VI. Kennaraskólinn:			88225
a. Laun		16375	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3500		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld...	200		
4. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	2500		
5. Til viðhalds	800		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1869		
		14869	
			31244
Flyt ...		... ...	434058

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	434058
VII.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	13000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakennsiu 1500		
	2. Til eldiviðar og ljósa 1800		
	3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra 300		
	4. Ýmisleg gjöld 3000		
	5. Fyrning (sjá 20. gr.) 1285		
		7885	
VIII.	Vélstjóraskólinn:		20885
	a. Laun	8750	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakennslu 1000		
	2. Húsnæði 3800		
	3. Ljós og hiti 500		
	4. Ræsting 600		
	5. Til prófhalda 900		
	6. Ýms gjöld 500		
		7300	
	Við skólana undir liðunum IV.—VIII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef i hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		16050
IX.	Bændakennsla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun 8750		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, allt að 2000		
	2. Til kennsluáhalda ... 600		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 4000		
	10100		
	d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.) 1714		
		22014	
	Flyt ...	22014	470993

		kr.	kr.
	Flutt ...	22014	470993
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Lann	8750		
b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, allt að	2400		
2. Til kennsluáhalda	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	4000		
4. Ýmisleg gjöld	3500		
	10400		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.	1530		
		21980	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skó'unum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			43994
X. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla i Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6500	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1500	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds		1000	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds		1200	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.			
e. Til verklegs framhaldsnáms erlendis		3000	
			13200
	Flyt ...	... ...	528187

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	528187
XI.	Verzlunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5000	
	b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ...	5000	
			10000
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsnæðisstyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 18000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna... ... 1000		
		28000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 12000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 2000		
		14000	
			42000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	360000	
	2. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	70000	
	3. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að	4000	
	4. Til eftirlitskennara	15000	
	5. Utanfararstyrkur handa barnakennurum	1500	
			450500
	Flyt ...	... ...	1030687

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1030687
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	9500		
b. Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	2000		
c. Önnur gjöld:			
1. Til kennsluáhalda ... 400			
2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
3. Ýmisleg gjöld 3000			
4. Til viðhalds... 1000			
	8400		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1680		
		21580	
2. Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		70000	
3. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930. ...		50000	
4. Til Gagnfræðaskóla Reykvikinga		2500	
5. Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		14000	
6. Til bókasafna við unglingaskóla		1600	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum		1600	161280
XV. Húsmæðrafræðsla:			
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga		4500	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað. ... ... Styrkir samkvæmt tölul. 1—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		7500	
3. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		4500	
4. Til húsmæðrafræðslu i Vík i Mýrdal.		800	
5. Til frú Bjargar C. Þorlaksson, til þess að leiðbeina islenzkum konum í næringarefnafræði og blöndun matvæla		2000	19300
	Flyt ...	... ...	1211267

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1211267
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		30975
Þar af fyrning húss kr. 975,00 (sjá 20. gr.). Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til Blindravinafélags Íslands		2600
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu i Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum hjörgunarsund ...	2400	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en rikissjóðsstyrknum nemur.	2400	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
		10100
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XX. Til íþróttakennslu		2400
XXI. Til Íþróttasambands Íslands		5000
Samtals B. ...	... ...	1263842

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21575	
b. Launauppbót til 2. bókavarðar, 1000 kr...	1000	
c. Til aðstoðar	3800	
d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	12000	
e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
f. Til þess að semja og gefa út skrá yfir handrit ...	2400	
g. Til ritaukaskrár	700	
b. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld...	1000	
		45635
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6225	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld..	1000	
		12225
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	6625	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að...	2500	
c. Til þess að útvega forngripi, allt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða...	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12325
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	1800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	6815	
		15115
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
7. Aukastyrkur til fjögurra bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að		
Flyt ...	... ...	90500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	90500
Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	800	
d. Til Bókasafns Hafnarfjarðar	1000	
		6800
8. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði		2500
9. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
10. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 4000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		5400
11. Til Fornleifafélagsins		800
12. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
13. Til Snorrabókasafns í Reykholti		500
14. Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn þreföldu framlagi annarsstaðar að		800
15. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1200
16. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, enda leyfi það, að útvarpað sé án endurgjalds síðustu sýningu hvers leiks...		4000
17. Til frú Soffíu Guðlaugsdóttur, til sjálfstæðra leiksýninga		1000
18. Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
19. Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
20. Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
21. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		1600
Flyt ...	... ...	124400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	124400
22.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
23.	Til Halldórs Kiljan Laxness, til ritstarfa		1600
24.	Til Jóns Leifs tónskálds		1500
25.	Til Gunnlaugs Blöndals málara		1200
26.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		1600
27.	Til Jóns Ófeigssonar yfirkennara, til útgáfu þýzk-íslenzkrar orðabókar, fyrri greiðsla af tveim		2000
28.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		1600
29.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa		2000
30.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1200
31.	Til Ólafs Marteinssonar mag. art., til orðtöku og vísnasöfnunar		1000
32.	Til Skáksambands Íslands		1500
33.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6125	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			7125
34.	Til Odds Oddssonar, til ritstarfa		400
35.	Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðalda-menningarsögu		1500
36.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til þess að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt		1200
37.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
38.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning kr. 1295 (sjá 20. gr.).		4295
39.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6125	
	b. Til sama, til aðstoðar	1000	
			7125
40.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		1600
41.	Ferðastyrkur til útlanda		3000
	Samtals ...	... ...	171645

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		200000
2.	Til sandgræðslu... ... ... Þar af 3000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		30000
3.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		450000
4.	Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		30000
5.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Tillag til teiknistofu og leiðbeininga um húsagerð til sveita	4000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 20000		
	2. Kostnaðartillag 6000		
	3. Hluti af útflutningsgjaldi 50000		
		76000	
6.	Til framhaldslagningar ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, gegn $^1/_3$ framlagi úr bæjarsjóði Vestmannaeyja		280000
			6000
7.	Tillag til verkamannabústaða:		
	a. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 27 1931	70000	
	b. Helmingur af ágóða tóbakseinkasölu	100000	
			170000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að		30000
9.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra...		3400
10.	Til veiði- og loðdýrafélags Íslands		500
11.	Til Ársæls Árnasonar, til innflutnings á grænlenzkum hérum		500
12.	Til skógræktar:		
	a. Laun ... ... Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.	10600	
	b. Til skóggræðslu	7500	
			18100
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	15875	
	Flyt ...	15875	1218500

		kr.	kr.
	Flutt ...	15875	1218500
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
	c. Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga	300	
A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Eftir það greiðir félagsmaður á ári í stofnsjóð fjárhæð, sem nemur 1‰ af kostnaðarverði húsnæðis þess, sem hann hefir eignazt frá félaginu. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tima jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Þá skulu félagsmenn árlega leggja fram fé í rekstrarsjóð, sem eigi nemi minnu en 1‰ og eigi meiru en 2‰ af kostnaðarverði húsnæðis þess, er byggt hefir verið af félaginu. Er þessum sjóði ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrg-

ist ríkissjóður, með sameiginlegri ábyrgð félagsmanna að baktryggingu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hvert um sig hljóðar á fjárhæðir, er fjármálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.
B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.
C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

7. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi þegar kaupin fóru fram verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvila, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar ann-

an endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

13. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 820. Nefndarálit

um skipaútgerð ríkisins, sérstaklega útgerð landhelgisgæzluskipa.

Frá minni hluta ríkisgjaldanefndar, Jóni Þorlákssyni.

Árið 1931 hefir Skipaútgerð ríkisins ráðstafað fé úr ríkissjóði og landhelgissjóði til annars en strandferða, sem hér segir:

	Gjöld kr.	Tekjur kr.	Halli kr.
Samkv. rekstrarreikningi „Óðins“	282314,47	5395,14	276919,33
Samkv. rekstrarreikningi „Ægis“	295401,39	4965,75	290435,64
Samkv. rekstrarreikningi „Þórs“	299488,77	48091,59	251397,18
M/b Geir goði, landhelgisgæzla	14425,50		14425,50
M/b Jón Finnsson, landhelgisgæzla	11369,44		11369,44
Aukaþóknanir fyrir gæzlu	695,00		695,00
Skrifstofukostnaður o. fl. vegna landhelgisgæzlu	15000,00		15000,00
„Margskonar kostnaður“ landhelgissjóðs	30191,10		30191,10
Landhelgisgæzlan alls, halli			890433,19
Þar frá dragast kr. 25000,00 af rekstrarkostnaði Óðins, sem greiddar eru sérstaklega úr ríkissjóði og taldar með kostnaði við hafmælingar			25000,00
Kostnaður við landhelgisgæzluna er þá		kr.	865433,19
Af þessari upphæð hefir ríkissjóður greitt		kr.	535242,09
og landhelgissjóður		—	330191,10

Ennfremur hefir Skipaútgerð ríkisins gert reikninga fyrir eftirfarandi upphæðum:

Hafmælingar og rannsóknir	kr.	51913,70,	greitt úr ríkissjóði.
Rekstur tveggja bifreiða	—	7095,67,	——
Rekstur vitabátsins Hermóðs	—	65932,10,	greitt af vitamálafé.
Útgerðarstjórn sama	—	1500,00,	——

Reikningar þessir gefa tilefni til margskonar athugasemda og yfirvegana, og skal aðeins stuttlega drepið á nokkur atriði.

1. *Samanburður á Ægi og Óðni.* Óðinn kostaði nýr 633 þús. kr., en kaupverð Ægis er talið 981 þús. kr. Þessi mikli verðmunur a skipum svipaðrar stærðar var talinn réttlætast af því, að Ægir mundi verða miklu ódýrari í rekstri, sakir þess að hann notar olíuvél, en í Óðni er gufuvél með kolakyndingu. Reikningarnir sýna, að þessar vonir hafa alveg brugðizt. Ægir er fullt svo dýr í rekstri sem Óðinn. Beinn eldsneytiskostnaður er að vísu ofurlitið lægri hjá Ægi, en sá hagnaður virðist alveg fara í kostnaðarsamari vélgæzlu og meira viðhald. Með 6% ársvöxtum og 20 ára fyrningu samsvarar verðmunur skipanna um 38 þús. kr. árlegri útgjaldabyrði fyrir Ægi. Þegar þingið ákvað að byggja Ægi, gerðu menn sér vonir um, að hann þyrfti ekki að kosta meira en Óðinn hafði kostað, og ef svo hefði farið, þá hefði landhelgissjóður átt að vera sæmilega stæður eftir skipakaupin, en fjárhagur hans lamaðist við þessi kaup, sem kostuðu nál. 350 þús. kr. meira en ætlazt var til.
2. *Kaup og útgerð nýja Þórs.* Nýi Þór virðist hafa kostað landhelgissjóðinn um 220 þús. kr., en vátryggingarupphæð gamla Þórs mun hafa verið 120 þús. kr., og hefir landhelgissjóður því beinlínis orðið af með 100 þús. kr. vegna strandsins á gamla Þór. Í rauninni er rangt að leggja þetta tap á landhelgissjóð, því að skipið var í heimildarlausri snattferð, verkefni landhelgissjóðs óviðkomandi, þegar það strandaði. Ætti því ríkissjóður að bera þetta tap, og dómur að ganga um ábyrgð ráðherra fyrir að hafa stofnað skipinu í voða án heimildar.

   Rekstrarkostnaður Þórs hefir orðið óhæfilega mikill árið 1931. Hefir hann hrúttó orðið yfir 299 þús. kr., eða hærri en rekstrarkostnaður Óðins og Ægis hvors um sig. Stafar þetta að miklu leyti af því, að skipið hefir verið notað til fiskveiða, og frá þeirri starfsemi hafa komið tekjur upp í rekstrarkostnað um 48 þús. kr., þannig að hreinn rekstrarkostnaður hefir orðið 251 þús. kr. Beinn tilkostnaður við fiskveiðar skipsins virðist hafa orðið þessi:

Veiðarfæri	kr.	21458,08
Salt	—	2744,30
Fiskvinna	—	8735,14
Tunnur, salt og pæklun	—	6921,70
Ennfremur áætlað:		
Síldarþilfar, kassar, nótabátauglur, lestarklæðning o. fl.	—	7000,00
Yfirvinna allra skipverja og síldarpremía til yfirmanna áætlað	—	6700,00
	Samtals kr.	**53659,42**

Þessi beini sérstaki kostnaður vegna veiðanna er þannig 5—6 þús. kr. hærri en eftirtekjan af veiðunum. Þar við þarf svo að bæta rekstrarkostnaði skipsins við veiðarnar, þ. e. kolum, mannahaldi og sliti á skipi og vél, og er alveg auðsætt, að stórtap hefir verið á veiðunum móts við það að leggja skipinu upp að einhverju leyti eða nota það á annan hátt.

Andvirði aflans sundurliðar Skipaafgreiðsla ríkisins þannig:

1. Seldur fiskur, aðallega ýsa og þorskur	kr.	29352,94
2. Síld	—	18738,65

Mest af fiskinum í 1. lið var selt til neyzlu í Reykjavík, og virðist mér hin tilfærða upphæð vera lægri en vænta mætti. Ég hefi beðið Skipaútgerð ríkisins um reikninga yfir sölu fiskjarins, en ekki fengið þá, og svarar Skipaútgerðin beiðninni á þessa leið í bréfi dags. 25. apríl síðastl.: „Höfum vér ekki gert samandregið yfirlit um það, hvað selt hefir verið af verkuðum og óverkuðum fiski hvort í sinu lagi, eða hvað selt hefir verið af hverri fisktegund, en látum oss nægja að vitna til afrita af nokkur þúsund sölunótum, sem hægt er að fá aðgang að hér á skrifstofunni".

Virðist mér svarið helzt benda til þess, að reikningar yfir sjálfa fiskverzlunina liggi ekki fyrir. Út af þessu legg ég til, að tafarlaust verði saminn reikningur yfir sölu aflans úr Þór árið 1931 og sá reikningur síðan lagður undir kritiska endurskoðun undir umsjón yfirskoðunarmanna landsreikninganna.

Í annan stað legg ég til, að Þór verði látinn hætta fiskveiðum, þar sem þær auðsjáanlega hafa tap í för með sér, og að selt verði það, sem skipinu kann að fylgja af nýtilegum veiðarfærum.

3. *Bifreiðakostnaður o. fl.* Á reikningi landhelgissjóðs 1931 telur Skipaútgerð ríkisins m. a. þessa kostnaðarliði:

Rekstur bifreiðar	kr.	13402,15
Hestahald	—	2018,52
Risnukostnaður	—	4822,70
Ýmislegt	—	747,73
Samtals	kr.	20991,10

Ennfremur telur Skipaútgerðin á sérstökum reikningi: Rekstrarkostnaður bifreiða R. E. 4 og 8, kr. 7095,67. Upp í þetta er á reikningi landhelgissjóðs tilfærður endurgreiddur bifreiðakostnaður kr. 1300,00, en hann vegur þó ekki upp á móti fyrningu á þeirri bifreiðinni, R. E. 3, sem landhelgissjóður er talinn eiga, og færð er til gjalda í rekstrarreikningi landhelgissjóðs með kr. 2440,00, auk ofangreinds kostnaðar.

Öll þessi fjáreyðsla er heimildarlaus og óþörf, enda ár eftir ár átalin af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna. Enginn fjármálaráðherra getur vænzt þess, að landsmenn taki möglunarlaust við harðhentri niðurfærslu á framlögum ríkissjóðs til nauðsynlegustu þjóðarþarfa, meðan bruðl eins og þetta er látið halda áfram í algerðu heimildarleysi. Annaðhvort verður stjórnin að fá fjárveitingu í fjárlögum til rekstrar þessara

bifreiða, eða þá að selja þær, og létta þar með þessum kostnaði af landhelgissjóði og ríkissjóði.

4. *Útgerð vitabátsins Hermóður.* Rekstrarkostnaður skipsins árið 1931 virðist hafa orðið þessi:

Greitt af Skipaútgerð ríkisins	kr.	65932,10
Útgerðarstjórn til sama	—	1500,00
Greitt af Vitamálaskrifstofunni	—	9226,05
Samtals	kr.	76658,15

Vitamálastjórinn telur engan vinning að því að láta Skipaafgreiðslu ríkisins annast útgerðarstjórn þessa skips að neinu leyti.

5. *Niðurfærsla á útgerðarkostnaði.* Hag landhelgissjóðs er nú, eftir reikningum Skipaútgerðarinnar, þannig komið, að í árslok 1931 er handbær eign hans aðeins þessi:

Innistandandi hjá Skipaútgerð ríkisins	kr.	130759,51
Hjá ríkisféhirði	—	160902,32
Samtals	kr.	291661,83

Hinsvegar voru allar tekjur sjóðsins árið 1931 ekki nema um 200 þús. kr., og er þá auðsætt, að ofvaxið er sjóðnum að leggja til landhelgiskostnaðar svo mikla upphæð árlega, að sá kostnaður megi haldast í svipuðu horfi og 1931, eða í nánd við 900 þús. kr. Er því óhjákvæmilegt að gera tafarlaust ráðstafanir til verulegrar niðurfærslu á þessum kostnaði.

Ég hefi beðið Skipaútgerð ríkisins um tillögur um niðurfærslu á þessum kostnaði, og skýrir hún frá því, að þegar um síðustu áramót hafi verið fækkað nokkuð mönnum á skipunum og reynt að draga eitthvað úr fæðiskostnaði, ennfremur að Þór hafi verið lagt upp frá byrjun maí og hin skipin, eftir því sem hægt var, látin liggja til skiptis í höfn. Ekki var gerð grein fyrir upphæð þeirri, er sparast mundi af þessum ráðstöfunum, en þær virðast enganveginn vera nægilega viðtækar, og frekari uppástungur komu ekki frá Skipaútgerðinni.

Ég hefi tekið til sérstakrar athugunar, hvort ekki mætti spara eitthvað með því að sameina starf vitaskipsins og veiðigæzlustarf Þórs við Vestmannaeyjar. Hefi ég í því skyni fengið hjá Skipaútgerðinni áætlun um mánaðarkostnað við útgerð Þórs og sömuleiðis við að láta skipið liggja ónotað. Geri ég ráð fyrir annarsvegar, að Þór hafi veiðigæzlu við Vestmannaeyjar 4 mánuði, sé lagt upp í 8 mánuði og að útgerð vitabátsins verði haldið áfram eins og hingað til (I), en hinsvegar að Þór sé 4 mánuði við Vestmannaeyjar, 4 næstu mánuði í þjónustu vitamálastjórans og undir hans yfirráðum og lagt upp í 4 mánuði (II). Niðurstaðan verður þessi:

		I.	II.
Útgerð Þórs 4 mán., jan.—apr., á kr. 15750,00 ..	kr.	63000,00	63000,00
Kostn. við að láta Þór liggja í 8 eða 4 mán. á kr. 3100,00	—	24800,00	12400,00
Útgerð Hermóðs fyrir vitana ca	—	76700,00	
Útgerð Þórs maí—ág. fyrir vitana	—		63000,00
Kostnaður samtals yfir árið	kr.	164500,00	138400,00

Eftir þessum tölum virðist vera um 26100 kr. ódýrara að láta „Þór“ einan annast bæði störfin. Fleira kemur þó til greina. Þór er stærri og afkastameiri í flutningum en Hermóður, og mælir þetta frekar með tilhögun II. Máske gæti hann gert landhelgisgæzlunni eitthvert gagn þessa 4 sumarmánuði, og dregur það til sömu áttar. Loks er fyrningarkostnaður og vextir af skipsverði ótalið í samanburðinum, en að sjálfsögðu kostar minna að ávaxta og fyrna Þór einan en bæði skipin. Yrði þessi tilhögun tekin upp, mætti selja Hermóð, og spöruðust þá vextir af söluverðinu, auk fyrningar Hermóðs, með því að taka upp tilhögun II. Ég hefi ekki haft tækifæri til þess að athuga þetta mál nægilega frá öllum hliðum til þess að gera alveg fastákveðna uppástungu um að breyta til á þennan hátt, en legg til, að fullnaðarathugun verði sem fyrst gerð um það, hvort ekki megi spara töluverða fjárhæð á þennan hátt.

Í nefndaráliti um strandferðir hefi ég lagt til, að leitað yrði samninga við Eimskipafélag Íslands um að taka að sér strandferðirnar. Takist þeir samningar í einhverri mynd, tel ég, að Skipaútgerð ríkisins eigi að leggjast niður sem stofnun, enda er hún ekki stofnsett samkvæmt fyrirmælum eða heimild í lögum. Útgerðarstjórn varðskipa er mjög lítið verk, og mætti koma henni fyrir á ódýrari hátt en nú er.

6. *Tillögur.* Samkvæmt framansögðu legg ég til:
   a. Að tafarlaust verði saminn reikningur yfir sölu aflans úr „Þór“ árið 1931 og sá reikningur síðan lagður undir kritiska endurskoðun undir umsjón yfirskoðunarmanna landsreikninganna.
   b. Að „Þór“ verði látinn hætta fiskiveiðum, og að selt verði það, sem skipinu kann að fylgja af nýtilegum veiðarfærum.
   c. Að seldar verði bifreiðar og hestar, sem nú eru eign landhelgissjóðs, og aðrar þær bifreiðar, sem eru nú undir umsjón Skipaútgerðar ríkisins, nema fé sé veitt í fjárlögum til rekstrar þeirra.
   d. Að rannsakað verði til fullnustu, hvort eigi muni reynast ódýrara að láta vitamálastjórann fá Þór til umráða þann tíma ársins, sem hann þarf að hafa skip til flutninga og ferðalaga fyrir vitana, en að hafa sérstakt skip áfram í þessu augnamiði, og að koma breytingunni sem fyrst í kring, ef hún við þessa rannsókn reynist hagkvæm.
   e. Að færður verði niður útgerðarkostnaður varðskipanna eftir föngum, og ef þörf gerist frekari niðurfærslu á kostnaði, þá verði einu skipi auk

Þórs lagt upp þann tíma ársins, sem það helzt má missast frá landhelgisgæzlunni.

f. Að varðskipin verði ekki notuð til annara starfa en þeim eru ætluð samkvæmt lögum eða öðrum gildandi fyrirmælum.

g. Að Skipaútgerð ríkisins verði lögð niður þegar komnir eru samningar við Eimskipafélag Íslands um strandferðirnar.

Alþingi, 1. júní 1932.

Jón Þorláksson.

Ed. 821. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. 3. töluliður skal falla niður.

Ed. 822. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr. 8. Liðinn skal orða svo:

Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

Ed. 823. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. 3. Aftan við liðinn bætist:

Þó skulu byggingarsjóðir samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, halda óskertu tillagi eftir 14. grein laga um einkasölu á tóbaki.

Til vara: Till. orðist svo:

Þó skulu byggingarsjóðir samkv. l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði, njóta árið 1933 100000 kr. tillags af tekjum tóbakseinkasölunnar.

Ed. 824. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932 með 25% álagi.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins. Skattaukann samkvæmt 1. gr. má þó ekki innheimta fyrr en eftir 1. október 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ætlazt er til, að 25% álagning á tekju- og eignarskatt verði innheimt, ef nauðsyn krefur, og mun ekki hjá því komizt að nota heimildina, eftir því sem nú verður bezt séð.

Ed. 825. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Jóni Jónssyni og Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. 4. töluliður falli niður.

Nd. 826. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til skipaviðgerðarstöðvar í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka allt að 400000 kr. lán til þess að koma upp skipaviðgerðarstöð í Reykjavík, enda leggi Reykjavíkurkaupstaður ókeypis

til nauðsynlegt land til stöðvarinnar og samningar takist að öðru leyti við bæjarstjórnina um hluttöku í fyrirtækinu, stjórn þess og rekstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er aðkallandi nauðsyn að koma sem allra fyrst upp fullkominni skipaviðgerðarstöð í Reykjavík, enda hefir nægilegur undirbúningur til framkvæmda þessa máls þegar verið gerður. — Nánar í framsögu.

Ed. 827. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

I. Frá *Jakob Möller.*

Við 1. gr. 2. Liðurinn falli niður.

II. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

1. Við 1. gr. 3. Liðurinn orðist svo:

Af tekjum eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu 50 þús. kr. á ári renna til byggingar verkamannabústaða, en það, sem umfram verður, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.

2. Við 1. gr. 8. Liðurinn orðist svo:

Á árunum 1932 og 1933 skal það, sem er umfram 45 þús. kr. hvort árið af tekjum þeim, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, renna í ríkissjóð.

Til vara:

Liðurinn falli burt.

Ed. 828. Breytingartillaga

við brtt. II. 1. á þskj. 827 [Bráðabirgðabreyting nokkurra laga].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Í stað „50 þús.“ komi: 100 þús.

Varatillagan á þskj. 823 er jafnframt tekin aftur.

Nd. 829. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 830. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933. (Þskj. 802).

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 16. gr. 1.

Á undan liðnum komi nýr liður, svolátandi:

Til atvinnubóta i kaupstöðum og kauptúnum 350000

gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim jafnframt gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra.

Nd. **831. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr. 3. Aftan við liðinn bætist:

Þó skulu byggingarsjóðir samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, halda óskertu tillagi eftir 14. grein laga um einkasölu á tóbaki.

Til vara: Till. orðist svo:

Þó skulu byggingarsjóðir samkv. l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði, njóta 100000 kr. tillags af tekjum tóbakseinkasölunnar.

Ed. **832. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 1. grein bætist: Þó aðeins af skattskyldum tekjum yfir 4000 krónur.

Ed. **833. Lög**

um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1933.

Ed. **834. Lög**

um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

Í stað „til ársloka 1930“ í 1. gr. komi: til ársloka 1933.

Ed. **835. Fjáraukalög**

fyrir árið 1931.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1931, eru veittar samkvæmt 2.—10. gr. hér á eftir kr. 348279,64.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:	Kr.	Kr.
Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Arnarhváls		12541,16

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Greitt fyrir að gegna forsetastörfum í hæstarétti vegna sjúkdómsforfalla L. H. Bjarnasonar	1000,00	
2.	Greitt fyrir endurskoðun skipamælinga	1000,00	
3.	Greitt fyrir samningu innflutningsskýrslna	4055,00	
			6055,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til landsspítalans:			
	a. Til byggingar	kr.	20000,00	
	b. — hitalagnar	—	9077,88	
	c. — vegalagningar	—	10070,25	
	d. — rekstrar	—	75000,00	
				114148,13
2.	Eftirstöðvar af byggingu á Kleppi			1190,50
3.	Aðgerðir á Kleppi			1548,83
4.	Fjósbygging s. st.			27889,59
				144777,05

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Íbúðarhús við Kambanesvita	9000,00	
2.	Byggingar á Bakkaseli	19438,00	
	Flyt	28438,00	163373,21

		Kr.	Kr.
	Flutt	28438,00	163373,21
3.	Kostnaður við sjóvarnargarð á Siglufirði	1271,73	
4.	Rekstrarkostnaður snjóbila	6084,84	
5.	Póst- og símahús á Selfossi	6470,00	
6.	Aðgerð á gestaskála á Ytri-Kotum	429,74	
7.	Aðgerð íbúðarhúss í Fornahvammi	1575,92	
			44270,23

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til kirkjumálanefndar	263,80	
2.	Til nýs kirkjugarðs í Reykjavik	29410,00	
3.	Aðgerð á menntaskólahúsinu	5694,20	
4.	Aðgerð á Kirkjustræti 12	1288,40	
5.	Hlöðubygging á Hvanneyri	5330,21	
6.	Styrkur handa læknaefnum til náms á fæðingarstofnunum erlendis	2505,72	
			44492,33

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Til landskjálftamælinga	753,91	
2.	Til Fornritaútgáfunnar (endurveiting)	5000,00	
3.	Styrkur handa Finnboga R. Valdimarssyni, til þjóðréttarnáms	1000,00	
			6753,91

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Skrifstofukostnaður húsameistara	14407,43	
2.	Sjómælingar og hafrannsóknir	27096,98	
3.	Fyrirhleðsla á Prestbakkaá	1849,65	
4.	Kostnaður við laxveiðanefnd	3600,00	
5.	Til Skeiðaáveitunnar	812,05	
6.	Kostnaður við byggingu rafst. á Reykjum í Ölfusi	9893,77	
7.	Til þess að gera Laxfoss og Glanna laxgenga	494,33	
8.	Fyrirhleðsla Þverár í Eyjafirði	1826,50	
9.	Bryggja á Þórshöfn og virkjun Fossár	588,75	
10.	Undirbúningur tryggingarstarfsemi	4100,00	
11.	Kostnaður við raforkunefnd	1591,75	
12.	Kostnaður við verðrannsóknarnefnd	600,00	
			66861,21
	Flyt		325750.89

		Kr.	Kr.
	Flutt		325750,89
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1.	Til Ögmundar Sigurðssonar, fyrrv. skólastj.	2800,00	
2.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals, póstritara	280,00	
3.	— Sigr. Jóhannesdóttur, ekkju sr. Kj. Helgasonar ..	280,00	
4.	— Bened. Þ. Gröndals, fyrrv. bæjarfógetaskrifara	1120,00	
5.	— Ástríðar Petersen, prófastsekkju	70,00	
6.	— Polly Ólafson, ekkju Gísla Ólafsonar landsímastj.	280,00	
7.	— séra Jóns Finnssonar	134,75	
8.	— Lárusar Rists, fyrrv. leikfimikennara	210,00	
9.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlends Zakaríassonar, fyrrv. vegaverkstjóra	140,00	
10.	— Þorv. Pálssonar fyrrv. læknis, endurv. kr. 3856,00		
	— sama, styrkur 1930 ..... — 420,00		
		4276,00	
			9590,75
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við sænska ullarmatið	10000,00	
2.	Keyptar skrifstofuvélar handa gjaldheimtumönnum	2938,00	
			12938,00
		Samtals kr.	348279,64

Ed. 836. Lög

um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

1. gr.

Í fyrstu grein laganna komi 15. gr. og 16. gr. í stað 13. og 14. gr.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Tóbak til sauðfjárbaða selst án hagnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 837. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir 1. okt. 1932 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 25% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum, ef hún álitur það nauðsynlegt vegna fjárhags ríkissjóðs.
2. Við 2. gr. Síðasti málsliður falli burt.

Sþ. 838. Tillaga

til þingsályktunar um vantraust á ríkisstjórninni.

Flm.: Jón Baldvinsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Ed. 839. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1933.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 802, með þeim breytingum, er leiðir af samþykkt brtt. á þskj. 830.

Nd. 840. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá forsætisráðherra.

Við 1. gr. 3. Fyrir „til ársloka 1933“ kemur: til 1. júlí 1933.

Ed. 841. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. mai 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til 1. júlí 1933.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. mai 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. mai 1930, fellur burt til ársloka 1933.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. mai 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 842. Breytingartillaga

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til ársloka 1933.

Nd. 843. Frumvarp

til l. um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 190, með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1933.

Ed. 844. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1932 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 25% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum, ef hún álítur það nauðsynlegt vegna fjárhags ríkissjóðs.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 71, 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 845. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 1. gr. bætist nýr málsliður þannig: Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 2 krónur hjá gjaldanda.

Ed. 846. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 1. grein bætist: Þó aðeins af skattskyldum tekjum yfir 3500 krónur.

Ed. 847. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 846. [Tekju- og eignarskattsauki.]

Frá Magnúsi Torfasyni.

Fyrir „3500“ kemur: 3000.

Nd. 848. Breytingartillögur

við frumvarp til laga á þingskj. 826. [Skipaviðgerðarstöð í Reykjavík.]

Frá forsætisráðherra og Einari Arnórssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 125 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé það tryggt, að fyrirtækið geti tekið til starfa fyrir 1. marz 1933.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Ed. 849. Frumvarp

til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 125 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé það tryggt, að fyrirtækið geti tekið til starfa fyrir 1. marz 1933.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 850. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1932 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 25% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum, ef hún álítur það nauðsynlegt vegna fjárhags ríkissjóðs. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 2 krónur hjá gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 851. Tillaga

til þingsályktunar um verzlunar- og siglingasamninga við Noreg.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að athuga, hvort ekki sé ástæða til að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningum við Noreg.

Greinargerð.

Þar sem Noregur gerir ráðstafanir til þess að hefta innflutning á nær einu útflutningsvöru vorri til Noregs, sem verða mun til mikils tjóns íslenzkum landhúnaði, og þar eð Noregsstjórn hefir ekki viljað sinna tilraunum frá Íslands hálfu um nýtt verzlunarsamkomulag, þá verður ekki hjá því komizt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir af vorri hálfu um viðskipti þessara ríkja.

Ed. 852. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. 3. Í stað „1. júlí 1933“ komi: 1. janúar 1933.

Ed. 853. Lög

um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til 1. júlí 1933.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.–8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 854. Fjáraukalög

fyrir árið 1930.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní).

Meginmál laganna samhlj. frv. á þskj. 2.

Ed. **855. Lög**

um samþykkt á landsreikningnum 1930.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní).

I. Tekjur:	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	250000.00	283536.04
2. Tekju- og eignarskattur	1200000.00	1240021.69
3. Lestagjald af skipum	40000.00	53106.40
4. Aukatekjur	450000.00	612921.92
5. Erfðafjárskattur	30000.00	66552.04
6. Vitagjald	350000.00	497929.88
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15829.30
8. Stimpilgjald	325000.00	445967.39
9. Skólagjöld	15000.00	2100.00
10. Bifreiðaskattur	60000.00	108336.70
11. Útflutningsgjald	1075000.00	1075795.99
12. Áfengistollur	350000.00	752689.05
13. Tóbakstollur	950000.00	1279012.20
14. Kaffi- og sykurtollur	850000.00	1045096.69
15. Annað aðflutningsgjald	200000.00	286844.87
16. Vörutollur	1350000.00	1949791.92
17. Verðtollur	1500000.00	2337628.70
18. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	35000.00	144659.01
19. Pósttekjur	450000.00	719716.46
20. Símatekjur	1580000.00	2029126.84
21. Víneinkasalan	450000.00	1250000.00
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	21443.41
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	205000.00	255981.85
24. Óvissar tekjur, ýmsar greiðslur og endurgjöld	170000.00	660240.53
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum (skiptimynt)		74322.16
26. Innkomið af teknum lánum		6014425.00
27. Lækkun á sjóði		2546620.82
Samtals	11929600.00	25769696.86

II. Gjöld:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1295536.00	1850313.00
2. Borðfé hans Hátignar konungsins	60000.00	73200.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	229350.00	324997.43
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	210100.00	291644.59
II. Hagstofan	55500.00	60218.16
III. Utanríkismál o. fl.	103500.00	100422.45
5. A. Dómsgæzla og lögreglustjórn	702200.00	1103000.05
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	192000.00	374336.68
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	702875.00	1554102.67
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	509500.00	605488.31
B. Vegabætur	1002350.00	1980236.57
C. Samgöngur á sjó	375500.00	509400.00
D. Hraðskeyta og talsimasamband	1575500.00	2187666.05
E. Vitamál	367400.00	541845.25
8. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Andlega stéttin	314650.00	342854.28
B. Kennslumál	1243650.00	1551483.50
9. Til vísinda, bókmennta og lista	303660.00	395392.03
10. Til verklegra fyrirtækja	1535960.00	1859047.51
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	791300.00	908055.78
12. Eftirlaun og styrktarfé	226893.95	234196.76
13. Óviss útgjöld	100000.00	241673.01
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	42035.40
15. Lán til Jóh. Jósefssonar		40850.10
16. Heimildargreiðslur		971519.67
17. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		3690486.02
18. Aukin innstæða (bls. XVIII.)		1236945.97
19. Lækkun á lausaskuldum		2698255.62
Samtals	11907424.95	25769696.86

Nd.

856. Lög

um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 6. júní).

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu í innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga:
   1. Af leigubifreiðum til mannflutninga, 6 — sex — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
   2. Af einkabifreiðum 12 — tólf — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

   Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
d. Af tvihjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c- og d-lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólabörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Lækka skal skattinn samkvæmt c-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra i skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

5. gr.

Sama gjald af benzíni, er segir i 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga i gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 l. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 1. gr. b. skal og greiða af öllum birgðum innflytjenda og heildverzlana, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga i gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má i reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 750 l. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. 65% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds og umbóta akfærum þjóðvegum. Um skipting fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum.

b. 15% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega og ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að fé verði lagt til sýsluveganna tiltölulega eftir því, hversu mikil umferð bifreiða er um þá og hversu aðstaðan er örðug til viðhaldsins.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

c. 20% af hvers árs tekjum skal verja til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni þar, sem mest er umferð bifreiða, og til að halda þeim köflum við. Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, skal leggja eftirstöðvarnar í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjóður til malbikunar akvegum“, og má ekki verja fé úr sjóðnum til annara vegabóta.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins, en vegamálastjóri skal árlega gera reikning sjóðsins.

Um skipting tekna samkvæmt framangreindu fer eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1933.

Nd. 857. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

(Afgreidd frá Nd. 6. júní).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1932 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 25% af skattinum það ár samkvæmt

áður gildandi lögum, ef hún álítur það nauðsynlegt vegna fjárhags ríkissjóðs. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 2 krónur hjá gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **858. Fjárlög**

fyrir árið 1933.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1933 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.--5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	330000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1170000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	45000	
6.	Vitagjald	400000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	375000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	100000	
			1500000
11.	Útflutningsgjald		800000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	500000	
13.	Tóbakstollur	1000000	
	Flyt ...	1500000	3470000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1500000	3470000
14. Kaffi- og sykurtollur		975000	
15. Annað aðflutningsgjald		200000	
16. Vörutollur		1300000	
17. Verðtollur		1100000	
			5075000
18. Gjald af innlendum tollvörum			150000
	Samtals ...	... ...	8695000

3. gr.

		kr.	kr.
A.			
I. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:			
1. Rekstrarhagn. Símans		264900	
2. — Vineinkasölu		710000	
3. — Ríkisprentsmiðju		40000	
4. — Ríkisvélsmiðju		25000	
5. — Vífilsstaðabús		4000	
6. — Kleppsbús		3000	
7. — Tóbakseinkasölu		200000	
	Samtals ...	... ...	1246900
II. Frá dregst:			
1. Rekstrarhalli Póstsjóðs		13000	
2. — Útvarps		27600	
			40600
	Eftir	... ...	1206300
Sundurliðun.			
Póstsjóður.			
I. Tekjur			600000
	Flyt ...	... ...	600000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	600000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		212000	
2. Póstflutningar		270000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	30000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	18300		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10700		
d. Önnur gjöld	60000		
e. Fyrning húsa og áhalda (sjá 20. gr.)	12000		
		131000	
			613000
Fært á 3. gr. A. II. 1		... ...	13000
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	60000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	157000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsíminn í Reykjavík	380000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsimastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsimastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Simastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Hafnarfirði.	18500		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
12. Simastöðin á Siglufirði	17000		
Flyt ...	845000	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 845000	25000	1750000
13.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
14.	Vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl. 90100		
		1055100	
	Uppbót á launum símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum og verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	60000	
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Áframhaldsgjald	25000	
h.	Til kennslu fyrir símamenn	1000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar i Bern	1500	
j.	Ýms gjöld	6000	
k.	Fyrning á línum, húsum og áhöldum (sjá 20. gr.)	70000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1485100
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	264900
	Eignahreyfingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson		58700
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa, afborgana af húseign á Seyðisfirði o. fl.		60000
III.	Til nýrra símalína ... ... að því tilskildu, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð.		60000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	178700
	Víneinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýms rekstrarkostnaður	184000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	6000	190000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	710000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
